Krans-útgáfa

Nýja testamentið og deuterókanónísku bækurnar — 34 rit á íslensku.

Krans-útgáfa · einkaútgáfa í yfirlestri · óstaðfest af biskupsdæmi

Ekki til helgihaldsnota fyrr en kirkjulegt samþykki liggur fyrir.

Nýja testamentið byggir á þýðingunni frá 1908, sem er fallin úr höfundarrétti; rafræn útgáfa fengin af rafbokavefur.is. Deuterókanónísku bækurnar sjö eru ný þýðing úr Vúlgötunni eftir Maximo Max, unnin fyrir þessa útgáfu.

Deuterókanónísku bækurnar sjö eru ný þýðing úr Vúlgötunni, unnin fyrir þessa útgáfu, og bíða yfirlestrar.

Sjá textann á rafbokavefur.is: https://rafbokavefur.is/rafbaekur/biblian/nyja-testamentid/

Gamla testamentið fylgir ekki þessu skjali. Sá texti er enn í vinnslu og verður ekki birtur fyrr en yfirferð er lokið.

Þessi útgáfa skjalsins: 2026-09-01 · 34 rit · krans.is

Nýja testamentið

Nýja testamentið 1908 · almenningseign · texti frá rafbokavefur.is (Opið efni)

Matteusarguðspjall

Matthaeus

1. kafli

1 Ættarskrá Jesú Krists, sonar Davíðs, sonar Abrahams. **2** Abraham gat Ísak;
og Ísak gat Jakob; og Jakob gat Júda og bræður hans; **3** og Júda gat Perez og
Sera við Tamar; og Perez gat Esrom; og Esrom gat Ram; **4** og Ram gat
Ammínadab; og Ammínadab gat Nahson; og Nahson gat Salmon; **5** og
Salmon gat Bóas við Rahab; og Bóas gat Óbeð við Rut; og Óbeð gat Ísaí; **6**
og Ísaí gat Davíð konung. Og Davíð gat Salómon við konu Úría; **7** og
Salómon gat Róbóam; og Róbóam gat Abía; og Abía gat Asa; **8** og Asa gat
Jósafat; og Jósafat gat Jóram; og Jóram gat Ússía; **9** og Ússía gat Jótam; og
Jótam gat Akas; og Akas gat Esekía; **10** og Esekía gat Manasse; og Manasse
gat Amón; og Amón gat Jósía; **11** og Jósía gat Jekonja og bræður hans á tíma
herleiðingarinnar til Babýlonar. **12** En eftir herleiðinguna til Babýlonar gat
Jekonja Sealtíel; og Sealtíel gat Serúbabel; **13** og Serúbabel gat Abíúd; og
Abíúd gat Eljakím; og Eljakím gat Azór; **14** og Azór gat Sadók; og Sadók gat
Akím; og Akím gat Elíúd; **15** og Elíúd gat Eleasar; og Eleasar gat Mattan; og
Mattan gat Jakob; **16** og Jakob gat Jósef, mann Maríu; af henni fæddist Jesús,
sem kallast Kristur. **17** Eru þannig allir ættliðirnir frá Abraham til Davíðs
fjórtán ættliðir, og frá Davíð til herleiðingarinnar til Babýlonar fjórtán
ættliðir, og frá herleiðingunni til Babýlonar til Krists fjórtán ættliðir. **18** En
fæðing Jesú Krists varð á þessa leið: Móðir hans María var föstnuð Jósef, en
áður en þau kæmu saman, reyndist hún þunguð af heilögum anda. **19** En með
því að Jósef maður hennar var réttlátur, og vildi þó ekki gjöra henni opinbera
minkun, ásetti hann sér að skiljast við hana á laun. **20** En meðan hann var að
hugsa um þetta, sjá, þá vitraðist honum engill Drottins í draumi og sagði:
Jósef, sonur Davíðs, óttast þú ekki að taka til þín Maríu, konu þína, því að
fóstur hennar er af heilögum anda. **21** Og hún mun son ala og skalt þú kalla

nafn hans Jesús, því að hann mun frelsa lýð sinn frá syndum þeirra. 22 En alt þetta varð, til þess að rætast skyldi það, sem mælt er af drotni fyrir spámanninn, er segir: 23 Sjá, meyjan mun þunguð verða og son ala, og nafn hans munu menn kalla Immanúel, sem er útlagt: Guð með oss. 24 En þegar Jósef vaknaði, gjörði hann eins og engill Drottins hafði boðið honum, og tók konu sína til sín; 25 og hann kendi hennar ekki, uns hún hafði alið son, og hann kallaði nafn hans JESÚS.

2. kafli

1 En er Jesús var fæddur í Betlehem í Júdeu, á dögum Heródesar konungs, sjá, þá komu vitringar frá Austurlöndum til Jerúsalem og sögðu: 2 Hvar er hinn nýfæddi Gyðingakonungur? Því að vér höfum séð stjörnu hans í austrinu og erum komnir, til þess að veita honum lotningu. 3 En er Heródes konungur heyrði þetta, varð hann felmtsfullur og öll Jerúsalem með honum; 4 og er hann hafði safnað saman öllum æðstu prestunum og fræðimönnum lýðsins, spurði hann þá, hvar Kristur ætti að fæðast. 5 Og þeir svöruðu honum: Í Betlehem í Júdeu. Því að þannig er ritað af spámanninum: 6 Og þú Betlehem, land Júda, ert engan veginn hin minsta meðal höfðingja Júda; því að af þér mun koma höfðingi, sem vera skal hirðir lýðs míns, Ísraels. 7 Þá kallaði Heródes vitringana til sín á laun og fékk hjá þeim glögga grein á því, hve nær stjarnan hefði birst; 8 lét hann þá síðan fara til Betlehem og sagði: Farið og haldið vandlega spurnum fyrir um barnið, og er þér hafið fundið það, þá látið mig vita, til þess að eg geti einnig komið og auðsýnt því lotningu. 9 En er þeir höfðu hlýtt á konunginn, fóru þeir leiðar sinnar. Og sjá, stjarnan, sem þeir höfðu séð í austrinu, fór fyrir þeim, þar til hana bar þar yfir, sem barnið var. 10 En er þeir sáu stjörnuna, glöddust þeir harla mjög. 11 Og þeir gengu inn í húsið og sáu barnið ásamt Maríu móður þess, og féllu fram og veittu því lotningu. Og þeir opnuðu fjárhirslur sínar og færðu því gjafir: gull, reykelsi og myrru. 12 Og er þeir höfðu fengið bendingu frá Guði í draumi um það, að hverfa ekki aftur til Heródesar, fóru þeir aðra leið heim til lands síns. 13 En er þeir voru burt farnir, sjá, þá vitrast engill Drottins Jósef í draumi og segir: Rís upp og tak barnið og móður þess með þér og flý til Egiptalands, og ver þar þangað til eg segi þér; því að Heródes mun leita

barnsins, til þess að fyrirfara því. 14 Og hann reis upp, tók barnið og móður þess með sér um nóttina og fór til Egiptalands, 15 og þar dvaldist hann alt til dauða Heródesar, svo að rætast skyldi það, sem talað er af drotni fyrir spámanninn, er segir: Frá Egiptalandi kallaði eg son minn. 16 En er Heródes sá, að hann var gabbaður af vitringunum, varð hann afarreiður, sendi út og lét myrða öll sveinbörn, sem voru í Betlehem og í öllum nálægum héruðum, tvævetur og þau, er yngri voru, sem svaraði þeirri tímalengd, sem hann hafði komist eftir hjá vitringunum. 17 Rættist það þá, sem mælt er fyrir Jeremía spámann, er hann segir: 18 Rödd heyrðist í Rama, grátur og kveinstafir miklir, — Rakel grætur börnin sín; og hún vildi ekki huggast láta, því að þau eru ekki framar lífs. 19 En er Heródes var dáinn, sjá, þá vitrast engill Drottins Jósef í draumi í Egiptalandi og segir: 20 Rís upp og tak barnið og móður þess með þér og far til Ísraelslands, því að þeir eru dánir, er sátu um líf barnsins. 21 Og hann reis upp, tók barnið og móður þess með sér og kom til Ísraelslands. 22 En er hann heyrði, að Arkelás réð ríki í Júdeu, í stað Heródesar föður síns, varð hann hræddur við að fara þangað, og hann fékk bendingu frá Guði í draumi og hélt til Galíleubygða. 23 Og er hann kom þangað, settist hann að í borg, sem heitir Nazaret, til þess að það skyldi rætast, sem mælt er fyrir spámennina: Nasarei skal hann kallast.

3. kafli

1 En á þeim dögum kemur Jóhannes skírari fram og prédikar í óbygðum Júdeu 2 og segir: Gjörið iðrun, því að ríki himnanna er nálægt. 3 Því að hann er sá, sem Jesaja spámaður talar um, er hann segir: Rödd manns, er hrópar í óbygðinni: Greiðið veg Drottins, gjörið beinar brautir hans. 4 En Jóhannes, — hann bar klæðnað af úlfaldahárum og leðurbelti um lendar sér; en fæða hans var engisprettur og villihunang. 5 Þá kom Jerúsalem út til hans og gjörvöll Júdea og alt landið umhverfis Jórdan. 6 Og þeir létu skírast af honum í ánni Jórdan, játandi syndir sínar. 7 En er hann sá marga af Faríseum og Saddúkeum koma til skírnar sinnar, sagði hann við þá: Þér nöðruafkvæmi, hver kendi yður að flýja undan komandi reiði? 8 Berið þá ávöxt samboðinn iðruninni, 9 og ætlið ekki, að þér getið sagt með sjálfum yður: Vér eigum Abraham að föður; því að eg segi yður, að Guð getur vakið Abraham börn af

steinum þessum. 10 En öxin er þegar lögð að rót trjánna; verður þá hvert það
tré, sem ekki ber góðan ávöxt, upp höggvið og því í eld kastað. 11 Eg skíri
yður með vatni til iðrunar, en sá er mér mátkari, sem eftir mig kemur, og er
eg ekki verður að bera skó hans; hann mun skíra yður með heilögum anda og
eldi. 12 Varpskófla hans er í hendi honum og hann mun gjörhreinsa láfa sinn
og safna hveiti sínu í hlöðuna, en hismið mun hann brenna í óslökkvandi
eldi. 13 Þá kemur Jesús frá Galíleu til Jórdanar, til Jóhannesar, til þess að
skírast af honum; 14 en Jóhannes varnaði honum þess og sagði: Mér er þörf
að skírast af þér, og þú kemur til mín! 15 En Jesús svaraði og sagði við hann:
Lát það nú eftir, því að þannig ber okkur að fullnægja öllu réttlæti. Þá lætur
hann það eftir honum. 16 Og er Jesús var skírður, sté hann jafnskjótt upp úr
vatninu; og sjá, himnarnir opnuðust fyrir honum, og hann sá Guðs anda stíga
ofan eins og dúfu og koma yfir hann; 17 og sjá, rödd af himnum sagði: Þessi
er sonur minn, hinn elskaði, sem eg hefi velþóknun á.

4. kafli

1 Þá var Jesús leiddur af andanum út á eyðimörkina, til þess að verða
freistaður af djöflinum; 2 og er hann hafði fastað fjörutíu daga og fjörutíu
nætur, tók hann loks að hungra. 3 Og freistarinn kom og sagði við hann: Ef
þú ert Guðs sonur, þá seg, að steinar þessir skuli verða að brauðum. 4 En
hann svaraði og sagði: Ritað er: Maðurinn lifir ekki af brauði einu saman,
heldur af sérhverju orði, sem fram gengur af Guðs munni. 5 Þá tekur
djöfullinn hann með sér til borgarinnar helgu og setti hann á þakbrún
musterisins, og segir við hann: 6 Ef þú ert Guðs sonur, þá kasta þér niður, því
að ritað er: Hann mun bjóða englum sínum um þig og þeir munnu bera þig á
höndum sér, til þess að þú steytir ekki fót þinn við steini. 7 Jesús sagði við
hann: Aftur stendur ritað: Ekki skaltu freista Drottins, Guðs þíns. 8 Enn tekur
djöfullinn hann með sér upp á ofurhátt fjall og sýnir honum öll ríki heimsins
og dýrð þeirra og sagði við hann: 9 Alt þetta mun eg gefa þér, ef þú fellur
fram og tilbiður mig. 10 Þá segir Jesús við hann: Vík burt, Satan; því að ritað
er: Drottin, Guð þinn, átt þú að tilbiðja og þjóna honum einum. 11 Þá
yfirgefur djöfullinn hann, og sjá, englar komu og þjónuðu honum. 12 En er
hann heyrði, að Jóhannes hefði verið framseldur, fór hann til Galíleu. 13 Og

hann fór burt frá Nazaret, kom og settist að í Kapernaum við vatnið í landshlutum Sebúlons og Naftalí, **14** til þess að rætast skyldi það, sem mælt er fyrir Jesaja spámann, er segir: **15** Sebúlonsland og Naftalíland fram með vatninu, landið hinumegin Jórdanar, Galílea heiðingjanna. **16** Sú þjóð, er í myrkri sat, hefir séð mikið ljós, og þeim, er sátu í landi og skugga dauðans, er ljós upp runnið. **17** Upp frá þessu tók Jesús að prédika og segja: Gjörið iðrun, því að ríki himnanna er nálægt. **18** En er hann gekk fram með Galíleuvatninu, sá hann bræður tvo, Símon, sem kallaður er Pétur, og Andrés, bróður hans, er voru að leggja net í vatnið, því að þeir voru fiskimenn; **19** og hann segir við þá: Fylgið mér, þá mun eg gjöra yður að mannaveiðurum. **20** Og þegar í stað yfirgáfu þeir netin og fylgdu honum. **21** Og er hann gekk þaðan lengra fram, sá hann aðra tvo bræður, Jakob Sebedeusson og Jóhannes bróður hans, á skipi með Sebedeusi, föður þeirra, og voru þeir að bæta net sín; og hann kallaði þá. **22** Og þeir yfirgáfu jafnskjótt skipið og föður sinn, og fylgdu honum. **23** Og Jesús fór víðsvegar um alla Galíleu og kendi í samkunduhúsum þeirra og prédikaði fagnaðarboðskap ríkisins, og læknaði sérhvern sjúkdóm og sérhvern krankleika meðal lýðsins. **24** Og orðrómurinn um hann barst út um alt Sýrland. Og menn færðu til hans alla sjúka, menn, sem haldnir voru af ýmsum sjúkdómum og þjáningum, menn, sem þjáðust af illum öndum, tunglsjúka og lama, og hann læknaði þá. **25** Og mikill mannfjöldi fylgdi honum úr Galíleu og Dekapólis og Jerúsalem og Júdeu og úr landinu fyrir handan Jórdan.

5. kafli

1 En er hann sá mannfjöldann, gekk hann upp á fjallið, og er hann var sestur niður, komu lærisveinar hans til hans. **2** Og hann lauk upp munni sínum, kendi þeim og sagði: **3** Sælir eru þeir, sem fátækir eru í andanum, því að þeirra er ríki himnanna. **4** Sælir eru syrgjendur, því að þeir munu huggaðir verða. **5** Sælir eru hógværir, því að þeir munu landið erfa. **6** Sælir eru þeir, sem hungrar og þyrstir eftir réttlætinu, því að þeir munu saddir verða. **7** Sælir eru miskunnsamir, því að þeim mun miskunnað verða. **8** Sælir eru hjartahreinir, því að þeir munu Guð sjá. **9** Sælir eru friðsemjendur, því að þeir munu Guðs börn kallaðir verða. **10** Sælir eru þeir, sem ofsóttir verða fyrir

réttlætis sakir, því að þeirra er ríki himnanna. 11 Sælir eruð þér, þá er menn atyrða yður og ofsækja og tala ljúgandi gegn yður alt ilt fyrir mínar sakir. 12 Verið glaðir og fagnið, því að laun yðar eru mikil á himnum; því að þannig ofsóttu þeir spámennina, sem voru á undan yður. 13 Þér eruð salt jarðarinnar; en ef saltið dofnar, með hverju á þá að selta það? Það er þá til einskis framar nýtt, heldur er því kastað út og það fótum troðið af mönnum. 14 Þér eruð ljós heimsins; borg, sem stendur uppi á fjalli, fær ekki dulist. 15 Ekki kveikja menn heldur ljós og setja það undir mæliker, heldur á ljósastikuna; og þá lýsir það öllum, sem eru í húsinu. 16 Þannig lýsi ljós yðvart fyrir mönnunum, til þess að þeir sjái góðverk yðar og vegsami föður yðar, sem er á himnum. 17 Ætlið ekki, að eg sé kominn til þess að niðurbrjóta lögmálið eða spámennina; eg er ekki kominn til þess að niðurbrjóta, heldur til þess að uppfylla; 18 því að sannlega segi eg yður: þangað til himinn og jörð líða undir lok, mun ekki einn bókstafur eða eitt stafstrik lögmálsins undir lok líða, uns það alt er komið fram. 19 Hver sem því brýtur eitt hið minsta af boðorðum þessum, og kennir mönnunum þannig, hann mun verða kallaður minstur í ríki himnanna; en hver sem breytir eftir þeim og kennir þau, hann mun kallaður verða mikill í ríki himnanna. 20 Því eg segi yður, að ef réttlæti yðar tekur ekki fram réttlæti fræðimannanna og Fariseanna, komist þér alls ekki inn í ríki himnanna. 21 Þér hafið heyrt, að sagt var við forfeðurna: Þú skalt ekki morð fremja, en hver sem morð fremur, verður sekur fyrir dóminum; 22 en eg segi yður, að hver sem reiðist bróður sínum, er sekur fyrir dóminum; og hver sem segir við bróður sinn: Raka! verður sekur fyrir ráðinu; en hver sem segir: Þú afglapi! verður sekur Gehenna-eldsins. 23 Ef þú því ert að bera gáfu þína fram á altarið, og þú minnist þess þar, að bróðir þinn hefir eitthvað á móti þér, 24 þá skil gáfu þína þar eftir fyrir framan altarið og far burt, sæstu fyrst við bróður þinn, og kom síðan og ber fram gáfu þína. 25 Vertu skjótur til sætta við mótstöðumann þinn, meðan þú ert enn á veginum með honum, svo að mótstöðumaðurinn selji þig eigi dómaranum í hendur, og dómarinn selji þig þjóninum í hendur, og þér verði varpað í fangelsi. 26 Sannlega segi eg þér, að þú munt alls ekki komast út þaðan, fyr en þú hefir borgað hinn síðasta eyri. 27 Þér hafið heyrt, að sagt var: Þú skalt ekki hórdóm drýgja; 28 en eg segi yður, að hver sem lítur á konu með girndarhug, hefir þegar drýgt hór með henni í hjarta sínu. 29 Ef hægra auga þitt hneykslar þig, þá ríf það út og

kasta því frá þér, því að gagnlegt er þér, að einn lima þinna tortímist, og ekki verði öllum líkama þínum kastað í Gehenna. 30 Og ef hægri hönd þín hneykslar þig, þá sníð hana af og kasta frá þér, því að gagnlegt er þér, að einn lima þinna tortímist, og ekki lendi allur líkami þinn í Gehenna. 31 Það er einnig sagt: Hver sem skilur við konu sína, skal gefa henni skilnaðarskrá. 32 En eg segi yður, að hver sem skilur við konu sína, nema fyrir hórsök, verður þess valdandi, að hún drýgir hór; og hver sem gengur að eiga fráskilda konu, drýgir hór. 33 Enn hafið þér heyrt, að sagt var við forfeðurna: Þú skalt ekki vinna rangan eið, en þú skalt halda eiða þína við Drottin. 34 En eg segi yður, að þér eigið alls ekki að sverja, hvorki við himininn, því að hann er hásæti Guðs, 35 né við jörðina, því að hún er skör fóta hans, ekki heldur við Jerúsalem, því að hún er borg hins mikla konungs; 36 ekki máttu heldur sverja við höfuð þitt, því að þú getur ekki gjört eitt hár hvítt eða svart. 37 En ræða yðar skal vera: já, já; nei, nei; en það sem er umfram þetta, er af hinu vonda. 38 Þér hafið heyrt, að sagt var: Auga fyrir auga og tönn fyrir tönn. 39 En eg segi yður: Þér skuluð ekki rísa gegn meingjörðamanninum, en slái einhver þig á hægri kinn þína, þá snú þú einnig hinni að honum. 40 Og við þann, sem vill lögsækja þig og taka kyrtil þinn, slepp og við hann yfirhöfninni. 41 Og neyði einhver þig með sér eina mílu, þá far með honum tvær. 42 Gef þeim sem biður þig, og snú ekki bakinu við þeim, sem vill fá lán hjá þér. 43 Þér hafið heyrt, að sagt var: Þú skalt elska náunga þinn og hata óvin þinn. 44 En eg segi yður: Elskið óvini yðar, og biðjið fyrir þeim, sem ofsækja yður, 45 til þess að þér verðið börn föður yðar, sem er á himnum; því að hann lætur sól sína renna upp yfir vonda og góða og rigna yfir réttláta og rangláta. 46 Því að ef þér elskið þá, sem yður elska, hvaða laun öðlist þér þá? Gjöra ekki jafnvel tollheimtumennirnir hið sama? 47 Og ef þér heilsið aðeins bræðrum yðar, hvað frábært gjörið þér þá? Gjöra ekki jafnvel heiðingjarnir hið sama? 48 Verið þér því fullkomnir, eins og yðar himneski faðir er fullkominn.

6. kafli

1 Gætið yðar, að fremja ekki réttlæti yðar fyrir mönnunum, til þess að verða séðir af þeim; annars hljótið þér ekki laun hjá föður yðar, sem er á himnum. 2

Þegar þú því gefur ölmusu, þá lát ekki blása í básúnu fyrir þér, eins og
hræsnararnir gjöra í samkundunum og á götunum, til þess að þeim hlotnist
heiður af mönnum. Sannlega segi eg yður, þeir hafa laun sín út tekið. 3 En
þegar þú gefur ölmusu, þá viti vinstri hönd þín ekki hvað hægri hönd þín
gjörir, 4 til þess að ölmusa þín sé í leyndum, og faðir þinn, sem sér í
leyndum, mun endurgjalda þér. 5 Og þegar þér biðjist fyrir, þá verið ekki eins
og hræsnararnir, því að þeim er ljúft að biðjast fyrir standandi í
samkundunum og á gatnamótunum, til þess að verða séðir af mönnum.
Sannlega segi eg yður, að þeir hafa laun sín út tekið. 6 En þegar þú biðst
fyrir, þá gakk inn í herbergi þitt, og er þú hefir lokað dyrum þínum, þá bið
föður þinn, sem er í leyndum, og faðir þinn, sem sér í leyndum, mun
endurgjalda þér. 7 En er þér biðjist fyrir, þá viðhafið ekki ónytjumælgi, eins
og heiðingjarnir, því að þeir hyggja, að þeir muni verða bænheyrðir fyrir
mælgi sína. 8 Líkist því ekki þeim; því að faðir yðar veit hvers þér við þurfið,
áður en þér biðjið hann. 9 Þér skuluð því biðja þannig: Faðir vor, þú sem ert á
himnum, helgist nafn þitt, 10 komi ríki þitt, verði vilji þinn, svo á jörðu sem á
himni; 11 gef oss í dag vort daglegt brauð; 12 og fyrirgef oss vorar skuldir, svo
sem vér og höfum fyrirgefið skuldunautum vorum; 13 og leið oss ekki í
freistni, heldur frelsa oss frá illu. 14 Því að ef þér fyrirgefið mönnunum
misgjörðir þeirra, þá mun yðar himneski faðir einnig fyrirgefa yður. 15 En ef
þér fyrirgefið ekki mönnunum þeirra misgjörðir, mun faðir yðar ekki heldur
fyrirgefa yðar misgjörðir. 16 En er þér fastið, þá verið ekki svipþungir eins og
hræsnararnir; því að þeir gjöra ásjónur sínar torkennilegar, til þess að
mennirnir geti séð, að þeir fasta; sannlega segi eg yður, að þeir hafa laun sín
út tekið. 17 En er þú fastar, þá smyr höfuð þitt og þvo andlit þitt, 18 til þess að
mennirnir sjái ekki, að þú fastar, heldur faðir þinn, sem er í leyndum, og
faðir þinn, sem sér í leyndum, mun endurgjalda þér. 19 Safnið yður ekki
fjársjóðum á jörðu, þar sem mölur og ryð eyðir, og þar sem þjófar brjótast
inn og stela; 20 heldur safnið yður fjársjóðum á himni, þar sem hvorki eyðir
mölur né ryð, og þar sem þjófar brjótast ekki inn og stela, 21 því að þar sem
fjársjóður þinn er, þar mun og hjarta þitt vera. 22 Augað er lampi líkamans; ef
því auga þitt er heilt, þá mun allur líkami þinn vera í birtu; 23 en sé auga þitt
sjúkt, þá mun allur líkami þinn vera í myrkri; ef því ljósið, sem í þér er, er
myrkur, hve mikið verður þá myrkrið! 24 Enginn getur þjónað tveimur

herrum, því að annaðhvort mun hann hata annan og elska hinn, eða aðhyllast annan og lítilsvirða hinn. Þér getið ekki þjónað Guði og mammon. 25 Þess vegna segi eg yður: Verið ekki áhyggjufullir um líf yðar, hvað þér skuluð eta eða hvað þér skuluð drekka, ekki heldur um líkama yðar, hverju þér skuluð klæðast. Er ekki lífið meira en fæðan og líkaminn meira en klæðnaðurinn? 26 Lítið til fugla himinsins, þeir sá ekki né uppskera og þeir safna ekki heldur í hlöður, og yðar himneski faðir fæðir þá; eruð þér ekki miklu fremri en þeir? 27 En hver af yður getur með áhyggjum aukið einni alin við hæð sína? 28 Og hví eruð þér áhyggjufullir um klæðnað? Gefið gaum að liljum vallarins, hversu þær vaxa; þær vinna ekki og þær spinna ekki heldur, 29 en eg segi yður, að jafnvel Salómon í allri dýrð sinni var ekki svo skrýddur sem ein þeirra. 30 Þegar Guð nú skrýðir svo gras vallarinnar, sem í dag stendur, en á morgun verður í ofn kastað, skyldi hann þá ekki miklu fremur klæða yður, þér lítiltrúaðir? 31 Segið því ekki áhyggjufullir: Hvað eigum vér að eta? eða: Hvað eigum vér að drekka? eða: Hverju eigum vér að klæðast? 32 því að eftir öllu þessu sækjast heiðingjarnir, og yðar himneski faðir veit, að þér þarfnist alls þessa. 33 En leitið fyrst ríkis hans og réttlætis, og þá mun alt þetta veitast yður að auki. 34 Verið því ekki áhyggjufullir um morgundaginn, því að morgundagurinn mun bera áhyggju fyrir sér; hverjum degi nægir sín þjáning.

7. kafli

1 Dæmið ekki, til þess að þér verðið ekki dæmdir; 2 því að með þeim dómi, sem þér dæmið, verðið þér dæmdir, og með þeim mæli, sem þér mælið, verður yður mælt. 3 En hví sér þú flísina í auga bróður þíns, en tekur ekki eftir bjálkanum í auga þínu? 4 Eða hvernig getur þú sagt við bróður þinn: Lát mig draga út flísina úr auga þér, og sjá, bjálki er í þínu auga? 5 Hræsnari, drag fyrst bjálkann út úr auga þínu, og muntu þá sjá vel til að draga út flísina úr auga bróður þíns. 6 Gefið eigi hundunum hið heilaga og kastið eigi perlum yðar fyrir svínin, til þess að þau troði þær ekki niður með fótunum og snúi sér við og rífi yður í sundur. 7 Biðjið, og yður mun gefast; leitið, og þér munuð finna; knýið á, og fyrir yður mun upp lokið verða; 8 því að sérhver sá er biður, öðlast, og sá er leitar, finnur, og fyrir þeim er á knýr, mun upp lokið verða. 9 Eða hver er sá maður meðal yðar, sem mundi gefa syni sínum stein,

er hann bæði um brauð? 10 Og hvort mundi hann gefa honum höggorm, er
hann bæði um fisk? 11 Ef nú þér, sem vondir eruð, hafið vit á að gefa börnum
yðar góðar gjafir, hversu miklu fremur mun þá faðir yðar, sem er á himnum,
gefa þeim góðar gjafir, sem biðja hann? 12 Alt, sem þér því viljið að
mennirnir gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra; því að þetta er lögmálið
og spámennirnir. 13 Gangið inn um þrönga hliðið; því að vítt er hliðið og
breiður vegurinn, er liggur til glötunarinnar, og margir eru þeir, sem fara þar
inn; 14 því að þröngt er hliðið og mjór vegurinn, er liggur til lífsins, og fáir
eru þeir, sem finna hann. 15 Gætið yðar fyrir falsspámönnum, er koma til
yðar í sauðaklæðum, en eru hið innra glefsandi vargar; 16 af ávöxtum þeirra
skuluð þér þekkja þá. Hvort geta menn lesið vínber af þyrnum eða fíkjur af
þistlum? 17 Þannig ber sérhvert gott tré góða ávöxtu, en skemt tré ber vonda
ávöxtu. 18 Gott tré getur ekki borið vonda ávöxtu, ekki heldur skemt tré borið
góða ávöxtu. 19 Hvert það tré, sem ekki ber góðan ávöxt, er upp höggvið og
því í eld kastað; 20 þess vegna — af ávöxtum þeirra skuluð þér þekkja þá. 21
Ekki mun hver sá, er við mig segir: Herra, herra, ganga inn í ríki himnanna,
heldur sá er gjörir vilja föður míns á himnum. 22 Margir munu segja við mig
á þeim degi: Herra, herra, höfum vér ekki spáð með þínu nafni, og höfum vér
ekki rekið út illa anda með þínu nafni, og höfum vér ekki gjört mörg
kraftaverk með þínu nafni? 23 Og þá mun eg segja þeim afdráttarlaust: Aldrei
þekti eg yður; farið frá mér þér, sem fremjið ranglæti. 24 Hver sem því heyrir
þessi orð mín og breytir eftir þeim, honum má líkja við hygginn mann, er
bygði hús sitt á bjargi; 25 og steypiregn kom ofan, og vatnsflóð komu og
stormar blésu, og skullu á því húsi, en það féll ekki, því að það var
grundvallað á bjargi. 26 Og hverjum, sem heyrir þessi orð mín og breytir ekki
eftir þeim, honum má líkja við heimskan mann, er bygði hús sitt á sandi; 27
og steypiregn kom ofan, og vatnsflóð komu og stormar blésu, og skullu á því
húsi, og það fjell, og fall þess var mikið. 28 Og það varð, er Jesús hafði lokið
þessum orðum, að mannfjöldinn undraðist mjög kenningu hans; 29 því að
hann kendi þeim eins og sá sem vald hafði, og ekki eins og fræðimenn
þeirra.

8. kafli

1 En er hann steig niður af fjallinu, fylgdi honum mikill mannfjöldi. **2** Og sjá, líkþrár maður kom til hans, laut honum og mælti: Herra, ef þú vilt, getur þú hreinsað mig. **3** Og hann rétti út höndina, snart hann og sagði: Eg vil, verðir þú hreinn! Og jafnskjótt varð líkþrá hans hrein. **4** Og Jesús segir við hann: Sjá þú til, að þú segir það engum, heldur far burt, sýn þig prestinum, og ber fram gjöfina, sem Móse skipaði fyrir, þeim til vitnisburðar. **5** En er hann gekk inn í Kapernaum, kom til hans hundraðshöfðingi, bað hann og sagði: **6** Herra, þjónn minn liggur heima lami og er mjög þungt haldinn. **7** Og hann segir við hann: Eg skal koma og lækna hann. **8** Og hundraðshöfðinginn svaraði og sagði: Herra, eg er ekki verður þess, að þú gangir inn undir þak mitt. En seg það aðeins með orði, og mun þjónn minn verða heill. **9** Því að einnig eg er maður, sem yfirvaldi á að lúta, og hefi hermenn undir mér; og eg segi við þennan: Far þú, og hann fer, og við annan: Kom þú, og hann kemur; og við þjón minn: Gjör þú þetta, og hann gjörir það. **10** En er Jesús heyrði það, undraðist hann og mælti við þá, sem fylgdu honum: Sannlega segi eg yður: ekki einu sinni í Ísrael hefi eg fundið svo mikla trú; **11** en eg segi yður, að margir munu koma frá austri og vestri og sitja til borðs með Abraham og Ísak og Jakob í ríki himnanna; **12** en börnum ríkisins mun verða varpað út í myrkrið fyrir utan; þar mun vera grátur og gnístran tanna. **13** Og Jesús sagði við hundraðshöfðingjann: Far þú burt, verði þér eins og þú trúðir; og þjónninn varð heilbrigður á þeirri stundu. **14** Og er Jesús kom í hús Péturs, sá hann tengdamóður hans, er lá sjúk af hitasótt; **15** og hann snart hönd hennar, og hitasóttin yfirgaf hana; og hún reis á fætur og þjónaði honum. **16** En er kveld var komið, færðu þeir til hans marga, er þjáðust af illum öndum, og rak hann andana út með orði, og alla þá, er sjúkir voru, læknaði hann; **17** svo að rættist það, sem talað er fyrir Jesaja spámann, er segir: Hann tók mein vor og bar sóttir vorar **18** En er Jesús sá mikinn mannfjölda kring um sig, bauð hann að fara yfir um vatnið. **19** Og fræðimaður nokkur kom og sagði við hann: Meistari, eg vil fylgja þér hvert sem þú fer. **20** Og Jesús segir við hann: Refar eiga greni og fuglar himinsins hreiður, en mannsins sonur á hvergi höfði sínu að halla. **21** En annar af lærisveinunum sagði við hann: Herra, leyf mér fyrst að fara burt og jarða föður minn. **22** En Jesús segir við hann: Fylg

þú mér, og lát hina dauðu jarða sína dauðu. 23 Og er hann steig á skip, fylgdu lærisveinar hans honum. 24 Og sjá, þá gjörði svo mikið óveður á vatninu, að skipið huldi af bylgjunum; en hann svaf. 25 Og þeir komu og vöktu hann, segjandi: Herra, bjarga þú; vér förumst. 26 Og hann segir við þá: Hví eruð þér hræddir, lítiltrúaðir? Því næst stóð hann upp og hastaði á vindana og vatnið, og varð blíðalogn. 27 En mennirnir undruðust þetta og sögðu: Hvaða maður er þetta, að bæði vindarnir og vatnið hlýða honum? 28 Þegar hann var kominn yfir um í bygð Gadarena, mættu honum tveir menn, þjáðir af illum öndum, er komu út úr gröfunum, skæðir mjög, svo að engum var fært að fara þann veg. 29 Og sjá, þeir æptu og sögðu: Hvað höfum við saman við þig að sælda, sonur Guðs? Ert þú kominn hingað fyrir tímann, til þess að kvelja oss? 30 En langt frá þeim var mikil svínahjörð á beit. 31 En illu andarnir báðu hann og sögðu: Ef þú rekur oss út, þá lát þú oss fara í svínahjörðina. 32 Og hann sagði við þá: Farið þið! En þeir fóru út og fóru í svínin; og sjá, öll hjörðin steyptist niður fyrir þvergnípið í vatnið, og týndist í vatninu. 33 En hirðarnir flýðu, og er þeir komu til borgarinnar, sögðu þeir frá öllu, eins frá því um mennina, er þjáðir voru af illu öndunum. 34 Og sjá, öll borgin gekk út til móts við Jesúm, og er þeir sáu hann, báðu þeir hann að fara burt úr héruðum þeirra.

9. kafli

1 Og hann steig á skip og fór yfir um og kom í sína eigin borg. 2 Og sjá, menn færðu til hans lama mann, sem lá í rekkju; og er Jesús sá trú þeirra, sagði hann við lama manninn: Vertu hughraustur, sonur, syndir þínar eru fyrirgefnar, 3 Og sjá, nokkrir af fræðimönnunum sögðu með sjálfum sér: Þessi maður lastmælir! 4 Og Jesús, sem þekti hugsanir þeirra, sagði: Hví hugsið þér ilt í hjörtum yðar? 5 Því að hvort er auðveldara að segja: Syndir þínar eru fyrirgefnar, eða að segja: Statt upp og gakk? 6 En til þess að þér skulið vita, að mannsins sonur hefir vald til að fyrirgefa syndir á jörðunni, — þá segir hann við lama manninn: — statt upp, tak sæng þína og far heim til þín. 7 Og hann reis upp og fór heim til sín. 8 En er mannfjöldinn sá þetta, skelfdist hann og lofaði Guð, er gefið hefði mönnunum slíkt vald. 9 Og er Jesús hélt áfram þaðan, sá hann mann sitja hjá tollbúðinni, Matteus að nafni; og hann segir við hann: Fylg þú mér. Og hann stóð upp og fylgdi honum. 10

Og svo bar til, er hann sat að borði í húsinu, sjá, þá komu margir tollheimtumenn og bersyndugir og sátu til borðs með Jesú og lærisveinum hans; **11** og er Farísearnir sáu það, sögðu þeir við lærisveina hans: Hví etur meistari yðar með tollheimtumönnum og bersyndugum? **12** En er hann heyrði það, mælti hann: Ekki þurfa heilbrigðir læknis við, heldur þeir sem sjúkir eru; **13** en farið þér og lærið hvað þetta þýðir: Miskunnsemi þrái eg, en ekki fórnir; því að ekki er eg kominn, til þess að kalla réttláta, heldur synduga. **14** Þá koma til hans lærisveinar Jóhannesar og segja: Hví föstum vér og Farísearnir iðulega, en lærisveinar þínir fasta ekki? **15** Og Jesús sagði við þá: Hvort mundu brúðkaupssveinar vera hryggir, meðan brúðguminn er hjá þeim? En koma munu dagar, er brúðguminn verður tekinn burt frá þeim, og þá munu þeir fasta. **16** Enginn leggur bót af nýjum dúk á gamalt fat, því að bótin tekur af fatinu og rifan verður verri. **17** Ekki láta menn heldur nýtt vín á gamla belgi, því að þá springa belgirnir og vínið fer niður og belgirnir ónýtast; en menn láta nýtt vín á nýja belgi, og varðveitist þá hvorttveggja. **18** Þegar hann var að tala þetta við þá, sjá, þá kom forstöðumaður nokkur, laut honum og mælti: Dóttir mín er nýskilin við, en kom þú og legg hönd þína yfir hana, þá mun hún lifna. **19** Og Jesús stóð upp og fór með honum, svo og lærisveinar hans. **20** Og sjá, kona nokkur, sem hafði haft blóðfall í tólf ár, kom að baki honum og snart fald yfirhafnar hans; **21** því að hún sagði með sjálfri sér: Ef eg aðeins fæ snortið yfirhöfn hans, þá mun eg heil verða. **22** En Jesús sneri sér við, og er hann leit hana, sagði hann: Vertu hughraust, dóttir, trú þín hefir gjört þig heila; og konan varð heil í frá þeirri stundu. **23** Og er Jesús kom í hús forstöðumannsins og sá þar píparana og mannfjöldann, sem var með þys, sagði hann: **24** Farið burt, því að stúlkan er ekki dáin, heldur sefur hún. Og þeir hlógu að honum. **25** En er búið var að reka fólkið út, gekk hann inn, tók í hönd henni, og reis þá stúlkan upp. **26** Og fregnin um þetta barst út um alt það hérað. **27** Og er Jesús fór þaðan, fylgdu eftir honum tveir menn blindir, er kölluðu og sögðu: Miskunna þú okkur, sonur Davíðs! **28** En er hann var kominn inn í húsið, komu hinir blindu til hans. Og Jesús segir við þá: Trúið þið, að eg geti gjört þetta? Þeir segja við hann: Já, herra. **29** Þá snart hann augu þeirra og mælti: Verði ykkur að trú ykkar! **30** Og augu þeirra opnuðust. Og Jesús lagði ríkt á við þá og sagði: Sjáið til að enginn fái að vita þetta. **31** En þeir gengu út og víðfrægðu hann í öllu því héraði. **32** En er þeir

voru burt farnir, sjá, þá færðu menn til hans mállausan mann, er þjáðist af illum anda. 33 Og er illi andinn var út rekinn, talaði hinn mállausi. Og mannfjöldinn undraðist þetta og mælti: Aldrei hefir þvílíkt sést í Ísrael. 34 En Farísearnir sögðu: Hann rekur út illu andana með fulltingi foringja illu andanna. 35 Og Jesús fór um allar borgirnar og þorpin, kendi í samkundum þeirra og prédikaði fagnaðarboðskap ríkisins og læknaði hvers konar sjúkdóma og hvers konar krankleika. 36 En er hann sá mannfjöldann, kendi hann í brjósti um þá, því að þeir voru hrjáðir og tvístraðir, eins og sauðir, er ekki hafa hirði. 37 Þá segir hann við lærisveina sína: Uppskeran er að sönnu mikil, en verkamennirnir fáir; 38 biðjið því herra uppskerunnar, að hann sendi verkamenn til uppskeru sinnar.

10. kafli

1 Og hann kallaði til sín þá tólf lærisveina sína og gaf þeim vald yfir óhreinum öndum, til þess að reka þá út, og til þess að lækna hvers konar sjúkdóma og hvers konar krankleika. 2 En nöfn þeirra tólf postula eru þessi: Fyrstur er Símon, sem Pétur kallast, og Andrés bróðir hans; Jakob Sebedeusson og Jóhannes bróðir hans; 3 Filippus og Bartólómeus; Tómas og Matteus, tollheimtumaðurinn; Jakob Alfeusson og Taddeus; 4 Símon Kananei og Júdas Ískaríot, sá hinn sami er sveik hann. 5 Þessa tólf sendi Jesús frá sér, bauð þeim og sagði: Farið eigi á veg heiðingja og gangið eigi inn í nokkura borg Samverja; 6 en farið heldur til hinna týndu sauða af húsi Ísraels. 7 En á ferðum yðar skuluð þér prédika og segja: Ríki himnanna er í nánd. 8 Læknið sjúka, uppvekið dauða, hreinsið líkþráa, rekið út illa anda; ókeypis hafið þér meðtekið, ókeypis skuluð þér af hendi láta. 9 Fáið yður eigi gull né silfur né eirpeninga í belti yðar; 10 eigi mal til ferðar, né tvo kyrtla né skó né staf, því að verður er verkamaðurinn fæðis síns. 11 En í hverja þá borg eða þorp, sem þér komið, þá spyrjist fyrir, hver sé maklegur þar, og dveljist þar, þangað til þér farið burt. 12 En er þér gangið inn í húsið, þá heilsið því; 13 og sé húsið maklegt, þá komi friður yðar yfir það; en sé það ekki maklegt, þá hverfi friður yðar til yðar aftur. 14 Og sé sá nokkur, er ekki vill meðtaka yður, og ekki heldur hlýða á orð yðar, þá farið burt úr því húsi eða þeirri borg, og hristið dustið af fótum yðar. 15 Sannlega segi eg yður: Bærilegra mun landi

Sódómu og Gómorru verða á degi dómsins en þeirri borg. 16 Sjá, eg sendi
yður sem sauði á meðal úlfa; verið því hygnir sem höggormar og falslausir
sem dúfur. 17 Gætið yðar fyrir mönnunum, því að þeir munu framselja yður
ráðsamkomum, og í samkundum sínum munu þeir húðstrýkja yður; 18 og
fyrir landshöfðingja og konunga munuð þér leiddir verða mín vegna, þeim
og heiðingjunum til vitnisburðar. 19 En er þeir framselja yður, þá verið ekki
áhyggjufullir um, hvernig eða hvað þér skuluð tala; því að það mun verða
gefið yður á þeirri stundu, hvað þér eigið að tala; 20 því að ekki eruð það þér,
sem talið, heldur andi föður yðar, er í yður talar. 21 En bróðir mun framselja
bróður til lífláts og faðir barn sitt, og börnin munu rísa gegn foreldrunum og
valda þeim dauða. 22 Og þér munuð verða hataðir af öllum vegna nafns míns;
en sá er stendur stöðugur alt til enda, hann mun hólpinn verða. 23 En er þeir
ofsækja yður í þessari borg, þá flýið í hina, því að sannlega segi eg yður, þér
munuð alls eigi ljúka við borgir Ísraels, áður en mannsins sonur kemur. 24
Ekki er lærisveinninn yfir meistara sínum, ekki heldur þjónninn yfir
húsbónda sínum; 25 nóg er lærisveininum að verða sem meistari hans og
þjóninum að verða sem húsbóndi hans. Hafi þeir kallað húsföðurinn
Beelsebúl, hve miklu fremur þá heimilismenn hans? 26 Óttist þá því eigi; því
að ekkert er hulið, er eigi verði opinbert, né leynt, er ekki verði augljóst. 27
Það sem eg segi yður í myrkrinu, skuluð þér tala í birtunni, og það sem þér
heyrið hvíslað í eyra, skuluð þér prédika á þökum uppi. 28 Og hræðist eigi þá
sem líkamann deyða, en geta eigi deytt sálina; en hræðist heldur þann, er
mátt hefir til að tortíma bæði sálu og líkama í Gehenna. 29 Eru eigi tveir
spörvar seldir fyrir einn smápening? og ekki fellur einn þeirra til jarðar án
vilja föður yðar; 30 en jafnvel öll höfuðhár yðar eru talin. 31 Óttist því eigi;
þér eruð meira verðir en margir spörvar. 32 Hver sem því kannast við mig
fyrir mönnunum, við hann mun eg einnig kannast fyrir föður mínum á
himnum. 33 En hver sem afneitar mér fyrir mönnunum, honum mun eg og
afneita fyrir föður mínum á himnum. 34 Ætlið ekki að eg sé kominn frið að
senda á jörðina; ekki kom eg frið að senda, heldur sverð. 35 Því að eg er
kominn til að gjöra mann ósáttan við föður sinn og dóttur við móður sína og
sonarkonu við tengdamóður sína, 36 og óvinir mannsins eru heimilismenn
hans. 37 Hver sem ann föður eða móður meir en mér, er mín ekki verður, og
hver sem ann syni eða dóttur meir en mér, er mín ekki verður. 38 Og hver

sem ekki tekur sinn kross og fylgir mér eftir, er mín ekki verður. 39 Hver sem finnur líf sitt, mun týna því, en hver sem hefir týnt lífi sínu mín vegna, mun finna það. 40 Hver sem meðtekur yður, meðtekur mig, og hver sem meðtekur mig, meðtekur þann, er sendi mig. 41 Hver sem meðtekur spámann upp á spámanns nafn, mun fá spámanns laun, og hver sem meðtekur réttlátan mann upp á nafn réttláts manns, mun fá laun réttláts manns. 42 Og hver sem gefur einum þessara smælingja svaladrykk einungis upp á lærisveins nafn, sannlega segi eg yður: hann mun alls ekki missa af launum sínum.

11. kafli

1 Og það varð, er Jesús hafði lokið fyrirskipunum sínum til þeirra tólf lærisveina sinna, að hann fór þaðan, til þess að kenna og prédika í borgum þeirra. 2 En er Jóhannes heyrði í fangelsinu um verk Krists, gjörði hann honum orðsendingu með lærisveinum sínum og lét segja við hann: 3 Ert þú sá sem koma á, eða eigum vér að vænta annars? 4 Og Jesús svaraði og sagði við þá: Farið og kunngjörið Jóhannesi það sem þér heyrið og sjáið: 5 Blindir fá sýn og haltir ganga, líkþráir hreinsast og daufir heyra, og dauðir upp rísa og fátækum er boðað fagnaðarerindi. 6 Og sæll er sá, sem ekki hneykslast á mér. 7 En er þeir voru farnir, tók Jesús að tala til mannfjöldans um Jóhannes: Hvað fóruð þér út í óbygðina að sjá? Reyr af vindi skekinn? 8 Eða hvað fóruð þér út að sjá? Mann mjúkklæddan? Sjá, þeir sem bera mjúk klæði, eru í höllum konunganna. 9 Eða til hvers fóruð þér út? Til að sjá spámann? Já, eg segi yður, jafnvel meira en spámann; 10 því að hann er sá, sem um er ritað: Sjá, eg sendi sendiboða minn fyrir augliti þínu, er greiða mun veg þinn fyrir þér. 11 Sannlega segi eg yður: eigi hefir fram komið meðal þeirra, er af konum eru fæddir, meiri maður en Jóhannes skírari; en hinn minsti í ríki himnanna er honum meiri. 12 En frá dögum Jóhannesar skírara og alt til þessa verður ríki himnanna fyrir ofbeldi, og ofbeldismenn taka það með valdi; 13 því að allir spámennirnir og lögmálið spáðu alt fram að Jóhannesi. 14 Og ef þér viljið meðtaka það, þá er hann sá Elía, er koma skal. 15 Hver sem eyru hefir að heyra, hann heyri. 16 Við hvað skal eg samlíkja þessari kynslóð? Lík er hún börnum, sem á torgum sitja og kalla til félaga sinna og segja: 17 Vér lékum fyrir yður á hljóðpípu, og þér dönsuðuð ekki; vér sungum sorgarljóð,

og þér kveinuðuð ekki. 18 Því að Jóhannes kom, og át hvorki né drakk, og menn segja: Hann hefir illan anda. 19 Mannsins sonur kom, og át og drakk, og menn segja: Sjá, átvagl og vínsvelgur! vinur tollheimtumanna og syndara! En spekin réttlættist af gjörðum sínum. 20 Þá tók hann að ávíta borgirnar, þar sem hann hafði gjört flest kraftaverk, fyrir það, að þær hefðu eigi gjört iðrun: 21 Vei þér, Kórasín; vei þér, Betsaída; því að ef þau kraftaverk hefðu gjörð verið í Týrus og Sídon, sem gjörst hafa í ykkur, hefðu þær fyrir löngu gjört iðrun í sekk og ösku. 22 Þó segi eg ykkur, að Týrus og Sídon mun verða bærilegra á dómsdegi en ykkur. 23 Og þú, Kapernaum! skyldir þú verða hafin til himins? — Til Heljar skalt þú niður stíga; því að ef þau kraftaverk hefðu gjörð verið í Sódómu, sem gjörst hafa í þér, stæði hún alt til þessa dags. 24 Þó segi eg yður, að landi Sódómu mun verða bærilegra á dómsdegi en þér. 25 Á þeim tíma tók Jesús til máls og sagði: Eg vegsama þig, faðir, herra himins og jarðar, að þú hefir hulið þessa hluti fyrir spekingum og vitrum mönnum, og opinberað þá smælingjum. 26 Já, faðir, því að þannig varð það, sem þóknanlegt er fyrir augliti þínu. 27 Alt er mér á vald gefið af föður mínum, og enginn gjörþekkir soninn nema faðirinn, og eigi heldur gjörþekkir nokkur föðurinn nema sonurinn, og sá er sonurinn vill opinbera hann. 28 Komið til mín, allir þér, sem erfiðið og þunga eruð hlaðnir, og eg mun veita yður hvíld. 29 Takið á yður mitt ok og lærið af mér, því að eg er hógvær og lítillátur í hjarta, og þá skuluð þér finna sálum yðar hvíld; 30 því að mitt ok er indælt og byrði mín létt.

12. kafli

1 Á þeim tíma fór Jesús á hvíldardegi um sáðlönd, en lærisveinar hans voru hungraðir, og tóku þeir til að tína kornöx og eta. 2 En er Farísearnir sáu það, sögðu þeir við hann: Sjá, lærisveinar þínir gjöra það, sem ekki er leyfilegt að gjöra á hvíldardegi. 3 En hann sagði við þá: Hafið þér eigi lesið, hvað Davíð gjörði, þegar hann var hungraður og menn hans? 4 hvernig hann gekk inn í Guðs hús og át skoðunarbrauðin, sem hvorki honum var leyfilegt að eta né mönnum hans, heldur prestunum einum? 5 Eða hafið þér ekki lesið í lögmálinu, að á hvíldardögunum vanhelga prestarnir hvíldardaginn í musterinu, og eru þó án saka? 6 En eg segi yður, að hér er meira en musterið.

7 Og ef þér hefðuð skilið hvað það er: Miskunnsemi þrái eg, en ekki fórnir, munduð þér eigi hafa sakfelt saklausa menn. 8 Því að mannsins sonur er herra hvíldardagsins. 9 Og hann fór þaðan og kom inn í samkundu þeirra; 10 og sjá, maður var þar, er hafði visna hönd; og þeir spurðu hann, segjandi: Hvort er leyfilegt að lækna á hvíldardegi? — til þess að þeir gætu ákært hann. 11 En hann sagði við þá: Hver mundi sá maður vera meðal yðar, er á eina sauðkind, og ekki tekur í hana og dregur hana upp, hafi hún á hvíldardegi fallið í gryfju? 12 Hve miklu er nú maðurinn meira verður en sauðkind! Fyrir því er leyfilegt að vinna góðverk á hvíldardegi. 13 Síðan segir hann við manninn: Réttu fram hönd þína. Hann rétti hana fram, og hún varð aftur heil sem hin. 14 En Farísearnir gengu út og báru saman ráð sín gegn honum, hvernig þeir fengju ráðið hann af dögum. 15 En er Jesús varð þess vís, veik hann þaðan brott; og margir fylgdu á eftir honum, og hann læknaði þá alla; 16 og hann lagði ríkt á við þá, að þeir gerðu hann ekki kunnan, 17 til þess að rættist það, sem mælt er fyrir Jesaja spámann, er hann segir: 18 Sjá, þjónn minn, sem eg hefi útvalið; minn elskaði, sem sál mín hefir þóknun á, yfir hann mun eg láta koma anda minn, og hann mun boða þjóðunum rétt. 19 Eigi mun hann þrátta né háreysti gjöra; ekki skal heldur neinn heyra rödd hans á strætunum. 20 Brákaðan reyr mun hann ekki brjóta sundur, og rjúkandi hörkveik mun hann ekki slökkva, uns hann hefir leitt réttinn út til sigurs, 21 og nafni hans munu þjóðirnar treysta. 22 Þá var færður til hans maður blindur og mállaus, er þjáðist af illum anda, og hann læknaði hann, svo að hinn mállausi talaði og sá. 23 Og allur mannfjöldinn undraðist og þeir sögðu: Mundi ekki þessi vera sonur Davíðs? 24 En er Farísearnir heyrðu það, sögðu þeir: Þessi maður rekur ekki út illu andana nema með fulltingi Beelsebúls, foringja illu andanna. 25 En hann vissi hugrenningar þeirra og sagði við þá: Sérhvert það ríki, sem sjálfu sér er sundurþykt, legst í auðn, og sérhver borg eða heimili, sem sjálfu sér er sundurþykt, fær eigi staðist. 26 Og ef Satan út rekur Satan, þá er hann sjálfum sér sundurþykkur; hvernig ætti þá ríki hans að standast? 27 Og ef eg rek út illu andana með fulltingi Beelsebúls, fyrir hvers fulltingi reka þá synir yðar þá út? Fyrir því skulu þeir vera dómarar yðar. 28 En ef eg út rek illu andana með fulltingi Guðs anda, þá er guðsríki komið yfir yður. 29 Eða hvernig fær nokkur komist inn í hús hins sterka og rænt föngum hans, nema hann áður bindi hinn sterka? Og þá mun hann ræna hús hans. 30 Hver sem

ekki er með mér, er á móti mér, og hver sem ekki safnar með mér, hann dreifir. 31 Þess vegna segi eg yður, að sérhver synd og lastmæli mun verða fyrirgefið mönnunum, en lastmæli gegn andanum mun eigi verða fyrirgefið. 32 Og hver sem mælir orð gegn mannsins syni, honum mun verða fyrirgefið, en hver sem talar gegn heilögum anda, honum mun eigi verða fyrirgefið, hvorki í þessum heimi né heldur hinum tilkomandi. 33 Látið annaðhvort tréð vera gott og ávöxt þess góðan, eða látið tréð vera skemt og ávöxt þess skemdan; því að af ávextinum þekkist tréð. 34 Þér nöðru-afkvæmi, hvernig getið þér talað það sem gott er, þar sem þér sjálfir eruð vondir? því að af gnægð hjartans mælir munnurinn. 35 Góður maður ber gott fram úr góðum sjóði, og vondur maður ber ilt fram úr vondum sjóði. 36 En eg segi yður: sérhvert ónytjuorð, það er mennirnir mæla, fyrir það skulu þeir á dómsdegi reikning lúka; 37 því að af orðum þínum muntu verða réttlættur, og af orðum þínum muntu verða sakfeldur. 38 Þá svöruðu honum nokkrir af fræðimönnum og Faríseum og sögðu: Meistari, oss langar til að sjá teikn hjá þér. 39 En hann svaraði og sagði við þá: Vond og hórsöm kynslóð krefst teikns, og eigi skal henni annað teikn gefið verða en teikn Jónasar spámanns; 40 því að eins og Jónas var í kviði stórfisksins þrjá daga og þrjár nætur, þannig mun mannsins sonur vera þrjá daga og þrjár nætur í skauti jarðarinnar. 41 Níníve-menn munu rísa upp í dóminum ásamt kynslóð þessari og dæma hana seka, því að þeir gjörðu iðrun við prédikun Jónasar; og sjá, hér er meira en Jónas. 42 Suðurlanda-drotningin mun koma fram í dóminum ásamt þessari kynslóð og dæma hana seka, því að hún kom frá endimörkum jarðarinnar, til þess að heyra speki Salómons; og sjá, hér er meira en Salómon. 43 En er hinn óhreini andi er farinn út af manninum, þá fer hann um vatnslausa staði, leitandi hvíldar, en finnur ekki. 44 Þá segir hann: Eg vil hverfa aftur til húss míns, þaðan sem eg fór út. Og er hann kemur, finnur hann það tómt, sópað og prýtt; 45 þá fer hann og tekur með sér sjö anda aðra sér verri, og er þeir eru komnir inn þangað, setjast þeir þar að; verður svo hið síðara þess manns verra en hið fyrra. Svo mun og fara fyrir þessari vondu kynslóð. 46 Meðan hann enn þá var að tala við mannfjöldann, sjá, þá stóðu móðir hans og bræður fyrir dyrum úti, og vilja ná tali hans. 47 Og einhver sagði við hann: Sjá, móðir þín og bræður þínir standa fyrir dyrum úti, og vilja ná tali þínu. 48 En hann svaraði þeim, er við hann talaði, og sagði: Hver er móðir mín? —

og hverjir eru bræður mínir? 49 Og hann rétti hönd sína út yfir lærisveina sína og mælti: Sjá, hér er móðir mín og bræður mínir! 50 því að sérhver sem gjörir vilja föður míns á himnum, sá er bróðir minn og systir og móðir.

13. kafli

1 Á þeim degi gekk Jesús að heiman og settist við vatnið; 2 og mikill fjöldi manna safnaðist að honum, svo að hann steig á skip og settist þar; og allur mannfjöldinn stóð á ströndinni. 3 Og hann talaði margt til þeirra í dæmisögum og sagði: Sjá, sáðmaður gekk út að sá. 4 Og er hann var að sá, féll sumt við götuna, og fuglarnir komu og átu það upp. 5 En sumt féll í grýtta jörð, þar sem það hafði ekki mikinn jarðveg, og jafnskjótt rann það upp, af því að það hafði eigi djúpan jarðveg; 6 en er sól kom upp, skrælnaði það, og sökum þess að það hafði engar rætur, visnaði það. 7 En sumt féll meðal þyrna, og þyrnarnir uxu upp og kæfðu það. 8 En sumt féll í góða jörð og bar ávöxt, sumt hundraðfaldan, sumt sextugfaldan, en sumt þrítugfaldan. 9 Hver sem eyru hefir, hann heyri. 10 Og lærisveinarnir komu og sögðu við hann: Hvers vegna talar þú við þá í dæmisögum? 11 En hann svaraði og sagði við þá: Yður er gefið að þekkja leyndardóma himnaríkis, en hinum er það eigi gefið; 12 því að hverjum, sem hefir, honum mun verða gefið, og hann mun gnægð hafa, en hverjum, sem ekki hefir, frá honum mun jafnvel verða tekið það er hann hefir. 13 Þess vegna tala eg til þeirra í dæmisögum, að sjáandi sjá þeir ekki, og heyrandi heyra þeir ekki né skilja. 14 Og á þeim rætist spádómur Jesaja, er segir: Með heyrninni munuð þér heyra, og alls eigi skilja, og sjáandi munuð þér sjá, og alls eigi skynja. 15 Því að hjarta lýðs þessa er sljótt orðið, og á eyrunum eru þeir orðnir daufir, og augum sínum hafa þeir lokað, til þess að þeir sæju eigi með augunum og heyrðu með eyrunum og skynjuðu með hjartanu, og sneru sér, og eg læknaði þá. 16 En sæl eru augu yðar, af því að þau sjá, og eyru yðar, af því að þau heyra; 17 því að sannlega segi eg yður, að margir spámenn og réttlátir þráðu að sjá það, sem þér sjáið, og sáu það eigi, og heyra það, sem þér heyrið, og heyrðu það eigi. 18 Heyrið þér nú dæmisöguna um sáðmanninn: 19 Hve nær sem einhver heyrir orð ríkisins og skilur það eigi, þá kemur hinn vondi, og rænir því er sáð var í hjarta hans. Þessi er sá, er sáð var við götuna. 20 En það sem í grýtta jörð var

sáð, það er sá, er heyrir orðið og meðtekur það með fögnuði þegar í stað. 21 En hann hefir ekki rót í sér, heldur er hann óstöðugur. En er þrenging verður eða ofsóknir vegna orðsins, hneykslast hann jafnskjótt. 22 En það er sáð var meðal þyrna, það er sá sem orðið heyrir, og áhyggja heimsins og tál auðæfanna kefja orðið, og hann ber engan ávöxt. 23 En það er sáð var í góðu jörðina, það er sá sem orðið heyrir og skilur það; hann ber því ávöxt, og gefur af sér, einn hundraðfalt, annar sextugfalt og annar þrítugfalt. 24 Aðra dæmisögu framsetti hann fyrir þá og sagði: Líkt er ríki himnanna manni, er sáði góðu sæði í akur sinn; 25 en meðan fólkið svaf, kom óvinur hans og sáði líka illgresi meðal hveitisins, og fór síðan á burt. 26 En er sæðið spratt upp og bar ávöxt, þá kom og illgresið í ljós. 27 Þá fóru þjónar húsbóndans og sögðu við hann: Herra, sáðir þú ekki góðu sæði í akur þinn? Hvaðan kemur honum þá illgresi? 28 En hann mælti við þá: Þetta hefir illviljaður maður gjört. En þjónarnir segja við hann: Viltu þá, að vér förum og reytum það upp? 29 En hann segir: Nei, svo að þér eigi, er þér reytið upp illgresið, reytið hveitið upp ásamt því. 30 Látið hvorttveggja vaxa saman til kornskurðarins; og er kornskurðartíminn kemur, mun eg segja við kornskurðarmennina: Safnið fyrst saman illgresinu og bindið það í bundin, til þess að brenna það, en safnið hveitinu í kornhlöðu mína. 31 Aðra líkingu framsetti hann fyrir þá og mælti: Líkt er ríki himnanna mustarðskorni, er maður nokkur tók og sáði í akur sinn. 32 Vissulega er það allra frækorna minst, en þegar það er sprottið, er það stærra en jurtirnar og verður að tré, svo að fuglar himinsins koma og hreiðra sig í greinum þess. 33 Aðra líkingu sagði hann þeim: Líkt er ríki himnanna súrdeigi, er kona tók og faldi í þrem mælum mjöls, uns alt mjölið sýrðist. 34 Þetta alt talaði Jesús í líkingum við mannfjöldann, og án líkinga talaði hann ekkert til þeirra, 35 til þess að rættist það sem talað er fyrir spámanninn er segir: Eg mun opna munn minn í líkingum, og mæla fram það sem hulið hefir verið frá grundvöllun veraldar. 36 Þá yfirgaf hann mannfjöldann og gekk inn í húsið; og lærisveinar hans komu til hans og sögðu: Útskýr þú fyrir oss dæmisöguna um illgresið á akrinum. 37 En hann svaraði og sagði: Sá er sáir góða sæðinu, er mannsins sonur; 38 en akurinn er heimurinn; en góða sæðið, það eru synir ríkisins, en illgresið, það eru synir hins vonda; 39 en óvinurinn, er sáði því, er djöfullinn; en kornskurðartíminn er endir veraldar; en kornskurðarmennirnir eru englar. 40 Eins og því

illgresinu er safnað og það brent í eldi, þannig mun fara við enda veraldar; 41 mannsins sonur mun senda engla sína, og þeir munu saman safna úr ríki hans öllum hneykslunum og þeim, er ranglæti fremja, 42 og munu kasta þeim í eldsofninn; þar mun vera grátur og gnístran tanna. 43 Þá munu hinir réttlátu skína sem sólin í ríki föður þeirra. Hver sem eyru hefir, hann heyri. 44 Líkt er ríki himnanna fjársjóði, er fólginn var í akri, en maður nokkur fann og faldi, og í gleði sinni fer hann burt og selur alt, sem hann á, og kaupir akur þennan. 45 Enn er ríki himnanna líkt kaupmanni einum, sem leitaði að fögrum perlum; 46 og er hann hafði fundið eina dýra perlu, fór hann og seldi alt, sem hann átti, og keypti hana. 47 En er ríki himnanna líkt neti, er lagt var í sjóinn og safnaði í sig af öllum tegundum; 48 og er það var orðið fult, drógu menn það að landi og settust niður, söfnuðu hinum góðu í ker, en köstuðu hinum óætu út aftur. 49 Þannig mun verða við enda heimsins; englarnir munu fara út og skilja hina vondu menn frá hinum réttlátu, 50 og þeir munu kasta þeim í eldsofninn; þar mun vera grátur og gnístran tanna. 51 Hafið þér skilið alt þetta? Þeir segja við hann: Já. 52 En hann sagði við þá: Þess vegna er sérhver fræðimaður, sem er orðinn lærisveinn himnaríkis, líkur húsráðanda, sem ber fram nýtt og gamalt af fjársjóði sínum. 53 Og það bar við, er Jesús hafði lokið þessum líkingum, að hann tók sig upp þaðan. 54 Og hann kom til ættborgar sinnar og kendi þeim í samkunduhúsi þeirra, svo að þeir urðu forviða og sögðu: Hvaðan kemur þessum manni speki þessi og kraftaverkin? 55 Er hann ekki sonur timbursmiðsins? Heitir ekki móðir hans María, og bræður hans Jakob og Jósef og Símon og Júdas? 56 Og eru ekki systur hans allar hjá oss? Hvaðan kemur þessum manni þá alt þetta? 57 Og þeir hneyksluðust á honum; en Jesús sagði við þá: Eigi er spámaður óvirtur nema í föðurlandi sínu og á heimili sínu. 58 Og hann gjörði þar ekki mörg kraftaverk vegna vantrúar þeirra.

14. kafli

1 Um þessar mundir heyrði Heródes fjórðungsstjóri orðróminn um Jesúm, 2 og sagði við sveina sína: Þessi maður er Jóhannes skírari; hann er risinn upp frá dauðum, þess vegna eru kraftarnir máttugir í honum. 3 Því að Heródes hafði tekið Jóhannes höndum og fjötrað og sett hann í fangelsi, vegna

Heródíasar, konu Filippusar bróður síns; **4** því að Jóhannes sagði við hann: Þér leyfist ekki að eiga hana. **5** Og feginn vildi hann deyða hann, en hann óttaðist lýðinn, því að þeir héldu hann fyrir spámann. **6** En er afmælisdagur Heródesar kom, dansaði dóttir Heródíasar frammi fyrir þeim og gast Heródesi vel að. **7** Þess vegna hét hann með eiði að gefa henni hvað sem hún bæði um. **8** Og eftir áeggjun móður sinnar segir hún: Gef mér hingað höfuð Jóhannesar skírara á fati. **9** Og konungurinn varð hryggur, en vegna eiða sinna og boðsgestanna bauð hann, að henni skyldi það gefið verða. **10** Og hann sendi og lét höggva Jóhannes í varðhaldinu, **11** og var komið með höfuð hans á fati og gefið meynni, en hún færði móður sinni. **12** Og lærisveinar hans komu og tóku líkið og greftruðu það; og þeir fóru og sögðu Jesú frá. **13** En er Jesús heyrði það, fór hann á skipi burt þaðan til eyðistaðar afsíðis; og er mannfjöldinn heyrði það, fylgdu þeir eftir honum fótgangandi úr borgunum. **14** Og er hann steig af skipi, sá hann mikinn mannfjölda, og hann kendi í brjósti um þá, og hann læknaði þá af þeim, er sjúkir voru. **15** En er kveld var komið, komu lærisveinar hans til hans og mæltu: Staðurinn er óbygður og tíminn þegar liðinn; láttu mannfjöldann fara frá þér, til þess að hann fari burt í þorpin og kaupi sér vistir. **16** En Jesús sagði við þá: Ekki þurfa þeir að fara burt; gefið þér þeim að eta. **17** En þeir segja við hann: Vér höfum hér ekki nema fimm brauð og tvo fiska. **18** En hann sagði: Færið mér það hingað. **19** Og hann bauð mannfjöldanum að setjast niður í grasið og tók brauðin fimm og fiskana tvo, leit til himins og blessaði, og er hann hafði brotið brauðin, fékk hann lærisveinum sínum þau, en lærisveinarnir mannfjöldanum. **20** Og allir neyttu og urðu mettir; og þeir tóku upp brotnu brauðin, er af gengu, tólf karfir fullar; **21** en þeir sem neytt höfðu, voru hér um bil fimm þúsund karlmenn auk kvenna og barna. **22** Og jafnskjótt þröngvaði hann lærisveinum sínum til að stíga á skipið og fara yfir um á undan sér, á meðan hann kæmi mannfjöldanum frá sér. **23** Og er hann hafði komið mannfjöldanum frá sér, fór hann einn saman upp á fjallið, til þess að biðjast fyrir; og er kveld var komið, var hann þar einn. **24** En skipið var þegar komið út á mitt vatnið og lá undir áföllum, því að vindurinn var á móti. **25** En um fjórðu næturvöku kom hann til þeirra gangandi á vatninu. **26** Og er lærisveinarnir sáu hann gangandi á vatninu, urðu þeir felmtsfullir og sögðu: Það er vofa; og þeir æptu af ótta. **27** En jafnskjótt talaði Jesús til þeirra og mælti: Verið hughraustir, það er eg,

óttist eigi! 28 En Pétur svaraði honum og sagði: Herra, ef það ert þú, þá bjóð
þú mér að koma til þín á vatninu. 29 En hann sagði: Kom þú! Og Pétur steig
utanborðs og gekk á vatninu, til þess að komast til Jesú. 30 En er hann sá
vindinn, hræddist hann, og er hann tók að sökkva, kallaði hann og mælti:
Herra, bjarga þú mér! 31 En jafnskjótt rétti Jesús út hönd sína, tók í hann og
segir við hann: Þú lítiltrúaði, hví efaðist þú? 32 Og er þeir voru stignir upp í
skipið, lægði veðrið; 33 en þeir sem á skipinu voru, veittu honum lotningu,
segjandi: Sannarlega ert þú sonur Guðs. 34 Og er þeir höfðu farið yfir um,
komu þeir að landi í Genesaret. 35 Og með því að menn á þeim stað þektu
hann, sendu þeir boð í alla bygðina umhverfis og færðu til hans alla þá er
sjúkir voru; 36 og þeir báðu hann að mega aðeins snerta faldinn á yfirhöfn
hans. Og allir þeir er snertu hann, urðu heilir.

15. kafli

1 Þá koma til Jesú frá Jerúsalem Farísear og fræðimenn og segja: 2 Hví brjóta
lærisveinar þínir setningar fyrri tíðar manna? Því að þeir taka ekki
handlaugar, er þeir neyta matar. 3 En hann svaraði og sagði við þá: Hví
brjótið þér og boðorð Guðs vegna setninga yðar? 4 Því að Guð hefir sagt:
Heiðra föður þinn og móður, og hver sem formælir föður eða móður, skal
dauða deyja. 5 En þér segið: Hver sem segir við föður eða móður: Það sem
þér hefði getað orðið til styrks frá mér, er heitfé, — hann þarf eigi að heiðra
föður sinn. 6 Og þér hafið ónýtt orð Guðs vegna setninga yðar. 7 Hræsnarar,
vel hefir Jesaja spáð um yður, er hann segir: 8 Lýður þessi heiðrar mig með
vörunum, en hjarta þeirra er langt í burtu frá mér; 9 þeir dýrka mig til einskis,
með því að þeir kenna lærdóma, sem eru manna boðorð. 10 Og hann kallaði
til sín mannfjöldann og sagði við þá; Heyrið og skiljið: 11 Eigi saurgar það
manninn, sem inn fer í munninn, — heldur það sem út fer af munninum, það
saurgar manninn. 12 Þá komu til hans lærisveinarnir og mæltu við hann:
Veistu, að Farísearnir hneyksluðust, er þeir heyrðu ræðuna? 13 En hann
svaraði og sagði: Sérhver jurt, sem minn himneski faðir hefir eigi gróðursett,
mun upprætt verða. 14 Látið þá eiga sig! Þeir eru blindir leiðtogar; en ef
blindur leiðir blindan, falla þeir báðir í gryfju. 15 En Pétur svaraði og sagði
við hann: Útskýr þú fyrir oss líkinguna. 16 En hann sagði: Eruð jafnvel þér

enn þá svo skilningslausir? 17 Skiljið þér eigi, að alt það sem inn kemur í
munninn, fer í magann, og er kastað í saurþróna? 18 En það er út fer af
munninum, kemur frá hjartanu, og það er þetta, sem saurgar manninn. 19 Því
að frá hjartanu koma vondar hugsanir, morð, hórdómur, frillulífi, þjófnaður,
ljúgvitni, lastmæli; 20 þetta er það sem saurgar manninn; en að eta með
óþvegnum höndum, saurgar eigi manninn. 21 Og Jesús gekk þaðan út og fór
burt til bygða Týrusar og Sídonar. 22 Og sjá, kona nokkur kanversk úr þeim
héruðum kom, kallaði og sagði: Miskunna þú mér, herra, sonur Davíðs!
dóttir mín er þungt haldin af illum anda. 23 En hann svaraði henni engu orði.
Og lærisveinar hans komu til hans, beiddu hann og sögðu: Láttu hana fara,
því að hún kallar á eftir oss. 24 En hann svaraði og sagði: Ekki er eg sendur
nema til týndra sauða af húsi Ísraels. 25 En hún kom, laut honum og mælti:
Herra, hjálpa þú mér. 26 En hann svaraði og sagði: Það er ekki fallegt að taka
brauðið barnanna og kasta því fyrir hvolpana. 27 En hún sagði: Satt er það,
herra, en hvolparnir eta þó af molum þeim, er falla af borðum húsbænda
þeirra. 28 Þá svaraði Jesús og sagði við hana: Kona, mikil er trú þín; verði þér
sem þú vilt. Og dóttir hennar varð heilbrigð í frá þeirri stundu. 29 Og Jesús
fór þaðan og kom til Galíleuvatnsins, og hann gekk upp á fjallið og settist
þar. 30 Og mikill fjöldi fólks kom til hans, er hafði með sér halta menn og
blinda, mállausa, handarvana og marga aðra, og vörpuðu þeim fyrir fætur
Jesú, og hann læknaði þá; 31 svo að mannfjöldinn undraðist, er þeir sáu
mállausa tala, handarvana heila og halta ganga um, og blinda alsjáandi; og
þeir vegsömuðu Guð Ísraels. 32 En Jesús kallaði á lærisveina sína og mælti:
Eg kenni í brjósti um mannfjöldann, því að þrjá daga hafa þeir nú dvalist hjá
mér, og hafa ekkert til matar; en fastandi vil eg ekki láta þá frá mér fara, svo
að þeir verði eigi magnþrota á leiðinni. 33 Og lærisveinarnir mæltu við hann:
Hvaðan skyldu oss koma svo mörg brauð hér í óbygð, að vér fáum mettað
svo mikinn mannfjölda? 34 Og Jesús segir við þá: Hve mörg brauð hafið þér?
En þeir sögðu: Sjö, og fáeina smáfiska. 35 Og hann bauð mannfjöldanum að
setjast niður á jörðina, 36 tók brauðin sjö og fiskana, og gjörði þakkir, braut
þau og rétti lærisveinunum, en lærisveinarnir mannfjöldanum. 37 Og allir
neyttu og urðu mettir; og þeir tóku upp afganginn af brotnu brauðunum, sjö
karfir fullar; 38 en þeir, er neytt höfðu, voru fjórar þúsundir karlmanna auk
kvenna og barna. 39 Og er hann hafði látið mannfjöldann fara á burt, sté hann

á skipið og kom til Magadan-héraða.

16. kafli

1 Og Farísearnir og Saddúkearnir komu til hans og freistuðu hans og báðu hann að sýna sér tákn af himni. **2** En hann svaraði og sagði við þá: Að kveldi segið þér: Góðviðri, því að himininn er rauður. **3** Og að morgni: Hreggviðri í dag, því að himininn er rauður og dimmur. Um himinsins útlit kunnið þér að dæma, en um tákn tímanna getið þér ekki dæmt. **4** Vond og hórsöm kynslóð beiðist tákns, og henni skal eigi tákn gefast nema tákn Jónasar. Og hann yfirgaf þá og fór burt. **5** Og er lærisveinarnir komu yfir um, höfðu þeir gleymt að taka brauð. **6** En Jesús sagði við þá: Sjáið til og varið yður á súrdeigi Faríseanna og Saddúkeanna. **7** En þeir hugsuðu með sjálfum sér og sögðu: Vér höfum ekki tekið brauð. **8** En er Jesús varð þess vís, mælti hann: Hví eruð þér að hugsa um það með sjálfum yður, þér trúarlitlir, að þér eruð brauðlausir? **9** Skiljið þér ekki enn þá? Munið þér þá eigi heldur eftir brauðunum fimm handa fimm þúsundum, og hve margar karfir þér tókuð? **10** Né eftir brauðunum sjö handa fjórum þúsundum, og hve margar karfir þér tókuð? **11** Hvernig má það vera, að þér skiljið ekki, að eg var ekki að tala um brauð við yður? En varið yður á súrdeigi Faríseanna og Saddúkeanna. **12** Þá skildu þeir, að hann talaði eigi um að varast súrdeigið í brauðunum, heldur kenningu Faríseanna og Saddúkeanna. **13** En er Jesús kom til bygða Sesareu Filippí, spurði hann lærisveina sína og sagði: Hver segja menn að mannsins sonur sé? **14** Og þeir sögðu: Sumir segja: Jóhannes skírari, aðrir: Elía, og aðrir: Jeremía eða einn af spámönnunum. **15** Hann segir við þá: En hver segið þér að eg sé? **16** En Símon Pétur svaraði og sagði: Þú ert Kristur, sonur Guðs hins lifanda. **17** En Jesús svaraði og sagði við hann: Sæll ert þú, Símon Jónasson, því að hold og blóð hefir eigi opinberað þér það, heldur faðir minn á himnum. **18** En eg segi þér: Þú ert Pétur, og á þessum kletti mun eg byggja kirkju mína, og hlið Heljar skulu eigi verða henni yfirsterkari. **19** Eg mun gefa þér lykla himnaríkis, og sérhvað sem þú bindur á jörðu, skal á himnum bundið vera, og, sérhvað sem þú leysir á jörðu, skal á himnum leyst vera. **20** Þá bauð hann lærisveinunum, að þeir segðu engum, að hann væri Kristur. **21** Eftir þetta tók Jesús að leiða lærisveinum sínum fyrir sjónir, að sér bæri að

fara til Jerúsalem og líða margt af hendi öldunganna, æðstu prestanna og fræðimannanna, og verða deyddur og rísa upp á þriðja degi. 22 Og Pétur tók hann á einmæli, og fór að átelja hann, segjandi: Guð náði þig, herra; þetta skal aldrei fram við þig koma! 23 En hann sneri sér við og mælti við Pétur: Haf þig á burt frá mér, Satan, þú ert mér til ásteytingar; því að eigi skynjar þú það sem Guðs er, heldur það sem manna er. 24 Þá mælti Jesús við lærisveina sína: Vilji einhver fylgja mér, þá afneiti hann sjálfum sér og taki sinn kross og fylgi mér; 25 því að hver sá, sem vill bjarga lífi sínu, mun týna því, en hver sá sem týnir lífi sínu mín vegna, hann mun finna það. 26 Því að hvað mun það stoða manninn, þótt hann vinni allan heiminn, en fyrirgjöri sálu sinni? Eða hvaða endurgjald mundi maður gefa fyrir sálu sína? 27 Því að mannsins sonur mun koma í dýrð föður síns ásamt englum sínum, og þá mun hann gjalda sérhverjum eftir verki hans. 28 Sannlega segi eg yður, að þeir eru nokkrir af þeim, er hér standa, sem alls eigi munu smakka dauðann, fyr en þeir sjá mannsins son koma í ríki sínu.

17. kafli

1 Og að sex dögum liðnum tekur Jesús þá Pétur og Jakob og Jóhannes bróður hans, og fer með þá einslega upp á hátt fjall. 2 Og hann ummyndaðist að þeim ásjáandi, og ásjóna hans skein sem sólin, en klæði hans urðu björt eins og ljósið. 3 Og sjá, Móse og Elía birtust þeim og töluðu þeir við hann. 4 En Pétur tók til máls og sagði við Jesúm: Gott er að vér erum hér, herra; ef þú vilt, mun eg gjöra hér þrjár tjaldbúðir, þér eina og Móse eina og Elía eina. 5 Meðan hann var enn að tala, sjá, þá skygði bjart ský yfir þá, og sjá, rödd úr skýinu sagði: Þessi er sonur minn, hinn elskaði, sem eg hefi velþóknun á; hlýðið honum. 6 En er lærisveinarnir heyrðu röddina, féllu þeir fram á ásjónu sína og urðu mjög hræddir. 7 Þá gekk Jesús að og snart þá og mælti: Rísið upp og óttist ekki! 8 En er þeir hófu upp augu sín, sáu þeir engan nema Jesúm einan. 9 Og er þeir gengu niður af fjallinu, bauð Jesús þeim og sagði: Segið engum frá sýninni, fyr en mannsins sonur er risinn upp frá dauðum. 10 Og lærisveinar hans spurðu hann og sögðu: Hví segja þá fræðimennirnir, að Elía eigi fyrst að koma? 11 En hann svaraði og sagði: Elía kemur að vísu og mun færa alt í lag. 12 En eg segi yður: Elía er nú þegar kominn, en þeir þektu hann

eigi, heldur gjörðu við hann alt, er þá fýsti; þannig á og mannsins sonur að þola þjáningar af hendi þeirra. 13 Þá skildu lærisveinarnir, að hann talaði við þá um Jóhannes skírara. 14 Og er þeir komu til mannfjöldans, kom til hans maður nokkur, féll á kné fyrir honum og mælti: 15 Herra, miskunna þú syni mínum, því að hann er tunglsjúkur og næsta þungt haldinn; oft fellur hann í eld og oft í vatn; 16 og eg hefi fært hann til lærisveina þinna, og þeir gátu eigi læknað hann. 17 Og Jesús svaraði og sagði: Ó þú vantrúa og rangsnúna kynslóð, hversu lengi á eg að vera hjá yður? Hversu lengi á eg að umbera yður? Færið hann hingað til mín. 18 Og Jesús hastaði á hann, og illi andinn fór út af honum, og sveinninn varð heilbrigður frá þeirri stundu. 19 Þá komu lærisveinarnir einslega til Jesú og sögðu: Hvers vegna gátum vér ekki rekið hann út? 20 En hann segir við þá: Vegna lítillar trúar yðar. Því að sannlega segi eg yður: ef þér hafið trú eins og mustarðskorn, þá munuð þér segja við þetta fjall: Flyttu þig þaðan og hingað! og það mun flytja sig, og ekkert mun vera yður um megn. 21 En þetta kyn verður eigi út rekið nema með bæn og föstu. † 22 En er þeir dvöldust í Galíleu, sagði Jesús við þá: Mannsins sonur á framseldur að verða í manna hendur. 23 Og þeir munu taka hann af lífi, og á þriðja degi mun hann upp rísa. Og þeir urðu mjög hryggir. 24 En er þeir komu til Kapernaum, komu þeir menn, sem heimta inn dídrökmurnar, til Péturs og mæltu: Geldur meistari yðar eigi dídrökmurnar? 25 Hann segir: Jú. Og er hann kom inn í húsið, tók Jesús fyr til máls og mælti: Hvað líst þér, Símon? Af hverjum taka konungar jarðarinnar toll eða skatt? Af sonum sínum eða útlendingunum? 26 En er hann sagði: Af útlendingunum, — mælti Jesús: Þá eru synirnir frjálsir. 27 En til þess að vér hneykslum þá ekki, þá far til vatnsins og renn út öngli, og tak fyrsta fiskinn, sem upp kemur; og er þú opnar munn hans, muntu finna stater; tak þú hann og greið þeim fyrir mig og fyrir þig.

18. kafli

1 Á sömu stundu komu lærisveinarnir til Jesú og sögðu: Hver er þá mestur í ríki himnanna? 2 Og hann kallaði til sín barn, setti það mitt á meðal þeirra 3 og sagði: Sannlega segi eg yður: nema þér snúið við og verðið eins og börnin, komist þér alls ekki inn í ríki himnanna. 4 Hver sem því lítillækkar

sig eins og barn þetta, sá er mestur í ríki himnanna. **5** Og hver sem meðtekur
eitt einasta þvílíkt barn í mínu nafni, hann meðtekur mig. **6** En hver sem
hneykslar einn af þessum smælingjum, er á mig trúa, betra væri honum að
stór kvarnarsteinn væri hengdur um háls honum og honum væri sökt í
sjávardjúp. **7** Vei heiminum vegna hneykslananna; því að óumflýjanlegt er,
að hneykslanirnar komi, en vei þeim manni, sem hneyksluninni veldur. **8** En
ef hönd þín eða fótur þinn hneykslar þig, þá högg hann af og kasta frá þér;
því að betra er þér handarvana og höltum að ganga inn til lífsins, en að hafa
tvær hendur og tvo fætur, og verða kastað í hinn eilífa eld. **9** Og ef auga þitt
hneykslar þig, þá ríf það út og kasta því frá þér; betra er þér eineygðum að
ganga inn til lífsins, en að hafa bæði augu og verða kastað í Gehenna eldsins.
10 Sjáið til, að þér eigi fyrirlítið neinn af þessum smælingjum, því að eg segi
yður, að englar þeirra á himnum sjá ávalt auglit föður míns, sem er á
himnum. **11** Því að Mannsins sonur er kominn að frelsa það sem glatað var. †
12 Hvað virðist yður? Ef einhver maður ætti hundrað sauði og einn af þeim
viltist frá, mundi hann eigi skilja þá níutíu og níu eftir og fara upp í fjöllin og
leita hins frávilta? **13** Og ef svo fer, að hann finnur hann, sannlega segi yður,
að hann gleðst meir yfir honum en yfir þeim níutíu og níu, sem eigi höfðu
vilst burt. **14** Þannig er það eigi vilji föður yðar, sem er á himnum, að einn
einasti þessara smælingja glatist. **15** En ef bróðir þinn syndgar á móti þér, þá
far og vanda um við hann að þér og honum einum saman; láti hann sér
segjast, þá hefir þú unnið bróður þinn. **16** En láti hann sér ekki segjast, þá tak
að auki með þér einn eða tvo, til þess að hvert mál verði staðfest fyrir munn
tveggja eða þriggja votta. **17** En hlýðnist hann þeim eigi, þá seg það
kirkjunni; en ef hann einnig óhlýðnast kirkjunni, þá sé hann þér eins og
heiðingi og tollheimtumaður. **18** Sannlega segi eg yður, hvað sem þér bindið á
jörðu, skal vera bundið á himni; og hvað sem þér leysið á jörðu, skal vera
leyst á himni. **19** Enn segi eg yður, að ef tveir af yður verða sammála á
jörðunni, mun þeim veitast af föður mínum, sem er á himnum, sérhver sá
hlutur, sem þeir kunna að biðja um; **20** því að hvar sem tveir eða þrír eru
saman komnir í mínu nafni, þar er eg mitt á meðal þeirra. **21** Þá gekk Pétur til
hans og mælti við hann: Herra, hversu oft á bróðir minn að syndga á móti
mér og eg að fyrirgefa honum? Alt að sjö sinnum? **22** Jesús segir við hann:
Ekki segi eg þér: alt að sjö sinnum, heldur alt að sjötíu sinnum sjö. **23** Fyrir

því er ríki himnanna líkt konungi einum, sem gjöra vildi upp reikning við þjóna sína. 24 En er hann tók að gjöra upp, var færður til hans einn, er skuldaði tíu þúsund talentur. 25 En er hann hafði ekkert til að borga, skipaði húsbóndi hans að selja skyldi hann, konu hans og börn og allar eigur hans, og að skuldin skyldi verða greidd. 26 Þá féll þjónninn fram, laut honum og sagði: Herra, haf biðlund við mig, og eg mun gjalda þér alt. 27 En herra þjóns þessa kendi í brjósti um hann, lét hann lausan og gaf honum upp skuldina. 28 En er hann fór út, hitti þessi þjónn einn af samþjónum sínum, sem skuldaði honum hundrað denara; og hann greip hann, tók fyrir kverkar honum og sagði: Borga það sem þú skuldar! 29 Samþjónn hans féll þá fram, bað hann og sagði: Haf biðlund við mig, og eg mun borga þér. 30 En hann vildi eigi, heldur fór og varpaði honum í fangelsi, uns hann borgaði skuldina. 31 En er nú samþjónar hans sáu hvað orðið var, urðu þeir mjög hryggir. Og þeir komu og sögðu húsbónda sínum alt, sem orðið var. 32 Þá lét húsbóndi hans kalla hann til sín og segir við hann: Illi þjónn, eg gaf þér upp alla hina skuldina, með því að þú baðst mig; 33 bar þá eigi einnig þér að vera miskunnsamur við samþjón þinn, eins og eg var miskunnsamur við þig. 34 Og húsbóndi hans varð reiður og seldi hann í hendur böðlunum, þangað til hann hefði borgað alla skuldina. 35 Þannig mun einnig faðir minn himneskur breyta við yður, ef þér eigi hver og einn fyrirgefið af hjarta bróður yðar.

19. kafli

1 Og það bar við, er Jesús hafði lokið þessum orðum, að hann fór burt frá Galíleu og kom til Júdeu-héraða, hinumegin við Jórdan. 2 Og mannfjöldi mikill fylgdi honum og hann læknaði þá þar. 3 Og Farísear komu til hans, freistuðu hans og sögðu: Hvort er leyfilegt að skilja við konu sína fyrir hvaða sök sem er? 4 En hann svaraði og sagði: Hafið þér eigi lesið, að skaparinn frá upphafi skóp þau karl og konu, 5 og sagði: Fyrir því skal maður yfirgefa föður og móður og búa við eiginkonu sína, og þau tvö skulu verða eitt hold? — 6 Þannig eru þau ekki framar tvö, heldur eitt hold. Það sem Guð því hefir tengt saman, má eigi maður sundur skilja. 7 Þeir segja við hann: Hvers vegna bauð þá Móse að gefa skilnaðarskrá og skilja við hana? 8 Hann segir við þá: Vegna harðúðar hjartna yðar leyfði Móse yður að skilja við konur yðar. En

frá upphafi hefir þetta eigi verið þannig. 9 En eg segi yður, að hver sem skilur
við konu sína nema fyrir hórdóms sakir, og gengur að eiga aðra, hann drýgir
hór; og hver sem gengur að eiga fráskilda konu, drýgir hór. 10 Lærisveinarnir
segja við hann: Ef svo er farið málefni mannsins gagnvart konunni, þá er
ekki gott að kvænast. 11 En hann sagði við þá: Eigi fá allir höndlað þetta,
heldur þeir sem það er gefið. 12 Því að til eru þeir geldingar, sem svo eru
fæddir frá móðurkviði; og til eru þeir geldingar, sem geltir hafa verið af
mönnum, og til eru þeir geldingar, sem hafa gelt sjálfa sig vegna ríkis
himnanna. Sá höndli þetta, er höndlað getur. 13 Þá voru færð til hans börn, til
þess að hann skyldi leggja hendur yfir þau og biðja; en lærisveinarnir ávítuðu
þá. 14 En Jesús sagði: Leyfið börnunum, og bannið þeim eigi, að koma til
mín, því að slíkra er ríki himnanna. 15 Og hann lagði hendur yfir þau og fór
burt þaðan. 16 Og sjá, maður nokkur kom til hans og sagði: Meistari, hvað
gott á eg að gjöra, til þess að eg eignist eilíft líf? 17 En hann sagði við hann:
Hví spyr þú mig um hið góða? Einn er sá, sem góður er. En ef þú vilt inn
ganga til lífsins, þá hald boðorðin. 18 Hann segir við hann: Hver? En Jesús
segir: Þetta: Þú skalt eigi morð fremja, þú skalt eigi drýgja hór, þú skalt eigi
stela, þú skalt eigi bera ljúgvitni; 19 heiðra föður þinn og móður, og: Þú skalt
elska náungann eins og sjálfan þig. 20 Hinn ungi maður segir við hann: Alls
þessa hefi eg gætt; hvers er mér enn vant? 21 Jesús sagði við hann: Ef þú vilt
vera algjör, þá far, sel eigur þínar og gef fátækum, og þú munt eiga fjársjóð á
himni; og kom síðan og fylg mér. 22 En er hinn ungi maður heyrði þetta, fór
hann burt hryggur; því að hann átti miklar eignir. 23 En Jesús sagði við
lærisveina sína: Sannlega segi eg yður: torveldlega mun ríkur maður ganga
inn í ríki himnanna. 24 Og aftur segi eg yður: auðveldara er fyrir úlfalda að
ganga gegnum nálarauga en fyrir ríkan mann að ganga inn í guðsríkið. 25 En
er lærisveinarnir heyrðu þetta, urðu þeir mjög forviða og sögðu: Hver getur
þá orðið hólpinn? 26 En Jesús leit til þeirra og sagði við þá: Fyrir mönnum er
þetta ómögulegt, en fyrir Guði eru allir hlutir mögulegir. 27 Þá svaraði Pétur
og sagði við hann: Sjá, vér höfum yfirgefið alt og fylgt þér; hvað munum vér
þá öðlast? 28 En Jesús sagði við þá: Sannlega segi eg yður, að þér, sem hafið
fylgt mér, munuð í endurfæðingunni, þá er mannsins sonur situr í hásæti
dýrðar sinnar, einnig sitja í tólf hásætum og dæma tólf ættkvíslir Ísraels; 29
og hver, sem yfirgefið hefir hús eða bræður eða systur eða föður eða móður

eða börn eða akra, sakir nafns míns, mun fá hundraðfalt og erfa eilíft líf. 30 En margir þeir, er fyrstir eru, skulu verða síðastir, og síðastir fyrstir.

20. kafli

1 Því að ríki himnanna er líkt húsráðanda einum, er gekk út árla dags, til þess að leigja verkamenn í víngarð sinn. 2 En er hann hafði samið við verkamennina um denar á dag, sendi hann þá í víngarð sinn. 3 Og hann gekk út um þriðju stundu, og sá aðra standa á torginu iðjulausa 4 og sagði við þá: Farið þér einnig í víngarðinn, og mun eg gefa yður það, sem réttlátt er. Og þeir fóru. 5 Enn gekk hann út um séttu og níundu stundu, og gjörði á sömu leið. 6 En er hann gekk út um elleftu stundu, fann hann aðra standandi og segir við þá: Hví standið þér hér allan daginn iðjulausir? 7 Þeir segja við hann: Af því að enginn hefir leigt oss. Hann segir við þá: Farið þér einnig í víngarðinn. 8 En er kveld var komið, segir herra víngarðsins við verkstjóra sinn: Kalla þú á verkamennina og gjald þeim launin, og byrja á hinum síðustu og enda á hinum fyrstu. 9 Og þeir komu, sem leigðir voru um elleftu stundu, og fengu sinn denarinn hver. 10 Og er hinir fyrstu komu, hugðu þeir, að þeir mundu fá meira, og þeir fengu einnig sinn denarinn hver. 11 En er þeir höfðu tekið við honum, mögluðu þeir gegn húsbóndanum og sögðu: 12 Þessir hinir síðustu hafa unnið eina stund, og þú hefir gjört þá jafna oss, er borið höfum þunga dagsins og hita. 13 En hann svaraði og sagði við einn þeirra: Vinur, ekki gjöri eg þér rangt til. Varstu eigi ásáttur við mig um einn denar? 14 Tak þú þitt og haf þig á braut. En eg vil gefa þessum síðasta eins og þér. 15 Leyfist mér eigi að gjöra það sem eg vil með eigum mínum? Eða er auga þitt ilt, af því að eg er góður? 16 Þannig munu hinir síðustu verða fyrstir og hinir fyrstu síðastir. 17 Og er Jesús fór upp til Jerúsalem, tók hann þá tólf lærisveina afsíðis og sagði við þá á leiðinni: 18 Sjá, vér förum upp til Jerúsalem, og mannsins sonur mun framseldur verða æðstu prestunum og fræðimönnunum, og þeir munu dæma hann til dauða 19 og framselja hann heiðingjunum, til þess að hæða hann, húðstrýkja og krossfesta; og á þriðja degi mun hann upp rísa. 20 Þá kom til hans móðir þeirra Sebedeussona ásamt sonum sínum, laut honum og beiddist nokkurs af honum. 21 En hann sagði við hana: Hvað vilt þú? Hún segir við hann: Seg þú, að þessir tveir synir

mínir skuli sitja annar til hægri handar þér og hinn til vinstri handar þér í ríki þínu. 22 En Jesús svaraði og sagði: Þið vitið eigi hvers þið biðjið. Getið þið drukkið bikarinn, sem eg á að drekka? Þeir segja við hann: Það getum við. 23 Hann segir við þá: Þið skuluð drekka bikar minn; en að sitja mér til hægri handar og vinstri handar, þetta er eigi mitt að veita, heldur veitist það þeim, sem það er fyrirbúið af föður mínum. 24 Og er hinir tíu heyrðu þetta, gramdist þeim við þá tvo bræður. 25 En Jesús kallaði þá til sín og sagði: Þér vitið, að þeir sem ríkja yfir þjóðunum, drotna yfir þeim, og höfðingjarnir láta þá kenna á valdi sínu; 26 en eigi sé því svo farið yðar á meðal, en sérhver sá, er vill verða mikill yðar á meðal, hann skal vera þjónn yðar; 27 og sérhver sá, er vill yðar á meðal vera fremstur, hann skal vera þræll yðar; 28 eins og mannsins sonur er eigi kominn til þess að láta þjóna sér, heldur til þess að þjóna og til þess að gefa líf sitt til lausnargjalds fyrir marga. 29 Og er þeir fóru út frá Jeríkó, fylgdi honum mikill mannfjöldi. 30 Og sjá, tveir menn blindir sátu við veginn, og er þeir heyrðu, að Jesús færi þar um, hrópuðu þeir og sögðu: Herra, miskunna þú okkur, Davíðs sonur! 31 En fólkið hastaði á þá, til þess að þeir skyldu þegja, en þeir hrópuðu því meir og sögðu: Herra, miskunna þú okkur, Davíðs sonur! 32 Og Jesús nam staðar, kallaði á þá og sagði: Hvað viljið þið, að eg gjöri fyrir ykkur? 33 Þeir segja við hann: Herra, það, að augu okkar opnist. 34 En Jesús kendi í brjósti um þá og snart augu þeirra, og jafnskjótt fengu þeir aftur sjónina og fylgdu honum eftir.

21. kafli

1 Og er þeir nálguðust Jerúsalem og komu til Betfage, til Olíufjallsins, þá sendi Jesús tvo lærisveina og sagði við þá: 2 Gangið þið inn í þorpið, sem gegnt ykkur er, og jafnskjótt munuð þið finna ösnu bundna og fola hjá henni; leysið hana og færið mér. 3 Og segi einhver nokkuð við ykkur, þá segið: Herrann þarf þeirra við; en hann mun þá jafnskjótt senda þau. 4 En þetta varð, til þess að rættist það, sem talað er fyrir spámanninn, er segir: 5 Segið dótturinni Síon: Sjá, konungur þinn kemur til þín hógvær og ríðandi á asna, og á fola, afkvæmi áburðargrips. 6 En lærisveinarnir fóru og gjörðu eins og Jesús hafði boðið þeim, 7 komu með ösnuna og folann, og lögðu klæði sín á þau, og hann settist á þau ofan. 8 En allur þorri mannfjöldans breiddi

yfirhafnir sínar á veginn, en aðrir hjuggu lim af trjánum og stráðu á veginn. **9** En mannfjöldinn, þeir sem fóru á undan honum og þeir sem fylgdu á eftir, hrópuðu og sögðu: Hósanna syni Davíðs! Blessaður sé sá, er kemur í nafni Drottins! Hósanna í hæstum hæðum! **10** Og er hann kom inn í Jerúsalem, komst öll borgin í uppnám og sagði: Hver er þessi? **11** En mannfjöldinn sagði: Það er spámaðurinn Jesús frá Nazaret í Galíleu. **12** Og Jesús gekk inn í helgidóm Guðs og rak út alla, er seldu og keyptu í helgidóminum, og hratt um borðum víxlaranna og stólum dúfnasalanna **13** og segir við þá: Ritað er: Hús mitt á að nefnast bænahús, en þér gjörið það að ræningjabæli. **14** Og blindir og haltir gengu til hans í helgidóminum, og hann læknaði þá. **15** En er æðstu prestarnir og fræðimennirnir sáu dásemdarverkin, sem hann gjörði, og börnin, sem hrópuðu í helgidóminum og sögðu: Hósanna syni Davíðs! — þá gramdist þeim og þeir sögðu við hann: **16** Heyrir þú hvað þessir segja? En Jesús segir við þá: Já, hafið þér aldrei lesið þetta: Af munni ungbarna og brjóstmylkinga hefir þú tilbúið þér lof? **17** Og hann yfirgaf þá og fór út úr borginni, út til Betaníu og gisti þar. **18** En er hann árla dags gekk aftur til borgarinnar, kendi hann hungurs. **19** Og er hann sá fíkjutré eitt við veginn, gekk hann að því og fann ekkert á því nema tóm lauf, og hann segir við það: Aldrei komi framar ávöxtur af þér að eilífu! Og þegar í stað visnaði fíkjutréð. **20** Og er lærisveinarnir sáu það, undruðust þeir og sögðu: Hversu gat fíkjutréð visnað svo fljótt? **21** En Jesús svaraði og sagði við þá: Sannlega segi eg yður, ef þér hafið trú, og efist eigi, munuð þér eigi aðeins geta gjört það, er fram kom við fíkjutréð, heldur jafnvel þótt þér segðuð við fjall þetta: Lyftist þú upp og steypist þú í hafið, — þá mundi það verða. **22** Og sérhvað það, er þér beiðist í bæninni og eruð trúaðir, munuð þér öðlast. **23** Og er hann var kominn inn í helgidóminn, komu æðstu prestarnir og öldungar lýðsins til hans, er hann var að kenna, og sögðu: Með hvaða valdi gjörir þú þetta? Og hver hefir gefið þér þetta vald? **24** En Jesús svaraði og sagði við þá: Eg vil líka leggja fyrir yður eina spurningu, og ef þér segið mér það, mun eg einnig segja yður, með hvaða valdi eg gjöri þetta. **25** Hvaðan var skírn Jóhannesar? Frá himnum eða frá mönnum? En þeir hugsuðu og sögðu með sjálfum sér: Ef vér segjum: Frá himnum, mun hann segja við oss: Hví trúðuð þér honum þá eigi? **26** En ef vér segjum: Frá mönnum, megum vér óttast lýðinn, því að allir halda Jóhannes fyrir spámann. **27** Og þeir svöruðu Jesú og sögðu: Vér

vitum það ekki. Þá sagði hann og við þá: Þá segi eg yður eigi heldur, með hvaða valdi eg gjöri þetta. **28** En hvað virðist yður? Maður nokkur átti tvo sonu; og hann gekk til hins fyrra og sagði: Sonur, far þú, vinn í dag í víngarðinum. **29** En hann svaraði og sagði: Nei, eg vil ekki; en eftir á sá hann sig um hönd og fór. **30** Og hann gekk til hins síðara og mælti á sömu leið. En hann svaraði og sagði: Já, herra, en fór hvergi. **31** Hvor þeirra tveggja gjörði vilja föðurins? Þeir segja: Hinn fyrri. Jesús segir við þá: Sannlega segi ég yður, að tollheimtumenn og skækjur munu ganga á undan yður inn í guðsríkið, **32** því að Jóhannes kom til yðar á vegi réttlætisins, og þér trúðuð honum eigi, en tollheimtumennirnir og skækjurnar trúðu honum; en þótt þér sæjuð það, sáuð þér yður eigi að heldur um hönd eflir á, svo að þér tryðuð honum. **33** Heyrið aðra dæmisögu: Húsráðandi nokkur plantaði víngarð og hlóð garð um hann, og gróf fyrir vínþröng í honum og bygði turn, og seldi hann á leigu víngarðsmönnum og fór úr landi. **34** En er ávaxtatíminn nálgaðist, sendi hann þjóna sína til víngarðsmannanna, að taka við ávöxtunum af honum. **35** Og víngarðsmennirnir tóku þjóna hans, einn börðu þeir, og einn drápu þeir, og einn grýttu þeir. **36** Enn sendi hann aðra þjóna, fleiri en hina fyrri; og þeir fóru með þá á sömu leið. **37** En síðast sendi hann til þeirra son sinn og sagði: Þeir munu bera virðingu fyrir syni mínum. **38** En er víngarðsmennirnir sáu soninn, sögðu þeir sín á milli: Þetta er erfinginn, förum nú til og drepum hann og höldum arfi hans. **39** Og þeir tóku hann, köstuðu honum út fyrir víngarðinn og drápu hann. **40** Þegar nú herra víngarðsins kemur, hvað mun hann gjöra við þessa víngarðsmenn. **41** Þeir segja við hann: Illmennum þeim mun hann herfilega fyrirfara og víngarðinn mun hann selja öðrum víngarðsmönnum á leigu, þeim er gjalda honum ávöxtuna í réttan tíma. **42** Jesús segir við þá: Hafið þér aldrei lesið í ritningunum: Steininn, sem smiðirnir höfnuðu, sá hinn sami er orðinn að hyrningarsteini. Þetta stafaði frá drotni og er undursamlegt fyrir augum vorum? **43** Fyrir því segi ég yður, að guðsríkið mun frá yður tekið verða og gefið þeirri þjóð, sem ber ávöxtu þess. **44** Og hver sem fellur á stein þennan, mun sundurmolast, en þann sem hann fellur yfir, mun hann sundur merja. **45** Og er æðstu prestarnir og Farísearnir heyrðu líkingar hans, skildu þeir, að hann talaði um þá. **46** Og þeir vildu taka hann höndum, en óttuðust fólkið, með því að þeir héldu hann fyrir spámann.

22. kafli

1 Og Jesús tók til máls og talaði aftur við þá í dæmisögum á þessa leið: 2 Líkt
er ríki himnanna konungi nokkurum, er gjörði brúðkaup sonar síns, 3 og
sendi út þjóna sína, að kalla boðsgestina til brúðkaupsins. Og þeir vildu ekki
koma. 4 Aftur sendi hann út aðra þjóna og mælti: Segið boðsgestunum: Sjá,
máltíð mína hefi eg tilbúið; uxum mínum og alifé er slátrað, og alt er
reiðubúið; komið til brúðkaupsins. 5 En þeir skeyttu því eigi og fóru burt,
einn á búgarð sinn, annar til kaupskapar síns, 6 en hinir tóku þjóna hans,
smánuðu þá og drápu. 7 En konungurinn varð reiður, sendi herlið sitt út og
fyrirfór morðingjum þessum og brendi upp borg þeirra. 8 Síðan segir hann
við þjóna sína: Brúðkaupið er reiðubúið, en boðsgestirnir voru ekki verðugir;
9 farið því út á vegamót og bjóðið öllum þeim, er þér finnið, til brúðkaupsins.
10 Og þjónar þessir gengu út á vegina og söfnuðu saman öllum, er þeir fundu,
bæði vondum og góðum; og brúðkaupssalurinn varð fullur af boðsgestum. 11
En er konungurinn kom inn, til að sjá gestina, leit hann þar mann, er eigi var
klæddur brúðkaupsklæðum. 12 Og hann segir við hann: Vinur, hvernig ert þú
kominn hingað inn og hefir eigi brúðkaupsklæði? En hann þagði. 13
Konungurinn sagði þá við þjónana: Bindið fætur hans og hendur, og kastið
honum út í myrkrið fyrir utan; þar mun vera grátur og gnístran tanna. 14 Því
að margir eru kallaðir, en fáir útvaldir. 15 Þá gengu Farísearnir burt og báru
saman ráð sín um, hvernig þeir gætu flækt hann í orði. 16 Og þeir senda til
hans lærisveina sína, ásamt Heródesar-sinnum, er segja: Meistari, vér vitum,
að þú ert sannorður og kennir Guðs veg í sannleika, og eigi hirðir þú um
neinn, því að ekki fer þú að mannvirðingum. 17 Seg oss því, hvað virðist þér?
Leyfist að gjalda keisaranum skatt, eða ekki? 18 En Jesús þekti ilsku þeirra og
sagði: Hví freistið þér mín, hræsnarar? 19 Sýnið mér skattpeninginn. En þeir
færðu honum denar. 20 Og hann segir við þá: Hvers mynd og yfirskrift er
þetta? 21 Þeir segja við hann: Keisarans. Þá segir hann við þá: Gjaldið þá
keisaranum það sem keisarans er, og Guði það sem Guðs er. 22 Og er þeir
heyrðu þetta, undruðust þeir, og þeir yfirgáfu hann og gengu burt. 23 Á þeim
degi gengu til hans Saddúkear, þeir er segja, að eigi sé til upprisa, og þeir
spurðu hann og sögðu: 24 Meistari, Móse sagði: Deyi maður barnlaus, þá skal
bróðir hans ganga að eiga konu hans og gefa bróður sínum afkvæmi. 25 Nú

voru hjá oss sjö bræður. Og hinn fyrsti kvæntist og dó, og með því að hann var barnlaus, eftirlét hann bróður sínum konu sína. 26 Eins hinn annar og hinn þriðji og loks allir sjö. 27 Síðust allra dó konan. 28 Kona hvers þeirra sjö verður hún nú í upprisunni? Því að allir áttu þeir hana. 29 En Jesús svaraði og sagði við þá: Þér villist, þar eð þér þekkið eigi ritningarnar né mátt Guðs, 30 því að í upprisunni munu menn hvorki kvænast né giftast, heldur eru þeir eins og englar á himni. 31 En að því er snertir upprisu framliðinna, — hafið þér eigi lesið það, sem talað er af Guði til yðar, er hann segir: 32 Eg er Guð Abrahams, og Guð Ísaks, og Guð Jakobs? Ekki er hann Guð dauðra, heldur lifenda. 33 Og er mannfjöldinn heyrði þetta, undruðust þeir kenningu hans. 34 En er Farísearnir heyrðu, að hann hefði gjört Saddúkeana orðlausa, komu þeir saman; 35 og einn af þeim, lögvitringur, freistaði hans og spurði: 36 Meistari, hvert er hið mikla boðorð í lögmálinu? 37 En hann sagði við hann: Þú skalt elska Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta þínu, og af allri sálu þinni, og af öllum huga þínum. 38 Þetta er hið mikla og fyrsta boðorð. 39 En hið annað er líkt, þetta: Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig. 40 Á þessum tveimur boðorðum byggist alt lögmálið og spámennirnir. 41 En er Farísearnir voru saman komnir, spurði Jesús þá og sagði: 42 Hvað virðist yður um Krist? Hvers son er hann? Þeir segja við hann: Davíðs. 43 Hann segir við þá: Hvernig kallar þá Davíð af andanum hann Drottin, er hann segir: 44 Drottinn sagði við minn Drottin: Set þig mér til hægri handar, þangað til eg legg óvini þína undir fætur þér? 45 Ef nú Davíð kallar hann Drottin, hvernig er hann þá sonur hans? 46 Og enginn gat svarað honum orði, og eigi dirfðist heldur neinn upp frá þeim degi framar að spyrja hann nokkurs.

23. kafli

1 Þá talaði Jesús til mannfjöldans og lærisveina sinna og sagði: 2 Á stóli Móse sitja fræðimennirnir og Farísearnir; 3 alt, sem þeir segja yður, skuluð þér því gjöra og halda, en eftir verkum þeirra skuluð þér eigi breyta; því að þeir segja það, en gjöra það eigi. 4 Og þeir binda þungar byrðar og lítt bærar, og leggja mönnum þær á herðar, en sjálfir vilja þeir ekki snerta þær með fingri sínum. 5 En öll sín verk gjöra þeir, til þess að sýnast fyrir mönnum, því að þeir gjöra minnisborða sína breiða og stækka skúfana. 6 Og þeir hafa mætur á

helsta sætinu í veislunum og efstu sætunum í samkundunum **7** og að láta heilsa sér á torgum, og að vera nefndir »rabbí« af mönnum. **8** En þér skuluð eigi láta kalla yður »rabbí«, því að einn er yðar meistari; en þér allir eruð bræður. **9** Og þér skuluð eigi kalla neinn föður yðar á jörðunni; því að einn er faðir yðar, hann sem er á himnum. **10** Eigi skuluð þér heldur láta yður leiðtoga kalla; því að einn er leiðtogi yðar, Kristur. **11** Sá sem er yðar mestur, skal vera þjónn yðar. **12** En hver sá er upp hefur sjálfan sig, mun niðurlægjast, og hver sá er niðurlægir sjálfan sig, mun upp hafinn verða. **13** En vei yður, fræðimenn og Farísear, þér hræsnarar, að þér lokið ríki himnanna fyrir mönnunum; því að þér gangið þar eigi inn, og leyfið eigi heldur þeim, er vilja ganga inn, inn að komast. **14** Vei yður, fræðimenn og farísear, hræsnarar, því að þér etið upp hús ekkna og flytjið langar bænir að yfirskini; fyrir það munuð þér fá því þyngri dóm. † **15** Vei yður, fræðimenn og Farísear, þér hræsnarar, því að þér farið um láð og lög, til þess að ávinna einn trúskifting, og þegar hann er orðinn það, gjörið þér hann að hálfu meira Gehenna-barni en þér sjálfir eruð. **16** Vei yður, blindir leiðtogar, er segið: Hver sem sver við musterið, það er markleysa; en hver sem sver við musteris-gullið, hann er skuldbundinn. **17** Þér heimskir og blindir, því að hvort er meira: gullið eða musterið, sem helgar gullið? **18** Og: Hver sem sver við altarið, það er markleysa, en hver sem sver við fórnargjöfina, sem á því er, hann er skuldbundinn. **19** Þér blindir, því að hvort er meira: fórnargjöfin eða altarið, sem helgar fórnargjöfina? **20** Hver sem því sver við altarið, hann sver við það og við alt, sem á því er. **21** Og hver sem sver við musterið, hann sver við það og við hann, sem í því býr. **22** Og hver sem sver við himininn, hann sver við hásæti Guðs og við hann, sem í því situr. **23** Vei yður, fræðimenn og Farísear, þér hræsnarar, sem gjaldið tíund af myntu, anís og kúmeni, og skeytið eigi um það, sem mikilvægara er í lögmálinu: réttvísina og miskunnsemina og trúmenskuna. En þetta bar að gjöra og hitt eigi ógjört að láta. **24** Þér blindir leiðtogar, sem síið mýfluguna, en svelgið úlfaldann! **25** Vei yður, fræðimenn og Farísear, þér hræsnarar, því að þér hreinsið bikarinn og diskinn að utan, en að innan eru þeir fullir ráns og ofneyslu. **26** Þú blindi Farísei, hreinsaðu fyrst bikarinn og diskinn að innan, til þess að hann verði og hreinn að utan. **27** Vei yður, fræðimenn og Farísear, þér hræsnarar, því að þér líkist kölkuðum gröfum, sem að utan líta fagurlega út, en eru að innan

fullar af dauðra manna beinum og hvers konar óhreinindum. 28 Þannig sýnist
þér og hið ytra réttlátir fyrir mönnum, en hið innra eruð þér fullir hræsni og
rangsleitni. 29 Vei yður, fræðimenn og Farísear, þér hræsnarar, því að þér
byggið upp legstaði spámannanna og skreytið leiði hinna réttlátu og segið: 30
Ef vér hefðum lifað á dögum feðra vorra, hefðum vér eigi verið
samlagsmenn þeirra um blóð spámannanna. 31 Þannig berið þér þá sjálfum
yður vitni, að þér séuð synir þeirra, er drápu spámennina. 32 Fyllið þá og
mæli feðra yðar. 33 Þér höggormar, þér nöðru-afkvæmi, hvernig ættuð þér að
geta umflúið dóm Gehenna? 34 Þess vegna sjá, eg sendi til yðar spámenn og
spekinga og fræðimenn; nokkura þeirra munuð þér lífláta og krossfesta, og
nokkura þeirra munuð þér húðstrýkja í samkundum yðar og ofsækja frá einni
borg til annarrar; 35 til þess að yfir yður komi alt réttlátt blóð, sem úthelt hefir
verið á jörðunni, frá blóði Abels hins réttláta alt til blóðs Sakaría
Barakíasonar, sem þér drápuð á milli musterisins og altarisins. 36 Sannlega
segi eg yður: alt mun þetta koma yfir þessa kynslóð. 37 Jerúsalem, Jerúsalem,
þú sem líflætur spámennina og grýtir þá, sem sendir eru til þín, hversu oft
hefi eg viljað saman safna börnum þínum, eins og þegar hæna safnar ungum
sínum undir vængi sér; og þér vilduð það ekki. 38 Sjá, hús yðar skal yður í
eyði eftir skilið verða. 39 Því að eg segi yður: þér munuð alls eigi sjá mig
héðan af, þangað til þér segið: Blessaður sé sá, er kemur í nafni Drottins.

24. kafli

1 Og Jesús gekk út úr helgidóminum og fór burt; og lærisveinar hans gengu
til hans, til þess að sýna honum byggingar helgidómsins. 2 En hann tók til
máls og sagði við þá: Sjáið þér ekki alt þetta? Sannlega segi eg yður, eigi
mun hér verða skilinn eftir steinn yfir steini, er ekki mun verða rifinn niður. 3
En er hann sat á Olíufjallinu, gengu lærisveinarnir til hans og sögðu einslega:
Seg þú oss, hve nær mun þetta verða, og hvert er tákn tilkomu þinnar og
enda veraldar? 4 Og Jesús svaraði og sagði við þá: Sjáið til, að enginn leiði
yður í villu; 5 því að margir munu koma í mínu nafni og segja: Eg er Kristur,
og marga munu þeir leiða í villu. 6 En þér munuð heyra hernað og
hernaðartíðindi. Gefið gætur, að þér skelfist eigi; því að það hlýtur að koma
fram, en eigi er enn kominn endirinn. 7 Því að þjóð mun rísa upp gegn þjóð

og konungsríki gegn konungsríki. Bæði mun verða hungursneyð og landskjálftar á ýmsum stöðum. 8 En alt þetta er upphaf hörmunganna. 9 Þá munu menn framselja yður til þrengingar og menn munu lífláta yður, og þér munuð verða hataðir af öllum þjóðum vegna nafns míns. 10 Og þá munu margir hneykslast og framselja hverjir aðra og hata hverjir aðra. 11 Og margir falsspámenn munu rísa upp og leiða marga í villu; 12 og vegna þess að ranglætið magnast, mun kærleikur alls þorra manna kólna, 13 en sá, sem stöðugur stendur alt til enda, hann mun hólpinn verða. 14 Og þetta fagnaðarerindi ríkisins mun prédikað verða um alla heimsbygðina, til vitnisburðar öllum þjóðum; og þá mun endirinn koma. 15 Þegar þér því sjáið viðurstygð eyðingarinnar, sem talað er um fyrir Daníel spámann, standandi á helgum stað, — lesarinn athugi það — 16 þá flýi þeir, sem eru í Júdeu, upp á fjöllin. 17 Sá, sem er uppi á þakinu, fari ekki ofan, til þess að sækja það sem er í húsi hans; 18 og sá, sem er á akrinum, snúi eigi aftur, til þess að taka yfirhöfn sína. 19 En vei þeim sem þungaðar eru, og þeim, sem börn hafa á brjósti, á þeim dögum; 20 en biðjið að flótti yðar verði ekki um vetur né á hvíldardegi, 21 því að þá mun verða svo mikil þrenging, að engin hefir þvílík verið frá upphafi veraldar alt til þessa, né heldur mun verða. 22 Og ef dagar þessir yrðu ekki styttir, kæmist ekkert hold af; en sakir hinna útvöldu munu þessir dagar verða styttir. 23 Ef einhver þá segir við yður: Sjá, hér er Kristur, eða hér, þá trúið eigi. 24 Því að upp munu rísa falskristar og falsspámenn og þeir munu gjöra stór teikn og undur, til þess að leiða í villu, ef verða mætti, jafnvel útvalda. 25 Sjá, eg hefi sagt yður það fyrir. 26 Ef þeir því segja við yður: Sjá, hann er í óbygðinni, — þá farið eigi út þangað; sjá, hann er í herbergjunum, — þá trúið eigi. 27 Því að eins og eldingin gengur út frá austri og sést alt til vesturs, þannig mun verða tilkoma mannsins sonar. 28 Hvar sem hræið er, þar munu ernirnir safnast. 29 En þegar eftir þrengingu þessara daga mun sólin sortna og tunglið eigi gefa skin sitt, og stjörnurnar munu hrapa af himni og kraftar himnanna munu bifast. 30 Og þá mun tákn mannsins sonar sjást á himninum; og þá munu allar kynkvíslir jarðarinnar kveina, og þær munu sjá mannsins son komandi á skýjum himins með mætti og mikilli dýrð. 31 Og hann mun senda út engla sína með hljómsterkum lúðri, og þeir munu safna saman hans útvöldum frá áttunum fjórum, himinsendanna á milli. 32 En nemið líkinguna af fíkjutrénu: Þegar greinin á því er orðin mjúk og fer að

skjóta út laufum, þá vitið þér að sumarið er í nánd. 33 Þannig skuluð þér og vita, að þegar þér sjáið alt þetta, þá er hann í nánd, fyrir dyrum. 34 Sannlega segi eg yður, þessi kynslóð mun eigi líða undir lok, uns þetta alt kemur fram. 35 Himinn og jörð munu líða undir lok, en orð mín munu alls eigi undir lok líða. 36 En um þennan dag og stund veit enginn, ekki einu sinni englarnir á himnum, né sonurinn, heldur aðeins faðirinn einn. 37 En eins og á dögum Nóa, þannig mun verða tilkoma mannsins sonar; 38 því að eins og menn á þeim dögum, dögunum á undan flóðinu, átu og drukku, kvæntust og giftu, alt til þess dags, er Nói gekk inn í örkina, 39 og vissu eigi af fyr en flóðið kom og tók þá alla, — þannig mun verða tilkoma mannsins sonar. 40 Þá munu tveir vera á akri; annar er tekinn og hinn skilinn eftir. 41 Tvær munu mala í kvörn; önnur er tekin og hin skilin eftir. 42 Vakið því, þar eð þér vitið eigi hvaða dag húsbóndi yðar kemur. 43 En það vitið þér, að ef húsráðandinn hefði vitað, á hvaða næturvöku þjófurinn kæmi, þá hefði hann vakað og eigi látið brjótast inn í hús sitt. 44 Fyrir því skuluð einnig þér vera viðbúnir, því að mannsins sonur kemur á þeirri stundu, sem þér eigi ætlið. 45 Hver er þá hinn trúi og hygni þjónn, sem húsbóndinn hefir sett yfir hjú sín, til þess að gefa þeim fæðuna á réttum tíma? 46 Sæll er sá þjónn, sem húsbóndi hans finnur breyta þannig, er hann kemur. 47 Sannlega segi eg yður, að hann mun setja hann yfir allar eigur sínar. 48 En ef hinn illi þjónn segir í hjarta sínu: Húsbónda mínum dvelst, — 49 og hann tekur að berja á samþjónum sínum, en etur og drekkur með svöllurum, 50 þá mun húsbóndi þessa þjóns koma á þeim degi, sem hann væntir hans ekki, og á stundu, sem hann eigi veit af, 51 og höggva hann sundur og láta hann fá hlutskifti með hræsnurum; þar mun vera grátur og gnístran tanna.

25. kafli

1 Þá má líkja ríki himnanna við tíu meyjar, er tóku lampa sína og fóru út til móts við brúðgumann. 2 En fimm þeirra voru fávísar og fimm hygnar; 3 því að hinar fávísu tóku lampa sína, en tóku ekki olíu með sér. 4 En hinar hygnu tóku ásamt lömpum sínum olíu í kerum sínum. 5 En er brúðgumanum dvaldist, syfjaði þær allar og þær sofnuðu. 6 En um miðnætti var kallað: Sjá, brúðguminn kemur, gangið út til móts við hann. 7 Þá vöknuðu þær meyjarnar

allar og bjuggu lampa sína. 8 En hinar fávísu sögðu við hinar hygnu: Gefið oss af olíu yðar, því að það sloknar á lömpum vorum. 9 En hinar hygnu svöruðu og sögðu: Engan veginn; það verður ekki nóg bæði handa oss og yður; farið heldur til kaupmannanna og kaupið handa sjálfum yður. 10 En er þær voru farnar burt, til að kaupa, kom brúðguminn; og þær, sem viðbúnar voru, gengu með honum inn til brúðkaupsins, og dyrunum var lokað. 11 En síðar komu og hinar meyjarnar og sögðu: Herra, herra, ljúk upp fyrir oss. 12 En hann svaraði og sagði: Sannlega segi eg yður, eg þekki yður eigi. 13 Vakið því, þar eð þér vitið eigi daginn né stundina. 14 Því að hér er eins ástatt og fyrir manni nokkurum, er var að leggja á stað í utanför, og kallaði til sín þjóna sína og seldi þeim í hendur eigur sínar. 15 Og einum fékk hann fimm talentur, en öðrum tvær og hinum þriðja eina, hverjum fyrir sig eftir kröftum hans, og fór úr landi. 16 Þegar í stað fór sá, er fengið hafði fimm talenturnar, vers1aði með þær og græddi aðrar fimm talentur. 17 Sömuleiðis græddi og sá, er tvær fékk, aðrar tvær. 18 En sá, er eina hafði fengið, fór og gjörði gryfju í jörðina og faldi fé húsbónda síns. 19 En eftir langan tíma liðinn kemur húsbóndi þjóna þessara og gjörir reikning við þá. 20 Og sá, er tekið hafði við fimm talentum, kom til hans og færði honum aðrar fimm talentur og sagði: Herra, fimm talentur seldir þú mér í hendur, sjá, eg hefi grætt aðrar fimm talentur. 21 Húsbóndi hans sagði við hann: Gott, þú góði og trúi þjónn; yfir litlu varstu trúr, yfir mikið mun eg setja þig. Gakk inn til fagnaðar herra þíns. 22 Þá kom og sá með tvær talenturnar og mælti: Herra, tvær talentur seldir þú mér í hendur, sjá, aðrar tvær talentur hefi eg grætt. 23 Húsbóndi hans sagði við hann: Gott, þú góði og trúi þjónn; yfir litlu varst þú trúr, yfir mikið mun eg setja þig. Gakk inn til fagnaðar herra þíns. 24 Þá kom og sá, er tekið hafði við einni talentu, og sagði: Herra, eg þekti þig, að þú ert maður harður, sem uppsker, þar sem þú sáðir ekki, og safnar saman, þar sem þú stráðir ekki; 25 og eg var hræddur, fór því burt og gróf talentu þína í jörðu; sjá, hér hefir þú þitt. 26 En húsbóndi hans svaraði og sagði við hann: Þú illi og lati þjónn, þú vissir, að eg uppsker, þar sem eg sáði ekki, og safna saman, þar sem eg stráði ekki; 27 þér bar því að selja fé mitt í hendur víxlurum; þá hefði eg fengið mitt aftur með vöxtum, er eg kom heim. 28 Takið því af honum talentuna og fáið þeim, er hefir tíu talenturnar; 29 því að sérhverjum, sem hefir, mun verða gefið, og mun hann hafa gnægð; en frá þeim, sem eigi hefir, mun jafnvel

það, sem hann hefir, tekið verða. 30 Og kastið hinum ónýta þjóni út í myrkrið fyrir utan. Þar mun vera grátur og gnístran tanna. 31 En er mannsins sonur kemur í dýrð sinni og allir englarnir með honum, þá mun hann sitja í hásæti dýrðar sinnar, 32 og allar þjóðirnar munu safnast saman frammi fyrir honum, og hann mun skilja þá hverja frá öðrum, eins og hirðirinn skilur sauðina frá höfrunum, 33 og hann mun skipa sauðunum sér til hægri handar og höfrunum sér til vinstri handar. 34 Þá mun konungurinn segja við þá til hægri handar: Komið, þér hinir blessuðu föður míns, og takið að erfð ríkið, sem yður var fyrirbúið frá grundvöllun veraldar; 35 því að hungraður var eg, og þér gáfuð mér að eta; þyrstur var eg, og þér gáfuð mér að drekka; gestur var eg, og þér hýstuð mig; 36 nakinn, og þér klædduð mig; sjúkur var eg, og þér vitjuðuð mín; í fangelsi var eg, og þér komuð til mín. 37 Þá munu hinir réttlátu svara honum og segja: Herra, hve nær sáum vér þig hungraðan, og fæddum þig, eða þyrstan, og gáfum þér að drekka? 38 Og hve nær sáum vér þig gest, og hýstum þig, eða nakinn, og klæddum þig? 39 Og hve nær sáum vér þig sjúkan eða í fangelsi, og komum til þín? 40 Og konungurinn mun svara og segja við þá: Sannlega segi eg yður, svo framarlega sem þér hafið gjört þetta einum þessara bræðra minna, sem minstir eru, þá hafið þér gjört mér það. 41 Þá mun hann og segja við þá til vinstri handar: Farið frá mér, þér bölvaðir, í eilífa eldinn, sem fyrirbúinn er djöflinum og englum hans. 42 Því að eg var hungraður, og þér gáfuð mér ekki að eta; eg var þyrstur, og þér gáfuð mér ekki að drekka; 43 eg var gestur, og þér hýstuð mig ekki; nakinn, og þér klædduð mig ekki; sjúkur og í fangelsi, og þér vitjuðuð mín ekki. 44 Þá munu og þeir svara og segja: Herra, hve nær sáum vér þig hungraðan eða þyrstan eða gest eða nakinn eða sjúkan eða í fangelsi, og þjónuðum þér eigi? 45 Þá mun hann svara þeim og segja: Sannlega segi eg yður: svo framarlega sem þér hafið ekki gjört þetta einum þessara, sem minstir eru, þá hafið þér ekki heldur gjört mér það. 46 Og þessir skulu fara burt til eilífrar refsingar, en hinir réttlátu til eilífs lífs.

26. kafli

1 Og það varð, er Jesús hafði lokið öllum þessum ræðum, að hann mælti við lærisveina sína: 2 Þér vitið, að eftir tvo daga koma páskarnir, og verður

mannsins sonur þá framseldur, til þess að verða krossfestur. 3 Þá söfnuðust saman æðstu prestarnir og öldungar lýðsins í höll æðsta prestsins, er Kaífas hét, 4 og þeir tóku saman ráð sín, til þess að höndla Jesúm með svikum og ráða hann af dögum. 5 En þeir sögðu: Ekki á hátíðinni, til þess að eigi verði uppþot meðal lýðsins. 6 En er Jesús var í Betaníu, í húsi Símonar líkþráa, 7 kom til hans kona, er hafði alabasturs-buðk með dýrindis smyrslum, og helti yfir höfuð honum, er hann sat yfir borðum. 8 En er lærisveinarnir sáu það, urðu þeir gramir og sögðu: Til hvers er þessi eyðsla? 9 Því að þetta hefði mátt selja miklu verði og gefa fátækum. 10 En er Jesús varð þess var, sagði hann við þá: Hvað eruð þér að mæða konuna? Því að gott verk gjörði hún á mér; 11 því að ávalt hafið þér fátæka menn hjá yður, en mig hafið þér eigi ávalt. 12 Því að þegar hún helti smyrslum þessum yfir líkama minn, gjörði hún það til þess að búa mig til greftrunar. 13 Sannlega segi eg yður: hvar sem fagnaðarerindi þetta verður boðað í öllum heiminum, mun og þess, er hún gjörði, getið verða, til minningar um hana. 14 Þá fór einn af þeim tólf, Júdas Ískaríot að nafni, til æðstu prestanna 15 og sagði: Hvað viljið þér gefa mér til þess að eg framselji yður hann? En þeir greiddu honum þrjátíu silfurpeninga; 16 og upp frá því leitaði hann færis að svíkja hann. 17 En á fyrsta degi ósýrðu brauðanna komu lærisveinarnir til Jesú og sögðu: Hvar viltu að vér búum þér páskamáltíðina? 18 En hann sagði: Farið til borgarinnar til manns nokkurs, og segið við hann: Meistarinn segir: Minn tími er í nánd; hjá þér vil eg halda páska með lærisveinum mínum. 19 Og lærisveinarnir gjörðu eins og Jesús lagði fyrir þá og efndu til páskamáltíðarinnar. 20 En er kveld var komið, settist hann til borðs ásamt þeim tólf lærisveinum. 21 Og er þeir mötuðust, sagði hann: Sannlega segi eg yður, að einn af yður mun svíkja mig. 22 Og þeir urðu mjög hryggir og tóku að segja við hann hver um sig: Er það eg, herra? 23 En hann svaraði og sagði: Sá sem dýfði ásamt mér hendinni í fatið, sá mun svíkja mig. 24 Mannsins sonur fer að sönnu héðan, eins og ritað hefir verið um hann. En vei þeim manni, sem því veldur, að mannsins sonur verður framseldur; betra væri þeim manni, að hann hefði aldrei fæðst. 25 En Júdas, er sveik hann, svaraði og sagði: Er það eg, rabbí? Hann segir við hann: Þú sagðir það. 26 En er þeir mötuðust, tók Jesús brauð, blessaði og braut það, og gaf lærisveinunum það og sagði: Takið, etið; þetta er líkami minn. 27 Og hann tók bikar, gjörði þakkir og gaf þeim og sagði: Drekkið af

honum allir; 28 því að þetta er blóð mitt, blóð sáttmálans, sem úthelt er fyrir marga, til synda fyrirgefningar. 29 En eg segi yður, að héðan í frá mun eg alls ekki drekka af þessum ávexti vínviðarins, til þess dags, er eg drekk hann ásamt yður nýjan í ríki föður míns. 30 Og er þeir höfðu sungið lofsönginn, fóru þeir út til Olíufjallsins. 31 Þá segir Jesús við þá: Allir munuð þér hneykslast á mér á þessari nóttu; því að ritað er: Eg mun slá hirðinn, og sauðir hjarðarinnar munu tvístrast. 32 En eftir að eg er vakinn frá dauðum, mun eg fara á undan yður til Galíleu. 33 En Pétur svaraði og sagði við hann: Þótt allir hneykslist á þér, skal eg þó aldrei hneykslast. 34 Jesús sagði við hann: Sannlega segi eg þér, á þessari nóttu, áður en haninn galar, muntu þrisvar afneita mér. 35 Pétur segir við hann: Og þótt eg ætti að deyja með þér, mun eg alls eigi afneita þér. Á líkan hátt mæltu og allir lærisveinarnir. 36 Þá kemur Jesús með þeim í garð, er heitir Getsemane, og hann segir við lærisveina sína: Setjist hér, meðan eg fer burt og biðst þar fyrir. 37 Og hann tók með sér Pétur og þá tvo sonu Sebedeusar, og tók að hryggjast og titra. 38 Þá segir hann við þá: Sál mín er sárhrygg alt til dauða; bíðið hér og vakið með mér. 39 Og hann gekk lítið lengra áfram, féll fram á ásjónu sína og baðst fyrir og sagði: Faðir minn, ef mögulegt er, þá fari þessi bikar fram hjá mér; þó ekki sem eg vil, heldur sem þú vilt. 40 Og hann kemur til lærisveinanna og finnur þá sofandi, og hann segir við Pétur: Gátuð þér þá eigi vakað með mér eina stund? 41 Vakið og biðjið, til þess að þér fallið eigi í freistni; andinn er að sönnu reiðubúinn, en holdið er veikt. 42 Enn vék hann burt annað sinn, baðst fyrir og sagði: Faðir minn, ef þessi bikar getur eigi farið fram hjá, án þess að eg drekki hann, þá verði þinn vilji. 43 Og hann kom og fann þá aftur sofandi; því að augu þeirra voru yfirkomin af svefnþunga. 44 Og hann yfirgaf þá og fór enn á burt, og baðst fyrir í þriðja sinni og mælti aftur hinum sömu orðum. 45 Þá kemur hann til lærisveinanna og segir við þá: Sofið seinna og hvílist! Sjá, stundin nálgast, og mannsins sonur er framseldur í hendur syndara. 46 Standið upp, förum; sjá, sá er í nánd, er mig svíkur. 47 Og meðan hann enn var að tala, sjá, þá kom Júdas, einn af þeim tólf, og með honum mannfjöldi mikill, með sverðum og bareflum, frá æðstu prestunum og öldungum lýðsins. 48 En sá, er sveik hann, gaf þeim merki, segjandi: Sá er eg kyssi, hann er það. Handtakið hann. 49 Og hann gekk þegar að Jesú og sagði: Heill, rabbí! og kysti hann. 50 En Jesús sagði við hann: Vinur, hví ert þú

kominn hér? Þá gengu þeir að, lögðu hendur á Jesúm og tóku hann. **51** Og sjá, einn þeirra, er voru með Jesú, rétti út höndina og brá sverði, og hann hjó þjón æðsta prestsins og sneið af honum eyrað. **52** Þá segir Jesús við hann: Slíðra þú sverð þitt; því að allir þeir, sem grípa til sverðs, munu farast fyrir sverði. **53** Eða hyggur þú, að eg geti ekki beðið föður minn, svo að hann nú sendi mér til liðs meira en tólf sveitir engla? **54** Hvernig ættu þá ritningarnar að rætast, að það á þannig að verða? **55** Á þeirri stundu mælti Jesús við mannfjöldann: Lögðuð þér á stað, eins og á móti ræningja, með sverðum og bareflum, til þess að handtaka mig? Daglega sat eg í helgidóminum og kendi, og þér handtókuð mig ekki. **56** En alt þetta er komið fram, til þess að ritningar spámannanna rættust. Þá yfirgáfu allir lærisveinarnir hann og flýðu. **57** En þeir, sem höfðu handtekið Jesúm, færðu hann til Kaífasar, æðsta prestsins, þar sem fræðimennirnir og öldungarnir voru saman komnir. **58** En Pétur fylgdi honum álengdar alt að hallargarði æðsta prestsins, og hann gekk þar inn og settist hjá þjónunum, til þess að sjá endalokin. **59** En æðstu prestarnir og alt ráðið leitaði ljúgvitnis gegn Jesú, til þess að geta líflátið hann; **60** en þeir fundu eigi, þótt margir ljúgvottar kæmu fram. En loks komu fram tveir og sögðu: **61** Þessi maður hefir sagt: Eg get brotið niður musteri Guðs og reist það á þremur dögum. **62** Og æðsti presturinn stóð upp og sagði við hann: Svarar þú engu? Hvað vitna þessir gegn þér? **63** En Jesús þagði. Og æðsti presturinn sagði við hann: Eg særi þig við Guð hinn lifanda, að þú segir oss, hvort þú ert Kristur, sonur Guðs. **64** Jesús segir við hann: Þú sagðir það. En eg segi yður, að upp frá þessu skuluð þér sjá mannsins son sitja til hægri handar máttarins og koma á skýjum himinsins. **65** Þá reif æðsti presturinn klæði sín og segir: Hann hefir lastmælt! Hvað þurfum vér framar votta við? Sjá, nú hafið þér heyrt lastmælið. **66** Hvað líst yður? En þeir svöruðu og sögðu: Hann er dauða sekur. **67** Þá hræktu þeir í andlit honum og slógu hann hnefum. Sumir börðu hann með stöfum, **68** segjandi: Spáðu fyrir oss, Kristur; hver var það sem sló þig? **69** En Pétur sat fyrir utan í hallargarðinum. Og þerna ein kom til hans og mælti: Þú varst einnig með Jesú frá Galíleu. **70** En hann neitaði því í áheyrn allra og sagði: Eg veit ekki hvað þú átt við. **71** En er hann var kominn út í fordyrið, sá önnur hann og sagði við þá, er þar voru: Þessi maður var líka með Jesú frá Nazaret. **72** Og aftur neitaði hann því með eiði: Ekki þekki eg manninn. **73** En litlu síðar komu þeir að, er þar stóðu, og

sögðu við Pétur: Sannlega ert þú líka einn af þeim; því að og málfæri þitt segir til þín. 74 Þá tók hann að formæla sér og sverja: Ekki þekki eg manninn. Og jafnskjótt gól haninn. 75 Og Pétur mintist orðsins, er Jesús hafði sagt: Áður en haninn galar, muntu þrisvar afneita mér. Og hann gekk út fyrir og grét beisklega.

27. kafli

1 En er kominn var morgunn, héldu allir æðstu prestarnir og öldungar lýðsins ráðstefnu gegn Jesú, til þess að lífláta hann; 2 og þeir bundu hann, fóru burt með hann og framseldu hann Pílatusi landshöfðingja. 3 Þá er Júdas, sem sveik hann, sá að hann var dæmdur sekur, þá iðraðist hann og skilaði æðstu prestunum og öldungunum aftur hinum þrjátíu silfurpeningum, segjandi: 4 Eg hefi drýgt synd, er eg sveik saklaust blóð. En þeir sögðu: Hvað varðar oss um það? Þú verður sjálfur að sjá fyrir því. 5 Og hann fleygði
silfurpeningunum inn í musterið og hafði sig á braut; og hann fór burt og hengdi sig. 6 En æðstu prestarnir tóku silfurpeningana og sögðu: Það er eigi leyfilegt að leggja þá í guðskistuna, þar sem þeir eru blóðs verð. 7 En er þeir höfðu haldið ráðstefnu, keyptu þeir fyrir þá leirkerasmiðs-akurinn til grafreits fyrir útlendinga. 8 Fyrir því er akur þessi kallaður Blóðakur alt til þessa dags. 9 Rættist þá það, er talað er fyrir Jeremía spámann, er segir: Og þeir tóku silfurpeningana þrjátíu, verð hins metna, sem þeir mátu af hálfu Ísraels sona; 10 og þeir gáfu þá fyrir akur leirkerasmiðsins, samkvæmt skipun Drottins til mín. 11 En Jesús stóð frammi fyrir landshöfðingjanum. Og landshöfðinginn spurði hann og sagði: Ert þú konungur Gyðinganna? En Jesús sagði við hann: Þú segir það. 12 Og er nú sakir voru á hann bornar af æðstu prestunum og öldungunum, svaraði hann engu. 13 Þá segir Pílatus við hann: Heyrir þú ekki, hve mjög þeir vitna á móti þér? 14 Og hann svaraði honum eigi, ekki einu orði hans, svo að landshöfðingjann furðaði mjög. 15 En á hátíðinni var landshöfðinginn vanur að gefa lýðnum lausan einn bandingja, þann er þeir óskuðu. 16 En þeir höfðu þá alræmdan bandingja, Barrabas að nafni. 17 Er þeir nú voru saman komnir, sagði Pílatus við þá: Hvorn æskið þér að eg gefi yður lausan, Barrabas eða Jesúm, sem kallast Kristur? 18 Því að hann vissi, að þeir höfðu fyrir öfundar sakir framselt hann. 19 En er hann sat á

dómarastólnum, sendi kona hans til hans og lét segja: Eig þú ekkert við
þennan réttláta mann; því að margt hefi eg þolað í dag hans vegna í draumi.
20 En æðstu prestarnir og öldungarnir fengu mannfjöldann til þess að biðja
um Barrabas og um að lífláta Jesúm. **21** En landshöfðinginn svaraði og sagði
við þá: Hvorn þessara tveggja viljið þér að eg gefi yður lausan? En þeir
sögðu: Barrabas. **22** Pílatus segir við þá: Hvað á eg þá að gjöra við Jesúm,
sem Kristur er kallaður? Þeir segja allir: Hann skal krossfestur! **23** En hann
sagði: Hvað ilt hefir hann þá gjört? En þeir æptu þess ákafar og sögðu; Hann
skal krossfestur! **24** Þegar nú Pílatus sér, að hann kemur engu til leiðar, en að
uppnámið varð aðeins meira, tók hann vatn, þvoði hendur sínar í augsýn
mannfjöldans og mælti: Sýkn er eg af blóði þessa réttláta manns; þér verðið
að sjá fyrir því. **25** Og alt fólkið svaraði: Komi blóð hans yfir oss og yfir börn
vor! **26** Gaf hann þeim þá Barrabas lausan; en lét húðstrýkja Jesúm og
framseldi hann til krossfestingar. **27** Þá tóku hermenn landshöfðingjans Jesúm
til sín inn í höllina, og söfnuðu utan um hann allri hersveitinni. **28** Og þeir
afklæddu hann og lögðu yfir hann skarlatslita kápu; **29** og þeir fléttuðu
kórónu af þyrnum og settu á höfuð honum, og reyrstaf í hægri hönd honum;
og þeir féllu á kné frammi fyrir honum, hæddu hann og sögðu: Heill vertu,
konungur Gyðinganna! **30** Og þeir hræktu á hann, tóku reyrstafinn og slógu
hann í höfuðið. **31** Og er þeir höfðu spottað hann, færðu þeir hann úr kápunni,
og færðu hann í hans eigin klæði; og þeir fóru burt með hann til
krossfestingar. **32** En er þeir gengu út, hittu þeir mann frá Kýrene, er Símon
hét. Þennan mann neyddu þeir til að bera kross hans. **33** Og er þeir komu til
staðar, er Golgota nefnist, það er að segja: hauskúpustaður, **34** gáfu þeir
honum að drekka vín beiskjuborið; og er hann hafði bragðað það, vildi hann
eigi drekka. **35** En er þeir höfðu krossfest hann, skiftu þeir klæðum hans á
milli sín og köstuðu hlutum um; **36** og þeir settust og gættu hans þar. **37** Og
uppi yfir höfði hans settu þeir sakargift hans svo skráða: ÞESSI ER JESÚS,
KONUNGUR GYÐINGANNA. **38** Síðan voru krossfestir með honum
ræningjar tveir, annar til hægri og hinn til vinstri handar. **39** En þeir, sem fram
hjá gengu, lastmæltu honum, skóku höfuðin og sögðu: **40** Þú sem brýtur niður
musterið og reisir það á þrem dögum, bjargaðu sjálfum þér! Ef þú ert sonur
Guðs, þá stíg niður af krossinum! **41** Sömuleiðis hæddu og æðstu prestarnir
hann ásamt fræðimönnunum og öldungunum og sögðu: **42** Öðrum bjargaði

hann, sjálfum sér getur hann eigi bjargað! Hann er konungur Ísraels! Stígi hann nú niður af krossinum, og vér skulum trúa á hann. **43** Hann treysti Guði. Hann frelsi hann nú, ef hann hefir mætur á honum; því að hann sagði: Eg er sonur Guðs. **44** Jafnvel ræningjarnir, sem með honum voru krossfestir, smánuðu hann á sama hátt. **45** En frá séttu stundu varð myrkur um alt landið alt til níundu stundar. **46** En um níundu stundu kallaði Jesús hárri röddu: Elí, elí, lama sabaktaní! það er: Guð minn! Guð minn! hví hefir þú yfirgefið mig? **47** Og er nokkrir þeirra, er þar stóðu, heyrðu það, sögðu þeir: Hann kallar á Elía. **48** Og jafnskjótt hljóp einn þeirra til og tók njarðarvött, fylli hann ediki og stakk á reyrstaf, og gaf honum að drekka. **49** En hinir sögðu: Bíðum við, sjáum til, hvort Elía kemur til þess að bjarga honum. **50** En Jesús kallaði aftur hárri röddu og gaf upp andann. **51** Og sjá, fortjald musterisins rifnaði sundur í tvent frá ofanverðu og alt niður í gegn, og jörðin skalf og björgin klofnuðu, **52** og grafirnar opnuðust, og margir líkamir sofnaðra helgra manna risu upp, **53** og þeir fóru út úr gröfunum eftir upprisu hans og komu inn í hina helgu borg og birtust þar mörgum. **54** En er hundraðshöfðinginn og þeir, er með honum gættu Jesú, sáu landskjálftann og það sem við bar, urðu þeir felmtsfullir mjög og sögðu: Sannarlega hefir þessi maður verið sonur Guðs. **55** En þar voru margar konur, er horfðu á álengdar; höfðu þær fylgt Jesú frá Galíleu og þjónað honum. **56** Meðal þeirra var María Magdalena og María, móðir þeirra Jakobs og Jóse, og móðir þeirra Sebedeussona. **57** En er kveld var komið, kom maður nokkur auðugur frá Arímaþeu, Jósef að nafni, sem og sjálfur var orðinn lærisveinn Jesú. **58** Hann fór til Pílatusar og bað um líkama Jesú. Pílatus skipaði þá að fá honum hann. **59** Og Jósef tók líkið, sveipaði það hreinu línklæði **60** og lagði það í hina nýju gröf sína, sem hann hafði höggið út í kletti; og hann velti stórum steini fyrir dyr grafarinnar og fór burt. **61** En María Magdalena var þar og María hin, og sátu þær andspænis gröfinni. **62** En daginn eftir, sem er næstur á eftir aðfangadeginum, komu æðstu prestarnir og Farísearnir saman hjá Pílatusi **63** og sögðu: Herra, vér minnumst þess nú, að svikari þessi sagði í lifanda lífi: Eftir þrjá daga rís eg upp. **64** Bjóð þú því, að grafarinnar verði gætt alt til hins þriðja dags, til þess að eigi komi lærisveinar hans og steli honum, og segi við lýðinn: Hann er upprisinn frá dauðum; og mun þá síðari villan verða verri en hin fyrri. **65** Pílatus sagði við þá: Hér hafið þér varðmennina, farið, haldið vörð, svo sem þér best hafið vit

á. 66 En þeir fóru burt, innsigluðu steininn og gættu grafarinnar ásamt varðmönnunum.

28. kafli

1 En eftir hvíldardaginn, þegar lýsti af fyrsta degi vikunnar, kom María Magdalena og María hin, til að líta eftir gröfinni. 2 Og sjá, mikill landskjálfti varð, því að engill Drottins steig niður af himni og kom og velti steininum frá og settist á hann ofan. 3 En útlit hans var sem leiftur og klæði hans hvít sem snjór. 4 En varðmennirnir skulfu af hræðslu við hann og urðu sem örendir. 5 En engillinn tók til máls og sagði við konurnar: Óttist eigi! Því að eg veit, að þér leitið að Jesú hinum krossfesta. 6 Hann er eigi hér, því að hann er upprisinn, eins og hann sagði. Komið, sjáið staðinn, þar sem Drottinn lá. 7 Og farið nú með skyndi og segið lærisveinum hans: Hann er upprisinn frá dauðum; og sjá, hann fer á undan yður til Galíleu; þar munuð þér sjá hann. Sjá, eg hefi sagt yður það. 8 Og þær skunduðu burt frá gröfinni, með ótta og mikilli gleði, og hlupu að flytja tíðindin lærisveinum hans. 9 Og sjá, Jesús kom á móti þeim og sagði: Heilar þér! En þær komu til og gripu um fætur hans og veittu honum lotningu. 10 Þá segir Jesús við þær: Óttist eigi! farið burt og kunngjörið bræðrum mínum, að þeir skuli fara til Galíleu, og þar munu þeir sjá mig. 11 En er þær voru farnar burt, sjá, þá komu nokkrir af varðmönnunum til borgarinnar og kunngjörðu æðstu prestunum alt, sem gjörst hafði. 12 Og er þeir voru saman komnir ásamt öldungunum, héldu þeir ráðstefnu, gáfu hermönnunum mikið fé 13 og mæltu: Segið þér: Lærisveinar hans komu á næturþeli og stálu honum, meðan vér sváfum. 14 Og berist þetta landshöfðingjanum til eyrna, skulum vér friða hann, og yður munum vér gjöra áhyggjulausa. 15 En þeir tóku féð og gjörðu sem þeim hafði kent verið. Og þessi orðrómur hefir verið borinn út meðal Gyðinga alt til þessa dags. 16 En þeir ellefu lærisveinar fóru til Galíleu, til fjallsins, sem Jesús hafði boðið þeim. 17 Og er þeir sáu hann, veittu þeir honum lotningu; en nokkrir efuðust. 18 Og Jesús kom til þeirra, talaði við þá og sagði: Alt vald er mér gefið á himni og jörðu. 19 Farið því og gjörið allar þjóðirnar að lærisveinum, með því að skíra þá til nafns föðurins og sonarins og hins heilaga anda, 20 og með því að kenna þeim að halda alt það, sem eg hefi boðið yður. Og sjá, eg er með

yður alla daga alt til enda veraldarinnar. Þ.e. varmenni. Þ. e. klettur.

Markúsarguðspjall

Marcus

1. kafli

1 Upphaf fagnaðarboðskapar Jesú Krists, sonar Guðs. **2** Svo sem ritað er hjá
Jesaja spámanni: — Sjá, eg sendi sendiboða minn á undan þér, er búa mun
þér veg. **3** Rödd manns, er hrópar í óbygðinni: Greiðið veg Drottins og gjörið
beinar brautir hans; — **4** kom Jóhannes fram, sá er skírði í óbygðinni og
prédikaði iðrunarskírn til syndafyrirgefningar, **5** og gekk út til hans gjörvöll
Júdeubygð og allir Jerúsalembúar, og létu skírast af honum í ánni Jórdan,
játandi syndir sínar. **6** En Jóhannes var klæddur úlfaldahárum, og gyrður
leðurbelti um lendar sér; og fæða hans var engisprettur og villihunang, **7** og
hann prédikaði svo mælandi: Sá er mér mátkari, er eftir mig kemur, og eg er
þess ekki verður, að eg krjúpi niður til að leysa skóþvengi hans. **8** Eg skírði
yður með vatni, en hann mun skíra yður með heilögum anda. **9** Og það varð á
þeim dögum, að Jesús kom frá Nazaret í Galíleu og var skírður af Jóhannesi í
Jórdan; **10** og jafnskjótt er hann sté upp úr vatninu, sá hann himnana opnast
og andann stíga ofan, eins og dúfu, yfir hann; **11** og rödd kom af himnum: Þú
ert sonur minn hinn elskaði, á þér hefi eg velþóknun. **12** Og þegar knýr
andinn hann út á eyðimörkina, **13** og hann var á eyðimörkinni fjörutíu daga
og hans var freistað af Satan, og hann var meðal villidýranna; og englarnir
þjónuðu honum. **14** En eftir að Jóhannes var framseldur, kom Jesús til Galíleu
og prédikaði fagnaðarboðskapinn um Guð **15** og sagði: Tíminn er fullnaður
og guðsríki er nálægt; gjörið iðrun og trúið fagnaðarboðskapnum. **16** Og er
hann gekk meðfram Galíleu-vatninu, sá hann Símon og Andrés, bróður
Símonar, er þeir voru að leggja net á vatninu, því að þeir voru fiskimenn. **17**
Jesús sagði við þá: Fylgið mér, og mun eg láta yður verða mannaveiðara. **18**
Og þegar í stað yfirgáfu þeir netin og fylgdu honum. **19** Og er hann gekk
spölkorn lengra, sá hann Jakob Sebedeusson og Jóhannes bróður hans, sem

einnig voru á skipi að bæta net sín; 20 og jafnskjótt kallaði hann þá, og þeir yfirgáfu Sebedeus föður sinn þar á skipinu, ásamt verkamönnunum, og fylgdu honum. 21 Og þeir fara inn í Kapernaum, og þegar í stað gekk Jesús á hvíldardeginum inn í samkunduhús þeirra og kendi. 22 Og undruðust menn mjög kenningu hans, því að hann kendi þeim eins og sá, er vald hafði, og ekki eins og fræðimennirnir. 23 Og jafnskjótt var í samkunduhúsi þeirra maður nokkur, sem hafði óhreinan anda; hann æpti 24 og sagði: Hvað höfum vér saman við þig að sælda, Jesús frá Nazaret? Ert þú kominn til að tortíma oss? Eg veit hver þú ert, hinn heilagi Guðs. 25 Og Jesús hastaði á hann og mælti: Þegi þú, og far út af honum. 26 Þá skók hinn óhreini andi manninn og rak upp hljóð mikið og fór út af honum. 27 Og allir urðu forviða, svo að þeir spurðu hver annan og sögðu: Hvað er þetta? Ný kenning! Með valdi skipar hann jafnvel hinum óhreinu öndum, og þeir hlýða honum. 28 Og orðrómurinn um hann barst þegar út hvervetna um allar nágrannabygðirnar í Galíleu. 29 Og jafnskjótt, er þeir voru farnir út úr samkunduhúsinu, komu þeir í hús Símonar og Andrésar, með Jakobi og Jóhannesi; 30 en tengdamóðir Símonar lá sóttveik, og þegar segja þeir honum frá henni; 31 og hann gekk að og tók í hönd henni, reisti hana á fætur, og sóttveikin hvarf frá henni, og hún gekk þeim fyrir beina. 32 En er kveld var komið og sól var sest, færðu þeir til hans alla þá er sjúkir voru og þjáðir af illum öndum, 33 og allur bærinn var saman kominn við dyrnar. 34 Og hann læknaði marga, þá er veikir voru af ýmsum sjúkdómum, og rak út marga illa anda, og hann leyfði ekki illu öndunum að mæla, af því að þeir þektu hann. 35 Og árla, löngu fyrir dögun, fór hann á fætur og gekk út, og fór til eyðistaðar, og baðst þar fyrir; 36 og Símon og þeir, sem með honum voru, veittu honum eftirför; 37 og þeir fundu hann og segja við hann: Allir leita þín. 38 Og hann segir við þá: Vér skulum fara annað, í þorpin í grendinni, að eg fái einnig prédikað þar; því að til þess er eg út genginn. 39 Og hann kom og prédikaði í samkunduhúsum þeirra um alla Galíleu og rak út illa anda. 40 Og líkþrár maður kemur til hans og ákallar hann; og hann fellur á kné fyrir honum og segir við hann: Ef þú vilt, getur þú hreinsað mig. 41 Og hann kendi í brjósti um hann, rétti út höndina, snart hann og segir við hann: Eg vil, verðir þú hreinn! 42 Og jafnskjótt hvarf frá honum líkþráin, og hann varð hreinn. 43 Og hann lét hann þegar fara burt, lagði ríkt á við hann 44 og segir við hann: Gæt þess að segja engum neitt, en far þú, sýn

þig prestinum, og fórna þú fyrir hreinsun þína því, sem Móse bauð, þeim til vitnisburðar. 45 En hann gekk burt og tók að færa þetta mjög í hámæli og hafa það víða á orði, svo að Jesús mátti ekki framar koma opinberlega í nokkura borg, heldur hafðist við úti á óbygðum stöðum og komu menn til hans hvaðanæva.

2. kafli

1 Og er hann kom aftur inn í Kapernaum að nokkurum dögum liðnum, spurðist það að hann væri heima, 2 og margir komu saman, svo að eigi var lengur rúm fyrir þá, ekki einu sinni fyrir utan dyrnar, og hann talaði til þeirra orðið; 3 og menn koma og færa til hans lama mann, sem var borinn af fjórum; 4 og er þeir gátu ekki komist nærri honum fyrir mannfjöldanum, rufu þeir af þakið, þar sem hann var, og er þeir voru komnir inn úr, láta þeir síga niður sængina, sem hinn lami lá í. 5 Og er Jesús sér trú þeirra, segir hann við lama manninn: Sonur, syndir þínar eru fyrirgefnar. 6 En þar sátu nokkrir af fræðimönnunum og hugsuðu í hjörtum sínum: 7 Hví mælir þessi maður svo? Hann guðlastar. Hver getur fyrirgefið syndir, nema einn, það er Guð? 8 Og þegar varð Jesús þess áskynja í anda sínum, að þeir hugsuðu þannig með sjálfum sér, og segir við þá: Hví hugsið þér slíkt í hjörtum yðar? 9 Hvort er auðveldara að segja við hinn lama: Syndir þínar eru fyrirgefnar, eða að segja: Statt upp, tak sæng þína og gakk? 10 En til þess að þér vitið, að mannsins sonur hefir vald á jörðu til að fyrirgefa syndir — segir hann við lama manninn: — 11 Eg segi þér, statt upp, tak sæng þína og far heim til húss þíns. 12 Og hann stóð upp, og tók jafnskjótt sængina og gekk út í augsýn allra, svo að allir undruðust og vegsömuðu Guð og sögðu: Aldrei höfum vér slíkt séð. 13 Og aftur gekk hann út fram með vatninu, og allur mannfjöldinn kom til hans og hann kendi þeim. 14 Og er hann gekk fram hjá, sá hann Leví Alfeusson sitjandi við tollbúðina, og segir við hann: Fylg mér! og hann stóð upp og fylgdi honum. 15 Og svo bar við, að hann sat yfir borðum í húsi hans, og margir tollheimtumenn og bersyndugir sátu að borðum með Jesú og lærisveinum hans; því að þeir voru margir, og þeir fylgdu honum; 16 og er fræðimennirnir meðal Farísеanna sáu, að hann samneytti hinum bersyndugu og tollheimtumönnunum, sögðu þeir við lærisveina hans: Hann etur og

drekkur með tollheimtumönnum og bersyndugum. 17 Og er Jesús heyrði það, segir hann við þá: Ekki þurfa heilbrigðir læknis við, heldur þeir, sem sjúkir eru; eg er eigi kominn að kalla réttláta, heldur synduga. 18 Og lærisveinar Jóhannesar og Farísearnir föstuðu, og þeir koma og segja við hann: Hví fasta lærisveinar Jóhannesar og lærisveinar Faríseanna, en þínir lærisveinar fasta ekki? 19 Og Jesús sagði við þá: Hvort mega brúðkaupssveinarnir fasta á meðan brúðguminn er hjá þeim? Svo lengi sem þeir hafa brúðgumann hjá sér, geta þeir ekki fastað; 20 en koma munu dagar, er brúðguminn verður frá þeim tekinn, og þá munu þeir fasta á þeim degi. 21 Enginn saumar bót af nýjum dúk á gamalt fat; því að þá nemur bótin af því, hið nýja af hinu gamla, og rifan verður verri. 22 Og enginn lætur nýtt vín á gamla belgi; því að þá sprengir vínið belgina, og vínið ónýtist og belgirnir; en menn láta nýtt vín á nýja belgi. 23 Og svo bar við, að hann fór um sáðlönd nokkur á hvíldardegi; og lærisveinar hans tóku að tína öx á leiðinni. 24 Og Farísearnir sögðu við hann: Sjá, hví gjöra þeir á hvíldardegi það, sem ekki er heimilt? 25 Og hann sagði við þá: Hafið þér aldrei lesið, hvað Davíð gjörði, er honum lá á, og hann varð sjálfur hungraður og menn hans, 26 hvernig hann fór inn í Guðs hús, þegar Abíatar var æðsti prestur, og át skoðunarbrauðin, sem enginn má eta nema prestarnir, og gaf einnig mönnum sínum? 27 Og hann sagði við þá: Hvíldardagurinn varð til mannsins vegna, og eigi maðurinn vegna hvíldardagsins; 28 svo að mannsins sonur er herra einnig yfir hvíldardeginum.

3. kafli

1 Og hann gekk aftur inn í samkunduhúsið, og var þar maður, er hafði visnaða hönd. 2 Og þeir höfðu gætur á honum, hvort hann mundi lækna hann á hvíldardegi, til þess að þeir gætu kært hann. 3 Og hann segir við manninn, er visnu höndina hafði: Gakk hér fram! 4 Og hann segir við þá: Hvort er leyfilegt á hvíldardegi gott að gjöra eða gjöra ilt, að bjarga lífi eða deyða? En þeir þögðu. 5 Og hann rendi augum yfir þá með reiði, angraður yfir harðúð hjartna þeirra, og segir við manninn: Rétt fram hönd þína! Og hann rétti hana fram, og hönd hans varð aftur heil. 6 En Farísearnir gengu út, og gjörðu þegar ásamt mönnum Heródesar ráð sín gegn honum, hvernig þeir fengju ráðið hann af dögum. 7 Og Jesús fór með lærisveinum sínum út að vatninu, og

mikill fjöldi úr Galíleu fór á eftir, og frá Júdeu 8 og frá Jerúsalem og frá Ídúmeu og handan yfir Jórdan; og úr bygðum Týrusar og Sídonar kom til hans mikill fjöldi, er þeir heyrðu, hve mikil verk hann gjörði. 9 Og hann sagði við lærisveina sína, að smábátur skyldi vera til taks handa sér vegna mannfjöldans, til þess að þeir þrengdu eigi að honum; 10 því að hann læknaði marga, svo að allir þustu að honum, þeir er plágur höfðu, til að snerta hann. 11 Og hve nær sem hinir óhreinu andar sáu hann, féllu þeir fram fyrir honum, og æptu segjandi: Þú ert sonur Guðs. 12 Og hann bauð þeim harðlega, að þeir skyldu eigi gjöra hann kunnan. 13 Og hann gengur upp á fjallið, og kallar til sín þá, er hann sjálfur vildi, og þeir fóru til hans. 14 Og hann skipaði tólf, að þeir skyldu vera með honum, og til þess að hann mætti senda þá frá sér að prédika 15 og hafa vald til að reka út illa anda; — 16 og Símoni gaf hann nafnið Pétur, — 17 og Jakob Sebedeusson og Jóhannes bróður Jakobs, — og hann gaf þeim báðum nafnið Boanerges, það þýðir þrumusynir; — 18 og Andrés og Filippus og Bartólómeus og Matteus og Tómas og Jakob Alfeusson og Taddeus og Símon Kananea, 19 og Júdas Ískaríot, þann hinn sama, er sveik hann. 20 Og hann kemur heim, og mannfjöldinn kemur aftur saman, svo að þeir gátu ekki einu sinni matast. 21 Og er vinir hans heyrðu það, gengu þeir út til að taka hann, því að þeir sögðu: Hann er ekki með sjálfum sér. 22 En fræðimennirnir, er komnir voru ofan frá Jerúsalem, sögðu: Hann hefir Beelsebúl, og með fulltingi foringja illu andanna rekur hann illu andana út. 23 Og hann kallaði þá til sín og talaði til þeirra í líkingum: Hvernig getur Satan rekið Satan út? 24 Og ef ríki er orðið sjálfu sér sundurþykt, þá fær ríki það eigi staðist; 25 og ef heimili er orðið sjálfu sér sundurþykt, þá mun heimili það eigi fá staðist. 26 Og ef Satan hefir risið upp á móti sjálfum sér, og er orðinn sundurþykkur, fær hann ekki staðist, heldur er úti um hann. 27 Nei, enginn getur farið inn í hús hins sterka, til að ræna föngum hans, nema hann áður bindi hinn sterka, og þá mun hann geta rænt hús hans. 28 Sannlega segi eg yður: allar syndir munu mannanna börnum fyrirgefnar verða, og lastmælin, svo mjög sem þeir kunna að lastmæla; 29 en hver, sem lastmælir gegn heilögum anda, fær eigi fyrirgefningu um aldur, heldur er hann sekur um eilífa synd; — 30 því að þeir sögðu: Hann hefir óhreinan anda. 31 Og móðir hans og bræður hans koma, og stóðu þau úti og sendu til hans og kölluðu á hann. 32 Og mannfjöldi sat í kring um hann; og þeir segja við hann:

Sjá, móðir þín og bræður þínir eru úti og spyrja um þig. 33 Og hann svarar þeim og segir: Hver er móðir mín og bræður mínir? 34 Og er hann hafði rent augum yfir þá, er kring um hann sátu, segir hann: Sjá, hér er móðir mín og bræður mínir! 35 Því að hver sem gjörir vilja Guðs, sá er bróðir minn og systir og móðir.

4. kafli

1 Og aftur tók hann að kenna við vatnið, og afarmikill mannfjöldi safnast að honum, svo að hann steig upp í bát og sat úti á vatninu; og allur mannfjöldinn var á landi við vatnið. 2 Og hann kendi þeim margt í dæmisögum og sagði við þá í kenningu sinni: 3 Hlýðið á! Sjá, sáðmaður gekk út að sá; 4 og svo fór, er hann var að sá, að sumt sæðið féll við götuna, og fuglar komu og átu það upp; 5 og sumt féll í grýtta jörð, þar sem það hafði eigi mikinn jarðveg; og þegar í stað rann það upp, af því að það hafði ekki djúpan jarðveg. 6 Og er sólin kom upp, skrælnaði það, og sökum þess, að það hafði ekki rót, visnaði það. 7 Og sumt féll meðal þyrna, en þyrnarnir uxu upp og kæfðu það, og það bar ekki ávöxt. 8 En sumt féll í góðu jörðina og kom upp og óx og bar ávöxt, og gaf af sér að þrítugföldu og að sextugföldu og að hundraðföldu. 9 Og hann sagði: Hver sem eyru hefir að heyra, hann heyri! 10 Og er hann varð einn saman, spurðu þeir, sem í kring um hann voru ásamt þeim tólf, um líkingarnar. 11 Og hann mælti við þá: Yður er gefinn leyndardómur guðsríkis, en hinir, sem fyrir utan eru, fá alt í líkingum, 12 til þess að sjáandi skuli þeir sjá, og eigi skynja, og heyrandi skuli þeir heyra, og eigi skilja, svo að eigi snúi þeir sér, og þeim verði fyrirgefið. 13 Og hann segir við þá: Skiljið þér eigi líkingu þessa? Hvernig munuð þér þá skilja allar líkingarnar? 14 Sáðmaðurinn sáir orðinu; 15 og þessir, sem við götuna eru, eru þeir, þar sem orðinu er sáð, og er þeir hafa heyrt, kemur Satan jafnskjótt og tekur burt orðið, sem sáð var í þá; 16 og á líkan hátt eru þessir, sem sáð hefir verið í grýtta jörð, þeir, sem veita orðinu þegar viðtöku með fögnuði, er þeir heyra það, 17 en hafa eigi rót í sér, heldur eru óstöðugir; síðan, er þrenging verður eða ofsókn fyrir orðsins sakir, hneykslast þeir þegar í stað. 18 Og aðrir eru þeir, sem sáð var í þyrnana; þessir eru þeir, sem heyrðu orðið, 19 og áhyggjur heimsins og tál auðæfanna og girndir til annarra hluta ganga inn og

kefja orðið, og það verður ávaxtarlaust. 20 Og hinir eru þeir, sem sáð var í góðu jörðina, þeir sem heyra orðið og taka við því og bera ávöxt, þrítugfalt og sextugfalt og hundraðfalt. 21 Og hann sagði við þá: Hvort kemur ljósið til þess að verða sett undir mælikerið, eða undir bekkinn? Er það ekki heldur til þess að verða sett á ljósastikuna? 22 Því að eigi er neitt leynt, nema til þess að það opinberist, né heldur varð neitt hulið, nema til þess að það kæmi í ljós. 23 Ef einhver hefir eyru að heyra, hann heyri! 24 Og hann sagði við þá: Gætið að hvað þér heyrið: með þeim mæli, sem þér mælið, mun yður mælt verða, og við yður mun bætt verða; 25 því að sá sem hefir, honum mun gefið verða, og sá sem ekki hefir, frá honum mun tekið verða jafnvel það sem hann hefir. 26 Og hann sagði: Svo er og um guðsríki sem maður kasti sæði á jörðina, 27 og sofi og fari á fætur nótt og dag, og sæðið grær og vex, hann veit eigi með hverjum hætti: 28 af sjálfri sér ber jörðin ávöxt, fyrst stráið, þá axið, þá fult hveitikorn í axinu. 29 En er ávöxturinn er þroskaður, sendir hann þegar út kornsigðina, því að uppskeran er komin. 30 Og hann sagði: Hvernig eigum vér að samlíkja guðsríki eða í hvaða líkingu eigum vér að búa það? 31 Því er eins farið og mustarðskorni, sem sáð er í jörðu og er þá hverju sáðkorni smærra; 32 en þegar búið er að sá, og það tekur að spretta, verður það öllum jurtum stærra og fær stórar greinar, svo að fuglar himins mega hreiður byggja í forsælunni af því. 33 Og í mörgum slíkum líkingum talaði hann fyrir þeim orðið, svo sem þeir gátu numið það. 34 En án líkingar talaði hann ekki til þeirra, og einslega lagði hann alt út fyrir sínum eigin lærisveinum. 35 Og á þeim degi, þegar kveld var komið, segir hann við þá: Förum yfir um! 36 Og þeir skilja við mannfjöldann, og taka hann með sér í bátnum, eins og hann stóð, og aðrir bátar voru með honum; 37 og stormhrina mikil rís, og öldurnar féllu inn í bátinn, svo að lá við að hann fylti. 38 Og sjálfur var hann í skutnum og svaf á koddanum, og þeir vekja hann og segja við hann: Meistari, hirðir þú ekki um að vér förumst? 39 Og hann vaknaði og hastaði á vindinn og sagði við vatnið: Þegi þú, haf hljótt um þig! Þá lægði veðrið, og varð blíðalogn. 40 Og hann sagði við þá: Hví eruð þér hræddir, hafið þér enn eigi trú? 41 Og þeir skelfdust ákaflega og sögðu hver við annan: Hver er þá þessi, að bæði vindur og vatn hlýða honum?

5. kafli

1 Og þeir komu yfir um vatnið í bygð Gerasena. **2** Og óðara en hann var stiginn úr bátnum, kom í móti honum út úr gröfunum maður með óhreinan anda, **3** er hafðist við í gröfunum, og fekk enginn lengur bundið hann, ekki einu sinni með hlekkjum, **4** því að oft hafði hann verið bundinn með fótfjötrum og hlekkjum, og hlekkina hafði hann slitið af sér og brotið sundur fótfjötrana, og enginn gat ráðið við hann. **5** Og ávalt var hann nætur og daga í gröfunum og á fjöllunum, æpandi og lamdi sjálfan sig grjóti. **6** Og er hann sá Jesúm álengdar, hljóp hann og féll fram fyrir honum **7** og æpti hárri röddu og segir: Hvað hefi eg saman við þig að sælda, Jesús, sonur Guðs hins hæsta? Eg særi þig við Guð, að þú kveljir mig eigi. **8** Því að hann sagði við hann: Þú óhreini andi, far út af manninum; **9** og hann spurði hann: Hvert er heiti þitt? Og hann segir við hann: Legíó heiti eg; því að vér erum margir. **10** Og hann bað hann mikillega að senda þá ekki burt úr bygðinni. **11** En þar var við fjallið stór svínahjörð á beit; **12** og þeir báðu hann, segjandi: Send oss í svínin, svo að vér förum í þau. **13** Og hann leyfði þeim það, og hinir óhreinu andar fóru út og fóru í svínin, og hjörðin steyptist niður fyrir þvergnípið í vatnið, um tvö þúsund að tölu, og köfnuðu þau í vatninu; **14** og þeir, sem héldu þeim á beit, flýðu og fluttu fregnina til borgarinnar og til bygðanna. Og menn komu að sjá, hvað það var, sem gjörst hafði; **15** og þeir koma til Jesú og sjá manninn, sem illi andinn hafði verið í, sitja klæddan og heilvita, manninn sem hafði haft legíónina. Og þeir urðu hræddir, **16** og þeir, sem séð höfðu, sögðu þeim frá, hvað fram hefði komið við manninn, sem illi andinn var í, og um svínin. **17** Og þeir tóku að biðja hann að fara burt úr héruðum þeirra. **18** Og er hann sté upp í bátinn, bað maðurinn, sem illa andann hafði haft, hann þess að mega vera með honum; **19** og hann leyfði honum það eigi, en segir við hann: Far þú heim til þín og til þinna, og seg þeim, hve mikla hluti Drottinn hefir gjört fyrir þig og hversu hann hefir miskunnað þér. **20** Og hann fór burt og tók að kunngjöra í Dekapólis, hve mikla hluti Jesús hefði gjört fyrir sig, og undruðust það allir. **21** Og þegar Jesús hafði aftur farið yfir um á bátnum, safnaðist að honum mikill mannfjöldi; og hann var við vatnið. **22** Og einn af samkundustjórunum kemur, Jaírus að nafni, og er hann sér hann, fellur hann til fóta honum, **23** og biður hann mikillega og segir: Dóttir

mín litla er að fram komin; kom og legg hendur yfir hana, að hún verði heil og haldi lífi. 24 Og hann fór með honum; og mikill mannfjöldi fylgdi honum, og þröng varð um hann. 25 Og kona, sem hafði haft blóðlát í tólf ár, 26 og hafði þjáðst mikið undir höndum margra lækna og kostað til aleigu sinni, og engan bata fengið, en öllu heldur farið versnandi, 27 og hafði heyrt um Jesúm, kom í mannþyrpingunni að baki honum og snart yfirhöfn hans; 28 því að hún sagði: Ef eg fæ snortið, þótt eigi sé nema yfirhöfn hans, mun eg heil verða. 29 Og jafnskjótt þornaði lind blóðs hennar, og hún kendi á líkama sinum, að hún var heil orðin af meini sínu. 30 Og er Jesús fann á sjálfum sér, að krafturinn var útgenginn frá honum, sneri hann sér jafnskjótt við í mannþyrpingunni og sagði: Hver snart yfirhöfn mína? 31 Og lærisveinar hans sögðu við hann: Þú sér mannfjöldann þrengja að þér, og þú segir: Hver snart mig? 32 Og hann litaðist um, til að koma auga á konuna, sem þetta hafði gjört; 33 en hún kom hrædd og skjálfandi, af því að hún vissi, hvað við sig hafði fram farið, og féll fram fyrir hann og sagði honum allan sannleikann. 34 En hann sagði við hana: Dóttir, trú þín hefir gjört þig heila; far þú í friði, og ver heil af meini þínu. 35 Meðan hann enn var að mæla, koma menn frá samkundustjóranum, er segja: Dóttir þín er látin; hví ónáðar þú meistarann lengur? 36 En Jesús gaf eigi gaum að orðunum, sem töluð voru, og segir við samkundustjórann: Óttastu eigi, trúðu aðeins. 37 Og hann leyfði eigi neinum að fylgjast með sér, nema Pétri og Jakobi og Jóhannesi, bróður Jakobs. 38 Og þeir koma til húss samkundustjórans, og hann sér þys, menn grátandi og mjög kveinandi; 39 og hann gengur inn og segir við þá: Hví hafið þér svo hátt og grátið? Barnið er ekki dáið, heldur sefur. 40 En þeir hlógu að honum. En hann rekur alla út og tekur með sér föður barnsins og móður og þá, sem með honum voru, og gengur inn, þangað sem barnið var. 41 Og hann tók í höndina á barninu og segir við hana: Talíta kúmí! það er útlagt: Stúlka, eg segi þér, rís upp! 42 Og jafnskjótt reis stúlkan upp og gekk um kring; því að hún var tólf ára. Og þegar í stað urðu þeir frá sér af mikilli undrun, 43 og hann lagði ríkt á við þá að láta engan vita þetta, og bauð að gefa henni að eta.

6. kafli

1 Og hann gekk út þaðan, og hann kemur til föðurborgar sinnar og

lærisveinar hans fylgja honum. 2 Og er hvíldardagur kom, tók hann að kenna
í samkunduhúsinu, og margir, sem á hlýddu, undruðust stórum og sögðu:
Hvaðan kemur þessum manni þetta? Og hvílík speki er þessum manni gefin,
og hvílík kraftaverk gjörast fyrir hendur hans! 3 Er hann ekki smiðurinn,
sonur Maríu, og bróðir Jakobs og Jóse og Júdasar og Símonar? Og eru ekki
systur hans hér hjá oss? Og þeir hneyksluðust á honum. 4 Og Jesús sagði við
þá: Eigi er spámaður óvirtur nema í föðurlandi sínu og meðal ættingja sinna
og á heimili sínu. 5 Og ekki gat hann gjört þar neitt kraftaverk, nema hann
lagði hendur yfir fáeina sjúka og læknaði þá; 6 og hann furðaði sig á vantrú
þeirra. Og hann fór um þorpin þar umhverfis og kendi. 7 Og hann kallar til
sín þá tólf, og tók að senda þá frá sér, tvo og tvo saman, og gaf þeim vald
yfir hinum óhreinu öndum. 8 Og hann bauð þeim að taka ekkert til
ferðarinnar, nema einungis staf, ekki brauð, ekki mal, ekki eirpeninga í belti,
9 en vera þó skóaðir ilskóm; og: Klæðist eigi tveim kyrtlum. 10 Og hann sagði
við þá: Hvar sem þér gangið inn í hús, þá dveljist þar, uns þér farið burt
þaðan. 11 Og hver sá staður, sem eigi veitir yður viðtöku og menn hlýða eigi
á yður, — farið þá burt þaðan og hristið af yður dustið undir fótum yðar,
þeim til vitnisburðar. 12 Og þeir fóru út og prédikuðu, til þess að menn skyldu
gjöra iðrun, 13 og þeir ráku út marga illa anda, og smurðu marga sjúka með
olíu og læknuðu þá. 14 Og Heródes konungur frétti þetta — því að nafn hans
var orðið heyrum kunnugt — og hann sagði: Jóhannes skírari er risinn upp
frá dauðum, og þess vegna eru kraftarnir máttugir í honum. 15 En aðrir
sögðu: Það er Elía; og aðrir sögðu: Hann er spámaður, rétt sem einn af
spámönnunum. 16 En er Heródes heyrði þetta, mælti hann: Jóhannes, sem eg
lét hálshöggva, hann er upp risinn. 17 Því að sjálfur hafði Heródes sent menn
og tekið Jóhannes höndum og fjötrað hann í varðhaldi vegna Heródíasar,
konu Fillippusar bróður síns, því að hann hafði gengið að eiga hana; 18 því að
Jóhannes sagði við Heródes: Þú mátt ekki eiga konu bróður þíns. 19 En
Heródías bar illan hug til hans og vildi deyða hann, og gat það ekki, 20 því að
Heródes óttaðist Jóhannes, þar eð hann vissi, að hann var maður réttlátur og
heilagur, og verndaði hann; og er hann hafði hlustað á hann, komst hann í
mikinn vanda, og með ánægju hlustaði hann á hann. 21 Og er hentugur dagur
kom, er Heródes á afmælisdegi sínum gjörði veislu gæðingum sínum,
hershöfðingjum og helstu mönnum í Galíleu, 22 og dóttir sjálfrar Heródíasar

kom inn og dansaði, geðjaðist hún Heródesi og þeim er sátu að borðum með honum; og konungurinn sagði við stúlkuna: Bið mig hvers þú vilt, og mun eg veita þér; 23 og hann hét henni með eiði: Hvers sem þú beiðist af mér, það mun eg veita þér, alt að helmingi ríkis míns. 24 Og hún gekk út og spurði móður sína: Um hvað á eg að biðja? En hún mælti: Um höfuð Jóhannesar skírara. 25 Og jafnskjótt kom hún með skyndi inn til konungsins, bað hann og mælti: Eg vil að þú þegar í stað gefir mér á fati höfuð Jóhannesar skírara. 26 Og þó að konungurinn yrði mjög hryggur, vildi hann ekki óvirða hana sökum eiðanna og boðsmannanna. 27 Og konungurinn sendi þegar einn varðmanna sinna og bauð að færa sér höfuð hans. 28 Og hann fór og hjó hann í varðhaldinu, og hann kom með höfuð hans á fati og færði stúlkunni, og stúlkan færði það móður sinni. 29 Og er lærisveinar hans fréttu þetta, komu þeir og tóku lík hans og lögðu það í gröf. 30 Og postularnir koma saman til Jesú, og þeir sögðu honum frá öllu, er þeir höfðu gjört, og öllu, er þeir höfðu kent. 31 Og hann segir við þá: Komið þér nú sjálfir einir saman á óbygðan stað og hvílist um stund, — því að margir voru komandi og farandi, og þeir höfðu ekki einu sinni næði til að matast. 32 Og þeir fóru burt á bátnum á óbygðan stað, einir sér. 33 Og menn sáu þá fara burt, og margir þektu þá; og menn streymdu þangað saman fótgangandi frá öllum borgunum og komu á undan þeim. 34 Og er hann steig af skipi, sá hann mikinn mannfjölda, og hann kendi í brjósti um þá, því að þeir voru sem sauðir, er eigi hafa hirði, og hann tók að kenna þeim margt. 35 Og er mjög var orðið áliðið dags, komu til hans lærisveinar hans og sögðu: Staðurinn er óbygður og þegar mjög liðið á daginn. 36 Lát þá fara frá þér, svo að þeir geti farið á sveitabýlin og í þorpin hér um kring og keypt sér eitthvað til matar. 37 En hann svaraði og sagði við þá: Gefið þér þeim að eta. Og þeir segja við hann: Eigum vér að fara og kaupa brauð fyrir tvö hundruð denara, og gefa þeim að eta? 38 En hann segir við þá: Hve mörg brauð hafið þér? Farið og gætið að. Og er þeir höfðu athugað það, segja þeir: Fimm, og tvo fiska. 39 Og hann bauð þeim að láta alla setjast niður í grængresið, hvert mötuneyti fyrir sig. 40 Og þeir settust niður í flokkum, hundrað í sumum, en fimtíu í sumum. 41 Og hann tók fimm brauðin og fiskana tvo og leit upp til himins, blessaði og braut brauðin, og fékk lærisveinunum, til að bera fram fyrir þá; og fiskunum tveim skifti hann meðal allra; 42 og allir neyttu og urðu mettir. 43 Og þeir tóku upp brotnu

brauðin, tólf karfir fullar, og einnig fiskleifarnar. 44 Og þeir, sem brauðanna neyttu, voru fimm þúsund karlmenn. 45 Og jafnskjótt neyddi hann lærisveina sína til að fara út í bátinn og fara á undan sér yfir um til Betsaída, meðan hann sjálfur kæmi mannfjöldanum frá sér. 46 Og er hann hafði kvatt þá, fór hann burt til fjallsins að biðjast fyrir. 47 Og er kveld var komið, var báturinn á miðju vatninu, en hann einn á landi; 48 og er hann sá að róðurinn gekk þeim mjög örðugt, því að vindurinn var í móti þeim, kemur hann um fjórðu næturvöku til þeirra gangandi á vatninu og ætlaði að ganga fram hjá þeim. 49 En er þeir sáu hann gangandi á vatninu, hugðu þeir að það væri vofa, og æptu upp yfir sig; 50 því að allir sáu þeir hann og urðu felmtsfullir; en hann talaði jafnskjótt til þeirra og segir við þá: Verið hughraustir, það er eg, óttist ekki. 51 Og hann fór til þeirra upp í bátinn, og lægði þá veðrið. Og með sjálfum sér urðu þeir mjög undrandi; 52 því að eigi höfðu þeir fengið skilning við það, sem fram hafði farið við brauðin, heldur var hjarta þeirra forhert. 53 Og er þeir höfðu farið yfir um, komu þeir að landi við Genesaret og lögðu þar að; 54 og er þeir stigu af skipinu, þektu menn hann undir eins, 55 og hlupu um alt það bygðarlag, og tóku að bera sjúklingana í burðarrekkjum fram og aftur, þar sem þeir heyrðu að hann væri. 56 Og hvar sem hann fór inn, inn í þorp eða inn í borgir eða inn á sveitabýli, þá lögðu þeir sjúka menn á torgin og báðu hann, að þeir aðeins mættu snerta faldinn á yfirhöfn hans; og allir þeir, er snertu hann, urðu heilir.

7. kafli

1 Og að honum safnast Farísearnir og nokkrir af fræðimönnunum, er komnir voru frá Jerúsalem 2 og höfðu séð, að nokkrir af lærisveinum hans neyttu matar með vanhelgum höndum, það er að segja: óþvegnum; — 3 því að Farísearnir og allir Gyðingar eta ekki, nema þeir taki rækilega handlaugar, og fylgja þeir í því setningum fyrri tíðar manna; 4 og er þeir koma frá torgi, neyta þeir eigi matar, nema þeir þvoi sér. Og margt annað er það, er þeir hafa bundist að gæta: þvottur á bikurum og könnum og eirkötlum. 5 Og Farísearnir og fræðimennirnir spyrja hann: Hví fylgja lærisveinar þínir ekki setningum fyrri tíðar manna, heldur neyta matar með vanhelgum höndum? 6 Og hann sagði við þá: Vel hefir Jesaja spáð um yður, þér hræsnarar! Eins og

ritað er: Þessi lýður heiðrar mig með vörunum, en hjörtu þeirra eru langt frá mér. 7 Og til einskis dýrka þeir mig, er þeir kenna lærdóma, sem eru manna boðorð. 8 Þér skeytið ekki boðum Guðs, en haldið fast við setninga manna. 9 Og hann sagði við þá: Dáfallega ónýtið þér boð Guðs, til þess að þér getið haldið yðar eigin setninga! 10 Því að Móse sagði: Heiðra föður þinn og móður þína, og: Hver, sem formælir föður eða móður, skal dauða deyja. 11 En þér segið: Ef maður segir við föður sinn eða móður sína: Það sem þér hefði getað orðið til styrks frá mér, er korban, það er að segja: heitfé, 12 þá leyfið þér honum ekki framar að gjöra neitt fyrir föður sinn eða móður sína, 13 og ónýtið þannig orð Guðs með setningum yðar, er þér hafið sett; og margt annað gjörið þér þessu líkt. 14 Og hann kallaði aftur til sín mannfjöldann og sagði við þá: Heyrið mig allir og skiljið. 15 Ekkert er það fyrir utan manninn, sem inn í hann fer, er geti saurgað hann, heldur það, sem út fer af manninum, það er það, sem saurgar manninn. 16 Hafi einhver eyru að heyra, hann heyri. † 17 Og er hann var genginn inn í hús frá mannfjöldanum, spurðu lærisveinar hans hann um líkinguna. 18 Og hann segir við þá: Eruð þér einnig svo skilningslausir? Skiljið þér ekki, að alt, sem utan að fer inn í manninn, getur ekki saurgað hann; 19 því að ekki fer það inn í hjarta hans, heldur í magann, og fer út í saurþróna. Með þessum orðum lýsti hann hreina sérhverja fæðu. 20 En hann sagði: Það sem út fer af manninum, það saurgar manninn. 21 Því að innan að, úr hjörtum mannanna, ganga út hinar illu hugsanir, frillulífi, þjófnaður, morð, 22 hórdómur, ágirnd, illmenska, svik, munaðarlífi, ilt auga, lastmæli, hroki, heimska; 23 alt þetta illa gengur út innan að og saurgar manninn. 24 Og hann tók sig upp þaðan og fór burt til landamæra Týrusar og Sídonar, og hann fór inn í hús nokkurt og vildi að enginn vissi, og eigi gat hann dulist, 25 heldur heyrði hans jafnskjótt getið kona nokkur, er átti dóttur, sem hafði óhreinan anda; kom hún og féll honum til fóta; 26 en konan var grísk, kynjuð úr Fönikíu sýrlensku, og hún bað hann að reka illa andann út frá dóttur sinni. 27 En hann sagði við hana: Lofaðu börnunum að seðjast fyrst, því að það er ekki fallegt að taka brauðið barnanna og kasta því fyrir hvolpana. 28 En hún svaraði og segir við hann: Satt er það, herra, þó eta hvolparnir undir borðinu af molum barnanna. 29 Og hann sagði við hana: Fyrir sakir þessa orðs þá far héðan, illi andinn er farinn út frá dóttur þinni. 30 Og hún fór heim til sín og fann barnið lagt á rúmið og illa andann út farinn.

31 Og aftur fór hann burt frá Týrusarbygðum og fór um Sídon til Galíleuvatns, um miðjar Dekapólisbygðir. 32 Og þeir færa honum mann daufan og málhaltan, og þeir biðja hann að leggja hönd sína yfir hann. 33 Og hann vék honum afsíðis frá mannfjöldanum, stakk fingrum sínum í eyru honum og hrækti og snart við tungu hans. 34 Og hann leit upp til himins, andvarpaði og segir við hann: Effata! það er: opnist þú! 35 Og eyru hans opnuðust og haft tungu hans losnaði, og hann talaði rétt. 36 Og hann lagði ríkt á við þá, að þeir segðu engum frá; en því meir sem hann bauð þeim, því miklu fremur báru þeir það út. 37 Og þeir undruðust næsta mjög og sögðu: Alt hefir hann gjört vel, jafnvel daufa lætur hann heyra og mállausa mæla.

8. kafli

1 Um þessar mundir, er enn var mikill mannfjöldi saman kominn og þeir höfðu ekkert til matar, kallaði hann á lærisveina sína og segir við þá: 2 Eg kenni í brjósti um mannfjöldann, því að þeir hafa nú þrjá daga hjá mér verið, og hafa ekkert til matar; 3 og ef eg læt þá frá mér fara fastandi heim til sín, verða þeir magnþrota á leiðinni; og sumir þeirra eru komnir langt að. 4 Og lærisveinar hans svöruðu honum: Hvaðan skyldi maður geta mettað þessa menn á brauði hér í óbygð? 5 Og hann spurði þá: Hve mörg brauð hafið þér? En þeir sögðu: Sjö. 6 Og hann býður mannfjöldanum að setjast niður á jörðina, og hann tók brauðin sjö, gjörði þakkir og braut þau og rétti lærisveinum sínum, til þess að þeir bæru þau fram, og þeir báru þau fram fyrir mannfjöldann. 7 Og þeir höfðu fáeina smáfiska; og er hann hafði blessað þá, bauð hann að þá skyldi og bera fram; 8 og þeir neyttu og urðu mettir. Og þeir tóku upp brotnu brauðin, sem afgangs voru, sjö karfir. 9 En þeir voru hér um bil fjórar þúsundir, og hann lét þá fara. 10 Og jafnskjótt steig hann út á skipið með lærisveinum sínum og kom í Dalmanútabygðir. 11 Og Farísearnir komu út og tóku að þrátta við hann og kröfðust af honum teikns af himni, til að freista hans; 12 og hann stundi þungan í anda sínum og segir: Hví krefst þessi kynslóð tákns? Sannlega segi eg yður: alls eigi mun tákn verða gefið þessari kynslóð. 13 Og hann skildi við þá, steig aftur á skip og fór yfir um. 14 Og þeim hafði gleymst að taka með sér brauð, og þeir höfðu ekki nema eitt brauð með sér á skipinu. 15 Og hann bauð þeim, segjandi: Gefið

gætur, varið yður á súrdeigi Faríseanna og súrdeigi Heródesar. 16 Og þeir töluðu hver við annan og sögðu: Vér höfum ekki brauð. 17 Og er Jesús varð þess vís, segir hann við þá: Hvað eruð þér að tala um, að þér hafið ekki brauð? Skynjið þér ekki enn né skiljið? Hafið þér forhert hjarta? 18 Þér hafið augu, sjáið þér þá ekki? Og þér hafið eyru, heyrið þér þá ekki? Og munið þér ekki? 19 Þegar eg braut brauðin fimm handa fimm þúsundunum, hversu margar karfir fullar af brotnum brauðum tókuð þér upp? Þeir segja við hann: Tólf. 20 Og þegar eg braut þau sjö handa fjórum þúsundunum, hversu margar fullar karfir af brotnum brauðum tókuð þér þá upp? Og þeir segja við hann: Sjö. 21 Og hann sagði við þá: Skiljið þér eigi enn? 22 Og þeir koma til Betsaída; og menn koma með blindan mann til hans og biðja hann að snerta hann. 23 Og hann tók í hönd blinda manninum og leiddi hann út úr þorpinu og hrækti í augu honum, lagði hendur yfir hann, og spurði hann: Sér þú nokkuð? 24 Og hann leit upp og mælti: Eg sé mennina, því að eg sé þá, rétt eins og tré, á gangi. 25 Síðan lagði hann aftur hendur sínar yfir augu hans, og sjón hans varð hvöss, og hann varð albata og sá alla hluti glögt. 26 Og hann sendi hann frá sér heim til sín, og sagði: Þú mátt ekki einu sinni fara inn í þorpið. 27 Og Jesús fór út og lærisveinar hans til þorpanna í kring um Sesareu Filippí, og á leiðinni spurði hann lærisveina sína og sagði við þá: Hvern segja menn mig vera? 28 Og þeir svöruðu honum, segjandi: Jóhannes skírara, og aðrir: Elía; en aðrir: einn af spámönnunum. 29 Og hann spurði þá: En hvern segið þér mig vera? Pétur svaraði og segir við hann: Þú ert Kristur. 30 Og hann lagði ríkt á við þá, að þeir segðu engum um sig. 31 Og hann tók að kenna þeim, að mannsins sonur ætti margt að líða og verða útskúfaður af öldungunum og æðstu prestunum og fræðimönnunum og verða deyddur, og rísa upp eftir þrjá daga. 32 Þetta sagði hann með berum orðum. Og Pétur tók hann á einmæli og fór að átelja hann. 33 En hann snerist við, og er hann sá lærisveina sína, ávítaði hann Pétur og segir: Haf þig á burt frá mér, Satan, því að eigi skynjar þú það, sem Guðs er, heldur það, sem manna er. 34 Og hann kallaði til sín mannfjöldann, ásamt lærisveinum sínum, og sagði við þá: Vilji einhver fylgja mér, þá afneiti hann sjálfum sér, og taki upp kross sinn og fylgi mér; 35 því að hver, sem vill bjarga lífi sínu, skal týna því; en hver sem týnir lífi sínu vegna mín og fagnaðarerindisins, mun bjarga því. 36 Því að hvað stoðar það manninn, að vinna allan heiminn og fyrirgjöra sálu sinni? 37

Því að hvaða endurgjald mundi maður gefa fyrir sálu sína? 38 Því að hver sem blygðast sín fyrir mig og mín orð hjá þessari hórsömu og syndugu kynslóð, fyrir hann mun og mannsins sonur blygðast sín, þegar hann kemur í dýrð föður síns með heilögum englum.

9. kafli

1 Og hann sagði við þá: Sannlega segi eg yður, af þeim, er hér standa, eru nokkrir, sem alls eigi munu smakka dauðann, fyr en þeir sjá guðsríkið komið með krafti. 2 Og eftir sex daga tekur Jesús þá Pétur, Jakob og Jóhannes með sér og fer með þá eina saman upp á hátt fjall, og hann ummyndaðist að þeim ásjáandi; 3 og klæði hans urðu skínandi, fannhvít, hvítari en nokkur þófari á jörðu getur gjört. 4 Og þeim birtist Elía ásamt Móse, og voru þeir á tali við Jesúm. 5 Og Pétur tók til máls og segir við Jesúm: Rabbí, gott er að vér erum hér; og gjörum þrjár tjaldbúðir, þér eina, og Móse eina, og Elía eina. 6 Því að eigi vissi hann, hvað hann átti að segja, því að þeir urðu mjög hræddir. 7 Og ský kom, er skygði yfir þá, og rödd kom út úr skýinu: Þessi er sonur minn, hinn elskaði, hlýðið honum! 8 Og er þeir litu í kring um sig, sáu þeir alt í einu engan framar nema Jesúm einn hjá sér. 9 Og er þeir gengu niður af fjallinu, lagði hann ríkt á við þá, að þeir segðu engum frá því, er þeir höfðu séð, fyr en mannsins sonur væri risinn upp frá dauðum. 10 Og þeir geymdu orðið og spurðust á sín í milli, hvað það væri að rísa upp frá dauðum. 11 Og þeir spurðu hann, segjandi: Fræðimennirnir segja að Elía eigi fyrst að koma. 12 Og hann sagði við þá: Já, Elía kemur fyrst og færir alt í lag; og hvernig er ritað um mannsins son, að hann skuli líða margt og verða smáður? 13 En eg segi yður, að Elía er kominn, og þeir hafa við hann gjört alt, er þá fýsti, eins og ritað er um hann. 14 Og er þeir komu til lærisveinanna, sáu þeir mannfjölda mikinn í kring um þá og fræðimenn, er voru að þrátta við þá; 15 og öllum mannfjöldanum hnykti við, jafnskjótt og þeir sáu hann, og þeir hlupu að og heilsuðu honum. 16 Og hann spurði þá: Um hvað eruð þér að þrátta við þá? 17 Og einn úr mannfjöldanum svaraði honum: Meistari, eg færði til þín son minn, er hefir mállausan anda; 18 og hvar sem hann tekur hann, slengir hann honum, og hann froðufellir og gnístir tönnum, og hann visnar upp. Og eg sagði við lærisveina þína, að þeir skyldu reka hann út, en

þeir gátu það ekki. 19 En hann svarar þeim og segir: Ó, þú vantrúa kynslóð, hversu lengi á eg að vera hjá yður? Hversu lengi á eg að umbera yður? Færið hann til mín. 20 Og þeir færðu hann til hans, og er hann sá hann, teygði andinn hann strax allan sundur og saman, og hann féll til jarðar, veltist um og froðufeldi. 21 Og hann spurði föður hans: Hve langt er síðan þetta kom yfir hann? Og hann sagði: Frá því hann var barn. 22 Og oft hefir hann kastað honum bæði á eld og í vatn, til að tortíma honum; en ef þú getur nokkuð, þá sjá aumur á okkur og hjálpa okkur. 23 En Jesús sagði við hann: Ef þú getur! Trúuðum er alt mögulegt. 24 Jafnskjótt hrópaði faðir sveinsins og sagði: Eg trúi; hjálpa þú vantrú minni! 25 Nú er Jesús sá, að mannfjöldi þyrptist að, hastaði hann á hinn óhreina anda og sagði við hann: Þú dumbi og daufi andi, eg býð þér, far út af honum, og kom eigi framar inn í hann! 26 Og hann hrópaði og teygði hann sundur og saman og fór út; og sveinninn varð sem nár, svo að margir sögðu: Hann er skilinn við. 27 En Jesús tók um hönd hans og reisti hann upp, og hann reis á fætur. 28 Og þegar Jesús var kominn inn, spurðu lærisveinar hans hann einslega, segjandi: Vér gátum ekki rekið hann út. 29 Og hann sagði við þá: Þess konar getur ekki farið út við neitt nema við bæn. 30 Og þeir fóru burt þaðan og lögðu leið yfir Galíleu, og hann vildi ekki að neinn skyldi vita það; 31 því að hann kendi lærisveinum sínum og sagði við þá: Mannsins sonur verður framseldur í manna hendur, og þeir munu lífláta hann, og er hann er líflátinn, mun hann upp rísa eftir þrjá daga. 32 En þeir skildu ekki það sem hann sagði, og þorðu ekki að spyrja hann. 33 Og er þeir komu til Kapernaum, og er hann var kominn inn í húsið, spurði hann þá: Hvað voruð þér að ræða um á leiðinni? 34 En þeir þögðu, því að þeir höfðu verið að tala um það á leiðinni hver við annan, hver þeirra væri mestur. 35 Og hann settist niður og kallaði til sín þá tólf og segir við þá: Ef einhver vill vera fremstur, þá sé hann síðastur allra og þjónn allra. 36 Og hann tók ungbarn og setti það meðal þeirra, og tók það sér í fang, og sagði við þá: 37 Hver sem meðtekur eitt af slíkum ungbörnum í mínu nafni, hann meðtekur mig; en hver sem meðtekur mig, hann meðtekur ekki mig, heldur þann sem sendi mig. 38 Jóhannes sagði við hann: Meistari, vér sáum mann einn, sem í þínu nafni rak út illa anda, og vér bönnuðum honum það, af því að hann fylgdi oss ekki. 39 En Jesús sagði: Bannið honum það ekki; því að enginn er sá, sem gjörir kraftaverk í mínu nafni og rétt á eftir getur talað illa um mig. 40 Því að

sá sem ekki er á móti oss, hann er með oss; 41 því að hver sem gefur yður bikar vatns að drekka, af því að þér eruð Krists, sannlega segi eg yður, eigi mun hann fara á mis við laun sín. 42 Og hver sem hneykslar einn af þessum smælingjum, sem á mig trúa, betra væri honum að stór kvarnarsteinn lægi um háls honum og honum væri varpað í hafið. 43 Og ef hönd þín hneykslar þig, þá sníð hana af; betra er þér inn að ganga handarvana til lífsins en að hafa báðar hendurnar og fara til Gehenna, í hinn óslökkvandi eld. 44 þar sem ormar þeirra deyja ekki og eldurinn slokknar ekki. † 45 Og ef fótur þinn hneykslar þig, þá sníð hann af; betra er þér höltum inn að ganga til lífsins en að þú hafir báða fæturna og þér verði kastað í Gehenna. 46 þar sem ormar þeirra deyja ekki og eldurinn slokknar ekki. † 47 Og ef auga þitt hneykslar þig, þá kasta því burt; betra er þér eineygðum inn að ganga í guðsríkið en að þú hafir bæði augu og þér verði kastað í Gehenna, 48 þar sem ormur þeirra eigi deyr og eldurinn sloknar ekki. 49 Því að sérhver mun eldi saltast. 50 Saltið er gott; en ef saltið missir seltu sína, með hverju viljið þér krydda það? Hafið salt í sjálfum yður, og haldið friði yðar á milli.

10. kafli

1 Og hann tók sig upp þaðan og kemur í Júdeubygðir og hinumegin Jórdanar, og fjöldi fólks kemur aftur saman til hans, og kendi hann þeim enn, eins og hann var vanur. 2 Og Farísear komu og spurðu hann, hvort manni væri leyfilegt að skilja við konu sína, og voru þeir að freista hans. 3 En hann svaraði og sagði við þá: Hvað hefir Móse boðið yður? 4 En þeir sögðu: Móse leyfði að rita skilnaðarskrá og skilja við hana. 5 En Jesús sagði við þá: Vegna hjartaharðúðar yðar ritaði hann yður þetta boðorð; 6 en frá upphafi sköpunar gjörði hann þau karl og konu. 7 Fyrir því skal maður yfirgefa föður sinn og móður, og búa við eiginkonu sína; 8 og þau tvö skulu verða eitt hold. Þannig eru þau ekki framar tvö, heldur eitt hold. 9 Það sem Guð því hefir tengt saman, má eigi maður sundur skilja. 10 Og inni í húsinu spurðu lærisveinarnir hann aftur um þetta. 11 Og hann segir við þá: Hver sem segir skilið við konu sína og gengur að eiga aðra, hann drýgir hór gegn henni; 12 og ef hún skilur við mann sinn og giftist öðrum, þá drýgir hún hór. 13 Og menn færðu börn til hans, til þess að hann skyldi snerta þau, en lærisveinarnir ávítuðu þá. 14 En er

Jesús sá það, gramdist honum það og hann sagði við þá: Leyfið börnunum að koma til mín og bannið þeim það ekki, því að slíkra er guðsríkið. **15** Sannlega segi eg yður: hver sem ekki meðtekur guðsríkið eins og barn, mun alls eigi inn í það koma. **16** Og hann tók þau sér í fang, lagði hendur yfir þau og blessaði þau. **17** Og er hann var kominn út á veginn, kom maður hlaupandi, féll á kné fyrir honum og spurði hann: Góði meistari, hvað á eg að gjöra, til þess að eg erfi eilíft líf? **18** En Jesús sagði við hann: Hví kallar þú mig góðan? Enginn er góður, nema einn, það er Guð. **19** Þú þekkir boðorðin: Þú skalt ekki morð fremja; þú skalt ekki drýgja hór; þá skalt ekki stela; þá skalt ekki bera ljúgvitni; þú skalt ekki féfletta; heiðra föður þinn og móður **20** En hann sagði við hann: Meistari, alls þessa hefi eg gætt frá æsku minni. **21** En Jesús horfði á hann og fékk ást á honum og sagði við hann: Eins er þér vant; far þú og sel allar eigur þínar og gef fátækum, og munt þú fjársjóð eiga á himni; og kom og fylg mér. **22** En hann varð dapur í bragði við þetta orð og fór burt hryggur, því að hann átti miklar eignir. **23** Og Jesús leit í kring um sig og segir við lærisveina sína: Hversu torvelt mun verða fyrir þá sem auðæfin hafa, að ganga inn í guðsríkið? **24** En lærisveinarnir urðu forviða við orð hans, en Jesús tók aftur til máls og segir við þá: Börn mín, hversu torvelt er fyrir þá, sem treysta auðæfunum, að ganga inn í guðsríkið. **25** Auðveldara er fyrir úlfaldann að ganga í gegnum nálaraugað en fyrir ríkan mann að ganga inn í guðsríkið. **26** En þeir urðu öldungis forviða og sögðu við hann: Hver getur þá orðið hólpinn? **27** Jesús horfði á þá og segir: Fyrir mönnum er það ómögulegt, en ekki fyrir Guði; því að alt er mögulegt fyrir Guði. **28** Pétur tók til máls og segir við hann: Sjá, vér höfum yfirgefið alt og fylgt þér. **29** Jesús sagði: Sannlega segi eg yður, enginn er sá, er hefir yfirgefið heimili, eða bræður eða systur, eða móður eða föður, eða börn eða akra, vegna mín og vegna fagnaðarerindisins, **30** að ekki fái hann hundraðfalt, nú á þessum tíma heimili og bræður og systur og mæður og börn og akra, ásamt ofsóknum, og í hinum komandi heimi eilíft líf. **31** En margir þeir, er fyrstir eru, skulu verða síðastir, og hinir síðustu fyrstir. **32** En þeir voru á leiðinni upp til Jerúsalem, og Jesús gekk á undan þeim, og þeir voru utan við sig; og þeir, sem fylgdust með, voru hræddir; og hann tók aftur til sín þá tólf og fór að segja þeim, hvað fram við sig ætti að koma: **33** Sjá, vér förum upp til Jerúsalem; og mannsins sonur mun verða framseldur æðstu prestunum og fræðimönnunum, og þeir munu

dæma hann til dauða, og framselja hann heiðingjunum. **34** Og þeir munu hæða hann, og þeir munu hrækja á hann og þeir munu húðstrýkja hann og deyða, og eftir þrjá daga mun hann upp rísa. **35** Þá ganga þeir til hans Jakob og Jóhannes, synir Sebedeusar, og segja við hann: Meistari, okkur langar til að þú gjörir fyrir okkur það, sem við ætlum að biðja um. **36** En hann sagði við þá: Hvað viljið þið að eg gjöri fyrir ykkur? **37** En þeir sögðu við hann: Veit okkur, að við fáum að sitja annar til hægri handar þér og annar til vinstri handar í dýrð þinni. **38** En Jesús sagði við þá: Þið vitið ekki, hvers þið biðjið; getið þið drukkið bikarinn, sem eg drekk, eða skírst þeirri skírn, sem eg skírist? **39** En þeir sögðu við hann: Það getum við. En Jesús sagði við þá: Bikarinn, sem eg drekk, munuð þið drekka, og þið munuð skírast þeirri skírn, sem eg skírist; **40** en að sitja mér til hægri handar eða vinstri handar, er ekki mitt að veita, heldur veitist það þeim, sem það er fyrirbúið. **41** Og er þeir tíu heyrðu þetta, vaknaði hjá þeim gremja við Jakob og Jóhannes. **42** Og Jesús kallaði þá til sín og segir við þá: Þér vitið, að þeir, sem talið er að ríki yfir þjóðunum, drotna yfir þeim, og höfðingjar þeirra láta þá kenna á valdi sínu; **43** en eigi er því svo farið yðar á meðal, en sérhver sá, er vill verða mikill yðar á meðal, hann skal vera þjónn yðar; **44** og sérhver sá, er vill yðar á meðal vera fremstur, hann skal vera allra þræll. **45** Því að mannsins sonur er ekki heldur kominn til þess að láta þjóna sér, heldur til þess að þjóna og til þess að gefa líf sitt til lausnargjalds fyrir marga. **46** Og þeir koma til Jeríkó. Og þegar hann fór út úr Jeríkó og lærisveinar hans og mikill mannfjöldi, sat Bartímeus, sonur Tímeusar, blindur beiningamaður við veginn. **47** Og er hann heyrði, að það var Jesús frá Nazaret, tók hann að hrópa og segja: Jesú, sonur Davíðs, miskunna þú mér! **48** Og margir höstuðu á hann, til þess að hann skyldi þegja, en hann hrópaði því meir: Sonur Davíðs, miskunna þú mér! **49** Og Jesús nam staðar og sagði: Kallið á hann. Og þeir kalla á blinda manninn og segja við hann: Vertu hughraustur, stattu upp, hann kallar á þig. **50** En hann kastaði frá sér yfirhöfn sinni, stökk á fætur og kom til Jesú. **51** Og Jesús svaraði honum og sagði: Hvað viltu að eg gjöri við þig? Og blindi maðurinn sagði við hann: Rabbúní, það, að eg fái aftur sjón mína. **52** En Jesús sagði við hann: Far þú leiðar þinnar, trú þín hefir gjört þig heilan. Og jafnskjótt fékk hann aftur sjónina og fylgdi honum áleiðis.

11. kafli

1 Og er þeir nálgast Jerúsalem og koma til Betfage og Betaníu við Olíufjallið, sendir hann tvo af lærisveinum sínum og segir við þá: **2** Farið þið í þorpið, sem gegnt ykkur er, og jafnskjótt er þið komið inn í það, munuð þið finna fola bundinn, sem enginn maður enn hefir komið á bak; leysið hann og komið með hann. **3** Og ef einhver segir við ykkur: Hvers vegna gjörið þið þetta? þá segið: Herrann þarf hans við, og hann sendir hann strax aftur hingað. **4** Og þeir fóru og fundu fola bundinn fyrir dyrum úti á strætinu og þeir leysa hann. **5** Og nokkrir af þeim, er þar stóðu, sögðu við þá: Hvers vegna leysið þið folann? **6** En þeir sögðu við þá eins og Jesús hafði sagt, og þeir létu þá fara. **7** Og þeir færa Jesú folann, og þeir leggja klæði sín yfir hann, og hann settist á bak. **8** Og margir breiddu yfirhafnir sínar á veginn, aðrir strá, er þeir skáru af ökrunum. **9** Og þeir, sem fóru á undan, og þeir, sem fylgdu á eftir, kölluðu: Hósanna! blessaður sé sá, sem kemur í nafni Drottins! **10** Blessað sé hið komandi konungsríki föður vors Davíðs! Hósanna í hæstum hæðum! **11** Og hann fór inn í Jerúsalem, inn í musterið, og er hann hafði litið yfir alt, fór hann með þeim tólf út til Betaníu, af því að kveld var komið. **12** Og morguninn eftir, er þeir voru farnir út úr Betaníu, kendi hann hungurs. **13** Og hann sá álengdar laufgað fíkjutré; fór hann þangað, ef hann kynni að finna eitthvað á því; og er hann kom að því, fann hann ekkert annað en lauf, því að ekki var fíknatíð. **14** Og hann tók til máls og sagði við það: Enginn eti ávöxt af þér framar að eilífu! Og lærisveinar hans heyrðu þetta. **15** Og þeir koma til Jerúsalem, og hann gekk inn í helgidóminn og tók til að reka út þá, sem seldu, og þá, sem keyptu í helgidóminum, og hratt um borðum víxlaranna og stólum dúfnasalanna. **16** Og eigi leyfði hann, að nokkur bæri ker um helgidóminn. **17** Og hann kendi og sagði við þá: Er ekki ritað: Hús mitt á að nefnast bænahús fyrir allar þjóðir? En þér hafið gjört það að ræningjabæli. **18** Og æðstu prestarnir og fræðimennirnir heyrðu það og velktu fyrir sér, hvernig þeir gætu ráðið hann af dögum, því að þeim stóð ótti af honum, því að allur mannfjöldinn undraðist kenningu hans. **19** Og á kveldin fór hann út úr borginni. **20** Og er þeir gengu fram hjá um morguninn, sáu þeir að fíkjutréð var visnað frá rótum. **21** Þá mintist Pétur þess og segir við hann: Rabbí, líttu á! fíkjutréð, sem þú formæltir, er visnað. **22** Og Jesús svaraði og

segir við þá: Trúið á Guð. 23 Sannlega segi eg yður, hver sem segir við fjall
þetta: Lyftist þú upp og steypist þú í hafið! og efar ekki í hjarta sínu, heldur
trúir að svo fari sem hann mælir, honum mun verða að því. 24 Fyrir því segi
eg yður: Hvers sem þér biðjið og beiðist, þá trúið að þér hafið öðlast það, og
þér munuð fá það. 25 Og er þér standið og biðjist fyrir, þá fyrirgefið, ef yður
þykir nokkuð við einhvern, til þess að faðir yðar á himnum einnig fyrirgefi
yður misgjörðir yðar. 26 En ef þér fyrirgefið ekki, mun faðir yðar, sá sem er á
himnum, ekki heldur fyrirgefa yður syndir yðar. † 27 Og þeir koma aftur til
Jerúsalem, og er hann var á gangi í musterinu, koma til hans æðstu
prestarnir, fræðimennirnir og öldungarnir. 28 Og þeir sögðu við hann: Með
hvaða valdi gjörir þú þetta? Eða hver hefir gefið þér þetta vald, að þú gjörir
þetta? 29 En Jesús sagði við þá: Eg vil leggja fyrir yður eina spurningu, og
svarið mér, og þá mun eg segja yður, með hvaða valdi eg gjöri þetta. 30 Var
skírn Jóhannesar frá himnum, eða frá mönnum? Svarið mér! 31 Og þeir
hugleiddu þetta með sér og sögðu: Ef vér segjum: frá himnum, mun hann
segja: Hví trúðuð þér honum þá ekki? 32 En ættum vér að segja: frá
mönnum? -— það þorðu þeir ekki fyrir lýðnum, því að allir héldu Jóhannes
sannlega fyrir spámann. 33 Og þeir svöruðu Jesú og segja: Vér vitum það
ekki. Og Jesús segir við þá: Þá segi eg yður ekki heldur, með hvaða valdi eg
gjöri þetta.

12. kafli

1 Og hann tók að tala til þeirra í líkingum: Maður nokkur plantaði víngarð,
og hlóð garð um hann og gróf fyrir vínþröng og gjörði turn, og seldi hann á
leigu víngarðsmönnum og fór úr landi. 2 Og á réttum tíma sendi hann þjón
sinn til víngarðsmannanna, til að taka við nokkuru af ávöxtum víngarðsins
hjá víngarðsmönnunum. 3 Og þeir tóku hann og börðu og sendu hann burt
tómhentan. 4 Og aftur sendi hann til þeirra annan þjón; og þeir veittu honum
höfuðhögg og svívirtu hann. 5 Og hann sendi annan, og hann drápu þeir, og
marga aðra: suma börðu þeir og suma drápu þeir. 6 Enn átti hann eftir einn,
elskaðan son; hann sendi hann síðastan til þeirra, og sagði: Þeir munu bera
virðingu fyrir syni mínum. 7 En þessir víngarðsmenn mæltu sín í milli: Þetta
er erfinginn, förum nú til og drepum hann, þá fáum vér arfinn. 8 Og þeir tóku

hann og drápu og köstuðu honum út fyrir víngarðinn. 9 Hvað mun nú herra víngarðsins gjöra? Hann mun koma og tortíma víngarðsmönnunum og gefa öðrum víngarðinn. 10 Hvort hafið þér eigi heldur lesið þessa ritningu: Steininn, er smiðirnir höfnuðu, sá hinn sami er orðinn að hyrningarsteini. 11 Þetta stafaði frá drotni og er undursamlegt fyrir augum vorum. 12 Og þeir vildu taka hann höndum, en þeir voru hræddir við alþýðuna, því að þeir skildu, að hann talaði líkinguna til þeirra; og þeir yfirgáfu hann og gengu á burt. 13 Og þeir senda til hans menn úr flokki Farísеanna og Heródesar-sinna, til þess að þeir skyldu veiða hann í orðum. 14 Og þeir koma og segja við hann: Meistari, vér vitum að þú ert sannorður og hirðir eigi um neinn, því að eigi fer þú að mannvirðingum, heldur kennir þú Guðs veg í sannleika; hvort leyfist að gjalda keisaranum skatt, eða ekki? Eigum vér að gjalda, eða ekki gjalda? 15 En hann sá undirhyggju þeirra og sagði við þá: Hví freistið þér mín? Færið mér denar, að eg sjái hann. 16 En þeir færðu honum hann. Og hann segir við þá: Hvers mynd og yfirskrift er þetta? En þeir sögðu við hann: Keisarans. 17 En Jesús sagði við þá: Gjaldið keisaranum það sem keisarans er, og Guði það sem Guðs er. Og þá furðaði stórlega á honum. 18 Og Saddúkear koma til hans, þeir er segja, að upprisa sé ekki til. Og þeir spurðu hann, segjandi: 19 Meistari, Móse reit oss það boð: Ef bróðir einhvers deyr og lætur eftir sig konu og lætur eigi eftir sig barn, þá gangi bróðir hans að eiga konu hans, og geti bróður sínum afkvæmi. 20 Nú voru sjö bræður, og hinn fyrsti tók sér konu, og er hann dó, lét hann eigi eftir afkvæmi. 21 Og annar bróðirinn gekk að eiga konuna; og hann dó og lét eigi eftir sig afkvæmi; og hinn þriðji sömuleiðis; 22 og þeir sjö létu eigi eftir sig afkvæmi; síðast allra dó einnig konan. 23 Kona hvers þeirra verður hún nú í upprisunni, því að þeir sjö áttu hana fyrir konu? 24 Jesús sagði við þá: Er það ekki af því sem þér villist, að þér hvorki þekkið ritningarnar né mátt Guðs? 25 Því að þegar menn rísa upp frá dauðum, munu þeir hvorki kvænast né giftast, heldur eru þeir eins og englar á himnum. 26 En að því er snertir hina dauðu, að þeir rísa upp, hvort hafið þér ekki lesið í bók Móse, þar sem talað er um þyrnirunninn, hvernig Guð talaði til hans og sagði: Eg er Guð Abrahams og Guð Ísaks og Guð Jakobs. 27 Ekki er hann Guð dauðra, heldur lifenda; þér villist stórlega. 28 Og einn af fræðimönnunum kom og heyrði á orðaskifti þeirra, og er honum skildist, að hann hafði svarað þeim vel, spurði hann hann: Hvert

boðorð er fyrst allra? 29 Jesús svaraði: Fyrst er þetta: Heyr, Ísrael! Drottinn, Guð vor, Drottinn er einn. 30 Og þú skalt elska Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta þínu og af allri sálu þinni og af öllum huga þínum og af öllum mætti þínum. 31 Annað er þetta: Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig. Ekkert annað boðorð er þessum meira. 32 Og fræðimaðurinn sagði við hann: Sannlega sagðist þér vel, meistari, að hann er einn, og enginn er annar en hann. 33 Og að elska hann af öllu hjarta og af öllum skilningi og af öllum mætti, og að elska náungann eins og sjálfan sig, er meira en allar brennifórnir og sláturfórnir. 34 Og er Jesús sá, að hann svaraði viturlega, sagði hann við hann: Þú ert ekki fjarri guðsríkinu. Og enginn þorði framar að spyrja hann. 35 Og Jesús tók til máls og sagði, er hann var að kenna í helgidóminum: Hvernig geta fræðimennirnir sagt, að Kristur sé sonur Davíðs? 36 Sjálfur Davíð sagði af heilögum anda: Drottinn sagði við minn Drottin: Set þig mér til hægri handar, þangað til eg gjöri óvini þína að skör fóta þinna. 37 Sjálfur Davíð kallar hann Drottin; og hvernig er hann þá sonur hans? Og hinn mikli mannfjöldi hlýddi fúslega á hann. 38 Og í kenningu sinni sagði hann: Varið yður á fræðimönnunum, sem vilja ganga í dragkyrtlum og vilja láta heilsa sér á torgunum 39 og kjósa sér efstu sætin í samkundunum og helstu sætin í veislunum, 40 þeir er eta upp heimili ekknanna og flytja langar bænir að yfirskini; þeir munu og fá því þyngri dóm. 41 Og hann settist niður gagnvart fjárhirslunni og horfði á mannfjöldann leggja peninga í fjárhirsluna; og margir auðmenn lögðu mikið. 42 Og ekkja nokkur fátæk kom og lagði tvo smápeninga, sem er einn eyrir. 43 Og hann kallaði til sín lærisveina sína og sagði við þá: Sannlega segi eg yður, þessi fátæka ekkja lagði meira en allir þeir, er lögðu í fjárhirsluna; 44 því að þeir lögðu allir af nægtum sínum, en hún lagði af skorti sínum alt það sem hún átti, alla björg sína.

13. kafli

1 Og er hann gekk út úr helgidóminum, segir einn af lærisveinum hans við hann: Meistari, líttu á, hvílíkir steinar og hvílík hús! 2 Og Jesús sagði við hann: Sér þú þessi miklu hús? Ekki mun hér verða skilinn eftir steinn yfir steini, er eigi verði rifinn niður. 3 Og er hann sat á Olíufjallinu gegnt helgidóminum, spurðu þeir Pétur og Jakob og Jóhannes og Andrés hann

einslega: 4 Seg þú oss, hve nær mun þetta verða og hvert verður teiknið, er
þetta alt á að fullkomnast? 5 En Jesús tók að segja þeim: Gætið þess, að
enginn leiði yður í villu. 6 Margir munu koma í mínu nafni, segjandi: Það er
eg, og marga munu þeir leiða í villu. 7 En er þér heyrið hernað og
hernaðartíðindi, þá skelfist ekki; þetta hlýtur að koma fram; en ekki er enn
kominn endirinn. 8 Því að þjóð mun rísa upp gegn þjóð og konungsríki gegn
konungsríki; landskjálftar munu verða á ýmsum stöðum; hungursneyð mun
verða; þetta er upphaf hörmunganna. 9 En gætið þér að sjálfum yður, því að
menn munu framselja yður á ráðsamkomur, og í samkundum munuð þér
barðir verða, og mín vegna munuð þér færðir verða fyrir landshöfðingja og
konunga, þeim til vitnisburðar. 10 Og fagnaðarerindið verður fyrst að vera
prédikað öllum þjóðum. 11 Og er þeir fara með yður til að framselja yður, þá
verið ekki áhyggjufullir fyrir fram um það, hvað þér eigið að tala, heldur
talið það, sem yður verður gefið á þeirri sömu stundu; því að það eruð ekki
þér sem talið, heldur heilagur andi. 12 Og bróðir mun framselja bróður sinn til
dauða, og faðir barn sitt; og börn munu rísa gegn foreldrum sínum og valda
þeim dauða. 13 Og þér munuð verða hataðir af öllum vegna nafns míns; en sá
sem stöðugur stendur alt til enda, hann mun hólpinn verða. 14 En er þér sjáið
viðurstygð eyðingarinnar standa þar, er ekki skyldi — lesarinn athugi það,
— þá flýi þeir, sem eru í Júdeu, til fjallanna. 15 En sá, sem er uppi á þakinu,
fari ekki ofan, né gangi inn, til að sækja eitthvað úr húsi sínu. 16 Og sá sem er
úti á akri, hann snúi ekki aftur, til að taka yfirhöfn sína. 17 En vei þeim, sem
þungaðar eru, og þeim, sem börn hafa á brjósti, á þeim dögum. 18 En biðjið,
að það verði ekki um vetur; 19 því að þá daga mun verða slík þrenging, að
engin hefir þvílík verið frá upphafi sköpunar, er Guð skapaði, alt til þessa, og
mun eigi verða. 20 Og ef Drottinn hefði eigi stytt þá daga, hefði ekkert hold
komist af; en sakir hinna útvöldu, er hann hefir útvalið, hefir hann stytt
dagana. 21 Og ef einhver þá segir við yður: Sjá, hér er Kristur, eða sjá, þar, þá
trúið ekki. 22 Því að upp munu rísa falskristar og falsspámenn, og þeir munu
gjöra tákn og undur, til að leiða afvega, ef verða mætti, hina útvöldu. 23 En
hafið gætur á, sjá, eg hefi sagt yður alt fyrir. 24 En á þeim dögum, eftir þessa
þrenging, mun sólin sortna og tunglið eigi gefa skin sitt; 25 og stjörnurnar
munu hrapa af himni, og kraftarnir, sem eru í himnunum, munu bifast. 26 Og
þá munu menn sjá mannsins son komandi í skýjum með miklum mætti og

dýrð. 27 Og þá mun hann senda út englana, og hann mun safna saman sínum útvöldum frá áttunum fjórum, frá endimörkum jarðar til endimarka himins. 28 En nemið líkinguna af fíkjutrénu: þegar greinin á því er orðin mjúk og fer að skjóta út laufum, þá vitið þér að sumarið er í nánd. 29 Þannig skuluð þér og vita, að þá er þér sjáið þetta koma fram, er hann í nánd, fyrir dyrum. 30 Sannlega segi eg yður: þessi kynslóð mun ekki líða undir lok, áður en þetta alt kemur fram. 31 Himinn og jörð munu líða undir lok, en orð mín munu ekki undir lok líða. 32 En um þann dag eða þá stund veit enginn, ekki einu sinni englarnir á himni, né sonurinn, heldur aðeins faðirinn. 33 Gætið yðar, vakið og biðjið, því að þér vitið ekki, hve nær tíminn er kominn. 34 Svo sem maður, er dvelst erlendis, hefir yfirgefið hús sitt og falið þjónum sínum umráðin, hverjum sitt verk, og hefir lagt fyrir dyravörðinn að vaka, — 35 þá vakið, því að þér vitið ekki, hve nær húsbóndinn kemur, hvort að kveldi eða um miðnætti, eða um hanagal, eða að morgni, 36 að hann hitti yður ekki sofandi, er hann kemur skyndilega. 37 En það sem eg segi yður, það segi eg öllum: vakið!

14. kafli

1 En tveim dögum síðar var hátíð páskanna og ósýrðu brauðanna, og æðstu prestarnir og fræðimennirnir velktu fyrir sér, hvernig þeir gætu höndlað hann með svikum og ráðið hann af dögum. 2 Því að þeir sögðu: Ekki á hátíðinni, svo að eigi verði uppþot hjá lýðnum. 3 Og er hann var í Betaníu í húsi Símonar líkþráa, kom kona, er hann sat yfir borðum; hafði hún alabasturs-buðk með ómenguðum, dýrum nardus-smyrslum; og hún braut alabasturs-buðkinn og helti yfir höfuð honum. 4 En þar voru nokkrir, er gramdist þetta með sjálfum sér: Til hvers var verið að eyða þannig smyrslunum? 5 Því að þessi smyrsl hefði mátt selja fyrir meira en þrjú hundruð denara og gefa fátækum. Og þeir atyrtu hana. 6 En Jesús sagði: Látið hana í friði! Hvað eruð þér að mæða hana? Gott verk gjörði hún á mér; 7 því að jafnan hafið þér fátæka menn hjá yður, og er þér viljið, getið þér gjört vel til þeirra, en mig hafið þér ekki ávalt. 8 Hún gjörði það, sem í hennar valdi stóð; hún hefir fyrirfram smurt líkama minn til greftrunarinnar. 9 En sannlega segi eg yður, hvar sem fagnaðarerindið verður prédikað um

allan heiminn, mun þess og getið verða, sem hún gjörði, til minningar um hana. **10** Og Júdas Ískaríot, einn af þeim tólf, fór til æðstu prestanna, til þess að framselja þeim hann. **11** En er þeir heyrðu það, urðu þeir glaðir, og hétu að gefa honum fé; og hann leitaði færis til að framselja hann. **12** Og á fyrsta degi ósýrðu brauðanna, er menn slátruðu páskalambinu, segja lærisveinar hans við hann: Hvert vilt þú að vér förum, til að búa þér páskamáltíðina? **13** Og hann sendir tvo af lærisveinum sínum og segir við þá: Farið til borgarinnar, og ykkur mun mæta maður, sem ber vatnskrús; fylgið honum; **14** og hvar sem hann kann að fara inn, þá segið við húsráðandann: Meistarinn segir: Hvar er herbergið mitt, þar sem eg megi neyta páskalambsins með lærisveinum mínum? **15** Og hann mun sýna ykkur loftsal mikinn, búinn hægindum, til reiðu, og gjörið þar fyrirbúnað handa oss. **16** Og lærisveinarnir fóru og komu í borgina, og hittu fyrir alt eins og hann hafði sagt þeim, og efndu til páskamáltíðarinnar. **17** Og er kveld var komið, kemur hann með þeim tólf. **18** Og er þeir sátu yfir borðum og mötuðust, sagði Jesús: Sannlega segi eg yður: einn af yður, sem etur með mér, mun svíkja mig. **19** Þeir tóku að hryggjast og segja við hann, hver um sig: Er það eg? **20** En hann sagði við þá: Það er einn af þeim tólf, sá sem dýfir með mér í fatið. **21** Því að mannsins sonur fer að sönnu héðan, eins og ritað hefir verið um hann, en vei þeim manni, sem því veldur, að mannsins sonur verður framseldur; betra væri þeim manni, að hann aldrei væri fæddur. **22** Og er þeir mötuðust, tók hann brauð, blessaði og braut það, og gaf þeim og sagði: Takið, þetta er líkami minn. **23** Og hann tók bikar, og gjörði þakkir og gaf þeim, og þeir drukku allir af honum. **24** Og hann sagði við þá: Þetta er blóð mitt, blóð sáttmálans, sem út helt er fyrir marga. **25** Sannlega segi eg yður, að héðan í frá mun eg ekki drekka af ávexti vínviðarins, til þess dags, er eg drekk hann nýjan í guðsríkinu. **26** Og er þeir höfðu sungið lofsönginn, fóru þeir út til Olíufjallsins. **27** Og Jesús segir við þá: Þér munuð allir hneykslast, því að ritað er: Eg mun slá hirðinn, og sauðirnir munu tvístrast. **28** En eftir að eg er vakinn frá dauðum, mun eg fara á undan yður til Galíleu. **29** En Pétur sagði við hann: Þótt jafnvel allir kunni að hneykslast, þá skal eg þó eigi. **30** Og Jesús segir við hann: Sannlega segi eg þér: í dag, á þessari nóttu, áður en haninn galar tvisvar, muntu þrisvar afneita mér. **31** En hann talaði því ákafar: Þó að eg ætti að deyja með þér, mun eg alls eigi afneita þér; og á sama hátt töluðu þeir einnig allir. **32** Og þeir

koma í garð, er heitir Getsemane, og hann segir við lærisveina sína: Setjist hér, meðan eg biðst fyrir. 33 Og hann tekur þá Pétur og Jakob og Jóhannes með sér, og tók að skjálfa og titra. 34 Og hann segir við þá: Sál mín er sárhrygg alt til dauða; bíðið hér og vakið. 35 Og hann gekk lítið lengra áfram, féll til jarðar og bað, ef það væri mögulegt, að sú stund liði fram hjá sér. 36 Og hann sagði: Abba, faðir! alt er þér mögulegt; tak þennan bikar frá mér; þó ekki sem eg vil, heldur sem þú vilt. 37 Og hann kemur og finnur þá sofandi; og hann segir við Pétur: Símon, sefur þú? gastu ekki vakað eina stund? 38 Vakið og biðjið, til þess að þér fallið ekki í freistni; andinn er að sönnu reiðubúinn, en holdið er veikt. 39 Og enn veik hann burt og bað með sömu orðum. 40 Og hann kom aftur og fann þá sofandi, því að augu þeirra voru yfirkomin af svefnþunga, og þeir vissu ekki, hverju þeir skyldu svara honum. 41 Og í þriðja sinn kemur hann og segir við þá: Sofið seinna og hvílist; nóg er sofið; stundin er komin; sjá, mannsins sonur er framseldur í hendur syndaranna. 42 Standið upp, förum; sjá, sá er í nánd, er mig svíkur. 43 Og jafnskjótt, meðan hann enn var að tala, kemur Júdas, einn af þeim tólf, og með honum mannfjöldi, með sverðum og bareflum, frá æðstu prestunum og fræðimönnunum og öldungunum. 44 En svikarinn hafði gefið þeim merki og sagt við þá: Sá er eg kyssi, hann er það; handtakið hann og farið tryggilega burt með hann. 45 Og er hann kom, gengur hann þegar að honum og segir: Rabbí! og kysti hann. 46 En þeir lögðu hendur á hann og tóku hann. 47 En einn af þeim, sem hjá stóðu, brá sverði og hjó til þjóns æðsta prestsins, og sneið af honum eyrað. 48 Og Jesús tók til máls og sagði við þá: Lögðuð þér af stað eins og á móti ræningja, með sverðum og bareflum, til þess að handtaka mig? 49 Daglega var eg hjá yður í musterinu og kendi, og þér handtókuð mig ekki; en þetta er fram komið, til þess að ritningarnar rættust. 50 Og þeir yfirgáfu hann allir og flýðu. 51 Og maður nokkur ungur fylgdist með honum; hann var hjúpaður línklæði á berum sér. Og þeir leggja hönd á hann, 52 en hann lét eftir línklæðið og flýði nakinn. 53 Og þeir færðu Jesúm til æðsta prestsins, og hjá honum koma saman allir æðstu prestarnir og öldungarnir og fræðimennirnir. 54 Og Pétur fylgdi honum álengdar, alt inn í hallargarð æðsta prestsins, og hann sat hjá þjónunum og vermdi sig við logann. 55 En æðstu prestarnir og alt ráðið leitaði vitna gegn Jesú, til að lífláta hann, og fundu engin. 56 Því að margir báru ljúgvitni gegn honum, en framburði þeirra bar

ekki saman. 57 Og nokkrir stóðu upp og báru ljúgvitni gegn honum, segjandi: 58 Vér heyrðum hann segja: Eg mun brjóta niður musteri þetta, er með höndum er gjört, og á þrem dögum reisa annað, sem ekki er með höndum gjört. 59 Og ekki bar þeim heldur saman um þetta. 60 Og æðsti presturinn stóð upp á meðal þeirra og spurði Jesúm, segjandi: Svarar þú alls engu? Hvað vitna þessir gegn þér? 61 En hann þagði og svaraði alls engu. Enn spurði æðsti presturinn hann og segir við hann: Ertu Kristur, sonur hins blessaða? 62 Og Jesús sagði: Eg er; og þér munuð sjá mannsins son sitja til hægri handar máttarins og koma í skýjum himins. 63 En æðsti presturinn reif klæði sín og segir: Hvað þurfum vér nú framar votta við? 64 Þér hafið heyrt lastmælið; hvað líst yður? Og þeir dæmdu hann allir dauða sekan. 65 Og nokkrir tóku að hrækja á hann og hylja ásjónu hans, og slá hann með hnefum og segja við hann: Spáðu! Sömuleiðis tóku þjónarnir á móti honum með stafshöggum. 66 Og er Pétur var niðri í hallargarðinum, kemur ein af þernum æðsta prestsins; 67 og er hún sér Pétur vera að verma sig, horfir hún á hann og segir: Þú varst einnig með manninum frá Nazaret, þessum Jesú. 68 En hann neitaði og sagði: Hvorki veit eg né skil, hvað þú átt við. Og hann fór út í forgarðinn, og haninn gól. 69 Og þernan sá hann og tók aftur að segja við þá, sem hjá stóðu: Þessi er einn af þeim. 70 En hann neitaði aftur. Og skömmu síðar sögðu aftur þeir, er hjá stóðu, við Pétur: Víst ertu einn af þeim; því að þú ert líka Galíleumaður. 71 En hann tók að formæla sér og sverja: Eigi þekki eg þennan mann, sem þér eigið við. 72 Og jafnskjótt gól haninn í annað sinn; og Pétur mintist orðsins, er Jesús mælti við hann: Áður en haninn galar tvisvar, muntu þrisvar afneita mér. Og er honum kom það til hugar, grét hann.

15. kafli

1 Og strax um morguninn héldu æðstu prestarnir, með öldungunum og fræðimönnunum, og alt ráðið ráðstefnu, bundu Jesúm, og fóru burt með hann og framseldu hann Pílatusi. 2 Og Pílatus spurði hann: Ertu konungur Gyðinganna? Og hann svaraði og segir við hann: Svo er sem þú segir. 3 Og æðstu prestarnir báru á hann margar sakir. 4 En Pílatus spurði hann aftur og sagði: Svarar þú alls engu? Sjá, hve þungar sakir þeir bera á þig. 5 En Jesús svaraði alls ekki framar, svo að Pílatus undraðist. 6 En á hátíðum var hann

vanur að gefa þeim lausan einn bandingja, þann er þeir báðu um. 7 En í
böndum með upphlaupsmönnum var maður, Barrabas að nafni; höfðu þeir
hinir sömu framið manndráp í upphlaupinu. 8 Og mannfjöldinn gekk að og
tók að biðja, að hann gjörði fyrir þá sem hann væri vanur. 9 En Pílatus
svaraði þeim og sagði: Viljið þér, að eg gefi yður lausan Gyðingakonunginn?
10 Því að hann vissi, að æðstu prestarnir höfðu fyrir öfundar sakir framselt
hann. 11 En æðstu prestarnir æstu upp mannfjöldann, til þess að hann skyldi
heldur gefa þeim Barrabas lausan. 12 En Pílatus tók aftur til máls og sagði við
þá: Hvað á eg þá að gjöra við hann, sem þér kallið Gyðingakonunginn? 13 En
þeir hrópuðu á móti: Krossfestu hann! 14 En Pílatus sagði við þá: Hvað ilt
hefir hann þá aðhafst? En þeir hrópuðu í ákafa: Krossfestu hann! 15 Og með
því að Pílatus vildi gjöra mannfjöldanum til geðs, gaf hann þeim Barrabas
lausan, og lét húðstrýkja Jesúm og framseldi hann til krossfestingar. 16 Og
hermennirnir fóru burt með hann, inn í höllina, sem er landshöfðingjasetrið,
og kalla saman alla hersveitina. 17 Og þeir færa hann í purpuraskikkju og
flétta þyrnikórónu og setja á hann. 18 Og þeir tóku að heilsa honum: Heill
vertu, konungur Gyðinganna! 19 Og þeir slógu hann í höfuðið með reyrstaf
og hræktu á hann, og féllu á kné og veittu honum lotningu. 20 Og er þeir
höfðu spottað hann, færðu þeir hann úr purpuraskikkjunni og færðu hann í
hans eigin klæði. Og þeir fara út með hann, til að krossfesta hann. 21 Og þeir
neyða mann, er fram hjá gekk, til að bera kross hans; hann kom utan af
landsbygð og hét Símon frá Kýrene, faðir þeirra Alexanders og Rúfusar. 22
Og þeir fara með hann til staðar, er heitir Golgota, sem er útlagt:
hauskúpustaður. 23 Og þeir gáfu honum vín, myrru blandað, en hann tók ekki
við því. 24 Og þeir krossfesta hann, og þeir skifta milli sín klæðum hans og
kasta hlutum um, hvað hver skyldi taka. 25 En það var þriðja stund, er þeir
krossfestu hann. 26 Og yfir var skráður titill sakargiftar hans: KONUNGUR
GYÐINGANNA. 27 Og þeir krossfesta tvo ræningja með honum, annan til
hægri, hinn til vinstri handar honum. 28 Þá rættist ritningin sem segir: Og
hann var talinn með illvirkjum. † 29 Og þeir, sem fram hjá gengu, lastmæltu
honum, skóku höfuð sín og sögðu: Hó, þú sem brýtur niður musterið og
reisir það á þrem dögum! 30 Bjarga nú sjálfum þér, og stíg niður af
krossinum. 31 Sömuleiðis hæddu æðstu prestarnir hann sín á milli, ásamt
fræðimönnunum, og sögðu: Öðrum bjargaði hann, sjálfum sér getur hann

ekki bjargað. 32 Hann Kristur, Ísraelskonungurinn, stígi hann nú niður af krossinum, svo að vér sjáum og trúum! Og þeir, sem með honum voru krossfestir, smánuðu hann. 33 Og er sétta stund var komin, varð myrkur um alt landið alt til níundu stundar. 34 En um níundu stund kallaði Jesús hárri röddu: Elói, Elói, lama sabaktaní! sem er útlagt: Guð minn, Guð minn, hví hefir þú yfirgefið mig? 35 Og er nokkrir þeirra, er hjá stóðu, heyrðu það, sögðu þeir: Sjá, hann kallar á Elía. 36 Hljóp þá einn til og fylti njarðarvött ediki, stakk honum á reyrstaf og gaf honum að drekka, og mælti: Bíðið við, sjáum til, hvort Elía kemur að taka hann ofan. 37 En Jesús kallaði hárri röddu og gaf upp andann. 38 Og fortjald musterisins rifnaði sundur í tvent, frá ofanverðu og alt niður í gegn. 39 En er hundraðshöfðinginn, sem stóð gegnt honum, sá að hann gaf upp andann með slíkum hætti, sagði hann: Sannlega var maður þessi Guðs son. 40 En þar voru og konur, er horfðu á álengdar; meðal þeirra var María Magdalena og María, móðir þeirra Jakobs litla og Jóse, og Salóme, 41 þær er fylgdu honum og þjónuðu honum, er hann var í Galíleu; og margar aðrar konur, er farið höfðu með honum upp til Jerúsalem. 42 Og með því að kveld var komið, — en það var aðfangadagur, eða dagurinn fyrir hvíldardaginn, — 43 þá kom Jósef frá Arímaþeu, göfugur ráðherra, er og sjálfur vænti guðsríkisins; og gekk hann djarflega inn til Pílatusar og bað um líkama Jesú. 44 Og Pílatus furðaði sig á því, að hann skyldi þegar vera andaður, og lét því kalla til sín hundraðshöfðingjann og spurði hann, hvort hann væri fyrir nokkuru andaður. 45 Og er hann varð þess vís hjá hundraðshöfðingjanum, gaf hann Jósef líkið. 46 Og hann keypti línklæði, tók hann ofan og sveipaði hann línklæðinu og lagði hann í gröf, er höggin var út í kletti, og velti steini fyrir dyr grafarinnar. 47 En þær María Magdalena og María móðir Jóse sáu, hvar hann var lagður.

16. kafli

1 Og er hvíldardagurinn var liðinn, keyptu þær María Magdalena og María móðir Jakobs og Salóme ilmsmyrsl, til að fara og smyrja hann. 2 Og mjög árla hinn fyrsta dag vikunnar koma þær til grafarinnar, um sólar uppkomu. 3 Og þær sögðu sín á milli: Hver mun velta fyrir oss steininum frá grafardyrunum? 4 Og er þær litu upp, sjá þær, að steininum var velt um koll,

því að hann var mjög stór. **5** Og þær gengu inn í gröfina og sáu ungan mann sitjandi hægramegin, hjúpaðan hvítum dragkyrtli, og þær skelfdust. **6** Og hann segir við þær: Skelfist eigi; þér leitið að Jesú frá Nazaret, hinum krossfesta; hann er upp risinn, hann er ekki hér; sjá, þarna er staðurinn, þar sem þeir lögðu hann. **7** En gangið burt, segið lærisveinum hans og Pétri: Hann fer á undan yður til Galíleu; þar munuð þér sjá hann, eins og hann sagði yður. **8** Og þær fóru út og flýðu frá gröfinni, því að ótti og ofboð var yfir þær komið, og engum sögðu þær frá neinu, því að þær voru hræddar. **9** Og er hann var upp risinn árla hinn fyrsta dag vikunnar, birtist hann fyrst Maríu Magdalenu, henni, sem hann hafði rekið út frá sjö illa anda. **10** Hún fór og kunngjörði þetta þeim, sem með honum höfðu verið, er voru harmandi og grátandi. **11** Og er þeir heyrðu, að hann væri á lífi og að hún hefði séð hann, trúðu þeir ekki. **12** En eftir þetta birtist hann tveimur af þeim í annarri mynd, er þeir voru á gangi, á leið út á landsbygð. **13** Og þeir fóru og kunngjörðu hinum, og eigi trúðu þeir þeim heldur. **14** En seinna birtist hann þeim ellefu, er þeir sátu yfir borðum, og álasaði hann þeim fyrir vantrú þeirra og harðúð hjartans, að þeir hefðu ekki trúað þeim, er höfðu séð hann upp risinn. **15** Og hann sagði við þá: Farið út um allan heiminn og prédikið gleðiboðskapinn allri skepnu. **16** Sá, sem trúir og verður skírður, mun hólpinn verða, en sá, sem ekki trúir, mun fyrirdæmdur verða. **17** En þessi tákn skulu fylgja þeim, er trúa: Í mínu nafni munu þeir reka út illa anda, tala nýjum tungum, **18** taka upp höggorma; og þó að þeir drekki eitthvað banvænt, þá mun það alls ekki saka þá; og þeir munu leggja hendur yfir sjúka, og þeir munu verða heilir. **19** Og síðan var Drottinn Jesús, eftir að hann hafði talað við þá, upp numinn til himins og settist til Guðs hægri handar. **20** En þeir fóru út og prédikuðu alstaðar, og var Drottinn í verki með þeim, og staðfesti orðið með táknunum, er samfara voru. Amen.

Lúkasarguðspjall

Lucas

1. kafli

1 Þar eð margir hafa tekið sér fyrir hendur að setja saman frásögu um þá atburði, er fullgjörst hafa meðal vor, **2** samkvæmt því sem þeir menn hafa sagt oss frá, er frá öndverðu voru sjónarvottar og þjónar orðsins, **3** þá hefir mér einnig litist, eftir að eg hafði rannsakað alt kostgæfilega frá upphafi, að skrásetja það í röð fyrir þig, göfugi Teófílus, **4** til þess að þú skulir þekkja áreiðanleik þeirrar kenningar, er þú hefir verið uppfræddur í. **5** Á dögum Heródesar, konungs í Júdeu, var uppi prestur nokkur, að nafni Sakaría, af flokki Abía; hann átti konu af dætrum Arons og hét hún Elísabet. **6** Voru þau bæði réttlát fyrir Guði og fram gengu óaðfinnanlega eftir öllum boðum og tilskipunum Drottins, **7** en þau áttu ekkert barn, því að Elísabet var óbyrja, og bæði voru þau hnigin á efra aldur. **8** En svo bar við, er hann var að gegna prestsverkum frammi fyrir Guði, eftir röð flokks síns, **9** samkvæmt venju prestaþjónustunnar, að það varð hlutverk hans að ganga inn í musteri Drottins og færa reykelsisfórn. **10** En allur fólksfjöldinn var fyrir utan á bæn, meðan á reykelsisfórninni stóð. **11** Og birtist honum þá engill Drottins, standandi hægramegin við reykelsisaltarið. **12** Og er Sakaría sá hann, varð hann felmtsfullur og ótti féll yfir hann. **13** En engillinn sagði við hann: Óttast þú eigi, Sakaría, því að bæn þín er heyrð, og kona þína Elísabet mun fæða þér son, og þú skalt kalla nafn hans Jóhannes. **14** Og þér mun veitast fögnuður og gleði, og margir munu gleðjast yfir fæðingu hans; **15** því að hann mun verða mikill fyrir augliti Drottins. Og vín og áfengan drykk mun hann ekki drekka, og hann mun fyllast heilögum anda þegar frá móðurlífi. **16** Og mörgum af Ísraels börnum mun hann snúa til Drottins, Guðs þeirra. **17** Hann mun ganga fyrir augliti hans í anda og krafti Elía, til þess að snúa hjörtum feðra til barna og hinum óhlýðnu til hugarfars réttlátra, til þess að búa drotni

hæfan lýð. **18** Og Sakaría sagði við engilinn: Af hverju get eg vitað þetta? Því
að eg er maður gamall og kona mín er hnigin á efra aldur. **19** Og engillinn
svaraði og sagði við hann: Eg er Gabríel, sem stend frammi fyrir Guði, og eg
var sendur til að tala við þig og flytja þér þessi gleðitíðindi. **20** Og sjá, þú
munt mállaus vera og ekki geta talað til þess dags, er þetta kemur fram,
vegna þess að þú trúðir ekki orðum mínum, sem þó munu rætast á sínum
tíma. **21** Og fólkið beið eftir Sakaría, og þeir undruðust yfir því, að honum
dvaldist í musterinu. **22** En er hann kom út, gat hann ekki talað við þá, og
skildu þeir þá, að hann mundi sýn séð hafa í musterinu; og hann gaf þeim
bendingar, og hann var mállaus. **23** Og það varð, er dagar þjónustu hans voru
fullnaðir, að hann fór heim til sín. **24** En eftir þessa daga varð Elísabet kona
hans þunguð, og hún leyndi sér í fimm mánuði og sagði: **25** Þannig hefir
Drottinn gjört við mig á þeim dögum, er hann leit til mín, til þess að burt
taka hneisu mína meðal manna. **26** En á sétta mánuði var Gabríel engill
sendur frá Guði til borgar í Galíleu, sem heitir Nazaret, **27** til meyjar, er var
heitkona manns, sem Jósef hét, af ætt Davíðs, og nafn meyjarinnar var
María. **28** Og engillinn kom inn til hennar og sagði: Heil sért þú, full náðar!
Drottinn er með þér. **29** En hún skelfdist við orðið og hugleiddi, hvílík þessi
kveðja væri. **30** Og engillinn sagði við hana: Óttast þú ekki, María, því að þú
hefir fundið náð hjá Guði. **31** Og sjá, þú munt þunguð verða og fæða son; og
þú skalt kalla nafn hans JESÚS. **32** Hann mun verða mikill og kallast sonur
hins hæsta; og Drottinn Guð mun gefa honum hásæti Davíðs föður hans, **33**
og hann mun ríkja yfir húsi Jakobs að eilífu, og eigi mun endir verða á ríki
hans. **34** Þá sagði María við engilinn: Hvernig mun þetta verða, þar eð eg hefi
ekki karlmann kent? **35** Og engillinn svaraði og sagði við hana: Heilagur andi
mun koma yfir þig og kraftur hins hæsta mun yfirskyggja þig, og fyrir því
mun einnig það, sem fæðast mun, kallast heilagt, sonur Guðs. **36** Og sjá,
Elísabet, frændkona þín, einnig hún er orðin þunguð að syni í elli sinni, og
þessi er hinn sétti mánuður hennar, sem kölluð var óbyrja; **37** því að ekkert
orð frá Guði mun verða ómáttugt. **38** En María sagði: Sjá, eg er ambátt
Drottins; verði mér eftir orði þínu. Og engillinn fór burt frá henni. **39** Á
þessum dögum tók María sig upp og fór með flýti til fjallbygðanna, til
Júda-borgar nokkurrar, **40** og kom inn í hús Sakaría og heilsaði Elísabet. **41**
Og það varð, þegar Elísabet heyrði kveðju Maríu, að barnið tók viðbragð í

kviði hennar, og Elísabet fyltist heilögum anda, **42** kallaði upp með hárri röddu og mælti: Blessuð ert þú meðal kvenna, og blessaður er ávöxtur kviðar þíns. **43** Og hvaðan kemur mér þetta, að móðir Drottins míns kemur til mín? **44** Því sjá, þegar rödd kveðju þinnar kom til eyrna minna, tók barnið viðbragð af gleði í kviði mér. **45** Og sæl er hún, sem trúði, því að það mun rætast, sem talað hefir verið við hana frá drotni. **46** Og María sagði: Önd mín miklar Drottin, **47** og andi minn hefir glaðst í Guði, frelsara sínum. **48** Því að hann hefir litið á lítilmótleik ambáttar sinnar; því sjá, héðan af munu allar kynslóðir mig sæla segja. **49** Því hinn voldugi hefir gjört mikla hluti við mig; og heilagt er nafn hans. **50** Og miskunnsemi hans er frá kyni til kyns við þá sem óttast hann. **51** Hann hefir máttarverk unnið með armlegg sínum; hann hefir stökt á dreif hinum dramblátu í hugsun hjarta þeirra. **52** Höfðingjum hefir hann hrundið úr hásætum, en hafið lítilmótlega. **53** Hungraða hefir hann fylt gæðum, en ríka hefir hann látið tómhenta frá sér fara. **54** Hann hefir tekið að sér Ísrael, þjón sinn, til þess að minnast miskunnar **55** við Abraham og sæði hans æfinlega, samkvæmt því sem hann talaði til feðra vorra. **56** En María dvaldist hjá henni hér um bil þrjá mánuði og sneri síðan heim til sín. **57** En fyrir Elísabet fullnaðist tíminn, að hún yrði léttari, og ól hún son. **58** Og nágrannar hennar og ættmenn heyrðu, að Drottinn hefði miklað miskunn sína við hana, og samfögnuðu þeir henni. **59** Og það varð á áttunda degi, að þeir komu til að umskera barnið, og þeir vildu kalla það Sakaría eftir nafni föður þess; **60** en móðir þess svaraði og sagði: Engan veginn, heldur skal það kallast Jóhannes. **61** Þá sögðu þeir við hana: Enginn er í ætt þinni, sem heitir því nafni. **62** Bentu þeir þá föður hans, hvað hann vildi að hann skyldi heita. **63** Og hann bað um spjald og reit: Jóhannes er nafn hans; og undruðust allir. **64** En þegar í stað laukst upp munnur hans og tunga, og hann talaði og lofaði Guð. **65** Og ótti kom yfir alla nágranna þeirra, og allir þessir atburðir bárust út um alla fjallbygð Júdeu. **66** Og allir, sem þetta heyrðu, festu það í hjarta sér og sögðu: Hvað mun þá barn þetta verða? Því að hönd Drottins var yfir honum. **67** Og Sakaría faðir hans fyltist heilögum anda og spáði og mælti: **68** Lofaður veri Drottinn, Guð Ísraels; því að hann vitjaði lýðs síns og veitti honum lausn, **69** og hann hefir upp reist oss horn hjálpræðis í húsi Davíðs þjóns síns, **70** eins og hann talaði fyrir munn hinna helgu spámanna sinna, er verið hafa frá upphafi, **71** frelsun frá óvinum vorum og frá hendi allra, er hata oss; **72** til

að auðsýna feðrum vorum miskunn og minnast síns heilaga sáttmála, 73 þess eiðs, er hann sór föður vorum Abraham; 74 til þess að unna oss, frelsuðum af hendi óvina vorra, að þjóna sér óttalaust, 75 í heilagleika og réttlæti fyrir honum alla daga vora. 76 Og þú, barn! spámaður hins hæsta munt þú kallast, því að þú munt ganga fyrir augliti Drottins, til að greiða götur hans, 77 og gefa lýð hans þekkingu á hjálpræðinu í fyrirgefningu synda 78 fyrir hjartgróna miskunn Guðs vors, og við hana mun sólarupprásin af hæðum vitja vor, 79 til að lýsa þeim, sem sitja í myrkri og skugga dauðans; til að beina fótum vorum á friðar veg. 80 En barnið óx og styrktist í anda og var í óbygðum til þess dags, er hann gekk fram fyrir Ísrael.

2. kafli

1 En á þeim dögum bar svo við, að boð kom frá Ágústus keisara um að öll heimsbygðin skyldi skrásetjast. 2 Þetta var hin fyrsta skrásetning, er gjörð var þá er Kýreníus hafði völd á Sýrlandi. 3 Og fóru þá allir til að skrásetjast, hver til sinnar borgar. 4 Fór þá einnig Jósef frá Galíleu úr borginni Nazaret upp til Júdeu, til borgar Davíðs, sem heitir Betlehem, því að hann var af húsi og kynþætti Davíðs, 5 til þess að verða skrásettur, ásamt Maríu heitkonu sinni, sem þá var þunguð. 6 En það varð, á meðan þau dvöldust þar, að þeir dagar fullnuðust, að hún skyldi verða léttari. 7 Og fæddi hún þá son sinn frumgetinn, og reifaði hann og lagði hann í jötu, því að eigi var rúm fyrir þau í gistihúsinu. 8 Og í þeirri bygð voru fjárhirðar, er voru úti og héldu náttvörð yfir hjörð sinni. 9 Og engill Drottins stóð hjá þeim og dýrð Drottins ljómaði í kring um þá, og urðu þeir mjög hræddir. 10 Og engillinn sagði við þá: Óttist ekki, því sjá, eg flyt yður gleðiboðskap um mikinn fögnuð, sem verða mun fyrir allan lýðinn; 11 því að í dag er yður frelsari fæddur, sem er Kristur Drottinn í borg Davíðs. 12 Og þetta sé merkið fyrir yður: Þér munuð finna ungbarn reifað og liggjandi í jötu. 13 Og í sömu svipan var með englinum fjöldi himneskra hersveita, sem lofuðu Guð og sögðu: 14 Dýrð sé í upphæðum Guði, og á jörðu friður meðal manna, sem velþóknun er á. 15 Og það varð, þá er englarnir voru farnir frá þeim til himins, að hirðarnir sögðu hver við annan: Förum þá alt til Betlehem og sjáum þennan atburð, sem orðinn er og Drottinn hefir kunngjört oss. 16 Og þeir fóru með skyndi, og

fundu bæði Maríu og Jósef, og ungbarnið liggjandi í jötunni. **17** En þegar þeir
sáu það, skýrðu þeir frá því orði, er talað hafði verið við þá um barn þetta. **18**
Og allir, sem heyrðu, undruðust það, sem hirðarnir höfðu við þá talað. **19** En
María geymdi öll þessi orð og hugleiddi þau í hjarta sínu. **20** Og hirðarnir
sneru aftur og lofuðu Guð og vegsömuðu fyrir alt það, er þeir höfðu heyrt og
séð, samkvæmt því sem þeim hafði sagt verið. **21** Þegar átta dagar voru
fullnaðir, svo að hann yrði umskorinn, var nafn hans kallað JESÚS, sem það
var kallað af englinum, áður en hann var getinn í móðurlífi. **22** En er fullnaðir
voru hreinsunardagar þeirra eftir lögum Móse, fóru þau með hann til
Jerúsalem, til að færa hann drotni, — **23** eins og ritað er í lögmáli Drottins:
Alt karlkyns, er fyrst opnar móðurlíf, skal kallast helgað drotni, — **24** og til
þess að færa fórn, eftir því sem sagt er í lögmáli Drottins, tvær turtildúfur eða
tvær ungar dúfur. **25** Og sjá, í Jerúsalem var maður að nafni Símeon, og
maður þessi var réttlátur og guðrækinn og vænti huggunar Ísraels, og
heilagur andi var yfir honum. **26** Og honum hafði verið birt það af heilögum
anda, að hann skyldi ekki dauðann sjá, fyr en hann hefði séð Drottins
smurða. **27** Og hann kom að tillaðan andans í helgidóminn, og er foreldrarnir
komu inn með barnið Jesúm, til að fara með það eftir reglu lögmálsins, **28** þá
tók hann það í fang sér og lofaði Guð og sagði: **29** Nú lætur þú, herra, þjóninn
þinn fara, eftir orði þínu, í friði, **30** þar eð augu mín hafa séð hjálpræði þitt, **31**
sem þú hefir fyrirbúið fyrir augliti allra lýða, **32** ljós til opinberunar
heiðingjum og vegsemd lýðs þíns Ísraels. **33** Og faðir hans og móðir hans
voru undrandi yfir því, er sagt var um hann. **34** Og Símeon blessaði þau og
sagði við Maríu, móður hans: Sjá, þessi er settur til falls og til viðreisnar
mörgum í Ísrael, og til tákns, sem móti verður mælt, **35** og sverð mun jafnvel
ganga í gegnum þína eigin sálu, — til þess að hugrenningar margra hjartna
verði opinberar. **36** Og þar var Anna spákona, dóttir Fanúels af ætt Assers;
hún var háöldruð og hafði lifað sjö ár með manni sínum, frá því hún var
mey. **37** Og hún hafði nú verið ekkja fram að áttatíu og fjögra ára aldri. Hún
veik eigi úr helgidóminum, og þjónaði Guði með föstum og bænum nótt og
dag. **38** Og hún kom að á sömu stundu og lofaði Guð og talaði um hann við
alla, sem væntu lausnar Jerúsalem. **39** Og er þau höfðu lokið öllu, er lögmál
Drottins bauð, sneru þau aftur til Galíleu, til borgar sinnar Nazaret. **40** En
barnið óx og styrktist, fult visku, og náð Guðs var yfir því. **41** Og foreldrar

hans fóru ár hvert til Jerúsalem á páskahátíðinni. 42 Og þegar hann var orðinn tólf ára gamall, ferðuðust þau til Jerúsalem eftir sið hátíðarinnar. 43 Og er þau höfðu fullnað dagana, varð sveininn Jesús eftir í Jerúsalem, er þau sneru heimleiðis, og vissu foreldrar hans það eigi; 44 en af því að þau ætluðu, að hann væri með samferðafólkinu, fóru þau eina dagleið og leituðu að honum meðal frænda og kunningja. 45 Og er þau fundu hann ekki, sneru þau aftur til Jerúsalem og leituðu hans. 46 Og það varð eftir þrjá daga, að þau fundu hann í helgidóminum, sitjandi mitt á meðal kennaranna, bæði hlýðandi á þá og spyrjandi þá; 47 en alla, sem heyrðu til hans, furðaði á skilningi hans og andsvörum. 48 Og er þau sáu hann, urðu þau forviða; og móðir hans sagði við hann: Barn, hví breyttir þú svo við okkur? Sjá, faðir þinn og eg leituðum þín harmþrungin. 49 Og hann sagði við þau: Hvers vegna voruð þið að leita að mér? Vissuð þið ekki, að mér ber að vera í því, sem míns föður er? 50 En þau skildu ekki orð það, er hann talaði við þau. 51 Og hann fór með þeim, og kom til Nazaret, og var þeim undirgefinn. Og móðir hans geymdi öll þessi orð í hjarta sínu. 52 Og Jesús þroskaðist að visku og vexti og náð hjá Guði og mönnum.

3. kafli

1 En á fimtánda stjórnarári Tíberíusar keisara, þegar Pontíus Pílatus hafði völd í Júdeu og Heródes var fjórðungsstjóri í Galíleu, en Filippus bróðir hans fjórðungsstjóri í héraði Ítúreu og Trakónítis, og Lýsanías fjórðungsstjóri í Abílene, 2 í æðstaprests-tíð Annasar og Kaífasar, kom orð Guðs til Jóhannesar Sakaríasonar í óbygðinni. 3 Og hann kom í alt bygðarlagið við Jórdan, prédikandi iðrunarskírn til syndafyrirgefningar, 4 eins og ritað er í bókinni, er inniheldur orð Jesaja spámanns: Rödd manns, er hrópar í óbygðinni: Greiðið veg Drottins, gjörið beinar brautir hans. 5 Sérhver lægð skal fylllast upp, og sérhver hæð og hóll skal lækka; krókarnir skulu verða beinir og ójöfnurnar skulu verða að sléttum götum; 6 og alt hold mun sjá hjálpræði Guðs. 7 Hann sagði því við mannfjöldann, sem fór út, til að skírast af honum: Þér nöðru-afkvæmi, hver kendi yður að flýja undan komandi reiði? 8 Berið því ávexti samboðna iðruninni, og farið ekki að segja með sjálfum yður: Vér eigum Abraham að föður; því eg segi yður, að Guð getur

vakið Abraham börn af steinum þessum. 9 En öxin er og þegar lögð að rót
trjánna; verður þá sérhvert tré, sem ekki ber góðan ávöxt, upphöggið og því
kastað í eld. 10 Og mannfjöldinn spurði hann og sagði: Hvað eigum vér þá að
gjöra? 11 En hann svaraði og sagði við þá: Sá sem hefir tvo kyrtla, skifti milli
sín og þess, sem engan hefir; og sá, sem matföng hefir, fari eins að. 12 En
jafnvel tollheimtumenn komu til að skírast, og þeir sögðu við hann: Meistari,
hvað eigum vér að gjöra? 13 En hann sagði við þá: Krefjist ekki meira en
yður er boðið. 14 En hermenn spurðu hann einnig og sögðu: Og vér, hvað
eigum vér að gjöra? Og hann sagði við þá: Kúgið ekki né svíkið fé út úr
neinum, og látið yður nægja mála yðar. 15 En þegar nú eftirvænting var
vöknuð hjá lýðnum, og allir voru að hugsa í hjörtum sínum um Jóhannes,
hvort hann kynni ekki að vera Kristur, 16 svaraði Jóhannes og sagði við alla:
Eg skíri yður að vísu með vatni, en sá kemur, sem mér er mátkari, og er eg
ekki verður að leysa skóþveng hans; hann mun skíra yður með heilögum
anda og eldi; 17 varpskófla hans er í hendi honum, til þess að hann gjörhreinsi
láfa sinn og safni hveitinu í hlöðu sína, en hismið mun hann brenna í
óslökkvandi eldi. 18 Og með mörgum öðrum áminningum boðaði hann
lýðnum fagnaðarerindið. 19 En er Heródes fjórðungsstjóri var ávítaður af
honum vegna Heródíasar, konu bróður hans, og fyrir alt hið illa, sem
Heródes hafði gjört, 20 bætti hann einnig því við alt, að hann varpaði
Jóhannesi í fangelsi. 21 En þegar allur lýðurinn var skírður, bar svo við, er
Jesús hafði einnig verið skírður og var að gjöra bæn sína, að himininn
opnaðist, 22 og heilagur andi steig niður yfir hann í líkamlegri mynd, eins og
dúfa, og rödd kom af himni: Þú ert sonur minn hinn elskaði, á þér hefi eg
velþóknun. 23 Og sjálfur var Jesús hér um bil þrítugur að aldri, þegar hann
byrjaði, og var, eftir því sem haldið var, sonur Jósefs, sonar Elí, 24 sonar
Mattats, sonar Leví, sonar Melkí, sonar Jannaí, sonar Jósefs, 25 sonar
Mattatías, sonar Amos, sonar Naúms, sonar Eslí, sonar Naggaí, 26 sonar
Maats, sonar Mattatías, sonar Semeíns, sonar Jóseks, sonar Jóda, 27 sonar
Jóhanans, sonar Hresa, sonar Serúbabels, sonar Sealtíels, sonar Nerí, 28 sonar
Melkí, sonar Addí, sonar Kósams, sonar Elmadams, sonar Ers, 29 sonar Jesú,
sonar Elíesers, sonar Jóríms, sonar Mattats, sonar Leví, 30 sonar Símeons,
sonar Júda, sonar Jósefs, sonar Jónams, sonar Eljakíms, 31 sonar Melea, sonar
Menna, sonar Mattata, sonar Natans, sonar Davíðs, 32 sonar Ísaí, sonar

Óbeðs, sonar Bóas, sonar Salmons, sonar Nahsons, 33 sonar Ammínadabs, sonar Arní, sonar Esroms, sonar Perez, sonar Júda, 34 sonar Jakobs, sonar Ísaks, sonar Abrahams, sonar Tara, sonar Nakórs, 35 sonar Serúks, sonar Rehú, sonar Peleks, sonar Ebers, sonar Sela, 36 sonar Kenans, sonar Arpaksads, sonar Sems, sonar Nóa, sonar Lameks, 37 sonar Metúsala, sonar Enoks, sonar Jareds, sonar Mahalalels, sonar Kenans, 38 sonar Enos, sonar Sets, sonar Adams, sonar Guðs.

4. kafli

1 En Jesús sneri aftur frá Jórdan, fullur af heilögum anda, og var leiddur af andanum á eyðimörk 2 í fjörutíu daga og var freistaður af djöflinum; og einskis matar neytti hann þá daga, og er þeir voru liðnir, hungraði hann. 3 En djöfullinn sagði við hann: Ef þú ert sonur Guðs, þá bjóð þú steini þessum að verða að brauði. 4 Og Jesús svaraði honum: Ritað er: Maðurinn lifir ekki á brauði einu saman. 5 Og hann fór upp með hann og sýndi honum öll ríki heimsbygðarinnar á augabragði. 6 Og djöfullinn sagði við hann: Þér mun eg gefa alt þetta vald og dýrð þess, því að mér er það í vald gefið, og hverjum sem eg vil gef eg það. 7 Ef þú þá tilbiður frammi fyrir mér, skal það alt verða þitt. 8 Og Jesús svaraði og sagði við hann: Ritað er: Drottin, Guð þinn, átt þú að tilbiðja og þjóna honum einum. 9 Og hann fór með hann til Jerúsalem og setti hann á musterisbrúnina og sagði við hann: Ef þú ert sonur Guðs, þá kasta þér hér niður af; 10 því að ritað er: Hann mun bjóða englum sínum um þig, að gæta þín, 11 og á höndum munu þeir bera þig, til þess að þú skulir eigi steyta fót þinn við steini. 12 Jesús svaraði og sagði við hann: Það er sagt: Ekki skalt þú freista Drottins, Guðs þíns. 13 Og er djöfullinn hafði lokið allri freistingu, veik hann frá honum um hríð. 14 Og Jesús sneri í krafti andans aftur til Galíleu, og orðrómur um hann barst út um öll héruðin í grend. 15 Og hann kendi í samkunduhúsum þeirra og var vegsamaður af öllum. 16 Og hann kom til Nazaret, þar sem hann hafði verið upp alinn, og gekk á hvíldardeginum, eins og hann var vanur, inn í samkunduhúsið og stóð upp til að lesa. 17 Og var honum fengin bók Jesaja spámanns; og hann fletti upp bókinni og fann staðinn, þar sem ritað var: 18 Andi Drottins er yfir mér, vegna þess, að hann smurði mig, til að flytja fátækum gleðilegan boðskap;

hann hefir sent mig, til að boða bandingjum lausn og blindum að þeir skuli aftur fá sýn, til að láta þjáða lausa, 19 til að kunngjöra hið þóknanlega ár Drottins. 20 Og hann lét aftur bókina, fékk hana þjóninum og settist niður, og allir í samkunduhúsinu störðu á hann. 21 En hann tók að tala til þeirra: Í dag hefir þessi ritning ræst fyrir eyrum yðar. 22 Og allir lofuðu hann og undruðust þau náðarorð, sem fram gengu af munni hans, og sögðu: Er ekki þessi maður sonur Jósefs? 23 Og hann sagði við þá: Vissulega munuð þér segja við mig málshátt þennan: Læknir, lækna sjálfan þig; gjör einnig hér í föðurborg þinni alt það, sem vér höfum heyrt að gjörst hafi í Kapernaum. 24 En hann sagði: Sannlega segi eg yður: enginn spámaður er vel metinn í föðurlandi sínu. 25 En eg segi yður það satt, að margar ekkjur voru í Ísrael á dögum Elía, þegar himininn var lokaður í þrjú ár og sex mánuði, þá er mikið hungur var í öllu landinu; 26 og til engra þeirra var Elía sendur, heldur aðeins til Sarepta í Sídon-landi til konu, sem var ekkja. 27 Og margir voru líkþráir í Ísrael á dögum Elísa spámanns, og enginn þeirra var hreinsaður, heldur aðeins Naaman Sýrlendingur. 28 Og allir í samkunduhúsinu fyltust reiði, er þeir heyrðu þetta, 29 og risu upp, hröktu hann út úr borginni og fóru með hann út á brún fjalls þess, sem borg þeirra var bygð á, til þess að hrinda honum niður. 30 En hann gekk burt mitt á milli þeirra og fór leiðar sinnar. 31 Og hann kom niður til Kapernaum, borgar í Galíleu, og hann kendi þeim á hvíldardögum, 32 og undruðust þeir kenningu hans; því að orð hans var með myndugleika. 33 Og í samkundunni var maður nokkur, er hafði óhreinan anda; og hann kallaði upp með hárri röddu: 34 Æ, hvað höfum vér saman við þig að sælda, Jesús frá Nazaret? Ertu kominn til að fyrirfara oss? Eg þekki, hver þú ert, hinn heilagi Guðs. 35 Og Jesús hastaði á hann og sagði: Þegi þú, og far þú út af honum. Þá hratt illi andinn honum fram á meðal þeirra, fór út af honum og hafði eigi gjört honum nokkurt mein. 36 Og felmtur kom yfir alla, og þeir töluðu hver við annan og sögðu: Hvaða orð er þetta? Því að með myndugleika og valdi skipar hann óhreinum öndum, og þeir fara út. 37 Og orðrómurinn um hann barst út til sérhvers staðar þar í grend. 38 En hann stóð upp, fór úr samkunduhúsinu og gekk inn í hús Símonar; en tengdamóðir Símonar var þungt haldin af hitasótt, og báðu þeir hann fyrir hana. 39 Og hann stóð upp yfir henni og hastaði á hitasóttina, og hvarf hún frá henni; en hún reis upp þegar í stað og þjónaði þeim. 40 Og er sól var sest, komu allir, er

höfðu menn veika af ýmiss konar sjúkdómum, með þá til hans; en hann lagði hendur yfir sérhvern þeirra og læknaði þá. **41** Illir andar fóru jafnvel út af mörgum, æptu og sögðu: Þú ert sonur Guðs. Og hann hastaði á þá og leyfði þeim ekki að tala, því að þeir vissu, að hann var Kristur. **42** En er dagur var kominn, gekk hann út og fór í eyðistað, en mannfjöldinn leitaði hans og kom til hans og reyndi að halda honum aftur, til þess að hann færi ekki frá þeim. **43** En hann sagði við þá: Mér ber og að boða hinum borgunum fagnaðarerindið um guðsríki; því að til þess var eg sendur. **44** Og hann prédikaði í samkundunum í Galíleu.

5. kafli

1 En svo bar við, er mannfjöldinn þrengdist að honum og hlýddi á orð Guðs, að hann stóð við Genesaretvatnið, **2** og sá hann þá tvö skip, er stóðu við vatnið, en fiskimennirnir voru farnir frá þeim og voru að þvo net sín; **3** fór hann þá út í annað skipið, sem Símon átti, og bað hann að leggja lítið eitt frá landi; settist hann þá niður og kendi mannfjöldanum af skipinu. **4** En er hann hafði lokið ræðu sinni, sagði hann við Símon: Legg þú út á djúpið, og leggið net yðar til fiskidráttar. **5** Og Símon svaraði og sagði: Meistari, í alla nótt höfum vér erfiðað og ekkert fengið; en eftir orði þínu vil eg leggja netin. **6** Og er þeir höfðu gjört þetta, innilokuðu þeir mikla mergð fiska; en net þeirra rifnuðu. **7** Og þeir bentu félögum sínum á hinu skipinu, að þeir skyldu koma og hjálpa sér; og þeir komu og fyltu þeir bæði skipin, svo að þeim lá við að sökkva. **8** En er Símon Pétur sá þetta, féll hann að knjám Jesú og sagði: Far þú frá mér, því að eg er maður syndugur, herra. **9** Því að felmtur var kominn yfir hann og alla þá, sem með honum voru, af fiskiafla þeim, sem þeir höfðu fengið; **10** eins yfir Jakob og Jóhannes Sebedeussonu, sem voru félagar Símonar. Og Jesús sagði við Símon: Óttast þú ekki, héðan í frá skalt þú menn veiða. **11** Og þeir drógu skip sín á land, yfirgáfu alt og fylgdu honum. **12** Og svo bar við, er hann var í einni af borgunum, sjá, þar var maður yfirkominn af líkþrá; en er hann sá Jesúm, féll hann fram á ásjónu sína, bað hann og mælti: Herra, ef þú vilt getur þú hreinsað mig. **13** Og hann rétti út höndina, snart hann og mælti: Eg vil, verðir þú hreinn! og jafnskjótt hvarf líkþráin frá honum. **14** Og hann bauð honum að segja engum þetta; heldur far

og sýn þig prestinum, og fær fórn fyrir hreinsun þína, eins og Móse hefir boðið, þeim til vitnisburðar. **15** En orðrómurinn um hann útbreiddist því meir, og mikill mannfjöldi kom saman, til að hlýða á hann og til þess að læknast af sjúkleikum sínum. **16** En sjálfur fór hann út í óbygðir og var þar á bæn. **17** Og svo bar við einn daginn, að hann var að kenna, og þar sátu Farísear og löglærðir, er komnir voru úr hverju þorpi í Galíleu og Júdeu og frá Jerúsalem, og kraftur Drottins var með honum til að lækna. **18** Og sjá, menn komu, er báru á sæng lama mann, og leituðust þeir við að bera hann inn og leggja hann fram fyrir hann. **19** Og er þeir ekki vissu, hvar þeir ættu að bera hann inn, vegna mannfjöldans, fóru þeir upp á þakið, og létu hann síga með sænginni niður á milli þaksteinanna fyrir framan Jesúm. **20** Og er hann sá trú þeirra, sagði hann: Maður, syndir þínar eru þér fyrirgefnar. **21** Þá tóku fræðimennirnir og Farísearnir að hugsa með sér og sögðu: Hver er þessi, sem talar lastmæli? Hver getur fyrirgefið syndir nema Guð einn? **22** En er Jesús skynjaði hugsanir þeirra, svaraði hann og sagði við þá: Hvað hugsið þér í hjörtum yðar? **23** Hvort er auðveldara að segja: Syndir þínar eru þér fyrirgefnar, eða að segja: Statt upp og gakk? **24** En til þess að þér skulið vita, að mannsins sonur hefir vald til að fyrirgefa syndir á jörðunni, þá sagði hann við lama manninn: Eg segi þér, statt upp og tak sæng þína og far heim til þín. **25** Og jafnskjótt reis hann upp frammi fyrir þeim, tók það, sem hann hafði legið á, og fór heim til sín, lofandi Guð. **26** Og allir urðu frá sér numdir, og vegsömuðu Guð og fyltust ótta og sögðu: Vér höfum í dag séð furðulega hluti. **27** Og eftir þetta fór hann burt og sá þá tollheimtumann, að nafni Leví, er sat hjá tollbúðinni, og sagði við hann: Fylg þú mér! **28** Og hann yfirgaf alt, stóð upp og fylgdi honum. **29** Og Leví bjó honum veislu mikla í húsi sínu, og þar var mikill fjöldi tollheimtumanna og annarra, sem sátu að borði með þeim. **30** Og Farísearnir og fræðimenn þeirra mögluðu við lærisveina hans og sögðu: Hvers vegna etið þér og drekkið með tollheimtumönnum og bersyndugum? **31** Og Jesús svaraði og sagði við þá: Ekki þurfa heilbrigðir læknis við, heldur þeir sem sjúkir eru. **32** Eg er ekki kominn til að kalla réttláta, heldur syndara til iðrunar. **33** En þeir sögðu við hann: Lærisveinar Jóhannesar fasta oft og eru á bænum, sömuleiðis einnig lærisveinar Farísеanna, en þínir eta og drekka. **34** Jesús sagði við þá: Getið þér látið brúðkaupssveinana fasta, meðan brúðguminn er hjá þeim? **35** En dagar munu

koma, og er brúðguminn verður tekinn frá þeim, þá munu þeir fasta á þeim dögum. 36 En hann sagði þeim einnig líkingu: Enginn rífur bót af nýju fati og leggur hana á gamalt fat; því að þá rífur hann nýja fatið, og bótin af hinu nýja sambýður ekki hinu gamla. 37 Og enginn lætur nýtt vín á gamla belgi, því að þá sprengir nýja vínið belgina, og það fer niður og belgirnir ónýtast. 38 Heldur ber að láta nýtt vín á nýja belgi. 39 Og enginn, sem drukkið hefir gamalt vín, vill nýtt, því að hann segir: hið gamla er gott.

6. kafli

1 En svo bar við á hvíldardegi að hann fór um sáðlönd, og tíndu þá lærisveinar hans kornöxin, neru þau með höndunum og átu. 2 En nokkrir af Faríseunum sögðu: Hví gjörið þér það, sem ekki er leyfilegt að gjöra á hvíldardögum? 3 Og Jesús svaraði og sagði við þá: Hafið þér ekki lesið það, sem Davíð gjörði, er hann varð sjálfur hungraður og menn hans? 4 hvernig hann fór inn í hús Guðs og tók skoðunarbrauðin og át, og gaf þau einnig mönnum sínum, þau sem enginn má eta nema prestarnir einir? 5 Og hann sagði við þá: Mannsins sonur er herra hvíldardagsins. 6 En á öðrum hvíldardegi bar svo við, að hann kom inn í samkunduna og kendi; og þar var maður nokkur, og var hægri hönd hans visin. 7 En fræðimennirnir og Farísearnir höfðu gætur á honum, hvort hann mundi lækna á hvíldardegi, til þess að þeir gætu fundið eitthvað að kæra hann fyrir. 8 En hann vissi hugsanir þeirra, og hann sagði við manninn, sem hafði visnu höndina: Rís upp og kom hér fram. Og hann reis upp og kom. 9 Jesús sagði við þá: Eg spyr yður, hvort er leyfilegt á hvíldardegi að gjöra gott eða gjöra ilt, að bjarga lífi eða fyrirfara því? 10 Og er hann hafði litið í kring á þá alla, sagði hann við manninn: Rétt þú fram hönd þína. Hann gjörði svo, og hönd hans varð aftur heil. 11 En þeir fyltust æði og töluðu hver við annan um, hvað þeir gætu gjört við Jesúm. 12 En svo bar við um þessar mundir, að hann fór út til fjallsins, til þess að biðjast fyrir, og var alla nóttina á bæn til Guðs. 13 Og er dagur kom, kallaði hann til sín lærisveina sína og valdi tólf af þeim, sem hann einnig kallaði postula: 14 Símon, sem hann kallaði Pétur, og Andrés bróður hans, og Jakob og Jóhannes og Filippus og Bartólómeus, 15 og Matteus og Tómas, og Jakob Alfeusson og Símon, sem kallaður var vandlætari, 16 og Júdas

Jakobsson og Júdas Ískaríot, sem varð svikari. **17** Og hann fór niður með
þeim og nam staðar á sléttlendi, og var þar þá mikill hópur af lærisveinum
hans og mikill fjöldi fólks úr allri Júdeu og Jerúsalem og frá sjávarbygðinni
hjá Týrus og Sídon, sem komnir voru til að heyra hann og til þess að læknast
af sjúkdómum sínum; **18** og þeir, er þjáðir voru af óhreinum öndum, urðu
heilbrigðir, **19** og allur mannfjöldinn leitaðist við að snerta hann, því að
kraftur gekk út frá honum, sem læknaði alla. **20** Og hann upplyfti augum
sínum til lærisveina sinna og sagði: Sælir eruð þér, fátækir, því yðar er Guðs
ríki. **21** Sælir eruð þér, sem nú líðið hungur, því að þér skuluð saddir verða.
Sælir eruð þér, sem nú grátið, því að þér munuð hlæja. **22** Sælir eruð þér, er
menn hatast við yður og er þeir útskúfa yður og lastmæla yður og afmá nafn
yðar sem vont, vegna mannsins sonar. **23** Fagnið á þeim degi og látið
gleðilátum, því sjá, laun yðar eru mikil á himnum, því á sama hátt breyttu
feður þeirra við spámennina. **24** En vei yður, þér ríku, því að þér hafið úttekið
huggun yðar. **25** Vei yður, þér sem nú eruð saddir, því að þér munuð hungur
líða. Vei yður, sem nú hlæið, því að þér munuð sýta og gráta. **26** Vei yður, er
allir menn tala vel um yður, því á sama hátt breyttu feður þeirra við
falsspámennina. **27** En eg segi yður, er heyrið: elskið óvini yðar, gjörið þeim
gott, sem hata yður; **28** blessið þá, sem bölva yður, og biðjið fyrir þeim, er
sýna yður ójöfnuð. **29** Þeim, er slær þig á aðra kinnina, skaltu og bjóða hina;
og þeim, sem tekur yfirhöfn þína, skaltu jafnvel eigi varna kyrtilsins. **30** Gef
þú hverjum sem biður þig, og þann sem tekur það, sem þitt er, skaltu eigi
krefja. **31** Og eins og þér viljið að mennirnir breyti við yður, eins skuluð þér
og breyta við þá. **32** Og þótt þér elskið þá, sem yður elska, hvaða þökk fáið
þér fyrir það? Því að bersyndugir elska einnig þá, sem þá elska. **33** Og þótt
þér gjörið þeim gott, sem yður gjöra gott, hvaða þökk fáið þér fyrir það? Því
að bersyndugir gjöra og hið sama. **34** Og þótt þér lánið þeim, sem þér búist
við að fá það hjá, hvaða þökk fáið þér fyrir það? Bersyndugir lána einnig
bersyndugum, til þess að þeir fái jafnmikið aftur. **35** En elskið óvini yðar, og
gjörið gott og lánið, án þess að vænta nokkurs aftur, og laun yðar munu
verða mikil, og þér munuð verða börn hins hæsta, því að hann er góðgjarn
við vanþakkláta og vonda. **36** Verið miskunnsamir, eins og faðir yðar er
miskunnsamur. **37** Og dæmið ekki, þá munuð þér ekki verða dæmdir. Og
sakfellið eigi og þá munuð þér eigi verða sakfeldir. Sýknið, og þá munuð þér

sýknaðir verða. 38 Gefið, og þá mun yður gefið verða; góður mælir, troðinn, skekinn, fleytifullur mun gefinn verða yður í skaut; því að með þeim mæli, sem þér mælið öðrum, mun yður aftur mælt verða. 39 En hann sagði þeim og líkingu: Hvort fær blindur leitt blindan? Munu þeir ekki báðir falla í gryfju? 40 Ekki er lærisveinninn yfir meistaranum, en hver sem er fullnuma, verður eins og meistari hans. 41 En hví sér þú flísina, sem er í auga bróður þíns, en tekur ekki eftir bjálkanum, sem er í þínu eigin auga? 42 Eða hvernig fær þú sagt við bróður þinn: Bróðir, lát þú mig draga út flísina, sem er í auga þér, þar sem þú sér ekki sjálfur bjálkann í þínu auga? Hræsnari, drag þú fyrst út bjálkann úr þínu auga, og þá munt þú sjá vel til að draga út flísina, sem er í auga bróður þíns. 43 Því að ekki er til gott tré, sem ber skemdan ávöxt; ekki heldur skemt tré, sem ber góðan ávöxt. 44 Því að sérhvert tré þekkist af ávexti sínum; því að ekki safna menn fíkjum af þyrnum eða uppskera vínber af þistlum. 45 Góður maður fram ber það sem gott er úr góðum sjóði hjarta síns, en illur maður fram ber það sem ilt er úr vondum sjóði; því af gnægð hjartans mælir munnur hans. 46 En hví kallið þér mig herra, herra, og gjörið ekki það sem eg segi? 47 Eg skal sýna yður, hverjum sá er líkur, sem kemur til mín og heyrir orð mín, og breytir eftir þeim; 48 hann er líkur manni, er bygði hús, gróf og fór djúpt og lagði undirstöðuna á klöpp; og er vatnsflóð kom, skall straumurinn á því húsi, en fékk hvergi hrært það, vegna þess að það var vel bygt. 49 En sá er heyrir, og gjörir ekki, hann er líkur manni þeim, er bygði hús á jörðunni án undirstöðu; straumurinn skall á því, og hrundi það þegar niður, og hrun þess húss varð mikið.

7. kafli

1 Þá er hann hafði fullnað öll orð sín í áheyrn lýðsins, fór hann inn í Kapernaum. 2 En þjónn hundraðshöfðingja nokkurs lá sjúkur, að fram kominn dauða, og var hann honum næsta kær. 3 Og er hann heyrði um Jesúm, sendi hann til hans öldunga Gyðinga, og bað hann að koma og bjarga þjóni sínum. 4 En þegar þeir komu til Jesú, báðu þeir hann innilega, segjandi: Verður er hann þess, að þú veitir honum þetta; 5 því að hann elskar þjóð vora, og hann hefir bygt samkunduhúsið handa oss. 6 Og Jesús fór með þeim. En er hann var þegar eigi langt frá húsinu, sendi hundraðshöfðinginn vini

sína til hans og sagði við hann: Ómaka þig ekki, herra, því að eg er ekki verður þess, að þú gangir inn undir þak mitt; **7** þess vegna hefi eg ekki heldur álitið sjálfan mig verðan að koma til þín; en seg það með orði, og mun þjónn minn verða heill. **8** Því að eg er og maður yfirvaldi undirgefinn, sem hefi hermenn undir mér; og eg segi við þennan: Far þú, og hann fer, og við annan: Kom þú, og hann kemur, og við þjón minn: Gjör þú þetta, og hann gjörir það. **9** En er Jesús heyrði þetta, furðaði hann sig á honum og snerist að mannfjöldanum, sem fylgdist með honum, og mælti: Eg segi yður, ekki einu sinni í Ísrael hefi eg fundið svo mikla trú. **10** Og þeir sneru aftur heim, er sendir voru, og fundu þjóninn heilan heilsu. **11** Og skömmu síðar bar svo við, að hann fór til borgar, sem heitir Nain; voru þá í ferð með honum lærisveinar hans og mikill mannfjöldi. **12** En er hann nálgaðist borgarhliðið, sjá, þá var borinn út dauður maður, einkasonur móður sinnar, og hún var ekkja, og var mikill fjöldi úr bænum með henni. **13** Og er Drottinn sá hana, kendi hann í brjósti um hana og sagði við hana: Grát þú eigi! **14** Og hann gekk að og snart líkbörurnar, en þeir, sem báru, námu staðar. Og hann sagði: Ungi maður, eg segi þér, ris þú upp! **15** Og settist þá upp sá, er dauður var, og tók að mæla; og hann gaf hann móður hans. **16** En ótti greip alla; og vegsömuðu þeir Guð, segjandi: Spámaður mikill er risinn upp meðal vor, og: Guð hefir vitjað lýðs síns. **17** Og þessi fregn um hann barst út um alla Júdeu og öll héruðin þar í kring. **18** Og lærisveinar Jóhannesar sögðu honum frá öllu þessu. **19** Og Jóhannes kallaði til sín tvo af lærisveinum sínum, og sendi þá til Drottins og sagði: Ert þú sá sem koma á, eða eigum vér að vænta annars? **20** En þegar mennirnir voru komnir til hans, sögðu þeir: Jóhannes skírari sendi okkur til þín, segjandi: Ert þú sá sem koma á, eða eigum vér að vænta annars? **21** Á þeirri stund var hann að lækna marga af sjúkdómum og plágum og af illum öndum, og mörgum blindum gaf hann sýn. **22** Og hann svaraði og sagði við þá: Farið og kunngjörið Jóhannesi það sem þið hafið séð og heyrt: Blindir fá sýn, haltir ganga, líkþráir hreinsast og daufir heyra, dauðir upprísa og fátækum er boðað fagnaðarerindi. **23** Og sæll er sá, sem ekki hneykslast á mér. **24** En er sendimenn Jóhannesar voru burt farnir, fór hann að tala til mannfjöldans um Jóhannes: Hvað fóruð þér út í óbygðina að sjá? Reyr af vindi skekinn? **25** Eða hvað fóruð þér út að sjá? Mann klæddan mjúkum klæðum? Sjá, þeir, sem eru í skrautlegum búningi og lifa í sællífi, eru í

konungahöllunum. **26** Eða hvað fóruð þér út að sjá? Spámann? Já, eg segi
yður, jafnvel meira en spámann. **27** Hann er sá, sem ritað er um: Sjá, eg sendi
sendiboða minn fyrir augliti þínu, er greiða mun veg þinn fyrir þér. **28** Eg segi
yður: meðal þeirra, sem af konum eru fæddir, er enginn meiri en Jóhannes;
en hinn minsti í guðsríki er honum meiri. **29** Og allur lýðurinn, sem heyrði
hann, og tollheimtumennirnir réttlættu Guð, er þeir létu skírast skírn
Jóhannesar. **30** En Farísearnir og lögvitringarnir ónýttu ráð Guðs þeim til
handa, er þeir létu ekki skírast af honum. **31** Við hvað skal eg þá samlíkja
mönnum kynslóðar þessarar, eða hverju eru þeir líkir? **32** Líkir eru þeir
börnum, sem á torgi sitja og kalla hvert til annars, sem segja: Vér lékum fyrir
yður á hljóðpípu, og þér dönsuðuð ekki. Vér sungum sorgarljóð, og þér
grétuð ekki. **33** Því að Jóhannes skírari er kominn, og hann át ekki brauð og
drakk ekki vín, og þér segið: Hann hefir illan anda. **34** Mannsins sonur er
kominn, og etur og drekkur, og þér segið: Sjá, átvagl og vínsvelgur, vinur
tollheimtumanna og syndara! **35** Og spekin réttlættist af öllum börnum sínum.
36 En einn af Faríseunum bauð honum að eta hjá sér; og hann fór inn í hús
Faríseans og settist undir borð. **37** En sjá, þar í bænum var kona nokkur
bersyndug; og þegar hún varð þess vís, að hann sat yfir borðum í húsi
Faríseans, kom hún með alabastursbuðk með smyrslum, **38** stóð fyrir aftan
við fætur hans grátandi, og tók til að væta fætur hans með tárum sínum og
þerraði þá með höfuðhári sínu, kysti fætur hans og smurði þá með
smyrslunum. **39** En er Faríseinn, sem honum hafði boðið, sá þetta, talaði hann
við sjálfan sig og sagði: Væri þessi maður spámaður, þá vissi hann, hver og
hvers konar kona það er, sem snertir hann, að hún er bersyndug. **40** Og Jesús
svaraði og sagði við hann: Símon, eg hefi nokkuð að segja þér. Og hann
mælti: Seg þú það, meistari. **41** Lánardrottinn nokkur átti tvo skuldunauta;
annar þeirra skuldaði honum fimm hundruð denara, en hinn fimtíu. **42** Nú er
þeir áttu ekkert til að borga með, gaf hann þeim báðum upp. Hvor þeirra
skyldi nú elska hann meira? **43** Símon svaraði og sagði: Eg hygg, sá sem hann
gaf meira upp. En hann sagði við hann: Þú ályktaðir rétt. **44** Og hann sneri sér
síðan að konunni og sagði við Símon: Sér þú konu þessa? Eg kom í hús þitt,
og þú gafst mér ekki vatn á fætur mína, en hún vætti fætur mína með tárum
sínum og þerraði þá með hári sínu. **45** Þú gafst mér ekki koss, en frá því eg
kom inn hefir hún ekki látið af að kyssa fætur mína. **46** Ekki smurðir þú höfuð

mitt með olíu, en hún hefir smurt fætur mína með smyrslum. 47 Þess vegna segi eg þér: hinar mörgu syndir hennar eru fyrirgefnar, með því að hún elskaði mikið; en sá, sem lítið er fyrirgefið, hann elskar lítið. 48 En hann sagði við hana: Syndir þínar eru fyrirgefnar. 49 Og þeir, sem til borðs sátu með honum, tóku að segja með sjálfum sér: Hver er þessi maður, sem jafnvel fyrirgefur syndir? 50 En hann sagði við konuna: Trú þín hefir frelsað þig; far þú í friði.

8. kafli

1 Og svo bar við skömmu síðar, að hann fór um, borg úr borg og þorp úr þorpi, prédikandi og boðandi fagnaðarerindi guðsríkis, og með honum þeir tólf 2 og konur nokkrar, er læknaðar höfðu verið af illum öndum og sjúkleikum: María, kölluð Magdalena, er sjö illir andar höfðu farið út frá, 3 og Jóhanna, kona Kúsa, ráðsmanns Heródesar, og Súsanna og margar aðrar, sem hjálpuðu þeim með fjármunum sínum. 4 En er mikill mannfjöldi var saman kominn, og þeir fóru út til hans úr hverri borg, sagði hann í dæmisögu: 5 Sáðmaður fór út að sá sæði sínu; og er hann var að sá, féll sumt sæðið við götuna og varð fótum troðið, og fuglar himinsins átu það upp. 6 Og annað féll á klöpp, og er það óx, skrælnaði það, af því að það hafði ekki vökva. 7 Og annað féll meðal þyrna, og þyrnarnir uxu upp með og kæfðu það. 8 Og annað féll í góðu jörðina, og það óx upp og bar hundraðfaldan ávöxt. Þegar hann sagði þetta, kallaði hann hátt: Hver sem eyru hefir að heyra, hann heyri. 9 En lærisveinar hans spurðu hann, hvað þessi dæmisaga ætti að þýða. 10 En hann sagði: Yður er gefið að þekkja leyndardóma guðsríkis; en hinum öðrum í dæmisögum, til þess að sjáandi sjái þeir ekki og heyrandi skilji þeir ekki. 11 En dæmisagan þýðir þetta: Sæðið er orð Guðs; 12 en þeir við götuna eru þeir, sem hafa heyrt; síðan kemur djöfullinn og tekur orðið burt úr hjarta þeirra, til þess að þeir skuli ekki trúa og verða hólpnir. 13 En þeir á klöppinni eru þeir, sem taka við orðinu með fögnuði, er þeir hafa heyrt; en þessir hafa ekki rót, þeir er trúa um stund og falla frá á reynslutíma. 14 En það, er féll meðal þyrna, það eru þeir sem hafa heyrt, og þeir fara og kefjast í áhyggjum og auðæfum og munaði lífsins, og bera ekki þroskaðan ávöxt. 15 En það í góðu jörðinni, það eru þeir, sem heyrt hafa, geyma orðið í

vönduðu og góðu hjarta, og bera ávöxt með stöðuglyndi. **16** En enginn, sem kveikt hefir ljós, hylur það með keri, eða setur það undir bekk, heldur setja menn það í ljósastiku, til þess að þeir, sem inn koma, sjái ljósið. **17** Því að ekkert er leynt, sem ekki muni verða opinbert, né nokkuð hulið, sem ekki verði kunnugt og komi í ljós. **18** Gætið þess því, hvernig þér heyrið; því að sá sem hefir, honum mun gefið verða; og sá sem ekki hefir, frá honum mun tekið verða einnig það, sem hann ætlar sig hafa. **19** En móðir hans og bræður komu til hans, og þau gátu ekki náð fundi hans vegna mannfjöldans. **20** En honum var sagt: Móðir þín og bræður þínir standa fyrir utan og vilja finna þig. **21** En hann svaraði og sagði við þá: Móðir mín og bræður mínir eru þessir, sem heyra Guðs orð og gjöra það. **22** En svo bar við einn daginn, að hann steig sjálfur á skip og lærisveinar hans; og hann sagði við þá: Förum til landsins hinumegin við vatnið. Og þeir létu frá landi. **23** En er þeir voru á siglingunni, sofnaði hann. Þá sló stormhrinu niður á vatnið, svo að fylti hjá þeim, og voru þeir hætt komnir. **24** Þeir fóru þá til hans, vöktu hann og sögðu: Meistari, meistari! vér förumst. En hann vaknaði, hastaði á storminn og ölduganginn, svo að hann sefaðist, og það varð logn. **25** Og hann sagði við þá: Hvar er trú yðar? En þeir urðu hræddir og undruðust þetta, og sögðu hver við annan: Hver er þá þessi, að hann jafnvel skipar vindum og vatni, og það hlýðir honum? **26** Og þeir lentu við hérað Gerasena, sem liggur hinumegin gagnvart Galíleu. **27** En er hann steig á land, kom á móti honum maður nokkur úr borginni, sem hafði illan anda; og langan tíma hafði hann ekki verið í fötum, og hafðist ekki við í húsum, heldur í gröfunum. **28** En er hann sá Jesúm, æpti hann, féll fram fyrir hann og sagði með hárri raustu: Hvað höfum við saman að sælda, Jesú, sonur hins æðsta Guðs? Eg bið þig, kvel þú mig ekki! **29** Því að hann bauð hinum óhreina anda að fara út af manninum. Því að í langa tíma hafði hann dregið hann með sér; og hann hafði verið bundinn hlekkjum og fótfjötrum og hafður í gæslu, og hann hafði slitið fótfjötrana og verið rekinn af illa andanum í óbygðir. **30** En Jesús spurði hann: Hvað er nafn þitt? En hann sagði: Legíó; því að margir illir andar höfðu farið inn í hann. **31** Og þeir báðu hann að skipa sér ekki að fara í undirdjúpið. **32** En þar var stór svínahjörð á beit í fjallinu, og þeir báðu hann að leyfa sér að fara í þau, og leyfði hann þeim það. **33** En illu andarnir fóru út af manninum og fóru í svínin, og hjörðin steyptist niður fyrir þvergnípið í

vatnið og kafnaði. **34** En er hirðarnir sáu það sem orðið var, flýðu þeir og fluttu fregnina til borgarinnar og bygðanna. **35** En menn fóru út að sjá þennan atburð, og komu til Jesú og fundu manninn, er illu andarnir höfðu farið út af, sitjandi klæddan og heilvita við fætur Jesú, og urðu þeir mjög óttaslegnir. **36** En þeir, sem séð höfðu þetta, sögðu þeim frá, hvernig sá, er illu andarnir voru í, hafði orðið heill. **37** Og alt fólkið í Gerasena héruðum bað hann að fara burt frá þeim, því að þeir voru haldnir af miklum ótta. Og hann steig á skip og fór til baka. **38** En maðurinn, sem illu andarnir höfðu farið út af, bað hann að mega vera með honum; en hann lét hann frá sér fara og mælti: **39** Far þú aftur heim til þín og seg þú frá, hversu mikið Guð hefir gjört fyrir þig. Og hann fór og kunngjörði um alla borgina, hve mikið Jesús hafði fyrir hann gjört. **40** En er Jesús kom aftur, tók mannfjöldinn vel á móti honum, því að þeir höfðu allir verið að vænta hans. **41** Og sjá, maður kom, að nafni Jaírus, og var hann forstöðumaður samkunduhússins; og hann féll til fóta Jesú og bað hann að koma heim til sín; **42** því að hann átti einkadóttur, hér um bil tólf ára, og lá hún fyrir dauðanum. En er hann var á leiðinni, þrengdist mannfjöldinn að honum. **43** Og kona nokkur, er hafði haft blóðlát í tólf ár og varið allri eigu sinni til lækna, en eigi getað fengið lækningu hjá neinum, **44** kom að baki honum og snart fald yfirhafnar hans; stöðvaðist þá þegar í stað blóðlát hennar. **45** Og Jesús sagði: Hver var það, sem snart mig? Og er allir synjuðu fyrir það, sagði Pétur og þeir sem með honum voru: Meistari, mannfjöldinn þrengist að þér og þrýstir á. **46** En Jesús sagði: Einhver snart mig, því eg varð var við, að kraftur gekk út frá mér. **47** En er konan sá, að hún duldist ekki, kom hún skjálfandi, féll til fóta honum og sagði frá, frammi fyrir öllum lýðnum, fyrir hverja sök hún hefði snortið hann, og hvernig hún hefði læknast þegar í stað. **48** En hann sagði við hana: Dóttir, trú þín hefir gjört þig heila; far þú í friði. **49** Er hann var enn að tala, kemur maður frá samkundustjóranum og segir: Dóttir þín er látin, ómaka ekki meistarann. **50** En er Jesús heyrði þetta, svaraði hann honum: Óttast þú ekki, trú þú einungis, og mun hún heil verða. **51** En er hann kom að húsinu, leyfði hann engum að fara inn með sér nema Pétri, Jóhannesi og Jakob og föður stúlkunnar og móður hennar. **52** En allir grétu og syrgðu hana; en hann sagði: Grátið ekki, því að hún er ekki dáin, heldur sefur hún. **53** Og menn hlógu að honum, því að þeir vissu, að hún var dáin. **54** En hann tók í hönd hennar,

kallaði og sagði: Stúlka, rís þú upp! 55 Og andi hennar sneri aftur, og hún reis upp þegar í stað; og hann bauð að gefa henni að eta. 56 Og foreldrar hennar urðu frá sér numdir, en hann bauð þeim að segja engum frá þessum atburði.

9. kafli

1 En hann kallaði saman þá tólf, og gaf þeim vald og ráð yfir öllum illum öndum og til að lækna sóttir. 2 Og hann sendi þá út, til að prédika Guðs ríki og til þess að lækna sjúka, 3 og hann sagði við þá: Takið ekkert með til ferðarinnar, hvorki staf né mal né brauð né silfur, og ekki skuluð þér hafa tvo kyrtla. 4 Og í hverju því húsi, er þér gangið inn í, þar skuluð þér dvelja og þaðan skuluð þér leggja á stað. 5 Og þar sem menn eigi skyldu taka á móti yður, þá hristið dustið af fótum yðar, er þér farið úr þeirri borg, til vitnis gegn þeim. 6 En þeir fóru á stað og ferðuðust um þorpin, boðuðu fagnaðarerindið og læknuðu alstaðar. 7 En Heródes fjórðungsstjóri heyrði alt það, sem gjörst hafði, og hann var mjög efablandinn; því að sumir sögðu, að Jóhannes væri risinn upp frá dauðum, 8 en aðrir, að Elía væri kominn fram, og sumir, að einn af hinum fornu spámönnum væri risinn upp. 9 Og Heródes sagði: Jóhannes hefi eg látið hálshöggva, en hver er þessi, sem eg heyri slíka hluti um? Og hann leitaði færis að sjá hann. 10 Og er postularnir voru komnir til baka, sögðu þeir honum frá, hvað þeir hefðu gjört; og hann tók þá með sér og fór burt einslega til bæjar, er kallast Betsaída. 11 En er mannfjöldinn varð þess var, fylgdi hann á eftir honum, og hann veitti þeim viðtöku og talaði við þá um guðsríki, og læknaði þá, er lækningar þurftu. 12 En degi tók að halla; komu þá þeir tólf og sögðu við hann: Lát þú mannfjöldann fara burt, til þess að þeir fari í þorpin og landsbygðina hér í kring og nátti sig og fái sér mat, því að vér erum hér á óbygðum stað. 13 En hann sagði við þá: Gefið þér þeim að eta. Þeir mæltu þá: Vér höfum ekki meira en fimm brauð og tvo fiska, nema ef vér eigum að fara og kaupa vistir handa öllu þessu fólki. 14 Því að það voru um fimm þúsundir karlmanna. En hann sagði við lærisveina sína: Látið þér þá setjast niður í hópum, um fimtíu í hverjum. 15 Og þeir gjörðu svo, og létu þá alla setjast niður. 16 En hann tók fimm brauðin og fiskana tvo, leit upp til himins, blessaði þau og braut þau og fékk lærisveinunum, til að leggja fyrir mannfjöldann. 17 Og þeir mötuðust allir og urðu mettir. Og það

var tekið upp, sem þeir höfðu afgangs, tólf karfir af brotnum brauðum. **18** En svo bar við, er hann var einn saman á bæn, að lærisveinar hans voru hjá honum, og spurði hann þá og sagði: Hvern segir fólkið mig vera? **19** En þeir svöruðu og sögðu: Jóhannes skírara, aðrir Elía, og aðrir, að einn af hinum fornu spámönnum sé risinn upp. **20** En hann sagði við þá: En þér, hvern segið þér mig vera? Pétur svaraði þá og sagði: Krist Guðs. **21** En hann lagði ríkt á við þá og bannaði þeim að segja nokkurum þetta, **22** og mælti: Mannsins syni ber að líða margt og verða útskúfað af öldungunum og æðstu prestunum og fræðimönnunum, og verða deyddur og verða upp vakinn á þriðja degi. **23** Og hann sagði við alla: Vilji einhver fylgja mér, þá afneiti hann sjálfum sér og taki upp kross sinn daglega og fylgi mér. **24** Því hver sem vill bjarga lífi sínu, mun týna því; en hver sem týnir lífi sínu mín vegna, hann mun bjarga því. **25** Því að hvað stoðar það mann, að hafa unnið allan heiminn, og hafa glatað eða fyrirgjört sjálfum sér? **26** Því hver sem blygðast sín fyrir mig og mín orð, fyrir hann mun mannsins sonur blygðast sín, þegar hann kemur í dýrð sinni og föðurins og heilagra engla. **27** En eg segi yður sannlega: af þeim, sem hér standa, eru nokkrir, sem alls ekki munu smakka dauðann, fyr en þeir sjá guðsríkið. **28** Hér um bil átta dögum eftir ræðu þessa bar svo við, að hann tók með sér Pétur og Jóhannes og Jakob, og fór upp á fjallið til að biðjast fyrir. **29** Og er hann var að biðjast fyrir, varð útlit ásjónu hans annað, og klæði hans urðu hvít og ljómandi. **30** Og sjá, tveir menn voru að tala við hann, og voru það þeir Móse og Elía, **31** er sáust í ljóma og töluðu um burtför hans, er fyrir honum lá að leiða til lykta í Jerúsalem. **32** En Pétur og þeir, sem með honum voru, voru yfirkomnir af svefni; en er þeir voru fullvaknaðir, sáu þeir dýrð hans og þá tvo menn, er stóðu hjá honum. **33** Og svo bar við, er þeir skildust við hann, að Pétur mælti við Jesúm: Gott er að vér erum hér, meistari; og gjörum nú þrjár tjaldbúðir, þér eina, Móse eina og Elía eina; en hann vissi ekki hvað hann sagði. **34** En er hann var þetta að mæla, kom ský og skygði yfir þá, og urðu þeir hræddir, er þeir komu inn í skýið. **35** Og rödd kom út úr skýinu, segjandi: Þessi er sonur minn hinn útvaldi, hlýðið honum. **36** En í því röddin kom, var Jesús einn. Og þeir þögðu og sögðu á þeim dögum engum frá neinu af því, sem þeir höfðu séð. **37** En svo bar við daginn eftir, er þeir fóru niður af fjallinu, að mikill mannfjöldi kom á móti honum. **38** Og sjá, maður nokkur úr mannfjöldanum hrópaði og sagði: Meistari, eg bið þig að

líta á son minn, því að hann er einkabarn mitt. 39 Og sjá, andi tekur hann og hann æpir alt í einu upp, og hann teygir hann, svo að hann froðufellir, og varla víkur hann frá honum og lætur af að kvelja hann. 40 Og eg bað lærisveina þína að reka hann út, en þeir gátu það ekki. 41 En Jesús svaraði og sagði: Ó, þú vantrúa og rangsnúna kynslóð, hversu lengi á eg að vera hjá yður og umbera yður? Fær þú hingað son þinn. 42 Og rétt í því að hann var að koma, hreif illi andinn hann og teygði hann sundur og saman. Hastaði þá Jesús á hinn óhreina anda, og læknaði sveininn og gaf hann aftur föður hans. 43 En þeir urðu allir forviða yfir hátign Guðs. En er allir voru að undrast yfir öllu því, sem hann gjörði, sagði hann við lærisveina sína: 44 Festið þessi orð í eyrum yðar; því að mannsins sonur mun verða framseldur í manna hendur. 45 En þeir skildu ekki orð þetta, og það var hulið fyrir þeim, til þess að þeir skynjuðu það ekki; og þeir voru hræddir við að spyrja hann um orð þetta. 46 En sú hugsun kom upp meðal þeirra, hver þeirra mundi vera mestur. 47 En er Jesús sá hugsun hjartna þeirra, tók hann barn og setti það hjá sér 48 og sagði við þá: Hver sem veitir þessu barni viðtöku í mínu nafni, hann veitir mér viðtöku, og hver sem veitir mér viðtöku, hann veitir þeim viðtöku, er mig sendi; því að sá sem minstur er meðal yðar allra, hann er mikill. 49 En Jóhannes tók til máls og sagði: Meistari, vér sáum mann einn, sem í þínu nafni rak út illa anda, og vér bönnuðum honum það, af því að hann fylgir oss ekki. 50 En Jesús sagði við hann: Bannið það ekki, því að sá sem ekki er á móti yður, hann er með yður. 51 En svo bar við, er fullnast tóku dagar upphafningar hans, að hann fastréð með sér að halda beint til Jerúsalem, 52 og sendi sendimenn á undan sér. Og þeir fóru og komu inn í Samverja-þorp nokkurt, til að gjöra fyrirbúnað handa honum. 53 Og þeir veittu honum ekki viðtöku, af því að hann var á leið til Jerúsalem. 54 En er lærisveinar hans, Jakob og Jóhannes, sáu það, sögðu þeir: Viltu, herra, að vér bjóðum að eldur skuli falla niður af himni og tortíma þeim. 55 En hann snerist við og ávítaði þá. 56 Og þeir fóru í annað þorp. 57 Og er þeir voru á ferð á veginum, sagði maður nokkur við hann: Eg vil fylgja þér, hvert sem þú svo fer. 58 Og Jesús sagði við hann: Refar hafa greni og fuglar himinsins hreiður, en mannsins sonur á hvergi höfði sínu að að halla. 59 En við annan sagði hann: Fylg þú mér! En hann mælti: Herra, leyf mér fyrst að fara og grafa föður minn. 60 En hann sagði við hann: Lát hina dauðu grafa sína dauðu, en far þú og boða

guðsríki. 61 En annar var og, er sagði: Eg vil fylgja þér, herra, en leyf mér fyrst að fara og kveðja þá, sem heima hjá mér eru. 62 En Jesús sagði við hann: Enginn, sem leggur hönd sína á plóginn og horfir aftur fyrir sig, er hæfur til guðsríkis.

10. kafli

1 En eftir þetta útvaldi Drottinn aðra sjötíu og sendi þá á undan sér, tvo og tvo, í hverja þá borg og stað, sem hann ætlaði að koma til. 2 Og hann sagði við þá: Uppskeran er mikil, en verkamennirnir eru fáir; biðjið því herra uppskerunnar, að hann sendi út verkamenn til uppskeru sinnar. 3 Farið. Sjá, eg sendi yður eins og lömb á meðal úlfa. 4 Hafið ekki með fégyrðil, ekki mal, ekki ilskó, og heilsið engum á veginum. 5 En hvar sem þér komið inn í hús, þá segið fyrst: Friður sé í húsi þessu. 6 Og sé þar nokkurt friðarbarn, mun friður yðar hvíla yfir honum; en sé það ekki, mun hann hverfa til yðar aftur. 7 Verið kyrrir í því húsi, etið og drekkið það sem þér fáið hjá þeim, því að verður er verkamaðurinn launa sinna. Ekki skuluð þér flytja yður úr einu húsi í annað. 8 Og hvar sem þér komið inn í bæ, og menn veita yður viðtöku, þá neytið þess, er fyrir yður verður sett; 9 og læknið þá, sem þar eru sjúkir, og segið þeim: Guðsríki er komið nálægt yður. 10 En hvar sem þér komið í bæ, og menn veita yður eigi viðtöku, þá farið út á strætin og segið: 11 Jafnvel dustið, sem loðir við fætur vora úr bæ yðar, þurkum vér af oss yður til handa; vitið samt þetta, að guðsríki er komið í nánd. 12 Eg segi yður, að bærilegra mun verða fyrir Sódómu á þeim degi en fyrir þann bæ. 13 Vei þér, Korasín; vei þér, Betsaída; því að ef þau kraftaverk hefðu gjörð verið í Týrus og Sídon, sem gjörst hafa í ykkur, mundu þeir fyrir löngu hafa snúið sér, sitjandi í sekk og ösku. 14 Já, bærilegra mun verða fyrir Týrus og Sídon í dóminum en fyrir ykkur. 15 Og þú, Kapernaum! munt þú verða hafin til himins? Til Heljar mun þér niðursökt verða. 16 Sá sem hlýðir á yður, hlýðir á mig, og sá sem fyrirlítur yður, fyrirlítur mig; en sá sem fyrirlítur mig, fyrirlítur þann sem sendi mig. 17 En þeir sjötíu komu til baka með fögnuði og sögðu: Herra, jafnvel illir andar eru oss undirgefnir í þínu nafni. 18 En hann mælti við þá: Eg sá Satan falla af himni eins og eldingu. 19 Sjá, eg hefi gefið yður vald til að stíga ofan á höggorma og sporðdreka og yfir öllu óvinarins veldi, og

ekkert skal yður minsta mein gjöra. 20 Gleðjist samt ekki yfir því, að andarnir eru yður undirgefnir, en gleðjist yfir því, að nöfn yðar eru innrituð á himnum. 21 Samstundis varð hann glaður í heilögum anda og sagði: Eg þakka þér, faðir, herra himins og jarðar, að þú hefir hulið þetta fyrir spekingum og vitringum, og hefir auglýst það börnum. Já, faðir, því að þannig varð það velþóknanlegt fyrir þér. 22 Alt er mér í vald gefið af föður mínum, og enginn veit, hver sonurinn er, nema faðirinn, eða hver faðirinn er, nema sonurinn og sá, sem sonurinn vill opinbera hann. 23 Og hann sneri sér til lærisveina sinna og sagði við þá einslega: Sæl eru þau augu, sem sjá það, sem þér sjáið. 24 Því að eg segi yður, að margir spámenn og konungar hafa viljað sjá það, sem þér sjáið, og sáu það ekki, og heyra það, sem þér heyrið, og heyrðu það ekki. 25 Og sjá, lögvitringur nokkur stóð upp, freistaði hans og mælti: Meistari, hvað á eg að gjöra, til þess að eignast eilíft líf? 26 En hann sagði við hann: Hvað er skrifað í lögmálinu? Hvernig les þú? 27 En hann svaraði og sagði: Elska skalt þú Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta þínu og af allri sálu þinni og af öllum mætti þínum og af öllum huga þínum, og náunga þinn eins og sjálfan þig. 28 En hann sagði við hann: Þú svaraðir rétt; gjör þú þetta, og þá muntu lifa. 29 En hann vildi réttlæta sjálfan sig og sagði við Jesúm: Hver er þá náungi minn? 30 Jesús svaraði og sagði: Maður nokkur ferðaðist frá Jesúsalem niður til Jeríkó, og hann féll á meðal ræningja, sem bæði flettu hann klæðum og börðu hann og fóru síðan burt og létu hann eftir hálfdauðan. 31 En af hendingu fór prestur nokkur niður veg þennan, og er hann sá hann, gekk hann fram hjá. 32 Svo fór og Levíta einum: þegar hann kom til þess staðar og sá hann, gekk hann einnig fram hjá. 33 En Samverji nokkur, er var á ferð, kom að honum, og er hann sá hann, kendi hann í brjósti um hann, 34 og gekk til hans og batt um sár hans og helti í þau olíu og víni; og hann setti hann upp á sinn eigin eyk og flutti hann til gistihúss og bar umhyggju fyrir honum. 35 Og daginn eftir tók hann upp tvo denara og fékk þá gestgjafanum og mælti: Al þú önn fyrir honum, og hvað sem þú kostar meiru til, skal eg borga þér, er eg kem aftur. 36 Hver af þessum þremur sýnist þér hafa verið náungi mannsins, sem féll í hendur ræningjanna? 37 En hann mælti: Sá sem miskunnarverkið gjörði á honum. Og Jesús sagði við hann: Far þú og gjör þú slíkt hið sama. 38 Er þeir nú voru á ferð, kom hann inn í þorp nokkurt; en kona ein að nafni Marta tók á móti honum í hús sitt. 39 Og hún átti systur, er

hét María, er jafnvel sat við fætur Drottins og hlýddi á orð hans. 40 En Marta var önnum kafin við mikla þjónustu; og hún gekk til hans og mælti: Herra, hirðir þú ekki um það, að systir mín lætur mig eina ganga um beina? Seg þú henni þá að hjálpa mér. 41 En Drottinn svaraði og sagði við hana: Marta, Marta, þú ert áhyggjufull og mæðist í mörgu, 42 en eitt er nauðsynlegt. Því að María hefir valið góða hlutann, sem ekki skal verða tekinn frá henni.

11. kafli

1 Og svo bar við, er hann var á stað nokkurum að biðjast fyrir, að einn af lærisveinum hans sagði við hann, þá er hann hafði lokið bænagjörðinni: Herra, kenn þú oss að biðja, eins og Jóhannes kendi lærisveinum sínum. 2 En hann sagði við þá: Er þér biðjist fyrir, þá segið: Faðir, helgist nafn þitt, komi ríki þitt, 3 gef oss dag hvern vort daglegt brauð; 4 og fyrirgef oss syndir vorar, því að vér sjálfir fyrirgefum og öllum vorum skuldunautum; og leið oss ekki í freistni. 5 Og hann sagði við þá: Hver yðar skyldi eiga vin og fara til hans um miðnætti og segja við hann: Vinur, lánaðu mér þrjú brauð; 6 því að vinur minn er kominn til mín úr ferð, og eg hefi ekkert að setja fram fyrir hann; 7 og hinn skyldi svara inni fyrir og segja: Gjörðu mér ekki ónæði; dyrnar eru lokaðar, og börn mín eru ásamt mér komin í rúmið; eg get ekki farið á fætur, til að fá þér þau? 8 Eg segi yður, þótt hann fari ekki á fætur og fái honum þau sökum þess, að hann er vinur hans, þá mun hann samt fara á fætur vegna áleitni hans, og fá honum svo mikið sem hann við þarf. 9 Og eg segi yður: Biðjið, og yður mun gefast; leitið, og þér munuð finna; knýið á, og fyrir yður mun upp lokið verða; 10 því að hver sá fær, sem biður, og sá finnur, sem leitar, og fyrir þeim, sem á knýr, mun upp lokið verða. 11 En hver faðir yðar á meðal mundi gefa syni sínum stein, er hann bæði um brauð? eða um fisk, þá gefa honum höggorm í staðinn fyrir fisk? 12 eða bæði hann um egg, þá gefa honum sporðdreka? 13 Ef nú þér, sem eruð vondir, hafið vit á að gefa börnum yðar góðar gjafir, hve miklu fremur mun þá faðirinn á himnum gefa þeim heilagan anda, sem hann biðja. 14 Og hann rak út mállausan anda, og það varð, er andinn var farinn út, að þá talaði mállausi maðurinn. Og mannfjöldinn undraðist, 15 en sumir þeirra sögðu: Með fulltingi Beelsebúls, foringja illu andanna, rekur hann illu andana út. 16 En aðrir freistuðu hans og

kröfðust af honum tákns af himni. 17 En hann, er vissi hugrenningar þeirra, sagði við þá: Hvert það ríki, sem er sjálfu sér sundurþykt, eyðist, og hús fellur á hús. 18 Og ef Satan er nú sjálfum sér sundurþykkur, hvernig fær ríki hans þá staðist? Því að þér segið, að með fulltingi Beelsebúls reki eg illa anda út. 19 En sé það með fulltingi Beelsebúls að eg rek út illa anda, með hvers fulltingi út reka þá synir yðar þá? Þess vegna skulu þeir vera dómendur yðar. 20 En sé það með fingri Guðs, að eg rek illa anda út, þá er ríki Guðs þegar til yðar komið. 21 Þegar sterkur maður, alvopnaður, varðveitir hús sitt, þá er alt í friði, sem hann á; 22 en komi sá, sem sterkari er en hann, og sigri hann, tekur hann öll hertýgi hans, er hann treysti á, og skiftir herfanginu frá honum. 23 Sá sem ekki er með mér, hann er á móti mér; og sá sem ekki samansafnar með mér, hann sundurdreifir. 24 Þegar óhreinn andi er farinn út af manninum, fer hann um vatnslausa staði og leitar hvíldar, og er hann enga finnur, þá segir hann: Eg vil hverfa aftur í hús mitt, þaðan sem eg fór; 25 og er hann kemur, finnur hann það sópað og prýtt. 26 Þá fer hann og tekur með sér sjö aðra anda sér verri, og þeir fara inn og setjast þar að; og verður svo hið síðara þess manns verra en hið fyrra. 27 En svo bar við, er hann var að tala þetta, að kona nokkur í mannfjöldanum hóf upp rödd sína og mælti við hann: Sæll er sá kviður, er þig bar, og þau brjóst, er þú mylktir. 28 En hann sagði: Já, en sælir eru þeir, sem heyra Guðs orð og varðveita það. 29 En er mannfjöldinn þyrptist að honum, tók hann að segja: Þessi kynslóð er vond kynslóð; hún heimtar tákn, en henni skal ekki verða gefið neitt tákn nema tákn Jónasar. 30 Því að eins og Jónas var tákn fyrir Ninívemenn, svo mun og mannsins sonur verða það fyrir kynslóð þessa. 31 Suðurlanda-drotningin mun koma fram í dóminum ásamt mönnum kynslóðar þessarar og dæma þá seka, því að hún kom frá endimörkum jarðarinnar til að heyra speki Salómons; og sjá, hér er meira en Salómon. 32 Ninívemenn munu rísa upp í dóminum ásamt kynslóð þessari og dæma hana seka, því að þeir gjörðu iðrun við prédikun Jónasar; og sjá, hér er meira en Jónas. 33 Enginn, sem kveikt hefir á lampa, setur hann í kjallara eða undir ker, heldur í ljósastiku, til þess að þeir, sem inn koma, sjái ljósið. 34 Auga þitt er lampi líkamans; þegar auga þitt er heilt, þá er og allur líkami þinn í birtu; en sé það sjúkt, þá er og líkami þinn í myrkri. 35 Gæt því þess, að ljósið, sem í þér er, sé ekki myrkur. 36 Sé því líkami þinn allur í birtu og enginn partur hans í myrkri, þá verður hann allur í

birtu, eins og þegar lampi skín á þig með birtu sinni. 37 En er hann var að tala, bauð Farísei nokkur honum að taka hjá sér dagverð. Hann kom inn og settist undir borð. 38 En Fariseinn undraðist, er hann sá að hann þvoði sér eigi fyrst á undan máltíðinni. 39 En Drottinn sagði við hann: Þér Farísear hreinsið nú bikara yðar og föt að utan, en hið innra hjá yður er fult af ráni og ilsku. 40 Þér heimskingjar, hefir ekki sá sem gjörði hið ytra, einnig gjört hið innra. 41 En gefið í ölmusur það sem þar er í, og sjá, þá er alt yður hreint. 42 En vei yður, þér Farísear, því að þér tíundið myntu og rúðu og allar matjurtir, en gangið fram hjá réttinum og kærleikanum til Guðs; en þetta ber að gjöra, og láta hitt eigi ógjört. 43 Vei yður, þér Farísear, því að þér hafið mætur á efstu sætum í samkundunum og kveðjum á torgunum. 44 Vei yður, því að þér eruð eins og grafir, sem ekki ber á, og menn, sem ganga yfir þær, vita eigi af því. 45 En einn af lögvitringunum tók til máls og segir við hann: Meistari, er þú segir þetta, þá meiðir þú einnig oss. 46 En hann mælti: Vei yður líka, þér lögvitringar, því að þér íþyngið mönnum með þungbærum byrðum, og sjálfir snertið þér byrðarnar ekki með einum fingri. 47 Vei yður, því að þér byggið upp legstaði spámannanna, en feður yðar líflétu þá. 48 Þannig eruð þér vottar og samþykkið athafnir feðra yðar, því að þeir líflétu þá, en þér upp byggið legstaðina. 49 Fyrir því hefir og speki Guðs sagt: Eg mun senda til þeirra spámenn og postula; og suma af þeim munu þeir lífláta og ofsækja, 50 til þess að af þessari kynslóð verði krafið blóð allra spámannanna, er úthelt hefir verið frá því er heimurinn var grundvallaður, 51 frá blóði Abels til blóðs Sakaría, sem drepinn var milli altarisins og musterisins. Já, segi eg yður, þess mun krafist verða af þessari kynslóð. 52 Vei yður, þér lögvitringar, því að þér hafið tekið burt lykil þekkingarinnar; sjálfir hafið þér ekki farið inn, og þá, sem ætluðu að fara inn, hindruðuð þér í því. 53 Og er hann var farinn út þaðan, tóku fræðimennirnir og Farísearnir að ganga hart að honum og fá hann til að tala um ýmislegt, 54 leggjandi snörur fyrir hann, til þess að veiða eitthvað af munni hans.

12. kafli

1 Þegar nú mannfjöldinn var saman kominn í tugum þúsunda, svo að hver tróð annan undir, hóf hann að tala til lærisveina sinna fyrst og fremst: Varist

súrdeig Farísseanna, sem er hræsni. 2 En ekkert er það hulið, að ekki verði það opinbert, og ekkert það leynt, að ekki verði það kunnugt. 3 Því mun alt það, sem þér hafið talað í myrkri, verða heyrt í ljósinu, og það sem þér hafið hvíslað í herbergjum, það mun kunngjört verða á þökum uppi. 4 En eg segi yður, vinir mínir: Hræðist ekki þá, sem líkamann deyða, og geta ekki að því búnu meira gjört. 5 En eg skal sýna yður, hvern þér eigið að hræðast; hræðist hann, sem eftir að hann hefir líflátið, hefir vald til að kasta í Gehenna; já, eg segi yður, hræðist hann. 6 Eru ekki fimm spörvar seldir fyrir tvo smápeninga? Og þó er ekki einn af þeim gleymdur fyrir Guði. 7 Og jafnvel hárin á höfði yðar eru öll talin; óttist ekki, þér eruð meira verðir en margir spörvar. 8 En eg segi yður: hvern þann sem kannast við mig fyrir mönnum, við hann mun og mannsins sonur kannast fyrir englum Guðs. 9 En þeim, sem afneitar mér fyrir mönnum, honum mun verða afneitað fyrir englum Guðs. 10 Og sérhverjum sem talar orð á móti mannsins syni, honum mun verða það fyrirgefið; en þeim sem talar lastmæli gegn heilögum anda, honum mun ekki fyrirgefið verða. 11 En þegar þeir fara með yður inn í samkunduhús sín og fram fyrir höfðingja og valdsmenn, verið þá ekki hugsjúkir, hvernig eða með hverju þér eigið að verja yður, eða hvað þér eigið að segja; 12 því að heilagur andi mun kenna yður á sömu stundu, hvað segja ber. 13 En einn af mannfjöldanum sagði við hann: Meistari, seg þú bróður mínum að skifta með mér arfi okkar. 14 En hann sagði við hann: Maður, hver hefir sett mig fyrir dómara eða skiftaráðanda yfir ykkur? 15 Og hann sagði við þá: Gefið gætur og varist alla ágirnd; því að einskis líf er innifalið í gnægð þess, sem hann á. 16 Og hann sagði þeim dæmisögu þessa: Akur ríkismanns nokkurs hafði borið mikinn ávöxt; 17 og hann hugsaði með sér og sagði: Hvað á eg nú að gjöra? því að eg hefi ekki rúm, þar sem eg geti látið afurðir mínar. 18 Og hann sagði: Þetta skal eg gjöra: rífa niður hlöður mínar og byggja aðrar stærri, og þar vil eg safna öllu korni mínu og auðæfum saman. 19 Og eg skal segja við sálu mína: Sál mín, þú hefir mikil auðæfi, geymd til margra ára; hvíl þig nú, et og drekk og ver glöð. 20 En Guð sagði við hann: Heimskingi, á þessari nóttu verður sál þín af þér heimtuð, og hver fær þá það, sem þú hefir aflað? 21 Svo fer þeim, er safnar sér fé, og ekki er ríkur í Guði. 22 En hann sagði við lærisveina sína: Fyrir því segi eg yður: Verið ekki hugsjúkir fyrir lífinu, hvað þér eigið að eta; ekki heldur fyrir líkama yðar, hverju þér eigið að klæðast; 23 því að lífið

er meira vert en fæðan, og líkaminn meira en klæðnaðurinn. 24 Gætið að hröfnunum, því að hvorki sá þeir né uppskera og ekki hafa þeir forðabúr né hlöðu, og þá fæðir Guð; hve miklu eruð þér fremri fuglunum! 25 Og hver af yður getur með áhyggjum sínum aukið alin við hæð sína? 26 Fyrst þér nú ekki einu sinni getið það sem minst er í varið, hvers vegna eruð þér þá áhyggjufullir um alt hitt? 27 Gætið að liljunum, hversu þær vaxa; þær vinna ekki og spinna ekki heldur; en eg segi yður: jafnvel Salómon í allri dýrð sinni var ekki svo skrýddur sem ein af þeim. 28 Þegar Guð nú skrýðir svo grasið á vellinum, sem stendur í dag og á morgun verður kastað í ofn, hversu miklu fremur mun hann klæða yður, þér lítiltrúaðir! 29 Og þér, spyrjið ekki um, hvað þér skulið eta og hvað þér skulið drekka, og verið eigi efablandnir; 30 því að eftir þessu öllu sækjast heiðingjarnir í heiminum; en faðir yðar veit, að þér þarfnist þessa. 31 Leitið heldur ríkis hans, og þetta mun veitast yður að auki. 32 Ver ekki hrædd, þú litla hjörð, því að föður yðar hefir þóknast að gefa yður ríkið. 33 Seljið eigur yðar og gefið ölmusu, útvegið yður pyngjur, sem ekki fyrnast, ótæmandi fjársjóð á himnum, þar sem þjófur kemur eigi nálægt og mölur ekki heldur veldur skemdum; 34 því að hvar sem fjársjóður yðar er, þar mun og hjarta yðar vera. 35 Lendar yðar séu gyrtar, og lampar yðar logandi; 36 og verið sjálfir líkir mönnum, er bíða eftir húsbónda sínum, hve nær hann muni fara úr brúðkaupinu, til þess að ljúka jafnskjótt upp fyrir honum, er hann kemur og ber að dyrum. 37 Sælir eru þeir þjónar, sem húsbóndinn finnur vakandi, er hann kemur. Sannlega segi eg yður, hann mun binda belti um sig, láta þá seljast við borð og fara til og þjóna þeim. 38 Finni hann þá svo, hvort sem hann kemur um aðra eða þriðju næturvöku, þá eru þessir þjónar sælir. 39 En þetta vitið þér, að ef húsbóndinn hefði vitað, á hverri stundu þjófurinn mundi koma, þá mundi hann hafa vakað og ekki látið brjótast inn í hús sitt. 40 Verið þér og viðbúnir, því að mannsins sonur kemur á þeirri stundu sem þér ekki ætlið. 41 En Pétur mælti: Herra, segir þú líkingu þessa til vor eða til allra? 42 Og Drottinn mælti: Hver er þá hinn dyggi og hygni ráðsmaður, sem húsbóndi hans mun setja yfir hjú sín, til að úthluta þeim á réttum tíma skamti þeirra? 43 Sæll er sá þjónn, er húsbóndi hans finnur breyta þannig, er hann kemur. 44 Sannlega segi eg yður, að hann mun setja hann yfir allar eigur sínar. 45 En ef sá þjónn segir í hjarta sínu: Það dvelst, að húsbóndi minn komi, og tekur að berja vinnumennina og

vinnukonurnar, og bæði eta og drekka og verða ölvaður, 46 þá mun húsbóndi þess þjóns koma á þeim degi, sem hann væntir ekki, og á þeirri stundu, sem hann veit ekki af, og höggva hann sundur og láta hana fá hlutskifti með hinum ótrúu. 47 En sá þjónn, sem veit vilja húsbónda síns, og hefir ekki viðbúnað né gjörir vilja hans, mun barinn mörgum höggum. 48 En sá, sem ekki veit hann, en hefir gjört það, sem verðskuldar högg, mun verða barinn fáum höggum. En af sérhverjum, sem mikið er gefið, mun mikils verða krafist, og af þeim, sem mikið hefir verið í hendur selt, verður þess meira heimtað. 49 Eg er kominn til að varpa eldi á jörðina, og hversu vildi eg að hann væri þegar kveiktur! 50 En eg hefi skírn að skírast, og hversu angistarfullur er eg, þangað til henni er lokið! 51 Ætlið þér, að eg sé kominn til að gefa frið á jörðinni? Nei, segi eg yður, heldur sundurþykki. 52 Því að upp frá þessu munu fimm vera í einu húsi sundurþykkir, þrír á móti tveimur og tveir á móti þremur. 53 Þeir mun verða sundurþykkir, faðir við son og sonur við föður, móðir við dóttur og dóttir við móður sína, tengdamóðir við tengdadóttur sína og tengdadóttir við tengdamóður sína. 54 Og hann sagði einnig við fólkið: Þá er þér sjáið ský draga upp í vestri, segið þér jafnskjótt: Það kemur regn; og það verður svo. 55 Og er þér sjáið sunnanvind blása, þá segið þér: Það mun verða steikjandi hiti; og það verður. 56 Þér hræsnarar, þér hafið vit á að dæma um útlit jarðarinnar og himinsins; en þennan tíma, hvernig er því varið, að þér skulið ekki hafa vit á að dæma um hann? 57 Og hví dæmið þér ekki jafnvel af sjálfum yður, hvað rétt sé? 58 Því að þegar þú fer með mótstöðumanni þínum til valdsmanns, þá kostaðu á veginum kapps um að skilja sáttur við hann, til þess að hann dragi þig ekki fyrir dómarann, og dómarinn mun afhenda þig fangaverðinum, og fangavörðurinn mun varpa þér í fangelsi. 59 Eg segi þér, þú munt alls ekki komast út þaðan, fyr en þú hefir borgað jafnvel hinn síðasta eyri.

13. kafli

1 En um sama leyti voru nokkrir viðstaddir, er sögðu honum frá Galíleumönnunum, hverra blóði Pílatus hafði blandað við fórnir þeirra. 2 Og hann svaraði og sagði við þá: Haldið þér að þessir Galíleumenn hafi verið syndarar fremur öllum öðrum Galíleumönnum, af því að þeir hafa orðið fyrir

þessu? 3 Nei, segi eg yður, en ef þér gjörið ekki iðrun, munuð þér allir fyrirfarast á líkan hátt. 4 Eða þeir átján, sem turninn féll yfir í Sílóam og varð að bana, haldið þér að þeir hafi verið sekir fremur öllum þeim mönnum, sem í Jerúsalem búa? 5 Nei, segi eg yður, en ef þér gjörið ekki iðrun, munuð þér allir fyrirfarast á sama hátt. 6 Og hann sagði þessa dæmisögu: Maður nokkur átti fíkjutré plantað í víngarði sínum, og hann kom og leitaði ávaxtar á því og fann ekki. 7 Hann sagði þá við víngarðsmanninn: Sjá, nú hefi eg í þrjú ár komið og leitað ávaxtar á fíkjutré þessu og ekki fundið; högg þú það upp, hvers vegna á það einnig að gjöra jörðina arðlausa fyrir mér? 8 En hann svaraði og sagði við hann: Herra, lát það vera enn þetta árið, þar til eg hefi grafið um það og borið að áburð, 9 ef það skyldi bera ávöxt framvegis; en verði það ekki, þá höggur þú það upp. 10 Og hann var að kenna í einu af samkunduhúsunum á sabbatsdegi; 11 og sjá, þar var kona, er haldin hafði verið af sjúkleiks anda í átján ár; hún var krept og gat alls eigi rétt sig upp. 12 En er Jesús sá hana, kallaði hann til hennar og sagði við hana: Kona, þú ert orðin laus við sjúkleika þinn! 13 Og hann lagði hendur yfir hana, og jafnskjótt réttist hún upp og lofaði Guð. 14 En samkundustjórinn, sem líkaði illa, að Jesús læknaði á sabbatsdegi, tók til máls og sagði við fólkið: Það eru sex dagar, sem menn eiga að vinna á, komið því á þeim og látið lækna yður, og ekki á hvíldardegi. 15 En Drottinn svaraði honum og sagði: Hræsnarar, leysir ekki sérhver yðar á hvíldardegi naut sitt eður asna af stalli og leiðir til vatns? 16 Og kona þessi, sem er dóttir Abrahams og Satan hefir haldið í fjötrum, og það í átján ár, átti hún ekki að vera leyst úr fjötrum þessum á hvíldardegi? 17 Og er hann sagði þetta, urðu allir mótstöðumenn hans sér til minkunar, og alt fólkið gladdist yfir öllum þeim dásemdarverkum, er hann gjörði. 18 Hann sagði því: Hverju er guðsríki líkt? Og við hvað á eg að líkja því? 19 Líkt er það mustarðskorni, sem maður tók og setti í jurtagarð sinn; og það óx og varð að tré, og fuglar himinsins hreiðruðu sig í greinum þess. 20 Og aftur sagði hann: Við hvað á eg að líkja guðsríki? 21 Líkt er það súrdeigi, er kona tók og faldi í þrem mælum mjöls, þangað til það sýrðist alt saman. 22 Og hann fór um borgir og þorp og kendi, og hann hélt áleiðis til Jerúsalem. 23 En einhver sagði við hann: Herra, eru það fáir, sem hólpnir verða? Og hann sagði við þá: 24 Kostið kapps um að komast inn um þröngu dyrnar; því að margir, segi eg yður, munu leitast við að komast inn og ekki geta. 25 Frá þeim

tíma er húsbóndinn er upp staðinn og hefir lokað dyrunum, og þér takið að standa fyrir utan og berja á dyrnar, segjandi: Herra, ljúk þú upp fyrir oss! þá mun hann svara og segja við yður: Eg þekki yður ekki, hvaðan þér eruð. **26** Þá munuð þér taka að segja: Vér höfum etið og drukkið fyrir augum þér, og á strætum vorum kendir þú. **27** Og hann mun segja: Eg segi yður, eg veit ekki hvaðan þér eruð; farið frá mér, allir ranglætisiðkendur! **28** Mun þar þá verða grátur og gnístran tanna, er þér sjáið Abraham, Ísak og Jakob og alla spámennina í guðsríki, en yður útrekna. **29** Og menn munu koma frá austri og vestri, og frá norðri og suðri og sitja til borðs í guðsríkinu. **30** Og sjá, til eru síðastir, er verða munu fyrstir, og til eru fyrstir, er verða munu síðastir. **31** Á sömu stundu komu nokkrir Farísear og sögðu við hann: Far þú og hald á burt héðan, því að Heródes ætlar að drepa þig. **32** Og hann sagði við þá: Farið og segið ref þessum: Sjá, eg rek út illa anda og fullgjöri lækningar í dag og á morgun, og á þriðja degi mun eg ljúka mér af. **33** Samt sem áður ber mér að halda ferð minni áfram í dag og á morgun og daginn þar eftir; því að það hæfir ekki, að spámaður bíði dauða annarstaðar en í Jerúsalem. **34** Jerúsalem, Jerúsalem! þú sem líflætur spámennina og grýtir þá, sem sendir eru til þín, hversu oft hefi eg viljað saman safna börnum þínum, eins og hæna ungum sínum undir vængi sér, og þér vilduð ekki. **35** Sjá, hús yðar skal yður eftir skilið verða. En eg segi yður: Þér munuð alls ekki sjá mig, þangað til þér segið: Blessaður sé sá, er kemur í nafni Drottins.

14. kafli

1 Og svo bar við, er hann kom á hvíldardegi í hús eins af höfðingjum Faríseanna til máltíðar, að þeir höfðu gætur á honum. **2** Og sjá, frammi fyrir honum stóð maður nokkur vatnssjúkur. **3** Og Jesús tók til máls og talaði til lögvitringanna og Faríseanna og sagði: Er leyfilegt að lækna á hvíldardegi eða ekki? **4** En þeir þögðu. Og hann tók á honum og læknaði hann og lét hann burt fara. **5** Og hann mælti til þeirra: Nú fellur asni eða naut einhvers yðar í brunn, mun hann ekki jafnskjótt draga það upp á hvíldardegi? **6** Og þeir gátu engu svarað til þessa. **7** Og hann sagði þeim, er boðnir voru, líkingu, er hann tók eftir, hvernig þeir völdu sér hefðarsætin, og mælti til þeirra: **8** Þegar þér er boðið af einhverjum til brúðkaups, þá set þig ekki í hefðarsæti,

til þess að ekki fari svo, ef maður fremri þér að virðingu skyldi vera boðinn af honum, 9 að sá komi, sem bauð þér og honum, og segi við þig: Gef þú þessum manni rúm! og farir þú þá með kinnroða að taka hið ysta sæti. 10 Heldur far þú, er þér er boðið, og set þig í hið ysta sæti, til þess að þegar sá kemur sem bauð þér, segi hann við þig: Vinur, flyt þig hærra upp! Mun þér þá virðing veitast frammi fyrir öllum þeim, er sitja til borðs með þér. 11 Því að sérhver, sem upp hefur sjálfan sig, hann mun niðurlægjast, og sá sem niðurlægir sjálfan sig, hann mun upp hafinn verða. 12 Og hann sagði einnig við þann, er honum hafði boðið: Þegar þú heldur miðdegisverð eða kvöldverð, bjóð þú þá hvorki vinum þínum né bræðrum þínum né ættingjum þínum, ekki heldur ríkum nágrönnum þínum, til þess að þeir bjóði þér ekki aftur, og þú fáir endurgjald. 13 En þegar þú gjörir heimboð, þá bjóð þú fátækum, vanheilum, höltum og blindum; 14 og þá munt þú verða sæll, þar eð þeir hafa ekkert að endurgjalda þér með; því að þér mun verða endurgoldið í upprisu hinna réttlátu. 15 En er einn af þeim, er til borðsins sátu, heyrði þetta, sagði hann við hann: Sæll er sá, sem etur brauð í guðsríki. 16 En hann sagði við hann: Maður nokkur gjörði mikla kvöldmáltíð og bauð mörgum. 17 Og er matmálstími var kominn, sendi hann þjón sinn, til að segja þeim, er boðnir voru: Komið, því að alt er þegar tilbúið. 18 Og þeir tóku allir í einu hljóði að afsaka sig. Hinn fyrsti sagði við hann: Eg hefi keypt akur, og er mér nauðsyn á að fara og líta á hann; eg bið þig, haf mig afsakaðan. 19 Og annar sagði: Eg hefi keypt fimm pör akneyta, og fer eg nú að reyna þau; eg bið þig, haf mig afsakaðan. 20 Og annar sagði: Eg hefi gengið að eiga konu, og þess vegna get eg ekki komið. 21 Og þjónninn kom og kunngjörði herra sínum þetta. Þá reiddist húsbóndinn og sagði við þjón sinn: Far þú skjótlega út á stræti og götur borgarinnar og fær þú inn hingað fátæka og vanheila og blinda og halta. 22 Og þjónninn sagði: Herra, það er gjört, sem þú hefir fyrirskipað, og enn er rúm. 23 Og herrann sagði við þjóninn: Far þú út á göturnar og að girðingunum og þrýstu þeim til að koma inn, til þess að hús mitt verði fult. 24 Því eg segi yður, að enginn af mönnum þeim, er boðnir voru, skal smakka kvöldmáltíð mína. 25 En mikill fjöldi fólks var honum samferða; og hann sneri sér við og sagði við þá: 26 Ef einhver kemur til mín og hatar ekki föður sinn og móður og konu og börn og bræður og systur, og jafnvel einnig sitt eigið líf, hann getur ekki verið lærisveinn minn. 27 Hver, sem ekki ber sinn

eigin kross og fylgir mér eftir, getur ekki verið lærisveinn minn. 28 Því að hver af yður, er ætlar að reisa turn, sest eigi fyrst niður og reiknar kostnaðinn, hvort hann hafi það, sem þarf til að fullgjöra hann; 29 til þess að eigi fari svo, að þegar hann er búinn að leggja grundvöllinn, en getur ekki lokið við smíðið, þá fari allir, sem það sjá, að spotta hann og segja: 30 Maður þessi fór að byggja, en gat ekki lokið við það. 31 Eða hvaða konungur fer í hernað, til að berjast við annan konung, og sest eigi fyrst niður og ræður við sig, hvort hann er fær um með tíu þúsundum að mæta þeim, sem kemur á móti honum með tuttugu þúsundir? 32 Að öðrum kosti mun hann senda sendimenn til hins, meðan hann er enn langt í burtu, og spyrja um friðarkostina. 33 Þannig getur þá enginn af yður, er eigi sleppir öllu, sem hann á, verið lærisveinn minn. 34 Saltið er að vísu gott, en ef saltið sjálft dofnar, með hverju á þá að krydda það? 35 Það er þá hvorki hæfilegt á jörð né í áburðarhaug; menn kasta því út. Hver, sem eyru hefir að heyra, hann heyri!

15. kafli

1 En allir tollheimtumenn og bersyndugir nálguðust hann, til að hlýða á hann. 2 En bæði Farísearnir og fræðimennirnir mögluðu og sögðu: Þessi maður tekur að sér bersynduga og samneytir þeim. 3 Og hann talaði til þeirra þessa líkingu og sagði: 4 Hver maður af yður, er á hundrað sauði og týnir einum af þeim, skilur ekki þá níutíu og níu eftir í óbygðinni og fer eftir þeim er týndur er, þangað til hann finnur hann? 5 Og er hann hefir fundið hann, leggur hann hann glaður á herðar sér; 6 og er hann kemur heim, kallar hann saman vini sína og nágranna og segir við þá: Samgleðjist mér! því að eg hefi fundið sauðinn minn, sem týndur var. 7 Eg segi yður, þannig mun verða gleði á himnum yfir einum syndugum, sem gjörir iðrun, fremur en yfir níutíu og níu réttlátum, er ekki þurfa iðrunar við. 8 Eða hvaða kona, er á tíu drökmur, og týnir einni drökmu, kveikir eigi á lampa, sópar húsið og leitar vandlega, þangað til hún finnur hana? 9 Og er hún hefir fundið hana, kallar hún saman vinkonur sínar og grannkonur og segir: Samgleðjist mér! því að eg hefi fundið drökmuna, sem eg týndi. 10 Þannig, segi eg yður, verður gleði frammi fyrir englum Guðs yfir einum syndugum, er gjörir iðrun. 11 Og hann sagði: Maður nokkur átti tvo sonu. 12 Og hinn yngri þeirra sagði við föður sinn:

Faðir, gef mér þann hluta fjárins, sem kemur í minn hlut. Og hann skifti eign
sinni með þeim. 13 Og eigi mörgum dögum síðar tók yngri sonurinn alt
saman og ferðaðist burt í fjarlægt land; og þar sóaði hann fé sínu í
óhófsömum lifnaði. 14 En er hann hafði eytt öllu, kom mikil hungursneyð í
því landi og hann tók að líða skort. 15 Fór hann þá og réðst til borgara eins í
því landi; og hann sendi hann út á búgarða sína, til að gæta svína; 16 og
girntist hann þá að seðja sig á baunum þeim, er svínin átu; og enginn gaf
honum neitt. 17 En er hann kom til sjálfs sín, sagði hann: Hversu margir
daglaunamenn hjá föður mínum hafa gnægð matar, en eg ferst hér í hungri!
18 Eg vil taka mig upp og fara til föður míns og segja við hann: Faðir, eg hefi
syndgað móti himninum og fyrir þér; 19 eg er ekki framar verður að heita
sonur þinn. Lát mig vera eins og einn af daglaunamönnum þínum. 20 Og
hann tók sig upp og fór til föður síns. En er hann var enn þá langt í burtu, sá
faðir hans hann og kendi í brjósti um hann, hljóp og féll um háls honum og
kysti hann. 21 En sonurinn sagði við hann: Faðir, eg hefi syndgað móti
himninum og fyrir þér; eg er ekki framar verður að heita sonur þinn. 22 En
faðirinn sagði við þjóna sína: Komið fljótt með bestu skikkjuna og færið
hann í, dragið hring á hönd hans og skó á fætur honum; 23 og komið með
alikálfinn og slátrið, og vér skulum eta og vera kátir, 24 því að þessi sonur
minn var dauður, og er lifnaður aftur; hann var týndur, og er fundinn. Og
tóku menn nú að verða kátir. 25 En sonur hans hinn eldri var á akri, og er
hann kom og nálgaðist húsið, heyrði hann samsöng og dans. 26 Og hann
kallaði á einn af piltunum og spurði, hvað um væri. 27 Og hann sagði við
hann: Bróðir þinn er kominn, og faðir þinn hefir slátrað alikálfinum, af því
að hann fékk hann aftur heilan. 28 En hann reiddist og vildi ekki fara inn. Og
faðir hans fór út og lagði að honum. 29 En hann svaraði og sagði við föður
sinn: Sjá, í svo mörg ár hefi eg nú þjónað þér og aldrei breytt út af boðum
þínum, og mér hefir þú aldrei gefið kiðling, svo að eg gæti glatt mig með
vinum mínum; 30 en er þessi sonur þinn, sem sóað hefir eigum þínum með
skækjum, er kominn, þá slátraðir þú fyrir hann alikálfinum. 31 En hann sagði
við hann: Sonur minn, þú ert alt af hjá mér, og alt mitt er þitt. 32 En það var
ástæða til að vera glaður og fagna, því að þessi bróðir þinn var dauður, og er
lifnaður aftur, og hann var týndur, og er fundinn.

16. kafli

1 En hann sagði einnig við lærisveinana: Það var maður nokkur auðugur, er hafði ráðsmann; og þessi maður var sakaður við hann um það, að hann sóaði eigum hans. **2** Og hann kallaði á hann og sagði við hann: Hvað er þetta, er eg heyri um þig? Gjör þú reikningskap ráðsmensku þinnar, því að þú getur ekki lengur haft ráðsmenskuna. **3** En ráðsmaðurinn sagði með sjálfum sér: Hvað á eg að gjöra, fyrst húsbóndi minn tekur ráðsmenskuna af mér? Eg megna ekki að grafa, en skammast mín fyrir að biðja ölmusu. **4** Eg veit, hvað eg skal gjöra, til þess að þeir taki við mér í hús sín, er eg verð settur frá ráðsmenskunni. **5** Og hann kallaði á hvern og einn af skuldunautum húsbónda síns, og sagði við hinn fyrsta: Hversu mikið skuldar þú húsbónda mínum? **6** En hann sagði: Hundrað kvartil af olíu. En hann mælti við hann: Tak bréf þitt og set þig niður og skrifa sem skjótast fimtíu. **7** Síðan sagði hann við annan: En hversu mikið skuldar þú? Og hann sagði: Hundrað tunnur hveitis. Hann segir við hann: Tak þú bréf þitt og skrifa þú áttatíu. **8** Og húsbóndinn hrósaði rangláta ráðsmanninum fyrir það, að hann hefði breytt svo hyggilega, því að börn þessa heims eru hygnari gagnvart sinni kynslóð en börn ljóssins. **9** Og eg segi yður: Gjörið yður vini með mammóni ranglætisins, til þess að þeir, þegar hann þrýtur, taki við yður í hinar eilífu tjaldbúðir. **10** Sá sem er trúr í smáu, er einnig trúr í stóru, og sá sem er ranglátur í smáu, er og ranglátur í stóru. **11** Ef þér því ekki hafið verið trúir í hinum rangláta mammóni, hver mun þá trúa yður fyrir sannri auðlegð? **12** Og ef þér hafið ekki verið trúir í því, sem aðrir eiga, hver mun þá gefa yður það, sem er yðar eigið? **13** Enginn þjónn getur þjónað tveimur herrum, því að annaðhvort mun hann hata annan og elska hinn, eða aðhyllast annan og lítilsvirða hinn. Þér getið ekki þjónað Guði og mammóni. **14** En Farísearnir, sem voru menn fégjarnir, heyrðu alt þetta, og hæddust þeir þá að honum. **15** Og hann sagði við þá: Þér eruð mennirnir, sem réttlætið sjálfa yður í augsýn mannanna, en Guð þekkir hjörtu yðar; því að það sem er hátt meðal manna, er viðurstygð í augsýn Guðs. **16** Lögmálið og spámennirnir náðu alt til Jóhannesar; síðan er fagnaðarboðskapurinn um guðsríki prédikaður, og hver maður þrengir sér inn í það með valdi. **17** En auðveldara er að himinn og jörð líði undir lok en að hið minsta stafstrik lögmálsins gangi úr gildi. **18** Hver, sem segir skilið við

konu sína og gengur að eiga aðra, drýgir hór, og hver, sem gengur að eiga konu, sem skilin er við mann, drýgir hór. **19** En það var maður nokkur ríkur, er klæddist purpura og dýru líni og lifði hvern dag í dýrlegum fagnaði. **20** En fátækur maður nokkur, er Lazarus hét, hlaðinn kaunum, hafði verið lagður við fordyri hans; **21** og girntist hann að seðja sig af því, er féll af borði ríka mannsins, og jafnvel hundar komu og sleiktu sár hans. **22** En svo bar við, að fátæki maðurinn dó og að hann var borinn af englunum í skaut Abrahams; en ríki maðurinn dó einnig og var grafinn. **23** Og er hann hóf upp augu sín í helju, þar sem hann var í kvölum, sér hann Abraham álengdar og Lazarus í skauti hans. **24** Og hann kallaði og sagði: Faðir Abraham, miskunna þú mér og send Lazarus, að hann dýfi fingurgómi sínum í vatn og kæli tungu mína, því eg kvelst í þessum loga. **25** En Abraham sagði: Minstu þess, sonur, að þú hlaust þín gæði meðan þú lifðir, og Lazarus á sama hátt hið vonda, en nú er hann hér huggaður, en þú kvelst. **26** Og auk alls þessa er á meðal vor og yðar mikið djúp staðfest, til þess að þeir, sem vilja fara héðan yfir til yðar, geti það ekki, og að menn komist ekki þaðan yfir til vor. **27** En hann sagði: Þá bið eg þig, faðir, að þú sendir hann í hús föður míns, **28** því að eg á fimm bræður, til þess að hann beri vitni fyrir þeim, til þess að þeir komi ekki líka í þennan kvalastað. **29** En Abraham segir: Þeir hafa Móse og spámennina, hlýði þeir þeim. **30** En hann sagði: Nei, faðir Abraham, en ef einhver frá hinum dauðu kæmi til þeirra, þá mundu þeir gjöra iðrun. **31** En hann sagði við hann: Ef þeir ekki hlýða Móse og spámönnunum, munu þeir ekki heldur láta sannfærast, þótt einhver rísi upp frá dauðum.

17. kafli

1 En hann sagði við lærisveina sína: Ómögulegt er annað en að hneykslanir komi, en vei þeim, er þeim veldur. **2** Betra væri honum að kvarnarsteinn lægi um háls honum og að honum væri varpað í hafið en að hann hneyksli einn af þessum smælingjum. **3** Hafið gát á sjálfum yður. Ef bróðir þinn syndgar, þá ávíta hann, og ef hann iðrast, þá fyrirgef honum. **4** Og ef hann syndgar á móti þér sjö sinnum á dag og kemur sjö sinnum aftur til þín og segir: Eg iðrast, þá áttu að fyrirgefa honum. **5** Og postularnir sögðu við Drottin: Auk oss trú. **6** En Drottinn sagði: Ef þér hafið trú eins og mustarðskorn, gætuð þér sagt við

mórberjatré þetta: Ríf þig upp með rótum og gróðurset þig í hafinu; og það mundi hlýða yður. **7** En hver af yður sem hefir þjón, er plægir jörð eða gætir fjár, mun segja við hann, er hann kemur inn af akrinum: Kom þegar í stað og set þig til borðs? **8** Mun hann ekki heldur segja við hann: Bú þú eitthvað til kvöldverðar fyrir mig, og gyrð þig og þjóna mér, meðan eg et og drekk, og eftir það getur þú etið og drukkið? **9** Mun hann þakka þjóninum fyrir að hann gjörði það sem boðið var? **10** Sömuleiðis skuluð einnig þér, er þér hafið gjört alt sem yður var boðið, segja: Ónýtir þjónar erum vér; vér höfum gjört það eitt, sem vér vorum skyldir til að gjöra. **11** Og svo bar við, er hann var á ferð til Jerúsalem, að leið hans lá milli Samaríu og Galíleu. **12** Og er hann kom inn í þorp nokkurt, mættu honum tíu menn líkþráir, er stóðu langt frá. **13** Og þeir hófu upp raust sína og sögðu: Jesú, meistari, miskunna þú oss! **14** Og er hann leit þá, sagði hann við þá: Farið og sýnið yður prestunum. Og svo bar við, er þeir fóru, að þeir urðu hreinir. **15** En einn af þeim sneri aftur, er hann sá að hann var heill orðinn, og lofaði Guð með hárri raustu, **16** og féll á ásjónu sína að fótum Jesú og þakkaði honum; og hann var Samverji. **17** En Jesús svaraði og sagði: Urðu ekki þeir tíu hreinir? Hvar eru þeir níu? **18** Voru engir, sem sneru aftur, til þess að gefa Guði dýrðina, nema þessi útlendingur? **19** Og hann sagði við hann: Statt upp og far leiðar þinnar; trú þín hefir gjört þig heilan. **20** En er hann var aðspurður af Faríseunum, hve nær guðsríki mundi koma, svaraði hann þeim og sagði: Guðsríki kemur ekki þannig, að á það verði bent; **21** og ekki munu menn segja: Sjá, það er hér, eða það er þar; því sjá, guðsríki er hið innra í yður. **22** Og hann sagði við lærisveinana: Dagar munu koma, er þér munuð þrá að sjá einn af dögum mannsins sonar, og þér munuð ekki sjá hann. **23** Og menn munu segja við yður: Sjá, hann er þar, sjá, hann er hér; farið þá ekki burt né fylgið þeim. **24** Því að eins og eldingin, er hún leiftrar úr einni átt undir himninum, skín í annarri átt undir himninum, eins mun mannsins sonur verða á degi sinum. **25** En áður hlýtur hann að líða margt og verða útskúfaður af kynslóð þessari. **26** Og eins og var á dögum Nóa, svo mun og verða á dögum mannsins sonar. **27** Menn átu, drukku, kvæntust og giftust alt til þess dags, er Nói gekk inn í örkina, og flóðið kom og tortímdi þeim öllum. **28** Sömuleiðis, eins og var á dögum Lots: menn átu, drukku, keyptu, seldu, plöntuðu og reistu hús. **29** En á þeim degi, er Lot fór úr Sódómu, rigndi eldi og brennisteini af himni og tortímdi þeim öllum. **30** Eins

mun verða á þeim degi, er mannsins sonur opinberast. 31 Sá sem á þeim degi er staddur uppi á þaki og á muni sína í húsinu, hann fari ekki ofan til að taka þá; og sömuleiðis snúi sá, sem er á akri, ekki aftur. 32 Minnist konu Lots. 33 Hver sem reynir að ávinna líf sitt, mun týna því, en hver sem týnir því, mun varðveita það. 34 Eg segi yður: á þeirri nóttu munu tveir vera í einni hvílu; annar mun verða tekinn og hinn eftir skilinn. 35 Tvær munu mala saman; önnur mun verða tekin, en hin eftir skilin. 36 Tveir munu vera á akri; annar mun tekinn, en hinn eftir skilinn. † 37 Og þeir svara og segja við hann: Hvar, herra? En hann sagði við þá: Þar sem hræið er, þar munu og ernirnir safnast.

18. kafli

1 Og hann sagði þeim dæmisögu um það, að þeir ættu stöðugt að biðja og ekki þreytast, og mælti: 2 Í borg nokkurri var dómari, sem ekki óttaðist Guð og skeytti ekki um nokkurn mann. 3 En í borg þeirri var ekkja, og hún kom til hans og mælti: Lát þú mig ná rétti yfir mótstöðumanni mínum. 4 En hann vildi það ekki um hríð. En síðan sagði hann við sjálfan sig: Þótt eg óttist ekki Guð né skeyti um nokkurn mann, 5 þá vil eg samt láta ekkju þessa ná rétti sínum, vegna þess að hún gjörir mér ónæði, til þess að hún sé ekki ávalt að koma og kvelja mig. 6 Og Drottinn sagði: Heyrið, hvað rangláti dómarinn segir. 7 Og mun þá Guð ekki láta sína útvöldu ná rétti sínum, þá er hrópa til hans dag og nótt, og er hann seinlátur við þá? 8 Eg segi yður: hann mun láta þá ná rétti sínum skjótlega. Alt um það, mun þá mannsins sonur finna trúna á jörðunni, er hann kemur? 9 En hann sagði líka dæmisögu þessa við nokkura, sem treystu sjálfum sér, að þeir væru réttlátir, og fyrirlitu aðra: 10 Tveir menn gengu upp í helgidóminn, til að biðjast fyrir; annar var Farísei og hinn tollheimtumaður. 11 Fariseinn stóð og baðst þannig fyrir með sjálfum sér: Guð, eg þakka þér, að eg er ekki eins og aðrir menn, ræningjar, óráðvandir, hórkarlar eða jafnvel eins og þessi tollheimtumaður. 12 Eg fasta tvisvar í viku, eg geld tíund af öllu, sem eg eignast. 13 En tollheimtumaðurinn stóð langt frá, og vildi ekki einu sinni hefja augu sín til himins, heldur barði sér á brjóst og sagði: Guð, ver þú mér syndugum líknsamur! 14 Eg segi yður: þessi maður fór réttlættur heim til sín fremur en hinn; því að sérhver sem upp hefur sjálfan sig, mun niðurlægjast, en sá sem niðurlægir sjálfan sig, mun

upp hafinn verða. 15 Og menn færðu jafnvel ungbörnin til hans, til þess að hann snerti þau. En er lærisveinarnir sáu það, ávítuðu þeir þá. 16 En Jesús kallaði þau til sín og mælti: Leyfið börnunum að koma til mín, og bannið þeim það eigi; því að slíkra er guðsríkið. 17 Sannlega segi eg yður: hver sem ekki meðtekur guðsríkið eins og barn, mun alls eigi inn í það koma. 18 Og höfðingi nokkur spurði hann og sagði: Góði meistari, hvað á eg að gjöra, til þess að eg erfi eilíft líf? 19 En Jesús sagði við hann: Hví kallar þú mig góðan? Enginn er góður, nema einn, það er Guð. 20 Þú þekkir boðorðin: Þú skalt ekki drýgja hór; þú skalt ekki morð fremja; þú skalt ekki stela; þú skalt ekki bera ljúgvitni; heiðra föður þinn og móður. 21 En hann sagði: Alls þessa hefi eg gætt frá æsku minni. 22 En er Jesús heyrði það, sagði hann við hann: Enn er þér eins vant: sel þú allar eigur þínar og skift þeim meðal fátækra, og munt þú fjársjóð eiga á himnum; og kom og fylg mér. 23 En er hann heyrði þetta, varð hann mjög hryggur, því að hann var auðugur mjög. 24 En er Jesús sá hann, sagði hann: Hversu torvelt mun verða fyrir þá, sem auðæfin hafa, að ganga inn í guðsríkið! 25 Því að auðveldara er fyrir úlfaldann að ganga gegnum nálaraugað en fyrir ríkan mann að ganga inn í guðsríkið. 26 En þeir er heyrðu það, sögðu: Hver getur þá orðið hólpinn? 27 En hann mælti: Það sem ómögulegt er fyrir mönnum, er mögulegt fyrir Guði. 28 Og Pétur sagði: Sjá, vér höfum yfirgefið vort eigið og fylgt þér. 29 En hann sagði við þá: Sannlega segi eg yður, að enginn er sá, sem hefir yfirgefið heimili eða konu eða bræður eða foreldra eða börn vegna guðsríkisins, 30 að hann fái það ekki margfalt aftur á þessum tíma og í hinum komandi heimi eilíft líf. 31 En hann tók þá tólf til sín og sagði við þá: Sjá, vér förum upp til Jerúsalem, og mun þá alt það, sem skrifað er af spámönnunum, fullgjörast á mannsins syni. 32 Því að hann mun verða framseldur heiðingjunum, og hann mun verða hæddur, og honum mun verða misþyrmt, og það mun verða hrækt á hann; 33 og þeir munu húðstrýkja hann og lífláta, og á þriðja degi mun hann upp rísa. — 34 Og þeir skildu ekkert af þessu, og þetta orð var þeim hulið, og þeir skynjuðu ekki það, sem sagt hafði verið. 35 En svo bar við, er hann nálgaðist Jeríkó, að blindur maður nokkur sat við veginn og beiddist ölmusu. 36 Og er hann heyrði, að fjöldi fólks fór fram hjá, spurði hann, hvað þetta væri. 37 En honum var sagt, að Jesús frá Nazaret færi hjá. 38 Og hann hrópaði og sagði: Jesú, sonur Davíðs, miskunna mér! 39 En þeir sem á undan fóru, höstuðu á

hann, til þess að hann skyldi þegja; en hann hrópaði því meir: Sonur Davíðs, miskunna mér! **40** Og Jesús nam staðar og bauð að leiða hann til sín. Og er hann nálgaðist, spurði hann hann: **41** Hvað vilt þú að eg gjöri við þig? Og hann mælti: Herra, það, að eg fái aftur sjón mína. **42** Og Jesús sagði við hann: Verð þú aftur sjáandi! trú þín hefir gjört þig heilan. **43** Og jafnskjótt fékk hann aftur sjónina og fylgdi honum, lofandi Guð; og fólkið alt, er sá þetta, vegsamaði Guð.

19. kafli

1 Og hann fór inn í Jeríkó og gekk í gegnum hana. **2** Og sjá, þar var maður nokkur, er Zakkeus hét, og hann var yfirtollheimtumaður og auðugur. **3** Og hann leitaðist við að sjá Jesúm, hver hann væri, og hann gat það ekki fyrir mannfjöldanum, því að hann var lítill vexti. **4** Og hann hljóp fram fyrir og steig upp í mórberjatré, til þess að hann gæti séð hann, því að leið hans lá þar fram hjá. **5** Og er Jesús kom þangað, leit hann upp og sagði við hann: Zakkeus, flýt þér ofan, því að í dag ber mér að dvelja í húsi þínu. **6** Og hann flýtti sér ofan og tók á móti honum glaður. **7** Og er þeir sáu þetta, mögluðu þeir allir og sögðu: Hann er farinn inn, til að gista hjá bersyndugum manni. **8** En Zakkeus gekk fram og sagði við Drottin: Sjá, herra, helming eigna minna gef eg fátækum, og hafi eg haft nokkuð af nokkurum, gef eg ferfalt aftur. **9** Og Jesús sagði við hann: Í dag hefir heill hlotnast húsi þessu, þar eð einnig þessi maður er Abrahams sonur. **10** Því að mannsins sonur er kominn til að leita að hinu týnda og frelsa það. **11** En er þeir hlýddu á þetta, bætti hann við og sagði dæmisögu, því að hann var í nánd við Jerúsalem, og þeir ætluðu, að guðsríki mundi nú þegar birtast. **12** Hann sagði þá: Maður nokkur göfugur að ætt ferðaðist í fjarlægt land, til þess að taka við konungdómi og koma síðan aftur. **13** Og hann kallaði til sín tíu þjóna, seldi þeim í hendur tíu mínur og sagði við þá: Verslið með þetta, þangað til eg kem. **14** En landar hans hötuðu hann og sendu erindreka á eftir honum og sögðu: Vér viljum ekki að þessi maður sé konungur yfir oss. **15** Og svo bar við, er hann var kominn aftur og hafði tekið við konungdómnum, að hann bauð að kalla til sín þjóna þá, er hann hafði selt silfrið í hendur, til þess að hann fengi að vita, hvað þeir hefðu grætt. **16** Kom þá hinn fyrsti og sagði: Herra, mína þín hefir ávaxtast um tíu

mínur. 17 Og hann sagði við hann: Gott, þú góði þjónn, af því að þú varst trúr
í mjög litlu, þá skaltu hafa yfirráð yfir tíu borgum. 18 Og hinn annar kom og
sagði: Mína þín, herra, hefir gefið af sér fimm mínur. 19 Og hann sagði
sömuleiðis við hann: Þú skalt og ráða yfir fimm borgum. 20 Og enn annar
kom og sagði: Herra, sjá, hér er mína þín, sem eg hefi haft geymda í
sveitadúki; 21 því að eg óttaðist þig, þar eð þú ert maður strangur; þú tekur
það, sem þú ekki niður lagðir, og upp sker það, sem þú ekki sáðir. 22 Hann
segir við hann: Eftir þínum eigin orðum dæmi eg þig, þú illi þjónn; þú vissir
að eg er maður strangur, sem tek það, sem eg hefi ekki niður lagt, og upp
sker það, sem eg ekki hefi sáð. 23 Og hvers vegna lést þú þá ekki fé mitt í
banka, og þá hefði eg getað fengið það með vöxtum, er eg kom heim. 24 Og
hann sagði við þá, er viðstaddir voru: Takið mínuna frá honum og fáið hana
þeim, sem hefir tíu mínurnar. 25 Og þeir sögðu við hann: Herra, hann hefir tíu
mínur. 26 Eg segi yður, að sérhverjum sem hefir, mun verða gefið, en frá
þeim sem ekki hefir, mun jafnvel það, sem hann hefir, tekið verða. 27 En
þessa óvini mína, sem ekki vildu að eg yrði konungur yfir sér, færið þá
hingað og höggvið þá fyrir augum mér. 28 Og er hann hafði þetta sagt, hélt
hann áfram og fór upp til Jerúsalem. 29 Og svo bar við, er hann nálgaðist
Betfage og Betaníu hjá Olíufjallinu, sem svo er nefnt, að hann sendi tvo af
lærisveinunum og mælti: 30 Farið þið í þorpið þar yfir frá, og er þið komið
þangað, munuð þið finna fola bundinn, sem enginn hefir nokkurn tíma
komið á bak; leysið hann og komið með hann. 31 Og ef einhver spyr ykkur:
Hvers vegna leysið þið hann? þá segið á þessa leið: Herrann þarf hans við. 32
Þeir fóru, sem sendir voru, og fundu eins og hann hafði sagt þeim. 33 En er
þeir leystu folann, sögðu eigendur hans við þá: Hvers vegna leysið þið
folann? 34 Þeir mæltu: Herrann þarf hans við, og færðu hann til Jesú. 35 Síðan
köstuðu þeir klæðum sínum yfir folann og settu Jesúm á bak. 36 En er hann
var kominn á stað, breiddu menn yfirhafnir sínar á veginn. 37 En er hann nú
nálgaðist og kom þangað sem farið er ofan af Olíufjallinu, tók allur flokkur
lærisveina hans að lofa Guð, fagnandi með hárri raustu, fyrir öll þau
kraftaverk, er þeir höfðu séð, og mæltu: 38 Blessaður sé konungurinn, sem
kemur í nafni Drottins. Friður á himni og dýrð í upphæðum! 39 Og nokkrir af
Faríseunum í flokknum sögðu við hann: Meistari, hasta þú á lærisveina þína.
40 En hann svaraði og sagði: Eg segi yður, að ef þessir þegðu, mundu

steinarnir hrópa. 41 Og er hann kom nær og sá borgina, grét hann yfir henni og mælti: 42 Ef einnig þú hefðir á þessum degi vitað það sem til friðar heyrir! en nú er það hulið fyrir augum þínum. 43 Því að þeir dagar munu koma yfir þig, að óvinir þínir munu gjöra hervirki um þig og setjast um þig og þröngva þér á alla vegu; 44 og þeir munu leggja þig að velli og börn þín, sem í þér eru, og ekki skilja eftir stein yfir steini í þér, vegna þess að þú þektir ekki tíma vitjunar þinnar. 45 Og hann gekk inn í helgidóminn, og tók að reka út þá, er voru að selja, 46 og sagði við þá: Ritað er: Og hús mitt á að vera bænahús, en þér hafið gjört það að ræningjabæli. 47 Og daglega var hann að kenna í helgidóminum, en æðstu prestarnir og fræðimennirnir og hinir helstu menn þjóðarinnar leituðust við að ráða hann af dögum. 48 Og þeir gátu eigi séð, hvað þeir gætu gjört, því að allur lýðurinn hélt sér fast að honum og hlýddi á hann.

20. kafli

1 Og svo bar við einhvern daginn, er hann var að kenna lýðnum í helgidóminum og boða fagnaðarerindið, að æðstu prestarnir og fræðimennirnir ásamt öldungunum gengu að honum. 2 Og þeir töluðu til hans og sögðu: Seg þú oss, með hvaða valdi gjörir þú þetta, eða hver hefir gefið þér þetta vald? 3 En hann svaraði og sagði við þá: Eg vil og leggja spurningu fyrir yður. Segið mér: 4 Var skírn Jóhannesar frá himnum eða frá mönnum? 5 En þeir hugleiddu þetta með sér og sögðu: Ef vér segjum: frá himnum, mun hann segja: Hví trúðuð þér honum þá ekki? 6 En ef vér segjum: frá mönnum, mun allur lýðurinn grýta oss; því að hann er sannfærður um að Jóhannes sé spámaður. 7 Og þeir svöruðu, að þeir vissu eigi hvaðan hún væri. 8 Og Jesús sagði við þá: Þá segi eg yður ekki heldur, með hvaða valdi eg gjöri þetta. 9 En hann tók til að segja lýðnum dæmisögu þessa: Maður nokkur plantaði víngarð og seldi hann á leigu víngarðsmönnum og fór úr landi til langdvala. 10 Og á réttum tíma sendi hann þjón til víngarðsmannanna, til þess að þeir fengju honum nokkuð af ávexti víngarðsins; en víngarðsmennirnir börðu hann og sendu hann burt tómhentan. 11 Og aftur sendi hann annan þjón, en þeir börðu hann einnig og svívirtu og sendu hann burt tómhentan. 12 Og enn sendi hann hinn þriðja, en þeir veittu honum einnig áverka og köstuðu

honum út. 13 En herra víngarðsins sagði: Hvað á eg að gjöra? Eg ætla að
senda son minn hinn elskaða; þeir munu þó bera virðingu fyrir honum. 14 En
er víngarðsmennirnir sáu hann, báru þeir ráð sín saman og sögðu: Þetta er
erfinginn; drepum hann, til þess að vér fáum arfinn. 15 Og þeir köstuðu
honum út fyrir víngarðinn og drápu hann. Hvað mun nú herra víngarðsins
gjöra við þá? 16 Hann mun koma og tortíma víngarðsmönnum þessum og
gefa öðrum víngarðinn. En er þeir heyrðu þetta, sögðu þeir: Verði það aldrei.
17 En hann leit til þeirra og mælti: Hvað er þá þetta, sem ritað er: Steininn,
sem smiðirnir höfnuðu, sá hinn sami er orðinn að hyrningarsteini? 18 Hver
sem fellur á þennan stein, mun sundurmolast, en þann, sem hann fellur yfir,
mun hann sundur merja. 19 Og fræðimennirnir og æðstu prestarnir vildur
leggja hendur á hann á þeirri stundu, en þeir voru hræddir við lýðinn, því að
þeir skildu, að hann talaði dæmisögu þessa til þeirra. 20 Og þeir höfðu gætur
á honum og sendu út njósnarmenn, er láta skyldu sem væru þeir réttlátir, til
þess að þeir gætu haft á orðum hans og selt hann í hendur yfirvaldinu og á
vald landstjórans. 21 Og þeir spurðu hann og mæltu: Vér vitum, meistari, að
þú segir og kennir svo sem rétt er og gjörir þér engan mannamun, heldur
kennir þú í sannleika Guðs veg. 22 Leifist oss að gjalda keisaranum skatt, eða
ekki? 23 En hann merkti flærð þeirra og sagði við þá: 24 Sýnið mér denar.
Hvers mynd og yfirskrift hefir hann? En þeir sögðu: Keisarans. 25 Og hann
sagði við þá: Gjaldið þá keisaranum það sem keisarans er og Guði það sem
Guðs er. 26 Og þeir gátu ekki haft neitt á orðum hans í viðurvist lýðsins, og
þeir undruðust svar hans og þögðu. 27 Og nokkrir af Saddúkeum, sem segja,
að eigi sé til upprisa, komu til hans og spurðu hann og sögðu: 28 Meistari,
Móse reit oss það boð, að ef kvæntur bróðir einhvers deyr, og hann er
barnlaus, þá gangi bróðir hans að eiga konu hans og geti bróður sínum
afkvæmi. 29 Nú voru sjö bræður; hinn fyrsti tók sér konu og dó barnlaus; 30
og hinn annar 31 og hinn þriðji gengu að eiga hana; og sömuleiðis einnig þeir
sjö; þeir létu engin börn eftir sig og dóu. 32 Síðast dó og konan. 33 Kona hvers
þeirra verður hún nú í upprisunni, því að þeir sjö áttu hana fyrir konu? 34 Og
Jesús sagði við þá: Börn þessarar aldar kvænast og giftast; 35 en þeir, sem
álítast verðir að fá hlutdeild í hinni öldinni og upprisunni frá dauðum,
kvænast hvorki né giftast; 36 því að þeir geta alls ekki framar dáið, þar eð þeir
eru englum líkir og þeir eru Guðs börn, þar sem þeir eru synir upprisunnar. 37

En að dauðir upprísi, það hefir jafnvel Móse sýnt, þar sem talað er um þyrnirunninn, er hann kallar Drottin Guð Abrahams og Guð Ísaks og Guð Jakobs. 38 En ekki er hann Guð dauðra, heldur lifenda, því að honum lifa allir. 39 En nokkrir af fræðimönnunum svöruðu og sögðu: Meistari, vel mæltir þú. 40 Því að þeir dirfðust ekki framar að spyrja hann nokkurs. 41 En hann sagði við þá: Hvernig geta menn sagt, að Kristur sé sonur Davíðs? 42 Því að sjálfur Davíð segir í sálmabókinni: Drottinn sagði við minn Drottin: Set þig mér til hægri handar, 43 þangað til eg gjöri óvini þína að skör fóta þinna. 44 Davíð kallar hann þá Drottin, og hvernig er hann þá sonur hans? 45 En í áheyrn alls lýðsins sagði hann við lærisveina sína: 46 Varið yður á fræðimönnunum, sem vilja ganga í dragkyrtlum og hafa mætur á að láta heilsa sér á torgum og á efstu sætunum í samkundunum og helstu sætunum í veislunum, 47 þeir er eta upp heimili ekknanna og flytja langar bænir að yfirskini. Þeir munu fá þyngri dóm.

21. kafli

1 En er hann leit upp, sá hann hina ríku, er voru að leggja gjafir sínar í fjárhirsluna. 2 Og hann sá ekkju eina fátæka, er lagði í hana tvo smápeninga. 3 Og hann sagði: Sannlega segi eg yður, að þessi fátæka ekkja hefir meira lagt en hinir allir; 4 því að þessir hafa allir lagt fram til gjafanna af nægtum sínum, en hún lagði af skorti sínum alla þá björg, er hún átti. 5 Og er nokkrir sögðu um helgidóminn, að hann væri prýddur með fögrum steinum og heitgjöfum, sagði hann: 6 Þetta, sem þér sjáið — þeir dagar munu koma, að hér mun ekki verða skilinn eftir steinn yfir steini, er eigi mun verða rifinn niður. 7 En þeir spurðu hann og sögðu: Meistari, hve nær mun þá þetta verða og hvert verður táknið, er þetta á að fara að koma fram. 8 Og hann sagði: Gætið þess, að þér verðið ekki leiddir í villu, því að margir munu koma í mínu nafni, segjandi: Það er eg, og: Tíminn er nálægur, en farið ekki á eftir þeim. 9 En er þér heyrið um hernað og upphlaup, þá skelfist ekki, því að þetta hlýtur fyrst að koma fram, en endirinn er ekki þá þegar kominn. 10 Þá sagði hann við þá: Þjóð mun rísa gegn þjóð og konungsríki gegn konungsríki, 11 og miklir landskjálftar munu verða og á ýmsum stöðum hungursneyð og drepsóttir; og verða munu voðafyrirburðir og tákn mikil af himni. 12 En á

undan öllu þessu munu þeir leggja hendur á yður og ofsækja yður og framselja yður til samkundnanna og í fangelsi og draga yður fyrir konunga og landshöfðingja, fyrir sakir nafns míns. **13** Og þetta mun verða yður til vitnisburðar. **14** Látið það því vera fast í huga yðar, að þér ekki fyrirfram séuð að íhuga, hvernig þér eigið að verja yður. **15** Því að eg mun gefa yður talanda og visku, sem allir mótstöðumenn yðar munu ekki megna að standa á móti eða mótmæla. **16** En þér munuð framseldir verða jafnvel af foreldrum og bræðrum og frændum og vinum, og nokkura af yður munu þeir lífláta. **17** Og þér munuð verða hataðir af öllum vegna nafns míns; **18** en ekkert hár af höfði yðar skal þó farast. **19** Með stöðuglyndi yðar munuð þér ávinna sálir yðar. **20** En er þér sjáið Jerúsalem umkringda af herfylkjum, þá vitið, að eyðing hennar er í nánd. **21** Þá skulu þeir, sem eru í Júdeu, flýja til fjallanna, og þeir, sem eru inni í borginni, flytji sig burt; og þeir sem eru á sveitabýlunum, fari ekki inn í hana. **22** Því að þetta eru refsingardagar, til þess að uppfyllist alt það, sem ritað er. **23** Vei þeim, sem þungaðar eru, og þeim sem börn hafa á brjósti á þeim dögum, því að mikil neyð mun þá verða í landinu og reiði yfir lýð þessum. **24** Og þeir munu falla fyrir sverðseggjum og herleiddir verða til allra þjóða, og Jerúsalem mun verða fótum troðin af heiðingjum, þangað til tímar heiðingjanna eru fullnaðir. **25** Og tákn munu verða á sólu, tungli og stjörnum og á jörðunni angist meðal þjóðanna í ráðaleysi við dunur hafs og sjávar; **26** og menn munu gefa upp öndina af ótta og kvíða fyrir því, er koma mun yfir heimsbygðina, því að kraftar himnanna munu bifast. **27** Og þá munu menn sjá mannsins son komandi í skýi með mætti og mikilli dýrð. **28** En þegar þetta tekur að koma fram, þá lítið upp og lyftið upp höfðum yðar, því að lausn yðar er í nánd. **29** Og hann sagði þeim líkingu: Gætið að fíkjutrénu og öllum trjám; **30** þegar þau fara að skjóta frjóöngum, þá sjáið þér og vitið af sjálfum yður, að sumarið er í nánd. **31** Þannig skuluð þér og vita, að þá er þér sjáið þetta fram koma, er guðsríki í nánd. **32** Sannlega segi eg yður, að þessi kynslóð mun ekki líða undir lok, uns þetta alt kemur fram. **33** Himinn og jörð munu líða undir lok, en mín orð munu ekki undir lok líða. **34** En gætið sjálfra yðar, að hjörtu yðar ekki ofþyngist við svall og drykkjuskap og áhyggju fyrir þessu lífi, og komi svo þessi dagur skyndilega yfir yður eins og snara; **35** því að koma mun hann yfir alla þá, sem búa á öllu yfirborði jarðarinnar. **36** Verið því ávalt vakandi og biðjandi, til þess að þér megnið að umflýja alt þetta,

sem fram mun koma, og að standast frammi fyrir mannsins syni. 37 Á daginn var hann að kenna í helgidóminum, en á næturnar gekk hann út og hafði náttstað á Olíufjallinu, sem svo er nefnt. 38 Og alt fólkið flyktist að honum hvern morgun í helgidóminum, til að hlýða á hann.

22. kafli

1 En hátíð ósýrðu brauðanna nálgaðist, sú er nefnist páskar. 2 Og æðstu prestarnir og fræðimennirnir velktu fyrir sér, hvernig þeir gætu ráðið hann af dögum, því að þeir voru hræddir við lýðinn. 3 En Satan fór í Júdas, er kallaður var Ískaríot, er var einn í tölu þeirra tólf. 4 Og hann fór og kom að máli við æðstu prestana og varðforingjana um það, hvernig hann ætti að framselja þeim hann. 5 Og þeir urðu glaðir og ákváðu að gefa honum fé. 6 Og hann gekk að því og leitaði færis til að framselja þeim hann, án þess að uppþot yrði. 7 En dagur ósýrðu brauðanna kom, þá er slátra átti páskalambinu. 8 Og hann sendi Pétur og Jóhannes og sagði: Farið þið og búið fyrir oss páskamáltíðina, til þess að vér getum matast. 9 En þeir sögðu við hann: Hvar vilt þú að við búum hana? 10 En hann sagði við þá: Sjá, þegar þið komið inn í borgina, mun ykkur mæta maður, sem ber vatnskrús; fylgið honum til þess húss, er hann fer inn í, 11 og segið við húsráðandann: Meistarinn segir við þig: Hvar er herbergið, þar sem eg megi neyta páskalambsins með lærisveinum mínum? 12 Og hann mun sýna ykkur loftsal mikinn, búinn hægindum; gjörið þar fyrirbúnað. 13 Og þeir fóru og hittu fyrir alt eins og hann hafði sagt þeim, og efndu til páskamáltíðarinnar. 14 Og er stundin var komin, gekk hann undir borð og postularnir með honum. 15 Og hann sagði við þá: Hjartanlega hefi eg þráð að neyta þessarar páskamáltíðar með yður áður en eg líð; 16 því að eg segi yður: Eg mun ekki neyta hennar, uns hún fullkomnast í guðsríki. 17 Og hann tók bikar, gjörði þakkir og mælti: Takið þetta og skiftið því á meðal yðar; 18 því að eg segi yður, að eg mun ekki upp frá þessu drekka af ávexti vínviðarins, uns guðsríki kemur. 19 Og hann tók brauð, gjörði þakkir, braut það og gaf þeim og sagði: Þetta er líkami minn, sem fyrir yður er gefinn; gjörið þetta í mína minningu. 20 Og á sama hátt tók hann eftir kvöldmáltíðina bikarinn og mælti: Þessi bikar er hinn nýi sáttmáli í mínu blóði, sem fyrir yður er úthelt. 21 En sjá, hönd þess, er mig

svíkur, er á borðinu með mér. 22 Því að mannsins sonur fer að sönnu héðan, eftir því sem ákveðið er, en vei þeim manni, sem því veldur, að hann verður framseldur. 23 Og þeir tóku að spyrjast á, hver þeirra það mundi vera, er þetta mundi gjöra. 24 En það hófst líka deila meðal þeirra um það, hver þeirra væri talinn mestur. 25 Og hann sagði við þá: Konungar þjóðanna drotna yfir þeim, og þeir, sem láta þær kenna á valdi sínu, eru nefndir velgjörðamenn. 26 En eigi skuluð þér svo vera, heldur verði sá, sem mestur er yðar á meðal, eins og hinn yngsti, og foringinn eins og sá er þjónar. 27 Því að hvor er meiri, sá sem situr til borðs, eða sá sem þjónar? Er það ekki sá, sem situr til borðs? En eg er meðal yðar eins og sá, er þjónar. 28 En þér eruð þeir, sem stöðugir hafið verið með mér í freistingum mínum. 29 Og eg fæ yður ríki í hendur, eins og faðir minn hefir fengið mér, 30 til þess að þér getið etið og drukkið við borð mitt í ríki mínu; og þér skuluð sitja í hásætum og dæma hinar tólf ættkvíslir Ísraels. 31 Símon, Símon, sjá, Satan krafðist yðar, til að sælda yður eins og hveiti; 32 en eg hefi beðið fyrir þér, til þess að trú þín þrjóti ekki, og styrk þú bræður þína, þegar þú síðar ert snúinn við. 33 En hann sagði við hann: Herra, með þér er eg reiðubúinn að fara bæði í fangelsi og dauða. 34 Og hann mælti: Eg segi þér, Pétur: haninn mun ekki gala í dag, fyr en þú hefir þrisvar neitað því, að þú þekkir mig. 35 Og hann sagði við þá: Þegar eg sendi yður út án pyngju, mals og skóa, brast yður þá nokkuð? Og þeir sögðu: Nei, ekkert. 36 Og hann sagði við þá: En nú skal sá, sem hefir pyngju, taka hana með sér, sömuleiðis einnig mal, og sá, sem ekki hefir sverð, skal selja yfirhöfn sína og kaupa það. 37 Því eg segi yður, að þetta, sem ritað er, hlýtur að rætast á mér: og með lögbrotsmönnum var hann talinn, því að það, er mig snertir, uppfyllist. 38 En þeir sögðu: Herra, sjá, hér eru tvö sverð. Og hann sagði við þá: Það er nóg. 39 Og hann gekk út og fór eftir venju sinni til Olíufjallsins, og lærisveinarnir fylgdust og með honum. 40 Og þegar hann var kominn á staðinn, sagði hann við þá: Biðjið, að þér fallið ekki í freistingu. 41 Og hann fór frá þeim hér um bil steinsnar og féll á kné og baðst fyrir, segjandi: 42 Faðir, ef þú vilt, þá tak þennan bikar frá mér! En verði þó ekki minn, heldur þinn vilji! 43 Og honum birtist engill af himni, sem styrkti hann. 44 Og er hann var í dauðans angist, baðst hann enn ákafar fyrir; en sveiti hans varð eins og blóðdropar, er féllu á jörðina. 45 Og er hann stóð upp frá bæninni og kom til lærisveinanna, fann hann þá sofandi af hrygð. 46 Og hann sagði við

þá: Hví sofið þér? Rísið upp og biðjið, til þess að þér fallið ekki í freistingu. **47** Meðan hann enn var að tala, sjá, þá kom flokkur manna, og sá sem Júdas hét, einn af þeim tólf, gekk á undan þeim. Og hann gekk að Jesú til að kyssa hann. **48** En Jesús sagði við hann: Júdas, svíkur þú mannsins son með kossi? **49** En er þeir, er hjá honum voru, sáu hvað verða mundi, sögðu þeir: Herra, eigum vér að slá með sverði? **50** Og einn af þeim hjó til þjóns æðsta prestsins og sneið af honum hægra eyrað. **51** En Jesús svaraði og sagði: Látið hér við staðar nema. Og hann snart eyrað og læknaði hann. **52** Og Jesús sagði við æðstu prestana og varðforingja helgidómsins og öldungana, sem komnir voru á móti honum: Lögðuð þér af stað eins og móti ræningja með sverðum og bareflum? **53** Þegar eg daglega var hjá yður í helgidóminum, þá réttuð þér ekki út hendur gegn mér, en þetta er yðar tími og vald myrkursins. **54** Og þeir handtóku hann og fóru burt með hann, og þeir fóru með hann inn í hús æðsta prestsins; en Pétur fór á eftir álengdar. **55** Og er þeir höfðu kveikt eld í miðjum hallargarðinum og sest við hann, settist Pétur meðal þeirra. **56** En þerna nokkur sá hann sitja við eldsbirtuna og starði á hann og mælti: Þessi maður var líka með honum. **57** En hann neitaði og sagði: Kona, eg þekki hann ekki. **58** Litlu síðar sá annar hann og sagði: Þú ert og einn af þeim. En Pétur sagði: Maður, eg er það ekki. **59** Og að liðinni hér um bil einni stundu fullyrti og annar maður þetta og sagði: Í sannleika var þessi maður einnig með honum, því að hann er og Galíleumaður. **60** En Pétur mælti: Eg skil ekki, maður, hvað þú segir. Og í sama bili, áður en hann hafði slept orðinu, gól haninn. **61** Og Drottinn sneri sér við og leit til Péturs, og Pétur mintist orðs Drottins, er hann mælti við hann: Áður en haninn galar í dag, muntu þrisvar afneita mér. **62** Og hann gekk út fyrir og grét sáran. **63** En þeir menn, sem héldu honum, hæddu hann og börðu hann. **64** Og þeir byrgðu fyrir augu hans og spurðu hann og sögðu: Spá þú, hver er það, sem sló þig? **65** Og margt annað sögðu þeir við hann lastmælandi. **66** Og er dagur rann, kom öldungaráð lýðsins saman, bæði æðstu prestar og fræðimenn, og færðu hann á ráðsamkomu sína, **67** og sögðu: Ef þú ert Kristur, þá seg oss það. En hann sagði við þá: Þótt eg segi yður það, þá munuð þér ekki trúa; **68** og ef eg spyr yður, þá svarið þér ekki. **69** En upp frá þessu mun mannsins sonur sitja til hægri handar Guðs kraftar. **70** Og þeir sögðu allir: Ert þú þá sonur Guðs? Og hann sagði við þá: Þér segið það, því að eg er það. **71** En þeir sögðu: Hvað

þurfum vér nú framar vitnis við, því að sjálfir höfum vér heyrt það af munni hans?

23. kafli

1 Og þeir stóðu upp, allur hópurinn, og færðu hann til Pílatusar. **2** Og þeir tóku að ákæra hann, segjandi: Vér höfum komist að raun um, að þessi maður leiðir þjóð vora afvega og bannar að gjalda keisaranum skatt, og segist sjálfur vera Kristur konungur. **3** Og Pílatus spurði hann og sagði: Ertu konungur Gyðinga? En hann svaraði honum og sagði: Þú segir það. **4** Og Pílatus sagði við æðstu prestana og fólkið: Eg finn enga sök hjá þessum manni. **5** En þeir urðu því ákafari og sögðu: Hann æsir upp lýðinn, með því að hann kennir um alla Júdeu, alt frá Galíleu, þar sem hann byrjaði, og hingað. **6** En er Pílatus heyrði það, spurði hann, hvort maðurinn væri Galílei. **7** Og er hann varð þess vís, að hann var úr umdæmi Heródesar, sendi hann hann til Heródesar, sem þessa daga var einnig í Jerúsalem. **8** En er Heródes sá Jesúm, varð hann næsta glaður, því að lengi hafði hann langað til að sjá hann, þar eð hann hafði heyrt um hann; og hann gjörði sér von um, að sjá eitthvert tákn gjört af honum. **9** Og hann spurði hann með mörgum orðum, en hann svaraði honum engu. **10** En æðstu prestarnir og fræðimennirnir stóðu hjá og ákærðu hann harðlega. **11** En Heródes, ásamt hermönnum sínum, óvirti hann og spottaði, og lagði um hann ljómandi klæði og sendi hann aftur til Pílatusar. **12** Og þennan dag urðu þeir Pílatus og Heródes vinir sín á milli, því að áður hafði verið fjandskapur með þeim. **13** Nú kallaði Pílatus saman æðstu prestana og höfðingjana og fólkið **14** og sagði við þá: Þér hafið fært mér þennan mann, svo sem þann, er leiddi lýðinn afvega; og sjá, eg hefi í viðurvist yðar yfirheyrt hann og enga sök fundið hjá manni þessum í því, er þér ákærið hann fyrir. **15** Ekki heldur Heródes, því að hann sendi hann aftur til vor. Og sjá, ekkert er það af honum drýgt, sem dauða sé vert. **16** Ætla eg því að refsa honum og láta hann lausan. **17** En honum bar að gefa þeim einn lausan á hátíðinni. † **18** En þeir kölluðu upp allir í einu hljóði og sögðu: Burt með þennan mann, en gef oss Barrabas lausan! **19** en hann var maður, sem varpað hafði verið í fangelsi fyrir upphlaup nokkurt, er orðið hafði í borginni, og manndráp. **20** Og Pílatus talaði aftur til þeirra, því að hann vildi

láta Jesúm lausan. 21 En þeir æptu og sögðu: Krossfestu, krossfestu hann! 22 Og í þriðja sinn sagði hann við þá: Hvað ilt hefir þá þessi maður aðhafst? Eg hefi enga dauðasök fundið hjá honum; eg ætla því að refsa honum og láta hann lausan. 23 En þeir sóttu á með ópi miklu og beiddu um, að hann yrði krossfestur; og hróp þeirra tóku yfir. 24 Og Pílatus lagði þann úrskurð á, að beiðni þeirra skyldi verða fullnægt. 25 Og hann gaf lausan manninn, sem fyrir upphlaup og manndráp hafði verið settur í fangelsi, þann er þeir báðu um, en Jesúm framseldi hann vilja þeirra. 26 Og er þeir leiddu hann út, tóku þeir Símon nokkurn frá Kýrene, sem kom utan af landsbygð, og lögðu krossinn á hann, til þess að hann bæri hann eftir Jesú. 27 En honum fylgdi mikill fjöldi af fólkinu og af konum, sem hörmuðu og grétu yfir honum. 28 En Jesús sneri sér til þeirra og mælti: Jerúsalemdætur, grátið ekki yfir mér, en grátið yfir sjálfum yður og yfir börnum yðar. 29 Því að sjá, þeir dagar munu koma, að menn munu segja: Sælar eru óbyrjur og þau móðurlíf, er ekki hafa barn alið, og þau brjóst, er ekki hafa gefið að sjúga. 30 Þá munu menn taka að segja við fjöllin: Hrynjið yfir oss! og við hálsana: Hyljið oss! 31 Því að ef menn gjöra þetta við hið græna tréð, hvernig mun þá fara fyrir hinu visna? 32 Með honum voru og færðir til lífláts tveir menn aðrir, og voru það illvirkjar. 33 Og er þeir komu til þess staðar, sem kallaður er Hauskúpa, krossfestu þeir hann þar og illvirkjana, annan til hægri handar, en hinn til vinstri. 34 En Jesús sagði: Faðir, fyrirgef þeim, því að þeir vita ekki hvað þeir gjöra. Og þeir skiftu klæðum hans milli sín og köstuðu hlutum um. 35 Og fólkið stóð og horfði á; en höfðingjarnir gjörðu og gys að honum og sögðu: Öðrum bjargaði hann; bjargi hann nú sjálfum sér, ef hann er hinn smurði Guðs, hinn útvaldi. 36 Sömuleiðis hæddu hann hermennirnir, komu og báru honum edik og sögðu: 37 Ef þú ert konungur Gyðinganna, þá bjargaðu sjálfum þér. 38 Yfirskrift var og yfir honum: ÞESSI ER KONUNGUR GYÐINGANNA. 39 En annar af illvirkjunum, sem upp voru hengdir, lastmælti honum og sagði: Ert þú ekki Kristur? Bjargaðu sjálfum þér og okkur. 40 En hinn svaraði, ávítaði hann og sagði: Hræðist þú ekki einu sinni Guð, þar sem þú ert þó undir sama dómi? 41 Og við erum það með réttu, því að við fáum makleg gjöld fyrir það, sem við höfum gjört, en þessi hefir ekkert rangt aðhafst. 42 Og hann sagði: Jesú, minst þú mín, þegar þú kemur í ríki þínu! 43 Og hann sagði við hann: Sannlega segi eg þér: í dag skaltu vera með mér í Paradís. 44 Og nú var hér um bil sétta

stund, og myrkur kom yfir alt landið alt til níundu stundar, 45 við það að sólin misti birtu sinnar. Og fortjald musterisins rifnaði sundur í miðju. 46 Og Jesús kallaði hárri raustu og sagði: Faðir, í þínar hendur fel eg anda minn! Og er hann hafði þetta mælt, gaf hann upp andann. 47 Og er hundraðshöfðinginn sá það, er við bar, vegsamaði hann Guð og sagði: Sannlega var þessi maður réttlátur. 48 Og er alt fólkið, sem komið hafði saman til að sjá þetta, sá það, er gjörðist, barði það sér á brjóst og sneri aftur. 49 En allir þeir, sem honum voru kunnugir, og konur þær, er honum höfðu fylgt úr Galíleu, stóðu langt frá og sáu þetta. 50 Og sjá, maður er nefndur Jósef; hann var ráðherra, góður maður og réttvís, 51 og hafði hann ekki samþykt ráð og athafnir þeirra; hann var frá Arímaþeu, borg Gyðinga, og vænti guðsríkisins. 52 Þessi maður gekk til Pílatusar og bað hann um líkama Jesú. 53 Og hann tók hann ofan, sveipaði hann í línklæði og lagði hann í gröf, högna út í stein, sem enginn hafði áður legið í. 54 Og það var aðfangadagur, og hvíldardagurinn fór í hönd. 55 Og konur þær, er komið höfðu með Jesú úr Galíleu, fylgdu eftir og sáu gröfina og hvernig líkami hans var lagður. 56 Og þær sneru aftur og bjuggu út ilmjurtir og smyrsl.

24. kafli

1 Og hvíldardaginn héldu þær kyrru fyrir, samkvæmt boðorðinu. En í birtingu hinn fyrsta dag vikunnar komu þær til grafarinnar með ilmjurtirnar, er þær höfðu út búið. 2 Og þær fundu steininn veltan frá gröfinni. 3 Og er þær gengu inn, fundu þær ekki líkama Drottins Jesú. 4 Og svo bar við, er þær skildu ekkert í þessu, sjá, þá stóðu tveir menn hjá þeim í skínandi klæðum. 5 Og er þær urðu mjög hræddar og hneigðu andlit sín til jarðar, sögðu þeir við þær: Hví leitið þér hins lifanda meðal hinna dauðu? 6 Hann er ekki hér, heldur er hann upprisinn; minnist þess, hvernig hann talaði við yður, meðan hann enn var í Galíleu, og sagði, 7 að mannsins sonur ætti að verða framseldur í hendur syndugra manna og verða krossfestur og upprísa á þriðja degi. 8 Og þær mintust orða hans, 9 og sneru aftur frá gröfinni og kunngjörðu alt þetta þeim ellefu og öllum hinum. 10 En það voru þær María Magdalena og Jóhanna og María, móðir Jakobs; og hinar með þeim sögðu postulunum þetta. 11 Og orð þessi voru í augum þeirra eins og hégómi, og þeir trúðu

konunum ekki. 12 En Pétur stóð upp og hljóp til grafarinnar, og er hann
gægðist inn, sá hann líkblæjurnar einar; og hann fór heim, undrandi yfir því
sem við hafði borið. 13 Og sjá, þennan sama dag voru tveir af þeim á ferð til
þorps nokkurs, sem er hér um bil sextíu skeiðrúm frá Jerúsalem, að nafni
Emmaus, 14 og voru þeir að tala sín í milli um alt þetta, er við hafði borið. 15
Og svo bar við, er þeir voru að tala saman og ræða um þetta, að sjálfur Jesús
nálgaðist þá og slóst í ferð með þeim. 16 En augu þeirra voru haldin, svo að
þeir þektu hann ekki. 17 Og hann sagði við þá: Hvaða samræður eru þetta,
sem þið hafið ykkar á milli á leið ykkar? Og þeir námu staðar, daprir í
bragði. 18 Og annar þeirra, að nafni Kleófas, svaraði og sagði við hann: Ert
þú eini aðkomumaðurinn í Jerúsalem og veist ekki það, sem gjörst hefir í
henni á þessum dögum? 19 Og hann sagði við þá: Hvað þá? En þeir sögðu við
hann: Það um Jesúm frá Nazaret, sem var spámaður, máttugur í verki og orði
fyrir Guði og öllum lýðnum; 20 hvernig æðstu prestarnir og höfðingjar vorir
framseldu hann til dauðadóms og krossfestu hann. 21 En vér vonuðum, að
hann væri sá, er frelsa mundi Ísrael; já, og auk alls þessa er í dag þriðji
dagurinn síðan þetta bar við. 22 Enn fremur hafa og konur nokkrar úr vorum
flokki, er árla voru við gröfina, gjört oss forviða; 23 þær fundu ekki líkamann,
og komu og sögðu, að þær hefðu jafnvel séð engla í sýn, sem hefðu sagt
hann lifa. 24 Og nokkrir af þeim, sem með oss voru, fóru til grafarinnar og
fundu alt eins og konurnar höfðu sagt, en hann sáu þeir ekki. 25 Og hann
sagði við þá: Ó, þér heimskir og í hjartanu tregir til að trúa öllu því, sem
spámennirnir hafa talað! 26 Átti ekki Kristur að líða þetta og ganga inn í dýrð
sína? 27 Og hann byrjaði á Móse og á öllum spámönnunum, og útlagði fyrir
þeim í öllum ritningunum það, er hljóðaði um hann. 28 Og þeir nálguðust nú
þorpið, sem þeir ætluðu til, og hann lét sem hann ætlaði að fara lengra. 29 Og
þeir lögðu fast að honum og sögðu: Vertu hjá oss, því að kvelda tekur og
liðið er á daginn. Og hann fór inn, til að vera hjá þeim. 30 Og svo bar við, er
hann sat til borðs með þeim, að hann tók brauðið, blessaði og braut það og
fékk þeim. 31 Þá opnuðust augu þeirra, og þeir þektu hann, og þá varð hann
þeim ósýnilegur. 32 Og þeir sögðu hvor við annan: Brann ekki hjartað í
okkur, meðan hann talaði við okkur á veginum og lauk upp fyrir okkur
ritningunum? 33 Og þeir stóðu samstundis upp og fóru aftur til Jerúsalem og
fundu þá ellefu samansafnaða og þá, sem með þeim voru, sem sögðu: 34

Sannarlega er Drottinn upprisinn og hefir birst Símoni. **35** Og hinir sögðu frá því, sem við hafði borið á veginum, og hvernig þeir hefðu þekt hann í því er brauðið var brotið. **36** En þegar þeir voru að tala um þetta, stóð hann sjálfur meðal þeirra og segir við þá: Friður sé með yður! **37** En þeir urðu skelfdir og hræddir og hugðust sjá anda. **38** Og hann sagði við þá: Hví eruð þér óttaslegnir? og hvers vegna vakna efasemdir í hjarta yðar? **39** Lítið á hendur mínar og fætur, að það er eg sjálfur. Þreifið á mér og lítið á; því að andi hefir ekki hold og bein, eins og þér sjáið mig hafa. **40** Og er hann hafði þetta mælt, sýndi hann þeim hendur sínar og fætur. **41** En er þeir enn þá trúðu ekki fyrir fögnuði og voru fullir undrunar, sagði hann við þá: Hafið þér hér nokkuð til matar? **42** Og þeir lögðu fyrir hann stykki af steiktum fiski. **43** Og hann tók það og neytti þess frammi fyrir þeim. **44** En hann sagði við þá: Þetta eru þau orð mín, sem eg talaði við yður, meðan eg enn var með yður, að rætast ætti alt það, sem ritað er í lögmáli Móse og spámönnunum og sálmunum um mig. **45** Síðan lauk hann upp hugskoti þeirra, til þess að þeir skildu ritningarnar, **46** og sagði við þá: Svo er skrifað, að Kristur mundi líða og upp rísa frá dauðum á þriðja degi, **47** og að boðað skyldi verða í nafni hans öllum þjóðum iðrun og syndafyrirgefning, sem byrja skyldi í Jerúsalem. **48** Þér eruð vottar þessara hluta. **49** Og sjá, eg sendi fyrirheit föður míns yfir yður; en þér skuluð vera kyrrir í borginni, uns þér íklæðist krafti frá hæðum. **50** Og hann fór með þá út í nánd við Betaníu, og hann hóf upp hendur sínar og blessaði þá. **51** Og svo bar við, meðan hann var að blessa þá, að hann skildist frá þeim og varð upp numinn til himins. **52** Og þeir tilbáðu hann og sneru aftur til Jerúsalem með miklum fögnuði. **53** Og þeir voru stöðugt í helgidóminum og lofuðu Guð. þeirra

Jóhannesarguðspjall

Ioannes

1. kafli

1 Í upphafi var Orðið, og Orðið var hjá Guði, og Orðið var Guð; **2** það var í upphafi hjá Guði. **3** Allir hlutir eru gjörðir fyrir það, og án þess varð ekkert til, sem til er orðið. **4** Í því var líf, og lífið var ljós mannanna; **5** og ljósið skín í myrkrinu, og myrkrið meðtók það ekki. **6** Maður kom fram, sendur af Guði, hann hét Jóhannes. **7** Þessi maður kom til vitnisburðar, til þess að vitna um ljósið, til þess að allir skyldu trúa fyrir hann. **8** Ekki var hann ljósið, heldur átti hann að vitna um ljósið. **9** Hið sanna ljós, sem upplýsir hvern mann, var að koma í heiminn. **10** Hann var í heiminum, og heimurinn var til fyrir hann, og heimurinn þekti hann ekki. **11** Hann kom til sinna eigin, og hans eigin meðtóku hann ekki. **12** En öllum þeim, sem meðtóku hann, gaf hann vald til að verða Guðs börn, þeim sem trúa á nafn hans, **13** sem ekki eru af blóði, né af holds vilja, né af manns vilja, heldur af Guði fæddir. **14** Og Orðið varð hold og hann bjó með oss, fullur náðar og sannleika, og vér sáum dýrð hans, dýrð sem eingetins sonar frá föðurnum. **15** Jóhannes vitnar um hann og kallar, segjandi: Þessi var sá, sem eg sagði um: Hann, sem kemur á eftir mér, hefir verið á undan mér; því að hann var fyrri en eg. **16** Því að af gnægð hans höfum vér allir fengið, og það náð á náð ofan; **17** því að lögmálið var gefið fyrir Móse, en náðin og sannleikurinn varð fyrir Jesúm Krist. **18** Guð hefir enginn nokkurn tíma séð; sonurinn eingetni, sem er í skauti föðurins, hann hefir lýst honum. **19** Og þessi er vitnisburður Jóhannesar, þá er Gyðingarnir sendu til hans frá Jerúsalem presta og Levíta, til þess að spyrja hann: Hver ert þú? **20** Og hann játaði og neitaði ekki, og hann játaði: Ekki er eg Kristur. **21** Og þeir spurðu hann: Hvað þá? Ertu Elía? Og hann segir: Ekki er eg. Ertu spámaðurinn? Og hann svaraði: Nei. **22** Þeir sögðu þá við hann: Hver ert þú? til þess að vér getum gefið svar þeim, er oss sendu. Hvað segir þú um sjálfan

þig? 23 Hann sagði: Eg er rödd manns, er hrópar í óbygðinni: Gjörið beinan veg Drottins, eins og Jesaja spámaður hefir sagt. 24 En þeir voru sendir frá Faríseunum. 25 Og þeir spurðu hann og sögðu við hann: Hví skírir þú þá, ef þú ert ekki Kristur, ekki heldur Elía, né spámaðurinn? 26 Jóhannes svaraði þeim og sagði: Eg skíri með vatni; mitt á meðal yðar stendur sá, sem þér þekkið ekki, 27 hann sem kemur eftir mig, og skóþvengi hans er eg ekki verður að leysa. 28 Þetta bar við í Betaníu hinumegin Jórdanar, þar sem Jóhannes var að skíra. 29 Daginn eftir sér hann Jesúm koma til sín og segir: Sjá, lambið Guðs, er ber synd heimsins! 30 Hann er sá, sem eg sagði um: »Eftir mig kemur maður, sem hefir verið á undan mér; því að hann var fyrri en eg«. 31 Og ekki þekti eg hann, en til þess að hann yrði kunnur Ísrael, — til þess er eg kominn og skíri með vatni. 32 Og Jóhannes vitnaði og sagði: Eg hefi horft á andann stíga niður af himni eins og dúfu, og hann hvíldi yfir honum. 33 Og eg þekti hann ekki, en sá sem sendi mig, til þess að skíra með vatni, hann sagði við mig: Sá sem þú sér andann stíga niður yfir og hvíla yfir, hann er sá sem skírir með heilögum anda. 34 Og eg hefi séð það, og eg hefi vitnað, að þessi er guðssonurinn. 35 Daginn eftir var Jóhannes þar aftur staddur og tveir af lærisveinum hans. 36 Og hann horfði á Jesúm, þar sem hann gekk um kring, og segir: Sjá, lambið Guðs! 37 Og lærisveinarnir tveir heyrðu hann tala þetta, og fóru á eftir Jesú. 38 En Jesús sneri sér við, og er hann sá þá koma á eftir sér, segir hann við þá: 39 Hvers leitið þið? En þeir sögðu við hann: Rabbí — það þýðir útlagt: meistari, — hvar dvelur þú? 40 Hann segir við þá: Komið, og þá getið þið séð það. Þeir komu þá og sáu hvar hann dvaldi, og voru hjá honum þann dag. Var það um tíundu stundu. 41 Andrés, bróðir Símonar Péturs, var annar af þessum tveimur, sem höfðu heyrt til Jóhannesar og farið á eftir honum. 42 Hann finnur fyrst bróður sinn Símon og segir við hann: Við höfum fundið Messías, það er útlagt: Kristur; 43 og hann fór með hann til Jesú. Jesús leit á hann og sagði: Þú ert Símon, sonur Jóhannesar; þú skalt heita Kefas, það er útlagt: Pétur. 44 Daginn eftir hafði hann í hyggju að fara á stað til Galíleu, og hittir Filippus; og Jesús segir við hann: Fylg þú mér! 45 En Filippus var frá Betsaída, úr borg þeirra Andrésar og Péturs. 46 Filippus finnur Natanael og segir við hann: Vér höfum fundið þann, sem Móse hefir ritað um í lögmálinu og spámennirnir, Jesúm Jósefsson frá Nazaret. 47 Og Natanael sagði við hann: Getur nokkuð gott

verið frá Nazaret? Filippus segir við hann: Kom þú og sjá. 48 Jesús sá Natanael koma til sín og segir um hann: Sjá, sannarlega er þar Ísraelíti, sem ekki eru svik í. 49 Natanael segir við hann: Hvaðan þekkir þú mig? Jesús svaraði og sagði við hann: Áður en Filippus kallaði á þig, sá eg þig, þar sem þú varst undir fíkjutrénu. 50 Natanael svaraði honum: Rabbí, þú ert sonur Guðs, þú ert konungur Ísraels. 51 Jesús svaraði og sagði við hann: Trúir þú, af því eg sagði við þig: »Eg sá þig undir fíkjutrénu«? Þú skalt sjá það sem þessu er meira. 52 Og hann segir við hann: Sannlega, sannlega segi eg yður: þér munuð sjá himininn opinn og engla Guðs stíga upp og stíga niður yfir mannsins son.

2. kafli

1 Og á þriðja degi var haldið brúðkaup í Kana í Galíleu. Og móðir Jesú var þar, 2 en Jesús var og boðinn til brúðkaupsins og lærisveinar hans. 3 Og er vín þraut, segir móðir Jesú við hann: Þeir hafa ekki vín. 4 Og Jesús segir við hana: Kona, hvað skiftir þú þér af mér? Minn tími er enn ekki kominn. 5 Móðir hans segir við þjónana: Hvað sem hann segir yður, skuluð þér gjöra. 6 En þar voru sett sex vatnsker úr steini, samkvæmt hreinsunarsiðum Gyðinga, og tók hvert þeirra tvo eða þrjá mæla. 7 Jesús segir við þá: Fyllið nú kerin vatni; og þeir fyltu þau á barma. 8 Þá segir hann við þá: Ausið nú upp og færið kæmeistaranum, og þeir færðu honum. 9 En er kæmeistarinn bergði á vatni því, er að víni var orðið, og vissi ekki hvaðan það var, — en þjónarnir, sem vatnið höfðu ausið, vissu það — kallar kæmeistarinn á brúðgumann og segir við hann: 10 Hver maður setur fyrst góða vínið fram, en þegar menn eru orðnir ölvaðir, hið lakara; þú hefir geymt góða vínið þangað til nú. 11 Þessa byrjun jarteinanna gjörði Jesús í Kana í Galíleu, og opinberaði dýrð sína; og lærisveinar hans trúðu á hann. 12 Eftir þetta fór hann niður til Kapernaum, hann sjálfur og móðir hans og bræður og lærisveinar hans, og voru þau þar nokkura daga. 13 Og páskar Gyðinga fóru í hönd, og Jesús fór upp til Jerúsalem. 14 Og hann fann í helgidóminum þá, sem seldu naut og sauði og dúfur, og víxlarana sitjandi þar. 15 Og hann gjörði sér svipu úr köðlum og rak alla út úr helgidóminum, bæði sauðina og nautin; og hann steypti niður smápeningum víxlaranna og hratt um borðum þeirra. 16 Og við dúfnasalana

sagði hann: Takið þetta burt héðan; gjörið ekki hús föður míns að verslunarbúð. 17 Lærisveinum hans kom í hug, að ritað er: Vandlæti vegna húss þíns mun uppeta mig. 18 Gyðingarnir svöruðu þá og sögðu við hann: Hvert tákn sýnir þú oss, þar eð þú gjörir þetta? 19 Jesús svaraði og sagði við þá: Brjótið þetta musteri, og á þrem dögum mun eg reisa það. 20 Þá sögðu Gyðingarnir: Í fjörutíu og sex ár hefir musteri þetta verið í smíðum, og munt þú reisa það á þremur dögum? 21 En hann talaði um musteri líkama síns. 22 Þegar hann því var upprisinn frá dauðum, mintust lærisveinar hans, að hann hafði talað þetta, og þeir trúðu ritningunni og því orði, sem Jesús hafði talað. 23 En er hann var í Jerúsalem á páskunum, á hátíðinni, trúðu margir á nafn hans, er þeir sáu tákn hans, þau er hann gjörði. 24 En Jesús sjálfur trúði þeim eigi fyrir, hver hann væri, því að hann þekti alla, og þurfti þess ekki, að nokkur vitnaði um manninn, því að hann vissi, hvað með manninum bjó.

3. kafli

1 En það var maður nokkur af flokki Farísseanna, að nafni Nikódemus, höfðingi meðal Gyðinga. 2 Hann kom til hans um nótt og sagði við hann: Rabbí, vér vitum, að þú ert meistari kominn frá Guði, því að enginn getur gjört þessi tákn, sem þú gjörir, nema Guð sé með honum. 3 Jesús svaraði og sagði við hann: Sannlega, sannlega segi eg þér: enginn getur séð guðsríki nema hann endurfæðist. 4 Nikódemus segir við hann: Hvernig getur maður fæðst, þegar hann er orðinn gamall? Hvort getur hann aftur komist inn í kvið móður sinnar og fæðst? 5 Jesús svaraði: Sannlega, sannlega segi eg þér, ef maðurinn fæðist ekki af vatni og anda, getur hann ekki komist inn í guðsríkið. 6 Það sem af holdinu er fætt, er hold, og það sem af andanum er fætt, er andi. 7 Undrast þú ekki, að eg sagði þér: Yður ber að endurfæðast. 8 Vindurinn blæs, hvar sem hann vill, og þú heyrir þytinn, en ekki veistu, hvaðan hann kemur eða hvert hann fer; eins er farið hverjum sem af andanum er fæddur. 9 Nikódemus svaraði og sagði við hann: Hvernig má þetta verða? 10 Jesús svaraði og sagði við hann: Þú ert lærimeistari í Ísrael, og veist ekki þetta? 11 Sannlega, sannlega segi eg þér, að vér tölum það sem vér vitum, og vitnum um það, sem vér höfum séð, og vitnisburð vorn meðtakið þér ekki. 12 Hafi eg sagt yður jarðneska hluti, og þér trúið eigi,

hvernig munuð þér þá trúa, ef eg segi yður himneska? 13 Og enginn hefir
stigið upp til himins, nema sá er niður sté af himni, mannsins sonur, sem er á
himni. 14 Og eins og Móse hóf upp höggorminn á eyðimörkinni, þannig á
mannsins sonur að verða upphafinn, 15 til þess að hver sem trúir, hafi í
honum eilíft líf. 16 Því að svo elskaði Guð heiminn, að hann gaf son sinn
eingetinn, til þess að hver, sem á hann trúir, glatist ekki, heldur hafi eilíft líf.
17 Því að ekki sendi Guð soninn í heiminn, til þess að hann skyldi dæma
heiminn, heldur til þess að heimurinn skyldi frelsast fyrir hann. 18 Sá sem
trúir á hann, dæmist ekki; sá sem ekki trúir, er þegar dæmdur, því að hann
hefir ekki trúað á nafn eingetins sonar Guðs. 19 En þessi er dómurinn, að
ljósið er komið í heiminn, og mennirnir elskuðu myrkrið meir en ljósið, því
að verk þeirra voru vond. 20 Því að hver sem ilt aðhefst, hatar ljósið og kemur
eigi til ljóssins, til þess að verk hans verði ekki átalin. 21 En sá sem
sannleikann gjörir, kemur til ljóssins, til þess að verk hans verði augljós, því
að þau eru í Guði gjörð. 22 Eftir þetta kom Jesús og lærisveinar hans til
Júdeulands; og þar dvaldist hann ásamt þeim og skírði. 23 En Jóhannes skírði
líka í Ainon nálægt Salem, því að þar var vatn mikið. Og menn komu þangað
og létu skírast; 24 því að Jóhannesi hafði enn ekki verið varpað í fangelsi. 25
Þá kom upp þræta af hálfu lærisveina Jóhannesar og Gyðings nokkurs um
hreinsanir. 26 Og þeir komu til Jóhannesar og sögðu við hann: Rabbí, sá sem
var með þér hinumegin Jórdanar, hann, sem þú vitnaðir um, sjá, hann skírir,
og allir koma til hans. 27 Jóhannes svaraði og sagði: Enginn maður getur
tekið neitt, nema honum sé gefið það af himni. 28 Þér eruð sjálfir vottar
mínir, að eg sagði: Ekki er eg Kristur, heldur: Eg er sendur á undan honum.
29 Sá sem á brúðina, hann er brúðgumi, en vinur brúðgumans, sem stendur
hjá honum og hlýðir á hann, gleðst innilega við rödd brúðgumans. Þessi
gleði mín er því orðin fullkomin. 30 Hann á að vaxa, en eg að minka. 31 Sá
sem að ofan kemur, er yfir öllum. Sá sem er af jörðunni, hann er af jörðunni
og talar af jörðunni. Sá sem kemur af himni, er yfir öllum; 32 og það sem
hann hefir séð og heyrt, það vitnar hann og vitnisburð hans meðtekur enginn.
33 En sá sem hefir meðtekið vitnisburð hans, hefir staðfest, að Guð sé
sannorður. 34 Því að sá, sem Guð sendi, talar Guðs orð, því að ómælt gefur
hann andann. 35 Faðirinn elskar soninn og hefir gefið alla hluti í hönd honum.
36 Sá sem trúir á soninn, hefir eilíft líf, en sá sem óhlýðnast syninum, skal

ekki sjá lífið, heldur varir reiði Guðs yfir honum.

4. kafli

1 Þegar nú Drottinn varð þess vís, að Farísearnir hefðu frétt, að Jesús fengi fleiri lærisveina og skírði fleiri en Jóhannes, — **2** Jesús skírði þó ekki sjálfur, heldur lærisveinar hans — **3** yfirgaf hann Júdeu og fór aftur til Galíleu. **4** En hann varð að leggja leið sína um Samaríu. **5** Kemur hann þá til bæjar í Samaríu, sem Síkar heitir, nálægt landi því, sem Jakob gaf Jósef syni sínum. **6** En þar var Jakobsbrunnur. Þar eð Jesús nú var orðinn vegmóður, settist hann rakleiðis niður við brunninn; það var um séttu stund. **7** Kona nokkur samversk kemur þá, til þess að ausa upp vatni. Jesús segir við hana: Gef mér að drekka! **8** því að lærisveinar hans höfðu farið burt inn í bæinn, til þess að kaupa vistir. **9** Samverska konan segir þá við hann: Hvernig biður þú, sem ert Gyðingur, mig, samverska konu, um að drekka? Því að Gyðingar eiga ekki mök við samverska menn. **10** Jesús svaraði og sagði við hana: Ef þú þektir gjöf Guðs og hver sá er, sem segir við þig: Gef mér að drekka! þá mundir þú hafa beðið hann, og hann mundi hafa gefið þér lifandi vatn. **11** Konan segir við hann: Herra, þú hefir enga ausu og brunnurinn er djúpur; hvaðan hefir þú þá hið lifandi vatn? **12** Eða ertu meiri föður vorum Jakob, sem gaf oss brunninn og drakk sjálfur úr honum og synir hans og kvikfé? **13** Jesús svaraði og sagði við hana: Hver sem drekkur af þessu vatni, hann mun þyrsta aftur, **14** en hver sem drekkur af því vatni, sem eg mun gefa honum, hann mun að eilífu ekki þyrsta, heldur mun vatn það, sem eg mun gefa honum, verða í honum að lind, er sprettur upp til eilífs lífs. **15** Konan segir við hann: Herra, gef mér þetta vatn, til þess að mig skuli ekki þyrsta, né heldur þurfi eg að fara hingað til að ausa upp vatni. **16** Jesús segir við hana: Far þú, kallaðu á mann þinn og kom hingað. **17** Konan svaraði og sagði við hann: Eg á engan mann. Jesús segir við hana: Rétt sagðir þú: Eg á engan mann; **18** því að þú hefir átt fimm menn, og sá sem þú átt nú, er ekki maður þinn; þetta hefir þú sagt satt. **19** Konan segir við hann: Herra, eg sé, að þú ert spámaður. **20** Feður vorir tilbáðu á þessu fjalli, og þér segið, að í Jerúsalem sé staðurinn, þar sem tilbiðja eigi. **21** Jesús segir við hana: Trú þú mér, kona, sú stund kemur, er þér hvorki munuð tilbiðja föðurinn á þessu fjalli né í Jerúsalem. **22** Þér tilbiðjið

það sem þér þekkið ekki; vér tilbiðjum það sem vér þekkjum; því að frá
Gyðingum er hjálpræðið. 23 en sú stund kemur, og er nú komin, er hinir
sönnu tilbiðjendur skulu tilbiðja föðurinn í anda og sannleika, því að einmitt
faðirinn leitar slíkra tilbiðjenda. 24 Guð er andi, og þeir sem tilbiðja hann,
eiga að tilbiðja hann í anda og sannleika. 25 Konan segir við hann: Eg veit, að
Messías kemur, sem kallast Kristur; þegar hann kemur, mun hann kunngjöra
oss alt. 26 Jesús segir við hana: Eg er hann, eg, sem við þig tala. 27 Og í því
bili komu lærisveinar hans og undruðust, að hann var að tala við konu. Þó
sagði enginn: Hvað viltu henni? eða: Hvað ertu að tala við hana? 28 Konan
skildi þá eftir skjólu sína, gekk burt inn í bæinn og segir við menn: 29 Komið
og sjáið mann, sem sagði mér alt, sem eg hefi aðhafst; mundi ekki þessi
maður vera Kristur? 30 Þeir gengu út úr borginni og komu til hans. 31 Meðan
á þessu stóð, báðu lærisveinarnir hann og sögðu: Rabbí, neyttu matar! 32
Hann sagði við þá: Eg hefi fæðu að eta, sem þér vitið ekki af. 33
Lærisveinarnir sögðu þá hver við annan: Ætli nokkur hafi fært honum að
eta? 34 Jesús segir við þá: Minn matur er að gjöra vilja þess sem sendi mig og
fullkomna hans verk. 35 Segið þér ekki: Enn eru fjórir mánuðir, þá kemur
uppskeran? Sjá, eg segi yður: hefjið upp augu yðar og lítið á akrana, þeir eru
þegar hvítir til uppskeru. 36 Hver sem upp sker, fær laun og safnar ávexti til
eilífs lífs, til þess að bæði sá sem sáir, og sá sem upp sker, geti glaðst
sameiginlega. 37 Því að í þessu efni er orðið satt: »Einn er sá sem sáir, og
annar sá er upp sker«. 38 Eg hefi sent yður til þess að upp skera það, sem þér
ekki hafið unnið að; aðrir hafa erfiðað, en þér eruð gengnir inn í vinnu þeirra.
39 En úr þessum bæ trúðu margir af Samverjunum á hann fyrir orð konunnar,
sem vitnaði: Hann sagði mér alt, sem eg hefi aðhafst. 40 Þegar því
Samverjarnir komu til hans, beiddu þeir hann að dveljast hjá sér; og hann
dvaldist þar tvo daga, 41 og miklu fleiri tóku trú fyrir orð hans; 42 og við
konuna sögðu þeir: Það er eigi framar fyrir þitt tal, að vér trúum, því að
sjálfir höfum vér heyrt og vitum, að þessi maður er í sannleika frelsari
heimsins. 43 En eftir þá tvo daga hélt hann burt þaðan til Galíleu. 44 Því að
Jesús vitnaði sjálfur, að spámaður væri ekki í metum í föðurlandi sínu. 45 Er
hann nú kom til Galíleu, tóku Galíleumenn við honum, sem séð höfðu alt
það, er hann gjörði á hátíðinni í Jerúsalem; því að þeir höfðu einnig sótt
hátíðina. 46 Hann kom þá aftur til Kana í Galíleu, þar sem hann gjörði vatnið

að víni. Og þar var konungsmaður nokkur, og lá sonur hans sjúkur í Kapernaum. 47 Þegar hann frétti, að Jesús væri kominn frá Júdeu til Galíleu, fór hann til hans og bað hann að koma og lækna son sinn, því að hann lægi fyrir dauðanum. 48 Jesús sagði þá við hann: Þér trúið ekki, nema þér sjáið tákn og stórmerki. 49 Konungsmaðurinn segir við hann: Herra, kom þú áður en barnið mitt andast. 50 Jesús segir við hann: Far þú, sonur þinn lifir. Maðurinn trúði orði því, sem Jesús talaði til hans, og fór burt. 51 En á heimleiðinni mættu honum þjónar hans og sögðu, að sonur hans væri á lífi. 52 Þá spurði hann þá að, hve nær honum hefði farið að létta; og þeir sögðu við hann: Í gær um sjöundu stundu hvarf sóttin frá honum. 53 Þá sá faðirinn, að það var á þeirri stundu, er Jesús hafði sagt við hann: Sonur þinn lifir. Og hann tók trú og alt hans heimafólk. 54 Þetta var önnur jarteinin, sem Jesús gjörði, er hann kom til Galíleu frá Júdeu.

5. kafli

1 Eftir þetta var hátíð Gyðinga, og Jesús fór upp til Jerúsalem. 2 En í Jerúsalem er við sauðahliðið laug, sem kallast á hebresku Beþesda og hefir fimm súlnagöng. 3 Í þeim lá fjöldi sjúkra manna, blindra, haltra, visinna. 4 Því að engill Drottins sté öðru hverju niður í laugina og hrærði vatnið, og sá sem fyrstur sté ofan í eftir hræringu vatnsins varð heill, af hverjum sjúkdómi sem hann var haldinn. † 5 En þar var maður nokkur, sem sjúkur hafði verið í þrjátíu og átta ár. 6 Þegar Jesús sá hann liggja og vissi, að hann þegar hafði lengi sjúkur verið, segir hann við hann: Viltu verða heill? 7 Sjúklingurinn svaraði honum: Herra, eg hefi engan mann, til þess að láta mig í laugina, þegar vatnið hrærist; en meðan eg er á leiðinni, fer annar ofan í á undan mér. 8 Jesús segir við hann: Rís upp, tak sæng þína og gakk. 9 Og jafnskjótt varð maðurinn heill, tók upp sængina og gekk. En sá dagur var hvíldardagur. 10 Því sögðu Gyðingarnir við hinn læknaða mann: Það er hvíldardagur, og þér er ekki leyfilegt að bera sængina. 11 En hann svaraði þeim: Sá sem mig gjörði heilan, hann sagði mér: Tak þú sæng þína og gakk. 12 Þeir spurðu hann: Hver er sá maður, sem sagði við þig: Tak þú sæng þína og gakk? 13 En læknaði maðurinn vissi ekki, hver það var, því að Jesús hafði leynst burt, með því að fjöldi fólks var á staðnum. 14 Eftir þetta hittir Jesús hann í helgidóminum og

sagði við hann: Sjá, þú ert orðinn heill, syndga þú ekki framar, til þess að þér vilji ekki annað verra til. **15** Maðurinn gekk burt og sagði Gyðingunum frá, að Jesús væri sá, er hefði gjört sig heilan, **16** og vegna þess ofsóttu Gyðingarnir Jesúm, að hann gjörði þetta á hvíldardegi. **17** En Jesús svaraði þeim: Faðir minn starfar alt til þessa, eg starfa einnig. **18** Fyrir því leituðust Gyðingarnir nú enn frekar við að ráða hann af dögum, að hann ekki einungis braut hvíldardaginn, heldur kallaði einnig Guð föður sinn og gjörði sjálfan sig Guði jafnan. **19** Jesús svaraði þá og sagði við þá: Sannlega, sannlega segi eg yður: sonurinn getur ekkert gjört af sjálfum sér, nema það sem hann sér föðurinn gjöra, því að það sem hann gjörir, það gjörir og sonurinn sömuleiðis. **20** Því að faðirinn elskar soninn og sýnir honum alt, sem hann gjörir, og hann mun sýna honum meiri verk en þessi, til þess að þér skulið furða yður. **21** Því að eins og faðirinn upp vekur hina dauðu og lífgar, þannig lífgar og sonurinn þá sem hann vill. **22** Því að faðirinn dæmir ekki heldur nokkurn, heldur hefir hann falið syninum á hendur allan dóm, **23** til þess að allir heiðri soninn eins og þeir heiðra föðurinn. Sá sem ekki heiðrar soninn, heiðrar ekki föðurinn, sem sendi hann. **24** Sannlega, sannlega segi eg yður: sá sem heyrir mitt orð og trúir þeim sem sendi mig, hefir eilíft líf og kemur ekki til dóms, heldur hefir hann stigið yfir frá dauðanum til lífsins. **25** Sannlega, sannlega segi eg yður: sú stund kemur, og er nú komin, er hinir dauðu munu heyra raust Guðs sonar, og þeir, sem heyra, munu lifa. **26** Því að eins og faðirinn hefir líf í sjálfum sér, þannig hefir hann einnig gefið syninum að hafa líf í sjálfum sér; **27** og hann hefir gefið honum vald til að halda dóm, því að hann er mannsins sonur. **28** Undrist ekki þetta, því að sú kemur stund, er allir þeir sem í gröfunum eru, munu heyra raust hans, **29** og þeir munu ganga út, þeir sem gott hafa gjört, til upprisu lífsins, en þeir sem ilt hafa aðhafst, til upprisu dómsins. **30** Ekki megna eg að gjöra neitt af sjálfum mér; eg dæmi eins og eg heyri; og minn dómur er réttvís, því að eg leita ekki míns vilja, heldur vilja þess er sendi mig. **31** Ef eg vitna um sjálfan mig, þá er vitnisburður minn ekki sannur. **32** Annar er, sem vitnar um mig, og eg veit, að vitnisburðurinn er sannur, sem hann vitnar um mig. **33** Þér hafið sent til Jóhannesar, og hann bar sannleikanum vitni. **34** En vitnisburðinn tek eg ekki hjá manni, heldur segi eg þetta, til þess að þér verðið hólpnir. **35** Hann var brennandi og skínandi lampi, en þér hafið aðeins um stund viljað gleðjast við

ljós hans. 36 En eg hefi þann vitnisburð, sem meiri er en Jóhannesar, því að þau verk, sem faðir minn fékk mér að leysa af hendi, einmitt þau verk, sem eg gjöri, vitna um mig, að faðirinn hefir sent mig. 37 Og faðirinn, sem sendi mig, hann hefir vitnað um mig. Hvorki hafið þér nokkurn tíma heyrt rödd hans né séð ásýnd hans. 38 Og ekki hafið þér orð hans varanlegt í yður, því að þeim sem hann sendi, honum trúið þér ekki. 39 Þér rannsakið ritningarnar, því að í þeim hugsið þér, að þér hafið eilíft líf, og þær eru það, sem vitna um mig; 40 og ekki viljið þér koma til mín, til þess að þér hafið lífið. 41 Eg tek ekki heiður af mönnum, 42 en eg þekki yður, að þér hafið ekki Guðs kærleika í yður. 43 Eg er kominn í nafni föður míns, og þér meðtakið mig ekki. Ef annar kæmi í sínu eigin nafni, munduð þér meðtaka hann. 44 Hvernig getið þér trúað, þér, sem takið heiður hver hjá öðrum, en leitið ekki þess heiðurs, sem er hjá Guði einum? 45 Ætlið ekki, að eg muni ákæra yður fyrir föðurnum; sá er til sem ákærir yður, Móse, sem þér hafið bygt von yðar á. 46 Því að ef þér tryðuð Móse, þá tryðuð þér og mér, því að hann hefir ritað um mig. 47 En ef þér trúið ekki ritum hans, hvernig ættuð þér þá að trúa orðum mínum?

6. kafli

1 Eftir þetta fór Jesús burt til landsins hinumegin við Galíleuvatnið, sem kent er við Tíberías. 2 En mikill mannfjöldi fylgdi honum, því að menn sáu þau tákn, sem hann gjörði á hinum sjúku. 3 En Jesús fór upp á fjallið og settist þar niður ásamt lærisveinum sínum. 4 En páskar, hátíð Gyðinga, voru í nánd. 5 Þegar Jesús nú hóf upp augu sín og sá, að fjöldi fólks kom til hans, segir hann við Filippus: Hvar eigum vér að kaupa brauð, til þess að menn þessir fái etið? 6 En þetta sagði hann til þess að reyna hann, því að sjálfur vissi hann, hvað hann ætlaði sér að gjöra. 7 Filippus svaraði honum: Brauð fyrir tvö hundruð denara er ekki nóg handa þeim, til þess að hver einn fái lítið eitt. 8 Segir þá einn af lærisveinum hans, Andrés, bróðir Símonar Péturs, við hann: 9 Hér er ungmenni, sem hefir fimm byggbrauð og tvo smáfiska, en hvað er þetta handa svo mörgum? 10 Jesús sagði: Látið fólkið setjast niður. En gras mikið var á staðnum. Settust þá niður karlmennirnir, að tölu nær fimm þúsundir. 11 Jesús tók þá brauðin, og er hann hafði gjört þakkir, skifti

hann þeim meðal þeirra, sem sest höfðu niður; sömuleiðis og af fiskunum, svo mikið sem þeir vildu. 12 En er þeir voru mettir, segir hann við lærisveina sína: Takið saman brotnu brauðin, sem afgangs eru, til þess að ekkert fari til ónýtis. 13 Þeir söfnuðu þeim þá saman og fyltu tólf karfir með molum af byggbrauðunum fimm, sem gengu af hjá þeim, er neytt höfðu. 14 Þegar fólkið nú sá það tákn, sem hann gjörði, sagði það: Þessi er sannarlega spámaðurinn, sem á að koma í heiminn. 15 Þegar Jesús því varð þess var, að þeir ætluðu að koma og taka hann með valdi, til þess að gjöra hann að konungi, veik hann aftur afsíðis upp á fjallið einn saman. 16 En er kveld var komið, fóru lærisveinar hans niður að vatninu, 17 og þeir stigu á skip og héldu yfir um vatnið til Kapernaum; og það var þegar orðið dimt og Jesús var enn ekki kominn til þeirra. 18 En vatnið tók að ókyrrast, því að veður blés mikið. 19 Þegar þeir nú höfðu róið hér um bil tuttugu og fimm eða þrjátíu skeiðrúm, sjá þeir Jesúm gangandi á vatninu og kominn nálægt skipinu, og þeir urðu hræddir. 20 En hann segir við þá: Það er eg, óttist ekki. 21 Vildu þeir þá taka hann upp í skipið, og jafnskjótt kom skipið að landi, þar sem þeir reru að. 22 Daginn eftir sá fólkið, sem stóð hinumegin vatnsins, að þar hafði eigi verið nema einn bátur og að Jesús hafði ekki stigið á skip með lærisveinum sínum, heldur höfðu lærisveinarnir farið einir saman, — 23 aftur á móti voru þar komnir bátar frá Tíberías, nálægt þeim stað, sem þeir átu brauðið, er Drottinn hafði gjört þakkir; — 24 þegar því fólkið sá, að Jesús var ekki þar, né heldur lærisveinar hans, stigu þeir í bátana og komu til Kapernaum, til þess að leita að Jesú. 25 Og er þeir fundu hann hinumegin vatnsins, sögðu þeir við hann: Rabbí, hve nær komstu hingað? 26 Jesús svaraði þeim og sagði: Sannlega, sannlega segi eg yður: Þér leitið mín ekki af því að þér sáuð jarteinir, heldur af því, að þér neyttuð brauðanna og urðuð mettir. 27 Aflið yður ekki þeirrar fæðu, sem eyðist, heldur þeirrar fæðu, sem varir til eilífs lífs, sem mannsins sonur mun gefa yður; því að hann hefir faðirinn, Guð, innsiglað. 28 Þeir sögðu því við hann: Hvað eigum vér að gjöra, til þess að vér vinnum verk Guðs? 29 Jesús svaraði og sagði við þá: Þetta er verk Guðs, að þér trúið á þann, sem hann sendi. 30 Þeir sögðu því við hann: Hver tákn gjörir þú þá, til þess að vér sjáum og trúum þér? Hvaða verk vinnur þú? 31 Feður vorir átu manna á eyðimörkinni, eins og ritað er: Brauð af himni gaf hann þeim að eta. 32 Þá sagði Jesús við þá: Sannlega, sannlega segi eg yður: Ekki gaf Móse

yður brauð af himni, heldur gefur faðir minn yður hið sanna brauð af himni. 33 Því að brauð Guðs er það, sem stígur niður af himni og gefur heiminum líf. 34 Þá sögðu þeir við hann: Herra, gef oss ávalt þetta brauð. 35 Jesús sagði við þá: Eg er brauð lífsins. Þann mun ekki hungra, sem til mín kemur, og þann aldrei þyrsta, sem á mig trúir. 36 En eg hefi sagt yður, að þér hafið séð mig og trúið þó ekki. 37 Alt, sem faðirinn gefur mér, mun koma til mín, og þann, sem til mín kemur, mun eg alls ekki burt reka. 38 Því að eg hefi stígið niður af himni, ekki til þess að gjöra vilja minn, heldur vilja þess er sendi mig. 39 En þetta er vilji hans er sendi mig, að af öllu því, sem hann hefir gefið mér, skuli eg ekki láta neitt glatast, heldur upp vekja það á efsta degi. 40 Því að þetta er vilji föður míns, að hver sem sér soninn og trúir á hann, hafi eilíft líf; og eg mun upp vekja hann á efsta degi. 41 Þá mögluðu Gyðingarnir um hann, af því að hann sagði: Eg er það brauð, sem kom niður af himni. 42 Og þeir sögðu: Er hann ekki Jesús, sonur Jósefs? Og þekkjum vér ekki föður hans og móður? Hvernig segir hann þá nú: Eg hefi stigið niður af himni? 43 Jesús svaraði og sagði við þá: Möglið ekki yðar á meðal; 44 enginn getur komið til mín, nema faðirinn, -sem sendi mig, dragi hann, og eg mun upp vekja hann á efsta degi. 45 Ritað er í spámönnunum: Þeir munu allir verða af Guði fræddir; hver sem heyrir föðurinn og lærir, sá kemur til mín. 46 Ekki að nokkur hafi séð föðurinn, nema sá sem er frá Guði, hann hefir séð föðurinn. 47 Sannlega, sannlega segi eg yður: Sá sem trúir, hefir eilíft líf. 48 Eg er brauð lífsins. 49 Feður yðar átu manna í eyðimörkinni og dóu. 50 Þetta er brauðið, sem kemur niður af himni, til þess að maður neyti af því og deyi ekki. 51 Eg er hið lifandi brauð, sem kom niður af himni; ef nokkur etur af þessu brauði, mun hann lifa til eilífðar; og það brauð, sem eg mun gefa, er hold mitt, heiminum til lífs. 52 Þá þráttuðu Gyðingarnir sín á milli og sögðu: Hvernig getur hann gefið oss hold sitt að eta? 53 Því sagði Jesús við þá: Sannlega, sannlega segi eg yður: Ef þér ekki etið hold mannsins sonar og drekkið blóð hans, hafið þér ekki líf í yður. 54 Sá sem etur hold mitt og drekkur blóð mitt, hefir eilíft líf, og eg mun upp vekja hann á efsta degi; 55 því að hold mitt er sönn fæða og blóð mitt er sannur drykkur. 56 Sá sem etur hold mitt og drekkur blóð mitt, sá er í mér og eg í honum; 57 eins og hinn lifandi faðir sendi mig, og eg lifi fyrir föðurinn, eins mun sá lifa fyrir mig, sem mig etur. 58 Þetta er það brauð, sem komið er niður af himni; ekki eins og feðurnir átu og dóu; sá sem etur þetta

brauð, mun lifa að eilífu. 59 Þetta sagði hann í samkundunni, er hann var að kenna í Kapernaum. 60 Margir af lærisveinum hans, sem hlýddu á, sögðu þá: Hörð er þessi ræða, hver getur hlýtt á hana? 61 En er Jesús vissi með sjálfum sér, að lærisveinar hans mögluðu um þetta, sagði hann við þá: Hneykslar þetta yður? 62 Hvað þá, ef þér sæjuð mannsins son stíga upp þangað, sem hann áður var? 63 Það er andinn, sem lífgar, holdið gagnar ekkert; orðin, sem eg hefi talað við yður, eru andi og eru líf. 64 En þeir eru nokkrir meðal yðar, sem ekki trúa, — því að Jesús vissi frá upphafi hverjir þeir voru, sem ekki trúðu, og hver sá var, sem mundi svíkja hann. 65 Og hann sagði: Fyrir því hefi eg sagt við yður: Enginn getur komið til mín, nema honum sé það gefið af föðurnum. 66 Upp frá þessu fóru margir af lærisveinum hans burt frá honum aftur, og voru ekki framar með honum. 67 Jesús sagði því við þá tólf: Viljið þér einnig fara burt? 68 Símon Pétur svaraði honum: Herra, til hvers ættum vér að fara? Þú hefir orð eilífs lífs, 69 og vér höfum trúað og vitum, að þú ert hinn heilagi Guðs. 70 Jesús svaraði þeim: Hefi eg ekki útvalið yður tólf? Og einn yðar er djöfull! 71 En hann átti við Júdas, son Símonar Ískaríot, því að hann varð síðan til að svíkja hann, einn af þeim tólf.

7. kafli

1 Og eftir þetta ferðaðist Jesús um í Galíleu, því að ekki vildi hann ferðast um í Júdeu, af því að Gyðingarnir sátu um líf hans. 2 En hátíð Gyðinga, laufskálahátíðin, var í nánd. 3 Þá sögðu bræður hans við hann: Tak þig upp héðan og far til Júdeu, til þess að einnig lærisveinar þínir þar sjái þau verk, sem þú gjörir. 4 Því að enginn sá gjörir nokkuð leynilega, sem alkunnur vill verða; ef þú gjörir þetta, þá sýn þig sjálfan heiminum; 5 því að bræður hans trúðu ekki heldur á hann. 6 Þá segir Jesús við þá: Minn tími er enn ekki kominn, en yðar tími er jafnan fyrir hendi. 7 Ekki getur heimurinn hatað yður, en mig hatar hann, af því að eg vitna um hann, að verk hans eru vond. 8 Farið þér til hátíðarinnar; eg fer ekki að sinni til þessarar hátíðar, því að minn tími er enn ekki fullnaður. 9 Þetta sagði hann við þá, og var kyrr í Galíleu. 10 En er bræður hans voru farnir til hátíðarinnar, þá fór hann og sjálfur þangað, ekki opinberlega, heldur eins og á laun. 11 Gyðingarnir leituðu hans því á hátíðinni og sögðu: Hvar er hann? 12 Og mikill kurr var um hann meðal

fólksins; nokkrir sögðu: Hann er góður maður; en aðrir sögðu: Nei, heldur leiðir hann fólkið í villu. **13** Þó talaði enginn opinskátt um hann af ótta fyrir Gyðingunum. **14** En er hátíðin var hálfnuð, gekk Jesús upp í helgidóminn og kendi. **15** Gyðingana furðaði nú á því, og þeir sögðu: Hvaðan hefir þessi maður lærdóm sinn og hefir þó enga tilsögn hlotið? **16** Jesús svaraði þeim því og sagði: Mín kenning er ekki mín, heldur þess sem sendi mig. **17** Ef sá er nokkur, sem vill gjöra vilja hans, hann mun, hvað kenninguna snertir, komast að raun um, hvort hún er frá Guði, eða eg tala af sjálfum mér. **18** Sá sem talar af sjálfum sér, leitar eigin vegsemdar, en sá, er leitar vegsemdar þess er sendi hann, er sannorður, og ranglæti er ekki í honum. **19** Gaf Móse yður ekki lögmálið, og enginn yðar heldur lögmálið? Hví sitjið þér um líf mitt? **20** Fólkið svaraði: Þú hefir illan anda; hver situr um líf þitt? **21** Jesús svaraði og sagði við þá: Eitt verk gjörði eg, og yður furðar alla á því. **22** Móse gaf yður umskurnina, — ekki að hún sé frá Móse, heldur frá feðrunum, — og þér umskerið mann á hvíldardegi. **23** Ef maður meðtekur umskurn á hvíldardegi, til þess að Móse-lögmál verði ekki brotið, reiðist þér mér þá fyrir það, að eg gjörði allan manninn heilan á hvíldardegi? **24** Dæmið ekki eftir ásýndum, heldur dæmið réttlátan dóm. **25** Þá sögðu nokkrir af Jerúsalembúum: Er það ekki þessi maður, sem þeir sitja um að lífláta? **26** Og sjá, hann talar opinberlega, og þeir segja ekkert við hann. Skyldu höfðingjarnir hafa komist að því með sanni, að hann sé Kristur? **27** En um þennan mann vitum vér, hvaðan hann er; en þegar Kristur kemur, veit enginn, hvaðan hann er. **28** Jesús kallaði þá, þar sem hann var að kenna í helgidóminum, og sagði: Bæði þekkið þér mig og vitið, hvaðan eg er. Og af sjálfum mér er eg ekki kominn, en sá er sannur, sem sendi mig, en hann þekkið þér ekki. **29** Eg þekki hann, því að eg er frá honum, og hann hefir sent mig. **30** Þeir leituðust þá við að handtaka hann. Þó lagði enginn hendur á hann, því að stund hans var enn ekki komin. **31** En margir af fólkinu trúðu á hann og sögðu: Þegar Kristur kemur, mun hann þá gjöra fleiri jarteinir en þessi maður hefir gjört? **32** Farísearnir heyrðu, að fólkið var þannig að þrátta um hann; og æðstu prestarnir og Farísearnir sendu þjóna, til þess að handtaka hann. **33** Jesús sagði því: Enn þá er eg hjá yður lítinn tíma, og fer svo til hans, er sendi mig. **34** Þér munuð leita mín og þér munuð ekki finna mig, og þar sem eg er, þangað getið þér ekki komist. **35** Gyðingarnir sögðu þá sín á milli:

Hvert skyldi hann ætla að fara, svo að vér finnum hann ekki? Skyldi hann ætla að fara til þeirra, sem dreifðir eru meðal Grikkja, og kenna Grikkjum? **36** Hvað er þetta orð, sem hann sagði: Þér munuð leita mín og þér munuð ekki finna mig? Og: Þar sem eg er, þangað getið þér ekki komist? **37** En síðasta daginn, hátíðisdaginn mikla, gekk Jesús fram og kallaði, segjandi: Ef nokkurn þyrstir, þá komi hann til mín og drekki! **38** Sá sem trúir á mig, úr hans kviði munu, eins og ritningin hefir sagt, renna lækir lifandi vatns. **39** En þetta sagði hann um andann, er þeir mundu meðtaka, er á hann tryðu, því að enn þá var andinn ekki gefinn, af því að Jesús var ekki enn þá dýrðlegur orðinn. **40** Því sögðu nokkrir af fólkinu, sem heyrðu þessi orð: Þetta er sannarlega spámaðurinn. **41** Aðrir sögðu: Þessi maður er Kristur. En sumir sögðu: Mundi Kristur þá koma frá Galíleu? **42** Hefir ekki ritningin sagt, að Kristur muni koma af Davíðs sæði og frá Betlehem, þorpinu þar sem Davíð var? **43** Nú varð ágreiningur um hann meðal fólksins. **44** En nokkrir af þeim vildu handtaka hann, þó lagði enginn hendur á hann. **45** Þjónarnir komu þá til æðstu prestanna og Faríseanna, og þeir sögðu við þá: Hví komuð þér ekki með hann? **46** Þjónarnir svöruðu: Aldrei hefir nokkur maður talað þannig. **47** Farísearnir svöruðu þeim þá: Hvort hafið þér einnig látið leiðast afvega? **48** Hefir nokkur af höfðingjunum trúað á hann eða af Faríseunum? **49** En þessi múgur, sem ekki þekkir lögmálið, — þeir eru bölvaðir! **50** Nikódemus, — sá sem kom til hans fyrrum, þótt hann væri einn af þeim, — segir við þá: **51** Dæmir lögmál vort nokkurn mann, nema menn hafi yfirheyrt hann áður og viti, hvað hann hefst að? **52** Þeir svöruðu og sögðu við hann: Ert þú líka frá Galíleu? Rannsakaðu og sjáðu, að enginn spámaður kemur fram úr Galíleu. **53** Og þeir fóru hver heim til sín.

8. kafli

1 En Jesús fór til Olíufjallsins. **2** En snemma morguns kom hann aftur í helgidóminn, og alt fólkið kom til hans, og hann settist niður og kendi þeim. **3** En fræðimennirnir og Farísearnir koma með konu, sem staðin hafði verið að hórdómi, og leiða hana fram **4** og segja við hann: Meistari, kona þessi er beinlínis staðin að því að drýgja hór. **5** Móse hefir nú boðið oss í lögmálinu, að slíkar konur skuli grýta; hvað segir þú nú um hana? **6** En þetta sögðu þeir

til að freista hans, til þess að þeir hefðu eitthvað að ákæra hann fyrir. En Jesús laut þá niður og ritaði með fingrinum á jörðina. **7** En þar eð þeir héldu áfram að spyrja hann, rétti hann sig upp og sagði við þá: Sá yðar, sem syndlaus er, kasti fyrstur steini á hana. **8** Og hann laut aftur niður og ritaði á jörðina með fingrinum. **9** En er þeir heyrðu þetta, gengu þeir burt hver eftir annan, öldungarnir fyrstir, og Jesús var einn eftir og konan frammi fyrir honum. **10** Og Jesús rétti sig upp og sagði við hana: Kona, hvar eru þeir? Sakfeldi enginn þig? **11** En hún svaraði: Enginn, herra. En Jesús sagði: Eg sakfelli þig ekki heldur. Far þú; syndga ekki upp frá þessu. **12** Og enn talaði Jesús til þeirra og sagði: Eg er ljós heimsins, hver sem fylgir mér, mun ekki ganga í myrkrinu, heldur hafa ljós lífsins. **13** Farísearnir sögðu því við hann: Þú vitnar um sjálfan þig, vitnisburður þinn er ekki sannur. **14** Jesús svaraði og sagði við þá: Þótt eg vitni um sjálfan mig, er vitnisburður minn sannur; því að eg veit, hvaðan eg er kominn og hvert eg fer. En þér vitið ekki, hvaðan eg kem eða hvert eg fer. **15** Þér dæmið eftir holdinu; eg dæmi engan; **16** og jafnvel þótt eg dæmdi, er dómur minn sannur, því að eg er ekki einn, heldur eg og faðirinn, sem sendi mig. **17** Það er og ritað í lögmáli yðar, að vitnisburður tveggja manna sé sannur. **18** Eg er sá sem vitna um sjálfan mig, og faðirinn, sem sendi mig, vitnar um mig. **19** Þeir sögðu þá við hann: Hvar er faðir þinn? Jesús svaraði: Hvorki þekkið þér mig né föður minn; ef þér þektuð mig, þá þektuð þér og föður minn. **20** Þessi orð talaði hann hjá fjárhirslunni, er hann var að kenna í helgidóminum, og enginn lagði hendur á hann, því að stund hans var enn ekki komin. **21** Hann sagði nú aftur við þá: Eg fer burt, og þér munuð leita mín og deyja í synd yðar. Þangað sem eg fer, getið þér ekki komist. **22** Gyðingarnir sögðu þá: Mun hann ætla að fyrirfara sér, þar eð hann segir: Þangað sem eg fer, getið þér ekki komist? **23** Og hann sagði við þá: Þér eruð neðan að, eg er ofan að; þér eruð af þessum heimi, eg er ekki af þessum heimi. **24** Þess vegna sagði eg yður, að þér munduð deyja í syndum yðar, því að ef þér trúið ekki, að eg sé sá sem eg er, munuð þér deyja í syndum yðar. **25** Þeir sögðu þá við hann: Hver ert þú? Jesús sagði við þá: Einmitt það sem eg hefi frá upphafi talað til yðar. **26** Eg hefi margt um yður að tala og dæma; en hann sem sendi mig, er sannorður, og eg tala það til heimsins, sem eg hefi heyrt af honum. **27** Þeir skildu ekki, að hann talaði um föðurinn við þá. **28** Því sagði Jesús: Þegar þér hefjið upp mannsins son, þá

munuð þér komast að raun um, að eg er það, og að eg gjöri ekkert af sjálfum mér, heldur tala eg þetta eins og faðirinn hefir kent mér. 29 Og sá sem sendi mig, er með mér; ekki hefir hann látið mig einan, því að eg gjöri ætíð það sem honum er þóknanlegt. 30 Þegar hann talaði þetta, tóku margir trú á hann. 31 Jesús sagði því við þá Gyðinga, sem tekið höfðu trú á hann: Ef þér haldið stöðugt við orð mitt, þá eruð þér sannarlega lærisveinar mínir. 32 Og þér munuð þekkja sannleikann, og sannleikurinn mun gjöra yður frjálsa. 33 Þeir svöruðu honum: Vér erum sæði Abrahams, og höfum aldrei verið þrælar nokkurs manns; hvernig segir þú þá: Þér skuluð verða frjálsir? 34 Jesús svaraði þeim: Sannlega, sannlega segi eg yður, að sérhver, sem drýgir syndina, er þræll syndarinnar. 35 En þrællinn dvelur ekki um aldur og æfi í húsinu; sonurinn dvelur þar um aldur. 36 Ef því sonurinn gjörir yður frjálsa, munuð þér vera sannarlega frjálsir. 37 Eg veit, að þér eruð Abrahams sæði, en þér leitist þó við að lífláta mig, af því að orð mitt fær ekki rúm hjá yður. 38 Eg tala það sem eg hefi séð hjá föður mínum; gjörið þér þá og það, sem þér hafið heyrt af föðurnum. 39 Þeir svöruðu og sögðu við hann: Faðir vor er Abraham. Jesús segir við þá: Ef þér væruð Abrahams börn, þá munduð þér vinna Abrahams verk. 40 En nú leitist þér við að deyða mig, mann, sem hefi talað til yðar sannleikann, sem eg heyrði hjá Guði; þetta gjörði Abraham ekki; 41 þér gjörið verk föður yðar. Þeir sögðu við hann: Vér erum ekki hórgetnir, vér höfum einn föður, Guð. Jesús sagði við þá: 42 Ef Guð væri faðir yðar, þá elskuðuð þér mig, því að frá Guði er eg út genginn og kominn; því að ekki er eg heldur kominn af sjálfum mér, en hann hefir sent mig. 43 Hví skiljið þér ekki mál mitt? Af því að þér getið ekki hlýtt á orð mitt. 44 Þér eigið að föður djöfulinn, og það sem faðir yðar girnist, viljið þér gjöra. Hann var manndrápari frá upphafi, og ekki var hann stöðugur í sannleikanum, því að sannleiki er ekki í honum; þegar hann talar lygi, talar hann af sínu eigin, því að lygari er hann og faðir lygarans. 45 En af því að eg tala sannleikann, trúið þér mér ekki. 46 Hver yðar sannar á mig synd? Ef eg tala sannleikann, hví trúið þér mér ekki? 47 Sá sem er af Guði, heyrir Guðs orð; þér heyrið ekki, vegna þess að þér eruð ekki af Guði. 48 Gyðingarnir svöruðu og sögðu við hann: Segjum vér ekki rétt, að þú sért Samverji og hafir illan anda? 49 Jesús svaraði: Ekki hefi eg illan anda, heldur heiðra eg föður minn, en þér smánið mig. 50 En eg leita ekki míns heiðurs; sá er til, sem leitar hans og

dæmir. 51 Sannlega, sannlega segi eg yður: ef nokkur varðveitir mitt orð, hann skal aldrei að eilífu sjá dauðann. 52 Gyðingarnir sögðu við hann: Nú vitum vér, að þú hefir illan anda. Abraham er dáinn og spámennirnir, og þú segir: Ef nokkur varðveitir mitt orð, sá mun aldrei að eilífu smakka dauðann. 53 Ert þú meiri en faðir vor Abraham, sem er dáinn? Spámennirnir eru líka dánir. Hvílíkan gjörir þú sjálfan þig? 54 Jesús svaraði: Ef eg vegsama sjálfan mig, er vegsemd mín ekkert. Það er faðir minn, sem vegsamar mig, hann sem þér segið, að sé Guð yðar. 55 Og ekki þekkið þér hann, en eg þekki hann, og ef eg segði: Eg þekki hann ekki, þá mundi eg vera lygari, eins og þér; en eg þekki hann og varðveiti orð hans. 56 Abraham faðir yðar hlakkaði til að sjá minn dag, og hann sá hann og gladdist. 57 Þá sögðu Gyðingarnir við hann: Þú ert enn ekki fimtugur, og þú hefir séð Abraham? 58 Jesús sagði við þá: Sannlega, sannlega segi eg yður: Áður en Abraham var, er eg. 59 Þeir tóku þá steina upp, til að kasta á hann, en Jesús duldist og fór út úr helgidóminum.

9. kafli

1 Og er hann gekk fram hjá, sá hann mann, sem var blindur frá fæðingu. 2 Og lærisveinar hans spurðu hann og sögðu: Rabbí, hvor hefir syndgað, þessi maður eða foreldrar hans, að hann skyldi fæðast blindur? 3 Jesús svaraði: Hvorki syndgaði hann né foreldrar hans, heldur er það til þess, að Guðs verk verði opinber á honum. 4 Oss ber að vinna verk þess er sendi mig, meðan dagur er; það kemur nótt, þegar enginn getur unnið. 5 Meðan eg er í heiminum, er eg heimsins ljós. 6 Þá er hann hafði þetta sagt, hrækti hann á jörðina, gjörði leðju úr hrákanum og reið leðjunni á augu hans. 7 Og hann sagði við hann: Far þú og þvo þér í Sílóam-laug, — sem er útlagt: sendur —; fór hann þá burt og þvoði sér og kom aftur sjáandi. 8 Þá sögðu nágrannarnir og þeir, sem höfðu séð hann áður, því hann var ölmusumaður: Er það ekki sá, sem setið hefir og beiðst ölmusu? 9 Nokkurir sögðu: Það er hann. Aðrir sögðu: Nei, en hann er líkur honum. Sjálfur sagði hann: Eg er sá hinn sami. 10 Þeir sögðu þá við hann: Hvernig opnuðust þá augu þín? 11 Hann svaraði: Maðurinn, sem heitir Jesús, gjörði leðju og reið á augu mín og sagði við mig: Far þú til Sílóam og þvo þér. En er eg nú fór og þvoði mér, fékk eg sjónina. 12 Og þeir sögðu við hann: Hvar er hann? Hann segir: Eg veit það ekki. 13

Þeir færa nú manninn, sem áður var blindur, til Faríseanna; **14** en hvíldardagur var þann dag, er Jesús bjó til leðjuna og lauk upp augum hans. **15** Nú spurðu líka Farísearnir hann aftur, hvernig hann hefði fengið sjónina; en hann sagði við þá: Hann lagði leðju á augu mín, og eg þvoði mér, og nú er eg sjáandi. **16** Þá sögðu nokkrir af Faríseunum: Ekki er maður þessi frá Guði, fyrst hann heldur ekki hvíldardaginn. En aðrir sögðu: Hvernig getur syndugur maður gjört slíkar jarteinir? Og ágreiningur var með þeim. **17** Þeir segja þá aftur við hinn blinda: Hvað segir þú um hann, þar sem hann lauk upp augum þínum? En hann sagði: Hann er spámaður. **18** En Gyðingarnir trúðu því þá ekki um hann, að hann hefði verið blindur og væri orðinn sjáandi, fyr en þeir kölluðu á foreldra mannsins, sem var orðinn sjáandi, **19** og spurðu þau og sögðu: Er þetta sonur ykkar, sem þið segið, að hafi verið fæddur blindur? Hvernig er hann þá nú orðinn sjáandi? **20** Foreldrar hans svöruðu og sögðu: Við vitum, að hann er sonur okkar, og að hann fæddist blindur. **21** En hvernig hann nú er orðinn sjáandi, vitum við ekki, eða hver hefir lokið upp augum hans, það vitum við ekki. Spyrjið hann sjálfan; hann hefir aldurinn; hann getur sjálfur talað fyrir sig. **22** Þetta sögðu foreldrar hans, vegna þess að þau óttuðust Gyðingana, af því að nú höfðu Gyðingarnir komið sér saman um, að ef nokkur maður játaði, að hann væri Kristur, skyldi hann samkundurækur. **23** Þess vegna sögðu foreldrar hans: Hann hefir aldurinn, spyrjið hann sjálfan. **24** Þeir kölluðu þá í annað sinn á manninn, sem hafði verið blindur, og sögðu við hann: Gef þú Guði dýrðina; vér vitum, að maður þessi er syndari. **25** Þá svaraði hann: Hvort hann er syndari, veit eg ekki; eitt veit eg, að eg, sem var blindur, er nú sjáandi. **26** Þeir sögðu þá við hann: Hvað gjörði hann við þig? Hvernig lauk hann upp augum þínum? **27** Hann svaraði þeim: Eg hefi þegar sagt yður það, og þér hlustuðuð ekki á það; hvers vegna viljið þér heyra það aftur? Hvort viljið þér líka verða lærisveinar hans? **28** Og þeir atyrtu hann og sögðu: Þú ert lærisveinn hans, en vér erum lærisveinar Móse. **29** Vér vitum, að Guð hefir talað við Móse, en um þennan mann vitum vér ekki, hvaðan hann er. **30** Maðurinn svaraði og sagði við þá: Þá er þetta þó undarlegt, að þér vitið ekki, hvaðan hann er, og hann lauk upp augum mínum. **31** Vér vitum, að Guð heyrir ekki syndara, en ef einhver er guðrækinn og gjörir vilja hans, þann mann heyrir hann. **32** Aldrei hefir það heyrst, að nokkur hafi opnað augu þess, er var fæddur blindur. **33**

Væri þessi maður ekki frá Guði, þá gæti hann ekkert gjört. 34 Þeir svöruðu og sögðu við hann: Allur ert þú í syndum fæddur, og þú ert að kenna oss! Og þeir ráku hann út. 35 Jesús frétti, að þeir hefðu rekið hann út, og er hann fann hann, sagði hann: Trúir þú á Guðs son? 36 Hann svaraði og sagði: Hver er sá, herra, að eg geti trúað á hann? 37 Jesús sagði við hann: Bæði hefir þú séð hann og hann er sá sem við þig talar. 38 En hann sagði: Eg trúi, herra! og hann féll fram fyrir honum. 39 Og Jesús sagði: Til dóms er eg kominn í þennan heim, til þess að þeir sem ekki sjá, verði sjáandi, og þeir sem sjáandi eru, verði blindir. 40 Þetta heyrðu þeir af Farísеunum, sem hjá honum voru, og sögðu við hann: Hvort erum vér þá líka blindir? 41 Jesús sagði við þá: Ef þér væruð blindir, hefðuð þér ekki synd, en nú segið þér: Vér erum sjáandi. Synd yðar helst við.

10. kafli

1 Sannlega, sannlega segi eg yður: Sá sem ekki gengur um dyrnar inn í sauðabyrgið, heldur stígur yfir annarstaðar, sá er þjófur og ræningi. 2 En sá sem gengur inn um dyrnar, hann er hirðir sauðanna. 3 Fyrir honum lýkur dyravörðurinn upp og sauðirnir heyra raust hans, og hann kallar sauði sína með nafni og fer út með þá. 4 Þegar hann hefir látið út alla sauði sína, gengur hann á undan þeim og sauðirnir fylgja honum, af því að þeir þekkja raust hans; 5 en ókunnugum fylgja þeir alls ekki, heldur munu þeir flýja frá honum, af því þeir þekkja ekki raust ókunnugra. 6 Þessa líkingu sagði Jesús þeim, en þeir skildu ekki, hvað það var, sem hann talaði til þeirra. 7 Jesús sagði því aftur við þá: Sannlega, sannlega segi eg yður: Eg er dyr sauðanna. 8 Allir, sem komu á undan mér, eru þjófar og ræningjar, en sauðirnir hlýddu þeim ekki. 9 Eg er dyrnar; ef einhver gengur inn um mig, sá mun hólpinn verða, og hann mun ganga inn og ganga út og fá fóður. 10 Þjófurinn kemur ekki nema til þess að stela og slátra og eyða. Eg er kominn til þess að þeir hafi líf og hafi nægtir. 11 Eg er góði hirðirinn; góði hirðirinn gefur líf sitt út fyrir sauðina; 12 leiguliðinn og sá, sem ekki er hirðir og ekki á sauðina, sér úlfinn koma, og yfirgefur sauðina og flýr, — og úlfurinn hremmir þá og tvístrar þeim — 13 af því að hann er leiguliði og honum er ekki ant um sauðina. 14 Eg er góði hirðirinn, og eg þekki mína, og mínir þekkja mig, 15

eins og faðirinn þekkir mig og eg þekki föðurinn; og eg gef út líf mitt fyrir sauðina. **16** Og eg hefi aðra sauði, sem ekki eru af þessu sauðabyrgi; þá byrjar mér og að leiða, og þeir munu heyra mína raust; og það mun verða ein hjörð, einn hirðir. **17** Fyrir því elskar faðirinn mig, að eg læt líf mitt, til þess að eg taki það aftur. **18** Enginn tekur það frá mér, heldur læt eg það sjálfviljuglega. Eg hefi vald til að láta það, og eg hefi vald til að taka það aftur. Þetta boðorð hefi eg meðtekið af föður mínum. **19** Enn varð ágreiningur meðal Gyðinganna vegna þessara orða. **20** Og margir þeirra sögðu: Hann hefir illan anda og er óður, hví hlýðið þér á hann? **21** Aðrir sögðu: Þetta eru ekki orð manns, sem haldinn er af illum anda; mun illur andi geta opnað augu blindra? **22** Nú kom vígsluhátíðin í Jerúsalem, og þá var vetur. **23** Og Jesús var á gangi í helgidóminum í súlnagöngum Salómons. **24** Þá flyktust Gyðingarnir að honum og sögðu við hann: Hversu lengi ætlar þú að halda sálum vorum í óvissu? Ef þú ert Kristur, þá seg oss það berlega. **25** Jesús svaraði þeim: Eg hefi sagt yður það, en þér trúið ekki. Verkin, sem eg gjöri í nafni föður míns, þau vitna um mig. **26** En þér trúið ekki, því að þér eruð ekki af mínum sauðum. **27** Mínir sauðir heyra raust mína, og eg þekki þá, og þeir fylgja mér, **28** og eg gef þeim eilíft líf, og þeir skulu aldrei að eilífu glatast, og enginn skal slíta þá úr hendi minni. **29** Faðir minn, sem hefir gefið mér þá, er öllum meiri, og enginn getur slitið þá úr hendi föðurins. **30** Eg og faðirinn erum eitt. **31** Enn tóku Gyðingarnir upp steina, til að grýta hann. **32** Jesús svaraði þeim: Mörg góðverk sýndi eg yður frá föðurnum; fyrir hvert af þessum verkum grýtið þér mig? **33** Gyðingarnir svöruðu honum: Fyrir gott verk grýtum vér þig ekki, heldur fyrir guðlast og fyrir það, að þú, sem ert maður, gjörir sjálfan þig að Guði. **34** Jesús svaraði þeim: Er ekki ritað í lögmáli yðar: Eg hefi sagt: Þér eruð guðir. **35** Ef hann kallar þá guði, sem Guðs orð kom til, og ritningin getur ekki raskast, **36** segið þér þá við þann, sem faðirinn helgaði og sendi í heiminn: Þú guðlastar! af því að eg sagði: Eg er sonur Guðs? **37** Ef eg gjöri ekki verk föður míns, þá trúið mér ekki. **38** En ef eg gjöri þau, þá trúið verkunum, þótt þér ekki trúið mér, til þess að þér vitið og komist að raun um, að faðirinn er í mér og eg í föðurnum. **39** Þá leituðust þeir aftur við að taka hann, en hann komst burt úr höndum þeirra. **40** Og hann fór aftur yfir um Jórdan til þess staðar, þar sem Jóhannes skírði fyrst, og dvaldist þar. **41** Og margir komu til hans, og þeir sögðu: Jóhannes gjörði að sönnu enga jartein,

en alt það, sem Jóhannes sagði um hann, var satt. 42 Og þar trúðu margir á hann.

11. kafli

1 En maður nokkur var sjúkur, Lazarus frá Betaníu, úr þorpi Maríu og Mörtu systur hennar. 2 En María var sú, sem smurði Drottin smyrslum og þerraði fætur hans með hári sínu, og það var bróðir hennar Lazarus, sem var sjúkur. 3 Sendu þær systur því til hans og létu segja honum: Herra, sjá, sá sem þú elskar, er sjúkur. 4 En er Jesús heyrði það, sagði hann: Þessi sótt er ekki til dauða, heldur vegna dýrðar Guðs, til þess að sonur Guðs vegsamist fyrir hana. 5 En Jesús elskaði þau Mörtu og systur hennar og Lazarus. 6 Þegar hann nú heyrði, að hann væri sjúkur, dvaldist hann þó tvo daga á þeim stað, þar sem hann var. 7 Síðan segir hann eftir þetta við lærisveinana: Förum aftur til Júdeu. 8 Lærisveinarnir segja við hann: Rabbí, nýlega ætluðu Gyðingarnir að grýta þig, og nú fer þú þangað aftur! 9 Jesús svaraði: Eru ekki tólf stundir í deginum? Ef einhver er á gangi að degi til, hrasar hann ekki, því að hann sér ljós þessa heims; 10 en ef hann er á gangi á næturþeli, hrasar hann, af því að ljósið er ekki í honum. 11 Þetta talaði hann, og eftir það segir hann við þá: Lazarus vinur vor er sofnaður, en eg fer nú að vekja hann. 12 Lærisveinarnir sögðu þá við hann: Herra, ef hann er sofnaður, þá mun honum batna. 13 En Jesús hafði talað um dauða hans, en þeir héldu að hann ætti við hvíld svefnsins; 14 því sagði Jesús þeim þá með berum orðum: Lazarus er dáinn; 15 og það gleður mig yðar vegna, að eg var þar ekki, til þess að þér skulið trúa. En förum nú til hans. 16 Þá sagði Tómas, sem kallaður er Dídymos, við samlærisveina sína: Vér skulum og fara, til þess að vér deyjum með honum. 17 En er Jesús nú kom, varð hann þess vís, að hann hafði þegar legið fjóra daga í gröfinni. 18 En Betanía var nálægt Jerúsalem, hér um bil fimtán skeiðrúm þaðan. 19 En margir af Gyðingum voru komnir til Mörtu og Maríu, til þess að hugga þær eftir bróðurinn. 20 Þegar Marta nú heyrði, að Jesús kæmi, gekk hún á móti honum, en María sat heima. 21 Marta sagði þá við Jesúm: Herra, ef þú hefðir verið hér, væri bróðir minn ekki dáinn. 22 Einnig nú veit eg, að hvað sem þú biður Guð um, það mun Guð veita þér. 23 Jesús segir við hana: Bróðir þinn mun upp rísa. 24 Marta segir við hann: Eg veit, að

hann mun upp rísa í upprisunni á efsta degi. 25 Jesús sagði við hana: Eg er upprisan og lífið; sá sem trúir á mig, mun lifa, þótt hann deyi. 26 Og hver sá sem lifir og trúir á mig, hann skal aldrei að eilífu deyja. Trúir þú þessu? 27 Hún segir við hann: Já, herra, eg hefi trúað, að þú ert Kristur, sonur Guðs, sem kemur í heiminn. 28 Og er hún hafði þetta mælt, fór hún burt og kallaði á systur sína Maríu, og sagði einslega: Meistarinn er hér og vill finna þig. 29 En hún stóð skjótt upp, er hún heyrði þetta, og fór til hans. 30 En Jesús var enn ekki kominn til þorpsins, heldur var hann enn á þeim stað, þar sem Marta hafði mætt honum. 31 Þegar nú Gyðingarnir, sem voru hjá Maríu í húsinu og voru að hugga hana, sáu að hún stóð upp og gekk út í skyndi, fóru þeir eftir henni og hugðu, að hún færi til grafarinnar, til að gráta þar. 32 En er María nú kom þangað sem Jesús var, og sá hann, féll hún honum til fóta og sagði við hann: Herra, ef þú hefðir verið hér, væri bróðir minn ekki dáinn. 33 Þegar nú Jesús sá hana gráta og Gyðingana gráta, sem með henni höfðu komið, hrygðist hann í andanum og komst sjálfur við og sagði: 34 Hvar hafið þér lagt hann? Þeir segja við hann: Herra, kom þú og sjá. 35 Jesús táraðist. 36 Þá sögðu Gyðingarnir: Sjá, hve hann hefir elskað hann. 37 En nokkrir þeirra sögðu: Gat ekki þessi maður, sem opnaði augu hins blinda, einnig séð svo um, að þessi maður skyldi ekki deyja? 38 Jesús hrygðist þá aftur með sjálfum sér og kemur til grafarinnar; en hún var hellir og lá steinn fyrir honum. 39 Jesús sagði: Takið steininn burt. Marta, systir hins framliðna, segir við hann: Herra, það er nú þegar komin nálykt af honum, því að hann hefir legið þar fjóra daga. 40 Jesús segir við hana: Sagði eg þér ekki, að ef þú tryðir, mundir þú sjá dýrð Guðs? 41 Þeir tóku þá steininn burt, en Jesús hóf upp augu sín og mælti: Faðir, eg þakka þér, að þú hefir heyrt mig. 42 Eg vissi að sönnu, að þú ávalt heyrir mig, en vegna mannfjöldans, sem stendur hér umhverfis, sagði eg það, til þess að þeir skuli trúa, að þú hafir sent mig. 43 Og er hann hafði þetta mælt, kallaði hann hárri röddu: Lazarus, kom þú út! 44 Og hinn dáni kom út, bundinn líkblæjum á fótum og höndum, og fyrir andlit hans var bundinn sveitadúkur. Jesús segir við þá: Leysið hann og látið hann fara. 45 Margir af Gyðingunum, sem komnir voru til Maríu og höfðu séð það sem hann gjörði, trúðu á hann. 46 En nokkrir þeirra fóru til Farísеanna og sögðu þeim, hvað Jesús hefði gjört. 47 Æðstu prestarnir og Farísearnir söfnuðu því ráðinu saman og sögðu: Hvað eigum vér að gjöra? Því að þessi maður gjörir margar

jarteinir. 48 Ef vér látum hann nú afskiftalausan, munu allir trúa á hann, og svo munu Rómverjar koma og taka bæði land vort og þjóð. 49 En einn af þeim, Kaífas, sem það ár var æðsti prestur, sagði við þá: 50 Þér vitið alls ekkert og hugleiðið ekki heldur, að yður er gagnlegra, að einn maður deyi fyrir lýðinn, en að öll þjóðin fyrirfarist. 51 En þetta talaði hann ekki af sjálfum sér, heldur spáði hann, með því að hann var æðsti prestur það ár, að Jesús ætti að deyja fyrir þjóðina, 52 og ekki einungis fyrir þjóðina, heldur til þess að hann einnig safnaði í eina heild hinum sundur dreifðu börnum Guðs. 53 Upp frá þeim degi ráðguðust þeir því um að lífláta hann. 54 Jesús gekk því ekki framar berlega um meðal Gyðinganna, heldur fór hann burt þaðan út á landsbygðina nálægt eyðimörkinni, til bæjar, sem heitir Efraím, og þar dvaldist hann ásamt lærisveinunum. 55 En páskar Gyðinga voru í nánd. Og margir fóru úr landsbygðinni upp til Jerúsalem fyrir páskana, til að hreinsa sig. 56 Þeir leituðu þá að Jesú, og sögðu hver við annan, þar sem þeir stóðu í helgidóminum: Hvað virðist yður? Ætli hann komi alls ekki til hátíðarinnar? 57 En æðstu prestarnir og Farísearnir höfðu gefið þá skipun, að ef nokkur vissi, hvar hann væri, skyldi hann segja til, svo að þeir gætu handtekið hann.

12. kafli

1 Sex dögum fyrir páska kom Jesús þá til Betaníu, þar sem Lazarus var, sem Jesús hafði vakið upp frá dauðum. 2 Þá gjörðu menn honum þar kvöldverð, og Marta gekk um beina, en Lazarus var einn af þeim, sem sátu til borðs með honum. 3 Þá tók María pund af ómenguðum og dýrum nardus-smyrslum og smurði fætur Jesú, og þerraði með hári sínu fætur hans, en húsið fyltist af ilm smyrslanna. 4 Þá segir Júdas Ískaríot, einn af lærisveinum hans, sem síðar varð til þess að svíkja hann: 5 Hví voru þessi smyrsl ekki seld fyrir þrjú hundruð denara og gefin fátækum? 6 En þetta sagði hann ekki af því, að honum væri ant um fátæka, heldur af því að hann var þjófur; og með því að hann hafði pyngjuna, tók hann það sem í hana var látið. 7 Þá sagði Jesús: Lát hana í friði; hún hefir geymt þetta til greftrunardags míns; 8 því að fátæka hafið þér ávalt hjá yður, en mig hafið þér ekki ávalt. 9 Nú komst almenningur meðal Gyðinga að því, að hann væri þar, og þeir komu ekki aðeins vegna Jesú, heldur og til að sjá Lazarus, sem hann hafði vakið upp frá dauðum. 10

En æðstu prestarnir ráðguðust um að deyða einnig Lazarus; **11** því að hans vegna fóru margir Gyðingar og trúðu á Jesúm. **12** Daginn eftir, þegar hinn mikli fjöldi, sem kominn var til hátíðarinnar, heyrði, að Jesús væri að koma til Jerúsalem, **13** tóku þeir pálmaviðargreinar og gengu út til móts við hann, og þeir hrópuðu: Hósanna, blessaður sé sá, sem kemur í nafni Drottins, Ísraelskonungurinn! **14** En Jesús fékk sér ungan asna og settist upp á hann, eins og ritað er: **15** Óttast ekki, dóttir Síon! sjá, konungur þinn kemur ríðandi á ösnufola. **16** Þetta skildu ekki lærisveinar hans í fyrstu; en þegar Jesús var dýrðlegur orðinn, mintust þeir þess, að þetta var ritað um hann, og að þeir höfðu gjört þetta honum til handa. **17** En fólkið, sem var með honum, er hann kallaði Lazarus út úr gröfinni og uppvakti hann frá dauðum, vitnaði nú. **18** Þess vegna gekk og múgurinn á móti honum, því að menn höfðu heyrt, að hann hefði gjört þessa jartein. **19** Þá sögðu Farísearnir sín á milli: Þér sjáið, að þér komið engu til vegar. Sjá, allur heimur eltir hann. **20** En meðal þeirra, sem fóru upp til þess að tilbiðja á hátíðinni, voru nokkrir Grikkir. **21** Þeir gengu þá til Filippusar frá Betsaída í Galíleu, og báðu hann og sögðu: Herra, oss langar til að sjá Jesúm. **22** Filippus kemur og segir Andrési. Andrés og Filippus koma og segja Jesú. **23** En Jesús svarar þeim og segir: Stundin er komin, að mannsins sonur verði dýrðlegur. **24** Sannlega, sannlega segi eg yður: Deyi ekki hveitikornið kornið, sem fellur í jörðina, verður það einsamalt, en deyi það, ber það mikinn ávöxt. **25** Sá sem elskar líf sitt, glatar því, og sá sem hatar líf sitt í þessum heimi, mun varðveita það til eilífs lífs. **26** Hver sem þjónar mér, fylgi mér eftir, og hvar sem eg er, þar skal og þjónn minn vera; hvern sem mér þjónar, hann mun faðirinn heiðra. **27** Nú er sál mín skelfd, og hvað á eg að segja? Faðir, frelsa þú mig frá þessari stundu? En vegna þessa er eg kominn að þessari stundu. **28** Faðir, gjör nafn þitt dýrlegt. Þá kom rödd af himni: Bæði hefi eg gjört það dýrlegt og mun aftur gjöra það dýrlegt. **29** En fólkið, sem stóð þar og heyrði, sagði þá, að þruma hefði komið. Aðrir sögðu: Engill talaði við hann. **30** Jesús svaraði og sagði: Ekki mín, heldur yðar vegna kom rödd þessi. **31** Nú gengur dómur yfir heim þennan, nú skal höfðingja þessa heims kastað út. **32** Og eg mun, er eg verð hafinn frá jörðu, draga alla til mín. **33** En þetta sagði hann, til þess að tákna, með hvaða dauðdaga hann mundi deyja. **34** Mannfjöldinn svaraði honum þá: Vér höfum heyrt í lögmálinu, að Kristur verði til eilífðar, og hvernig segir þú

þá: Mannsins sonur á að verða hafinn upp? Hver er þessi mannsins sonur? 35 Þá sagði Jesús við þá: Stutta stund er ljósið enn á meðal yðar; gangið meðan þér hafið ljósið, til þess að myrkrið komi ekki yfir yður; og sá sem gengur í myrkrinu, veit ekki hvert hann fer. 36 Meðan þér hafið ljósið, þá trúið á ljósið, til þess að þér verðið ljóssins synir. Þetta talaði Jesús og fór burt og fól sig fyrir þeim. 37 En þótt hann hefði gjört svo margar jarteinir í augsýn þeirra, trúðu þeir þó ekki á hann; 38 til þess að rættist orð Jesaja spámanns, sem hann hafði talað: Drottinn, hver trúði því, sem hann heyrði hjá oss? og hverjum opinberaðist armleggur Drottins? 39 Þess vegna gátu þeir ekki trúað, því að Jesaja hefir sagt á öðrum stað: 40 Hann hefir blindað augu þeirra og forhert hjörtu þeirra, til þess að þeir ekki sjái með augunum og skilji með hjartanu og snúi sér, og eg lækni þá. 41 Þetta sagði Jesaja, af því að hann sá dýrð hans og talaði um hann. 42 En þó trúðu einnig margir af höfðingjunum á hann, en vegna Farísseanna játuðu þeir ekki, til þess að þeir yrðu ekki samkundurækir; 43 því að þeir elskuðu lofstír manna meir en Guðs dýrð. 44 En Jesús kallaði og sagði: Sá sem trúir á mig, hann trúir ekki á mig, heldur á þann sem sendi mig; 45 og sá sem sér mig, sér þann sem sendi mig. 46 Eg er ljós í heiminn komið, til þess að hver sem á mig trúir, sé ekki í myrkrinu; 47 og ef einhver heyrir orð mín og gætir þeirra ekki, þá dæmi eg hann ekki, því að eg er ekki kominn til að dæma heiminn, heldur til þess að frelsa heiminn. 48 Sá sem hafnar mér og meðtekur ekki orð mín, hefir þann sem dæmir hann; orðið, sem eg hefi talað, það mun dæma hann á efsta degi. 49 Því að eg hefi ekki talað af sjálfum mér, heldur hefir faðirinn, sem sendi mig, sjálfur gefið mér boðorð, hvað eg skuli segja og hvað eg skuli tala. 50 Og eg veit, að boðorð hans er eilíft líf; það sem eg því tala, það tala eg eins og faðirinn hefir sagt mér.

13. kafli

1 En fyrir páskahátíðina — Jesús, sem vissi, að stund hans var komin, að hann færi burt úr heimi þessum til föðurins, og hafði elskað sína, þá er í heiminum voru, elskaði þá alt til enda. 2 Og er kveldmáltíðin stóð yfir — en djöfullinn hafði þegar skotið því í brjóst Júdasi Símonarsyni Ískaríot, að svíkja hann, 3 og þó að Jesús vissi, að faðirinn hefði selt honum í hendur alla

hluti og að hann var útgenginn frá Guði og fór til Guðs, **4** stendur hann upp frá máltíðinni og leggur af sér yfirhöfnina, og hann tók líndúk og gyrti sig. **5** Eftir það hellir hann vatni í mundlaug, og tók að þvo fætur lærisveinanna og þerra með líndúk þeim, er hann var gyrtur. **6** Kemur hann þá til Símonar Péturs. Hann segir við hann: Herra, þvær þú fætur mína? **7** Jesús svaraði og sagði við hann: Nú skilur þú ekki það sem eg gjöri, en seinna munt þú skilja það. **8** Pétur segir við hann: Aldrei til eilífðar skalt þú þvo fætur mína. Jesús svaraði honum: Ef eg ekki þvæ þig, hefir þú ekki hlut með mér. **9** Símon Pétur segir við hann: Herra, þá ekki einungis fætur mína, heldur einnig hendurnar og höfuðið. **10** Jesús segir við hann: Sá sem þveginn er, þarf ekki að þvost nema á fótum, heldur er hann allur hreinn, og þér eruð hreinir, en ekki allir; **11** því að hann þekti þann, sem varð til þess að svíkja hann; fyrir því sagði hann: Þér eruð ekki allir hreinir. **12** Þegar hann nú hafði þvegið fætur þeirra og tekið yfirhöfn sína og sest aftur, sagði hann við þá: Skiljið þér, hvað eg hefi gjört við yður? **13** Þér kallið mig: »meistari!« og »herra!« og þér mælið rétt, því að eg er það. **14** Ef þá eg, herrann og meistarinn, hefi þvegið fætur yðar, ber einnig yður að þvo hver annars fætur; **15** því að eg hefi gefið yður eftirdæmi, til þess að þér breytið eins og eg breytti við yður. **16** Sannlega, sannlega segi eg yður: ekki er þjónn meiri en húsbóndi hans; ekki er heldur postuli meiri en sá er sendi hann. **17** Ef þér skiljið þetta, eruð þér sælir, ef þér breytið eftir því. **18** Eg tala ekki um yður alla; eg þekki þá, sem eg hefi útvalið, en til þess að ritningin rætist: Sá sem brauð mitt etur, hefir lyft upp hæl sínum á móti mér. **19** Héðan af segi eg yður það, áður en það kemur fram, til þess að þér trúið, þegar það er komið fram, að eg er það. **20** Sannlega, sannlega segi eg yður: hver sem meðtekur þann er eg sendi, sá meðtekur mig, en sá sem meðtekur mig, meðtekur hann sem sendi mig. **21** En er Jesús hafði þetta mælt, hrærðist hann í andanum og vitnaði og sagði: Sannlega, sannlega segi eg yður, að einn af yður mun svíkja mig. **22** Þá litu lærisveinarnir hver á annan og voru í óvissu, um hvern hann talaði. **23** Þar var einn af lærisveinum hans, sem sat til borðs í faðmi Jesú, sá sem Jesús elskaði. **24** Símon Pétur gefur honum nú bendingu og segir við hann: Seg þú hver sá er, sem hann talar um? **25** Og er hinn þannig hallaði sér upp að brjósti Jesú, segir hann við hann: Herra, hver er það? **26** Þá svaraði Jesús: Hann er það, sem eg gef bita þann, sem eg nú dýfi í. Er hann nú hafði dyfið í, tekur

hann bitann og réttir Júdasi Símonarsyni Ískaríot. 27 Og eftir að hann hafði fengið bitann, fór Satan inn í hann. Þá segir Jesús við hann: Það sem þú gjörir, það gjör þú skjótt. 28 En enginn þeirra, sem til borðsins sátu, vissi í hverju skyni hann sagði þetta við hann; 29 því sumir héldu, af því að Júdas hafði pyngjuna, að Jesús hefði sagt honum: Kaup þú það, sem vér þurfum til hátíðarinnar, eða að hann skyldi gefa eitthvað fátækum. 30 Þegar hann nú hafði tekið við bitanum, gekk hann þegar út; en þá var nótt. 31 Þegar hann nú var genginn út, segir Jesús: Nú er mannsins sonur dýrðlegur orðinn og Guð er orðinn dýrðlegur í honum, 32 og Guð mun gjöra hann dýrðlegan í sér, og mun hann brátt gjöra hann dýrðlegan. 33 Börnin mín, skamma stund er eg enn þá hjá yður; þér munuð leita mín; og eins og eg sagði við Gyðingana: Þangað sem eg fer, getið þér ekki komist, það segi eg nú við yður. 34 Nýtt boðorð gef eg yður, að þér elskið hver annan; eins og eg hefi elskað yður, að þér einnig elskið hver annan. 35 Af því skulu allir þekkja, að þér eruð mínir lærisveinar, ef þér berið elsku hver til annars. 36 Símon Pétur segir við hann: Herra, hvert fer þú? Jesús svaraði: Þangað sem eg fer, getur þú ekki fylgt mér nú, en seinna munt þú fylgja mér. 37 Pétur segir við hann: Herra, hvers vegna get eg ekki fylgt þér nú þegar? Eg vil leggja líf mitt í sölurnar fyrir þig. 38 Jesús svarar: Vilt þú leggja líf þitt í sölurnar fyrir mig? Sannlega, sannlega segi eg þér: ekki mun haninn gala, fyr en þú hefir afneitað mér þrisvar.

14. kafli

1 Hjarta yðar skelfist ekki; trúið á Guð og trúið á mig. 2 Í húsi föður míns eru mörg híbýli; væri ekki svo, hefði eg sagt yður það. Því eg fer burt að búa yður stað; 3 og þegar eg er farinn burt, og hefi búið yður stað, kem eg aftur og mun taka yður til sjálfs mín, til þess að þér séuð og þar sem eg er. 4 Og þér þekkið veginn þangað sem eg fer. 5 Tómas segir við hann: Herra, vér vitum ekki hvert þú fer; hvernig skyldum vér þá þekkja veginn? 6 Jesús segir við hann: Eg er vegurinn og sannleikurinn og lífið; enginn kemur til föðurins nema fyrir mig. 7 Ef þér hefðuð þekt mig, hefðuð þér og þekt föður minn, og héðan í frá þekkið þér hann og hafið séð hann. 8 Filippus segir við hann: Herra, sýn þú oss föðurinn, og þá nægir oss. 9 Jesús segir við hann: Svo langa stund hefi eg með yður verið, og þú, Filippus, þekkir mig ekki? Sá sem hefir

séð mig, hefir séð föðurinn; hvernig segir þú: Sýn þú oss föðurinn? 10 Trúir
þú ekki, að eg er í föðurnum og faðirinn í mér? Þau orð, sem eg tala til yðar,
þau tala eg ekki af sjálfum mér; en faðirinn, sem í mér er, hann gjörir verk
sín. 11 Trúið mér, að eg er í föðurnum og faðirinn í mér; en ef ekki, þá trúið
mér vegna sjálfra verkanna. 12 Sannlega, sannlega segi eg yður: sá sem trúir á
mig, mun einnig gjöra þau verk, sem eg gjöri; og hann mun gjöra meiri verk
en þessi, af því að eg fer til föðurins; 13 og hvað sem þér biðjið um í mínu
nafni, það mun eg gjöra, til þess að faðirinn vegsamist í syninum. 14 Ef þér
biðjið einhvers í mínu nafni, mun eg gjöra það. 15 Ef þér elskið mig, þá
munuð þér halda boðorð mín. 16 Og eg mun biðja föðurinn, og hann mun
gefa yður annan huggara, til þess að hann sé hjá yður eilíflega, 17 anda
sannleikans, hann, sem heimurinn getur ekki meðtekið, af því að hann sér
hann ekki og þekkir hann ekki heldur; þér þekkið hann, af því að hann dvelur
hjá yður og mun vera í yður. 18 Ekki mun eg skilja yður eftir munaðarlausa.
Eg kem til yðar. 19 Innan skamms — og heimurinn mun ekki sjá mig framar,
en þér munuð sjá mig, því að eg lifi og þér munuð lifa. 20 Á þeim degi
munuð þér komast að raun um, að eg er í föður mínum, og þér í mér, og eg í
yður. 21 Sá sem hefir mín boðorð og heldur þau, hann er sá sem elskar mig.
En sá sem elskar mig, mun verða elskaður af föður mínum, og eg mun elska
hann og sjálfur birtast honum. 22 Júdas — ekki Júdas Ískaríot —, segir við
hann: Herra, hvernig stendur á því, að þú vilt sjálfur birtast oss og ekki
heiminum? 23 Jesús svaraði og sagði við hann: Hver sem elskar mig, mun
varðveita mitt orð, og faðir minn mun elska hann, og til hans munum við
koma og gjöra okkur bústað hjá honum. 24 Sá sem ekki elskar mig, hann
varðveitir ekki mín orð, og það orð, sem þér heyrið, er ekki mitt, heldur
föðurins, sem sendi mig. 25 Þetta hefi eg talað við yður, meðan ég var hjá
yður, 26 en huggarinn, andinn heilagi, sem faðirinn mun senda í mínu nafni,
hann mun kenna yður alt, og minna yður á alt, sem eg hefi sagt yður. 27 Frið
læt eg eftir hjá yður, minn frið gef eg yður, ekki eins og heimurinn gefur, gef
eg yður. Hjarta yðar skelfist ekki né hræðist. 28 Þér heyrðuð, að eg sagði við
yður: Eg fer burt og kem til yðar; ef þér elskuðuð mig, þá munduð þér hafa
glaðst af því, að eg fer til föðurins; því að faðirinn er mér meiri. 29 Og nú hefi
eg sagt yður það, áður en það kemur fram, til þess að þér trúið, þegar það er
komið fram. 30 Eg mun ekki framar tala margt við yður, því að höfðingi

heimsins kemur, og í mér á hann alls ekkert. 31 En til þess að heimurinn viti, að eg elska föðurinn, og að eg gjöri eins og faðirinn hefir boðið mér, þá standið upp, förum héðan.

15. kafli

1 Eg er hinn sanni vínviður, og faðir minn er vínyrkinn. 2 Sérhverja grein á mér, er ekki ber ávöxt, sníður hann af, og sérhverja þá, sem ber ávöxt, hreinsar hann, til þess að hún beri meiri ávöxt. 3 Þér eruð þegar hreinir vegna orðsins, sem eg hefi talað til yðar. 4 Verið í mér, þá verð eg líka í yður. Eins og greinin getur ekki borið ávöxt af sjálfri sér, nema hún sé á vínviðinum, þannig ekki heldur þér, nema þér séuð í mér. 5 Eg er vínviðurinn, þér eruð greinarnar; sá sem er í mér og eg í honum, hann ber mikinn ávöxt, því að án mín getið þér alls ekkert gjört. 6 Hver sem ekki er í mér, honum verður snarað út eins og greininni, og hann visnar og menn safna því saman og kasta því á eld og það brennur. 7 Ef þér eruð í mér og orð mín eru í yður, þá biðjið um hvað sem þér viljið, og það mun veitast yður. 8 Með þessu vegsamast faðir minn, að þér berið mikinn ávöxt, og þér munuð verða mínir lærisveinar. 9 Eins og faðirinn hefir elskað mig, eins hefi eg elskað yður; verið í elsku minni. 10 Ef þér haldið mín boðorð, þá munuð þér vera í elsku minni, eins og eg hefi haldið boðorð föður míns og er í elsku hans. 11 Þetta hefi eg talað til yðar, til þess að fögnuður minn sé hjá yður og fögnuður yðar fullkomnist. 12 Þetta er mitt boðorð, að þér elskið hver annan, eins og eg hefi elskað yður. 13 Meiri elsku hefir enginn en þá, að hann lætur líf sitt fyrir vini sína. 14 Þér eruð vinir mínir, ef þér gjörið það sem eg býð yður. 15 Eg kalla yður ekki framar þjóna, því að þjónninn veit ekki, hvað herra hans gjörir, en eg hefi kallað yður vini, því að eg hefi kunngjört yður alt það, sem eg hefi heyrt hjá föður mínum. 16 Ekki hafið þér útvalið mig, heldur hefi eg útvalið yður og sett yður, til þess að þér farið og berið ávöxt, og ávöxtur yðar vari við, til þess að hvað sem þér biðjið föðurinn um í mínu nafni, það veiti hann yður. 17 Þetta býð eg yður, að þér elskið hver annan. 18 Ef heimurinn hatar yður, þá vitið, að hann hefir hatað mig fyrri en yður. 19 Ef þér væruð af heiminum, þá mundi heimurinn láta sér þykja vænt um sitt eigið; en af því að þér eruð ekki af heiminum, en eg hefi útvalið yður af heiminum, vegna þess

hatar heimurinn yður. 20 Minnist orðsins, sem eg sagði yður: Ekki er þjónn meiri en húsbóndi hans. Hafi þeir ofsótt mig, þá munu þeir líka ofsækja yður; hafi þeir varðveitt mitt orð, munu þeir og varðveita yðar. 21 En alt þetta munu þeir gjöra við yður vegna nafns míns, af því að þeir þekkja ekki þann, sem sendi mig. 22 Hefði eg ekki komið og talað til þeirra, þá hefðu þeir ekki synd, en nú hafa þeir enga afsökun synd sinni. 23 Sá sem hatar mig, sá hatar og föður minn. 24 Ef eg hefði eigi gjört þau verk á meðal þeirra, sem enginn annar hefir gjört, þá hefðu þeir ekki synd; en nú hafa þeir bæði séð þau og hatað bæði mig og föður minn. 25 En það er til þess að rætist orðið, sem ritað er í lögmáli þeirra: Þeir hötuðu mig án saka. 26 En þegar huggarinn kemur, sem eg mun senda yður frá föðurnum, andi sannleikans, sem útgengur frá föðurnum, hann mun vitna um mig; 27 en þér skuluð og vitna, því að þér hafið frá upphafi með mér verið.

16. kafli

1 Þetta hefi eg talað til yðar, til þess að þér hneyksluðust ekki. 2 Þeir munu gjöra yður samkunduræka, já, sú stund kemur, að hver sem líflætur yður, mun þykjast veita Guði þjónustu; 3 og þetta munu þeir gjöra, af því að þeir þektu hvorki föðurinn né mig. 4 En þetta hefi eg talað til yðar, til þess að þér, þegar sú stund kemur, minnist þess, að eg hefi sagt yður það. En eg hefi ekki sagt yður þetta frá upphafi, af því að eg var með yður. 5 En nú fer eg burt til hans, sem sendi mig, og enginn yðar spyr mig: Hvert fer þú? 6 heldur hefir hrygð fylt hjarta yðar, af því að eg hefi talað þetta við yður. 7 En eg segi yður sannleikann: það er yður til góðs, að eg fari burt; því að fari eg ekki burt, mun huggarinn ekki koma til yðar, en þegar eg er farinn, mun eg senda hann til yðar. 8 Og þegar hann kemur, mun hann sannfæra heiminn um synd og um réttlæti og um dóm: 9 um synd, af því að þeir trúa ekki á mig; 10 en um réttlæti, af því að eg fer burt til föðurins og þér sjáið mig ekki lengur; 11 en um dóm, af því að höfðingi þessa heims er dæmdur. 12 Eg hefi enn margt að segja yður, en þér getið ekki borið það að sinni; 13 en þegar hann, andi sannleikans, kemur, mun hann leiða yður inn í allan sannleikann, því að hann mun ekki tala af sjálfum sér, heldur mun hann tala alt það, sem hann heyrir, og það sem koma á, mun hann kunngjöra yður. 14 Hann mun vegsama mig,

því að af mínu mun hann taka og kunngjöra yður. 15 Alt það, sem faðirinn
hefir, er mitt; fyrir því sagði eg, að hann taki af mínu og kunngjöri yður. 16
Innan skamms — og þér sjáið mig ekki, og aftur innan skamms — og þér
munuð sjá mig! 17 Þá sögðu nokkrir af lærisveinum hans hver við annan:
Hvað er þetta, sem hann segir við oss: »Innan skamms — og þér sjáið mig
ekki, og aftur innan skamms — og þér munuð sjá mig!« og: »Eg fer til
föðurins«? 18 Þeir sögðu því: Hvað er þetta sem hann segir: »Innan
skamms«? vér skiljum ekki hvað hann talar. 19 Jesús varð þess var, að þeir
vildu spyrja hann, og sagði við þá: Þér spyrjist á um það, að eg sagði: Innan
skamms — og þér sjáið mig ekki, og aftur innan skamms — og þér munuð
sjá mig. 20 Sannlega, sannlega segi eg yður: þér munuð gráta og kveina, en
heimurinn mun fagna; þér munuð verða hryggir, en hrygð yðar mun snúast í
fögnuð. 21 Þegar konan elur barn, hefir hún hrygð, því að stund hennar er
komin; en þegar hún hefir alið barnið, minnist hún ekki framar
þjáningarinnar vegna gleðinnar yfir því, að maður er í heiminn borinn; 22
einnig þér hafið nú að sönnu hrygð, en eg mun sjá yður aftur, og hjarta yðar
mun fagna, og enginn tekur fögnuð yðar frá yður. 23 Og á þeim degi munuð
þér ekki spyrja mig neins. Sannlega, sannlega segi eg yður: Hvað sem þér
biðjið föðurinn um, það mun hann veita yður í mínu nafni. 24 Hingað til hafið
þér einskis beðið í mínu nafni; biðjið, og þér munuð öðlast, til þess að
fögnuður yðar verði fullkominn. 25 Þetta hefi eg talað til yðar í líkingum; sú
stund kemur, að eg mun ekki lengur tala við yður í líkingum, heldur mun eg
berlega segja yður frá föðurnum; 26 á þeim degi munuð þér biðja í mínu
nafni. Og ekki segi eg yður, að eg muni biðja föðurinn fyrir yður; 27 því að
faðirinn sjálfur elskar yður, af því að þér hafið elskað mig og hafið trúað, að
eg sé útgenginn frá föðurnum. 28 Eg útgekk frá föðurnum og er kominn í
heiminn; eg yfirgef heiminn aftur og fer til föðurins. 29 Lærisveinar hans
segja: Sjá, nú talar þú berlega og mælir enga líkingu. 30 Nú vitum vér, að þú
veist alt og þarft þess ekki, að nokkur spyrji þig; þess vegna trúum vér, að þú
sért frá Guði kominn, 31 Jesús svaraði þeim: Trúið þér nú? 32 Sjá, sú stund
kemur og er þegar komin, að þér tvístrist hver til sín og skiljið mig eftir
einan; en eg er ekki einn, því að faðirinn er með mér. 33 Þetta hefi eg talað til
yðar, til þess að þér hafið frið í mér. Í heiminum hafið þér þrenging, en verið
hughraustir, eg hefi sigrað heiminn.

17. kafli

1 Þetta talaði Jesús, hóf augu sín til himins og sagði: Faðir, stundin er komin;
gjör son þinn dýrðlegan, til þess að sonurinn gjöri þig dýrðlegan, 2 eins og þú
hefir gefið honum vald yfir öllu holdi, til þess að hann gefi öllum, sem þú
gafst honum, eilíft líf. 3 En þetta er hið eilífa líf, að þeir þekki þig einn
sannan Guð og þann sem þú sendir, Jesúm Krist. 4 Eg hefi gjört þig
dýrðlegan á jörðunni, með því að fullkomna það verk, sem þú fékst mér að
vinna; 5 og nú, gjör þú mig dýrðlegan, faðir, hjá sjálfum þér með þeirri dýrð,
sem eg hafði hjá þér áður en heimurinn var. 6 Eg hefi opinberað nafn þitt
þeim mönnum, sem þú gafst mér af heiminum; þeir voru þínir og þú gafst
mér þá; og þeir hafa varðveitt þitt orð. 7 Nú vita þeir, að alt, sem þú hefir
gefið mér, er frá þér, 8 því að orðin, er þú gafst mér, hefi eg gefið þeim; og
þeir hafa meðtekið þau og með sanni komist að raun um, að eg er kominn frá
þér, og hafa trúað, að þú hafir sent mig. 9 Eg bið fyrir þeim; fyrir heiminum
bið eg ekki, heldur fyrir þeim, sem þú gafst mér, af því að þeir eru þínir; 10
og alt mitt er þitt, og þitt er mitt, og eg er orðinn dýrðlegur í þeim. 11 Eg er
ekki lengur í heiminum, en þeir eru í heiminum, og eg kem til þín. Heilagi
faðir, varðveit þá í þínu nafni, er þú hefir gefið mér, til þess að þeir séu eitt
eins og við. 12 Þegar eg var hjá þeim, varðveitti eg þá í þínu nafni, sem þú
hefir gefið mér; og eg gætti þeirra, og enginn þeirra týndist, nema
glötunar-sonurinn, til þess að ritningin skyldi rætast. 13 En nú kem eg til þín;
og þetta tala eg í heiminum, til þess að þeir hafi í sjálfum sér fögnuð minn
fullkominn. 14 Eg hefi gefið þeim orð þitt, og heimurinn hataði þá, af því að
þeir eru ekki af heiminum, eins og eg er ekki af heiminum. 15 Ekki bið eg, að
þú takir þá úr heiminum, heldur að þú varðveitir þá frá illu. 16 Þeir eru ekki af
heiminum, eins og eg er ekki af heiminum. 17 Helga þú þá í sannleikanum;
þitt orð er sannleikur. 18 Eins og þú hefir sent mig til heimsins, hefi eg líka
sent þá til heimsins; 19 og þeirra vegna helga eg sjálfan mig, til þess að þeir
einnig skuli vera helgaðir í sannleika. 20 En eg bið ekki einungis fyrir
þessum, heldur og fyrir þeim sem trúa á mig fyrir orð þeirra; 21 til þess að
þeir séu allir eitt, eins og þú, faðir, ert í mér og eg í þér, til þess að þeir og
séu í okkur; til þess að heimurinn skuli trúa að þú hafir sent mig. 22 Og
dýrðina, sem þú hefir gefið mér, hefi eg gefið þeim, til þess að þeir séu eitt,

eins og við erum eitt, 23 og í þeim og þú í mér, til þess að þeir skuli vera fullkomlega sameinaðir; til þess að heimurinn skuli komast að raun um, að þú hefir sent mig, og að þú hefir elskað þá, eins og þú hefir elskað mig. 24 Faðir, eg vil, að þar sem eg er, skuli einnig þeir, sem þú hefir gefið mér, vera hjá mér, til þess að þeir skuli sjá dýrð mína, sem þú hefir gefið mér; því að þú hefir elskað mig áður en veröldin var grundvölluð. 25 Réttláti faðir, og heimurinn þekti þig ekki, en eg þekti þig, og þessir hafa komist að raun um, að þú hafir sent mig. 26 Eg hefi kunngjört þeim nafn þitt og mun kunngjöra, til þess að kærleikurinn, sem þú hefir elskað mig með, sé í þeim og eg í þeim.

18. kafli

1 Að svo mæltu gekk Jesús út með lærisveinum sínum yfir um lækinn Kedron. Þar var grasgarður; inn í hann gekk hann sjálfur og lærisveinar hans. 2 En Júdas, sem sveik hann, þekti og staðinn, því að Jesús hafði oftlega komið þar saman ásamt lærisveinum sínum. 3 Þá tók Júdas hersveitina með sér og þjóna frá æðstu prestunum og Faríseunum, og kemur þangað með blysum og lömpum og vopnum. 4 Þá gekk Jesús, sem vissi alt, sem yfir hann mundi koma, fram og segir við þá: Að hverjum leitið þér? 5 Þeir svöruðu honum: Að Jesú frá Nazaret. Jesús segir við þá: Eg er hann. En hjá þeim stóð einnig Júdas, sem sveik hann. 6 Þegar hann nú sagði við þá: Eg er hann, hopuðu þeir á hæl og féllu til jarðar. 7 Þá spurði hann þá aftur: Að hverjum leitið þér? En þeir sögðu: Að Jesú frá Nazaret. 8 Jesús svaraði: Eg sagði yður, að eg væri hann; ef þér því leitið að mér, þá látið þessa fara; 9 til þess að rættist orðið, sem hann sagði: Eigi glataði eg neinum af þeim, sem þú hefir gefið mér. 10 Símon Pétur, sem hafði sverð, brá því nú, hjó til þjóns æðsta prestsins og sneið af honum hægra eyrað, en nafn þjónsins var Malkus. 11 Jesús sagði þá við Pétur: Sting sverðinu í slíðrin. Ætti eg ekki að drekka bikarinn, sem faðirinn hefir gefið mér? 12 Hersveitin, sveitarforinginn og þjónar Gyðinganna handtóku nú Jesúm og bundu hann, 13 og færðu hann fyrst til Annasar, því að hann var tengdafaðir Kaífasar, sem það árið var æðsti prestur. 14 En Kaífas var sá, sem gefið hafði Gyðingunum það ráð, að gagnlegt væri, að einn maður dæi fyrir lýðinn. 15 En Símon Pétur fylgdi Jesú

og annar lærisveinn, en sá lærisveinn var kunnugur æðsta prestinum, og hann gekk inn með Jesú í höll æðsta prestsins, **16** en Pétur stóð fyrir utan við dyrnar. Þá gekk út hinn lærisveinninn, sem kunnugur var æðsta prestinum, talaði við dyravörðinn og leiddi Pétur inn. **17** Þernan, sem gætti dyranna, segir þá við Pétur: Ert þú ekki líka einn af lærisveinum þessa manns? Hann segir: Ekki er eg það. **18** En þjónarnir og sveinarnir stóðu þar við kolaeld, sem þeir höfðu kveikt, því að kalt var, og vermdu sig; en Pétur stóð og hjá þeim og vermdi sig. **19** Þá spurði æðsti presturinn Jesúm um lærisveina hans og um kenningu hans. **20** Jesús svaraði honum: Eg hefi talað opinberlega fyrir heiminum; eg hefi ávalt kent í samkundum og í helgidóminum, þar sem allir Gyðingar koma saman, og ekkert hefi eg talað í leyni; **21** hví spyr þú mig? Spyr þú þá sem heyrt hafa, hvað eg hafi talað við þá; sjá, þeir vita, hvað eg hefi sagt. **22** En er hann sagði þetta, gaf einn af þjónunum, sem hjá stóð, Jesú kinnhest og sagði: Svarar þú svona æðsta prestinum? **23** Jesús svaraði honum: Hafi eg illa mælt, þá sanna þú, að það hafi verið ilt, en hafi eg talað rétt, hví slær þú mig? **24** Annas sendi hann nú bundinn til Kaífasar æðsta prests. **25** En Símon Pétur stóð og vermdi sig. Menn sögðu þá við hann: Ert þú ekki líka einn af lærisveinum hans? Hann neitaði og sagði: Ekki er eg það. **26** Einn af þjónum æðsta prestsins, sem var frændi þess, er Pétur sneið af eyrað, segir þá: Sá eg þig ekki í grasgarðinum með honum? **27** Þá neitaði Pétur aftur, og jafnskjótt gól haninn. **28** Nú færa þeir Jesúm frá Kaífasi til hallar landshöfðingjans, en það var snemma morguns, og þeir gengu ekki sjálfir inn í höllina, til þess að þeir saurguðust ekki, heldur mættu neyta páskalambsins. **29** Pílatus gekk því út til þeirra og segir: Hverja ákæru færið þér gegn þessum manni? **30** Þeir svöruðu og sögðu við hann: Væri hann ekki illræðismaður, þá hefðum vér ekki framselt þér hann. **31** Pílatus sagði þá við þá: Takið þér hann og dæmið hann eftir yðar lögum. Þá sögðu Gyðingarnir við hann: Oss leyfist ekki að lífláta nokkurn; **32** til þess að rættist orð Jesú, er hann sagði, þá er hann gaf til kynna, hvaða dauða hann mundi deyja. **33** Þá gekk Pílatus aftur inn í höllina og kallaði Jesúm til sín og sagði við hann: Ert þú konungur Gyðinganna? **34** Jesús svaraði: Mælir þú þetta af sjálfum þér, eða hafa aðrir sagt þér um mig? **35** Pílatus svaraði: Er eg þá Gyðingur? Þjóð þín og æðstu prestarnir hafa framselt mér þig; hvað hefir þú aðhafst? **36** Jesús svaraði: Mitt ríki er ekki af þessum heimi; væri mitt ríki af þessum heimi, þá hefðu þjónar

mínir barist, til þess að eg yrði ekki framseldur Gyðingunum; en nú er mitt ríki ekki þaðan. 37 Pílatus sagði þá við hann: Eftir því ert þú þá konungur! Jesús svaraði: Þú segir það, því að eg er konungur; til þess er eg fæddur og til þess kom eg í heiminn, að eg skuli vitna um sannleikann. Hver sem er af sannleikanum, hlýðir minni röddu. 38 Pílatus segir þá við hann: Hvað er sannleikur? Og er hann hafði þetta mælt, gekk hann út aftur til Gyðinganna og segir við þá: Eg finn enga sök hjá honum. 39 En það er venja hjá yður, að eg gefi yður einn mann lausan á páskunum. Viljið þér þá, að eg gefi yður lausan Gyðinga-konunginn? 40 Þeir æptu þá aftur og sögðu: Ekki hann, heldur Barrabas; en Barrabas var ræningi.

19. kafli

1 Þá tók Pílatus Jesúm og húðstrýkti hann. 2 Og hermennirnir fléttuðu kórónu af þyrnum og settu á höfuð honum, og færðu hann í purpurakápu; og þeir gengu til hans og sögðu: 3 Heill vert þú, konungur Gyðinganna! Og þeir gáfu honum kinnhesta. 4 Pílatus gekk þá aftur út og segir við þá: Sjá, eg leiði hann nú aftur út til yðar, til þess að þér vitið, að eg finn enga sök hjá honum. 5 Jesús gekk þá út með þyrnikórónuna á höfði og í purpurakápunni, og Pílatus segir við þá: Sjá, þar er maðurinn! 6 Þegar nú æðstu prestarnir og þjónarnir sáu hann, æptu þeir og sögðu: Krossfestu, krossfestu! Pílatus segir við þá: Takið þér hann og krossfestið, því að eg finn enga sök hjá honum. 7 Gyðingarnir svöruðu honum: Vér höfum lögmál, og eftir lögmálinu á hann að deyja, því að hann hefir gjört sjálfan sig að Guðs syni. 8 Þegar nú Pílatus heyrði þetta, varð hann enn hræddari. 9 Og hann gekk aftur inn í höllina og segir við Jesúm: Hvaðan ertu? En Jesús gaf honum ekkert andsvar. 10 Pílatus segir þá við hann: Talar þú ekki við mig? Veistu ekki, að eg hefi vald til að láta þig lausan, og að eg hefi vald til að krossfesta þig? 11 Jesús svaraði honum: Ekki hefðir þú neitt vald yfir mér, ef þér hefði ekki verið gefið það að ofan; fyrir því hefir sá meiri synd, sem seldi mig þér í hendur. 12 Eftir þetta leitaðist Pílatus við að láta hann lausan; en Gyðingarnir kölluðu og sögðu: Ef þú lætur hann lausan, þá ert þú ekki vinur keisarans. Hver sem gjörir sjálfan sig að konungi, hann rís á móti keisaranum. 13 Þegar Pílatus heyrði þessi orð, leiddi hann Jesúm út og settist á dómstólinn, á stað sem

heitir Steinhlað, en á hebresku Gabbata. 14 En þá var aðfangadagur páska, hér
um bil um séttu stundu. Og hann segir við Gyðingana: Sjá, þar er konungur
yðar! 15 Þá kölluðu þeir: Burt, burt með hann! Krossfestu hann! Pílatus segir
við þá: Á eg að krossfesta konung yðar? Þá svöruðu æðstu prestarnir: Vér
höfum engan konung, nema keisarann. 16 Þá seldi hann þeim hann í hendur,
til þess að hann yrði krossfestur. 17 Þeir tóku þá Jesúm. Og hann gekk út og
bar kross sinn til svo kallaðs Hauskúpustaðar, sem nefnist á hebresku
Golgota. 18 Þar krossfestu þeir hann og með honum tvo aðra, sinn til hvorrar
handar, en Jesúm í miðið. 19 En Pílatus ritaði líka yfirskrift og festi á
krossinn; en þar var ritað: JESÚS FRÁ NASARET, KONUNGUR
GYÐINGANNA. 20 Þessa yfirskrift lásu nú margir Gyðingar, því að
staðurinn, þar sem Jesús var krossfestur, var nærri borginni; og var hún rituð
á hebresku, latínu og grísku. 21 Þá sögðu æðstu prestar Gyðinga við Pílatus:
Skrifa þú ekki: Konungur Gyðinganna, heldur að hann hafi sagt: Eg er
konungur Gyðinganna. 22 Pílatus svaraði: Það sem eg hefi skrifað, það hefi
eg skrifað. 23 Þegar nú hermennirnir höfðu krossfest Jesúm, tóku þeir klæði
hans og skiftu í fjóra hluti, hverjum hermanni hlut, líka kyrtilinn; en
kyrtillinn var ekki saumaður, heldur frá ofanverðu niður úr prjónaður. 24 Þeir
sögðu því hver við annan: Skerum hann ekki í sundur, köstum heldur hlut
um hann, hver skuli fá hann; til þess að sú ritning rættist, er segir: Þeir skiftu
með sér klæðum mínum og köstuðu hlut um kyrtil minn. Þetta gjörðu nú
hermennirnir. 25 En hjá krossi Jesú stóð móðir hans og móðursystir hans,
María, kona Klópa, og María Magdalena. 26 Þegar nú Jesús sá móður sína og
lærisveininn, sem hann elskaði, standa þar, segir hann við móður sína: Kona,
sjá, þar er sonur þinn! 27 Síðan segir hann við lærisveininn: Sjá, þar er móðir
þín! Og frá þeirri stundu tók lærisveinninn hana heim til sín. 28 Síðan, — er
Jesús vissi, að alt var nú þegar fullkomnað, segir hann, til þess að ritningin
skyldi rætast: Mig þyrstir. 29 Þar stóð ker fult af ediki. Þeir settu þá
njarðarvött fullan af ediki á ýsópslegg og báru honum að munni. 30 Þegar nú
Jesús hafði til sín tekið edikið, sagði hann: Það er fullkomnað! og hann
hneigði höfuðið og gaf upp andann. 31 En þar eð aðfangadagur var, og til
þess að líkamirnir væru ekki á krossinum um hvíldardaginn, — því að sá
hvíldardagur var mikill, — beiddu Gyðingarnir Pílatus, að bein þeirra væru
brotin og þeir teknir burt. 32 Hermennirnir komu því og brutu bein hins fyrsta

og hins annars, sem með honum hafði verið krossfestur. 33 En er þeir komu
til Jesú og sáu, að hann var þegar dáinn, brutu þeir ekki bein hans. 34 En einn
af hermönnunum lagði spjóti í síðu hans, og jafnskjótt kom út blóð og vatn;
35 og sá hefir vitnað það sem hefir séð, og vitnisburður hans er sannur, og
hann veit, að hann segir satt, til þess að einnig þér trúið. 36 Því að þetta varð,
til þess að sú ritniug skyldi rætast: Bein í því skal ekki brotið. 37 Og enn segir
önnur ritning: Þeir skulu snúa augum til hans, sem þeir stungu. 38 En Jósef
frá Arímaþeu, sem var lærisveinn Jesú, en heimullega, af ótta við
Gyðingana, bað síðan Pílatus um, að hann mætti taka líkama Jesú, og leyfði
Pílatus það. Hann kom því og tók líkama hans. 39 En Nikódemus, hann sem í
fyrstunni hafði komið til Jesú um nótt, kom einnig og hafði með sér hér um
bil hundrað pund af myrrublönduðu alóe. 40 Þeir tóku nú líkama Jesú og
sveipuðu hann í líndúk með ilmjurtum, eins og siður er hjá Gyðingum að búa
lík til greftrunar. 41 En á þeim stað, þar sem hann hafði verið krossfestur, var
grasgarður, og í grasgarðinum ný gröf, sem enginn hafði enn verið lagður í.
42 Þar lögðu þeir þá Jesúm — því að gröfin var þar nærri — vegna
aðfangadags Gyðinga.

20. kafli

1 En á fyrsta degi vikunnar kemur María Magdalena snemma, meðan enn þá
var dimt, til grafarinnar, og sér að steinninn er tekinn frá gröfinni. 2 Hún
hleypur þá og kemur til Símonar Péturs og til hins lærisveinsins, þess sem
Jesús elskaði, og segir við þá: Þeir hafa tekið Drottin úr gröfinni, og vér
vitum ekki, hvar þeir hafa lagt hann. 3 Þá fór Pétur út og hinn lærisveinninn,
og þeir komu til grafarinnar. 4 En þeir hlupu saman, og hinn lærisveinninn
hljóp hraðara en Pétur og kom fyrst að gröfinni; 5 og er hann gægðist inn, sá
hann líndúkana liggja þar, en þó gekk hann ekki inn. 6 Þá kemur og Símon
Pétur, sem fylgdi á eftir honum, og gekk inn í gröfina, og hann sér líndúkana
liggja þar; 7 og sveitadúkinn, sem verið hafði um höfuð hans, ekki liggjandi
hjá líndúkunum, heldur út af fyrir sig, samanbrotinn á öðrum stað. 8 Þá gekk
nú einnig hinn lærisveinn inn, sem fyrst hafði komið til grafarinnar, og sá og
trúði; 9 því að enn þá skildu þeir ekki ritninguna, að hann átti að rísa upp frá
dauðum. 10 Síðan fóru lærisveinarnir aftur heim til sín. 11 En María stóð hjá

gröfinni úti fyrir grátandi; þegar hún nú var að gráta, gægðist hún inn í gröfina, 12 og sér tvo engla í hvítum klæðum, sitjandi annan til höfða, hinn til fóta, þar sem líkami Jesú hafði legið. 13 Og þeir segja við hana: Kona, hví grætur þú? Hún segir við þá: Af því að þeir hafa tekið burt Drottin minn, og eg veit eigi hvar þeir hafa lagt hann. 14 Þegar hún hafði þetta mælt, sneri hún sér við og sér Jesúm standa þar, en hún vissi ekki, að það var Jesús. 15 Jesús segir við hana: Kona, hví grætur þú? Að hverjum leitar þú? Hún hugði, að þetta væri grasgarðsvörðurinn, og segir við hann: Herra, hafir þú borið hann burt, þá segðu mér, hvar þú hefir lagt hann, og mun eg taka hann. 16 Jesús segir við hana: María! Hún sneri sér við og segir við hann á hebresku: Rabbúni! sem þýðir: meistari. 17 Jesús segir við hana: Snert þú mig ekki, því að enn þá er eg ekki uppstiginn til föður míns; en far þú til bræðra minna og seg þeim: Eg stíg upp til föður míns og föður yðar, til Guðs míns og Guðs yðar. 18 María Magdalena kemur og boðar lærisveinunum: Eg hefi séð Drottin! og að hann hafi sagt henni þetta. 19 En er kveld var komið, þennan sama fyrsta dag vikunnar, og dyrum hafði verið lokað, þar sem lærisveinarnir voru, af ótta við Gyðingana, kom Jesús og stóð mitt á meðal þeirra og segir við þá: Friður sé með yður! 20 Og er hann hafði mælt þetta, sýndi hann þeim hendurnar og síðuna. Lærisveinarnir urðu þá glaðir, er þeir sáu Drottin. 21 Jesús sagði þá aftur við þá: Friður sé með yður! Eins og faðirinn hefir sent mig, eins sendi eg yður. 22 Og er hann sagði þetta, blés hann á þá og segir við þá: Meðtakið heilagan anda. 23 Hverjum sem þér fyrirgefið syndirnar, þeim eru þær fyrirgefnar, og hverjum, sem þér synjið, þeim er synjað. 24 En Tómas, einn af þeim tólf, sem kallaður var Dídymos, var ekki með þeim, þegar Jesús kom. 25 Hinir lærisveinarnir sögðu þá við hann: Vér höfum séð Drottin! En hann sagði við þá: Sjái eg ekki í höndum hans naglaförin, og láti fingur minn í naglaförin og leggi hönd mína í síðu hans, þá trúi eg alls ekki. 26 Og að viku liðinni voru lærisveinar hans aftur inni og Tómas með þeim. Þá kemur Jesús, er dyrum hafði verið lokað, og stóð mitt á meðal þeirra og sagði: Friður sé með yður! 27 Síðan segir hann við Tómas: Kom hingað með fingur þinn og sjá hendur mínar, og kom með hönd þína og legg í síðu mína; og ver ekki vantrúaður, heldur trúaður. 28 Tómas svaraði og sagði við hann: Drottinn minn og Guð minn! 29 Jesús segir við hann: Af því að þú hefir séð mig, hefir þú trúað; sælir eru þeir sem ekki sáu,

og trúðu þó. **30** Þannig gjörði Jesús og margar aðrar jarteinir í augsýn lærisveinanna, sem ekki eru ritaðar í þessari bók. **31** En þetta er ritað til þess að þér skuluð trúa, að Jesús er Kristur, sonur Guðs, og til þess að þér, er þér trúið, hafið líf í hans nafni.

21. kafli

1 Eftir þetta birtist Jesús aftur lærisveinunum við Tíberíasvatnið. En hann birtist með þessum hætti: **2** Þar voru saman þeir Símon Pétur og Tómas, sem kallaður er Dídymos, og Natanael frá Kana í Galíleu og þeir synir Sebedeusar og tveir aðrir af lærisveinum hans. **3** Símon Pétur segir við þá: Eg fer út að fiska. Þeir segja við hann: Vér komum líka með þér. Þeir fóru út og stigu á skipið, og þá nótt fengu þeir ekkert. **4** En er birti af degi, stóð Jesús á ströndinni; þó vissu lærisveinarnir ekki, að það var Jesús. **5** Jesús segir þá við þá: Börnin góð, hvort hafið þér nokkuð að eta? Þeir svöruðu: Nei. **6** Hann sagði þá við þá: Leggið netið hægramegin við skipið, og þér munuð verða varir. Þeir lögðu því netið, og gátu nú ekki dregið það fyrir fiskimergðinni. **7** Þá segir lærisveinn sá, sem Jesús elskaði, við Pétur: Það er Drottinn. En er Símon Pétur heyrði, að það væri Drottinn, gyrti hann kyrtilinn að sér, — því að hann var fáklæddur, — og fleygði sér í vatnið. **8** En hinir lærisveinarnir komu á bátnum og drógu netið með fiskinum á eftir sér, — því að þeir voru ekki langt frá landi, heldur svo sem tvö hundruð álnir. **9** Þegar þeir nú voru stignir á land, sjá þeir þar vera kolaeld og fisk liggja þar og brauð. **10** Jesús segir við þá: Komið með nokkuð af fiskunum, sem þér veidduð. **11** Símon Pétur fór þá út í bátinn og dró netið á land, fult af stórum fiskum, hundrað fimtíu og þremur; en þó að þeir væru svo margir, rifnaði netið ekki. **12** Jesús segir við þá: Komið og takið dagverð. En enginn af lærisveinunum dirfðist að spyrja hann: Hver ert þú? með því að þeir vissu, að það var Drottinn. **13** Jesús kemur og tekur brauðið og gefur þeim, sömuleiðis og fiskinn. **14** Þetta var nú í þriðja sinni, sem Jesús birtist lærisveinunum eftir að hann var upprisinn frá dauðum. **15** En er þeir höfðu matast, segir Jesús við Símon Pétur: Símon Jóhannesson, elskar þú mig meira en þessir? Hann segir við hann: Já, herra, þú veist, að þú ert mér kær. Hann segir við hann: Gæt þú lamba minna. **16** Enn segir hann í annað sinn: Símon Jóhannesson, elskar þú

mig? Hann segir við hann: Já, herra, þú veist að þú ert mér kær. Hann segir við hann: Hirð þú sauði mína. **17** Hann segir í þriðja sinni við hann: Símon Jóhannesson, er eg þér kær? Þá hrygðist Pétur, af því að hann sagði í þriðja sinni við hann: Er eg þér kær? Og hann sagði við hann: Herra, þú þekkir alt; þú veist, að þú ert mér kær. Jesús segir við hann: Gæt þú sauða minna. **18** Sannlega, sannlega segi eg þér: þegar þú varst ungur, gyrtir þú þig og gekst hvert sem þú vildir; en er þú eldist, muntu útbreiða hendur þínar, og annar mun gyrða þig og fara með þig, þangað sem þú vilt ekki. **19** En þetta sagði hann, til þess að tákna, með hvaða dauða hann skyldi vegsama Guð. Og er hann hafði þetta mælt, segir hann við hann: Fylg þú mér! **20** En er Pétur sneri sér við, sér hann lærisvein þann, sem Jesús elskaði, koma á eftir, þann sama, sem við kveldmáltíðina hallaði sér upp að brjósti hans og sagði: Herra, hver er sá sem svíkur þig? **21** Þegar Pétur sá hann, segir hann við Jesúm: Herra, en hvað verður um þennan? **22** Jesús segir við hann: Ef eg vil, að hann lifi þangað til eg kem, hvað tekur það til þín? Fylg þú mér. **23** Því barst sú saga út til bræðranna, að þessi lærisveinn mundi ekki deyja; en Jesús sagði ekki við hann, að hann skyldi ekki deyja, heldur: Ef eg vil, að hann lifi þangað til eg kem, hvað tekur það til þín? **24** Þessi er lærisveinninn, sem vitnar um þetta og hefir ritað þetta, og vér vitum, að vitnisburður hans er sannur. **25** Það er og margt annað, sem Jesús gjörði, og ætti það alt, hvað eina, að verða ritað upp, hygg eg, að enda heimurinn mundi ekki rúma þær bækur, sem þá yrðu ritaðar. Þ. e. páskalambinu.

Postulasagan

Actus Apostolorum

1. kafli

1 Fyrri frásöguna samdi eg, Þeófílus, um alt sem Jesús hóf að gjöra og kenna, **2** til þess dags er hann var upp numinn, eftir að hann hafði fyrir heilagan anda boðorð gefið postulunum, er hann hafði valið, **3** sem hann og sýndi sig lifandi eftir písl sína með mörgum órækum kennimerkjum, er hann lét þá sjá sig í fjörutíu daga, og talaði um það, sem guðsríki heyrir til; **4** og er hann kom saman við þá, bauð hann þeim að fara ekki burt úr Jerúsalem, heldur bíða eftir fyrirheiti föðurins, sem þér — sagði hann — hafið heyrt mig tala um, **5** því að Jóhannes skírði með vatni, en þér skuluð skírðir verða með heilögum anda, nú innan fárra daga. **6** Og er þeir nú komu saman, spurðu þeir hann og sögðu: Herra, endurreisir þú á þessum tíma ríkið handa Ísrael? **7** Og hann sagði við þá: Ekki er það yðar að vita tíma eða tíðir, sem faðirinn setti af sjálfs síns valdi; **8** en þér munuð öðlast kraft, er heilagur andi kemur yfir yður, og þér munuð verða vottar mínir bæði í Jerúsalem og í allri Júdeu og Samaríu og til ystu endimarka jarðarinnar. **9** Og er hann hafði talað þetta, varð hann upp numinn, að þeim ásjáandi, og ský nam hann frá augum þeirra. **10** Og er þeir störðu til himins, þegar hann fór burt, sjá, þá stóðu tveir menn hjá þeim í hvítum klæðum, **11** er sögðu: Galíleumenn, hví standið þér og horfið til himins? Þessi Jesús, sem var upp numinn frá yður til himins, mun koma á sama hátt og þér sáuð hann fara til himins. **12** Þá sneru þeir aftur til Jerúsalem frá Olíufjallinu, sem svo er nefnt og er í nánd við Jerúsalem, hvíldardagsleið þaðan. **13** Og er þeir voru inn komnir, fóru þeir upp í loftstofuna, þar sem þeir héldu til, þeir Pétur og Jóhannes og Jakob og Andrés, Filippus og Tómas, Bartólómeus og Matteus, Jakob Alfeusson og Símon vandlætari og Júdas Jakobsson. **14** Allir þessir voru með einum huga stöðugir í bæninni, ásamt konunum og Maríu, móður Jesú, og ásamt

bræðrum hans. 15 Og á þessum dögum stóð Pétur upp á meðal bræðranna — og þar var saman kominn flokkur manna, hér um bil eitt hundrað og tuttugu að tölu — og mælti: 16 Þér bræður, rætast hlaut ritning sú, er heilagur andi hafði fyrir sagt, fyrir munn Davíðs um Júdas, sem gjörðist leiðtogi þeirra, er höndluðu Jesúm; 17 því að hann var talinn í vorum hóp og honum hlotnaðist hlutdeild í þessari þjónustu; — 18 þessi maður hefir nú eignast reit fyrir laun ranglætisins, og hann steyptist á höfuðið og brast sundur í miðju, og iðrin öll féllu út; 19 og það varð kunnugt öllum, sem í Jerúsalem búa, svo að reitur sá var kallaður á tungu þeirra Akeldama, það er: blóðreitur. — 20 Því að ritað er í sálmabókinni: Bústaður hans skal í eyði verða, og enginn skal í honum búa, og annar taki embætti hans. 21 Því hæfir að einhver þeirra manna, sem með oss hafa verið allar stundir, meðan Drottinn Jesús gekk inn og út vor á meðal, 22 síðan er skírn Jóhannesar hófst, til þess dags er hann var upp numinn frá oss, verði vottur upprisu hans ásamt oss. 23 Og þeir tóku tvo til, Jósef, kallaðan Barsabas, að auknefni Jústus, og Mattías; 24 og þeir báðust fyrir og sögðu: Drottinn, þú sem þekkir hjörtu allra, sýn þú, hvorn af þessum tveimur þú hefir valið 25 til að taka sæti þjónustu þessarar og postuladóms, er Júdas varð fráskila, til að fara til síns eigin staðar. 26 Og þeir hlutuðu um þá, og hluturinn féll á Mattías, og var hann talinn með postulunum ellefu.

2. kafli

1 Og er nú var kominn hvítasunnudagurinn, voru þeir allir saman komnir á einum stað; 2 og skyndilega varð gnýr af himni, eins og aðdynjanda sterkviðris, og fylti alt húsið, sem þeir sátu í; 3 og þeim birtust tungur, eins og af eldi væru, er kvísluðust og settust á einn og sérhvern þeirra; 4 og þeir urðu allir fullir af heilögum anda og tóku að tala öðrum tungum, eins og andinn gaf þeim að mæla. 5 En þar voru Gyðingar búsettir í Jerúsalem, guðræknir menn, af öllum þjóðum undir himninum. 6 En er þetta hljóð heyrðist, kom mannfjöldinn saman, og honum brá mjög við, því að þeir heyrðu, hver og einn, þá mæla á sína tungu. 7 Og allir urðu forviða og undruðust, segjandi: Sjá, eru ekki allir þessir, sem tala, Galíleumenn? 8 Og hvernig heyrum vér, hver og einn, talað á eigin tungu vorri, er vér erum fæddir með: 9 Partar og Medar og Elamítar, og vér sem heima eigum í Mesopótamíu, Júdeu,

Kappadókíu, Pontus og Asíu; 10 í Frýgíu og Pamfýlíu, Egiptalandi og
Líbýubygðum við Kýrene, og vér Rómverjar, sem hér höfum sest að, 11 bæði
Gyðingar, og þeir, sem gjörst hafa Gyðingar, Kríteyingar og Arabar, vér
heyrum þá tala á vorum tungum um stórmerki Guðs? 12 En þeir urðu allir frá
sér og forviða, og sögðu hver við annan: Hvað ætlar úr þessu að verða? 13 En
aðrir höfðu að spotti og sögðu: Þeir eru druknir af sætu víni. 14 Og Pétur reis
upp ásamt þeim ellefu, hóf upp rödd sína og ávarpaði þá: Þér Gyðingar, og
allir þér, sem í Jerúsalem búið, þetta sé yður vitanlegt, og ljáið eyru orðum
mínum; 15 því að eigi eru þessir menn druknir, svo sem þér ætlið, því að nú
er þriðja stund dags; 16 heldur er þetta það, sem sagt hefir verið fyrir Jóel
spámann: 17 Og það mun verða á hinum efstu dögum, segir Guð, að eg mun
úthella af anda mínum yfir alt hold; synir yðar og dætur yðar munu spá, og
ungmenni yðar munu sjá sjónir, og gamalmenni yðar mun drauma dreyma. 18
Já, einnig yfir þræla mína og yfir ambáttir mínar mun eg á þeim dögum
úthella af anda mínum, og þau munu spá. 19 Og eg mun láta undur verða á
himnum uppi og tákn á jörðu niðri, blóð og eld og reykjarsvælu. 20 Sólin mun
snúast í myrkur og tunglið í blóð, áður en hinn mikli og dýrlegi dagur
Drottins kemur. 21 Og svo mun verða, að hver sem ákallar nafn Drottins, mun
frelsast. 22 Þér Ísraelsmenn, heyrið þessi orð: Jesúm frá Nazaret, mann þann,
er Guð auðkendi fyrir yður með kraftaverkum og undrum og táknum, sem
Guð gjörði fyrir hann yðar á meðal, svo sem þér sjálfir vitið, — 23 hann hafið
þér, er hann var framseldur eftir fyrirhuguðu ráði Guðs og fyrirvitund, neglt
á kross með höndum vondra manna og tekið af lífi, — 24 hann uppvakti Guð,
er hann létti af kvölum dauðans, því að ekki var það mögulegt, að hann
skyldi, af honum haldinn verða; 25 því að Davíð segir með tilliti til hans:
Ávalt hafði eg Drottin fyrir augum mér, því að hann er mér til hægri hliðar,
til þess að eg bifist ekki. 26 Fyrir því gladdist hjarta mitt, og tunga mín
fagnaði, og meira að segja mun og hold mitt hvíla í von. 27 Því að ekki munt
þú eftir skilja sálu mína í helju, og eigi heldur munt þú láta þinn heilaga sjá
rotnun. 28 Kunna gjörðir þú mér lífsins vegu; þú munt mig með fögnuði fylla
fyrir þínu augliti. 29 Þér bræður, skorinort get eg við yður talað um
ættföðurinn Davíð, að hann er bæði dáinn og grafinn, og leiði hans er til hjá
oss alt til þessa dags. 30 Af því að hann nú var spámaður, og vissi að Guð
hafði með eiði svarið honum, að setja í hásæti hans mann af ávexti lendar

hans, 31 sá hann það fyrir og talaði um upprisu Krists, því að hvorki var hann eftir skilinn í helju, og eigi heldur sá hold hans rotnun; — 32 þennan Jesúm uppvakti Guð, og erum vér allir vottar þess. 33 Þegar hann því nú með Guðs hægri hendi er upp hafinn, og hefir af föðurnum fengið fyrirheitið um heilagan anda, hefir hann úthelt honum, sem þér sjáið og heyrið. 34 Því að ekki sté Davíð til himna, en hann segir sjálfur: Drottinn sagði við minn Drottin: Set þig mér til hægri handar, 35 þangað til eg gjöri óvini þína að fótaskör þinni. 36 Með óbrigðanlegri vissu viti þá alt Ísraels hús, að Guð hefir gjört hann bæði að drotni og að Kristi, þennan Jesúm, sem þér krossfestuð. 37 En er þeir heyrðu þetta, stungust þeir í hjörtun og sögðu við Pétur og hina postulana: Hvað eigum vér að gjöra, bræður? 38 En Pétur sagði við þá: Gjörið iðrun og sérhver yðar láti skírast í nafni Jesú Krists til fyrirgefningar synda yðar, og þér munuð öðlast gjöf heilags anda; 39 því að yður er ætlað fyrirheitið og börnum yðar og öllum þeim, sem í fjarlægð eru — öllum þeim, sem Drottinn Guð vor kallar til sín. 40 Og með öðrum fleiri orðum bar hann vitni, og áminti þá, segjandi: Látið frelsast frá þessari rangsnúnu kynslóð. 41 Þeir, sem þá meðtóku orð hans, voru skírðir, og á þeim degi bættust við hér um bil þrjú þúsund sálir. 42 Og þeir héldu sér stöðuglega við kenningu postulanna og samfélagið og brotning brauðsins og bænirnar. 43 En ótti kom yfir sérhverja sál, og mörg undur og tákn gjörðust af postulunum. 44 En allir þeir sem trúðu voru saman og höfðu alt sameiginlegt, 45 og þeir seldu eignir sínar og fjármuni, og skiftu því meðal allra, eftir því sem hver hafði þörf til. 46 Og daglega héldu þeir sér með einum huga stöðugt í helgidóminum og brutu brauð í heimahúsum, og neyttu fæðu með fögnuði og einfaldleik hjartans, 47 og lofuðu Guð og höfðu vinsældir af öllum lýð. En Drottinn bætti daglega við í hópinn þeim, er frelsast létu.

3. kafli

1 En Pétur og Jóhannes gengu upp í helgidóminn um bænastundina, níundu stund. 2 Og þangað var borinn maður, er haltur var frá móðurlífi, og menn lögðu hann daglega við þær dyr helgidómsins, er nefndar eru hinar fögru, svo að hann bæðist ölmusu af þeim, er inn gengu í helgidóminn. 3 Er hann sá þá Pétur og Jóhannes ætla að ganga inn í helgidóminn, beiddist hann ölmusu;

4 en Pétur horfði á hann ásamt Jóhannesi og sagði: Líttu á okkur. 5 En hann
blíndi á þá í þeirri von að fá eitthvað hjá þeim. 6 En Pétur sagði: Silfur og
gull á eg ekki, en það sem eg hefi, það gef eg þér: Í nafni Jesú Krists frá
Nazaret, þá gakk þú! 7 Og hann tók í hægri hönd hans og reisti hann á fætur. 8
En jafnskjótt urðu fætur hans og öklar styrkir, og hann spratt upp, stóð og
gekk, og fór með þeim inn í helgidóminn og gekk um kring og hljóp og
lofaði Guð, 9 og alt fólkið sá hann ganga um kring og lofa Guð. 10 Og þeir
könnuðust við hann, að þetta var maðurinn, sem sat við fögru dyrnar á
helgidóminum, til að beiðast ölmusu, og þeir undruðust og furðuðu sig
stórlega á því, sem fram við hann hafði komið. 11 En er hann hélt sér að Pétri
og Jóhannesi, flyktist alt fólkið forviða til þeirra í súlnagöngin, sem kend eru
við Salómon. 12 En er Pétur sá það, ávarpaði hann fólkið: Þér Ísraelsmenn,
hví furðar yður á þessu? eða hví starið þér á okkur, eins og við hefðum af
eigin mætti eða guðhræðslu komið því til leiðar, að hann gengur? 13 Guð
Abrahams og Ísaks og Jakobs, Guð feðra vorra, hefir dýrðlegan gjört þjón
sinn Jesúm, sem þér framselduð og afneituðuð frammi fyrir Pílatusi, er hann
hafði ályktað að láta hann lausan. 14 En þér afneituðuð hinum heilaga og
réttláta og beiddust að manndrápari yrði gefinn yður; 15 en líflétuð höfðingja
lífsins, sem Guð uppvakti frá dauðum, og að því erum vér vottar. 16 Og við
trúna á nafn hans hefir nafn hans gjört þennan mann, er þér sjáið og þekkið,
styrkan, og trúin, sem er fyrir hann, hefir gefið honum þennan albata, fyrir
allra yðar augum. 17 Og nú veit eg, bræður, að þér gjörðuð það af
vanþekkingu, eins og höfðingjar yðar; 18 en Guð lét þannig rætast það, sem
hann hafði boðað fyrirfram fyrir munn allra spámannanna, að hans smurði
skyldi pínast. 19 Gjörið því iðrun og snúið yður, að syndir yðar verði
afmáðar, til þess að endurlífgunartímar komi frá augliti Drottins, 20 og hann
sendi Krist, sem yður var fyrirhugaður, Jesúm. 21 Við honum á himininn að
taka alt til endurreisnartíma allra hluta, sem Guð hefir talað um fyrir munn
sinna heilögu spámanna frá upphafi. 22 Móse hefir sagt: Spámann mun
Drottinn Guð uppvekja yður af bræðrum yðar eins og mig. Hlýðið honum í
öllu, er hann talar til yðar. 23 Og svo mun verða, að sérhver sál, sem ekki
hlýðir þessum spámanni, skal gjöreyðast úr lýðnum. 24 Og allir spámennirnir
frá Samúel og þeir sem á eftir komu, svo margir sem talað hafa, þeir boðuðu
og þessa daga. 25 Þér eruð synir spámannanna og sáttmálans, sem Guð gjörði

við feður yðar, er hann sagði við Abraham: Og af þínu afkvæmi skulu allar ættkvíslir jarðarinnar blessun hljóta. 26 Fyrir yður hefir Guð fyrst uppvakið þjón sinn, og hefir sent hann, til þess að blessa yður, með því að hver og einn yðar snúi sér frá illverkum sínum.

4. kafli

1 En meðan þeir voru að tala til fólksins, komu að þeim prestarnir og varðforingi helgidómsins og Saddúkearnir, 2 sem voru sárgramir af því, að þeir kendu fólkinu og boðuðu upprisu dauðra í Jesú. 3 Og þeir lögðu hendur á þá og settu þá í varðhald til næsta morguns, því að kveld var komið. 4 En margir þeirra, er heyrt höfðu orðið, tóku trú, og tala karlmanna varð um fimm þúsundir. 5 Næsta morgun var það, að höfðingjarnir, öldungarnir og fræðimennirnir komu saman í Jerúsalem, 6 og Annas, æðsti presturinn, og Kaífas og Jóhannes og Alexander og allir, sem voru af æðsta prests ætt. 7 Og þeir leiddu þá fram fyrir sig, og spurðu þá: Með hvaða krafti, eða í hvað nafni hafið þið gjört þetta? 8 Þá sagði Pétur við þá, fyltur heilögum anda: Þér höfðingjar lýðsins og öldungar! 9 Úr því að í dag er haldin rannsókn yfir oss vegna góðverks við sjúkan mann, um það, við hvað þessi maður er heill orðinn, 10 þá sé yður öllum vitanlegt og öllum Ísraelslýð, að í nafni Jesú Krists frá Nazaret, sem þér krossfestuð og Guð uppvakti frá dauðum, einmitt fyrir hann stendur þessi maður heilbrigður fyrir augum yðar. 11 Hann er steinninn, sem einskis var virtur af yður, húsasmiðunum, hann er orðinn að hyrningarsteini. 12 Og ekki er hjálpræðið í neinum öðrum, því að eigi er heldur annað nafn undir himninum, er menn kunna að nefna, er oss sé ætlað að verða hólpnir í. 13 En er þeir sáu djörfung Péturs og Jóhannesar og komust að því, að þeir voru ólærðir menn og leikmenn, undruðust þeir. Og þeir könnuðust við þá, að þeir höfðu verið með Jesú. 14 Og er þeir sáu manninn, sem læknaður hafði verið, standa hjá þeim, höfðu þeir ekkert í móti að mæla. 15 Og þeir skipuðu þeim að ganga út frá ráðinu, báru sig saman og sögðu: 16 Hvað eigum vér að gjöra við þessa menn? Því að augljóst er öllum, sem í Jerúsalem búa, að vitanlegt tákn er orðið af völdum þeirra, og vér getum ekki neitað því. 17 En til þess að það berist ekki frekar út meðal lýðsins, þá skulum vér hóta þeim hörðu, tali þeir framar í þessu nafni við nokkurn mann. 18

Síðan kölluðu þeir þá fyrir sig og bönnuðu þeim algjörlega að tala eða kenna í Jesú nafni. **19** En Pétur og Jóhannes svöruðu þeim og sögðu: Dæmið sjálfir, hvort það sé rétt fyrir augum Guðs, að hlýðnast yður fremur en Guði; **20** því að vér getum ekki annað en talað það, sem vér höfum séð og heyrt. **21** En þeir ógnuðu þeim enn frekar, og sleptu þeim, því þeim hugsaðist ekkert ráð til að hegna þeim vegna fólksins, því að allir lofuðu Guð fyrir þennan atburð; **22** því að maðurinn var yfir fertugt, sem þetta lækningartákn hafði komið fram við. **23** En er þeim var slept, fóru þeir til félaga sinna og greindu þeim frá öllu því, sem æðstu prestarnir og öldungarnir höfðu við þá talað. **24** En þegar þeir heyrðu það, hófu þeir með einum huga raust sína til Guðs og sögðu: Herra, þú ert sá, sem gjört hefir himininn og jörðina og hafið og alt, sem í þeim er, **25** þú sem fyrir heilagan anda hefir fyrir munn Davíðs, föður vors, þjóns þíns, sagt: Hví æddu heiðingjarnir, og hví tóku lýðirnir saman hégómleg ráð? **26** Konungar jarðarinnar risu upp og höfðingjarnir tóku sig saman gegn drotni og gegn hans smurða. **27** Því að sannarlega tóku sig saman í borg þessari gegn hinum heilaga þjóni þínum Jesú, er þú smurðir, þeir Heródes og Pontíus Pílatus, ásamt heiðingjunum og lýðum Ísraels, **28** til að gjöra alt það, er hönd þín og ráð þitt hafði fyrirhugað að verða skyldi. **29** Og nú, Drottinn, lít á hótanir þeirra og veit þjónum þínum með allri djörfung að tala orð þitt, **30** er þú réttir út hönd þína til lækninga, og til þess að tákn og undur verði fyrir nafn þíns heilaga þjóns Jesú. **31** Og er þeir höfðu beðist fyrir, hrærðist staðurinn, þar sem þeir voru saman komnir, og þeir fyltust allir heilögum anda, og töluðu orð Guðs með djörfung. **32** En í hinum fjölmenna hóp þeirra, sem trú höfðu tekið, var eitt hjarta og ein sál, og enginn þeirra taldi neitt vera sitt, er hann átti, heldur var þeim alt sameiginlegt. **33** Og með miklum krafti báru postularnir vitni um upprisu Drottins Jesú, og mikil náð var yfir þeim öllum; **34** því að eigi var heldur neinn þurfandi meðal þeirra, því að allir landeigendur og húseigendur seldu, og komu með andvirði hins selda, **35** og lögðu fyrir fætur postulanna, og sérhverjum var úthlutað eftir því sem hann hafði þörf til. **36** Og Jósef, sem kallaður var af postulunum að viðurnefni Barnabas, — það er útlagt: huggunar sonur, — Levíti, ættaður frá Kípur, átti sáðland og seldi, og kom með verðið og lagði fyrir fætur postulanna.

5. kafli

1 En maður nokkur, Ananías að nafni, seldi, ásamt Saffíru konu sinni, eign, **2** og dró undan af verðinu með vitund konu sinnar, og kom með nokkuð af því og lagði fyrir fætur postulanna. **3** En Pétur mælti: Ananías, hví fylti Satan hjarta þitt, svo að þú skyldir ljúga að heilögum anda og draga undan af jarðarverðinu? **4** Var hún ekki þín, á meðan hún var í eign þinni, og var ekki söluverðið á þínu valdi? Hvernig gastu þá látið þér hugkvæmast slíkt tiltæki? Ekki hefir þú logið að mönnum, heldur að Guði. **5** Og er Ananías heyrði orð þessi, féll hann niður og gaf upp andann, og miklum ótta sló yfir alla þá, sem heyrðu þetta. **6** Og ungu mennirnir stóðu upp og bjuggu um hann, og báru hann í burt og jörðuðu. **7** Að liðnum svo sem þrem stundum atvikaðist það, að kona hans kom inn, og vissi eigi hvað við hafði borið. **8** Og Pétur tók til máls við hana: Seg mér, selduð þið jörðina fyrir þetta verð? En hún sagði: Já, fyrir þetta verð. **9** Pétur mælti þá til hennar: Hvernig gátuð þið orðið samþykk um að freista anda Drottins? Sjá, fætur þeirra, sem greftruðu mann þinn, eru við dyrnar, og þeir munu bera þig út. **10** En hún féll jafnskjótt niður fyrir fætur honum, og gaf upp andann, og er ungu mennirnir komu inn, fundu þeir hana dauða, og þeir báru hana út og grófu hjá manni hennar. **11** Og miklum ótta sló yfir allan kirkjuna og yfir alla þá sem heyrðu þetta. **12** En fyrir hendur postulanna gjörðust mörg tákn og undur meðal lýðsins, og þeir voru allir með einum huga í súlnagöngum Salómons. **13** En af hinum dirfðist enginn að samlagast þeim, en lýðurinn miklaði þá. **14** Og því fremur bættust trúaðir drotni, fjöldi bæði karla og kvenna; **15** svo að þeir jafnvel báru sjúka menn út á strætin og lögðu þá á legubekki og í burðarrekkjur, til þess að, þótt ekki væri meira en að skuggann af Pétri, er hann gekk um, skyldi bera á einhvern þeirra. **16** En einnig streymdi að mannfjöldinn úr borgunum umhverfis Jerúsalem, og höfðu með sér sjúka menn og þjáða af óhreinum öndum, og hlutu þeir allir lækningu. **17** En æðsti presturinn reis upp, og allir þeir, sem með honum voru — sem voru flokkur Saddúkeanna — og þeir fyltust vandlæti; **18** og þeir lögðu hendur á postulana, og settu þá í almennings-varðhald. **19** En engill Drottins opnaði um nótt dyr fangelsisins, og leiddi þá út og sagði: **20** Farið og gangið fram, og talið í helgidóminum til lýðsins öll þessi lífsins orð. **21** Og er þeir höfðu heyrt þetta, gengu þeir í

dögun inn í helgidóminn og kendu. En æðsti presturinn kom, og þeir sem
með honum voru, og kölluðu saman ráðið og alla öldunga Ísraelssona, og
sendu til varðhaldsins, til að láta sækja þá. 22 En þjónarnir komu og fundu þá
ekki í fangelsinu, og þeir sneru aftur og sögðu frá, svo mælandi: 23
Varðhaldið fundum vér að öllu leyti tryggilega læst, og varðmennina
standandi fyrir dyrunum, en er vér lukum upp, fundum vér engan inni. 24 En
er þeir heyrðu þessi orð, bæði varðforingi helgidómsins og æðstu prestarnir,
urðu þeir ráðþrota með þá, og vissu ekki hvað úr þessu ætlaði að verða. 25 En
þá kom maður og bar þeim þá frétt: Sjá, mennirnir sem þér settuð í fangelsið,
standa í musterinu og eru að kenna lýðnum. 26 Þá fór varðforinginn með
þjónunum og sótti þá, þó án ofbeldis, því að þeir óttuðust fólkið, að þeir yrðu
grýttir. 27 Og er þeir voru komnir með þá, leiddu þeir þá fram fyrir ráðið, og
æðsti presturinn spurði þá, og sagði: 28 Stranglega buðum vér yður, að kenna
ekki í þessu nafni, og sjá, þér hafið fylt Jerúsalem með kenningu yðar, og
viljið leiða yfir oss blóð þessa manns. 29 En Pétur og postularnir svöruðu og
sögðu: Framar ber að hlýða Guði en mönnum. 30 Guð feðra vorra hefir
uppvakið Jesúm, sem þér hengduð upp á tré og tókuð af lífi; 31 þennan hefir
Guð upp hafið með hægri hendi sinni, til að vera foringi og frelsari, til að
veita Ísrael afturhvarf og syndafyrirgefningu. 32 Og vér erum vottar að
þessum atburðum, og heilagur andi, sem Guð hefir gefið þeim, er honum
hlýða. 33 En er þeir heyrðu þetta, fyltust þeir bræði og voru ráðnir í að deyða
þá. 34 En í ráðinu stóð þá upp Farísei nokkur, Gamalíel að nafni, lögfróður
maður, vel metinn af öllum lýðnum; hann bauð að mennirnir væru látnir fara
út stundarkorn. 35 Og hann sagði við þá: Þér Ísraelsmenn, athugið vel, hvað
þér gjörið við þessa menn, 36 því að fyrir skömmu var það, að Þevdas reis
upp, og lét ekki svo lítið yfir sér. Til hans hyltust nær fjögur hundruð manns;
en hann var drepinn, og allir þeir sem að honum hnigu, tvístruðust og urðu
að engu. 37 Eftir hann reis upp Júdas frá Galíleu á dögum skrásetningarinnar
og fékk fólk til fylgis við sig. Hann fyrirfórst líka, og allir þeir dreifðust sem
að honum hnigu. 38 Og nú segi eg yður: Látið þessa menn eiga sig og sleppið
þeim, því að ef þetta ráð eða verk þetta er af mönnum, verður það að engu; 39
en ef það er af Guði, þá megnið þér ekki að yfirbuga þá. Eigi má yður það
henda, að þér jafnvel berjist gegn Guði. 40 Og þeir samsintu honum og
kölluðu á postulana og húðstrýktu þá, og fyrirbuðu þeim að tala í Jesú nafni,

og létu þá lausa. 41 Þeir fóru nú burt úr augsýn ráðsins, glaðir yfir því að þeir
höfðu verið virtir þess að líða háðung vegna nafnsins, 42 og létu eigi af að
kenna dag hvern í helgidóminum og heima, og boða fagnaðarerindið um
Krist Jesúm.

6. kafli

1 En á þessum dögum, er vaxa tók fjöldi lærisveinanna, kom upp kurr hjá
Hellenistum gegn Hebreum út af því, að ekkjur þeirra væru settar hjá við
hina daglegu þjónustu. 2 Og þeir tólf kölluðu þá lærisveinahópinn saman og
sögðu: Ekki hæfir að vér yfirgefum Guðs orð, til að þjóna fyrir borðum. 3
Komið því, bræður, auga á sjö vel kynta menn í yðar hóp, sem fullir eru af
anda og visku, og munum vér setja þá yfir þetta starf; 4 en vér munum halda
oss stöðugt að bæninni og þjónustu orðsins. 5 Og allri samkomunni líkaði
talið vel, og þeir kusu Stefán, mann fullan af trú og heilögum anda, og
Filippus og Prokórus og Níkanor og Tímon og Parmenas og Nikolás frá
Antíokkíu, sem tekið hafði Gyðinga trú. 6 Og þeir leiddu þá fram fyrir
postulana, og þeir báðust fyrir og lögðu hendur yfir þá. 7 Og orð Guðs efldist
og tala lærisveinanna í Jerúsalem fór stórum vaxandi, og mikill fjöldi presta
gekk til hlýðni við trúna. 8 En Stefán gjörði, fullur af náð og krafti, undur og
tákn mikil meðal fólksins. 9 Þá risu upp nokkrir menn úr samkundunni, sem
kend er við Líbertína og Kýreninga og Alexandríumenn, og úr flokki
Kilikíu- og Asíumanna, og þráttuðu við Stefán. 10 Og þeir gátu ekki staðið í
gegn viskunni og andanum, sem hann talaði af. 11 Þá settu þeir út menn, er
sögðu: Vér höfum heyrt hann tala lastmælisorð gegn Móse og Guði. 12 Og
þeir æstu upp fólkið og öldungana og fræðimennina, og veittust að honum og
gripu hann og fóru með hann til ráðsins. 13 Og þeir leiddu fram ljúgvotta, er
sögðu: Þessi maður lætur ekki af að tala orð gegn þessum heilaga stað og
lögmálinu, 14 því að vér höfum heyrt hann segja, að þessi Jesús frá Nazaret
muni niðurbrjóta stað þennan og breyta þeim siðum, sem Móse hefir sett oss.
15 Og öllum, sem í ráðinu sátu, varð starsýnt á hann, og virtist þeim ásjóna
hans vera sem engils ásjóna.

7. kafli

1 Og æðsti presturinn sagði: Er þessu svo varið? **2** Og hann mælti: Heyrið mig, bræður og feður! Guð dýrðarinnar birtist föður vorum Abraham, er hann var í Mesópótamíu, áður en hann bjó í Haran, **3** og sagði við hann: Far þú burt úr landi þínu og frá ættfólki þínu og far til landsins, sem eg mun vísa þér á. **4** Þá fór hann burt úr Kaldealandi og bjó í Haran. Og eftir að faðir hans var látinn, lét Guð hann flytja sig búferlum þaðan til þessa lands, sem þér nú byggið. **5** Og eigi gaf hann honum erfð í landinu, ekki svo mikið sem eitt fótmál, en hann hét honum að gefa honum það til eignar og niðjum hans eftir hann, er hann enn var barnlaus. **6** Og Guð talaði á þá leið, að niðjar hans mundu búa sem útlendingar í landi, sem þeir ættu ekki, og menn mundu þá undir þrældóm leggja og þjá þá í fjögur hundruð ár. **7** Og þjóðina, sem þeir munu vera í þrælkun hjá, mun eg dæma, sagði Guð. Og eftir það munu þeir í burt fara og þjóna mér á þessum stað. **8** Og hann gaf honum
umskurnar-sáttmála. Og síðan gat Abraham Ísak og umskar hann á áttunda degi, og Ísak gat Jakob og Jakob þá tólf ættfeður. **9** Og ættfeðurnir öfunduðu Jósef og seldu hann til Egiptalands, en Guð var með honum **10** og frelsaði hann úr öllum þrengingum hans, og gaf honum hylli og visku fyrir augum Faraós, Egiptalands konungs, og hann skipaði hann höfðingja yfir Egiptaland og yfir alt sitt hús. **11** Nú kom hallæri yfir alt Egiptaland og Kanaan og mikil þrenging, og feður vorir höfðu ekki lífsbjörg. **12** En er Jakob heyrði að korn væri til í Egiplalandi, sendi hann feður vora af stað í fyrra skiftið. **13** Og í seinna skiftið sagði Jósef til sín við bræður sína, og Faraó varð kunn ætt Jósefs. **14** En Jósef sendi menn eftir Jakob föður sínum og öllu ættfólki sínu, sjötíu og fimm sálum. **15** Og Jakob fór niður til Egiptalands og andaðist, hann og feður vorir. **16** Og þeir voru fluttir þaðan til Sikem og lagðir í grafreitinn, er Abraham hafði keypt fyrir silfur af sonum Hemors í Sikem. **17** En er nálgast tók tími fyrirheitisins, sem Guð hafði heitið Abraham, óx fólkið og margfaldaðist í Egiptalandi, **18** þangað til annar konungur tók völd yfir Egiptalandi, er eigi vissi skyn á Jósef. **19** Hann beitti slægð við kyn vort og lék feður vora svo illa, að þeir urðu að bera út ungbörn sín, til þess að þau skyldu eigi lífi halda. **20** Um þessar mundir fæddist Móse og var frábærlega fríður; þrjá mánuði var hann fóstraður í húsi föður síns. **21** Og er hann var út

borinn, tók dóttir Faraós hann upp og fóstraði hann sem sinn son. **22** Og Móse var fræddur í allri speki Egipta, og hann var máttugur í orðum sínum og verkum. **23** Og er Móse var fertugur að aldri, kom honum í hug að vitja bræðra sinna, Ísraels sona. **24** Og er hann sá einn þeirra verða fyrir ójöfnuði, rétti hann hluta hans, hefndi þess sem meingjörðina þoldi, og drap egipska manninn. **25** Og hann hugði að bræður sínir mundu skilja, að fyrir hans hönd gæfi Guð þeim frelsi, en þeir skildu það ekki. **26** Og næsta dag kom hann að þeim, er þeir voru að berjast, og vildi stilla til friðar með þeim, og sagði: Góðir menn, þið eruð bræður, hví beitið þið ójöfnuði hvor við annan? **27** En sá sem ójöfnuði beitti við náunga sinn, hratt honum frá sér, og sagði: Hver skipaði þig höfðingja og dómara yfir okkur? **28** Þú munt þó ekki vilja drepa mig, eins og þú drapst egipska manninn í gær? **29** Við þessi orð flýði Móse og hafðist við sem útlendingur í Midíanslandi og gat þar tvo sonu. **30** Og að fjörutíu árum liðnum birtist honum engill í eyðimörku Sínaí-fjalls, í eldsloga í runni. **31** Og er Móse sá það, undraðist hann sýnina, og er hann gekk til og vildi hyggja að, hljómaði rödd Drottins: **32** Eg er Guð feðra þinna, Guð Abrahams og Ísaks og Jakobs. En Móse skelfdist og þorði ekki að að hyggja. **33** En Drottinn sagði við hann: Leys af þér skó þína, því að staðurinn, sem þú stendur á, er heilög jörð. **34** Gjörla hefi eg séð þjáningu lýðs míns, sem er á Egiptalandi, og hefi heyrt andvörp þeirra, og eg er nú ofan kominn til að frelsa þá. Og kom nú, eg vil senda þig til Egiptalands. **35** Þennan Móse, er þeir afneituðu, segjandi: Hver skipaði þig höfðingja og dómara? — þann hinn sama sendi Guð bæði sem höfðingja og frelsara, með fulltingi engilsins, er honum birtist í runninum. **36** Þessi maður leiddi þá út, er hann hafði gjört undur og tákn á Egiptalandi og á Rauðahafinu og á eyðimörkinni í fjörutíu ár. **37** Þetta er sá Móse, sem sagði við sonu Ísraels: Spámann mun Guð uppvekja yður af bræðrum yðar, líkan mér. **38** Þessi er sá sem var í söfnuðinum á eyðimörkinni með englinum, er við hann talaði á Sínaí-fjalli, og með feðrum vorum, hann sem tók á móti lifandi boðum, til að gefa oss. **39** Og eigi vildu feður vorir hlýðnast honum, heldur hrundu þeir honum frá sér og sneru sér í hjörtum sínum til Egiptalands og sögðu við Aron: **40** Gjör oss guði, er fari fyrir oss, því að vér vitum ekki, hvað af Móse þeim er orðið, sem oss leiddi brott af Egiptalandi. **41** Og á þeim dögum smíðuðu þeir kálf og færðu skurðgoðinu fórn, og voru kátir yfir sínum handaverkum. **42** En Guð

sneri sér frá þeim og ofurseldi þá til þess að þjóna her himinsins, eins og ritað er í bók spámannanna: Færðuð þér mér, Ísraels hús, sláturdýr og fórnir í fjörutíu ár á eyðimörkinni? 43 Og þér báruð búð Móloks og stjörnu guðsins Refans, myndirnar, sem þér smíðuðuð, til þess að tilbiðja þær; og eg mun flytja yður búferlum austur fyrir Babýlon. 44 Feður vorir höfðu vitnisburðar-tjaldbúðina á eyðimörkinni, eins og hann hafði fyrir skipað, er mælti við Móse, að hann skyldi gjöra hana eftir þeirri fyrirmynd, sem hann hafði séð. 45 Við henni tóku og feður vorir og fluttu hana með Jósúa inn í landið, — er var í eignarhaldi heiðingjanna, en þá rak Guð út frá augsýn feðra vorra, — alt til daga Davíðs. 46 Hann fann náð hjá Guði og bað að hann mætti koma upp bústað fyrir Jakobs Guð. 47 En Salómon bygði honum hús. 48 En eigi býr hinn hæsti í því, sem með höndum er gjört, eins og spámaðurinn segir: 49 Himininn er mitt hásæti og jörðin skör fóta minna; hvaða hús munuð þér mér reisa, segir Drottinn, eða hver er hvíldarstaður minn? 50 Hefir ekki hönd mín gjört alla þessa hluti? 51 Þér harðsvíraðir og óumskornir í hjörtum og á eyrum, þér standið ávalt í gegn heilögum anda, þér eins og feður yðar. 52 Hver var sá af spámönnunum, er feður yðar ofsóttu eigi? Og þá drápu þeir, er fyrirboðuðu tilkomu hins réttláta, en hans framseljendur og banamenn hafið þér nú orðið, 53 þér sem lögmálið fenguð við umsýslan engla, og hafið eigi varðveitt það. 54 En er þeir heyrðu þetta, fyltust þeir bræði í hjörtum sínum og gnístu tönnum gegn honum. 55 En hann horfði til himins, fullur af heilögum anda, og leit dýrð Guðs og Jesúm standandi við hægri hönd Guðs, 56 og sagði: Sjá, eg sé himnana opna og mannsins son standandi til hægri handar Guði. 57 En þeir æptu hárri röddu og byrgðu fyrir eyru sér og réðust að honum samhuga, 58 og þeir hröktu hann út úr borginni og grýttu hann. Og vottarnir lögðu yfirhafnir sínar að fótum ungum manni, er Sál hét. 59 Og þeir grýttu Stefán, sem ákallaði og sagði: Herra Jesú, meðtak þú anda minn. 60 Og hann féll á kné og æpti hárri röddu: Drottinn, lát þá ekki gjalda þessarar syndar. Og er hann hafði þetta mælt, þá sofnaði hann.

8. kafli

1 Og Sál lét sér vel líka líflát hans. En mikil ofsókn hófst á þeim degi gegn kirkjunni í Jerúsalem, og allir tvístruðust út um bygðir Júdeu og Samaríu,

nema postularnir. 2 En guðhræddir menn greftruðu Stefán og gjörðu kveinan
mikla yfir honum. 3 En Sál eyddi kirkjunni; hann óð inn í hvert hús og dró
þaðan bæði karla og konur og seldi í varðhald. 4 En þeir sem nú tvístraðir
voru, fóru víðsvegar og boðuðu orð fagnaðarerindisins. 5 En Filippus fór
norður til borgarinnar í Samaríu og prédikaði þeim Krist. 6 Og fólkið gaf
samhuga gaum orðum Filippusar, er það heyrði þau og sá táknin, sem hann
gjörði; 7 því að margir voru þeir, er höfðu óhreina anda; fóru þeir út af þeim,
hrópandi hárri röddu, og margir lama menn og haltir læknuðust. 8 Og mikill
fögnuður varð í þeirri borg. 9 En maður nokkur, Símon að nafni, var fyrir í
borginni, hann var töframaður og vakti undrun Samaríuþjóðarinnar, og
þóttist vera eitthvað stórt. 10 Til hans hnigu allir, smáir sem stórir, segjandi:
Þessi maður er kraftur Guðs, er mikill nefnist. 11 En þeir hnigu að honum, af
því að hann hafði í langa tíð vakið undrun þeirra með töfrum. 12 Nú sem
menn trúðu Filippusi, er hann boðaði þeim fagnaðarerindið um guðsríki og
nafn Jesú Krists, létu bæði karlar og konur skírast. 13 En Símon tók líka trú,
og er hann var skírður, hélt hann sér stöðugt til Filippusar, og hann undraðist,
er hann sá tákn og mikil kraftverk gjörast. 14 En er postularnir, þeir er í
Jerúsalem voru, heyrðu að Samaría hefði tekið við orði Guðs, sendu þeir til
þeirra þá Pétur og Jóhannes. 15 Þeir fóru norður þangað og báðu fyrir þeim,
að þeir mættu öðlast heilagan anda; 16 því að hann hafði alls eigi enn komið
yfir neinn þeirra, aðeins voru þeir skírðir til nafns Drottins Jesú. 17 Síðan
lögðu þeir hendur yfir þá, og meðtóku þeir heilagan anda. 18 En er Símon sá,
að heilagur andi veittist fyrir yfirlagning handa postulanna, færði hann þeim
fé og sagði: 19 Gefið mér einnig þetta vald, til þess að hver sá, er eg legg
hendur yfir, meðtaki heilagan anda. 20 En Pétur sagði við hann: Þrífist aldrei
silfur þitt, né sjálfur þú, af því að þú hugðist að eignast gjöf Guðs fyrir fé; 21
hvorki átt þú hlut né arf í orði þessu, því að hjarta þitt er ekki rétt fyrir
augum Guðs. 22 Snú því huga þínum frá þessari ilsku þinni, og bið Drottin, ef
þér kynni að fyrirgefast hugsun hjarta þíns; 23 því að eg sé að þú ert í
beiskju-galli og ranglætis- fjötri. 24 En Símon svaraði og sagði: Biðjið þér
fyrir mér til Drottins, að ekkert komi yfir mig af því, sem þér hafið mælt. 25
Er þeir nú höfðu vitnað og talað orð Drottins, sneru þeir aftur til Jerúsalem,
og boðuðu fagnaðarerindið í mörgum þorpum Samverja. 26 En engill Drottins
talaði til Filippusar og sagði: Stattu upp og gakk suður á veginn, sem liggur

ofan frá Jerúsalem til Gasa. — Hann liggur um óbygðir. — 27 Og hann stóð upp og fór. Og sjá, þar var etíópskur maður, hirðmaður og höfðingi hjá Kandake Etíópa-drotningu, sem settur var yfir alla fjárhirslu hennar; hafði hann komið til Jerúsalem til að biðjast fyrir. 28 Og hann var á heimleið, og sat í vagni sínum, og las Jesaja spámann. 29 En andinn sagði við Filippus: Gakk að og halt þér að vagni þessum. 30 Og Filippus skundaði þangað, og heyrði hann vera að lesa Jesaja spámann, og sagði: Hvort skilur þú það sem þú ert að lesa? 31 En hann sagði: Hvernig ætti eg reyndar að geta það, nema einhver leiðbeindi mér? Og hann bað Filippus stíga upp og setjast hjá sér. 32 En innihald ritningar þeirrar, er hann las, var þetta: Eins og sauður var hann til slátrunar leiddur, og eins og lambið þegir hjá þeim, er klippir það, eins lýkur hann ekki upp munni sínum. 33 Í niðurlægingunni endaði dómur hans; hver getur útmálað kynslóð hans, því að líf hans er hrifið burt af jörðunni? 34 En hirðmaðurinn tók til máls og sagði við Filippus: Eg bið þig, um hvern segir spámaðurinn þetta? um sjálfan sig, eða um einhvern annan? 35 Og Filippus lauk upp munni sínum, og tók til á ritning þessari, og boðaði honum fagnaðarerindið um Jesúm. 36 En er þeir fóru áfram veginn, komu þeir að vatni nokkuru, og hirðmaðurinn segir: Sjá, hér er vatn, hvað hamlar mér að skírast? 37 En Filippus sagði: Ef þú trúir af öllu hjarta, þá er það leyfilegt. Og hann svaraði og sagði: Ég trúi að Jesús Kristur sé sonur Guðs. † 38 Og hann lét vagninn standa við. Og þeir stigu báðir niður í vatnið, Filippus og hirðmaðurinn, og hann skírði hann. 39 En er þeir stigu upp úr vatninu, hreif andi Drottins Filippus burt, og hirðmaðurinn sá hann alls ekki framar, heldur fór hann leiðar sinnar fagnandi. 40 En Filippus kom fram í Asdód, og fór hann um og boðaði öllum borgunum fagnaðarerindið, uns hann kom til Sesareu.

9. kafli

1 En Sál, sem enn þá blés ógnum og manndrápum gegn lærisveinum Drottins, gekk til æðsta prestsins 2 og beiddist bréfa af honum til Damaskus, til samkundanna, til þess, ef hann fyndi einhverja þessa vegar, hvort heldur karla eða konur, þá mætti hann fara með þá í böndum til Jerúsalem. 3 En er hann á ferðinni var kominn í nánd við Damaskus, leiftraði skyndilega um

hann ljós af himni, 4 og hann féll til jarðar og heyrði rödd segja við sig: Sál, Sál, hví ofsækir þú mig? 5 En hann sagði: Hver ert þú, herra? Og hann sagði: Eg er Jesús, sem þú ofsækir. 6 En statt upp og gakk inn í borgina, og þér mun verða sagt, hvað þú átt að gjöra. 7 En mennirnir, sem voru samferða honum, stóðu mállausir; heyrðu þeir að vísu raustina, en sáu engan. 8 Og Sál stóð upp af jörðinni, en þegar hann lauk upp augunum, sá hann ekkert, og þeir leiddu hann við hönd sér og fóru með hann inn í Damaskus. 9 Og þrjá daga var hann sjónlaus, og át hvorki né drakk. 10 En lærisveinn nokkur var í Damaskus, sem hét Ananías, og Drottinn sagði við hann í sýn: Ananías! En hann sagði: Sjá, hér er eg, Drottinn. 11 En Drottinn sagði við hann: Statt upp og gakk í stræti það, sem kallast hið beina, og spyr þú uppi í húsi Júdasar mann frá Tarsus, er Sál heitir. Því, sjá, hann biðst fyrir, 12 og hann hefir séð mann, Ananías að nafni, koma og leggja hendur yfir sig, til þess hann fengi aftur sýn. 13 En Ananías svaraði: Drottinn, eg hefi heyrt af mörgum um mann þennan, hversu mikið ilt hann hefir gjört þínum heilögu í Jerúsalem. 14 Og hér hefir hann umboð frá æðstu prestunum til að leggja í bönd alla þá, sem ákalla nafn þitt. 15 En Drottinn sagði við hann: Far þú, því að þessi maður er mér útvalið ker til að bera nafn mitt fram fyrir heiðingja og konunga og Ísraels sonu; 16 því að eg mun sýna honum, hversu mikið honum ber að líða fyrir míns nafns sakir. 17 Og Ananías fór af stað og gekk inn í húsið og lagði hendur yfir hann og mælti: Sál, bróðir, Drottinn hefir sent mig, Jesús, sá er birtist þér á veginum, sem þú komst, til þess að þú fengir aftur sýn þína og fyltist heilögum anda. 18 Og jafnskjótt féll eins og hreistur af augum hans, og hann fékk sýn sína. Og hann stóð upp og lét skírast, 19 og hann neytti matar og styrktist. Og hann var nokkura daga hjá lærisveinunum í Damaskus. 20 Og strax prédikaði hann í samkunduhúsunum um Jesúm, að hann væri Guðs son. 21 En allir þeir sem heyrðu það, undruðust stórum og sögðu: Er þetta ekki maðurinn, sem í Jerúsalem eyddi þeim, er ákölluðu þetta nafn, og kom hingað til að fara með þá í böndum til æðstu prestanna? 22 En Sál styrktist æ betur, og hnekti Gyðingum þeim, sem bjuggu í Damaskus, er hann sannaði, að sá hinn sami væri Kristur. 23 En að allmörgum dögum liðnum tóku Gyðingar ráð sín saman að taka hann af lífi. 24 En Sál fékk vitneskju um svikráð þeirra. Og þeir gættu enda borgarhliðanna nótt og dag, til þess að þeir gætu tekið hann af lífi, 25 en lærisveinarnir tóku hann um nótt og hleyptu

honum út um borgarvegginn, með því að láta hann síga ofan í vandlaupi. **26** Og er hann kom til Jerúsalem, reyndi hann til að samlaga sig lærisveinunum; og allir hræddust hann, og trúðu því ekki, að hann væri lærisveinn. **27** En Barnabas tók hann að sér, og fór með hann til postulanna, og skýrði þeim frá, hvernig hann hafði á veginum séð Drottin, og að hann hafði talað við hann, og hversu einarðlega hann hafði talað í Jesú nafni í Damaskus. **28** Og hann gekk út og inn hjá þeim í Jerúsalem og talaði einarðlega í nafni Drottins. **29** Og hann talaði bæði og þráttaði við Hellenistana, en þeir höfðu með höndum að ráða hann af dögum. **30** En er bræðurnir urðu þess vísir, fóru þeir með hann niður til Sesareu, og sendu hann áfram til Tarsus. **31** Nú hafði kirkjan frið um alla Júdeu og Galíleu og Samaríu, uppbygður og framgangandi í ótta Drottins, og jókst við uppörvun heilags anda. **32** En svo bar til, er Pétur ferðaðist um kring, allra að vitja, að hann kom einnig niður til hinna heilögu, sem bjuggu í Lýdda. **33** Og þar fann hann mann nokkurn, Eneas að nafni, er í átta ár hafði legið rúmfastur, og var hann lami. **34** Og Pétur sagði við hann: Eneas, Jesús Kristur læknar þig; statt upp og bú um þig; og jafnskjótt stóð hann upp. **35** Og allir þeir, sem áttu heima í Lýdda og Saron, sáu hann, og þeir hinir sömu sneru sér til Drottins. **36** En í Joppe var lærisveinn, kona, Tabíta að nafni, sem útlagt heitir Dorkas; hún var auðug af góðum verkum og ölmusugjörðum, sem hún veitti; **37** en á þeim dögum bar svo til, að hún tók sótt og andaðist, og menn lauguðu hana og lögðu í loftstofu. **38** Nú er Lýdda í grend við Joppe, og höfðu lærisveinarnir heyrt, að Pétur var þar, og sendu tvo menn til hans með þeirri bæn: Dvel eigi að koma alla leið til vor! **39** Og Pétur tók sig upp og fór með þeim, og er hann var kominn, fóru þeir með hann inn í loftstofuna, og allar ekkjurnar flyktust að honum grátandi, og sýndu kyrtla og yfirhafnir, sem Dorkas hafði gjört, meðan hún var hjá þeim. **40** En Pétur lét þær allar út fara, og féll á kné og baðst fyrir, og hann sneri sér að líkinu og sagði: Tabíta, rís upp! Og hún lauk upp augunum, og er hún sá Pétur, settist hún upp. **41** En hann rétti henni hönd sína og reisti hana á fætur, og hann kallaði á hina heilögu og ekkjurnar, og leiddi hana fram lifandi. **42** En þetta varð hljóðbært um alla Joppe, og margir trúðu á Drottin. **43** Og það fór svo, að hann dvaldist allmarga daga í Joppe hjá Símoni nokkurum sútara.

10. kafli

1 Maður nokkur var í Sesareu, Kornelíus að nafni, hundraðshöfðingi í hersveitinni, er heitir hin ítalska. **2** Hann var ráðvandur maður og óttaðist Guð, og alt hans heimili, og gaf hann lýðnum miklar ölmusur, og var jafnan á bæn til Guðs. **3** Hann sá berlega í sýn, hér um bil um níundu stundu dags, engil Guðs koma inn til sín og segja við sig: Kornelíus! **4** En hann starði á hann og varð mjög hræddur og sagði: Hvað er það, herra? En hann sagði við hann: Bænir þínar og ölmusugjörðir eru stignar upp til minningar fyrir Guði. **5** Og send þú nú menn til Joppe, og lát sækja Símon nokkurn, að viðurnefni Pétur; **6** hann gistir hjá Símoni nokkurum sútara, sem á hús við sjóinn. **7** En er engillinn, sem til hans talaði, var farinn, kallaði hann á tvo af heimamönnum sínum og ráðvandan hermann, af þeim er honum voru handgengnastir. **8** Og hann sagði þeim frá öllu og sendi þá til Joppe. **9** En daginn eftir, er þeir voru á leiðinni og nálguðust bæinn, sté Pétur upp á húsþakið til að biðjast fyrir, um séttu stund. **10** Og hann hungraði og vildi matast, en meðan menn voru að matreiða, varð hann frá sér numinn, **11** og hann sér himininn opinn, og hlut nokkurn koma niður, eins og stóran dúk, er á fjórum skautum var látinn síga niður til jarðar; **12** og voru þar á öll ferfætt dýr og skriðdýr jarðarinnar og fuglar himinsins, **13** og honum barst rödd: Rís upp, Pétur, slátra og et! **14** En Pétur sagði: Nei, Drottinn, engan veginn, því að aldrei hefi eg etið neitt vanheilagt og óhreint. **15** Og aftur kom rödd til hans í annað sinn: Það sem Guð hefir gjört hreint, skalt þú ekki meta vanheilagt. **16** Þetta gjörðist þrem sinnum, og jafnskjótt var hluturinn upp numinn til himins. **17** En er Pétur var nú í mestu óvissu um, hvað sýnin, sem hann sá, mundi þýða, sjá, þá höfðu mennirnir, sem sendir voru af Kornelíusi, spurt uppi hús Símonar og stóðu við fordyrið, **18** kölluðu þeir og spurðu, hvort Símon, að viðurnefni Pétur, væri þar gestkomandi. **19** En er Pétur var að hugsa um sýnina, sagði andinn við hann: Sjá, þrír menn leita þín. **20** Rís nú upp og stíg ofan, og far hiklaust með þeim, því að eg hefi sent þá. **21** En Pétur gekk niður til mannanna og sagði: Sjá, eg er sá, sem þér leitið að. Hvers vegna eruð þér hér komnir? **22** En þeir sögðu: Kornelíus hundraðshöfðingi, réttlátur maður og guðhræddur, sem hefir góðan orðstír hjá allri þjóð Gyðinganna, fékk bendingu af heilögum engli að láta sækja þig heim til sín og heyra orð af þér. **23** Síðan

bauð hann þeim inn og veitti þeim beina. En daginn eftir tók hann sig upp og fór burt með þeim, og nokkrir af bræðrunum frá Joppe fóru með honum. **24** En daginn eftir komu þeir inn í Sesareu. En Kornelíus bjóst við þeim og hafði boðið til sín frændum sínum og virktavinum. **25** En er svo bar til að Pétur gekk inn, kom Kornelíus á móti honum og féll til fóta honum og veitti honum lotningu. **26** En Pétur reisti hann upp og sagði: Statt upp, eg er maður sem þú. **27** Og hann ræddi við hann, og gekk inn, og finnur þar marga menn saman komna. **28** Og hann sagði við þá: Þér vitið, hvílík óhæfa það er fyrir mann, sem er Gyðingur, að samlaga sig eða koma til manns af annari þjóð, og þó hefir Guð sýnt mér, að eg á engan mann að kalla vanheilagan eða óhreinan; **29** fyrir því kom eg og mótmælalaust, er eftir mér var sent. Nú spyr eg, í hvaða skyni þér hafið sent eftir mér. **30** Og Kornelíus mælti: Fyrir réttum fjórum dögum var eg að biðjast fyrir, um níundu stund, í húsi mínu, og sjá, maður stóð frammi fyrir mér í skínandi klæðum **31** og mælir: Kornelíus, bæn þín er heyrð, og þinna ölmusugjörða er minst fyrir Guði. **32** Nú skalt þú senda menn til Joppe og boða á fund þinn Símon, að viðurnefni Pétur, hann gistir í húsi Símonar sútara við sjóinn. **33** Fyrir því sendi eg jafnskjótt til þín, og gjörðir þú vel, er þú komst. Nú erum vér þá allir hér við fyrir augsýn Guðs, til að heyra alt sem þér er af drotni um boðið. **34** En Pétur lauk upp munni sínum og mælti: Sannlega skil eg nú, að Guð fer ekki í manngreinarálit, **35** heldur er honum þóknanlegur í hverri þjóð sá er hann óttast og stundar réttlæti. **36** Orðið, sem hann sendi Ísraels sonum, er hann boðaði fagnaðarerindið um frið fyrir Jesúm Krist — hann er Drottinn allra —, **37** erindið þekkið þér, sem flutt var um alla Júdeu, er hann byrjaði í Galíleu eftir skírnina, sem Jóhannes prédikaði — **38** um Jesúm frá Nazaret, hversu Guð smurði hann heilögum anda og krafti; hann gekk í kring, gjörði gott og græddi alla, sem af djöflinum voru undirokaðir, því að Guð var með honum, **39** og vér erum vottar alls þess, er hann gjörði, bæði í landi Gyðinganna og í Jerúsalem; hann deyddu þeir jafnvel, er þeir festu hann á tré. — **40** Þann hinn sama uppvakti Guð á þriðja degi, og lét hann birtast, **41** ekki öllum lýðnum, heldur vottunum, sem áður voru af Guði kjörnir, oss sem átum og drukkum með honum, eftir að hann var risinn upp frá dauðum. **42** Og hann bauð oss að prédika lýðnum og vitna, að hann er sá af Guði fyrirhugaði dómari lifenda og dauðra. **43** Honum bera allir spámennirnir vitni, að sérhver, sem á hann trúir,

fái fyrir hans nafn synda-fyrirgefning. 44 Meðan Pétur var enn að mæla þessi
orð, féll heilagur andi yfir alla þá, er orðið heyrðu, 45 og hinir trúuðu, sem
umskornir voru, urðu forviða, — allir þeir sem komið höfðu með Pétri, — að
gjöf heilags anda skyldi einnig vera úthelt yfir heiðingjana; 46 því að þeir
heyrðu þá tala tungum og mikla Guð. 47 Þá tók Pétur til máls: Getur nokkur
varnað þeim vatnsins, svo að þeir ekki skírist, er þeir hafa fengið heilagan
anda eins og vér? 48 Og hann bauð að þeir skyldu skírðir verða í nafni Jesú
Krists. Síðan báðu þeir hann að standa við nokkura daga.

11. kafli

1 En postularnir og bræðurnir, sem voru í Júdeu, heyrðu að heiðingjarnir
hefðu einnig tekið við orði Guðs. 2 Og er Pétur var kominn upp til Jerúsalem,
átöldu hinir umskornu hann og sögðu: 3 Þú hefir farið inn til óumskorinna
manna og samneytt þeim. 4 En Pétur tók til frá upphafi og skýrði þeim frá
öllum málavöxtum og mælti: 5 Eg var í borginni Joppe að biðjast fyrir og sá
frá mér numinn sýn, hlut nokkurn koma niður, eins og stór dúkur væri látinn
síga niður á fjórum skautum frá himninum, og hann kom til mín, 6 og eg
starði á hann og athugaði, og sá ferfætt dýr jarðarinnar og villidýr og
skriðdýr og fugla himinsins, 7 og eg heyrði einnig rödd segja við mig: Rís
upp, Pétur, slátra og et! 8 En eg sagði: Nei, Drottinn, engan veginn, því að
aldrei hefir neitt vanheilagt eða óhreint komið mér í munn. 9 En í annað sinn
svaraði rödd af himni: Það sem Guð hefir gjört hreint, skalt þú ekki meta
vanheilagt. 10 Þetta gjörðist þrem sinnum, og aftur var alt dregið upp til
himins. 11 Og sjá, samstundis stóðu þrír menn við húsið, sem eg var í, sendir
frá Sesareu til mín, 12 og andinn sagði mér að fara með þeim, án alls
greinarmunar. Samferða mér urðu og þessir sex bræður, og vér gengum inn í
hús mannsins, 13 og hann sagði oss, hvernig hann hefði séð engilinn í húsi
sínu, er stóð þar og sagði: Send þú til Joppe og lát sækja Símon, að
viðurnefni Pétur. 14 Hann mun orð til þín mæla, og fyrir þau munt þú hólpinn
verða og alt heimili þitt. 15 En jafnskjótt og eg fór að tala, féll heilagur andi
yfir þá, eins og yfir oss í upphafi, 16 og eg mintist orða Drottins, er hann
sagði: Jóhannes skírði að vísu með vatni, en þér skuluð skírðir verða með
heilögum anda. 17 Ef Guð hefir þá gefið þeim sömu gjöf og oss, er vér tókum

trú á Drottin Jesúm Krist, hvernig var eg þess þá umkominn að standa í gegn Guði? 18 En er þeir heyrðu þetta, þögnuðu þeir og vegsömuðu Guð, segjandi: Guð hefir þá einnig gefið heiðingjunum afturhvarf til lífs. 19 Þeir sem nú höfðu tvístrast vegna þrengingarinnar, sem reis út af Stefáni, fóru alla leið til Fönikíu og Kípur og Antíokkíu og töluðu ekki orðið við neinn mann nema Gyðinga eina. 20 En nokkrir þeirra voru menn frá Kípur og Kýrene, og er þeir hinir sömu komu til Antíokkíu, töluðu þeir og til Grikkja og boðuðu fagnaðarerindið um Drottin Jesúm. 21 Og hönd Drottins var með þeim, og mikill fjöldi, sem tók trú, sneri sér til Drottins. 22 Og fregnin um þá barst til eyrna kirkjunnar, sem var í Jerúsalem, og þeir sendu Barnabas til Antíokkíu. 23 Þegar hann kom og sá náðina Guðs, gladdist hann, og áminti hann alla um að halda sér við Drottin með eindregnu hjarta; 24 því að hann var góður maður, fullur af heilögum anda og trú, og allmikill fjöldi bættist drotni. 25 Og hann fór til Tarsus til að leita Sál uppi, og er hann hafði fundið hann, fór hann með hann til Antíokkíu, 26 og varð það af, að þeir voru saman heilt ár í kirkjunni og kendu fjölda fólks, og í Antíokkíu voru lærisveinarnir fyrst kallaðir kristnir. 27 En á þessum dögum komu spámenn frá Jerúsalem niður til Antíokkíu; 28 gekk einn þeirra fram, Agabus að nafni, og af andanum boðaði hann fyrir, að koma mundi yfir alla heimsbygðina mikil hungursneyð; kom hún fram á dögum Kládíusar. 29 En lærisveinarnir kváðu svo á, að hver og einn af þeim skyldi senda nokkuð, eftir efnum sínum, til hjálpar bræðrunum, sem bjuggu í Júdeu, 30 sem þeir og gjörðu, og sendu Barnabas og Sál með það til öldunganna.

12. kafli

1 En um þessar mundir hóf Heródes konungur handa til að misþyrma nokkurum af kirkjunni, 2 og lét hann höggva Jakob, bróður Jóhannesar, með sverði. 3 En er hann sá að Gyðingum líkaði það vel, hélt hann áfram og lét einnig taka Pétur, en þá voru dagar ósýrðu brauðanna, 4 og er hann hafði handtekið hann, lét hann setja hann í fangelsi og fékk hann til gæslu fjórum ferningum hermanna, og ætlaði hann sér eftir páskana að leiða hann fram fyrir lýðinn. 5 Pétur var þá haldinn í fangelsi, og stöðug bænagjörð til Guðs var af kirkjunni haldin fyrir honum. 6 En er Heródes ætlaði að fara að leiða

hann fram, svaf Pétur þá nótt milli tveggja hermanna, bundinn með tveim fjötrum, og varðmenn fyrir dyrum úti gættu fangelsisins. **7** Og sjá, þá kom engill Drottins, og ljós skein í klefanum, og hann laust á síðu Pétri og vakti hann, svo mælandi: Rís upp skjótt; og fjötrarnir féllu af höndum honum. **8** Og engillinn sagði við hann: Gyrð þig og bind á þig ilskó þína; og hann gjörði svo. Og hann segir við hann: far þú í yfirhöfn þína og fylg mér. **9** Og hann gekk út og fylgdi honum, og ekki vissi hann, að þetta, sem engillinn gjörði, væri svo í raun og veru, heldur hugðist hann sjá sýn. **10** Og er þeir höfðu gengið fram hjá innri og ytri verðinum, komu þeir til járnhliðsins, er liggur til borgarinnar, og laukst það upp af sjálfu sér fyrir þeim, og fóru þeir út um það og gengu áfram eitt stræti, og þá skildi engillinn alt í einu við hann. **11** Og þegar Pétur kom til sjálfs sín, sagði hann: Nú veit eg sannlega að Drottinn hefir sent engil sinn og hrifið mig úr hendi Heródesar og frá allri eftirvænting Gyðingalýðs. **12** Og er hann hafði komið þessu fyrir sig, gekk hann að húsi Maríu, móður Jóhannesar — að viðurnefni Markús, — en þar voru allmargir saman komnir og báðust fyrir. **13** En er hann knúði hurð fordyrisins, gekk stúlka fram, að nafni Róde, til að vita hver þar væri, **14** og er hún þekti málróm Péturs, gáði hún eigi fyrir fögnuði að ljúka upp fordyrinu, heldur hljóp hún inn og sagði, að Pétur stæði fyrir utan fordyrið. **15** En þeir sögðu við hana: Þú ert frávita. En hún stóð fast á því, að svo væri. En þeir sögðu: Það er þá engill hans. **16** En Pétur hélt áfram að berja að dyrum, og er þeir luku upp, sáu þeir hann og urðu forviða. **17** En hann benti þeim með hendinni að þegja, og skýrði þeim frá, hvernig Drottinn hefði leyst sig út úr fangelsinu, og mælti: Segið Jakob og bræðrunum frá þessu. Og hann gekk út og fór í annan stað. **18** En er dagur rann, varð meira en lítið uppþot hjá hermönnunum út af því, hvað af Pétri væri orðið. **19** En er Heródes hafði látið leita hans, og fann hann ekki, hélt hann rannsókn yfir varðmönnunum og bauð að fara með þá til lífláts, og fór úr Júdeu niður til Sesareu og sat þar um kyrt. **20** En hann var harla gramur Týringum og Sídóningum, og komu þeir með einu ráði til hans, og fengu í fylgi með sér Blastus stallara konungsins, og báðust friðar, af því að land þeirra fékk vistir frá landi konungsins. **21** Og á ákveðnum degi klæddist Heródes konungsskrúða og settist í hásætið og hélt ræðu til þeirra; **22** en lýðurinn kallaði: Guðs rödd er þetta, en eigi manns. **23** En þegar í stað sló engill Drottins hann, sökum þess að hann gaf ekki Guði

dýrðina, og var hann etinn upp af möðkum og dó. 24 En orð Guðs efldist og útbreiddist. 25 En Barnabas og Sál sneru aftur frá Jerúsalem að afloknu erindi sínu, og tóku með sér Jóhannes, að viðurnefni Markús.

13. kafli

1 En í Antíokkíu voru í kirkjunni þar spámenn og kennarar, þeir Barnabas og Símeon, er Níger nefnist, og Lúkíus frá Kýrene og Manaen, samfóstri Heródesar fjórðungsstjóra, og Sál. 2 Og er þeir voru að þjóna drotni og föstuðu, sagði heilagur andi: Takið frá, mér til handa, þá Barnabas og Sál, til þess verks, sem eg hefi kallað þá til. 3 Síðan föstuðu þeir og báðust fyrir, og lögðu hendur yfir þá og létu þá fara. 4 Er þeir nú voru sendir út af heilögum anda, fóru þeir niður til Selevkíu og sigldu þaðan til Kípur. 5 Og er þeir voru komnir til Salamis, boðuðu þeir orð Guðs í samkunduhúsum Gyðinga. En þeir höfðu og Jóhannes að þjóni. 6 Og er þeir höfðu farið um alla eyna til Pafos, hittu þeir fyrir töframann nokkurn, falsspámann, Gyðing, Bar-Jesús að nafni. 7 Hann var hjá landstjóranum Sergíusi Páli, vitrum manni; hann boðaði þá Barnabas og Sál á fund sinn og girntist að heyra Guðs orð. 8 En í gegn þeim stóð Elýmas, töframaðurinn, — því að svo er útlagt nafn hans; reyndi hann að gjöra landstjórann fráhverfan trúnni. 9 En Sál, sem og er nefndur Páll, hvesti á hann augun og sagði, fyltur heilögum anda: 10 Þú sem fullur ert allra véla og hvers kyns illræðis, djöfuls sonurinn, óvinur alls réttlætis, lætur þú eigi af að rangsnúa réttum vegum Drottins? 11 Og nú, sjá, hönd Drottins kemur yfir þig, og þú munt verða blindur og ekki sjá sól um tíma. Og þegar í stað féll yfir hann þoka og myrkur, og hann gekk um kring og leitaði að mönnum til að leiða sig. 12 Þá tók landstjórinn trú, er hann sá þennan atburð, og undraðist stórum kenningu Drottins. 13 En þeir Páll lögðu út frá Pafos og komu til Perge í Pamfilíu, en Jóhannes skyldi við þá og sneri aftur til Jerúsalem. 14 En þeir héldu áfram frá Perge, og komu til Antíokkíu í Pisidíu og gengu inn í samkunduhúsið á hvíldardegi og tóku sér sæti. 15 En eftir upplestur lögmálsins og spámannanna sendu samkundustjórarnir til þeirra og sögðu: Þér bræður, ef þér hafið eitthvert ávarpsorð til fólksins, þá takið til máls. 16 Þá stóð Páll upp og benti til hljóðs með hendinni og sagði: Þér Ísraelsmenn, og þér sem óttist Guð, hlýðið á: 17 Guð lýðs þessa, Ísraels,

útvaldi feður vora og hóf veg lýðsins í útlegðinni á Egiptalandi og með uppréttum armlegg leiddi hann þá út úr því. 18 Og um fjörutíu ára skeið fóstraði hann þá í eyðimörkinni. 19 Og eftir að hann hafði eytt sjö þjóðum í Kanaanlandi, gaf hann þeim að erfðum land þeirra, 20 um fjögur hundruð og fimtíu ára skeið; og eftir þetta gaf hann þeim dómara, alt til Samúels spámanns. 21 Og síðan báðu þeir um konung, og Guð gaf þeim Sál Kísson, mann af Benjamíns ætt, í fjörutíu ár. 22 En er hann hafði afsett hann, hóf hann Davíð þeim til konungs, sem hann og vitnaði um, segjandi: Eg hefi fundið Davíð, son Ísaí, mann eftir mínu hjarta, er gjöra mun allan vilja minn. 23 Af þessa manns sæði lét Guð, samkvæmt fyrirheiti, Jesúm koma, Ísrael að frelsara, 24 er Jóhannes hafði á undan komu hans boðað iðrunarskírn öllum Ísraelslýð. 25 En er Jóhannes var að enda skeið sitt, sagði hann: Hvað hyggið þér mig vera? — Eg er það ekki; en sjá, annar kemur eftir mig, og er eg eigi verður þess, að leysa skó af fótum honum. 26 Þér bræður, synir af kynstofni Abrahams, og þér yðar á meðal, sem Guð óttist, oss er sent orð þessa hjálpræðis; 27 því að þeir sem í Jerúsalem búa og höfðingjar þeirra þektu hann eigi, og með því að dæma hann, uppfyltu þeir orð spámannanna, sem upp eru lesin hvern hvíldardag. 28 Og þó að þeir fyndu enga dauðasök hjá honum, báðu þeir Pílatus að hann yrði líflátinn. 29 En er þeir höfðu látið fram koma alt, sem um hann var ritað, tóku þeir hann ofan af trénu og lögðu í gröf. 30 En Guð reisti hann frá dauðum 31 og var hann séður marga daga af þeim, sem með honum höfðu farið frá Galíleu upp til Jerúsalem, og eru þeir hinir sömu nú vottar hans hjá fólkinu. 32 Og vér boðum yður fagnaðarerindið um fyrirheitið, sem feðrunum var gefið, að Guð hefir látið það rætast við börn vor, er hann uppreisti Jesúm, 33 eins og líka er ritað í öðrum sálminum: Þú ert sonur minn, í dag hefi eg getið þig. 34 En um það, að hann hefir uppreist hann frá dauðum, svo að hann mun eigi framar hverfa aftur til rotnunar, hefir hann talað svo: Eg mun gefa yður hið heilaga, óbrigðula, sem Davíð var heitið. 35 Fyrir því segir hann og í öðrum sálmi: Eigi munt þú láta þinn heilaga kenna rotnunar; 36 því að Davíð sofnaði, eftir að hann hafði þjónað Guðs ráði í sinni eigin kynslóð, og safnaðist til feðra sinna og kendi rotnunar, 37 en sá er Guð uppvakti, kendi ekki rotnunar. 38 Yður sé því vitanlegt, bræður mínir, að yður er fyrir hann boðuð synda-fyrirgefning, 39 og hver sá er trúir, réttlætist í honum af öllu því, er þér gátuð eigi réttlæst af við

lögmál Móse. 40 Gætið nú þess, að eigi komi yfir yður það, sem sagt hefir verið hjá spámönnunum: 41 Sjáið, þér smáendur, og undrist og verðið að engu, því að verk vinn eg á dögum yðar, verk sem þér alls ekki munduð taka trúanlegt, þó að einhver segði yður frá því. 42 En er þeir gengu út, báðu menn að orð þessi væru til þeirra töluð næsta hvíldardag. 43 Og er samkomunni var slitið, fylgdu margir Gyðingar og guðræknir trúskiftingar þeim Páli og Barnabasi, og töluðu þeir til þeirra, og hvöttu þá til að halda sér stöðuglega við náð Guðs. 44 En á næsta hvíldardegi kom nálega allur bærinn saman til að heyra Guðs orð. 45 En er Gyðingar litu mannfjöldann, fyltust þeir vandlæti, og mæltu á móti ræðum Páls og lastmæltu. 46 En Páll og Barnabas töluðu einarðlega og sögðu: Svo hlaut að vera, að til yðar væri Guðs orð fyrst talað. Þar sem þér nú hrindið því burt og metið sjálfa yður ekki verða eilífs lífs, sjáið, þá snúum vér oss til heiðingjanna; 47 því að svo hefir Drottinn boðið oss: Eg hefi sett þig til að vera ljós heiðinna þjóða, að þú værir hjálpræði alt til ystu endimarka jarðarinnar. 48 En er heiðingjarnir heyrðu þetta, glöddust þeir og vegsömuðu orð Guðs, og allir þeir, sem ætlaðir voru til eilífs lífs, tóku trú, 49 Og orð Drottins breiddist út um alt héraðið. 50 En Gyðingarnir æstu upp guðræknar hefðarkonur og fyrirmenn borgarinnar, og vöktu ofsókn gegn Páli og Barnabasi, og ráku þá út fyrir landamæri sín. 51 En þeir hristu duftið af fótum sér í gegn þeim og fóru til Íkoníum. 52 En lærisveinarnir fyltust fögnuði og heilögum anda.

14. kafli

1 En svo bar við í Íkoníum, að þeir gengu saman inn í samkunduhús Gyðinganna og töluðu svo, að mikill fjöldi Gyðinga og Grikkja tók trú. 2 En Gyðingarnir, sem vantrúaðir voru, vöktu æsing og illan hug í sálum heiðingjanna gegn bræðrunum. 3 Dvöldust þeir þar nú alllangan tíma og töluðu einarðlega í drotni, sem bar orði náðar sinnar vitni, með því að láta tákn og undur gjörast fyrir hendur þeirra. 4 Skiftist nú allur borgarlýður í tvo flokka, og voru sumir með Gyðingunum, en aðrir með postulunum. 5 En er til þess var stofnað bæði af heiðingjunum og Gyðingunum, ásamt yfirmönnum þeirra, að smána þá og grýta, 6 þá flýðu þeir, er þeir komust að því, til borganna Lýstra og Derbe í Lýkaóníu og héraðsins umhverfis, 7 og þar voru

þeir að boða fagnaðarerindið. 8 En í Lýstra sat maður nokkur máttvana í
fótum, haltur frá móðurlífi, er aldrei hafði gengið. 9 Maður þessi heyrði á mál
Páls, og Páll festi augu á honum, og sá að hann hafði trú til þess að geta
orðið heill, og sagði með hárri raustu: 10 Stattu uppréttur á fætur þína! og
hann spratt upp og gekk. 11 En er múgurinn sá, hvað Páll gjörði, hófu þeir
upp raust sína og sögðu á lýkaónsku: Guðirnir eru í manna líki stignir niður
til vor. 12 Kölluðu þeir Barnabas Seif, en Pál kölluðu þeir Hermes, af því að
hann hafði orð fyrir þeim. 13 Og presturinn í hofi Seifs, sem var fyrir utan
borgina, kom með naut og kransa að hliðunum, og ætlaði hann og fólkið með
honum að færa fórnir. 14 En er postularnir, þeir Barnabas og Páll, heyrðu
þetta, rifu þeir klæði sín og stukku inn í mannþröngina og hrópuðu 15 og
sögðu: Menn, hví gjörið þér slíkt? Menn erum vér sem þér, yður líkir, sem
erum að boða yður fagnaðarerindið um að þér skulið hverfa frá þessum
hégómlegu hlutum til lifandi Guðs, sem gjört hefir himininn, jörðina og
hafið, og alt sem í þeim er, 16 hann sem um liðnar aldir hefir leyft öllum
þjóðum að ganga þeirra vegu, 17 og þó hefir hann ekki látið sjálfan sig án
vitnisburðar, þar sem hann gjörði gott, og gaf yður regn af himnum og
frjóvsamar árstíðir, og fylti hjörtu yðar fæðu og fögnuði. 18 Og það var með
naumindum að þeir gátu með þessum orðum fengið fólkið til að hætta við að
færa þeim fórnir. 19 En þá komu Gyðingar frá Antíokkíu og Íkóníum og
fengu þeir fólkið á sitt mál, og menn grýttu Pál og drógu hann út úr borginni
og hugðu hann dáinn. 20 En er lærisveinarnir stóðu í kring um hann, reis hann
upp og gekk inn í borgina, og morguninn eftir fór hann þaðan með Barnabasi
til Derbe. 21 Og er þeir höfðu boðað þeirri borg fagnaðarerindið og gjört
allmarga að lærisveinum, sneru þeir aftur til Lýstra og til Íkóníum og til
Antíokkíu, 22 og styrktu sálir lærisveinanna, og ámintu þá að vera staðfastir í
trúnni, og að vér eigum að ganga inn í guðsríki í gegnum margar þrengingar.
23 Og er þeir höfðu látið þá kjósa sér öldunga í hverjum söfnuði, fólu þeir þá
með föstum og bænahaldi drotni, sem þeir höfðu fest trú á. 24 Og þeir fóru
um Pisidíu og komu til Pamfilíu, 25 og er þeir höfðu talað orðið í Perge, fóru
þeir niður til Attalíu, 26 og sigldu þaðan til Antíokkíu; en þaðan höfðu þeir
verið faldir náð Guðs til verksins, sem þeir nú höfðu fullnað. 27 Og er þeir
voru komnir þangað og höfðu stefnt saman kirkjunni, sögðu þeir frá, hversu
mikið Guð hafði látið þá framkvæma, og að hann hefði lokið upp

trúar-dyrum fyrir heiðingjunum. 28 Og þeir dvöldust alllengi hjá lærisveinunum.

15. kafli

1 Og nokkrir komu ofan frá Júdeu og kendu bræðrunum svo: Eigi getið þér hólpnir orðið, nema þér látið umskerast að sið Móse. 2 En er upp kom allmikil misklíð og þræta milli þeirra og Páls og Barnabasar, réðu menn af, að Páll og Barnabas og nokkrir aðrir af þeim skyldu fara á fund postulanna og öldunganna, upp til Jerúsalem, út af þessum ágreiningi. 3 Söfnuðurinn fylgdi þeim síðan á veg, og þeir fóru um Fönikíu og Samaríu og sögðu frá afturhvarfi heiðingjanna, og glöddu stórlega alla bræðurna. 4 En þegar þeir voru komnir til Jerúsalem, var þeim vel tekið af kirkjunni og postulunum og öldungunum, og sögðu þeir frá, hversu mikið Guð hafði látið þá framkvæma. 5 En nokkrir risu upp af flokki Fарíseanna, þeir er trú höfðu tekið, og sögðu: Þá ber að umskera og bjóða þeim að halda lögmál Móse. 6 En postularnir og öldungarnir komu saman til að líta á þetta mál. 7 En er mikið hafði verið um það þráttað, reis Pétur upp og sagði við þá: Þér bræður, þér vitið að fyrir löngu kjöri Guð yðar á meðal, að heiðingjarnir skyldu fyrir munn minn heyra orð fagnaðarerindisins og taka trú. 8 Og Guð, sem hjörtun þekkir, bar þeim vitni, er hann gaf þeim heilagan anda eins og oss; 9 og engan mun gjörði hann á oss og þeim, er hann hafði hreinsað hjörtu þeirra með trúnni. 10 Hvað eruð þér þá nú að freista Guðs, með því að leggja ok á háls lærisveinanna, er hvorki feður vorir né vér megnuðum að bera? 11 En vér trúum því, að vér verðum hólpnir fyrir náðina Drottins Jesú á sama hátt og þeir. 12 Og allur múgurinn þagði, og menn hlýddu á Barnabas og Pál, er þeir sögðu frá, hversu mörg tákn og undur Guð hafði látið þá framkvæma meðal heiðingjanna. 13 En er þeir voru þagnaðir, tók Jakob til máls og sagði: Þér bræður, hlýðið á mig. 14 Símeon hefir skýrt frá hvernig Guð í fyrstu lét sér umhugað um að taka nafni sínu lýð á meðal heiðingjanna, 15 og í samræmi við þetta eru orð spámannanna, svo sem ritað er: 16 Eftir þetta mun eg aftur hverfa og endurreisa hina föllnu tjaldbúð Davíðs, og reisa við rústir hennar, og gjöra hana upp aftur, 17 svo að mennirnir, sem eftir eru leifðir, leiti Drottins, og allir heiðingjarnir, sem nafn mitt hefir verið nefnt yfir, segir

Drottinn, sem gjörir þetta, 18 sem kunnugt er frá eilífð. 19 Fyrir því er það
minn úrskurður, að ekki skuli íþyngja þeim, er af heiðingjunum snúa sér til
Guðs, 20 heldur að vér ritum þeim, að þeir skuli halda sig frá allri flekkun af
skurðgoðum, og frá frillulífi og frá köfnuðu og frá blóði; 21 því að Móse hefir
frá fornu fari þá, er hann prédika í hverri borg, með því að hann er lesinn upp
í samkundunum hvern hvíldardag. 22 Postulunum og öldungunum, ásamt
öllum kirkjunni, leist þá að senda menn, til þess kjörna úr sínum hóp, með
Páli og Barnabasi til Antíokkíu, þá Júdas, er kallaður var Barsabas, og Sílas,
mikilsvirta menn meðal bræðranna, 23 og rituðu með þeim: Postularnir og
öldungarnir, bræðurnir, senda bræðrunum í Antíokkíu, Sýrlandi og Kilikíu,
er áður voru heiðnir, kveðju sína. 24 Með því að vér höfum heyrt að nokkrir,
er út hafa gengið frá oss, hafi óróað yður með orðum sínum og truflað sálir
yðar, án þess að vér hefðum þeim neitt um boðið, 25 þá hefir oss litist, er vér
vorum orðnir samhuga, að senda til yðar til þess kjörna menn með vorum
elskulegu Barnabasi og Páli, 26 mönnum, er lagt hafa líf sitt í hættu fyrir nafn
Drottins vors Jesú Krists. 27 Vér höfum því sent Júdas og Sílas, og boða þeir
yður hið sama munnlega; 28 því að heilögum anda og oss hefir litist, að
leggja eigi frekari byrðar á yður en þetta, sem nauðsynlegt er, 29 að þér haldið
yður frá skurðgoðafórnum og frá blóði og frá köfnuðu og frá frillulífi. Ef þér
varist þetta, mun yður vegna vel. Verið sælir. 30 Þeir voru þá látnir fara af
stað og komu niður til Antíokkíu og kölluðu þá alla saman og skiluðu
bréfinu. 31 En er menn lásu það, urðu þeir glaðir yfir þeirri huggun. 32 Og
Júdas og Sílas, er sjálfir voru og spámenn, ámintu bræðurna með mörgum
orðum og styrktu þá. 33 Og er þeir höfðu dvalist þar um hríð, létu bræðurnir
þá fara í friði til þeirra, er höfðu sent þá. 34 En Sílasi þótti gott að vera þar
kyrrum, og Júdas fór einn til Jerúsalem. † 35 En Páll og Barnabas héldu kyrru
fyrir í Antíokkíu og kendu og boðuðu ásamt mörgum öðrum orð Drottins. 36
En eftir nokkura daga sagði Páll við Barnabas: Hverfum aftur og vitjum
bræðranna í sérhverri borg, þar sem vér höfum boðað orð Drottins, hvernig
þeim líður. 37 En Barnabas vildi líka taka með Jóhannes, er kallaður var
Markús. 38 En Páli þótti eigi rétt að taka þann mann með, er hljóp frá þeim í
Pamfilíu og fylgdist ekki með þeim til verksins. 39 Varð nú áköf deila, svo að
þeir skildu hvorir við aðra, og tók Barnabas Markús með sér og sigldi til
Kípur. 40 En Páll kaus sér Sílas og fór af stað, falinn náð Drottins af

bræðrunum. 41 Og hann fór um Sýrland og Kilikíu og styrkti söfnuðina.

16. kafli

1 Og hann kom líka til Derbe og Lýstra, og sjá, lærisveinn nokkur var þar, Tímóteus að nafni, sonur trúaðrar konu af Gyðinga ætt, en faðirinn var grískur. 2 Hann hafði góðan orðstír hjá bræðrunum í Lýstra og Íkóníum; 3 hann vildi Páll láta fara með sér, og tók hann og umskar hann sökum Gyðinga, er voru í þeim bygðum, því að allir vissu þeir, að faðir hans var grískur. 4 Og er þeir fóru um borgirnar, lögðu þeir fyrir menn að varðveita boð og úrskurði postulanna og öldunganna í Jerúsalem. 5 Styrktust nú kirkjurnar í trúnni og fjölguðu dag frá degi. 6 Og þeir fóru um Frýgíu og Galataland, en heilagur andi varnaði þeim að tala orðið í Asíu. 7 Og sem þeir voru komnir að Mýsíu, gjörðu þeir tilraun til að fara til Bitýníu, en andi Jesú leyfði þeim það eigi. 8 Og þeir fóru fram hjá Mýsíu og komu niður til Tróas. 9 Og um nótt vitraðist Páli sýn: Maður nokkur makedónskur stóð hjá honum, og bað hann segjandi: Kom yfir til Makedóníu og hjálpa oss. 10 En jafnskjótt og hann hafði séð þessa sýn, leituðumst vér við að komast af stað til Makedóníu, þar sem vér ályktuðum, að Guð hefði kallað oss, til þess að boða þeim fagnaðarerindið. 11 Nú lögðum vér út frá Tróas og sigldum beint til Samótrake, en næsta dag til Neapolis, 12 og þaðan til Filippí, sem er helsta borgin í þeim hluta Makedóníu, og er nýlenda. Í þeirri borg dvöldum vér nokkura daga, 13 og hvíldardaginn gengum vér út fyrir hliðið, fram með á, þar sem vér hugðum vera stað til bænahalds, og settumst niður og töluðum við konurnar, sem komu þar saman. 14 Og kona nokkur guðhrædd, Lýdía að nafni, úr Þýatíra-borg, er seldi purpura, hlýddi á, og opnaði Drottinn hjarta hennar, svo að hún gaf gaum að ræðu Páls. 15 Og er hún var skírð og heimili hennar, bað hún oss og sagði: Ef þér álítið mig trúa drotni, þá gangið inn í hús mitt og takið þar dvöl. Og hún lagði fast að oss. 16 Og svo bar við, er vér vorum á leið til bænahaldsstaðarins, að oss mætti þerna nokkur, sem hafði spásagnaranda og ávann húsbændum sínum mikið fé með því að spá; 17 hún elti Pál og oss og hrópaði og sagði: Menn þessir eru þjónar Guðs hins hæsta, og boða þeir oss veg hjálpræðis. 18 Og þetta gjörði hún í marga daga. En Páli féll það illa, og hann sneri sér við og sagði við andann: Eg býð þér í nafni

Jesú Krists að fara út af henni, og hann fór út á samri stundu. 19 En er húsbændur hennar sáu, að ábatavon þeirra var farin, handtóku þeir Pál og Sílas og drógu þá á torgið fyrir valdsmennina. 20 Og er þeir höfðu farið með þá til höfuðsmannanna, sögðu þeir: Menn þessir gjöra mestu óspektir í borg vorri, eru þeir Gyðingar, 21 og boða siði þá, sem oss, rómverskum mönnum, leyfist hvorki að þýðast né fylgja. 22 Og múgurinn reis og í gegn þeim, og höfuðsmennirnir flettu þá klæðum og skipuðu að berja þá með stöfum. 23 Og er þeir höfðu lostið þá mörgum höggum, vörpuðu þeir þeim í fangelsi, og buðu fangaverðinum að gæta þeirra vandlega. 24 Og er hann hafði fengið slíka skipun, varpaði hann þeim í innra fangelsið og feldi stokk á fætur þeim. 25 En um miðnætti báðust þeir Páll og Sílas fyrir, og lofsungu Guði, og bandingjarnir hlustuðu á þá. 26 Þá varð skyndilega landskjálfti mikill, svo að grundvöllur fangelsisins titraði, og jafnskjótt opnuðust allar dyr, og fjötrarnir féllu af öllum. 27 Og er fangavörðurinn hrökk upp úr svefni og sá fangelsisdyrnar opnar, dró hann sverð sitt og ætlaði að fyrirfara sér, af því að hann hugði, að bandingjarnir væru flúnir. 28 En Páll kallaði hárri raustu og sagði: Gjör þú sjálfum þér ekkert mein, því að vér erum hér allir. 29 Og hann bað um ljós og stökk inn, og féll óttasleginn til fóta Páli og Sílasi 30 og leiddi þá út og sagði: Herrar, hvað á eg að gjöra, til þess að eg verði hólpinn? 31 En þeir sögðu: Trú þú á Drottin Jesúm, og þú munt verða hólpinn og heimili þitt. 32 Og þeir fluttu honum orð Drottins og öllum á heimili hans. 33 Og á þessari sömu næturstund tók hann þá með sér og þvoði benjar þeirra, og hann var skírður og alt fólk hans þegar í stað. 34 Og hann fór með þá upp í hús sitt, bar þeim mat, og var fagnandi, er hann hafði tekið trú á Guð með öllu heimafólki sínu. 35 En er dagur rann, sendu höfuðsmennirnir vandsveina og létu segja: Lát þú menn þessa lausa. 36 En fangavörðurinn flutti Páli þau orð: Höfuðsmennirnir hafa sent boð um, að þið skylduð lausir látast; gangið því nú út og farið í friði. 37 En Páll sagði við þá: Þeir hafa fyrir allra augum barið oss ódæmda, þó að vér séum rómverskir menn, og hafa varpað oss í fangelsi, og nú ætla þeir að hleypa oss út á laun. Ekki skal svo vera, heldur komi þeir sjálfir og leiði oss út. 38 Og vandsveinarnir fluttu
höfuðsmönnunum þessi orð. En þeir urðu hræddir, er þeir heyrðu, að þeir væru menn rómverskir, 39 og þeir komu og friðmæltust við þá, leiddu þá út og báðu þá að fara burt úr borginni. 40 Og er þeir voru gengnir út úr

fangelsinu, fóru þeir heim til Lýdíu, fundu þar bræðurna og hughreystu þá, og héldu síðan af stað.

17. kafli

1 En er þeir höfðu farið um Amfípolis og Apollóníu, komu þeir til Þessalóníku, en þar áttu Gyðingar samkunduhús. **2** Og eftir venju sinni gekk Páll inn til þeirra og þrjá hvíldardaga átti hann tal við þá út af ritningunum, **3** lauk þeim upp fyrir þeim og setti þeim fyrir sjónir, að Kristur átti að líða og risa upp frá dauðum, og að Jesús — sem eg boða yður — hann er einmitt Kristur. **4** Og nokkrir af þeim létu sannfærast, og gengu í flokk með þeim Páli og Sílasi, svo og mikill fjöldi guðrækinna Grikkja og mikilsháttar konur ekki allfáar. **5** En Gyðingarnir fyltust vandlæti og tóku með sér nokkura vonda menn af götuskrílnum, vöktu uppþot og hleyptu borginni í uppnám og þustu að húsi Jasons og gjörðu tilraun til að færa þá fyrir lýðinn. **6** En er þeir fundu þá ekki, drógu þeir Jason og nokkura bræður fyrir borgstjórana og hrópuðu: Mennirnir, sem vakið hafa óeirðir um alla heimsbygðina, þeir eru líka komnir hingað, **7** og Jason hefir tekið á móti þeim, og allir þessir menn breyta á móti boðum keisarans, þar sem þeir segja, að annar sé konungur, og það sé Jesús. **8** Og þeir æstu upp múginn og borgstjórana, er heyrðu þetta. **9** Og er þeir höfðu tekið vörslu fyrir Jason og hina, sleptu þeir þeim. **10** Og jafnskjótt létu bræðurnir þá Pál og Sílas fara af stað um nótt til Beröu, og er þeir voru þangað komnir, gengu þeir inn í samkunduhús Gyðinga. **11** En þeir voru göfuglyndari en mennirnir í Þessaloníku, þar sem þeir tóku við orðinu með mjög fúsu geði, og rannsökuðu daglega ritningarnar, hvort þessu væri þannig varið. **12** Margir af þeim tóku nú trú og ekki allfátt af tignum grískum konum og karlmönnum. **13** En er Gyðingarnir í Þessaloníku fengu að vita, að í Beröu væri einnig orð Guðs boðað af Páli, komu þeir og hleyptu líka í múginn þar ólgu og æsingu. **14** En bræðurnir sendu þá jafnskjótt með Pál af stað, alla leið til sjávar, en Sílas og Tímóteus urðu þar eftir. **15** En þeir, sem fluttu Pál, fóru með hann alla leið til Aþenu, og er þeir höfðu tekið við skipun til Sílasar og Tímóteusar, að þeir kæmu hið bráðasta til hans, fóru þeir leiðar sinnar. **16** En meðan Páll beið þeirra í Aþenu, fyltist andinn í brjósti honum sárri gremju, er hann sá að borgin var full af skurðgoðum. **17** Í samkunduhúsinu átti hann

því tal við Gyðingana og guðsdýrkendur, og á torginu dag hvern við þá, sem urðu á vegi hans. 18 En nokkrir Epíkúringar og stóiskir heimspekingar gáfu sig líka í orðakast við hann. Sögðu sumir: Hvað mun skraffinnur sá hafa að flytja? Aðrir sögðu: Hann virðist boða ókenda guði; af því að hann boðaði fagnaðarerindið um Jesúm og upprisuna. 19 Og þeir tóku hann og fóru með hann upp á Aresarhæð og sögðu: Getum vér fengið að vita, hver þessi nýja kenning er, sem þú fer með? 20 Því að eitthvað nýstárlegt flytur þú oss til eyrna; fýsir oss nú að vita, hvað þetta er. — 21 En allir Aþenumenn og gestir, sem sest hafa þar að, gáfu sér ekki tóm til annars fremur en að segja eða heyra eitthvað nýtt. — 22 En Páll stóð á miðri Aresarhæð og tók til máls: Aþenumenn, þér komið mér svo fyrir sjónir, að þér í öllum greinum séuð miklir trúmenn, 23 því er eg gekk hér um og skygndist eftir helgidómum yðar, fann eg meðal annars altari, sem á var ritað: »Ókunnum guði«. Það sem þér nú dýrkið óafvitandi, það boða eg yður: 24 Guð sem gjörði heiminn og alt sem í honum er, hann, sem er herra himins og jarðar, býr ekki í musterum, sem með höndum eru gjörð, 25 og ekki verður honum heldur þjónað af höndum manna, eins og hann þyrfti nokkurs við, þar sem hann sjálfur gefur öllum líf og anda og alla hluti; 26 og hann lét út frá einum sérhverja þjóð manna byggja alt yfirborð jarðarinnar, er hann hafði ákveðið fyrirsetta tíma og takmark bólstaða þeirra, 27 svo að þær skyldu leita Guðs, ef verða kynni, að þær mættu þreifa á honum og hann finna, enda þótt hann sé eigi langt frá hverjum og einum af oss, 28 því að í honum lifum, hrærumst og erum vér, eins og líka nokkur af skáldunum hjá yður hafa sagt: »Því að vér erum líka hans ættar«. 29 Fyrst vér erum nú Guðs ættar, megum vér ekki ætla að guðdómurinn sé líkur gulli eða silfri eða steini: mynd gjörðri af mannlegum hagleik og hugviti. 30 Guð hefir þá séð í gegnum fingur við tíðir vanviskunnar, en nú boðar hann mönnunum, að þeir allir skuli alstaðar gjöra iðrun, 31 með því að hann hefir ákveðið dag, á hverjum hann mun láta mann, sem hann hefir fyrirhugað, dæma heimsbygðina með réttvísi, og hefir hann veitt öllum fullvissu um það, með því að hann reisti hann frá dauðum. 32 Er þeir nú heyrðu nefnda upprisu dauðra, gjörðu sumir gys að, en aðrir sögðu: Vér munum hlusta á þetta hjá þér í annað sinn. 33 Þannig skildi Páll við þá. 34 Og nokkrir menn, sem héldu sér til hans, tóku trú; á meðal þeirra var og Díónýsíus Areopagíti og kona, Damaris að nafni, og aðrir ásamt þeim.

18. kafli

1 Eftir þetta fór Páll úr Aþenu og kom til Korintu. **2** Og þar fann hann fyrir Gyðing nokkurn, Akvílas að nafni, ættaðan frá Pontus, nýkominn frá Ítalíu, og Priskillu konu hans, því að Kládíus hafði skipað svo fyrir, að allir Gyðingar skyldu fara burt úr Róm. Hann fór til þeirra, **3** og af því að báðir stunduðu sömu iðn, settist hann að hjá þeim, og þeir unnu að verki sínu, því að iðn þeirra var tjaldgjörð. **4** En hann átti viðræður við menn í samkunduhúsinu hvern hvíldardag, og sannfærði bæði Gyðinga og Grikki. **5** En er þeir Sílas og Tímóteus komu norðan frá Makedóníu, var Páll allur í orðinu, og vitnaði fyrir Gyðingum, að Jesús væri Kristur. **6** En er þeir stóðu í gegn og lastmæltu, hristi hann duftið af klæðum sínum og sagði við þá: Blóð yðar komi yfir höfuð yðar, eg er hreinn; upp frá þessu fer eg til heiðingjanna. **7** Og hann fór þaðan og kom í hús manns nokkurs, er hét Títus Jústus, sem dýrkaði Guð, og var hús hans rétt hjá samkunduhúsinu. **8** En Krispus samkundustjóri tók trú á Drottin, og alt heimili hans, og margir Korintumenn, sem á hlýddu, tóku trú og létu skírast. **9** En Drottinn sagði um nótt við Pál í sýn: Óttast þú eigi, heldur tala þú og þeg ekki; **10** því að eg er með þér, og enginn skal ráðast að þér til að vinna þér mein, því að eg á margt fólk í þessari borg. **11** Og hann sat þar um kyrt þrjú missiri, og kendi orð Guðs á meðal þeirra. **12** En þegar Gallíón var landstjóri í Akkeu, risu Gyðingar með einum huga gegn Páli og drógu hann fyrir dómstólinn og sögðu: **13** Maður þessi telur menn á að dýrka Guð gagnstætt lögmálinu. **14** En er Páll ætlaði að opna munninn, sagði Gallíón við Gyðingana: Ef hér væri um nokkuð saknæmt eða eitthvert ódæði að ræða, þá væri ástæða fyrir mig að sinna yður, Gyðingar; **15** en ef það eru deilur um orð og nöfn og lögmál það, sem þér hafið, þá ráðið sjálfir fram úr því; dómari í slíkum efnum vil eg ekki vera. **16** Og hann rak þá burt frá dómstólnum. **17** Og allur
mannsöfnuðurinn tók Sóstenes, samkundustjórann, og þeir börðu hann fyrir framan dómstólinn, og alt þetta lét Gallíón sig engu skifta. **18** En Páll var þar enn um kyrt allmarga daga; síðan kvaddi hann bræðurna og sigldi til Sýrlands, og með honum Priskilla og Akvílas, eftir að hann hafði látið skera hár sitt í Kenkreu, — því að heit hvíldi á honum. — **19** Og þeir komu til Efesus og þar lét hann þau eftir, en sjálfur gekk hann inn í samkunduhúsið

og átti samræður við Gyðinga. 20 En er þeir báðu hann að standa lengur við, samsinti hann því ekki, 21 heldur kvaddi þá og sagði: Eg skal hverfa aftur til yðar, ef Guð vill. Og hann lét í haf frá Efesus; 22 og er hann var kominn til Sesareu, fór hann upp eftir, og heilsaði kirkjunni, og fór niður til Antíokkíu. 23 Og er hann hafði dvalið þar um hríð, hélt hann af stað, og fór eins og leið liggur um Galataland og Frýgíu og styrkti alla lærisveinana. 24 En Gyðingur nokkur, Apollós að nafni, ættaður frá Alexandríu, kom til Efesus; hann var maður vel máli farinn og fær í ritningunum; 25 hann var fræddur um veg Drottins, og var brennandi í andanum, og talaði og kendi kostgæfilega um Jesúm, en þekti aðeins skírn Jóhannesar. 26 Þessi maður tók að tala djarflega í samkunduhúsinu, og er Priskilla og Akvílas höfðu hlustað á hann, tóku þau hann að sér og útlistuðu rækilegar fyrir honum Guðs veg. 27 En er hann fýsti að fara yfir um til Akkeu, hvöttu bræðurnir hann til þess og rituðu lærisveinunum að veita honum viðtöku. Og er hann var þangað kominn, varð hann fyrir náðina þeim til mikillar nytsemi, sem trú höfðu tekið; 28 því að harðlega hrakti hann Gyðingana í allra áheyrn, og sannaði af ritningunum, að Jesús væri Kristur.

19. kafli

1 En svo bar við, meðan Apollós var í Korintu, að Páll kom til Efesus, eftir að hann hafði farið um upplöndin, 2 og hitti þar fyrir nokkura lærisveina, og hann sagði við þá: Fenguð þér heilagan anda, er þér tókuð trú? En þeir sögðu við hann: Nei, vér höfum eigi svo mikið sem heyrt, að heilagur andi sé til. 3 Og hann sagði: Upp á hvað eruð þér þá skírðir? En þeir sögðu: Upp á skírn Jóhannesar. 4 En Páll sagði: Jóhannes skírði iðrunarskírn, er hann sagði lýðnum að trúa á þann, sem eftir sig kæmi, það er að segja á Jesúm. 5 En er þeir höfðu heyrt það, þá létu þeir skírast til nafns Drottins Jesú. 6 Og er Páll hafði lagt hendur yfir þá, kom heilagur andi yfir þá, og þeir töluðu tungum og spáðu. 7 Og alls voru þeir sem næst tólf manns. 8 Og hann gekk inn í samkunduhúsið og talaði djarflega um þriggja mánaða tíma, og átti viðræður við menn og sannfærði um það, sem heyrir til guðsríki. 9 En er nokkrir forhertust og höfnuðu trúnni, og illmæltu veginum í áheyrn fólksins, sagði hann skilið við þá og greindi lærisveinana frá þeim, og hélt daglega

samræður í skóla Týrannusar. 10 Og þessu fór fram í tvö ár, svo að allir þeir,
sem í Asíu bjuggu, heyrðu orð Drottins, bæði Gyðingar og Grikkir. 11 Og
Guð gjörði óvenjuleg kraftaverk fyrir hendur Páls, 12 svo að jafnvel voru
bornir út til sjúkra af líkama hans sveitadúkar eða forklæði, og sjúkdómarnir
viku frá þeim og illir andar fóru út af þeim. 13 En nokkrir umrennandi
Gyðingar, sem voru særingamenn, tóku sér og fyrir að nefna yfir þeim, er
höfðu illa anda, nafn Drottins Jesú, segjandi: Eg særi yður við Jesúm, sem
Páll prédikar. — 14 En þeir, er þetta frömdu, voru sjö synir Skeva nokkurs
æðsta prests, Gyðinga ættar. — 15 En illi andinn svaraði og sagði við þá:
Jesúm kenni eg og Pál þekki eg; en hverjir eruð þið? 16 Og maðurinn, sem illi
andinn var í, flaug á þá, keyrði þá báða undir sig og lék þá hart, svo að þeir
flýðu naktir og særðir út úr húsinu. 17 En þetta varð kunnugt bæði öllum
Gyðingum og Grikkjum, er búa í Efesus, og ótta sló yfir þá alla, og nafn
Drottins Jesú miklaðist. 18 Og margir þeirra, sem við trú höfðu tekið, komu
og gjörðu játningu og sögðu frá athæfi sínu. 19 Og allmargir af þeim, er farið
höfðu með kukl, báru bækurnar saman og brendu þær öllum ásjáandi, og þeir
reiknuðu saman verð þeirra, og taldist það vera fimtíu þúsund silfurpeningar.
20 Svo kröftuglega óx og efldist orð Drottins. 21 Eftir að þetta var um garð
gengið, ásetti Páll sér í anda að ferðast um Makedóníu og Akkeu og fara
síðan til Jerúsalem og sagði: Þegar eg hefi verið þar, ber mér líka að sjá
Róm. 22 Og hann sendi til Makedóníu tvo af þeim, er honum þjónuðu, þá
Tímóteus og Erastus. en dvaldi sjálfur um tíma í Asíu. 23 En í þann tíma hófst
eigi lítið uppþot út af veginum; 24 því að maður nokkur var þar, Demetríus að
nafni; hann var silfursmiður; bjó hann til Artemisar musteri úr silfri, og veitti
smiðum eigi litla atvinnu. 25 Hann stefndi þeim saman og öðrum, sem að
slíku unnu, og sagði: Góðir menn, þér vitið að á þessari atvinnu stendur
velmegun vor; 26 og þér sjáið og heyrið, að ekki einungis í Efesus, heldur nær
um gjörvalla Asíu, hefir Páll þessi með fortölum sínum snúið fjölda fólks,
þar sem hann segir, að eigi séu þeir guðir, sem með höndum eru gjörðir. 27
Nú horfir þetta ekki einungis iðn vorri til smánar, heldur einnig til þess að
helgidómur hinnar miklu gyðju Artemisar verði einskis virtur; já, jafnvel að
hún, sem öll Asía og heimsbygðin dýrkar, verði svift tign sinni. 28 Og er þeir
heyrðu þetta, urðu þeir afarreiðir, æptu upp og sögðu: Mikil er Artemis
Efesusmanna! 29 Og öll borgin komst í uppnám, og þeir þustu með einum

huga til leiksviðsins, og gripu og höfðu með sér þá Kajus og Aristarkus, menn frá Makedóníu, sem voru förunautar Páls. **30** En er Páll vildi ganga inn í mannþröngina, leyfðu lærisveinarnir honum það ekki. **31** En nokkrir af leikstjórunum, sem voru vinir hans, sendu jafnvel til hans og báðu hann að hætta sér ekki inn á leiksviðið. **32** Þeir hrópuðu nú sitt hver, því að mannsöfnuðurinn var í uppnámi, og flestir vissu ekki, hvers vegna þeir voru saman komnir. **33** Og menn drógu Alexander fram úr mannþrönginni, af því að Gyðingar ýttu honum fram; en Alexander bandaði með hendinni og vildi verja mál sitt fyrir fólkinu. **34** En er þeir urðu þess vísir, að hann var Gyðingur, æptu allir einum munni og hrópuðu í nærfelt tvær stundir: Mikil er Artemis Efesusmanna! **35** En ritarinn sefaði fólkið og mælti: Efesusmenn, hver er sá maður, er ekki viti, að borg Efesusmanna geymir musteris hinnar miklu Artemisar og hins himinfallna líkneskis? **36** Þar sem þetta er nú ómótmælanlegt, þá ber yður að vera stiltir og ekki hrapa að neinu, **37** því að þér hafið dregið þessa menn hingað, sem hvorki hafa rænt helgidóma né lastmælt gyðju vorri. **38** Hafi nú Demetríus og smiðirnir, sem honum fylgja, kærumál við nokkurn, þá eru þingdagar haldnir, og til eru landstjórar; eigist þeir lög við. **39** En ef þér hafið annars að krefja, þá má gjöra út um það á löglegri samkomu; **40** því að vér eigum jafnvel á hættu, að verða sakaðir um upphlaup fyrir þetta í dag, þar eð ekkert verður borið fyrir, sem vér getum mælt slíku uppþoti bót með. **41** Að svo mæltu lét hann mannsöfnuðinn skiljast að.

20. kafli

1 En eftir að uppþotið var hætt, sendi Páll eftir lærisveinunum, áminti þá og kvaddi þá og fór burt áleiðis til Makedóníu. **2** Og er hann hafði farið um þau héruð og hafði ámint þá með mörgum orðum, kom hann til Grikklands. **3** Og er hann hafði verið þar þrjá mánuði, og Gyðingar sátu á svikráðum við hann, er hann ætlaði að leggja af stað sjóveg til Sýrlands, tók hann það ráð að snúa aftur um Makedóníu. **4** En honum fylgdu alla leið til Asíu Sópater Pýrrusson frá Beröu og af Þessaloníkumönnum Aristarkus og Sekúndus, og Gajus frá Derbe og Tímóteus og Asíumennirnir Týkíkus og Trófímus. **5** En þeir fóru á undan og biðu vor í Tróas. **6** En vér sigldum eftir daga ósýrðu brauðanna burt

frá Filippí, og komum til þeirra í Tróas á fimta degi, og þar stóðum vér við sjö daga. **7** En er vér vorum saman komnir fyrsta dag vikunnar, til þess að brjóta brauðið, átti Páll samræður við þá, með því að hann ætlaði að fara burt morguninn eftir, og teygði hann talið til miðnættis. **8** En mörg ljós voru í loftstofunni, þar sem vér vorum saman komnir. **9** En í glugganum sat ungmenni eitt, Evtýkus að nafni; á hann féll þungur svefn, og er Páll ræddi svo lengi, datt hann, yfirkominn af svefninum, ofan af þriðja lofti og var tekinn upp andvana. **10** Og Páll gekk ofan, lagðist niður að honum og tók utan um hann og sagði: Gjörið engan hávaða, því að líf er með honum. **11** Og hann fór upp og braut brauðið og neytti og talaði enn um hríð fram í dögun; síðan fór hann leiðar sinnar. **12** En þeir fóru með sveininn lifandi og hugguðust mikillega. **13** En vér, sem áður höfðum stigið á skip, sigldum til Assus og ætluðum þar að taka Pál á skip, því að svo hafði hann fyrir lagt, en sjálfur ætlaði hann að ganga. **14** Og er hann hafði hitt oss í Assus, tókum vér hann á skip og komum til Mitýlene. **15** Og þaðan sigldum vér og komum næsta dag á móts við Kíos. Og daginn eftir lögðumst vér undir Samos, og næsta dag komum vér til Míletus. **16** Því að Páll hafði ásett sér að sigla fram hjá Efesus, til þess að það kæmi ekki fyrir hann, að honum dveldist í Asíu, því að hann hraðaði ferð sinni, ef honum yrði auðið að komast til Jerúsalem hvítasunnudaginn. **17** En frá Míletus sendi hann til Efesus og boðaði til sín öldunga kirkjunnar, **18** og er þeir voru komnir til hans, sagði hann við þá: Þér vitið með hverjum hætti eg var hjá yður alla stund frá þeim fyrsta degi, er eg kom til Asíu, **19** að eg þjónaði drotni í allri auðmýkt og með tárum og í raunum, sem fyrir mig komu af svikráðum Gyðinganna, **20** og hversu eg hlífðist eigi við að boða yður og kenna alt nauðsynlegt, opinberlega og í heimahúsum, **21** er eg vitnaði bæði fyrir Gyðingum og Grikkjum um afturhvarfið til Guðs og trú á Drottin vorn Jesúm Krist. **22** Og nú, sjá, bundinn í anda er eg á leið til Jerúsalem, vitandi eigi, hvað þar muni mæta mér, **23** nema hvað heilagur andi birtir mér í hverri borg og segir, að fjötrar og þrengingar bíði mín. **24** En eigi er orði að því eyðandi, að lífið sé dýrmætt fyrir mig sjálfan móts við það að fullna skeið mitt og þjónustuna, er eg tók við af drotni Jesú, að vitna um fagnaðarerindi Guðs náðar. **25** Og nú, sjá, eg veit, að eigi munuð þér framar sjá ásjónu mína, allir þér, er eg var á ferðinni hjá, boðandi ríkið; **26** þess vegna vitna eg fyrir yður, daginn þennan í dag, að

eg er hreinn af blóði allra; 27 því að eigi hlífðist eg við að boða yður alt Guðs ráð. 28 Hafið gát á sjálfum yður og allri hjörðinni, þar sem heilagur andi setti yður biskupa, til þess að gæta kirkju Guðs, sem hann hefir aflað sér með sínu eigin blóði. 29 Eg veit að inn muni koma til yðar eftir burtför mína ólmir vargar, sem eigi þyrma hjörðinni. 30 Og af yður sjálfum munu rísa upp menn, er fara með rangsnúna lærdóma, til þess að teygja lærisveinana á eftir sér. 31 Vakið því og verið þess minnugir, að í þrjú ár lét eg eigi af, nótt og dag, með tárum að áminna einn og sérhvern. 32 Og nú fel eg yður Guði og orði náðar hans, sem máttugt er að uppbyggja yður og gefa arfleifð með öllum þeim, sem helgaðir eru. 33 Eg hefi eigi girnst silfur eða gull eða klæði nokkurs manns. 34 Sjálfir vitið þér, að hendur þessar unnu fyrir öllu því, er eg þurfti að hafa og þeir, er með mér voru. 35 Í öllu sýndi eg yður, að með því að vinna svo, verðum vér að taka að oss hina óstyrku og minnast orða Drottins Jesú, að hann sjálfur sagði: Sælla er að gefa en þiggja. 36 Og er hann hafði þetta mælt, féll hann á kné og baðst fyrir ásamt þeim öllum. 37 Og allir tóku sáran að gráta og féllu um háls Páli og kystu hann, 38 og voru allra hryggastir yfir orði því, sem hann hafði mælt, að þeir mundu aldrei framar líta auglit hans. Og þeir fylgdu honum til skips.

21. kafli

1 Og er vér höfðum slitið oss frá þeim og höfðum siglt af stað, fórum vér beina leið lil Kos, og næsta dag til Ródus og þaðan til Patara. 2 Þar hittum vér skip, er var að fara yfir um til Fönikíu, stigum vér á það og sigldum af stað. 3 En er vér fengum landsýn af Kípur, létum vér hana á bakborða og sigldum til Sýrlands, og tókum höfn í Týrus, því að þar átti skipið að leggja upp farminn. 4 Og eftir að vér höfðum fundið lærisveinana, dvöldum vér þar sjö daga. Menn þessir sögðu Páli fyrir andann, að eigi skyldi hann stíga fæti í Jerúsalem. 5 En er svo kom, að vér höfðum fullnað dagana, fórum vér burt og héldum leiðar vorrar, og allir fylgdu þeir oss á veg, með konum og börnum, og alla leið út fyrir borgina, og vér féllum á kné í fjörunni og báðumst fyrir, 6 og kvöddum hverjir aðra og stigum á skip, en hinir sneru aftur heim til sín. 7 En þegar vér höfðum lokið sjóferðinni frá Týrus, komum vér til Tólemais, og vér heilsuðum bræðrunum og dvöldum hjá þeim einn dag. 8 Og daginn eftir

fórum vér á burt og komum til Sesareu, og vér gengum inn í hús Filippusar trúboða, sem var einn af þeim sjö, og dvöldum hjá honum. **9** Hann átti fjórar dætur, meyjar, er spáðu. **10** Og er vér stóðum þar við ekki allfáa daga, kom spámaður nokkur ofan frá Júdeu, Agabus að nafni. **11** Og hann kom til vor, tók upp belti Páls, batt fætur sína og hendur og mælti: Þetta segir heilagur andi: Svo munu Gyðingar í Jerúsalem binda manninn, sem á þetta belti, og framselja hann í hendur heiðingjum. **12** En er vér heyrðum þetta, báðum bæði vér hann og þeir sem þar áttu heima, að fara ekki upp til Jerúsalem. **13** Þá tók Páll til máls: Hví gjörið þér þetta, að gráta og hrella hjarta mitt? Því að eg er eigi aðeins reiðubúinn til að láta binda mig í Jerúsalem, heldur og að deyja þar fyrir nafn Drottins Jesú. **14** Og er hann lét eigi telja sér hughvarf, þögnuðum vér og sögðum: Verði Drottins vilji. **15** Og að þessum dögum liðnum, bjuggumst vér til ferðar og fórum upp til Jerúsalem. **16** Og oss urðu samferða nokkrir af lærisveinunum frá Sesareu og fóru þeir með oss til Mnasons nokkurs frá Kípur, sem var gamall lærisveinn, og skyldum vér gista hjá honum. **17** Og er vér komum til Jerúsalem, tóku bræðurnir oss feginsamlega. **18** Og næsta dag gekk Páll með oss til Jakobs, og allir öldungarnir komu þangað. **19** Og er hann hafði heilsað þeim, inti hann þeim skilmerkilega hvað eina, sem Guð hafði gjört fyrir þjónustu hans meðal heiðingjanna. **20** Og þeir vegsömuðu Guð, er þeir heyrðu það, og sögðu við hann: Þú sér, bróðir, hve margir tugir þúsunda það eru meðal Gyðinga, sem trú hafa tekið, og allir eru þeir vandir að því að lögmálið sé haldið. **21** En þeim hefir verið sagt það um þig, að þú kennir öllum Gyðingum, er búa meðal heiðingja, fráhvarf frá Móse, þar sem þú segir, að þeir skuli hvorki umskera börn sín né fylgja siðunum. **22** Hvað á þá að gjöra? Víst munu þeir spyrja það, að þú ert kominn. **23** Gjör því nú þetta sem vér segjum þér. Hjá oss eru fjórir menn, sem bundnir eru heiti; **24** tak þú menn þessa að þér og lát hreinsast með þeim, og ber kostnaðinn fyrir þá, að þeir geti rakað höfuð sín, og mega þá allir sjá, að ekkert er til í því, sem þeim hefir verið sagt um þig, heldur gætir þú lögmálsins sjálfur í breytni þinni. **25** En að því er snertir heiðingjana, sem við trú hafa tekið, þá höfum vér gefið út bréf og úrskurðað, að þeir skuli varast bæði skurðgoðafórnir og blóð og það sem kafnað er og frillulífi. **26** Síðan tók Páll að sér mennina, og daginn eftir, er hann hafði hreinsast látið með þeim, gekk hann inn í helgidóminn og lét vita, að hann

mundi enda út hreinsunardagana, þangað til fórnin væri framborin fyrir einn og sérhvern þeirra. 27 En er að því var komið að dagarnir sjö væru á enda, sáu Gyðingar frá Asíu hann í helgidóminum og komu öllu fólkinu í uppnám, og lögðu hendur á hann 28 og hrópuðu: Þér Ísraelsmenn, veitið nú lið. Þetta er maðurinn, sem alstaðar er öllum að kenna í gegn lýðnum og lögmálinu og stað þessum. Og nú hefir hann meira að segja farið með Grikki inn í helgidóminn og saurgað þennan heilaga stað. 29 Því að þeir höfðu áður séð Trófímus frá Efesus með honum í borginni, og hugðu að Páll hefði farið með hann inn í helgidóminn. 30 Og öll borgin varð uppvæg og fólkið þusti saman, og þeir tóku Pál og drógu hann út fyrir helgidóminn, og jafnskjótt var dyrunum læst. 31 En er þeir vildu lífláta hann, barst foringjanum yfir hersveitinni fregn um það, að öll Jerúsalem væri í uppnámi. 32 Hann tók þegar í stað með sér hermenn og hundraðshöfðingja og hljóp niður til þeirra; en er þeir sáu hersveitarforingjann og hermennina, hættu þeir að berja Pál. 33 Hersveitarforinginn kom þá að og tók hann og skipaði að binda hann með tveimur viðjum, og spurði hver hann væri og hvað hann hefði gjört. 34 En sitt kallaði hver úr mannfjöldanum, og er hann gat ekkert áreiðanlegt fengið að vita sökum óróans, bauð hann að fara skyldi með hann upp í kastalann. 35 Og er komið var á tröppurnar, urðu hermennirnir að bera hann vegna ofsans í fólkinu, 36 því að múgur manns fylgdi eftir, hrópandi: Burt með hann! 37 Og þegar fara átti með Pál inn í kastalann, segir hann við hersveitarforingjann: Leyfist mér að tala nokkur orð við þig? En hann sagði: Kant þú grísku? 38 Ekki ert þú þá egipski maðurinn, sem fyrir nokkuru vakti styrjöld og fór með fjögur þúsund morðingja út á eyðimörkina. 39 En Páll sagði: Eg er Gyðingur, frá Tarsus í Kilikíu, borgari í alkunnum bæ; og eg bið þig, leyf mér að tala til fólksins. 40 Og er hann hafði veitt leyfið, nam Páll staðar á tröppunum og bandaði hendinni til fólksins, og er gott hljóð fékst, talaði hann til þeirra á hebreska tungu og sagði:

22. kafli

1 Þér bræður og feður, hlustið nú á málsvörn mína fyrir yður. 2 En er þeir heyrðu hann ávarpa sig á hebreska tungu, urðu þeir enn hljóðari, og hann segir: 3 Eg er Gyðingur, fæddur í Tarsus í Kilikíu, en alinn upp í borg þessari

við fætur Gamalíels, fræddur í strangleika feðra-lögmálsins, og var Guðs vandlætari, eins og þér allir eruð í dag, **4** sá hinn sami, sem ofsótti þennan veg alt að dauða, færði í hlekki og seldi í fangelsi bæði karla og konur, **5** eins og æðsti presturinn mun bera mér vitni um og alt öldungaráðið; hjá þeim fékk eg enda bréf til bræðranna, og fór til Damaskus í þeim tilgangi, að flytja einnig þá, er þar væru, bundna til Jerúsalem, til þess að þeim yrði hegnt. **6** En svo bar við, er eg var á ferðinni og nálgaðist Damaskus, um hádegisbil, að um mig leiftraði skyndilega ljós mikið af himni. **7** Og eg féll til jarðar og heyrði raust, er sagði við mig: Sál, Sál, hví ofsækir þú mig? **8** En eg svaraði: Hver ert þú, herra? Og hann sagði við mig: Eg er Jesús frá Nazaret, sem þú ofsækir. **9** Mennirnir, sem með mér voru, sáu að vísu ljósið, en heyrðu ekki raust þess, er við mig talaði. **10** En eg sagði: Hvað á eg að gjöra, herra? En Drottinn sagði við mig: Rís upp og far til Damaskus, og þar mun þér verða sagt um alt það, sem þér er ætlað að gjöra. **11** En þar sem eg gat ekki séð vegna ljómans af ljósi þessu, kom eg til Damaskus, leiddur við hönd af samferðamönnum mínum. **12** En Ananías nokkur, maður guðrækinn eftir lögmálinu, sem hafði góðan orðstír hjá öllum Gyðingum, er þar bjuggu, **13** kom til mín, gekk að mér og sagði við mig: Sál bróðir, lít þú upp. Og eg leit upp á hann á sömu stundu. **14** En hann sagði: Guð feðra vorra hefir fyrirhugað þig til að þekkja vilja sinn og sjá hinn réttláta og heyra raust af munni hans; **15** því að þú skalt honum vottur vera hjá öllum mönnum um það, sem þú hefir séð og heyrt. **16** Og hvað dvelur þig nú? Rís upp og lát skírast og afþvo syndir þínar, ákallandi nafn hans. **17** En svo bar við, er eg var kominn aftur til Jerúsalem og baðst fyrir í helgidóminum, að eg varð frá mér numinn **18** og sá hann, segjandi við mig: Flýt þér og far sem skjótast burt úr Jerúsalem, því að þinn vitnisburð um mig munu þeir ekki meðtaka. **19** Og eg sagði: Drottinn, þeir vita sjálfir, að eg er maðurinn, sem hnepti í fangelsi og húðstrýkti í samkunduhúsunum þá sem trúðu á þig, **20** og þegar úthelt var blóði Stefáns, vottar þíns, stóð eg bæði sjálfur þar yfir og lét mér vel líka og varðveitti klæði þeirra, sem tóku hann af lífi. **21** Og hann sagði við mig: Far þú, því að eg mun senda þig til heiðingja, langt í burtu. **22** Alt að þessu orði hlýddu þeir á hann, en nú hófu þeir upp raust sína, segjandi: Burt með slíkan mann af jörðinni, því að eigi hæfir að hann lifi! **23** Og er þeir æptu upp og köstuðu af sér klæðum sínum og jusu mold í loft upp, **24** skipaði

hersveitarforinginn að fara með hann inn í kastalann, og sagði að kúga skyldi hann til sagna með svipuhöggum, til þess að hann fengi að vita, fyrir hverja sök þeir hrópuðu svo gegn honum. 25 Og er þeir höfðu strengt hann undir svipuhöggin með taugum, sagði Páll við hundraðshöfðingjann, er hjá stóð: Leyfist yður að húðstýkja rómverskan mann, og það ódæmdan? 26 Og er hundraðshöfðinginn heyrði það, fór hann til hersveitarforingjans, inti honum frá og sagði: Hvað ert þú að gjöra? Því að maður þessi er rómverskur. 27 Hersveitarforinginn kom þá og sagði við hann: Seg mér, ert þú rómverskur? En hann sagði: Já. 28 Og hersveitarforinginn svaraði: Fyrir ærið fé keypti eg þennan borgarrétt. En Páll sagði: Eg er meira að segja með honum fæddur. 29 Og jafnskjótt viku þeir frá honum, er áttu að yfirheyra hann, og hersveitarforinginn varð hræddur, er hann varð þess vís, að hann var rómverskur, og af því að hann hafði látið binda hann. 30 Daginn eftir, er hann vildi vita með vissu, um hvað hann væri kærður af Gyðingum, leysti hann hann og bauð, að æðstu prestarnir og alt ráðið skyldi koma saman, og hann kom með Pál og leiddi hann fram fyrir þá.

23. kafli

1 En Páll hvesti augun á ráðið og mælti: Þér bræður, eg hefi hegðað mér fyrir Guði með góðri samvisku í sérhverri grein, alt til þessa dags. 2 En æðsti presturinn Ananías skipaði þeim, er hjá honum stóðu, að ljósta hann á munninn. 3 En þá sagði Páll við hann: Guð mun ljósta þig, þú kalkaði veggur! Og situr þú til að dæma mig samkvæmt lögmálinu, og skipar að eg sé lostinn á móti lögmálinu? 4 En þeir, sem hjá stóðu, sögðu: Atyrðir þú æðsta prest Guðs? 5 Og Páll sagði: Ekki vissi eg, bræður, að hann væri æðsti prestur; því að ritað er: Þú skalt ekki illmæla höfðingja lýðs þíns. 6 En með því að Páll vissi, að einn hluti þeirra voru Saddúkear, en annar hlutinn Farísear, þá hrópaði hann upp í ráðinu: Þér bræður, eg er Farísei, sonur Farísea. Eg er lögsóttur fyrir vonina og upprisu dauðra. 7 En er hann sagði þetta, varð deila milli Faríseanna og Saddúkeanna og þingheimurinn varð ósamþykkur; 8 því að Saddúkear segja, að ekki sé til upprisa og eigi heldur engill, né andi, en Farísear viðurkenna hvorttveggja. 9 Nú varð hávaði mikill, og nokkrir fræðimenn af flokki Faríseanna risu upp og fluttu mál sitt með

kappi og sögðu: Ekkert ilt finnum vér hjá manni þessum. Ef nú andi skyldi hafa talað við hann eða engill! **10** En er nú varð mikil deila, óttaðist hersveitarforinginn, að Páll yrði slitinn í sundur af þeim, og skipaði herliðinu að fara niður, til að hrífa hann frá þeim og fara með hann í kastalann. **11** En nóttina eftir kom Drottinn til hans og sagði: Vertu hughraustur, því að eins og þú hefir vitnað um mig í Jerúsalem, svo ber þér og að vitna í Róm. **12** En er dagur kom, gjörðu Gyðingar samtök og strengdu þess heit með formælingu, að þeir skyldu hvorki eta né drekka, fyr en þeir hefðu Pál af dögum ráðið, **13** og voru þeir yfir fjörutíu, sem þetta samsæri gjörðu. **14** Og menn þessir fóru til æðstu prestanna og öldunganna og sögðu: Með formælingu höfum vér fastlega strengt þess heit, að bergja einskis fyr en vér höfum Pál af dögum ráðið. **15** Nú skuluð þér ásamt ráðinu gjöra hersveitarforingjanum aðvart um það, að hann láti fara með hann niður til yðar, svo sem þér vilduð kynna yður mál hans enn rækilegar, en vér erum reiðubúnir til að vega hann, áður enn hann kemst alla leið. **16** En systursonur Páls heyrði um fyrirsátina og kom og fór inn í kastalann og sagði Páli frá. **17** En Páll kallaði til sín einn af hundraðshöfðingjunum og mælti: Far þú með þennan unga mann til hersveitarforingjans; því að hann hefir nokkuð að segja honum. **18** Hann tók hann þá og fór með hann til hersveitarforingjans og segir: Bandinginn Páll kallaði mig til sín og bað mig að fara með þennan unga mann til þín, sem hefir eitthvað að segja þér. **19** Og hersveitarforinginn tók í hönd honum og fór með hann afsíðis og spurði: Hvað er það, sem þú hefir að segja mér? **20** En hann sagði: Gyðingar hafa komið sér saman um að biðja þig, að þú á morgun látir fara með Pál niður í ráðið, og ætti það svo að heita, að þú ætlaðir ítarlegar að rannsaka mál hans. **21** En lát þú nú ekki að orðum þeirra, því að meira en fjörutíu menn úr þeirra flokki sitja fyrir honum, og hafa þeir hinir sömu strengt þess heit með formælingu, að eta hvorki né drekka, fyr en þeir hafi vegið hann, og eru þeir nú reiðubúnir og bíða eftir skeyti frá þér. **22** Hersveitarforinginn lét unga manninn þá fara burt og bauð honum: Engum mátt þú segja, að þú hafir gjört mér aðvart um þetta. **23** Og hann kallaði til sín tvo af hundraðshöfðingjunum og sagði: Búið tvö hundruð hermenn, sjötíu riddara og tvö hundruð skotmenn, að þeir fari til Sesareu, eftir þriðju stund nætur; **24** hafið og til reiðu fararskjóta handa Páli, til þess að þér komið honum heilum á hófi til Felix landstjóra. **25** Og hann

ritaði bréf svo hljóðandi: 26 Kládíus Lýsías sendir kveðju hinum göfuga landstjóra Felix. 27 Þennan mann höfðu Gyðingar handtekið, og lá við, að þeir tækju hann af lífi; kom eg þá þar að með hermönnum og bjargaði honum, er eg komst að því, að hann var rómverskur. 28 Og er eg vildi vita, fyrir hverja sök þeir kærðu hann, fór eg með hann niður í ráð þeirra; 29 komst eg þá að raun um, að hann var kærður fyrir ágreining um lögmál þeirra, en engin sök var honum gefin, er dauða varðaði eða böndum. 30 En þar sem eg hefi fengið vísbendingu um, að setið væri á svikráðum við manninn, sendi eg hann tafarlaust til þín, og hefi eg jafnframt boðið kærendunum að flytja erindi sitt um hann fyrir þér. 31 Hermennirnir tóku þá Pál, eins og þeim var um boðið, og fóru með hann um nótt til Antípatris. 32 En daginn eftir sneru þeir aftur til kastalans, en létu riddarana fara með honum. 33 Þeir fóru inn í Sesareu og skiluðu bréfinu til landstjórans og færðu Pál fyrir hann. 34 En hann las bréfið og spurði, úr hverju skattlandi hann væri, og er hann fékk að vita, að hann var frá Kilikíu, sagði hann: 35 Eg mun prófa mál þitt, þegar kærendur þínir eru líka komnir. Og hann bauð að láta geyma hans í höll Heródesar.

24. kafli

1 En eftir fimm daga fór æðsti presturinn Ananías ofan þangað og voru með honum nokkrir öldungar og Tertúllus nokkur mælskumaður, og báru menn þessir fyrir landstjóranum sakir fram gegn Páli. 2 Og er hann var kallaður fyrir, hóf Tertúllus kæru sína og sagði: 3 Vér viðurkennum það mjög þakksamlega, göfugi Felix, að fyrir þitt tilstilli sitjum vér í góðum friði, og í öllum greinum og alstaðar hefir fólk þetta fengið réttarbætur fyrir þína forsjá. 4 En svo að eg tefji þig sem minst, bið eg að þú af mildi þinni viljir heyra oss stuttlega. 5 Svo er mál vaxið, að vér höfum gengið úr skugga um, að maður þessi er drepsótt og kveikir upphlaup hjá öllum Gyðingum um víða veröld, og er forsprakki villuflokks Nasareanna, 6 og gjörði hann meira að segja tilraun til að vanhelga musterið. Þennan mann tókum vér höndum. 7 En Lýsías hersveitarforingi kom að og tók hann með miklu valdi úr höndum vorum † 8 Hjá honum getur þú, er þú prófar sjálfur, fengið að vita um alt þetta, sem vér kærum hann fyrir. 9 Og Gyðingar tóku undir sakargiftirnar og

kváðu þetta satt vera. **10** Og Páll svaraði, er landstjórinn benti honum að taka til máls: Þar sem eg veit að þú hefir í mörg ár verið dómari þessa fólks, er mér ljúft að verja mál mitt, **11** með því að þú getur fengið að vita, að ekki eru meira en tólf dagar síðan eg kom upp til Jerúsalem að biðjast fyrir. **12** Og hvorki hittu þeir mig í helgidóminum í orðaþrætu við nokkurn mann, eða að eg væri að æsa fólk til óspekta, og eigi heldur í samkunduhúsunum, né út um bæinn, **13** og ekki geta þeir heldur sannað það fyrir þér, sem þeir nú kæra mig um. **14** En þetta játa eg þér, að eg þjóna Guði feðra vorra samkvæmt þeim vegi, sem þeir kalla villuflokk, og trúi eg öllu því sem í lögmálinu stendur, og því sem í spámönnunum er ritað, **15** og hefi þá von til Guðs, sem þeir og sjálfir hafa, að upp muni rísa bæði réttlátir og ranglátir. **16** Fyrir því tem eg mér og sjálfur að hafa jafnan góða samvisku gagnvart Guði og mönnum. **17** En eftir mörg ár kom eg til að færa fólki mínu ölmusugjafir og bera fram fórnir. **18** Er eg var að þessu og hafði látið hreinsast í helgidóminum, komu þeir að mér, og var þar enginn mannsöfnuður um mig og ekkert uppþot; en þar voru Gyðingar nokkrir frá Asíu, **19** og hefðu þeir átt að vera komnir fyrir þig, og bera fram kæru, ef þeir fyndu mér eitthvað til saka, **20** eða segi þessir menn sjálfir til, hvað saknæmt þeir hafi fundið, þegar eg stóð fyrir ráðinu. **21** Það skyldi þá vera þetta eina orð, er eg kvað upp með, þegar eg stóð meðal þeirra: Fyrir upprisu dauðra er eg í dag lögsóttur frammi fyrir yður. **22** Felix frestaði nú málinu fyrir þeim, af því að honum var allkunnugt um veginn, og mælti: Þegar Lýsías hersveitarforingi kemur ofan hingað, skal eg skera úr máli yðar. **23** Og hann bauð hundraðshöfðingjanum að láta hann vera í varðhaldi, og að vægilega væri með hann farið, og eigi skyldi hann meina neinum af vinum hans að veita honum þjónustu. **24** En nokkurum dögum seinna kom Felix með eiginkonu sinni Drúsillu, sem var Gyðinga ættar, og lét sækja Pál, og hlýddi á mál hans um trúna á Krist Jesúm. **25** En er hann talaði um réttlæti, bindindi og komandi dóm, skelfdist Felix og mælti: Far burt að sinni; en þegar eg fæ tóm, mun eg láta kalla þig. **26** Með fram gjörði hann sér og von um, að Páll mundi gefa sér fé; því var það líka, að hann lét alloft sækja hann og átti tal við hann. **27** En þegar tvö ár voru liðin, tók Porkíus Festus við landstjórn af Felix, og af því að Felix vildi afla sér hylli Gyðinga, lét hann Pál eftir í böndum.

25. kafli

1 Er Festus nú hafði tekið við skattlandinu, fór hann þrem dögum síðar frá
Sesareu upp til Jerúsalem. **2** Og æðstu prestarnir og helstu menn Gyðinga
báru fyrir honum sakir fram gegn Páli, **3** og þeir báðu hann að vera sér
hliðhollan gegn honum, og lögðu að honum að láta koma með hann til
Jerúsalem, og bjuggu honum fyrirsát, til þess að vega hann á leiðinni. **4** En
Festus svaraði, að Páll væri í varðhaldi í Sesareu, og sjálfur ætlaði hann
bráðlega að fara þangað. **5** Þeir sem völdin hafa hjá yður, segir hann, skulu
því verða samferða ofan eftir og kæra hann, ef maðurinn er eitthvað
brotlegur. **6** En er hann hafði dvalið hjá þeim í mesta lagi átta eða tíu daga,
fór hann niður til Sesareu, og daginn eftir settist hann á dómstólinn og bauð
að leiða Pál fram. **7** En er hann var þar kominn, stóðu Gyðingarnir, sem farið
höfðu ofan frá Jerúsalem, í kring um hann og báru á hann margar og þungar
sakir, sem þeir gátu ekki sannað. **8** En Páll bar fram sér til varnar: Eg hefi
hvorki brotið neitt gegn lögmáli Gyðinga, né gegn helgidóminum, né gegn
keisaranum. **9** En Festus, sem vildi koma sér vel við Gyðinga, svaraði Páli og
sagði: Vilt þú fara upp til Jerúsalem, og að þú sért þar lögsóttur fyrir mér í
þessu máli? **10** En Páll sagði: Nú stend eg fyrir dómstóli keisarans, og þar ber
að lögsækja mig. Gyðingum hefi eg engan órétt gjört, sem þú og fullvel
veist. **11** Ef eg nú er brotlegur og hefi framið eitthvað, sem dauða er vert, þá
mæli eg mig ekki undan dauða, en ef ekkert er hæft í því, sem þessir menn
kæra mig fyrir, á enginn með að selja mig á vald þeirra. Eg skýt máli mínu til
keisarans. **12** Þá svaraði Festus, eftir að hann hafði borið sig saman við
ráðunauta sína: Til keisarans hefir þú skotið máli þínu, til keisarans skalt þú
fara. **13** Að nokkurum dögum liðnum kom Agrippa konungur og Berníke til
Sesareu, og sögðu Festus velkominn. **14** En er þau dvöldu þar allmarga daga,
skýrði Festus konunginum frá máli Páls og sagði: Maður nokkur er af Felix
eftir skilinn í böndum. **15** Um hann báru æðstu prestarnir og öldungar
Gyðinga fram sakir, þegar eg kom til Jerúsalem, og kröfðust áfellisdóms yfir
honum. **16** Eg svaraði þeim, að ekki væri það venja Rómverja að selja
nokkurn mann öðrum a vald, fyr en hinn kærði hefði kærendurna fyrir sér og
ætti kost á að bera fram vörn gegn sakargiftinni. **17** Er þeir nú voru komnir
hér saman, lét eg engan drátt á verða og settist daginn eftir á dómstólinn og

skipaði að leiða fram manninn. 18 Er nú kærendurnir komu fram, báru þeir eigi fram sakir um hann fyrir nein þau illræði, er eg hafði búist við, 19 heldur áttu þeir í einhverjum deilum við hann um átrúnað sjálfra þeirra og um Jesúm nokkurn, látinn mann, sem Páll sagði lifa. 20 Er eg nú var í vandræðum með rannsókn þessa máls, spurði eg, hvort hann vildi fara til Jerúsalem, og vera þar lögsóttur í þessu máli. 21 En er Páll skaut máli sínu og krafðist þess, að hann væri hafður í haldi, til þess er hátignin gæti kveðið upp úrskurð, skipaði eg að hann skyldi hafður í haldi, þangað til eg gæti sent hann til keisarans. 22 En Agrippa sagði við Festus: Mig fýsir líka að heyra manninn sjálfur. Á morgun, segir hann, skalt þú fá að hlusta á hann. 23 Daginn eftir kom þá Agrippa og Berníke, með mikilli viðhöfn, og gengu þau, ásamt hersveitarforingjunum og hinum æðstu mönnum borgarinnar, inn í málstofuna, og var Páll að boði Festusar leiddur fram. 24 Og Festus tekur svo til máls: Agrippa konungur og þér menn allir, sem hjá oss eruð staddir, þér sjáið mann þennan, og hefir öll alþýða Gyðinga lagt að mér um hann, bæði í Jerúsalem og hér, og sagt hástöfum, að ekki ætti hann lengur að lifa. 25 En eg komst að raun um, að hann hefir ekkert það framið, sem dauða er vert, og réð eg af, er hann sjálfur skaut máli sínu til hátignarinnar, að senda hann. 26 Nú hefi eg ekkert áreiðanlegt að skrifa herra vorum um hann; þess vegna hefi eg leitt hann fram fyrir yður og einkum fyrir þig, Agrippa konungur, svo að eg, að framfarinni rannsókn, hefði eitthvað að skrifa; 27 því að mér líst óskynsamlegt að senda bandingja og tjá eigi um leið sakir þær, sem á hann eru bornar.

26. kafli

1 En Agrippa sagði við Pál: Nú er þér leyfilegt að tala þínu máli. Páll rétti þá út höndina og bar fram vörn sína: 2 Sæll þykist eg þess, Agrippa konungur, að eg á fyrir þér í dag að halda uppi vörn fyrir mig gegn öllu því, sem Gyðingar saka mig um, 3 þar sem þú þekkir manna best alla siðu Gyðinga og ágreiningsmál; fyrir því bið eg þig, að þú viljir þolinmóðlega hlýða á mál mitt. 4 Hvernig líferni mitt hefir verið frá æskuárum, vita allir Gyðingar, þar sem eg hefi frá fyrstu alið aldur minn hjá þjóð minni og í Jerúsalem, 5 og hafa þeir þekt mig að því frá upphafi, vilji þeir um það vitni bera, að eg hefi

lifað sem Farísei, samkvæmt strangasta flokki átrúnaðar vors. **6** Og nú stend eg undir lögsókn vegna vonarinnar um fyrirheitið, er Guð gaf feðrum vorum, **7** sem vorar tólf kynkvíslir með kappsamlegri guðsdýrkun nótt og dag vænta að hreppa. Fyrir þessa von er eg, konungur, kærður af Gyðingum. **8** Hvernig farið þér að telja það ótrúlegt, að Guð uppveki dauða? **9** Eg fyrir mitt leyti taldi mér líka skylt, að beita mér mjög á móti nafni Jesú frá Nazaret, **10** sem eg og gjörði í Jerúsalem, og bæði hnepti eg marga af hinum heilögu í fangelsi, er eg hafði fengið vald til þess af æðstu prestunum, og er þeir voru af lífi teknir, galt eg því jákvæði, **11** og í öllum samkundunum refsaði eg þeim þrásinnis og neyddi þá til að lastmæla, og eg æddi svo frekt gegn þeim, að eg fór enda til borga erlendis að ofsækja þá. **12** Er eg í þessum erindum var á leið til Damaskus, með valdi og umboði frá æðstu prestunum, **13** sá eg, konungur, á veginum, um miðjan dag, ljós af himni sólu bjartara leiftra um mig og þá, sem mér voru samferða. **14** Og er vér allir féllum til jarðar, heyrði eg rödd, er sagði við mig á hebreska tungu: Sál, Sál, hví ofsækir þú mig? Erfitt verður þér að spyrna móti broddunum. **15** En eg sagði: Hver ert þú, herra? En Drottinn sagði: Eg er Jesús, sem þú ofsækir. **16** En rís þú upp og statt á fætur þína; því að til þess birtist eg þér, til þess að kjósa þig að þjóni og að votti bæði um það, hvernig þú sást mig, og um það, hvernig eg mun birtast þér, **17** er eg tek þig út úr lýðnum og út úr heiðingjunum, sem eg sendi þig til, **18** til að opna augu þeirra, svo að þeir snúi sér frá myrkri til ljóss og frá Satans valdi til Guðs, svo að þeir öðlist synda-fyrirgefningu og arf með þeim, sem helgaðir eru fyrir trúna á mig. **19** Fyrir því gjörðist eg, Agrippa konungur, eigi óhlýðinn hinni himnesku vitrun, **20** heldur boðaði eg fyrst þeim í Damaskus og í Jerúsalem og um alla Júdeubygð og heiðingjunum, að gjöra iðrun og hverfa til Guðs og vinna verk samboðin iðruninni. **21** Fyrir þá sök gripu Gyðingar mig í helgidóminum og leituðust við að taka mig af lífi; **22** en með því að eg hefi hlotið fulltingi frá Guði, stend eg alt til þessa dags, vitnandi bæði fyrir smáum og stórum, og mæli ekki annað en það, sem bæði spámennirnir hafa sagt að fram mundi koma og Móse: **23** að Kristur ætti að líða, og að hann mundi fyrstur við upprisuna frá dauðum boða ljós bæði lýðnum og heiðingjunum. **24** Og er hann var þetta að mæla sér til varnar, segir Festus með hárri raustu: Óður ert þú orðinn, Páll, hið mikla bókvit þitt gjörir þig óðan. **25** En Páll segir: Ekki er eg óður, göfugi Festus, heldur mæli

eg sannleiks og stillingar orð; 26 því að konungurinn ber skyn á þetta, og við hann tala eg líka einarðlega, því að eigi ætla eg að neitt af þessu sé honum dulið, því að eigi hefir þetta gjörst í afkima. 27 Trúir þú, Agrippa konungur, spámönnunum? Eg veit, að þú trúir. 28 En Agrippa sagði við Pál: Með litlu hyggur þú, að þú munir gjöra mig kristinn! 29 En Páll sagði: Þess bið eg Guð, hvort sem það er með litlu eða miklu, að ekki einungis þú, heldur og allir, sem til mín heyra í dag, verði slíkir sem eg er, að undan teknum þessum fjötrum. 30 Og konungurinn stóð upp og landstjórinn og Berníke og þeir, sem sátu þar ásamt þeim. 31 Og er þeir voru burt gengnir, töluðu þeir hverjir við aðra og sögðu: Þessi maður fremur ekkert, sem dauða er vert eða banda. 32 En Agrippa sagði við Festus: Mann þennan hefði mátt lausan láta, ef hann hefði ekki skotið máli sínu til keisarans.

27. kafli

1 En þegar úrskurðað var, að vér skyldum sigla til Ítalíu, seldu þeir Pál og nokkura aðra bandingja í hendur hundraðshöfðingja, er Júlíus hét, úr Hátignar-hersveitinni. 2 Og vér stigum á skip frá Adramýttíum, sem átti að sigla til bæjanna með Asíuströndum, og létum í haf; og Aristarkus, makedónskur maður frá Þessaloníku, var oss samferða. 3 Og á öðrum degi komumst vér til Sídon. Og Júlíus var mannúðlegur við Pál, og leyfði honum að fara á fund vina sinna og njóta hjúkrunar. 4 Og þaðan létum vér í haf og sigldum undir Kípur, því að vindar voru andstæðir. 5 Og er vér höfðum siglt yfir hafið fyrir Kilikíu og Pamfilíu, komum vér til Mýra í Lýkíu. 6 Og þar hitti hundraðshöfðinginn fyrir skip frá Alexandríu, er sigla átti til Ítalíu, og lét oss stíga á það. 7 En siglingin gekk tregt í allmarga daga, og er vér með herkjum vorum komnir móts við Knídus, bægði vindur oss og vér sigldum undir Krít við Salmóne, 8 og beittum með naumindum fram með henni, og komumst á stað einn, sem kallast Góð-hafnir, í grend við borgina Lasea. 9 Og er enn leið drjúgur tími og sjóferðir tóku þegar að verða hættulegar, því að fastan var nú líka um liðin, réð Páll þeim og sagði við þá: 10 Það sé eg, góðir menn, að sjóferðin muni verða með hrakningum og miklu tjóni, ekki einungis á farminum og skipinu, heldur og fyrir líf vort. 11 En hundraðshöfðinginn trúði betur skipstjóranum og skipseigandanum, en því er

Páll sagði. 12 Og þar eð höfnin var óhentug til vetrarlegu, varð það flestra ráð
að leggja til hafs þaðan, ef þeir kynnu að ná til Fönix og hafa þar vetrarlegu;
er sú höfn á Krít og veit til útsuðurs og útnorðurs. 13 Og er hægur
sunnanvindur kom á, hugðust þeir að hafa ráð þetta í hendi sér og heimtu
upp akkeri, og sigldu fram með Krít nálægt landi. 14 En áður en langt leið,
skall á af landi ofan ofviðri, sem kallað er Evrakvíló. 15 Og er skipið hrakti
og ekki varð beitt upp í vindinn, slógum vér undan og létum reka. 16 Og er
vér höfðum hleypt undir litla ey, sem hét Káda, var það með naumindum, að
vér gátum bjargað bátnum; 17 drógu þeir hann upp og gripu til bjargráða og
lögðu strengi um skipið, og þar eð þeir óttuðust að þá mundi bera upp á
Sýrtuna, feldu þeir akreiðann og létu svo reka. 18 En er ofviðrið hrjáði oss,
ruddu þeir skipið daginn eftir. 19 Og á þriðja degi köstuðu þeir út með eigin
höndum áhöldum skipsins. 20 Og er hvorki sást til sólar né stjarna marga
daga og illviðrið, sem á lá, var ekki lítið, þá var loks öll von úti um það, að
vér kæmumst af. 21 Og er menn höfðu lengi verið matarlausir, stóð Páll upp
meðal þeirra og mælti: Góðir menn, þér hefðuð átt að hlýða mér og leggja
ekki út frá Krít, og komast hjá hrakningum þessum og tjóni. 22 En nú ræð eg
yður að þér séuð með öruggum huga, því að enginn yðar mun lífi týna, en
skipið mun farast; 23 því að á þessari nóttu stóð hjá mér engill þess Guðs,
sem eg tilheyri, sem eg og þjóna, og mælti: 24 Óttast þú eigi, Páll; fyrir
keisarann átt þú að koma; og sjá, Guð hefir náðarsamlega gefið þér alla þá,
sem með þér eru á sjóferðinni. 25 Verið því, menn, með öruggum huga, því
að eg treysti Guði, að svo muni fara, sem við mig hefir verið mælt. 26 En oss
hlýtur að bera upp á einhverja ey. 27 En þegar fjórtánda nóttin var komin, og
oss var að hrekja í Adríahafinu, grunaði skipverjana um miðnættisskeið, að
þeir væru að nálgast land. 28 Og vörpuðu þeir botnsökku og fundu tuttugu
faðma dýpi; síðan færðust þeir lítið eitt og vörpuðu aftur botnsökku og fundu
fimtán faðma dýpi. 29 Og af því að þeir óttuðust, að oss kynni að bera upp á
sker, köstuðu þeir fjórum akkerum úr skutnum og óskuðu að dagur rynni. 30
En er sjómennirnir leituðust við að flýja úr skipinu og létu bátinn niður síga á
sjóinn, undir því yfirskini, að þeir vildu fá akkerum út komið úr
framstafninum, 31 sagði Páll við hundraðshöfðingjann og hermennina: Ef
menn þessir eru ekki kyrrir í skipinu, getið þér ekki komist lífs af. 32
Hermennirnir hjuggu þá á festar bátsins og létu hann detta niður. 33 En

þangað til birta færi, hvatti Páll alla að neyta matar og sagði: Það er nú komið á fjórtánda daginn, sem þér hafið beðið fastandi og einskis neytt; **34** því hvet eg yður að taka fæðu, því að það verður yður til bjargar; því að ekki mun farast eitt hár af höfði neins yðar. **35** Að svo mæltu tók hann brauð, gjörði Guði þakkir í allra augsýn, braut og tók að eta. **36** Og nú hrestust allir og þeir fóru líka að matast. **37** Og alls vorum vér á skipinu tvö hundruð sjötíu og sex sálir. **38** Og er þeir höfðu etið sig metta, léttu þeir á skipinu með því að kasta korninu í sjóinn. **39** Og er dagur rann, þektu þeir ekki landið; en þeir sáu vík nokkura með fjöru, og réðu þeir af að halda þangað skipinu, ef þeir mættu því við koma. **40** Losuðu þeir nú um akkerin og létu þau eftir í sjónum, leystu um leið stýrisböndin og drógu upp ráseglið og létu vindinn standa í það og héldu til fjörunnar. **41** En þeir lentu á rifi í sjónum, og skipið rakst á grunn og stóð að framan og hrærðist hvergi, en skuturinn tók að liðast í sundur af hafrótinu. **42** En hermennirnir ætluðu að drepa bandingjana, til þess að enginn þeirra skyldi komast undan á sundi og forða sér. **43** En hundraðshöfðinginn, sem vildi forða Páli, aftraði þessari fyrirætlun þeirra, og bauð að þeir, sem syndir væru, skyldu kasta sér út og leita fyrstir til lands, **44** og hinir sumpart á plönkum, sumpart á einhverju úr skipinu. Og þannig tókst það, að allir komust heilir til lands.

28. kafli

1 Og er vér nú höfðum komist af, fengum vér að vita, að eyjan hét Melíta. **2** Og útlendingarnir auðsýndu oss einstaka mannelsku; því að þeir kyntu bál og tóku á móti oss öllum vegna hrakveðursins, sem á var, og kuldans. **3** En Páll vatt saman hrísvöndul og lagði á eldinn; skreið þá út naðra undan hitanum og festi sig á hendi hans. **4** Og er útlendingarnir sáu kvikindið hanga við hönd hans, sögðu þeir sín á milli: Áreiðanlega er maður þessi manndrápari, fyrst refsinornin lofaði honum ekki að lifa, eftir að hann komst af úr sjávarháskanum. **5** En hann hristi kvikindið af sér í eldinn og varð ekkert meint við. **6** En þeir bjuggust við, að hann mundi bólgna upp eða detta sviplega dauður niður. En er þeir höfðu beðið þess lengi og sáu ekkert frábrugðið verða á honum, skiftu þeir um og sögðu hann guð vera. **7** En í grendinni við stað þennan átti jarðeignir helsti maðurinn á eynni, Públíus að

nafni. Hann tók á móti oss og veitti oss vinsamlega gistingu í þrjá daga. **8** En það vildi svo til, að faðir Públíusar lá sjúkur með hitaköstum og blóðsótt, og gekk Páll inn til hans og baðst fyrir og lagði hendur yfir hann og læknaði hann. **9** Og eftir að þetta hafði við borið, komu hinir aðrir, þeir er sjúkir voru á eynni, og urðu læknaðir. **10** Og höfðu þeir oss líka í miklum hávegum, og er vér lögðum til hafs, veittu þeir oss það, sem vér þurftum að hafa. **11** Og eftir þrjá mánuði lögðum vér til hafs á skipi frá Alexandríu, sem legið hafði við eyna um veturinn og var með merki Tvíburanna. **12** Og vér tókum höfn í Sýrakúsu og dvöldum þar þrjá daga. **13** Þaðan sigldum vér í kring og komum til Regíum, og að degi liðnum fengum vér sunnanvind og komum á öðrum degi til Púteólí. **14** Þar hittum vér bræðurna, og báðu þeir oss að dvelja hjá sér í sjö daga, og síðan fórum vér til Róm. **15** Og þaðan komu bræðurnir, er þeir höfðu frétt um oss, til móts við oss alla leið út til Appíusartorgs og Þríbúða, og er Páll sá þá, gjörði hann Guði þakkir og hrestist í huga. **16** Og er vér komum inn í Róm, var Páli leyft að búa út af fyrir sig, ásamt hermanninum, sem gætti hans. **17** En svo bar við eftir þrjá daga, að hann stefndi til sín helstu mönnum Gyðinga, og er þeir voru saman komnir, sagði hann við þá: Þér bræður, þó að eg hafi ekkert aðhafst gegn lýðnum eða feðra-siðunum, var eg frá Jerúsalem seldur bundinn í hendur Rómverja. **18** Og er þeir höfðu prófað mig, vildu þeir mig lausan láta, af því að engin dauðasök fanst hjá mér. **19** En er Gyðingar mæltu á móti, neyddist eg til að skjóta máli mínu til keisarans; þó eigi svo að skilja, að eg hefði nokkuð að kæra þjóð mína fyrir. **20** Af þessari orsök hefi eg nú kallað yður hingað, svo að eg mætti sjá og tala við yður; því að vegna vonar Ísraels ber eg þessa hlekki. **21** Og þeir sögðu við hann: Vér höfum hvorki fengið bréf um þig frá Júdeu, og eigi hefir heldur neinn af bræðrunum komið hingað og borið eða talað nokkuð ilt um þig; **22** en rétt þykir oss að heyra af þér, hvað þér býr í huga, því að um flokk þennan er oss kunnugt, að alstaðar er honum mótmælt. **23** Og þeir tóku til dag við hann, og komu mjög margir til hans í herbergi hans, og frá því um morguninn og til kvelds setti hann þeim fyrir sjónir og vitnaði fyrir þeim um guðsríki og reyndi að sannfæra þá um Jesúm, bæði af lögmáli Móse og spámönnunum. **24** Og sumir sannfærðust við það, sem talað var, en sumir trúðu ekki. **25** Og ósamþykkir sín á milli fóru þeir burt, eftir að Páll hafði svo að orði kveðið: Nú kemur það fram, sem heilagur andi mælti fyrir munn

Jesaja spámanns við feður yðar, er hann sagði: **26** Far til lýðs þessa og seg:
Með eyrunum munuð þér heyra, og alls eigi skilja, og sjáandi munuð þér sjá,
og alls eigi skynja. **27** Því að hjarta lýðs þessa er sljótt orðið og á eyrunum eru
þeir orðnir daufir, og augum sínum hafa þeir lokað, til þess að þeir sæju eigi
með augunum og heyrðu með eyrunum og skynjuðu með hjartanu og sneru
sér, og eg læknaði þá. **28** Vita skuluð þér því, að þetta hjálpræði Guðs er sent
heiðingjunum, og þeir munu og þekkjast það. **29** Og er hann hafði þetta mælt,
fóru Gyðingarnir burt frá honum og deildu mjög sín á milli. † **30** Og hann var
tvö árin full í eigin leiguherbergi, og tók á móti öllum þeim, sem komu inn
til hans, **31** og prédikaði um guðsríki og fræddi um Drottin Jesúm Krist með
allri djörfung, tálmunarlaust.

Rómverjabréfið

Ad Romanos

1. kafli

1 Páll þjónn Jesú Krists, kallaður til postula, kjörinn til að boða
fagnaðarerindi Guðs, **2** sem hann áður gaf fyrirheit um fyrir spámenn sína í
helgum ritningum, **3** um son hans, sem eftir holdinu er fæddur af sæði
Davíðs, **4** en eftir anda heilagleikans er með krafti innsettur svo sem Guðs
sonur fyrir upprisu dauðra, — Jesúm Krist, Drottin vorn, **5** sem vér höfum
öðlast náð fyrir og postuladóm til trúar-hlýðni meðal allra heiðingjanna
vegna nafns hans; **6** en meðal þeirra eruð þér einnig, þér, Jesú Krists kölluðu,
— **7** til allra Guðs elskuðu, sem eru í Róm, heilögu samkvæmt köllun. Náð sé
með yður og friður frá Guði föður vorum og drotni Jesú Kristi. **8** Fyrst þakka
eg Guði mínum fyrir Jesúm Krist fyrir yður alla, af því að orð fer af trú yðar
í öllum heiminum. **9** Því að Guð, sem eg þjóna í anda mínum með
fagnaðarerindi sonar hans, er mér þess vottur, hve óaflátanlega eg minnist
yðar, **10** er eg ávalt í bænum mínum beiðist þess, að mér mætti loks einhvern
tíma auðnast með vilja Guðs að koma til yðar. **11** Því að eg þrái að sjá yður,
til þess að eg fái veitt yður einhverja andlega náðargjöf, til þess að þér
styrkist, **12** en það er, til þess að uppörvast á meðal yðar fyrir hina
sameiginlegu trú yðar og mína. **13** En eg vil ekki, að yður, bræður, skuli vera
ókunnugt um, að eg hefi oftsinnis ásett mér að koma til yðar, — en hefi verið
hindraður alt til þessa, — til þess að eg mætti fá einhvern ávöxt einnig á
meðal yðar, eins og á meðal annarra heiðinna þjóða. **14** Eg er í skuld bæði við
Grikki og útlendinga, vitra og fávísa; **15** þannig er eg fyrir mitt leyti fús til að
boða fagnaðarerindið einnig yður, sem eruð í Róm. **16** Því að eg fyrirverð mig
ekki fyrir fagnaðarerindið; því að það er kraftur Guðs til hjálpræðis hverjum
þeim, er trúir, bæði Gyðingi fyrst og grískum. **17** Því að réttlæti Guðs
opinberast í því fyrir trú til trúar, eins og ritað er: En hinn réttláti skal lifa

fyrir trú. 18 Því að reiði Guðs opinberast af himni yfir sérhverjum óguðleika og rangsleitni þeirra manna, er drepa niður sannleikanum með rangsleitni; 19 með því að það, er vitað verður um Guð, er augljóst á meðal þeirra, því að Guð hefir birt þeim það. 20 Því að hið ósýnilega eðli hans, bæði hans eilífi kraftur og guðdómleiki, er sýnilegt frá sköpun heimsins, með því að það verður skilið af verkunum, til þess að þeir séu án afsökunar, 21 þar sem þeir hafa ekki, þótt þeir þektu Guð, vegsamað hann eins og Guð, né þakkað honum, heldur gjörst hégómlegir í hugsunum sínum og hið skynlausa hjarta þeirra hjúpast myrkri. 22 Þegar þeir kváðust vera vitrir, urðu þeir heimskingjar 23 og breyttu dýrð hins ódauðlega Guðs í líkingu myndar dauðlegs manns og fugla og ferfætlinga og skriðkvikinda. 24 Þess vegna hefir Guð ofurselt þá fýsnum hjartna þeirra til saurlifnaðar, til þess að þeir sín á milli smánuðu líkami sína. 25 Þeir hafa umhverft sannleika Guðs í lygi, og göfgað og dýrkað skepnuna í stað skaparans, hans, sem er blessaður að eilífu. Amen. 26 Fyrir því hefir Guð ofurselt þá girndum svívirðingarinnar; því að bæði hefir kvenfólk þeirra breytt eðlilegum samförum í óeðlilegar, 27 og eins hafa líka karlmennirnir hætt eðlilegum samförum við kvenmanninn og brunnið í losta sínum hver til annars; karlmenn framið skömm með karlmönnum og tekið út á sjálfum sér makleg málagjöld villu sinnar. 28 Og eins og þeir hirtu ekki um að varðveita þekkinguna á Guði, ofurseldi Guð þá ósæmilegu hugarfari, svo að þeir gjörðu það sem ekki er tilhlýðilegt, 29 er þeir voru fyltir alls konar rangsleitni, vonsku, ágirnd, ilsku, fullir öfundar, manndrápa, deilu, sviksemi, illmensku, 30 rógberar, bakmálugir, guðshatarar, smánarar, hrokafullir, gortarar, hrekkvísir, foreldrum óhlýðnir, 31 óskynsamir, óáreiðanlegir, kærleikslausir, miskunnarlausir, — 32 menn, sem þekkja Guðs réttlætisdóm, að þeir, er slíkt fremja, eru dauðasekir, og þó ekki einungis gjöra þetta, heldur og láta þeim, er gjöra það, velþóknun sína í té.

2. kafli

1 Fyrir því hefir þú, maður, sem dæmir, hver sem þú ert, enga afsökun. Því að þar sem þú dæmir annan, fyrirdæmir þú sjálfan þig; því að þú, sem dæmir, fremur hið sama. 2 En vér vitum, að dómur Guðs er sannleika samkvæmt yfir þeim, er slíkt fremja. 3 En hugsar þú það, maður, þú sem dæmir þá, er slíkt

fremja, og gjörir sjálfur hið sama, að þú fáir umflúið dóm Guðs? 4 Eða lítilsvirðir þú ríkdóm gæsku hans og umburðarlyndis og langlyndis, og veist ekki, að gæska Guðs leiðir þig til iðrunar? 5 En með harðúð þinni og iðrunarlausa hjarta safnar þú sjálfum þér reiði á reiðidegi og degi opinberunar réttdæmis Guðs, 6 sem mun gjalda sérhverjum eftir verkum hans; 7 þeim, sem með staðfestu í góðu verki leita vegsemdar og heiðurs og ódauðleika, eilíft líf, 8 og þeim, sem leiðast af flokksfylgi og óhlýðnast sannleikanum, en hlýðnast ranglætinu, reiði og óvild; 9 þrenging og angist kemur yfir sérhverja mannssál, er ilt fremur, bæði Gyðingsins fyrst og hins gríska; 10 en vegsemd og heiður og friður hlotnast sérhverjum, er gjörir hið góða, bæði Gyðingnum fyrst og hinum gríska. 11 Því að hjá Guði er ekki manngreinarálit. 12 Því að allir þeir, sem syndgað hafa án lögmáls, munu og án lögmáls tortímast, og allir þeir, sem syndgað hafa undir lögmáli, munu dæmast fyrir lögmál. 13 Því að ekki eru heyrendur lögmálsins réttlátir fyrir Guði, heldur munu gjörendur lögmálsins réttlættir verða. 14 Því að þegar heiðingjar, sem ekki hafa lögmál, gjöra ósjálfrátt það sem lögmálið býður, þá eru þeir, þótt ekki hafi þeir neitt lögmál, sjálfum sér lögmál; 15 þeir sýna, að verk lögmálsins er ritað í hjörtum þeirra, með því að samviska þeirra ber vitni og hugrenningarnar sín á milli ásaka eða líka afsaka, 16 á þeim degi, er Guð mun dæma hið dulda hjá mönnunum samkvæmt fagnaðarerindi mínu fyrir Jesúm Krist. 17 Ef nú þú nefnist Gyðingur og styðst við lögmál og stærir þig af Guði, 18 og þekkir vilja hans og kant að meta rétt þá hluti, sem munur er á, þar sem þú ert uppfræddur af lögmálinu, 19 treystir sjálfum þér til að vera leiðtogi blindra, ljós þeirra, sem eru í myrkri, 20 tyftunarmaður fávísra, fræðari óvita, af því að þú hefir snið þekkingarinnar og sannleikans í lögmálinu, — 21 þú sem þannig fræðir aðra, fræðir þú ekki sjálfan þig? Þú, sem prédikar, að ekki skuli stela, stelur þú? 22 Þú, sem segir, að ekki skuli drýgja hór, drýgir þú hór? Þú, sem hefir andstygð á skurðgoðum, rænir þú helgidóma? 23 Þú, sem hrósar þér af lögmáli, óvirðir þú Guð með yfirtroðslu lögmálsins? 24 Því að, eins og ritað er: Nafn Guðs verður yðar vegna fyrir lasti meðal heiðingjanna. 25 Því að vísu er umskurn gagnleg, ef þú heldur lögmálið, en ef þú ert yfirtroðslumaður lögmálsins, er umskurn þín orðin að yfirhúð. 26 Ef því yfirhúðin gætir réttlætiskrafa lögmálsins, mun þá ekki yfirhúð hans verða reiknuð sem umskurn? 27 og mun ekki hin meðfædda

yfirhúð, sem heldur lögmálið, dæma þig, sem með bókstaf og umskurn ert yfirtroðslumaður lögmálsins? 28 Því að ekki er sá Gyðingur, sem er það hið ytra, og ekki það umskurn, sem er það hið ytra á holdinu. 29 En sá er Gyðingur, sem er það hið innra, og umskurnin er umskurn hjartans í anda, en ekki í bókstaf, og lofstír hans er ekki af mönnum, heldur af Guði.

3. kafli

1 Hvað hefir þá Gyðingurinn umfram? Eða hvert er gagn umskurnarinnar? 2 Mikið í öllu tilliti. Fyrst er þá það, að þeim hefir verið trúað fyrir orðum Guðs; 3 því að hvað um það, þótt nokkrir hafi reynst ótrúir, — mundi ótrúmenska þeirra að engu gjöra trúfesti Guðs? 4 Fjarri fer því. Látum Guð vera sannorðan, en sérhvern mann lygara, eins og ritað er: Til þess að þú megir reynast réttlátur í orðum þínum og vinna, þegar menn fara í mál við þig. 5 En ef ranglæti vort sannar réttlæti Guðs, hvað eigum vér þá að segja? Hvort mundi Guð vera ranglátur, er hann lætur reiðina yfir dynja? — Eg tala á mannlegan hátt. — 6 Fjarri fer því. Hvernig ætti Guð þá að dæma heiminn? 7 En ef sannleiki Guðs hefir fyrir lygi mína eflst honum til dýrðar, hvers vegna dæmist eg þá enn sem syndari? 8 Og eigum vér þá ekki, — eins og oss er lastmælt fyrir, og eins og sumir segja, að vér kennum, — að gjöra hið illa, til þess að hið góða komi fram? Dómur slíkra manna er verðskuldaður. 9 Hvað þá? Höfum vér þá nokkuð fyrir oss að bera? Nei, alls ekki. Vér höfum þegar áður gefið bæði Gyðingum og Grikkjum að sök, að þeir væru allir undir synd, 10 eins og ritað er: Ekki er neinn réttlátur, ekki einn? 11 Ekki er neinn vitur, ekki neinn, sem leitar Guðs. 12 Allir eru þeir fallnir frá, allir saman orðnir duglausir; ekki er neinn, sem auðsýnir gæsku, ekki svo mikið sem einn einasti. 13 Opin gröf er barki þeirra, með tungum sínum draga þeir á tálar, höggorma-eitur er undir vörum þeirra. 14 Munnur þeirra er fullur bölvunar og beiskju. 15 Fljótir eru fætur þeirra til að úthella blóði. 16 Tortíming og eymd er á vegum þeirra, 17 og veg friðarins þekkja þeir ekki. 18 Fyrir augum þeirra er enginn guðsótti. 19 En vér vitum, að alt, sem lögmálið segir, það talar það til þeirra, sem eru undir lögmálinu, til þess að sérhver munnur þagni og allur heimurinn verði sekur fyrir Guði, 20 með því að ekkert hold réttlætist fyrir honum af verkum lögmálsins; því að fyrir lögmál kemur

þekking syndar. 21 En nú hefir réttlæti Guðs opinberast án lögmáls, sem vitnað er um af lögmálinu og spámönnunum, 22 það er: réttlæti Guðs fyrir trú á Jesúm Krist öllum þeim til handa, sem trúa; því að ekki er greinarmunur; 23 því að allir hafa syndgað og skortir Guðs dýrð, 24 og þeir réttlætast án verðskuldunar af náð hans fyrir endurlausnina, sem er í Kristi Jesú, 25 er Guð framsetti sem friðþægingarmeðal fyrir trúna á blóð hans, til að auglýsa réttlæti sitt, — með því að Guð hafði í umburðarlyndi sínu umborið hinar áður drýgðu syndir, — 26 til þess að auglýsa réttlæti sitt á yfirstandandi tíma, til þess að geta sjálfur verið réttlátur og réttlætt þann, sem er af Jesú trú. 27 Hvar er þá hrósunin? Hún er útilokuð. Með hvaða lögmáli? Verkanna? Nei, heldur með lögmáli trúar. 28 Vér álítum því, að maðurinn réttlætist af trú án lögmáls-verka. 29 Eða er Guð einungis Guð Gyðinga? Ekki líka heiðingja? Jú, líka heiðingja; 30 svo sannarlega sem Guð er einn, sem mun réttlæta umskurn af trú og yfirhúð fyrir trúna. 31 Gjörum vér þá lögmálið að engu með trúnni? Fjarri fer því; heldur staðfestum vér lögmálið.

4. kafli

1 Hvað eigum vér þá að segja, að forfaðir vor Abraham hafi úr býtum borið eftir holdinu? 2 Því að ef Abraham réttlættist af verkum, þá hefir hann hrósunarefni, en ekki fyrir Guði. 3 Því að hvað segir ritningin: En Abraham trúði Guði, og það var reiknað honum til réttlætis. 4 En þeim, sem vinnur, verða launin reiknuð ekki af náð, heldur eftir verðleika; 5 hinum þar á móti, sem ekki vinnur, en trúir á hann, sem réttlætir óguðlegan, verður trú hans reiknuð til réttlætis. 6 Eins og líka Davíð lýsir þann mann sælan, sem Guð tilreiknar réttlæti án verka: 7 Sælir eru þeir, sem afbrotin eru fyrirgefin og syndir þeirra huldar. 8 Sæll er sá maður, sem Drottinn tilreiknar ekki synd. 9 Nær þá sæluboðun þessi til umskurnarinnar? Eða líka til yfirhúðarinnar? Því að vér segjum: Trúin var Abraham til réttlætis reiknuð. 10 Hvernig var hún þá tilreiknuð honum? Umskornum eða óumskornum? Ekki umskornum, heldur óumskornum. 11 Og hann fékk tákn umskurnarinnar sem innsigli trúar-réttlætisins, sem hann hafði meðan hann var óumskorinn, til þess að hann skyldi vera faðir allra þeirra, sem trúa óumskornir, til þess að réttlætið tilreiknist þeim, 12 og faðir hinna umskornu, þeirra, sem ekki aðeins eru

umskornir, heldur og feta í fótspor þeirrar trúar, er faðir vor Abraham hafði óumskorinn. 13 Því að ekki var Abraham eða sæði hans fyrir lögmál gefið fyrirheitið, að hann skyldi verða erfingi heimsins, heldur fyrir trúar-réttlæti; 14 því að ef lögmálsmennirnir eru erfingjar, er trúin ónýtt og fyrirheitið að engu gjört. 15 Því að lögmálið verkar reiði; en þar sem ekki er lögmál, þar er ekki heldur yfirtroðsla. 16 Fyrir því er það af trú, til þess að það sé af náð, svo að fyrirheitið mætti stöðugt standa fyrir alt sæðið, ekki fyrir það eitt, sem er af lögmálinu, heldur og fyrir það, sem er af trú Abrahams, hans, sem er faðir vor allra — 17 eins og ritað er: Föður margra þjóða hefi eg sett þig, — frammi fyrir honum, sem hann trúði á, Guði, sem lífgar hina dauðu og kallar það, sem ekki er til, eins og það væri til. 18 Hann trúði gegn von með von, að hann skyldi verða faðir margra þjóða, samkvæmt því sem sagt hafði verið: Svo skal sæði þitt verða. 19 Og án þess að veiklast í trúnni leit hann á ellihruman líkama sjálfs sín, — hann var nálega tíræður, — og hið útdauða móðurlíf Söru; 20 en um fyrirheit Guðs efaðist hann ekki með vantrú, heldur gjörðist styrkur í trúnni, svo að hann gaf Guði dýrðina, 21 og var þess fullviss, að hann er máttugur að efna það, sem hann hefir lofað. 22 Fyrir því var það honum og til réttlætis reiknað. 23 En að það var honum tilreiknað, það var ekki ritað hans vegna einungis, 24 heldur líka vor vegna, sem það mundi tilreiknað verða, þeim sem trúa á hann, sem uppvakti Jesúm, Drottin vorn, frá dauðum, 25 hann, sem vegna misgjörða vorra var framseldur og vegna réttlætingar vorrar uppvakinn.

5. kafli

1 Réttlættir af trú höfum vér því frið við Guð fyrir Drottin vorn Jesúm Krist, 2 sem vér og höfum aðgang fyrir með trúnni til þessarar náðar, sem vér stöndum í, og vér hrósum oss af von um dýrð Guðs; 3 en ekki það eitt, heldur hrósum vér oss líka af þrengingunum, með því að vér vitum, að þrengingin verkar þolgæði, 4 en þolgæðið fullreynd, en fullreyndin von. 5 En vonin lætur ekki til skammar verða, því að kærleika Guðs er úthelt í hjörtum vorum fyrir heilagan anda, sem oss er gefinn. 6 Því að meðan vér enn vorum óstyrkir, dó Kristur á tilteknum tíma fyrir óguðlega. 7 Því að varla deyr nokkur fyrir réttlátan mann; því að fyrir góðan mann kynni ef til vill einhver að vilja

deyja. 8 En Guð auðsýnir kærleika sinn til vor, þar sem Kristur er fyrir oss dáinn meðan vér enn vorum í syndum vorum. 9 Miklu fremur munum vér þá nú, réttlættir fyrir blóð hans, frelsaðir verða frá reiðinni fyrir hann. 10 Því að ef vér, þá er vér vorum óvinir, urðum sættir við Guð fyrir dauða sonar hans, þá munum vér miklu fremur, er vér verðum í sátt teknir, frelsaðir verða fyrir líf hans. 11 Og ekki það eitt, heldur hrósum vér oss líka af Guði fyrir Drottin vorn Jesúm Krist, sem vér nú höfum öðlast sáttargjörðina fyrir. 12 Þess vegna, eins og syndin kom inn í heiminn fyrir einn mann, og dauðinn fyrir syndina, og dauðinn þannig er runninn til allra manna, af því að allir hafa syndgað, — 13 því að alt fram að lögmáli var synd í heiminum; en synd tilreiknast ekki, meðan ekki er lögmál. 14 Samt sem áður hefir dauðinn ríkt frá Adam til Móse einnig yfir þeim, sem ekki höfðu syndgað í líkingu við yfirtroðslu Adams, sem er fyrirmynd hans, er átti að koma. 15 En ekki er náðargjöfinni eins háttað og misgjörðinni. Því að ef hinir mörgu dóu fyrir misgjörð hins eina manns, þá hefir miklu fremur náð Guðs og gjöf streymt ríkulega til hinna mörgu í náð hins eina manns Jesú Krists. 16 Og ekki er gjöfinni eins varið og því, sem varð fyrir hinn eina mann, er syndgaði; því að dómurinn varð til fyrirdæmingar vegna eins, en náðargjöfin til sýknunar vegna misgjörða margra. 17 Því að ef dauðinn vegna misgjörðar hins eina manns ríkti fyrir hinn eina mann, þá munu miklu fremur þeir, sem meðtaka gnóttir náðarinnar og réttlætis-gjafarinnar, ríkja í lífi fyrir hinn eina Jesúm Krist. 18 Eins og því af misgjörð eins leiddi fyrirdæmingu fyrir alla menn, þannig leiðir og af réttlætis-verki eins réttlæting til lífs fyrir alla menn. 19 Því að eins og hinir mörgu urðu að syndurum fyrir óhlýðni hins eina manns, þannig munu og hinir mörgu verða réttlættir fyrir hlýðni hins eina. 20 En hér við bættist svo lögmál, til þess að misgjörðin ykist; en þar sem syndin jókst, þar flóði náðin yfir enn meir; 21 til þess að, eins og syndin ríkti fyrir dauðann, svo skyldi og náðin ríkja fyrir réttlæti til eilífs lífs fyrir Jesúm Krist, Drottin vorn.

6. kafli

1 Hvað eigum vér þá að segja? Eigum vér að halda áfram í syndinni, til þess að náðin aukist? 2 Fjarri fer því. Vér, sem dóum syndinni, hvernig ættum vér

framar að lifa í henni? 3 Eða vitið þér ekki, að allir vér, sem skírðir erum til
Krists Jesú, erum skírðir til dauða hans? 4 Vér erum því greftraðir með
honum fyrir skírnina til dauðans, til þess að eins og Kristur var upp vakinn
frá dauðum fyrir dýrð föðurins, svo skulum vér og ganga í endurnýung
lífsins. 5 Því að ef vér erum orðnir samgrónir honum fyrir líkingu dauða
hans, munum vér einnig vera það fyrir líkingu upprisu hans, 6 með því að vér
vitum þetta, að vor gamli maður er með honum krossfestur, til þess að líkami
syndarinnar skuli að engu verða og vér ekki framar þjóna syndinni; 7 því að
sá, sem dauður er, er réttlættur frá syndinni. 8 En ef vér erum með Kristi
dánir, trúum vér því, að vér og munum með honum lifa, 9 með því að vér
vitum, að Kristur, upp vakinn frá dauðum, deyr ekki framar, dauðinn drotnar
ekki lengur yfir honum. 10 Því að það, að hann dó, dó hann syndinni einu
sinni, en það, að hann lifir, lifir hann Guði. 11 Þannig skuluð þér líka álíta
yður sjálfa vera dauða syndinni, en lifandi Guði í Kristi Jesú. 12 Látið því
ekki syndina ríkja í dauðlegum líkama yðar, svo að þér hlýðnist girndum
hans. 13 Frambjóðið ekki heldur syndinni limi yðar að ranglætisvopnum,
heldur frambjóðið sjálfa yður Guði sem lifnaða frá dauðum og limi yðar
Guði sem réttlætisvopn. 14 Því að synd skal ekki drotna yfir yður; því að ekki
eruð þér undir lögmáli, heldur undir náð. 15 Hvað þá? Eigum vér að syndga,
af því að vér erum ekki undir lögmáli, heldur undir náð? Fjarri fer því. 16
Vitið þér ekki, að þeim sem þér frambjóðið sjálfa yður fyrir þjóna til hlýðni,
þess þjónar eruð þér, sem þér hlýðið, hvort heldur er syndar til dauða, eða
hlýðni til réttlætis? 17 En þökk sé Guði, að þér voruð þjónar syndarinnar, en
urðuð af hjarta hlýðnir þeirri mynd kenningarinnar, sem þér voruð á vald
gefnir, 18 og gjörðust þjónar réttlætisins eftir að hafa verið leystir frá
syndinni. 19 Eg tala á mannlegan hátt, sökum veikleika holds yðar. Því að
eins og þér hafið framboðið limi yðar óhreinleikanum og ranglætinu fyrir
þjóna til ranglætis, svo skuluð þér nú frambjóða limi yðar réttlætinu fyrir
þjóna til helgunar. 20 Því að þegar þér voruð þjónar syndarinnar, þá voruð þér
lausir við réttlætið. 21 Hvaða ávöxtu höfðuð þér þá? Þá sem þér nú blygðist
yðar fyrir; því að endalok þeirra er dauði. 22 En nú, með því að þér eruð
leystir frá syndinni, en eruð orðnir þjónar Guðs, þá hafið þér ávöxt yðar til
helgunar og sem endalokin eilíft líf; 23 því að laun syndarinnar er dauði, en
náðargjöf Guðs er eilíft líf í Kristi Jesú, drotni vorum.

7. kafli

1 Eða vitið þér ekki, bræður, — eg er hér að tala til þeirra, sem lögmál þekkja, — að lögmálið drotnar yfir manninum svo lengi sem hann lifir. **2** Því að gift kona er að lögum bundin manninum, meðan hann lifir. En deyi maðurinn, er hún leyst undan lögmáli mannsins. **3** Því mun hún hórkona teljast, ef hún, að manninum lifandi, verður annars manns; en deyi maðurinn, er hún laus undan lögmálinu, svo að hún er ekki hórkona, þótt hún verði annars manns. **4** Fyrir því, bræður mínir, eruð og þér deyddir lögmálinu fyrir líkama Krists, til þess að þér skylduð tilheyra öðrum, honum, sem var upp vakinn frá dauðum, til þess að vér mættum bera Guði ávöxt. **5** Því að þegar vér vorum í holdinu, störfuðu ástríður syndanna, þær sem lögmálið hafði vakið, í limum vorum, svo að vér bærum dauðanum ávöxt. **6** En nú erum vér leystir undan lögmálinu, þar sem vér erum dánir því, sem áður hélt oss bundnum, svo að vér þjónum í nýung anda, en ekki í fyrnsku bókstafs. **7** Hvað eigum vér þá að segja? Er lögmálið synd? Fjarri fer því. En satt er það, eg þekti ekki syndina nema fyrir lögmálið; því að eg hefði ekki vitað um girndina, hefði ekki lögmálið sagt: Þú skalt ekki girnast. **8** En er syndin hafði tekið tilefni af boðorðinu, kom hún til leiðar í mér alls konar girnd, því að án lögmáls er syndin dauð. **9** Eg lifði einu sinni án lögmáls; en er boðorðið kom, lifnaði syndin við, **10** en eg dó. Og boðorðið, sem átti að verða til lífs, það reyndist mér að vera til dauða; **11** því að syndin, sem tók tilefni af boðorðinu, dró mig á tálar og deyddi með því. **12** Þannig er þá lögmálið heilagt og boðorðið heilagt og réttlátt og gott. **13** Varð þá hið góða mér til dauða? Fjarri fer því. Nei, það var syndin, til þess að hún birtist sem synd, er hún með því, sem gott er, olli mér dauða, — til þess að syndin yrði fyrir boðorðið ákaflega syndug. **14** Því að vér vitum, að lögmálið er andlegt; en eg er holdlegur, seldur undir syndina. **15** Því að eg veit ekki, hvað eg aðhefst; því að það, sem eg vil, það gjöri eg ekki, en það, sem eg hata, það gjöri eg. **16** En ef eg nú gjöri einmitt það, sem eg ekki vil, þá samsinni eg lögmálinu, að það sé gott. **17** En nú er það ekki framar eg sjálfur, sem gjöri þetta, heldur syndin, sem í mér býr. **18** Því að eg veit, að ekki býr neitt gott í mér, það er í holdi mínu; því að vilja veitir mér auðvelt, en að framkvæma hið góða ekki. **19** Því að hið góða, sem eg vil, gjöri eg ekki, en hið vonda, sem eg ekki vil, það gjöri eg. **20**

En ef eg gjöri það, sem eg vil ekki, þá er það ekki lengur eg sjálfur, sem framkvæmi það, heldur syndin, sem í mér býr. 21 Þannig reynist mér það þá regla fyrir mig, sem vil gjöra hið góða, að hið illa er mér tamast. 22 Því að samkvæmt hinum innra manni hefi eg mætur á lögmáli Guðs; 23 en eg sé annað lögmál í limum mínum, sem berst á móti lögmáli hugskots míns og hertekur mig undir lögmál syndarinnar, sem er í limum mínum. 24 Eg aumur maður! Hver mun frelsa mig frá líkama þessa dauða? 25 Eg þakka Guði fyrir Jesúm Krist, Drottin vorn. Svo þjóna eg þá sjálfur lögmáli Guðs með hugskoti mínu, en lögmáli syndarinnar með holdinu.

8. kafli

1 Svo er þá nú engin fyrirdæming fyrir þá, sem eru í Kristi Jesú; 2 því að lögmál lífsins anda hefir í Kristi Jesú frelsað mig frá lögmáli syndarinnar og dauðans. 3 Því að það, sem lögmálinu var ómögulegt, að því leyti sem það mátti sín einkis fyrir holdinu, það gjörði Guð, er hann, með því að senda sinn eigin son í líkingu syndar-holds og vegna syndarinnar, fyrirdæmdi syndina í holdinu, 4 til þess að réttlætiskrafa lögmálsins uppfyltist á oss, sem ekki göngum eftir holdi, heldur eftir anda. 5 Því að þeir, sem ganga eftir holdi, hyggja á það, sem holdsins er, en þeir, sem ganga eftir anda, á það sem andans er. 6 Því að hyggja holdsins er dauði, en hyggja andans líf og friður; 7 því að hyggja holdsins er fjandskapur gegn Guði, með því að hún lýtur ekki lögmáli Guðs, enda getur hún það ekki. 8 En þeir, sem eru holdsins menn, geta ekki þóknast Guði. 9 En þér eruð ekki holdsins menn, heldur andans menn, svo framarlega sem andi Guðs býr í yður. En hafi einhver ekki anda Krists, þá er sá ekki hans. 10 En ef Kristur er í yður, þá er líkaminn að sönnu dauður vegna syndarinnar, en andinn líf vegna réttlætisins. 11 En ef andi hans, sem vakti Jesúm frá dauðum, býr í yður, þá mun hann, sem vakti Krist Jesúm frá dauðum, og gjöra lifandi dauðlega líkami yðar fyrir þann anda hans, sem býr í yður. 12 Svo erum vér þá, bræður, í skuld, ekki við holdið, svo að vér skyldum lifa eftir holdinu; 13 því að ef þér lifið eftir holdinu, munuð þér deyja, en ef þér deyðið með andanum gjörðir líkamans, munuð þér lifa. 14 Því að allir þeir sem leiðast af anda Guðs, þeir eru Guðs synir. 15 Því að ekki hafið þér fengið þrældómsanda aftur til hræðslu, heldur hafið þér

fengið anda sonar-kosningar, sem vér köllum í: Abba, faðir! **16** Sjálfur andinn vitnar með vorum anda, að vér erum Guðs börn; **17** en ef vér erum börn, þá erum vér líka erfingjar, og það erfingjar Guðs, en samarfar Krists, svo framarlega sem vér líðum með honum, til þess að vér einnig verðum gjörðir vegsamlegir með honum. **18** Því að eg hygg, að ekki séu þjáningar þessa tíma neitt í samanburði við þá dýrð, sem á oss mun opinberast. **19** Því að þrá skepnunnar bíður eftir opinberun Guðs barna. **20** Því að skepnan er undirorpin hégómanum, ekki sjálfviljug, heldur vegna hans, sem varp henni undir hann, **21** í von um að jafnvel sjálf skepnan muni verða leyst úr ánauð forgengileikans til frelsis dýrðar Guðs barna. **22** Því að vér vitum, að öll skepnan stynur líka og hefir fæðingarhríðir alt til þessa. **23** En ekki einungis hún, heldur og vér, sem höfum frumgróða andans, jafnvel vér stynjum með sjálfum oss, bíðandi eftir sonar-kosningunni, endurlausn líkama vors. **24** Því að í voninni erum vér hólpnir orðnir, en von, er sést, er ekki von, því að hver vonar það, sem hann sér? **25** En ef vér vonum það, sem vér sjáum ekki, þá bíðum vér þess með þolinmæði. **26** En sömuleiðis hjálpar og andinn veikleika vorum; því að vér vitum ekki, hvers vér eigum að biðja eins og ber; en sjálfur andinn biður fyrir oss með andvörpunum, sem ekki verður orðum að komið. **27** En hann, sem hjörtun rannsakar, veit hver er hyggja andans, með því að hann biður fyrir heilögum eftir Guðs vilja. **28** En vér vitum, að þeim, sem Guð elska, samverkar alt til góðs, þeim sem kallaðir eru samkvæmt fyrirhugun; **29** því að þá, sem hann þekti fyrirfram, hefir hann og fyrirhugað til þess að líkjast mynd sonar síns, svo að hann sé frumburður meðal margra bræðra. **30** En þá sem hann fyrirhugaði, þá hefir hann og kallað, og þá sem hann kallaði, þá hefir hann og réttlætt, en þá sem hann réttlætti, þá hefir hann einnig vegsamlega gjört. **31** Hvað eigum vér þá að segja við þessu? Ef Guð er með oss, hver er þá á móti oss? **32** Hann, sem ekki þyrmdi sínum eigin syni, heldur framseldi hann fyrir oss alla, hví skyldi hann ekki líka gefa oss alt með honum? **33** Hver skyldi ásaka Guðs útvalda? Guð er sá, sem réttlætir. **34** Hver er, sem fordæmir? Kristur Jesús er sá, sem dáinn er, og meira en það, upprisinn frá dauðum, hann, sem er við hægri hönd Guðs, hann, sem einnig biður fyrir oss. **35** Hver mun gjöra oss viðskila við kærleika Krists? Hvort þjáning? Eða þrenging? Eða ofsókn? Eða hungur? Eða nekt? Eða háski? Eða sverð? **36** Það er eins og ritað er: Þín vegna erum vér deyddir allan daginn,

vér erum álitnir eins og sláturfé. 37 En í öllu þessu meira en vinnum vér sigur fyrir hann, sem elskaði oss. 38 Því að eg er þess fullviss, að hvorki dauði né líf, né englar, né tignir, né hið yfirstandandi, né hið ókomna, né kraftar, 39 né hæð, né dýpt, né nokkur önnur skepna muni geta gjört oss viðskila við kærleika Guðs, sem er í Kristi Jesú, drotni vorum.

9. kafli

1 Eg tala sannleika í Kristi, eg lýg ekki, samviska mín vitnar það með mér í heilögum anda, 2 að eg hefi hrygð mikla og sífelda kvöl í hjarta mínu; 3 því að þess mundi eg óska, að eg væri sjálfur útskúfaður frá Kristi fyrir bræður mína, ættmenn mína að holdinu, 4 en það eru Ísraelsmenn, sem sonar-kosningin tilheyrir og dýrðin og sáttmálarnir og löggjöfin og helgihaldið og fyrirheitin; 5 þeim tilheyra og feðurnir og af þeim er Kristur kominn að holdinu, hann, sem er Guð yfir öllu, blessaður um aldirnar. Amen. 6 Það er ekki svo sem Guðs orð hafi brugðist; því að ekki eru allir þeir Ísraelsmenn, sem af Ísrael eru komnir, 7 ekki eru heldur allir börn, þótt þeir séu sæði Abrahams, heldur: Þar sem Ísak er, skal sæði þitt kallast. 8 Það er: ekki eru holdsins börn Guðs börn, heldur eru börn fyrirheitisins talin sæði. 9 Því að fyrirheitis-orð er þetta: Í þetta mund mun eg aftur koma, og þá skal Sara hafa son alið. 10 En ekki einungis á það hér heima, heldur og um Rebekku, sem var þunguð af eins manns völdum, Ísaks föður vors; 11 því að þá er þeir voru enn ófæddir og höfðu enn ekki gjört hvorki gott né ilt, — til þess að það stæði stöðugt, að útvalningar-fyrirætlun Guðs væri óháð verkunum, en öll komin undir vilja þess, er kallar, — 12 þá var henni sagt: Hinn eldri skal þjóna hinum yngri; 13 eins og ritað er: Jakob elskaði eg, en Esaú hataði eg. 14 Hvað eigum vér þá að segja? Er óréttvísi hjá Guði? Fjarri fer því. 15 Því að hann segir við Móse: Þeim sem eg miskunna, honum mun eg miskunna, og þann sem eg aumkast yfir, hann mun eg aumkast yfir. 16 Það er því ekki komið undir þeim, sem vill, né þeim sem hleypur, heldur Guði, sem miskunnar. 17 Því er í ritningunni sagt við Faraó: Einmitt til þess hóf eg þig, að eg fengi sýnt mátt minn á þér, og að nafn mitt yrði boðað um alla jörðina. 18 Svo miskunnar hann þá þeim sem hann vill, en forherðir þann sem hann vill. 19 Þú munt nú vilja segja við mig: Hvað er hann þá að ásaka

framar? Því að hver fær staðið gegn vilja hans. 20 Hver ert þú, maður, að þú skulir deila á Guð? Hvort mundi smíðisgripurinn segja við smiðinn: Hví gjörðir þú mig svona? 21 Eða hefir ekki leirkerasmiðurinn leirinn á valdi sínu, svo að hann megi gjöra úr sama deiginu ker til sæmdar og annað til vansæmdar? 22 En ef nú Guð, þótt hann vildi sýna reiði sína og auglýsa mátt sinn, hefir með miklu langlyndi umborið ker reiðinnar, sem búin voru til glötunar, 23 einnig til þess að auglýsa ríkdóm dýrðar sinnar á kerum miskunnarinnar, sem hann hafði fyrirfram búið til dýrðar? 24 En slíka hefir hann og kallað oss, ekki aðeins af Gyðingum, heldur og af heiðingjum. 25 Eins og hann líka segir hjá Hósea: Eg mun kalla það mína þjóð, sem ekki er mín þjóð, og þá elskaða, sem ekki er elskuð; 26 og það mun fara svo, að á þeim stað, þar sem við þá var sagt: Þér eruð ekki mín þjóð, þar munu menn verða kallaðir synir Guðs lifanda. 27 En Jesaja hrópar yfir Ísrael: Þótt tala Ísraels sona væri eins og sandur sjávarins, þá skulu leifar einar frelsaðar verða; 28 því að Drottinn mun gjöra upp reikning sinn á jörðunni, bindandi enda á hann og ljúkandi við hann í skyndi, og — 29 eins og Jesaja hefir sagt fyrir, — ef Drottinn hersveitanna hefði ekki skilið oss eftir sæði, værum vér orðnir eins og Sódóma og værum þá orðnir líkir Gómorru. 30 Hvað eigum vér þá að segja? Að heiðingjar, sem ekki sóttust eftir réttlæti, hafa öðlast réttlæti, en það réttlæti, sem er af trú. 31 En Ísrael, sem sóttist eftir réttlætis-lögmáli, náði ekki til slíks lögmáls. 32 Hvers vegna? Af því að þeir gjörðu það ekki af trú, heldur eins og af verkum. Þeir hafa rekið sig á ásteytingarsteininn; 33 eins og ritað er: Sjá eg set í Síon ásteytingarstein og hneykslunarhellu, og sérhver, sem á hann trúir, mun ekki verða til skammar.

10. kafli

1 Bræður, það er hjartans ósk mín og bæn til Guðs, að þeir megi hólpnir verða. 2 Því að það ber eg þeim, að þeir eru vandlátir Guðs vegna, en ekki með skynsemd. 3 Því að með því þeir þekkja ekki réttlæti Guðs og leitast við að afla sér síns eigin, hafa þeir ekki hlýðnast réttlæti Guðs. 4 Því að Kristur er endir lögmálsins til réttlætis sérhverjum, sem trúir. 5 Því að Móse ritar, að sá maður, sem gjörir það réttlæti, sem er af lögmálinu, skuli lifa fyrir það. 6 En það réttlæti, sem er af trúnni, mælir þannig: Seg þú ekki í hjarta þínu: Hver

mun fara upp í himininn? — það er: til að flytja Krist ofan, — 7 eða hver mun stíga niður í undirdjúpið? — það er: til að flytja Krist upp frá dauðum. 8 Hvað segir það svo? Nálægt þér er orðið, í munni þínum og í hjarta þínu. Það er: orð trúarinnar, sem vér prédikum. 9 Því að ef þú játar með munni þínum Drottin Jesúm og trúir með hjarta þínu, að Guð hafi uppvakið hann frá dauðum, muntu hólpinn verða; 10 því að með hjartanu er trúað til réttlætis, en með munninum játað til hjálpræðis; 11 því að ritningin segir: Hver sem trúir á hann, mun ekki til skammar verða; 12 því að ekki er munur á Gyðingi og grískum manni; því að hinn sami er Drottinn allra, fullríkur fyrir alla þá, sem ákalla hann; 13 því að hver, sem ákallar nafnið Drottins, mun hólpinn verða. 14 Hvernig eiga þeir þá að ákalla þann, sem þeir hafa ekki trúað á? Og hvernig eiga þeir að trúa á þann, sem þeir hafa ekkert heyrt um? Og hvernig eiga þeir að heyra, án þess að einhver prédiki? 15 Og hvernig eiga þeir að prédika, nema þeir séu sendir? Það er eins og ritað er: Hversu fagrir eru fætur þeirra, sem boða fagnaðarerindið um hið góða. 16 En þeir hlýddu ekki allir fagnaðarerindinu; því að Jesaja segir: Drottinn, hver trúði því, sem hann heyrði hjá oss? 17 Svo kemur þá trúin af prédikuninni, en prédikunin byggist á orði Krists. 18 En eg segi: Hafa þeir ekki heyrt? Jú, vissulega er hljómur þeirra farinn út um alla jörðina og orð þeirra til endimarka
heimsbygðarinnar. 19 Og eg segi: Hvort skildi Ísrael það ekki? Fyrst segir Móse: Eg vil vekja yður til vandlætingar gagnvart ekki-þjóð, upp á móti óviturri þjóð vil eg æsa yður. 20 En Jesaja gjörist djarfmáll og segir: Eg er fundinn af þeim, sem ekki leituðu mín, og orðinn þeim augljós, sem ekki spurðu að mér. 21 En við Ísrael segir hann: Allan daginn breiddi eg út hendur mínar móti óhlýðnum og þverbrotnum lýð.

11. kafli

1 Eg segi því: Hefir Guð útskúfað lýð sínum? Fjarri fer því. Því að eg er líka Ísraelsmaður, af sæði Abrahams, ættkvísl Benjamíns. 2 Guð hefir ekki útskúfað lýð sínum, sem hann fyrirfram þekti; eða vitið þér ekki, hvað ritningin segir í kaflanum um Elía, hvernig hann gengur fram fyrir Guð gegn Ísrael: 3 Drottinn, spámenn þína hafa þeir drepið og ölturum þínum hafa þeir velt um, og eg er einn skilinn eftir, og þeir sitja um líf mitt? 4 En hvað segir

guðsvarið honum? Eg hefi mér sjálfum eftirskilið sjö þúsundir manna, sem ekki hafa beygt kné fyrir Baal. **5** Þannig eru þá líka á yfirstandandi tíma samkvæmt náðar-útvalningu leifar orðnar eftir. **6** En ef það er af náð, þá er það ekki framar af verkum, annars verður náðin ekki framar náð. **7** Hvað þá? Það sem Ísrael sækist eftir, það hlotnaðist honum ekki, en hinum útvöldu hlotnaðist það, en hinir aðrir urðu forhertir. **8** Það er eins og ritað er: Guð gaf þeim sljóleiks-anda, augu til þess að sjá ekki, og eyru til þess að heyra ekki, alt fram á þennan dag, **9** og Davíð segir: Verði borð þeirra að snöru og að gildru og að hneykslun og til hegningar þeim? **10** Blindist augu þeirra, til þess að þeir sjái ekki, og beyg sífelt bak þeirra. **11** Eg segi því: Hvort hrösuðu þeir, til þess að þeir skyldu falla? Fjarri fer því; heldur hlotnaðist heiðingjunum hjálpræðið af falli þeirra, til þess að það skyldi vekja þá til vandlætingar. **12** En ef fall þeirra er heiminum auður og tjón þeirra heiðingjum auður, hve miklu fremur þá fylling þeirra? **13** En við yður, þér heiðingjar, segi eg: Að því leyti, sem eg þá er postuli heiðingja, vegsama eg þjónustu mína, **14** ef eg gæti vakið vandlæti hjá ættmönnum mínum og frelsað einhverja þeirra. **15** Því að ef burtsnörun þeirra er sætt heimsins, hvað er þá upptaka þeirra annað en líf af dauðum? **16** En ef frumgróðinn er heilagur, þá er einnig deigið það; og ef rótin er heilög, þá eru einnig greinarnar það. **17** En þótt nokkrar af greinunum hafi verið brotnar af, en þú, sem ert villiolíuviður, hafir verið græddur inn á meðal þeirra, og sért orðinn samhluttakandi í rót olíuviðarfitunnar, **18** þá stær þig ekki gegn greinunum; en ef þú stærir þig, þá vit, að þú ber ekki rótina, heldur rótin þig. **19** Þú munt þá segja: Greinarnar voru brotnar af, til þess að eg yrði græddur við. **20** Rétt er það. Fyrir sakir vantrúarinnar voru þær brotnar af, en vegna trúarinnar stendur þú. Hreyktu þér ekki upp, heldur óttast. **21** Því að hafi Guð ekki þyrmt hinum náttúrlegu greinum, þá mun hann ekki heldur þyrma þér. **22** Sjá því gæsku Guðs og strangleika, — strangleika við þá sem fallnir eru, en gæsku Guðs við þig, ef þú stendur stöðugur í gæskunni; annars verður þú einnig af höggvinn. **23** En hinir munu og verða græddir við, ef þeir halda ekki áfram í vantrúnni, því að máttugur er Guð að græða þá aftur við. **24** Því að ef þú ert höggvinn af þeim olíuviði, sem eftir eðli sínu var villiviður, og ert móti eðli þínu græddur við ræktaðan olíuvið, hve miklu fremur munu þá þessar náttúrlegu greinar verða græddar við sinn eigin olíuvið? **25** Því að eg vil ekki, bræður, að yður sé ókunnugt um þennan

leyndardóm, til þess að þér skulið ekki með sjálfum yður ætla yður hygna, að forherðing er komin yfir nokkurn hluta af Ísrael, alt þangað til fylling heiðingjanna er komin inn. **26** Og þannig mun allur Ísrael frelsaður verða, eins og ritað er: Frá Síon mun sá koma, sem frelsar, og útrýma guðleysi frá Jakob. **27** Og þetta er sáttmáli minn við þá, þegar eg hefi tekið burt syndir þeirra. **28** Eftir fagnaðarerindinu eru þeir að sönnu óvinir vegna yðar, en eftir útvalningunni elskaðir vegna feðranna, **29** því að ekki iðrar Guð náðargjafa sinna og köllunar. **30** Því að eins og þér fyrrum voruð óhlýðnir Guði, en hafið nú hlotið miskunn vegna óhlýðni þeirra, **31** þannig hafa þeir nú líka orðið óhlýðnir, til þess að einnig þeim mætti miskunnað verða fyrir miskunn þá, sem yður er veitt. **32** Því að Guð hefir innilukt þá alla undir óhlýðni, til þess að hann gæti miskunnað þeim öllum. **33** Hvílíkt djúp ríkdóms og speki og þekkingar Guðs! Hversu órannsakandi dómar hans og órekjandi vegir hans! **34** Því að hver hefir þekt huga Drottins? Eða hver hefir verið ráðgjafi hans? **35** Eða hver hefir að fyrra bragði gefið honum, svo að það eigi að verða honum endurgoldið? **36** Því að frá honum og fyrir hann og til hans eru allir hlutir. Honum sé dýrð um aldirnar! Amen.

12. kafli

1 Svo áminni eg yður þá, bræður, fyrir miskunnsemi Guðs, að þér frambjóðið, svo sem skynsamlega guðsdýrkun, líkami yðar sem fórn, lifandi, heilaga, Guði þóknanlega, **2** og hegðið yður eigi eftir öld þessari; heldur takið háttaskifti með endurnýungu hugarfarsins, svo að þér fáið að reyna, hver sé vilji Guðs, hið góða, velþóknanlega og fullkomna. **3** Því að fyrir þá náð, sem mér er gefin, segi eg sérhverjum, sem á meðal yðar er, að hugsa ekki hærra en hugsa ber, heldur að hugsa svo, að hann hugsi hyggilega, sérhver eins og Guð hefir úthlutað honum mæli trúarinnar. **4** Því að eins og vér höfum á einum líkama marga limi, en limirnir hafa ekki allir sama starfa, **5** þannig erum vér hinir mörgu einn líkami í Kristi, en hver um sig annars limir; **6** en þar eð vér höfum margvíslegar náðargjafir, eftir þeirri náð, sem oss er gefin, hvort heldur það er spádómsgáfa, þá notum hana í hlutfalli við trúna, **7** eða þjónusta, þá gefum oss við þjónustunni, eða það er maður, sem kennir, hann gefi sig við kenslunni, **8** eða maður, sem áminnir, við áminningunni; sá sem

útbýtir, gjöri það í einlægni, sá sem forstöðu veitir, gjöri það með kostgæfni, sá sem iðkar miskunnsemi, gjöri það með gleði. 9 Elskan sé flærðarlaus; hafið andstygð á hinu vonda, en haldið fast við hið góða. 10 Verið í bróðurkærleikanum ástúðlegir hver við annan og verið hver öðrum fyrri til að veita hinum virðingu; 11 í áhuganum ekki hálfvolgir; í andanum brennandi; 12 drotni þjónandi; glaðir í voninni, þolinmóðir í þjáningunni, staðfastir í bæninni. 13 Takið þátt í nauðsynjum heilagra; stundið gestrisnina. 14 Blessið þá, er ofsækja yður; blessið, en bölvið ekki. 15 Fagnið með fagnendum, grátið með grátendum. 16 Berið sama hug hver til annars; hugsið eigi um hið háa, en haldið yður að hinum lítilmótlegu. Ætlið yður eigi hygna með sjálfum yður; 17 gjaldið engum ilt fyrir ilt; stundið það sem fagurt er fyrir sjónum allra manna; 18 ef mögulegt er, að því er til yðar kemur, þá hafið frið við alla menn; 19 hefnið yðar ekki sjálfir, þér elskaðir, heldur gefið rúm reiðinni; því að ritað er: Mín er hefndin, eg mun endurgjalda, segir Drottinn. 20 En ef óvin þinn hungrar, þá gef honum að eta, ef hann þyrstir, þá gef honum að drekka, því að með því að gjöra þelta safnar þú glóðum elds á höfuð honum. 21 Lát ekki hið vonda yfirbuga þig, heldur sigra þú hið vonda með hinu góða.

13. kafli

1 Sérhver sál sé yfirboðnum valdstéttum hlýðin; því að ekki er nein valdstétt til nema frá Guði, og þær sem til eru, þær eru skipaðar af Guði; 2 svo að sá, sem veitir valdstéttinni mótstöðu, hann veitir Guðs tilskipun mótstöðu; en þeir, sem veita mótstöðu, munu fá dóm sinn. 3 Því að valdsmennirnir eru eigi ótti góðum verkum, heldur vondum. En viljir þú eigi þurfa að óttast valdstéttina, þá gjör það sem gott er, og muntu fá lofstír af henni; 4 því að hún er þjónn Guðs þér til góðs, en ef þú gjörir það sem ilt er, þá skaltu óttast; því að hún ber ekki sverðið ófyrirsynju, með því að hún er Guðs þjónn, hegnari til refsingar þeim, er aðhefst hið illa. 5 Þess vegna er nauðsynlegt að hlýðnast, ekki einungis vegna hegningarinnar, heldur og vegna samviskunnar. 6 Einmitt þess vegna gjaldið þér og skatta, því að þeir eru Guðs þjónar, sem starfa að þessu sama. 7 Gjaldið öllum það sem skylt er, þeim skattinn, sem skatturinn ber, þeim tollinn, sem tollurinn ber, þeim

óttann, sem óttinn ber, þeim virðinguna, sem virðingin ber. 8 Skuldið ekki neinum neitt nema það að elska hver annan; því að sá sem elskar annan, hefir uppfylt lögmálið. 9 Því að þetta: Þú átt ekki að drýgja hór; þú átt ekki að vega mann; þú átt ekki að stela; þú átt ekki að girnast, og hvert annað boðorð er í þessari grein innifalið, í þessu: Þú átt að elska náunga þinn eins og sjálfan þig. 10 Kærleikurinn gjörir ekki náunganum mein; þess vegna er kærleikurinn fylling lögmálsins. 11 Og þetta því heldur sem þér þekkið tímann, að yður er mál að rísa af svefni, því að nú er oss hjálpræðið nær, en þá er vér tókum trú. 12 Liðið er á nóttina, en dagurinn í nánd; leggjum því af verk myrkursins og íklæðumst hertýgjum ljóssins. 13 Framgöngum sómasamlega eins og á degi, ekki í ofáti eða ofdrykkju, ekki í ólifnaði né saurlífi, ekki í þrætu né öfund, 14 heldur íklæðist drotni Jesú Kristi, og alið ekki önn fyrir holdinu, svo að það verði til að æsa girndir.

14. kafli

1 Takið að yður hinn trúarveika, ekki til þess að dæma um skoðanir. 2 Einn er þeirrar trúar, að alls megi neyta, en hinn trúarveiki neytir einungis jurtafæðu. 3 Sá sem etur, fyrirlíti ekki hinn, sem ekki etur, og sá sem ekki etur, dæmi ekki þann, sem etur; því að Guð hefir tekið hann að sér. 4 Hver ert þú, sem dæmir annarlegan þjón? Hann stendur og fellur herra sínum; og hann mun standa; því að máttugur er Drottinn að láta hann standa. 5 Einn gjörir sér dagamun, en annar metur alla daga jafna. Sérhver hafi örugga sannfæringu í huga sínum. 6 Sá sem tekur tillit til daga, gjörir það vegna Drottins, og sá sem etur, etur drotni, því að hann gjörir Guði þakkir; og sá sem ekki etur, það er vegna Drottins, að hann etur ekki, og hann gjörir Guði þakkir. 7 Því að enginn af oss lifir sjálfum sér, og enginn deyr sjálfum sér, 8 því að hvort sem vér lifum, lifum vér drotni, eða vér deyjum, deyjum vér drotni; hvort sem vér þess vegna lifum eða deyjum, þá erum vér Drottins. 9 Því að til þess dó Kristur og varð aftur lifandi, að hann skyldi drotna bæði yfir dauðum og lifandi. 10 En þú, hví dæmir þú bróður þinn? Eða þá þú, hví fyrirlítur þú bróður þinn? Því að allir munum vér verða að koma fram fyrir dómstól Guðs. 11 Því að ritað er: Svo sem eg lifi, segir Drottinn, fyrir mér skulu öll kné beygja sig og sérhver tunga vegsama Guð. 12 Fyrir því skal þá sérhver af

oss lúka Guði reikning fyrir sjálfan sig. 13 Dæmum því ekki framar hver annan, en kveðið öllu heldur upp þann dómsúrskurð, að þér skulið ekki setja ásteytingu eður hneyksli fyrir bróður yðar. 14 Eg veit það og er þess fullviss í drotni Jesú, að ekkert er vanheilagt í sjálfu sér, nema þá þeim, sem heldur eitthvað vanheilagt; honum er það vanheilagt. 15 Því að ef bróðir þinn hryggist sökum matar, þá gengur þú ekki framar eftir kærleikanum. Hrind ekki með mat þínum í glötun þeim manni, sem Kristur er dáinn fyrir. 16 Látið því ekki hið góða, sem þér eigið, verða fyrir lasti. 17 Því að ekki er guðsríki matur og drykkur, heldur réttlæti og friður og fögnuður í heilögum anda. 18 Því að hver sem þjónar Kristi í þessu, hann er Guði velþóknanlegur og fullreyndur fyrir mönnunum. 19 Keppum þess vegna eftir því, sem til friðarins heyrir og til hinnar sameiginlegu uppbyggingar. 20 Brjóttu ekki niður verk Guðs vegna matar! Alt er að sönnu hreint; en það er þó ilt þeim manni, sem etur til ásteytingar. 21 Það er rétt að eta hvorki kjöt né drekka vín né gjöra neitt, sem bróðir þinn steytir sig á. 22 Haf þú þá trú, sem þú hefir, hjá sjálfum þér fyrir Guði. Sæll er sá, sem áfellir sig ekki fyrir það, sem hann hefir valið. 23 En sá sem er efablandinn, hann er dæmdur, ef hann etur, af því að það er ekki af trú; en alt sem ekki er af trú, er synd.

15. kafli

1 Skylt er oss, hinum styrku, að umbera veikleika hinna óstyrku og þóknast ekki sjálfum oss. 2 Sérhver af oss þóknist náunganum í því sem gott er til uppbyggingar; 3 því að Kristur þóknaðist ekki heldur sjálfum sér, en eins og ritað er: Lastyrði þeirra, sem löstuðu þig, lentu á mér. 4 Því að alt það, sem áður er ritað, er áður ritað oss til uppfræðingar, til þess að vér fyrir þolinmæðina og fyrir huggun ritninganna hefðum vonina. 5 En Guð þolinmæðinnar og huggunarinnar gefi yður að bera sama hug hver til annars að vilja Krists Jesú, 6 til þess að þér samhuga með einum munni vegsamið Guð og föður Drottins vors Jesú Krists. 7 Takið því hver annan að yður, eins og Kristur tók yður að sér, Guði til dýrðar. 8 Því að eg segi, að Kristur sé orðinn þjónn umskurnarinnar fyrir sakir sannorðleika Guðs, til að staðfesta fyrirheitin, sem feðrunum voru gefin, 9 en að heiðingjarnir vegsami Guð sakir miskunnar hans, eins og ritað er: Þess vegna skal eg játa þig meðal

heiðingja og lofsyngja þínu nafni. **10** Og enn segir: Fagnið, þér heiðingjar, með lýð hans; **11** og enn: Lofið Drottin, allar þjóðir, og vegsami hann allir lýðir; **12** og enn segir Jesaja: Koma mun rótarkvistur Ísaí og sá, er rís upp til að stjórna þjóðum; á hann munu þjóðir vona. **13** En Guð vonarinnar fylli yður öllum fögnuði og friði í trúnni, svo að þér séuð auðugir að voninni í krafti heilags anda. **14** En eg er líka sjálfur sannfærður um yður, bræður mínir, að þér og sjálfir eruð fullir góðgirni, fyltir alls konar þekkingu og færir um að áminna hver annan. **15** En eg hefi ritað yður að nokkuru leyti fulldjarflega, til þess að minna yður á þetta, vegna þeirrar náðar, sem mér er af Guði gefin, **16** til þess að eg skyldi vera helgiþjónn Krists Jesú hjá heiðingjunum, innandi af hendi prestþjónustu við fagnaðarerindi Guðs, til þess að fórn heiðingjanna mætti verða velþóknanleg og helguð í heilögum anda. **17** Eg hefi þá það, sem eg get hrósað mér af í Kristi Jesú, starf mitt í þjónustu Guðs. **18** Því að ekki mun eg dirfast að tala um neitt annað en það, sem Kristur hefir framkvæmt fyrir mig, til að leiða heiðingja til hlýðni, með orði og verki, **19** með krafti tákna og undra, með krafti heilags anda, svo að eg frá Jerúsalem og alt í kring til Illyríu hefi til fulls flutt fagnaðarerindi Krists; **20** en þannig, að eg hefi talið mér það sæmd, að boða ekki fagnaðarerindið þar sem Kristur hafði áður verið nefndur, til þess að eg bygði ekki ofan á annarlegan grundvöll; **21** heldur eins og ritað er: Þeir skulu sjá, sem ekkert var um hann sagt, og þeir, sem ekki hafa heyrt, skulu skilja. **22** Þess vegna hefi eg líka margsinnis hindrast frá að koma til yðar; **23** en nú hefi eg ekki lengur rúm í þessum héruðum, og mig hefir auk þess í mörg ár langað lil að koma til yðar, **24** þegar eg færi til Spánar; því að eg vona, að eg fái að sjá yður, er eg fer um hjá yður, og að mér verði fylgt á leið af yður þangað, er eg fyrst hefi nokkurn veginn fengið nægju mína hjá yður. **25** En nú fer eg á leið til Jerúsalem til að þjóna hinum heilögu. **26** Því að Makedónía og Akkea hafa af góðvild sinni gengist fyrir samskotum nokkurum handa fátæklingum meðal hinna heilögu, sem eru í Jerúsalem. **27** Því að af góðvild hafa þeir gjört það, enda eru þeir í skuld við þá; því að fyrst heiðingjarnir hafa fengið hlutdeild í andlegum gæðum þeirra, þá er þeim og skylt að fulltingja þeim í líkamlegum efnum. **28** En þegar eg hefi lokið þessu og innsiglað þeim þennan ávöxt, mun eg fara um hjá yður til Spánar. **29** En eg veit, að þegar eg kem til yðar, mun eg koma með fylling blessunar Krists. **30** En mikillega bið eg yður, bræður, fyrir sakir

Drottins vors Jesú Krists og fyrir sakir kærleika andans, að þér stríðið með mér í bænunum til Guðs fyrir mér, 31 til þess að eg verði frelsaður frá hinum vantrúuðu í Júdeu, og þjónustustarf mitt Jerúsalem til handa verði vel þegið af hinum heilögu, 32 til þess að eg, ef Guð lofar, mætti koma til yðar með fögnuði og endurhressast ásamt yður. 33 En Guð friðarins sé með yður öllum. Amen.

16. kafli

1 Eg fel yður á hendur Föbe, systur vora, sem er þjónn kirkjunnar í Kenkreu, 2 til þess að þér veitið henni viðtöku í drotni, eins og heilögum hæfir, og liðsinnið henni í hverju því efni, sem hún þarf yðar við, því að hún hefir verið bjargvættur margra og mín sjálfs. 3 Heilsið Prisku og Akvílasi, samverkamönnum mínum í Kristi Jesú, 4 sem stofnað hafa lífi sínu í hættu fyrir líf mitt, sem ekki eg einn votta þakkir, heldur og allir kirkjur heiðingjanna; 5 heilsið einnig kirkjunni, sem er í húsi þeirra. Heilsið Epænetusi, mínum elskaða, sem er frumgróði Asíu Kristi til handa. 6 Heilsið Maríu, sem mikið hefir erfiðað fyrir yður. 7 Heilsið Andróníkusi og Júníasi, ættmönnum mínum og sambandingjum, sem eru í metum hjá postulunum og á undan mér hafa gengið Kristi á hönd. 8 Heilsið Amplíatusi, mínum elskaða í drotni. 9 Heilsið Úrbanusi, samverkamanni vorum í Kristi, og Stakkýsi, mínum elskaða. 10 Heilsið Apellesi, sem er fullreyndur í Kristi. Heilsið heimilismönnum Aristóbúls. 11 Heilsið Heródíon, ættingja mínum. Heilsið þeim á heimili Narkissusar, sem eru í drotni. 12 Heilsið Trýfæna og Trýfósa, sem erfiða í drotni. Heilsið Persis, hinni elskuðu, sem mikið hefir starfað í drotni. 13 Heilsið Rúfusi, hinum útvalda í drotni, og móður hans og minni. 14 Heilsið Asýnkrítusi, Flegon, Hermes, Patróbasi, Hermasi og bræðrunum, sem hjá þeim eru. 15 Heilsið Fílólógusi og Júlíasi, Nerevs og systur hans, og Ólympasi og öllum heilögum, sem með þeim eru. 16 Heilsið hver öðrum með heilögum kossi. Yður senda kveðju allir kirkjur Krists. 17 En eg áminni yður, bræður, um að hafa gát á þeim, er vekja sundurþykkju og hneyksli á móti þeirri kenningu, sem þér hafið numið; og sneiðið yður hjá þeim. 18 Því að slíkir menn þjóna ekki drotni vorum Kristi, heldur maga sjálfra þeirra, og með blíðmælum og fagurgala tæla þeir hjörtu hrekklausra manna. 19 Því að

hlýðni yðar er alkunnug orðin; því gleðst eg yfir yður; en eg vil, að þér séuð vitrir í hinu góða, en einfaldir í hinu illa. **20** En Guð friðarins mun bráðlega sundurmola Satan undir fótum yðar. Náðin Drottins vors Jesú Krists sé með yður. **21** Yður heilsa Tímóteus, samverkamaður minn, Lúkíus og Jason og Sósípater, ættmenn mínir. **22** Eg, Tertíus, sem hefi ritað bréfið, heilsa yður í drotni. **23** Yður heilsar Gajus, sem ljær hús mér og öllum kirkjunni. Yður heilsar Erastus, gjaldkeri borgarinnar, og bróðir Kvartus. **24** Náð Drottins vors Jesú Krists sé með yður öllum. Amen. † **25** En honum, sem megnar að styrkja yður eftir mínu fagnaðarerindi og prédikun Jesú Krists, samkvæmt opinberun þess leyndardóms, sem frá eilífum tíðum hefir legið í þagnargildi, **26** en nú er auglýstur fyrir spámannlegar ritningar og eftir skipun hins eilífa Guðs kunngjörður öllum þjóðum til trúar-hlýðni, **27** einum vitrum Guði, fyrir Jesúm Krist, — honum sé dýrð um aldirnar. Amen.

Fyrra Korintubréf

I ad Corinthios

1. kafli

1 Páll, kallaður til postula Jesú Krists, fyrir vilja Guðs, og bróðirinn Sóstenes, **2** til kirkju Guðs, sem er í Korintuborg, hinna helguðu í Kristi Jesú, heilögu samkvæmt köllun, ásamt öllum þeim, er á sérhverjum stað, hjá þeim og hjá oss, ákalla nafnið Drottins vors Jesú Krists. **3** Náð sé með yður og friður frá Guði föður vorum og drotni Jesú Kristi. **4** Ávalt þakka eg Guði mínum yðar vegna fyrir þá náð Guðs, sem yður er gefin í Kristi Jesú, **5** að þér í honum eruð auðgaðir orðnir í öllu, í allri ræðu og allri þekkingu, **6** eins og líka vitnisburðurinn um Krist er staðfestur orðinn á meðal yðar, **7** svo að yður brestur ekki neina náðargjöf, þar sem þér væntið opinberunar Drottins vors Jesú Krists, **8** hans, sem og mun gjöra yður staðfasta alt til enda, óásakanlega á degi Drottins vors Jesú Krists. **9** Trúr er Guð, sem yður hefir kallað til samfélags sonar síns Jesú Krists, Drottins vors. **10** En eg áminni yður, bræður, vegna nafns Drottins vors Jesú Krists, að þér mælið allir hið sama og að ekki séu flokkadrættir á meðal yðar, heldur að þér séuð fullkomlega sameinaðir í sama hugarfari og í sömu skoðun. **11** Því að mér hefir verið tjáð um yður, bræður mínir, af heimilismönnum Klóe, að þrætur eigi sér stað meðal yðar. **12** Eg á við þetta, að sérhver yðar segir: Eg er Páls; — og eg er Apollóss; — og eg er Kefasar; — og eg er Krists. **13** Er þá Kristi skift í sundur? Mun Páll hafa verið krossfestur fyrir yður? Eða eruð þér skírðir til nafns Páls? **14** Eg þakka Guði fyrir, að eg hefi engan yðar skírt nema Krispus og Gajus, **15** til þess að enginn skuli segja, að þér séuð skírðir til míns nafns. **16** Jú, eg skírði líka heimamenn Stefanasar. Annars veit eg ekki til að eg hafi skírt neinn annan. **17** Því að ekki sendi Kristur mig til að skíra, heldur til að boða fagnaðarerindi, ekki með orðspeki, til þess að krossinn Krists misti ekki gildi sitt. **18** Því að orð krossins er heimska þeim er glatast, en oss, sem hólpnir verðum, er það

kraftur Guðs; 19 því að ritað er: Eyða mun eg visku vitringanna, og skynsemi hinna skynsömu mun eg að engu gjöra. 20 Hvar er vitringur? Hvar fræðimaður? Hvar orðkappi þessarar aldar? Hefir Guð ekki gjört að heimsku speki heimsins. 21 Því að þar eð heimurinn með spekinni þekti ekki Guð í speki Guðs, þóknaðist Guði að gjöra hólpna þá, er trúa, með heimsku prédikunarinnar; 22 með því að bæði Gyðingar heimta tákn, og Grikkir leita að speki, 23 en vér prédikum Krist krossfestan, Gyðingum hneyksli, en heiðingjum heimsku, 24 en sjálfum hinum kölluðu, bæði Gyðingum og Grikkjum, Krist, kraft Guðs og speki Guðs. 25 Því að hið heimskulega Guðs er mönnum vitrara, og hið óstyrka Guðs mönnum sterkara. 26 Því að lítið, bræður, til köllunar yðar: þér eruð ekki margir vitrir eftir holdinu, ekki margir máttugir, ekki margir stórættaðir; 27 heldur hefir Guð útvalið hið heimskulega heimsins, til þess að gjöra hinum vitru kinnroða, og hið óstyrka heimsins hefir Guð útvalið, til þess að gjöra hinum voldugu kinnroða. 28 Og hið ógöfuga í heiminum og hið fyrirlitna hefir Guð útvalið, og það sem ekkert er, til þess að gjöra það að engu, sem er, 29 til þess að ekki skuli neitt hold hrósa sér fyrir Guði. 30 En fyrir hann eruð þér í Kristi Jesú, sem er orðinn oss vísdómur frá Guði, bæði réttlæti og helgun og endurlausn; 31 til þess að, eins og ritað er: sá sem hrósar sér, hrósi sér í drotni

2. kafli

1 Og er eg kom til yðar, bræður, og boðaði yður leyndardóm Guðs, kom eg ekki heldur með frábærleik orðs eða speki; 2 því að eg ásetti mér að vita ekkert á meðal yðar, nema Jesúm Krist og hann krossfestan. 3 Og eg dvaldi á meðal yðar í veikleika, ótta og mikilli angist. 4 Og orðræða mín og prédikun mín studdist ekki við sannfærandi vísdómsorð, heldur við sönnun anda og kraftar; 5 til þess að trú yðar væri eigi bygð á vísdómi manna, heldur á krafti Guðs. 6 En speki tölum vér meðal hinna fullkomnu, þó ekki speki þessarar aldar eða höfðingja þessarar aldar, sem að engu verða, 7 heldur tölum vér speki Guðs í leyndardómi, hina huldu, sem Guð hefir frá eilífð fyrirhugað oss til dýrðar, 8 og enginn af höfðingjum þessarar aldar þekti, því að ef þeir hefðu þekt hana, hefðu þeir ekki krossfest Drottin dýrðarinnar; 9 en það er eins og ritað er: Það sem auga sá ekki og eyra heyrði ekki, og ekki kom upp í

hjarta mannsins, alt það sem Guð fyrirbjó þeim, er elska hann. **10** En oss hefir Guð opinberað hana fyrir andann; því að andinn rannsakar alt, jafnvel djúp Guðs. **11** Því að hver meðal manna veit hvað mannsins er, nema andi mannsins, sem í honum er? Þannig hefir heldur enginn komist að raun um, hvað Guðs er, nema Guðs andi. **12** En vér höfum ekki meðtekið anda heimsins, heldur andann, sem er frá Guði, til þess að vér skulum vita, hvað oss er af Guði gefið; **13** og það tölum vér líka, ekki með orðum, sem mannlegur vísdómur kennir, heldur sem andinn kennir, er vér útlistum andleg efni fyrir andlegum mönnum. **14** En náttúrlegur maður veitir ekki viðtöku því sem Guðs anda er; því að honum er það heimska og hann getur ekki skilið það, af því að það dæmist andlega. **15** En hinn andlegi dæmir um alt, en um hann sjálfan verður ekki dæmt af neinum; **16** því að hver hefir þekt huga Drottins, að hann geti frætt hann? En vér höfum hugarfar Krists.

3. kafli

1 Og eg gat ekki, bræður, talað við yður eins og við andlega menn, heldur eins og við holdlega, eins og við ómálga í Kristi. **2** Mjólk gaf eg yður að drekka, mat ekki, því að enn þolduð þér það ekki. Og þér þolið það jafnvel ekki enn, **3** því að enn þá eruð þér holdlegir menn. Því að þegar metningur og þráttan er á meðal yðar, eruð þér þá eigi holdlegir menn og hegðið yður á manna hátt? **4** Því að þegar einn segir: Eg er Páls, en annar: Eg er Apollóss, eruð þér þá ekki menn? **5** Hvað er þá Apollós? Já, hvað er þá Páll? Þjónar, sem hafa leitt yður til trúar, og það eins og Drottinn hefir gefið hvorum fyrir sig. **6** Eg gróðursetti, Apollós vökvaði, en Guð gaf vöxtinn. **7** Þannig er þá hvorki sá neitt, er gróðursetur, né sá er vökvar, heldur Guð, sem vöxtinn gefur. **8** En sá sem gróðursetur og sá sem vökvar eru eitt. En sérhver mun fá sín eigin laun eftir sínu eigin erfiði. **9** Því að Guðs samverkamenn erum vér; Guðs akurlendi, Guðs hús eruð þér. **10** Eftir þeirri náð Guðs, sem mér er veitt, hefi eg eins og vitur húsameistari lagt grundvöll; en annar byggir ofan á. En sérhver athugi, hvernig hann byggir ofan á. **11** Því að annan grundvöll getur enginn lagt en þann sem lagður er, sem er Jesús Kristur. **12** En ef einhver byggir ofan á grundvöllinn gull, silfur, dýra steina, tré, hey, hálm, **13** þá mun verk sérhvers verða augljóst, því að dagurinn mun leiða það í ljós, af því að

hann opinberast með eldi; og hvílíkt verk hvers eins er, það mun eldurinn prófa. 14 Ef nú verk einhvers fær staðist, það er hann bygði ofan á, mun hann taka laun. 15 Ef verk einhvers brennur upp, mun hann bíða tjón, en sjálfur mun hann frelsaður verða, en þó eins og úr eldi. 16 Vitið þér eigi, að þér eruð musteri Guðs og að andi Guðs býr í yður? 17 Ef nokkur eyðir musteri Guðs, mun guð eyða honum, því að musteri Guðs er heilagt, og það eruð þér. 18 Enginn dragi sjálfan sig á tálar. Ef nokkur hygst vera vitur yðar á meðal í þessum heimi, hann verði heimskur, til þess að hann verði vitur. 19 Því að speki þessa heims er heimska hjá Guði. Því að ritað er: Hann er sá, sem grípur hina vitru í slægð þeirra. 20 Og aftur: Drottinn þekkir hugsanir vitringanna, að þær eru hégómlegar. 21 Fyrir því stæri enginn sig af mönnum. Því að alt er yðar, 22 hvort heldur er Páll, eða Apollós, eða Kefas, eða heimur, eða líf, eða dauði, eða hið yfirstandandi, eða hið komandi; alt er yðar, 23 en þér eruð Krists, en Kristur Guðs.

4. kafli

1 Þannig líti menn á oss svo sem þjóna Krists og ráðsmenn yfir leyndardómum Guðs. 2 Hér er þess að öðru leyti krafist af ráðsmönnunum, mönnunum, að sérhver reynist trúr. 3 En mér er það fyrir minstu að verða dæmdur af yður eða af mannlegu dómþingi; eg dæmi mig ekki einu sinni sjálfur. 4 Því að eg er mér ekki neins meðvitandi, en með því er eg þó ekki réttlættur; en Drottinn er sá sem dæmir mig. 5 Dæmið því ekki neitt fyrir tímann, áður en Drottinn kemur, hann sem og mun leiða það í ljós, sem í myrkrinu er hulið, og opinbera ráð hjartnanna. Og þá mun sérhverjum hlotnast lofstír af Guði. 6 En þetta hefi eg, bræður, heimfært til sjálfs mín og Apollóss yðar vegna, til þess að þér mættuð læra af okkur það sem ekki fer fram úr »því sem ritað er«, til þess að enginn yðar hroki sér upp einum í vil, öðrum til niðrunar. 7 Því að hver gefur þér yfirburði? Og hvað hefir þú, sem þú hefir ekki þegið? En hafir þú nú þegið, hví stærir þú þig þá, eins og þú hefðir ekki þegið? 8 Þér eruð þegar orðnir mettir, þér eruð þegar orðnir auðugir, án vor eruð þér orðnir konungar. Og eg vildi óska, að þér væruð orðnir konungar, til þess að einnig vér mættum sitja að völdum með yður. 9 Því að mér virðist Guð hafa sett oss postulana sísta, eins og dauðadæmda;

því að sjónleikur erum vér orðnir heiminum, bæði englum og mönnum. **10** Vér erum heimskir sökum Krists, en þér vitrir í Kristi; vér veikir, en þér sterkir; þér virtir, en vér óvirtir. **11** Alt til þessarar stundar þolum vér bæði hungur og þorsta og klæðleysi, og oss er misþyrmt, og vér höfum engan samastað, **12** og vér stöndum í erfiði, vinnandi með eigin höndum. Hrakyrtir blessum vér, ofsóttir umberum vér, **13** lastaðir áminnum vér. Eins og sorp heimsins erum vér orðnir, afhrak allra alt til þessa. **14** Ekki rita eg þetta til þess að gjöra yður kinnroða, heldur áminnandi yður eins og elskuleg börn mín. **15** Því að þótt þér hefðuð tíu þúsund fræðara í Kristi, þá hafið þér þó eigi marga feður; því að eg er sá sem hefi getið yður í Kristi Jesú fyrir fagnaðarerindið. **16** Eg áminni yður því: Verðið eftirbreytendur mínir. **17** Þess vegna sendi eg til yðar Tímóteus, sem er elskað og trútt barn mitt í drotni, og hann mun minna yður á vegu mína í Kristi, eins og eg kenni alstaðar í hverjum söfnuði. **18** En nokkrir hafa gjörst hreyknir, rétt eins og eg ætlaði ekki að koma til yðar; **19** en eg mun brátt koma til yðar, ef Drottinn vill, og mun eg þá kynna mér, ekki orð hinna stærilátu, heldur kraftinn. **20** Því að guðsríki er ekki fólgið í orðum, heldur í krafti. **21** Hvað viljið þér? Á eg að koma til yðar með vendi, eða með kærleika og hógværðar anda?

5. kafli

1 Í hámælum er haft, að saurlifnaður eigi sér stað á meðal yðar, og það slíkur saurlifnaður, sem jafnvel ekki á sér stað meðal heiðingja, að maður heldur við konu föður síns. **2** Og svo eruð þér stærilátir, og hafið ekki miklu fremur hrygst, svo að maðurinn, sem þetta verk hefir drýgt, yrði rekinn burt úr félagi yðar! **3** Því að eg fyrir mitt leyti, fjarlægur að líkamanum til, en nálægur að andanum, hefi þegar, eins og eg væri nálægur, kveðið þann dóm upp yfir manni þeim, sem þetta hefir þannig drýgt, **4** að slíkan mann skyldi í nafni Drottins vors Jesú, þegar þér og minn andi væruð samankomnir með krafti Drottins vors Jesú, **5** selja Satan á vald til deyðingar holdinu, til þess að andinn mætti frelsast á degi Drottins Jesú. **6** Ekki er það fallegt, sem þér hrósið yður af! Vitið þér ekki, að lítið súrdeig sýrir alt deigið? **7** Hreinsið burt gamla súrdeigið, til þess að þér séuð nýtt deig, eins og þér eruð ósýrðir. Því að páskalambi voru er og slátrað, sem er Kristur. **8** Höldum því hátíð, ekki

með gömlu súrdeigi nje með súrdeigi ilsku og vonsku, heldur með ósýrðum brauðum hreinleikans og sannleikans. 9 Eg ritaði yður í bréfinu, að þér skylduð ekki eiga mök við saurlífismenn — 10 ekki við saurlífismenn þessa heims yfirleitt, eða við ásælna og ræningja, eða hjáguðadýrkendur, því að þá hefðuð þér orðið að fara út úr heiminum. 11 En nú rita eg yður, að þér skulið engin mök eiga við nokkurn þann, er nefnir sig bróður, en er saurlífismaður, eða ásælinn, eða skurðgoðadýrkari, eða lastmáll, eða ofdrykkjumaður, eða ræningi; slíkum manni skuluð þér jafnvel ekki samneyta. 12 Því að hvað skyldi eg vera að dæma þá, er fyrir utan eru? Dæmið þér ekki þá, sem fyrir innan eru? 13 Og mun ekki Guð dæma þá sem fyrir utan eru? Rekið hinn vonda burt frá sjálfum yður.

6. kafli

1 Dirfist nokkur yðar, er hann hefir sök móti öðrum, að láta það koma undir dóm fyrir hinum ranglátu, en ekki fyrir hinum heilögu? 2 Eða vitið þér ekki, að hinir heilögu eiga að dæma heiminn? Og ef heimurinn á að dæmast af yður, eruð þér þá óverðugir að dæma í hinum minstu málum? 3 Vitið þér eigi, að vér eigum að dæma engla? Hvað þá tímanleg efni! 4 Þegar þér því eigið að dæma um tímanleg efni, hvort setjið þér þá fyrir dómara hina fyrirlitnu í kirkjunni? 5 Eg segi það yður til blygðunar. Er þá enginn vitur til á meðal yðar, sem skorið geti úr málum fyrir bróður sinn? 6 En bróðir á í máli við bróður, og það fyrir vantrúuðum! 7 Annars er það nú yfirleitt galli á yður, að þér eigið í málaferlum hver við annan. Hví líðið þér ekki heldur órétt? Hví látið þér ekki heldur hafa af yður? 8 En þér hafið rangsleitni í frammi og hafið af öðrum, og það af bræðrum! 9 Eða vitið þér ekki, að ranglátir munu ekki guðsríki erfa? Villist ekki! Hvorki munu saurlífismenn, né skurðgoðadýrkendur, né hórkarlar, né mannbleyður, né mannhórar, 10 né þjófar, né ásælnir, né drykkjumenn, né lastmálir, né ræningjar guðsríki erfa. 11 Og þetta voruð þér, sumir yðar. En þér létuð þvost, þér eruð helgaðir, þér eruð réttlættir fyrir nafn Drottins Jesú Krists og fyrir anda vors Guðs. 12 Alt er mér leyfilegt, en ekki er alt gagnlegt. Alt er mér leyfilegt, en eg má ekki láta neitt fá vald yfir mér. 13 Maturinn er fyrir magann og maginn fyrir matinn, en Guð mun hvorttveggja að engu gjöra. En líkaminn er ekki fyrir

saurlífi, heldur fyrir Drottin, og Drottinn fyrir líkamann. 14 En bæði hefir Guð uppvakið Drottin og mun uppvekja oss fyrir kraft sinn. 15 Vitið þér ekki, að líkamir yðar eru limir Krists? Á eg þá að taka limi Krists og gjöra þá að skækju-limum? Fjarri fer því. 16 Eða vitið þér ekki, að sá er samlagar sig skækjunni, verður ásamt henni einn líkami? Því að þau tvö — segir hann — munu verða eitt hold. 17 En sá er samlagar sig drotni, er einn andi ásamt honum. 18 Flýið saurlifnaðinn! Sérhver önnur synd, sem maðurinn kann að drýgja, er fyrir utan líkama hans. En saurlífismaðurinn syndgar á móti eigin líkama sínum. 19 Eða vitið þér ekki, að líkami yðar er musteri heilags anda í yður, sem þér hafið frá Guði? Og ekki eruð þér yðar eigin, 20 því að þér eruð verði keyptir. Vegsamið því Guð í líkama yðar.

7. kafli

1 En viðvíkjandi því sem þér hafið ritað um, þá er það gott fyrir mann að snerta ekki konu. 2 En vegna saurlífisins hafi hver og einn sína eiginkonu, og hver og ein hafi sinn eiginmann. 3 Maðurinn láti konunni í té það sem skylt er, og sömuleiðis einnig konan manninum. 4 Ekki hefir konan vald yfir sínum eigin líkama, heldur maðurinn, en sömuleiðis hefir einnig maðurinn ekki vald yfir sínum eigin líkama, heldur konan. 5 Haldið yður eigi hvort frá öðru, nema þá eftir samkomulagi, um stundarsakir, til þess að þér getið haft næði til bænarinnar, og takið svo saman aftur, til þess að Satan freisti yðar ekki vegna bindindisleysis yðar. 6 En þetta segi eg í tilhliðrunar skyni, ekki sem skipun. 7 En þess óska eg, að allir menn væru eins og eg er sjálfur, en hver hefir sína eigin náðargjöf frá Guði, einn svo, og annar svo. 8 En hinum ókvæntu og ekkjunum segi eg, að þeim er gott að halda áfram að vera eins og eg er. 9 En vanti þau bindindissemi, þá gangi þau í hjónaband; því að betra er að ganga í hjónaband en að brenna. 10 En þeim sem gengið hafa í hjónaband, býð eg, þó ekki eg, heldur Drottinn, að konan skuli ekki skilja við mann sinn, — 11 en hafi hún skilið við hann, þá sé hún áfram ógift eða sættist við manninn, — og að maðurinn skuli ekki reka frá sér konuna. 12 En við hina aðra segi eg, ekki Drottinn: Ef bróðir nokkur á vantrúaða konu, og hún lætur sér það vel líka að búa saman við hann, þá reki hann hana ekki frá sér. 13 Og kona, sem á vantrúaðan mann, og hann lætur sér vel líka að búa

saman við hana, yfirgefi ekki manninn. 14 Því að vantrúaði maðurinn er helgaður í konunni og vantrúaða konan er helguð í bróðurnum. Annars væru börn yðar óhrein, en nú eru þau heilög. 15 En ef hinn vantrúaði vill skilja, þá fái hann skilnað, því að hvorki bróðir né systir eru þrælbundin í slíkum efnum, en í friði hefir Guð kallað oss; 16 því að hvað veist þú, kona, hvort þú munir frelsa manninn? Eða hvað veist þú, maður, hvort þú munir frelsa konuna? 17 Þó framgangi hver og einn eins og Drottinn hefir úthlutað honum, eins og Guð hefir kallað hann. Og þannig skipa eg fyrir í öllum kirkjunum. 18 Sé einhver kallaður sem umskorinn, þá dragi hann ekki yfir; hafi einhver verið kallaður sem óumskorinn, þá láti hann ekki umskera sig. 19 Umskurnin er ekkert og yfirhúðin ekkert, heldur það að varðveita boðorð Guðs. 20 Hver og einn sé kyrr í þeirri köllun, sem hann var kallaður í. 21 Varst þú þræll, er þú varst kallaður? Set það ekki fyrir þig; en þótt þú enda getir orðið frjáls, þá nota það heldur. 22 Því að sá þræll, sem kallaður er í drotni, er frelsingi Drottins; á sama hátt er sá, sem kallaður er sem frjáls, þræll Krists. 23 Þér eruð verði keyptir; verðið ekki mannaþrælar. 24 Bræður, sérhver verði hjá Guði kyrr í þeirri stétt, sem hann var kallaður í. 25 Um meyjarnar hefi eg enga skipun frá drotni. En álit mitt læt eg í ljósi eins og sá, er hlotið hefir þá náð af drotni að vera trúr. 26 Eg álít þá, að það sé gott vegna yfirstandandi neyðar, — að það sé gott fyrir mann að vera þannig. 27 Ertu við konu bundinn? Leitast þá ekki við að verða laus. Ertu laus orðinn við konu? 28 Leita þá ekki kvonfangs. En þótt þú kvongist, syndgar þú ekki; og ef mærin giftist, syndgar hún ekki; en þrenging munu slíkir hljóta fyrir hold sitt, en eg vildi hlífa yður. 29 En það segi eg, bræður, tíminn er takmarkaður; til þess að hér eftir jafnvel þeir, sem kvæntir eru, skuli vera eins og þeir væru það ekki, 30 og þeir sem gráta, eins og þeir grétu ekki, og þeir sem fagna, eins og þeir fögnuðu ekki, og þeir sem kaupa, eins og þeir héldu ekki í eignina, 31 og þeir sem nota heiminn, eins og þeir færðu sér hann ekki í nyt. Því að mynd þessa heims líður undir lok. 32 En eg vil, að þér séuð áhyggjulausir. Hinn ókvænti ber fyrir brjósti það sem Drottins er, hversu hann megi drotni þóknast. 33 Hinn kvænti ber fyrir brjósti það sem heimsins er, hversu hann megi þóknast konunni. 34 Það er og munur á konunni og meynni; hin ógifta mær ber fyrir brjósti það sem Drottins er, til þess að hún megi vera heilög, bæði að líkamanum og andanum. En hin gifta ber fyrir brjósti það sem heimsins er,

hvernig hún megi þóknast manninum. 35 En þetta segi eg sjálfum yður til gagns, ekki til þess að varpa snöru yfir yður, heldur til þess að efla velsæmi og óbifanlega fastheldni við Drottin. 36 En ef einhver álítur, að hann gjöri meynni vansa, ef hún er af blómaskeiði, og hjá því verður ekki komist, þá gjöri hann það sem honum sýnist; hann syndgar ekki; giftist þau. 37 Sá þar á móti, sem er staðfastur í hjarta sínu og ekki er tilneyddur, en hefir fult vald til að fara eftir eigin vilja sínum, og hefir afráðið það í hjarta sínu að varðveita meyna, sem hann á fyrir að sjá, gjörir vel. 38 Þannig gjörir þá bæði sá maður vel, sem giftir mey sína; og sá sem ekki giftir hana, hann gjörir þó betur. 39 Konan er bundin meðan maður hennar er á lífi. En ef maðurinn deyr, er henni frjálst að giftast hverjum sem hún vill, aðeins sé það í drotni. 40 Þó er hún sælli, ef hún heldur áfram að vera eins og hún er, eftir minni skoðun. En eg þykist og hafa anda Guðs.

8. kafli

1 Viðvíkjandi fórnarkjöti skurðgoða, þá vitum vér, að þekkingu höfum vér allir. Þekkingin blæs menn upp, en kærleikurinn byggir upp. 2 Ef einhver þykist hafa öðlast þekkingu á einhverju, hann þekkir enn ekki eins og þekkja ber. 3 En ef einhver elskar Guð, þá er hann þektur af honum. 4 En viðvíkjandi neyslu fórnarkjöts skurðgoða, þá vitum vér, að skurðgoð er ekkert í heiminum og að enginn er Guð nema einn. 5 Því að enda þótt til séu svonefndir guðir, hvort heldur er á himni eða á jörðu, eins og til eru margir guðir og margir herrar, 6 þá er þó ekki til fyrir oss nema einn Guð, faðirinn, sem allir hlutir eru frá, og vér til hans, og einn Drottinn Jesús Kristur, sem allir hlutir eru til orðnir fyrir, og vér fyrir hann. 7 Þó er sú þekking ekki hjá öllum, en nokkrir eta það sem skurðgoðafórn, af því að þeir hafa vanist skurðgoðum alt til þessa, og þá saurgast samviska þeirra, sem er óstyrk. 8 En matur mun ekki gjöra oss þóknanlega Guði. Hvorki missum vér neins, þótt vér etum ekki, né ávinnum vér neitt, þótt vér etum. 9 En gætið þess, að þetta frelsi yðar verði ekki hinum óstyrku ásteytingarefni. 10 Því sjái einhver þig, — þig sem hefir þekkinguna, — sitja til borðs í goðahofi, mundi það ekki stæla samvisku þess, sem óstyrkur er, til að neyta fórnarkjöts? 11 Því að hinn óstyrki glatast vegna þekkingar þinnar, bróðirinn, sem Kristur dó fyrir. 12 En

þegar þér þannig syndgið gegn bræðrunum og særið samvisku þeirra, sem er óstyrk, þá syndgið þér á móti Kristi. 13 Þess vegna mun eg, ef matur hneykslar bróður minn, um aldur og æfi ekki kjöts neyta, til þess að eg hneyksli ekki bróður minn.

9. kafli

1 Er eg ekki frjáls? Er eg ekki postuli? Hefi eg ekki séð Jesúm, Drottin vorn? Eruð þér ekki verk mitt í drotni? 2 Þótt ekki væri eg postuli fyrir aðra, þá er eg það fyrir yður. Því að þér eruð í drotni innsigli postuladóms míns; 3 þetta er vörn mín gagnvart þeim, sem dæma um mig. 4 Höfum vér ekki frelsi til að eta og drekka? 5 Höfum vér ekki frelsi til að ferðast um með kristna eiginkonu, alveg eins og hinir postularnir og bræður Drottins og Kefas? 6 Eða erum við Barnabas þeir einu, sem ekki eru undanþegnir því að vinna? 7 Hver tekst nokkurn tíma herþjónustu á hendur á sjálfs síns mála? Hver gróðursetur víngarð og neytir ekki ávaxtar hans? eða hver gætir hjarðar og neytir ekki af mjólk hjarðarinnar? 8 Tala eg þetta á mannlegan hátt? Eða segir ekki einnig lögmálið það? 9 Því að ritað er í lögmáli Móse: Þú skalt ekki múlbinda uxann, er hann þreskir. Hvort lætur Guð sér ant um uxana? 10 Eða segir hann það ekki að öllu leyti vor vegna? Jú, því að vor vegna var það skrifað, því að plógarinn á að plægja með von og þreskjarinn með von um hlutdeild. 11 Ef vér nú höfum sáð því sem andlegt er hjá yður, er þá mikið að vér uppskerum hjá yður það sem líkamlegt er? 12 Ef aðrir hafa þennan rétt hjá yður, höfum vér hann þá ekki enn þá fremur? En vér höfum ekki hagnýtt oss þennan rétt, heldur sættum oss við alt, til þess að vér enga tálmun gjörum fagnaðarerindi Krists. 13 Vitið þér ekki, að þeir sem vinna að hinum helgu athöfnum, þeir alast við það sem kemur úr helgidóminum, að þeir, sem starfa við altarið, taka hlut með altarinu? 14 Þannig hefir Drottinn einnig fyrirskipað, að þeir, sem prédika fagnaðarerindið, skuli lifa af fagnaðarerindinu. 15 En eg hefi ekki hagnýtt mér neitt af þessu, og eg skrifa þetta ekki heldur til þess að þannig skuli verða gjört við mig. Því að mér væri betra að deyja en að nokkur ónýti það sem eg hrósa mér af. 16 Því að þótt eg sé að boða fagnaðarerindi, þá er það mér ekki neitt hrósunarefni, því að nauðsyn hvílir á mér; já, vei mér, ef eg ekki boðaði fagnaðarerindi. 17 Því að

gjöri eg þetta af frjálsum vilja, þá fæ eg laun, en gjöri eg það tilknúður, þá hefir mér verið trúað fyrir ráðsmensku. 18 Hver eru þá laun mín? Að eg læt fagnaðarerindið vera ókeypis, er eg boða það, svo að eg hagnýti mér ekki það sem eg á rétt á í fagnaðarerindinu. 19 Því að þótt eg sé öllum óháður, hefi eg gjört sjálfan mig að þjóni allra, til þess að eg áynni þess fleiri. 20 Og eg hefi verið Gyðingunum sem Gyðingur, til þess að eg áynni Gyðinga, þeim sem eru undir lögmálinu eins og sá, sem er undir lögmálinu, enda þótt eg sjálfur sé ekki undir lögmálinu, til þess að eg áynni þá sem eru undir lögmálinu; 21 hinum lögmálslausu sem lögmálslaus, þótt eg sé ekki lögmálslaus fyrir Guði, heldur lögbundinn Kristi, til þess að eg áynni hina lögmálslausu. 22 Hinum óstyrku hefi eg verið óstyrkur, til þess að eg áynni hina óstyrku. Eg er orðinn öllum alt, til þess að eg yfir höfuð geti frelsað nokkura. 23 En eg gjöri alt vegna fagnaðarerindisins, til þess að eg fái hlutdeild með því. 24 Vitið þér ekki, að þeir sem á skeiðvellinum hlaupa, hlaupa að sönnu allir, en einn fær sigurlaunin? Hlaupið þannig, að þér getið hlotið þau. 25 En sérhver, sem tekur þátt í kappleikjum, er bindindissamur í öllu, þeir til þess að hljóta forgengilegan sigursveig, en vér óforgengilegan. 26 Þess vegna hleyp eg þá ekki eins og upp á óvissu; eg berst eins og sá, er ekki slær í vindinn; 27 en eg lem líkama minn og leiði hann í ánauð, til þess að eg, sem hefi prédikað fyrir öðrum, skuli ekki sjálfur verða gjörður rækur.

10. kafli

1 Því að eg vil ekki, bræður, að yður skuli vera ókunnugt um það, að feður vorir voru allir undir skýinu, og fóru allir yfir um hafið, 2 og voru allir skírðir til Móse í skýinu og hafinu, 3 og neyttu allir hinnar sömu andlegu fæðu, 4 og drukku allir hinn sama andlega drykk; því að þeir drukku af hinum andlega kletti, sem fylgdi þeim, en kletturinn var Kristur. 5 En samt hafði Guð enga velþóknun á flestum þeirra, því að þeir féllu í eyðimörkinni. 6 En þessir hlutir hafa gjörst sem fyrirboðar fyrir oss, til þess að vér verðum ekki sólgnir í það sem ilt er, eins og þeir urðu sólgnir í það. 7 Og verðið ekki heldur skurðgoðadýrkendur, eins og nokkrir þeirra, alt eins og ritað er: Lýðurinn settist niður til að eta og drekka, og þeir stóðu upp til að leika. 8 Drýgjum ekki heldur hórdóm, eins og nokkrir þeirra drýgðu hórdóm, og tuttugu og

þrjár þúsundir féllu á einum degi. 9 Freistum ekki heldur Drottins, eins og nokkrir þeirra freistuðu hans, og biðu bana af höggormum. 10 Möglið ekki heldur, eins og nokkrir þeirra mögluðu, og fórust fyrir eyðandanum. 11 En alt þetta kom yfir þá sem fyrirboði og það er ritað til viðvörunar oss, sem endir aldanna er kominn til, 12 Því gæti sá, er hygst standa, vel að sér, að hann ekki falli. 13 Yfir yður hefir ekki komið nema mannleg freisting, en Guð er trúr, sem ekki mun leyfa, að þér freistist yfir megn fram, heldur mun hann ásamt freistingunni einnig gjöra endirinn þannig, að þér fáið staðist. 14 Fyrir því, mínir elskuðu, flýið skurðgoðadýrkunina. 15 Eg tala til yðar sem skynsamra manna; dæmið þér um það, sem eg segi. 16 Sá bikar blessunarinnar, sem vér blessum, er hann ekki samfélag um blóð Krists? Og brauðið, sem vér brjótum, er það ekki samfélag um líkama Krists? 17 Af því að brauðið er eitt, erum vér hinir mörgu einn líkami, því að vér höfum allir hlutdeild í hinu eina brauði. 18 Lítið á Ísrael eftir holdinu; komast ekki þeir, sem fórnirnar eta, í samfélag um altarið? 19 Hvað segi eg þá? Að fórnarkjöt skurðgoða sé nokkuð? Eða að skurðgoð sé nokkuð? 20 Nei, heldur að það sem heiðingjarnir blóta, það blóta þeir illum öndum, en ekki Guði. En eg vil ekki að þér verðið samlagsmenn illu andanna. 21 Ekki getið þér drukkið bikar Drottins og bikar illra anda. Ekki getið þér tekið þátt í borðhaldi Drottins og borðhaldi illra anda, 22 Eða eigum vér að reita Drottin til reiði? Munum vér vera máttugri en hann? 23 Alt er leyfilegt, en ekki er alt gagnlegt. Alt er leyfilegt, en ekki uppbyggir alt. 24 Enginn leiti síns eigin, heldur þess sem hins er. 25 Alt það, sem selt er í sláturbúðinni, getið þér etið án nokkurra eftirgrenslana vegna samviskunnar. 26 Því að jörðin er Drottins og fylling hennar. 27 Ef einhver hinna vantrúuðu býður yður, og ef þér viljið fara, þá etið af öllu því sem fram fyrir yður er sett, án eftirgrenslana vegna samviskunnar. 28 En ef einhver segir við yður: Þetta er fórnarkjöt! — þá etið ekki, vegna þess, er aðvart gjörði, og vegna samviskunnar. 29 Samviskunnar, segi eg, ekki mannsins sjálfs, heldur hins, því að hvers vegna skyldi frelsi mitt eiga að dæmast af samvisku annars? 30 Ef eg tek þátt í því með þökkum, hvers vegna skyldi eg sæta lastmælum fyrir það, sem eg þakka fyrir? 31 Hvort sem þér því etið eða drekkið, eða hvað sem þér gjörið, þá gjörið það alt Guði til dýrðar. 32 Verið hvorki Gyðingum né Grikkjum né söfnuði Guðs til ásteytingar, 33 eins og eg fyrir mitt leyti reyni í öllu að þóknast öllum og leita

ekki míns eigin gagns, heldur gagns hinna mörgu, til þess að þeir frelsist.

11. kafli

1 Verið eftirbreytendur mínir, eins og eg fyrir mitt leyti er Krists. **2** En eg hrósa yður fyrir það, að þér í öllu minnist mín og haldið fast við setningarnar, eins og eg lagði þær fyrir yður. **3** En eg vil, að þér skulið vita, að Kristur er höfuð sérhvers manns, en maðurinn höfuð konunnar, en Guð höfuð Krists. **4** Sérhver sá maður, sem biðst fyrir eða spáir og hefir á höfðinu, hann óvirðir höfuð sitt; **5** en sérhver kona, sem biðst fyrir eða spáir berhöfðuð, óvirðir höfuð sitt; því að það er eitt og hið sama sem hún hefði látið raka sig. **6** Ef konan því ekki vill hylja höfuð sitt, þá láti hún og klippa sig. En ef það er óvirðing fyrir konuna að láta klippa eða raka hár sitt, þá hafi hún á höfðinu. **7** Því að karlmaður má ekki hylja höfuð sitt, með því að hann er ímynd og vegsemd Guðs, en konan er vegsemd mannsins, **8** því að ekki er maðurinn af konunni, heldur konan af manninum; **9** því að ekki var heldur maðurinn skapaður vegna konunnar, heldur konan vegna mannsins. **10** Þess vegna á konan að bera tákn yfirráða á höfði sér vegna englanna. **11** Þó er hvorki kona án manns, né maður án konu í drotni; **12** því að eins og konan er af manninum, svo er og maðurinn fyrir konuna, en alt er það af Guði. **13** Dæmið af sjálfum yður: Sæmir það konu að biðja til Guðs berhöfðuð? **14** Kennir ekki sjálf náttúran yður, að ef karlmaður ber sítt hár, þá er það honum vansæmd? **15** En ef kona ber sítt hár, þá er það henni sæmd; því að síða hárið er gefið henni í höfuðblæju stað. **16** En ætli nú einhver sér að gjöra þetta að kappsmáli, þá er slíkt ekki venja vor né safnaða Guðs. **17** En um leið og eg mæli svo fyrir, hrósa eg yður ekki fyrir það, að þér komið saman, ekki til góðs, heldur til ills. **18** Því að í fyrsta lagi heyri eg að sundrung eigi sér stað á meðal yðar, er þér komið saman á safnaðarsamkomum, og því trúi eg að nokkuru leyti; **19** því að það verður að vera flokkaskifting á meðal yðar, til þess að hinir fullreyndu á meðal yðar verði augljósir. **20** Þegar þér því komið saman, getur það ekki verið til þess að neyta Drottinlegrar máltíðar, **21** því að við borðhaldið hrifsar hver sína eigin máltíð á undan, og er svo einn hungraður, en annar ölvaður. **22** Hafið þér þá ekki hús til að eta og drekka í? Eða fyrirlítið þér söfnuð Guðs og gjörið þeim kinnroða, sem ekkert eiga?

Hvað á eg að segja við yður? Á eg að hæla yður fyrir þetta? Nei, eg hæli yður ekki. 23 Því að eg hefi meðtekið frá drotni það sem eg hefi kent yður, að Drottinn Jesús, nóttina sem hann var svikinn, tók brauð, 24 og þakkaði og braut það og sagði: Þetta er minn líkami, sem er fyrir yður; gjörið þetta í mína minningu; 25 sömuleiðis tók hann og bikarinn, eftir kveldmáltíðina, segjandi: Þessi bikar er hinn nýi sáttmáli í mínu blóði; gjörið þetta svo oft sem þér drekkið, í mína minningu. 26 Því að svo oft sem þér etið þetta brauð og drekkið af bikarnum, boðið þér dauða Drottins, þangað til hann kemur. 27 Hver sem þess vegna etur brauðið eður drekkur bikar Drottins óverðuglega, hann verður sekur við líkama og blóð Drottins. 28 Hver maður prófi því sjálfan sig, og síðan eti hann af brauðinu og drekki af bikarnum. 29 Því að sá sem etur og drekkur, hann etur og drekkur sjálfum sér til dóms, ef hann gjörir ekki greinarmun á líkamanum. 30 Fyrir því eru svo margir sjúkir og krankir á meðal yðar, og allmargir deyja. 31 En ef vér dæmdum um sjálfa oss, yrðum vér ekki dæmdir; 32 en þegar vér hreppum dóm, erum vér agaðir af drotni, til þess að vér verðum ekki fyrirdæmdir ásamt heiminum. 33 Fyrir því skuluð þér, bræður mínir, þegar þér komið saman til að matast, bíða hver eftir öðrum. 34 Ef nokkur er hungraður, þá eti hann heima, til þess að samkomur yðar verði yður ekki til dóms. En um hið annað mun eg skipa fyrir, þegar eg kem.

12. kafli

1 En viðvíkjandi anda-gáfunnm, bræður, þá vil eg ekki að þér séuð fáfróðir. 2 Þér vitið, að þegar þér voruð heiðingjar, þá létuð þér leiða yður til mállausra skurðgoðanna, — hvernig sem þér nú voruð leiddir. 3 Fyrir því læt eg yður vita, að enginn, sem talar af Guðs anda, segir: Bölvaður sé Jesús! og enginn getur sagt: Jesús er Drottinn! nema af heilögum anda. 4 Mismunur er á náðargáfum, en andinn hinn sami; 5 og mismunur er á embættum, og Drottinn hinn sami; 6 og mismunur er á framkvæmdum, en Guð hinn sami, sem í öllum kemur öllu til leiðar. 7 En opinberun andans er gefin sérhverjum til þess sem gagnlegt er. 8 Því að einum veitist fyrir andann að mæla af speki, en öðrum að mæla af þekkingu, samkvæmt sama anda; 9 öðrum trú í hinum sama anda; öðrum lækningagáfur í hinum eina anda; 10 öðrum framkvæmdir

kraftaverka; öðrum spámannleg gáfa; öðrum greining anda; öðrum tungutalsgáfa; en öðrum útlegging tungna. 11 En öllu þessu kemur til leiðar eini og sami andinn, sem útbýtir hverjum einum út af fyrir sig eftir vild sinni. 12 Því að eins og líkaminn er einn og hefir marga limi, en allir limir líkamans, þótt margir séu, eru einn líkami, þannig er og Kristur. 13 Því að með einum anda vorum vér allir skírðir til að vera einn líkami, hvort sem vér erum Gyðingar eða Grikkir, hvort sem vér erum þrælar eða frjálsir, og allir vorum vér drykkjaðir með einum anda. 14 Því að líkaminn er ekki einn limur, heldur margir. 15 Ef fóturinn segði: Fyrst eg er ekki hönd, heyri eg ekki líkamanum til, þá er hann ekki fyrir það líkamanum óviðkomandi. 16 Og ef eyrað segði: Fyrst eg er ekki auga, heyri eg ekki líkamanum til, þá er það ekki fyrir það líkamanum óviðkomandi. 17 Ef allur líkaminn væri auga, hvar væri þá heyrnin? Ef hann væri allur heyrn, hvar væri þá ilmanin? 18 En nú hefir Guð sett limina, hvern einstakan þeirra, á líkamann eins og honum þóknaðist. 19 En ef þeir væru allir einn limur, hvar væri þá líkaminn? 20 En nú eru limirnir margir, en líkaminn einn. 21 Og augað getur ekki sagt við höndina: Eg þarfnast þín ekki! né heldur höfuðið við fæturna: Eg þarfnast ykkar ekki! 22 Nei, miklu fremur eru þeir limir á líkamanum nauðsynlegir, sem virðast vera í veikbygðara lagi. 23 Og þeim sem oss virðast vera í óvirðulegra lagi á líkamanum, þeim veitum vér þess meiri sæmd, og gagnvart þeim, sem vér blygðumst vor fyrir, viðhöfum vér þess meiri blygðunarsemi; 24 en þess þarfnast hinir ásjálegu limir vorir ekki, heldur samsetti Guð líkamann svo, að hann gaf þeim, sem vantaði, því meiri sæmd, 25 til þess að ekki yrði ágreiningur í líkamanum, heldur skyldu limirnir bera sameiginlega umhyggju hver fyrir öðrum. 26 Og hvort heldur einn limur þjáist, þá þjást allir limirnir með honum, eða einn limur er í hávegum hafður, samgleðjast allir limirnir honum. 27 En þér eruð líkamir Krists og limir hver fyrir sig. 28 Og Guð hefir sett nokkura í kirkjunni fyrst postula, í öðru lagi spámenn, í þriðja lagi fræðara, þar næst kraftaverk, enn fremur náðargáfu til lækninga, líknarstörf, stjórnarstörf og tungutal. 29 Hvort eru allir postular? Hvort eru allir spámenn? Hvort eru allir fræðarar? Hvort eru allir kraftaverkamenn? 30 Hvort hafa allir hlotið lækningagáfuna? Hvort tala allir tungum? Hvort útlista allir? — 31 En sækist eftir náðargáfunum, þeim hinum meiri; og nú bendi eg yður á enn þá miklu ágætari leið.

13. kafli

1 Þótt eg talaði tungum manna og engla, en hefði ekki kærleika, yrði eg hljómandi málmur eða hvellandi bjalla. **2** Og þótt eg hefði spádómsgáfu og vissi alla leyndardómana og alla þekkinguna, og þótt eg hefði alla trúna, svo að færa mætti fjöll úr stað, en hefði ekki kærleika, væri eg ekki neitt. **3** Og þótt eg deildi út öllum eigum mínum, og þótt eg framseldi líkama minn, til þess að eg yrði brendur, en hefði ekki kærleika, væri það mér gagnslaust. **4** Kærleikurinn er langlyndur, hann er góðviljaður. Kærleikurinn öfundar ekki; kærleikurinn er ekki raupsamur, hreykir sér ekki upp; **5** hann fremur ekkert ósæmilegt, leitar ekki síns eigin, reiðist ekki, tilreiknar ekki hið illa, **6** gleðst ekki yfir óréttvísinni, en samgleðst sannleikanum; **7** hann breiðir yfir alt, trúir öllu, vonar alt, umber alt. **8** Kærleikurinn þrotnar aldrei, en hvort sem það nú eru spádómsgáfur, þá munu þær líða undir lok, eða tungur, þær munu þrjóta, eða þekking, þá mun hún líða undir lok. **9** Því að þekking vor er í molum og spádómur vor er í molum, **10** en þegar hið fullkomna kemur, þá þverrar það sem er í molum. **11** Þegar eg var barn, talaði eg eins og barn, hugsaði eins og barn og ályktaði eins og barn; þegar eg gjörðist fulltíða maður, lagði eg af bernskuna. **12** Því að nú sjáum vér í spegli, í ráðgátu, en þá augliti til auglitis. Nú er þekking mín í molum, en þá mun eg gjörþekkja, eins og eg er sjálfur gjörþektur orðinn. **13** En nú varir trú, von og kærleikur, þetta þrent, en þeirra er kærleikurinn mestur.

14. kafli

1 Keppið eftir kærleikanum. Sækist eftir hinum andlegu gáfum, en einkum til þess að þér getið spáð. **2** Því að sá sem tungu talar, talar ekki fyrir menn, heldur fyrir Guð; því að enginn heyrir það, en hann talar í anda leyndardóma. **3** En sá, sem spáir, talar fyrir menn til uppbyggingar, áminningar og huggunar. **4** Sá sem tungu talar, uppbyggir sjálfan sig, en sá sem spáir, uppbyggir kirkjuna. **5** Eg vildi að þér töluðuð allir tungum, en þó enn meir, að þér gætuð spáð. En sá sem spáir, er meiri en sá sem talar tungum, nema hann þá útleggi það, til þess að kirkjan hljóti uppbyggingu. **6** En þótt eg nú, bræður, kæmi til yðar talandi tungum, hvað mundi eg gagna yður, ef eg þá ekki talaði til yðar annaðhvort með opinberun, eða með þekkingu, eða með

spámannlegri gáfu, eða með kenningu? 7 Jafnvel hinir dauðu hlutir, sem gefa hljóð frá sér, hvort heldur er pípa eða harpa, ef þær gefa ekki mismunandi hljóð frá sér, hvernig ætti þá að skiljast, það sem leikið er á pípuna eða hörpuna? 8 Því að svo er um lúðurinn; gefi hann óskilmerkilegt hljóð, hver býr sig þá til bardaga? 9 Svo er og um yður; ef þér ekki með tungu yðar mælið fram skilmerkileg orð, hvernig verður það þá skilið, sem talað er? Því að þér talið þá eins og út í bláinn. 10 Hversu margar tegundir tungumála sem kunna að vera til í heiminum, alt er það þó mál. 11 Ef eg nú ekki þekki merkingu málsins, verð eg sem útlendingur fyrir þann sem talar, og hinn talandi útlendingur fyrir mig. 12 Þess vegna skuluð þér þá einnig, úr því þér sækist eftir andlegum gáfum, láta það vera kirkjunni til uppbyggingar, að þér leitist við að verða auðugir að þeim. 13 Þess vegna biðji sá er tungu talar, að hann geti útlagt. 14 Því að ef eg biðst fyrir með tungu, þá biður andi minn, en skilningur minn er ávaxtarlaus. 15 Hvernig er því þá varið? Eg vil biðja með andanum, en eg vil einnig biðja með skilningnum; eg vil lofsyngja með andanum, en eg vil einnig lofsyngja með skilningnum. 16 Annars, ef þú vegsamar með anda, hvernig á þá sá, er skipar sess hins fáfróða, að segja amen við þakkargjörð þinni, þar sem hann veit ekki, hvað þú ert að segja? 17 Því að þú getur að vísu þakkað fagurlega, en hinn uppbyggist ekki. 18 Eg þakka Guði, að eg fremur yður öllum tala tungum; 19 en á safnaðarsamkomu vil eg heldur tala fimm orð með skilningi mínum, til þess að eg geti frætt aðra, en tíu þúsund orð með tungu. 20 Bræður, verið ekki börn í dómgreind, heldur verið sem ungbörn í ilskunni, en verið fullorðnir í dómgreindinni. 21 Í lögmálinu er ritað: Með annarlegu tungutaki og annarlegum vörum mun eg tala til lýðs þessa, og eigi að heldur munu þeir heyra mig, segir Drottinn. 22 Þannig er þá tungutalið til tákns, ekki þeim sem trúa, heldur hinum vantrúuðu; en spámannlega gáfan er ekki fyrir hina vantrúuðu, heldur þá sem trúa. 23 Ef nú allur kirkjan kæmi saman og allir töluðu tungum, og inn kæmu fáfróðir menn eða vantrúaðir, mundu þeir þá ekki segja: Þér eruð óðir? 24 En ef allir töluðu af spámannlegum anda, en inn kæmi einhver vantrúaður eða fáfróður, yrði hann sannfærður af öllum og dæmdur af öllum. 25 Leyndardómar hjarta hans verða opinberir; og þannig mun hann falla fram á ásjónu sína og tilbiðja Guð, lýsandi yfir því, að Guð er sannarlega í yður. 26 Hvernig er það þá, bræður? Þegar þér komið saman, þá hefir hver sitt: einn

sálm, einn kenningu, einn opinberun, einn tungutal, einn útlistun. Alt skal miða til uppbyggingar. 27 Séu einhverjir, sem tala tungu, mega þeir vera tveir eða í mesta lagi þrír, hver á eftir öðrum, og einn útlisti. 28 En ef ekki er neinn til að útlista, þá þegi hinn á safnaðarsamkomunni, en tali við sjálfan sig og við Guð. 29 En spámenn tali tveir eða þrír, og hinir aðrir skulu dæma um; 30 en fái einhver annar, sem þar situr, opinberun, þá þegi hinn fyrri. 31 Því að þér getið allir, hver á eftir öðrum, spáð, til þess að allir hljóti fræðslu og allir verði ámintir, 32 og andar spámanna eru spámönnum undirgefnir; 33 því að Guð er ekki Guð truflunarinnar, heldur friðarins. 34 Eins og í öllum söfnuðum hinna heilögu, skulu konur þegja á safnaðarsamkomunum, því að ekki er þeim leyft að tala, heldur skulu þær vera undirgefnar, eins og líka lögmálið segir. 35 En ef þær vilja fræðast um eitthvað, þá skulu þær spyrja eiginmenn sína heima. Því að það er ósæmilegt fyrir konu að tala á safnaðarsamkomu. 36 Eða er Guðs orð útgengið frá yður? Eða er það komið til yðar einna? 37 Ef nokkur þykist spámaður vera eða andamaður, hann skynji, að það sem eg skrifa yður, er boðorð Drottins. 38 Vilji einhver ekki við það kannast, þá kannist hann ekki við það! 39 Þess vegna, bræður mínir, leggið stund á að tala af spámannsanda, og aftrið því ekki, að talað sé tungum. 40 En alt fari fram sómasamlega og með reglu.

15. kafli

1 En eg birti yður, bræður, fagnaðarerindi það sem eg boðaði yður, sem þér og veittuð viðtöku, sem þér einnig standið stöðugir í, 2 sem þér og verðið hólpnir fyrir, ef þér haldið fast við orðið, sem eg boðaði yður fagnaðarerindið með, — nema svo skyldi vera, að þér hafið ófyrirsynju trúna tekið. 3 Því að það kendi eg yður fyrst og fremst, sem eg einnig hefi meðtekið, að Kristur dó vegna vorra synda samkvæmt ritningunum, 4 og að hann var grafinn, og að hann er upprisinn á þriðja degi samkvæmt ritningunum, 5 og að hann birtist Kefasi, síðan þeim tólf; 6 síðan birtist hann meira en fimm hundruð bræðrum í einu, sem flestir eru á lífi alt til þessa, en nokkrir eru sofnaðir. 7 Síðan birtist hann Jakobi, því næst postulunum öllum. 8 En síðast allra birtist hann einnig mér eins og ótímaburði; 9 því að eg er sístur postulanna, eg, sem ekki er þess verður að kallast posluli, með því að

eg hefi ofsótt söfnuð Guðs. **10** En af Guðs náð er eg það sem eg er, og náð hans við mig hefir ekki orðið til ónýtis, heldur hefi eg erfiðað meira en þeir allir, þó ekki eg, heldur náðin Guðs með mér. **11** Hvort sem það því er eg eða þeir, þá prédikum vér þannig, og þannig hafið þér trúað. **12** En ef nú Kristur er prédikaður, að hann sé upprisinn frá dauðum, hvernig segja þá nokkrir á meðal yðar, að upprisa dauðra sé ekki til? **13** En ef ekki er til upprisa dauðra, þá er Kristur ekki heldur upprisinn; **14** en ef Kristur er ekki upprisinn, þá er ónýt prédikun vor, ónýt líka trú yðar. **15** En vér reynumst þá og ljúgvottar um Guð, því, að vér höfum vitnað á móti Guði, að hann hafi uppvakið Krist, sem hann hefir ekki uppvakið, svo framarlega sem dauðir ekki upprísa. **16** Því að ef dauðir ekki upprísa, er Kristur ekki heldur upprisinn; **17** en ef Kristur er ekki upprisinn, er trú yðar fánýt, þér eruð þá enn í syndum yðar, **18** og jafnframt einnig þeir glataðir, sem í Kristi eru sofnaðir. **19** Ef vér einungis í þessu lífi höfum sett von vora til Krists, þá erum vér aumkunarverðastir allra manna. **20** En nú er Kristur upprisinn frá dauðum sem frumgróði þeirra, sem sofnaðir eru. **21** Því að þar eð dauðinn kom fyrir mann, kemur og upprisa dauðra fyrir mann. **22** Því að eins og allir deyja í Adam, þannig munu allir lífgaðir verða í Kristi. **23** En sérhver í sinni röð: Kristur sem frumgróðinn. Því næst þeir sem Krists eru í tilkomu hans. **24** Síðan kemur endirinn, er hann setur ríkið Guði og föðurnum í hendur, er hann hefir að engu gjört alt veldi, öll yfirráð og kraft. **25** Því að honum ber að ríkja uns hann fær alla fjendurna lagða undir fætur sér. **26** Sem síðasti óvinur verður dauðinn að engu gjörður; **27** því að alt hefir hann lagt undir fætur honum. En þegar hann segir, að alt hafi verið lagt undir, er augljóst, að hann er undanskilinn, sem lagði alt undir hann. **28** En þegar alt er lagt undir hann, þá mun og sonurinn sjálfur leggja sig undir þann, er lagði alla hluti undir hann, til þess að Guð sé alt í öllum. **29** Til hvers væru menn annars að láta skírast fyrir hina dánu? Ef dauðir menn yfir höfuð rísa ekki upp, hvers vegna láta menn þá skíra sig fyrir þá? **30** Hvers vegna stofnum vér oss líka í hættu á hverri stundu? **31** Daglega dey eg, svo sannarlega sem eg, bræður, get hrósað mér af yður í Kristi Jesú, drotni vorum. **32** Hafi eg eingöngu að hætti manna barist við villidýr í Efesus, hvaða gagn hefi eg þá af því? Ef dauðir rísa ekki upp, etum þá og drekkum, því að á morgun deyjum vér! **33** Villist ekki; vondur félagskapur spillir góðum siðum. **34** Verið algáðir, eins og rétt er, og syndgið ekki; því að nokkrir hafa

enga þekkingu á Guði. Yður til blygðunar segi eg það. **35** En nú kynni einhver að segja: Hvernig rísa dauðir upp? Og með hvaða líkama koma þeir? **36** Þú óvitri maður! það sem þú sáir, verður ekki lífgað nema það deyi. **37** Og er þú sáir, þá er það ekki líkaminn, sem verða á, sem þú sáir, heldur nakið frækorn, hvort sem það nú heldur er hveitikorns eða einhvers annars sæðis. **38** En Guð gefur því líkama eftir vild sinni, og hverri sæðistegund sinn líkama. **39** Ekki er alt hold sama hold; heldur er mannsins eitt, og hold kvikfjárins annað, eitt er hold fuglanna, og annað fiskanna. **40** Og til eru himneskir líkamir og jarðneskir líkamir. En reyndar er vegsemd hinna himnesku eitt, og hinna jarðnesku annað. **41** Eitt er ljómi sólarinnar, og annað ljómi tunglsins, og annað ljómi stjarnanna, því að stjarna ber af stjörnu í ljóma. **42** Þannig er og varið upprisu dauðra. Sáð er forgengilegu, en upprís óforgengilegt; **43** sáð er í vansæmd, en upprís í vegsemd; sáð er í veikleika, en upprís í styrkleika; **44** sáð er náttúrlegum líkama, en upprís andlegur líkami. Ef náttúrlegur líkami er til, þá er og til andlegur líkami. **45** Þannig er og ritað: Hinn fyrsti maður, Adam, varð að lifandi sál, hinn síðari Adam að lífgandi anda. **46** En hið andlega kemur ekki fyrst, heldur hið náttúrlega; því næst hið andlega. **47** Hinn fyrsti maður er frá jörðu, af moldu, hinn annar maður er frá himnum. **48** Eins og hinn jarðneski var, þannig eru og hinir jarðnesku; og eins og hinn himneski var, þannig eru og hinir himnesku. **49** Og eins og vér höfum borið mynd hins jarðneska, munum vér einnig bera mynd hins himneska. **50** En það segi eg, bræður, að hold og blóð getur eigi erft guðsríki, eigi erfir heldur hið forgengilega óforgengileikann. **51** Sjá, eg segi yður leyndardóm: Vér munum ekki allir sofna, en allir munum vér umbreytast **52** í einni svipan, á einu augabragði, við hinn síðasta lúður, því að lúðurinn mun gjalla, og hinir dauðu munu upprísa óforgengilegir, og vér munum umbreytast. **53** Því að þetta hið forgengilega á að íklæðast óforgengileikanum, og þetta hið dauðlega að íklæðast ódauðleikanum. **54** En þegar þetta hið forgengilega hefir íklæðst óforgengileikanum og þetta hið dauðlega hefir íklæðst ódauðleikanum, þá mun rætast orð það sem ritað er: Dauðinn er uppsvelgdur til sigurs. **55** Dauði, hvar er sigur þinn? Dauði, hvar er broddur þinn? **56** En syndin er broddur dauðans, en lögmálið afl syndarinnar. **57** Guði séu þakkir, sem gefur oss sigurinn fyrir Drottin vorn Jesúm Krist! **58** Þess vegna, mínir elskuðu bræður, verið fastir, óbifanlegir, síauðugir í verki Drottins, vitandi,

að erfiði yðar er ekki árangurslaust í drotni.

16. kafli

1 En hvað snertir samskotin til hinna heilögu, þá skuluð þér einnig fara með þau eins og eg hefi fyrirskipað kirkjunum í Galatíu. **2** Hvern fyrsta dag vikunnar skal hver yðar taka frá heima hjá sér og safna í sjóð, eftir því sem efni leyfa, til þess að ekki verði fyrst farið að efna til samskota þegar eg kem. **3** En þegar eg svo kem, mun eg senda með bréfum, þá sem þér kunnið að velja, til þess að flytja gjöf yðar til Jerúsalem. **4** En ef vert er, að eg fari líka, þá geta þeir orðið mér samferða. **5** En eg mun koma til yðar, er eg hefi farið gegnum Makedóníu; því að um Makedóníu legg eg leið mína; **6** og hjá yður mun eg ef til vill staldra við eða jafnvel dvelja vetrarlangt, til þess að þér getið fylgt mér á leið, hvert sem eg þá kann að fara. Því að nú vil eg ekki sjá yður rétt í svip; **7** eg vona sem sé, ef Drottinn lofar, að standa við hjá yður nokkura stund. **8** En eg stend við í Efesus alt til hvítasunnunnar, **9** því að mér hafa opnast þar víðar dyr og verkmiklar, og andstæðingarnir eru margir. **10** En ef Tímóteus kemur, þá sjáið til þess, að hann geti óttalaust hjá yður verið, því að hann starfar að verki Drottins eins og eg. **11** Þess vegna lítilsvirði enginn hann, heldur fylgið honum á leið í friði, til þess að hann geti komist til mín. Því að eg vænti hans með bræðrunum. **12** En hvað snertir bróður Apollós, þá hefi eg mikillega hvatt hann til að verða bræðrunum samferða til yðar. En hann var alls ófáanlegur til að fara nú, en koma mun hann, er hentugleikar hans leyfa. **13** Vakið, standið stöðugir í trúnni, verið karlmannlegir, verið styrkir. **14** Alt hjá yður sé í kærleika gjört. **15** En eg áminni yður, bræður, — þér vitið um heimili Stefanasar, að það er frumgróði Akkeu og að þeir hafa gefið sig í þjónustu heilagra, — **16** að einnig þér sýnið undirgefni slíkum mönnum, og hverjum þeim er starfar með og leggur á sig erfiði. **17** Eg gleðst yfir návist þeirra Stefanasar, Fortúnatusar og Akkaíkusar, af því að þeir hafa bætt mér upp vöntun yðar, **18** því að þeir hafa hrest anda minn og yðar. Virðið það því við slíka menn. **19** Asíu-kirkjurnar heilsa yður. Yður heilsa mikillega í drotni Akvílas og Priska ásamt kirkjunni í húsi þeirra. **20** Yður heilsa allir bræðurnir. Heilsið hver öðrum með heilögum kossi. **21** Kveðjan er með eigin hendi minni, Páls. **22** Ef einhver elskar ekki

Drottin, hann sé bölvaður. Maranata! **23** Náðin Drottins Jesú Krists sé með
yður. **24** Kærleikur minn er með öllum yður í Kristi Jesú. Amen.

Síðara Korintubréf

II ad Corinthios

1. kafli

1 Páll, postuli Krists Jesú fyrir vilja Guðs, og bróðirinn Tímóteus, til kirkju
Guðs, sem er í Korintuborg, ásamt öllum hinum heilögu, sem eru í gjörvallri
Akkeu. **2** Náð sé með yður og friður frá Guði föður vorum og drotni Jesú
Kristi. **3** Lofaður sé Guð og faðir Drottins vors Jesú Krists, faðir
miskunnsemdanna og Guð allrar huggunar, **4** sem huggar oss í sérhverri
þrenging vorri, svo að vér getum huggað aðra í hvaða þrenging sem er, með
þeirri huggun, sem vér sjálfir erum huggaðir með af Guði. **5** Því að eins og
þjáningar Krists koma í ríkum mæli yfir oss, þannig kemur og huggun vor í
ríkum mæli fyrir Krist. **6** En hvort sem vér sætum þrengingum, þá er það
yður til huggunar og hjálpræðis, eða vér hljótum huggun, þá er það yður til
þeirrar huggunar, er verkar þolinmæði í sömu þjáningunum, sem vér einnig
verðum að líða. **7** Og von vor um yður er staðföst; með því að vér vitum, að
eins og þér eruð hlutlakandi í þjáningunum, þannig og í hugguninni. **8** Því að
ekki viljum vér, bræður, að yður skuli vera ókunnugt um þrenging þá, sem
vér urðum fyrir í Asíu, að vér vorum aðþrengdir langt yfir megin fram, svo
að vér jafnvel örvæntum um lífið. **9** Já, vér höfðum sjálfir uppkveðið með
sjálfum oss dauðadóminn, til þess að vér ekki skyldum treysta sjálfum oss,
heldur Guði, sem uppvekur hina dauðu; **10** hann hefir frelsað oss úr slíkri
dauðans hættu og mun frelsa; til hans höfum vér sett von vora, að hann og
hér eftir muni frelsa oss, **11** er þér einnig hjálpið til með bæninni fyrir oss; til
þess að frá mörgum mönnum verði vor vegna framborið af mörgum
þakklætið fyrir náðargjöfina, sem oss er veitt. **12** Því að þetta er hrósun vor,
vitnisburður samvisku vorrar, að vér höfum framgengið í heiminum, en
sérstaklega hjá yður, í heilagleika og hreinleika Guðs, ekki í holdlegri speki,
heldur í náð Guðs. **13** Því að annað skrifum vér yður ekki en það, sem þér

annaðhvort lesið eða og eruð komnir að raun um, en eg vona, að þér skulið alt til enda komast að raun um, 14 eins og þér þegar að nokkuru leyti hafið komist að raun um viðvíkjandi oss, að vér erum hrósunarefni yðar, eins og líka þér eruð vort, á degi Drottins vors Jesú. 15 Og í þessu trausti var það ásetningur minn að koma fyrst til yðar, til þess að þér skylduð aftur verða náðar aðnjótandi; 16 og að fara um hjá yður alla leið til Makedóníu, og frá Makedóníu að koma aftur til yðar, og láta yður fylgja mér á veg til Júdeu. 17 Hvort hefi eg nú sýnt af mér hverflyndi, er eg tók þennan ásetning? Eða áset eg mér eftir holdinu það sem eg áset mér, — til þess að hjá mér eigi heima bæði já, já, og nei, nei? 18 Svo sannarlega sem Guð er trúr: orð vor til yðar eru ekki já og nei. 19 Því að sonur Guðs, Jesús Kristur, sem á meðal yðar er prédikaður af oss, af mér og Silvanusi og Tímóteusi, varð ekki já og nei, heldur er já orðið í honum. 20 Því að svo mörg sem fyrirheit Guðs eru, í honum er já þeirra; þess vegna er og amen þeirra fyrir hann Guði til dýrðar fyrir oss. 21 En sá, sem heldur oss ásamt yður fast við Krist og smurði oss, er Guð, 22 sem og hefir innsiglað oss og gefið oss pant andans í hjörtu vor. 23 En eg kalla Guð til vitnis fyrir sálu mína, að það er af hlífð við yður, að eg hefi enn þá ekki komið til Korintuborgar. 24 Ekki svo sem vér drotnum yfir trú yðar, heldur erum vér samverkamenn að gleði yðar. Því að í trúnni standið þér.

2. kafli

1 En það ásetti eg mér með sjálfum mér, að koma ekki aftur til yðar með hrygð. 2 Því að ef eg hryggi yður, hver er þá sá sem gleður mig, nema sá sem eg gjöri hryggan? 3 Og eg hefi skrifað þetta einmitt til þess að eg skyldi ekki hafa hrygð, er eg kæmi, af þeim sem áttu að gleðja mig, þar sem eg hefi það traust til yðar allra, að gleði mín sé gleði yðar allra. 4 Því að af mikilli þrengingu og hjartans trega skrifaði eg yður með mörgum tárum, ekki til þess að þér skylduð hryggjast, heldur til þess að þér skylduð komast að raun um þann kærleika, sem eg ber til yðar í svo ríkum mæli. 5 En ef nokkur hefir orðið til þess að hryggja, þá hefir hann hrygt ekki mig, heldur að nokkuru leyti, — að eg gjöri ekki enn meira úr því — yður alla. 6 Nægileg er þeim manni refsing sú, sem hann hefir hlotið af flestöllum, 7 svo að þér ættuð nú

öllu heldur að fyrirgefa og hugga, til þess að hann sökkvi ekki niður í alt of mikla hrygð. 8 Fyrir því áminni eg yður að láta kærleikann koma fram við hann. 9 Því að í þeim tilgangi hefi eg líka skrifað, til þess að komast að raun um staðfestu yðar, hvort þér væruð hlýðnir í hverju sem vera skal. 10 En hverjum sem þér fyrirgefið nokkuð, honum fyrirgef eg líka, því að einnig það sem eg hefi fyrirgefið, hafi eg fyrirgefið nokkuð, þá hefir það verið vegna yðar fyrir augliti Krists, 11 til þess að vér yrðum ekki vélaðir af Satan, því að ekki er oss ókunnugt um vélráð hans. 12 En er eg kom til Tróas vegna fagnaðarerindis Krists, og mér voru þar opnaðar dyr í drotni, 13 þá hafði eg enga eirð í anda mínum, af því að eg hitti ekki Títus bróður minn, heldur kvaddi eg þá og fór til Makedóníu. 14 En Guði séu þakkir, sem ávalt lætur oss halda sigurför í Kristi og lætur fyrir oss ilm þekkingar sinnar verða augljósan á hverjum stað. 15 Því að vér erum góðilmur Krists fyrir Guði meðal þeirra, er hólpnir verða, og meðal þeirra, er glatast; 16 þeim síðarnefndu ilmur af dauða til dauða, en hinum ilmur af lífi til lífs. Og hver er til þessa hæfur? 17 Því að ekki erum vér eins og hinir mörgu, er okra með Guðs orð, heldur tölum vér eins og af hreinleik, eins og af Guði frammi fyrir augliti Guðs í Kristi.

3. kafli

1 Erum vér nú aftur teknir að mæla fram með sjálfum oss? Eða mundum vér þurfa, eins og sumir, meðmælingabréfa til yðar eða frá yður? 2 Þér eruð vort bréf, ritað í hjörtum vorum, þekt og lesið af öllum mönnum; 3 þér eruð augljósir orðnir sem bréf Krists, sem vér höfum unnið að, ekki skrifað með bleki, heldur með anda lifanda Guðs, ekki á steinspjöld, heldur á holdspjöld, sem hjartanu tilheyra. 4 En þetta traust höfum vér til Guðs fyrir Krist. 5 Ekki svo, að vér af sjálfum oss séum hæfir til að hugsa nokkuð upp eins og af sjálfum oss, heldur er hæfileiki vor frá Guði, 6 honum sem og hefir gjört oss hæfa til að vera þjóna nýs sáttmála, ekki bókstafs, heldur anda; því að bókstafurinn deyðir, en andinn lífgar. 7 En ef þjónusta dauðans, sem letruð var og höggvin á steina, kom fram í dýrð, svo að ekki gátu Ísraels synir horft á ásjónu Móse, vegna ljóma ásýndar hans, sem þó varð að engu, 8 hversu miklu fremur mun þá þjónusta andans koma fram í dýrð? 9 Því að ef þjónusta

fyrirdæmingarinnar var dýrðleg, þá er þjónusta réttlætisins enn þá miklu auðugri að dýrð. 10 Því að í þessari grein verður jafnvel hið dýrðlega ekki dýrðlegt, vegna hinnar yfirgnæfandi dýrðar. 11 Því að ef það, sem að engu verður, kom fram með dýrð, þá hlýtur miklu fremur hið varanlega að koma fram í dýrð. 12 Með því að vér nú höfum slíka von, þá komum vér fram með mikilli djörfung, 13 og gjörum ekki eins og Móse, sem setti skýlu fyrir andlit sér, til þess að Ísraels synir skyldu ekki horfa á endalok þess, sem að engu átti að verða. 14 En hugsanir þeirra urðu forhertar, því að alt til þessa dags hvílir sama skýlan yfir upplestri hins gamla sáttmála, því að ekki er það afhjúpað fyrir þeim, að hann verður að engu í Kristi. 15 Já alt til þessa dags hvílir skýla yfir hjörtum þeirra, hvenær sem Móse er lesinn. 16 En hvenær sem þeir snúa sér til Drottins, verður skýlan burtu tekin. 17 En Drottinn er andi. En þar sem andi Drottins er, þar er frelsi. 18 En allir vér, sem með óhjúpuðu andliti skoðum í skuggsjá dýrð Drottins, ummyndumst til hinnar sömu myndar, frá dýrð til dýrðar, eins og frá drotni, sem er andi.

4. kafli

1 Með því að vér þess vegna höfum þessa þjónustu á hendi, eins og oss hefir veist náð til, þá látum vér ekki hugfallast. 2 En vér höfum sagt oss frá leyndum hlutum, sem menn blygðast sín fyrir, framgöngum ekki með fláttskap, né fölsum Guðs orð, heldur mælum vér fram með oss við samvisku hvers manns fyrir Guðs augliti með sannleikans opinberun. 3 En þó svo sé, að fagnaðarerindi vort sé hjúpað skýlu, þá er það skýlu hjúpað hjá þeim sem glatast, 4 þar sem guð þessarar aldar hefir blindað hugsanir hinna vantrúuðu, til þess að ekki skuli skína birta af fagnaðarerindi Krists dýrðar, hans sem er ímynd Guðs. 5 Því að ekki prédikum vér sjálfa oss, heldur Krist Jesúm sem Drottin, en sjálfa oss sem þjóna yðar vegna Jesú. 6 Því að Guð, sem sagði: Ljós skal skína fram úr myrkri! hann hefir látið það skína í hjörtum vorum til upplýsingar þekkingarinnar á dýrð Guðs í ásjónu Jesú Krists. 7 En þennan fjársjóð höfum vér í leirkerum, til þess að ofurmagn kraftarins sé Guðs, en ekki frá oss; 8 á allar hliðar erum vér aðþrengdir, en þó ekki ofþrengdir, vér erum efablandnir, en örvæntum þó ekki, 9 erum ofsóttir, en þó ekki yfirgefnir, erum feldir, en tortímumst þó ekki, 10 berum ávalt með oss á

líkamanum deyðingu Jesú, til þess að einnig líf Jesú verði opinbert í líkama vorum. 11 Því að ávalt erum vér lifandi til dauða framseldir vegna Jesú, til þess að og líf Jesú verði opinbert í dauðlegu holdi voru. 12 Þannig er dauðinn verkandi í oss, en lífið í yður. 13 En með því að vér höfum sama anda trúarinnar, samkvæmt því sem skrifað er: Eg trúði, þess vegna talaði eg, þá trúum vér líka, og þess vegna tölum vér líka, 14 þar eð vér vitum, að hann, sem vakti upp Drottin Jesúm, muni einnig uppvekja oss ásamt Jesú, og leiða oss fram ásamt yður. 15 Því að alt er þetta yðar vegna, til þess að náðin, aukin við að ná til sem flestra, láti þakkargjörðina yfirgnæfa, Guði til dýrðar. 16 Fyrir því látum vér ekki hugfallast, en jafnvel þótt vor ytri maður hrörni, þá endurnýjast dag frá degi vor innri maður. 17 Því að þrenging vor, skammvinn og léttbær, aflar oss mjög yfirgnæfanlegs eilífs dýrðar-þunga, 18 þar sem vér ekki horfum á hið sýnilega, heldur hið ósýnilega, því að hið sýnilega er stundlegt, en hið ósýnilega eilíft.

5. kafli

1 Því að vér vitum, að þótt vor jarðneska tjaldbúð verði rifin niður, þá höfum vér byggingu frá Guði, hús, sem eigi er með höndum gjört, eilíft á himnum. 2 Þess vegna andvörpum vér einnig, þar sem vér þráum að yfirklæðast húsi voru, því frá himnum, 3 svo sannarlega sem vér og, íklæddir því, munum ekki verða naktir. 4 Því að og verandi í tjaldbúðinni stynjum vér mæddir, af því að vér viljum ekki afklæðast, heldur yfirklæðast, til þess að hið dauðlega uppsvelgist af lífinu. 5 En sá, sem hefir gjört oss færa einmitt til þessa, er Guð, sem hefir gefið oss pant andans. 6 Vér erum því ávalt hughraustir og vitum, að meðan vér eigum heima í líkamanum, erum vér að heiman frá drotni, 7 því að vér framgöngum í trú, en ekki í skoðun; 8 já, vér erum hughraustir og langar öllu fremur til að hverfa burt úr líkamanum og vera heima hjá drotni. 9 Þess vegna kostum vér og kapps um, hvort sem vér erum heima eða að heiman, að vera honum þóknanlegir; 10 því að öllum oss byrjar að birtast fyrir dómstóli Krists, til þess að sérhver fái endurgoldið það sem hann hefir unnið með líkamanum, samkvæmt því sem hann hefir aðhafst, hvort sem það er gott eða ilt. 11 Með því að vér nú þekkjum ótta Drottins, leitumst vér við að ávinna menn. En Guði erum vér opinberir orðnir, já, eg

vona, að vér séum einnig opinberir orðnir samviskum yðar. 12 Ekki erum vér enn að mæla fram með sjálfum oss við yður, en vér gefum yður tilefni til að hrósa yður af oss, til þess að þér hafið eitthvað gagnvart þeim, er hrósa sér af hinu ytra, en ekki af hjartanu. 13 Því að hvort sem vér höfum orðið frávita, þá var það vegna Guðs, eða vér erum með sjálfum oss, þá er það vegna yðar; 14 því að kærleiki Krists knýr oss; 15 með því að vér höfum ályktað svo: Einn er dáinn fyrir alla, þá eru þeir allir dánir; og hann er dáinn fyrir alla, til þess að þeir sem lifa, lifi ekki framar sjálfum sér, heldur honum, sem fyrir þá er dáinn og upprisinn. 16 Þannig metum vér þá héðan í frá engan eftir holdinu; þótt vér og hefðum þekt Krist eftir holdinu, þekkjum vér hann nú ekki framar þannig. 17 Ef þannig einhver er í Kristi, er hann ný skepna; hið gamla varð að engu, sjá, það er orðið nýtt. 18 En alt er frá Guði, sem sætti oss við sig fyrir Krist, og gaf oss þjónustu sáttargjörðarinnar; 19 með því að Guð sætti í Kristi heiminn við sjálfan sig, er hann tilreiknaði þeim ekki yfirtroðslur þeirra, og fól oss á hendur orð sáttargjörðarinnar. 20 Vér erum því erindrekar í Krists stað, eins og það væri Guð, sem áminti fyrir oss. Vér biðjum í Krists stað: Látið sættast við Guð; 21 þann sem þekti ekki synd, gjörði hann að synd vor vegna, til þess að vér skyldum verða réttlæti Guðs í honum.

6. kafli

1 En sem samverkamenn hans áminnum vér einnig, til þess að þér ekki til einskis skulið hafa meðtekið náð Guðs; — 2 því að hann segir: Á hagkvæmri tíð bænheyrði eg þig, og á hjálpræðis degi hjálpaði eg þér. Sjá, nú er mjög hagkvæm tíð, sjá, nú er hjálpræðis dagur. 3 Í engu gefum vér neitt ásteytingarefni, til þess að ekki verði þjónustan fyrir lasti; 4 en í öllu mælum vér fram með sjálfum oss, eins og þjónar Guðs, með miklu þolgæði í þrengingum, í nauðum, í angist, 5 undir höggum, í fangelsi, í upphlaupum, í erfiði, í vökum, í föstum, 6 með grandvarleik, með þekkingu, með langlyndi, með góðvild, með heilögum anda, með falslausum kærleika, 7 með sannleiksorði, með krafti Guðs, með vopnum réttlætisins til sóknar og varnar, 8 í heiðri og vanheiðri, í lasti og lofi, eins og afvegaleiðendur, og þó sannorðir, 9 eins og óþektir, en þó alþektir, eins og deyjandi, og sjá, þó lifum vér, eins og agaðir, og þó ekki deyddir, 10 eins og hryggir, en þó ávalt glaðir,

eins og fátækir, en auðgum þó marga, eins og öreigar, en þó eigandi alt. 11 Munnur vor er opinn gagnvart yður, Korintumenn; hjarta vort er rúmgott. 12 Ekki er þröngt um yður hjá oss, en í hjörtum yðar er þröngt. 13 En svo að sama komi á móti, — eg tala eins og við börn mín, — þá látið þér líka verða rúmgott hjá yður. 14 Gangið ekki undir ósamkynja ok með vantrúuðum; því að hvað er sameiginlegt með réttlæti og ranglæti? Eða hvaða samfélag hefir ljós við myrkur? 15 Og hver er samhljóðan Krists við Belíal? Eða hver hlutdeild er trúuðum með vantrúuðum? 16 Og hvað á musteri Guðs við skurðgoð saman að sælda? Því að vér erum musteri lifanda Guðs, eins og Guð hefir sagt: Eg mun búa hjá þeim og ganga um meðal þeirra, og eg mun vera Guð þeirra og þeir munu vera lýður minn. 17 Þess vegna, farið burt frá þeim, og skiljið yður frá þeim, segir Drottinn, og snertið ekki neitt óhreint, og eg mun taka yður að mér, 18 og eg mun vera yður faðir, og þér munuð vera mér synir og dætur, segir Drottinn alvaldur.

7. kafli

1 Þar eð vér því höfum þessi fyrirheit, elskaðir, þá hreinsum sjálfa oss af allri saurgun á holdi og anda, svo að vér fullkomnum heilagleik með guðsótta. 2 Gefið oss rúm; engum höfum vér gjört rangt til, engum spilt, engan ásælst. 3 Eg segi það ekki í áfellisskyni; því að eg hefi áður sagt, að þér eruð í hjörtum vorum, svo að vér deyjum saman og lifum saman. 4 Mikla djörfung hefi eg gagnvart yður, mikillega get eg hrósað mér af yður, eg er fullur af huggun, eg er stórríkur af gleði í allri þrenging vorri. 5 Því var og það, er vér komum til Makedóníu, að hold vort hafði enga ró, heldur vorum vér á alla vegu aðþrengdir, barátta hið ytra, ótti hið innra. 6 En Guð, sem huggar hina beygðu, hann huggaði oss með komu Títusar, 7 já, ekki aðeins með komu hans, heldur og með þeirri huggun, sem hann hafði verið huggaður með hjá yður, er hann skýrði oss frá eftirþrá yðar, gráti yðar, áhuga yðar mín vegna, svo að eg gladdist við það enn frekar. 8 Því að þótt eg hafi hrygt yður með bréfinu, þá iðrast eg þess ekki nú, enda þótt eg hafi iðrast þess; því að eg sé, að þetta bréf hefir hrygt yður, þótt ekki hafi verið nema um stund. 9 Nú er eg glaður, ekki yfir því, að þér urðuð hryggir, heldur yfir því, að þér urðuð hryggir til iðrunar; því að þér urðuð hryggir Guði að skapi, til þess að þér

skylduð ekki í neinu bíða tjón af oss. **10** Því að hrygðin Guði að skapi verkar afturhvarf til hjálpræðis, sem engan iðrar, en hrygð heimsins veldur dauða. **11** Því að sjá, einmitt þetta, að þér hrygðust Guði að skapi, hvílíkum áhuga kom það til leiðar hjá yður, já, hvílíkri vörn, hvílíkri gremju, hvílíkum ótta, hvílíkri eftirþrá, hvílíkri vandlæting, hvílíkri refsing! Í öllu hafið þér nú sannað, að þér voruð hreinir í þessu tilliti. **12** Þótt eg því hafi skrifað yður, þá var það ekki vegna hans, sem óréttinn gjörði, ekki heldur vegna hans, sem fyrir óréttinum varð, heldur til þess að áhugi yðar vor vegna mætti koma í ljós hjá yður fyrir augliti Guðs. **13** Þess vegna höfum vér huggun hlotið. En auk huggunar vorrar höfum vér hlotið þá gleði, sem er enn þá miklu meiri, yfir fögnuði Títusar, því að anda hans hefir verið svalað af yður öllum. **14** Því að hafi eg í nokkuru hrósað mér af yður við hann, þá hefi eg ekki þurft að blygðast mín. Já, eins og alt var sannleika samkvæmt, sem vér höfum talað við yður, þannig hefir og hrós vort um yður við Títus reynst sannleikur. **15** Og hjartaþel hans er því innilegra til yðar sem hann minnist hlýðni yðar allra, hversu þér tókuð á móti honum með ugg og ótta. **16** Það gleður mig, að eg get í öllu borið traust til yðar.

8. kafli

1 En svo viljum vér, bræður, skýra yður frá þeirri náð Guðs, sem veitt hefir verið í kirkjunum í Makedóníu, **2** hversu ríkdómur gleði þeirra og hin djúpa fátækt þeirra hefir í ljós leitt ríkdóm örlætis hjá þeim, þrátt fyrir mikla þrenging, sem þeir hafa orðið að reyna, **3** hversu þeir hafa gjört það eftir megni, — það get eg vottað, — já, fram yfir megn, af eigin hvötum, **4** þar sem þeir lögðu fast að oss og báðu um þá náð, að mega vera í félagi við oss um samskotin til hinna heilögu. **5** Og fram yfir von vora gáfu þeir jafnvel sjálfa sig, fyrst og fremst drotni, og síðan oss, að vilja Guðs, **6** svo að vér höfum beðið Títus um, að hann skuli, eins og hann hefir byrjað, þannig og leiða til lykta hjá yður þessa náð. **7** En eins og þér eruð auðugir í öllu, að trú, og að orði og að þekkingu og í hvers konar áhuga og í elsku yðar til vor, svo skuluð þér og vera auðugir í þessari kærleiksgjöf. **8** Eg segi þetta ekki sem skipun, heldur til þess að prófa einlægni kærleika yðar með áhuga annarra. **9** Því að þér þekkið náð Drottins vors Jesú Krists, að hann, þótt ríkur væri,

gjörðist yðar vegna fátækur, til þess að þér auðguðust af fátækt hans. 10 Og álit vil eg gefa í þessu máli; því að þetta er yður til gangs, yður sem frá því í fyrra voruð á undan öðrum, ekki að eins í verkinu, heldur og í viljanum. 11 En fullgjörið nú og verkið, til þess að eins og viljinn var fús, svo sé og framkvæmdin eftir efnum. 12 Því að ef viljinn er góður, þá er hver þóknanlegur, eftir því sem hann á til, en ekki eftir því sem hann á ekki til; 13 ekki svo að skilja, að öðrum sé hlíft, en þrengt sé að yður, heldur til þess að jöfnuður verði. Nú sem stendur bætir gnægð yðar úr skorti hinna, 14 til þess að einnig gnægð hinna geti bætt úr skorti yðar, til þess að jöfnuður komist á, 15 eins og skrifað er: Sá sem miklu safnaði, hafði ekki afgangs, og þann skorti ekki, sem litlu safnaði. 16 En þökk sé Guði, sem vakti í hjarta Títusar þennan sama áhuga huga vegna yðar; 17 því reyndar fékk hann áskorun frá mér, en áhugi hans var svo mikill, að hann fór til yðar af eigin hvötum. 18 En með honum sendum vér þann bróður, sem orð fer af í öllum kirkjunum fyrir starf hans í þjónustu fagnaðarerindisins; 19 og ekki það eitt, heldur er hann og af kirkjunum kjörinn samferðamaður vor með kærleiksgjöf þessa, sem vér höfum unnið að, til þess að efla dýrð Drottins og fúsleika vorn, 20 og höfum vér gjört þessa ráðstöfun, til þess að enginn geti lastað meðferð vora á hinni miklu gjöf, sem vér höfum gengist fyrir. 21 Því að vér ástundum hvað gott er, ekki að eins fyrir drotni, heldur og fyrir mönnum. 22 En með þeim sendum vér annan bróður vorn, sem vér oftsinnis og í mörgu höfum reynt kostgæfinn, en nú miklu kostgæfnari vegna síns mikla trausts til yðar. 23 En hvort sem nú er um Títus að ræða, þá er hann félagi minn og starfsbróðir með tilliti til yðar, eða um bræður vora, þá eru þeir sendiboðar safnaðanna, dýrð Krists. 24 Sýnið því þessum mönnum í augsýn safnaðanna merki elsku yðar og þess, sem vér höfum hrósað yður fyrir.

9. kafli

1 Um hjálpina til hinna heilögu er sem sé óþarft fyrir mig að skrifa yður. 2 Því að eg þekki góðan vilja yðar, sem eg hrósa mér af yðar vegna meðal Makedóna, að Akkea hefir verið reiðubúin síðan í fyrra; og áhugi yðar hefir verið hvöt fyrir fjölda marga. 3 En bræðurna hefi eg sent, til þess að hrós vort um yður skyldi ekki reynast fánýtt í þessu efni, og til þess að þér, eins og eg

sagði, mættuð vera viðbúnir, 4 svo að ekki fari svo, að vér, — að vér ekki segjum þér — þurfum að bera kinnroða fyrir þetta traust, ef Makedónar skyldu koma með mér og finna yður óviðbúna. 5 Vér töldum því nauðsynlegt að uppörva bræðurna, til að fara á undan til yðar og undirbúa fyrirfram hina áður lofuðu gjöf yðar, svo að hún mætti vera á reiðum höndum eins og blessun, en hefði ekki nískublæ á sér. 6 En þetta segi eg: Sá sem sparlega sáir, mun uppskera sparlega, og sá sem sáir með blessunum, mun og með blessunum uppskera. 7 Sérhver gefi eins og hann hefir ásett sér í hjarta sínu, ekki með ólund eða með nauðung, því að glaðan gjafara elskar Guð. 8 En Guð er þess megnugur að láta alla náð hlotnast yður ríkulega, til þess að þér í öllu og ávalt hafið alt, sem þér þarfnist, og hafið gnægð til sérhvers góðs verks, 9 eins og ritað er: Hann útbýtti, gaf hinum snauðu, réttlæti hans varir að eilífu. 10 En sá sem gefur sáðmanninum sæði og brauð til fæðu, hann mun og gefa yður sáð og margfalda það og auka ávexti réttlætis yðar, 11 svo að þér verðið í öllu auðugir til hvers konar örlætis, sem fyrir oss kemur til leiðar þakklæti við Guð. 12 Því að starfið að þessari þjónustu bætir ekki aðeins úr skorti hinna heilögu, heldur ber hún og ríkulega ávexti hjá Guði fyrir þakkir margra, 13 þar sem þeir, við það að reyna þessa hjálp, lofa Guð fyrir hlýðni yðar við játningu fagnaðarerindis Krists, og fyrir einlægni yðar í samfélaginu við þá og við alla, 14 um leið og þeir einnig með bæn fyrir yður þrá yður vegna yfirgnæfanlegrar náðar Guðs við yður. 15 Þökk sé Guði fyrir sína óumræðilegu gjöf!

10. kafli

1 En eg, Páll, sjálfur, áminni yður með hógværð og mildi Krists, eg, sem upp í augun er auðmjúkur meðal yðar, en fjarverandi djarfmáll við yður; 2 eg bið þess, að eg þurfi ekki, er eg kem, að vera djarfmáll með þeim myndugleika, sem eg ætla mér að beita gagnvart nokkurum, er álíta um oss, að vér framgöngum eins og eftir holdinu. 3 Því að þótt vér framgöngum í holdinu, þá berjumst vér ekki á holdlegan hátt, — 4 því að vopnin, sem vér berjumst með, eru ekki holdleg, heldur máttug fyrir Guði til að brjóta niður vígi, — 5 þar sem vér brjótum niður hugsmíðar og hæð hverja, er rís gegn þekkingunni á Guði, og hertökum hverja hugsun til hlýðninnar við Krist, 6 og erum þess

albúnir að refsa sérhverri óhlýðni, þegar hlýðni yðar er fullkomin orðin. Þér horfið á hið ytra. 7 Ef einhver treystir því með sjálfum sér, að hann sé Krists, þá álykti sá hinn sami með sjálfum sér, að eins og hann er Krists, þannig séum vér það einnig. 8 Því að jafnvel þótt eg vildi hrósa mér í frekara lagi af valdi voru, — sem Drottinn hefir gefið til að uppbyggja, en ekki til að niðurbrjóta yður, — þá yrði eg mér ekki til skammar. 9 Til þess að ekki skuli líta svo út sem eg vilji hræða yður með bréfunum, — 10 því að bréfin, segja menn, eru þung og sterk, en líkamleg návist hans veik og ræða hans auðvirðileg — 11 þá hugleiði slíkur maður þetta, að slíkir sem vér erum í orðinu, í bréfunum, fjarlægir, hinir sömu erum vér og í verkinu, nálægir. 12 Því að ekki dirfumst vér að telja oss til þeirra eða bera sjálfa oss saman við suma af þeim, er mæla fram með sjálfum sér; en þegar þeir hinir sömu mæla sig við sjálfa sig og bera sig saman við sjálfa sig, þá eru þeir óskynsamir. 13 En vér viljum ekki hrósa oss takmarkalaust, heldur innan takmarka þeirrar línu, sem Guð hefir úthlutað oss sem takmark: að ná alla leið jafnvel til yðar. 14 Því að vér teygjum oss ekki oflangt fram, rétt eins og ef vér hefðum ekki komist til yðar, — því að vér höfum náð alla leið til yðar með fagnaðarerindi Krists. 15 Ekki stærum vér oss takmarkalaust af erfiði annarra, heldur höfum vér þá von, að eftir því sem trú yðar vex, verðum vér miklir á meðal yðar, já, stórmiklir innan markalínu vorrar, 16 svo að vér getum boðað fagnaðarerindið hinumegin við yður, ekki innan markalínu annarra, til þess að hrósa oss af því, sem þegar er fullkomnað. 17 En sá sem hrósar sér, hann hrósi sér í drotni. 18 Því að fullgildur er ekki sá, er mælir fram með sjálfum sér, heldur sá, er Drottinn mælir fram með.

11. kafli

1 Ó að þér vilduð umbera dálitla fávisku hjá mér! Jú, vissulega umberið þér mig. 2 Því að eg er vandlátur, að því er yður snertir, með vandlæti Guðs, því að eg hefi fastnað yður einum manni, til þess að geta leitt fram fyrir Krist hreina mey. 3 En eg er hræddur um, að eins og höggormurinn tældi Evu með flærð sinni, svo kunni og hugsanir yðar að spillast og leiðast burt frá einlægninni og hreinleikanum gagnvart Kristi. 4 Því að ef einhver kemur og prédikar annan Jesúm, sem vér ekki höfum prédikað, eða þér fáið annan

anda, sem þér hafið ekki fengið, eða annað fagnaðarerindi, sem þér hafið ekki meðtekið, þá umberið þér það mætavel. 5 Eg álít mig þó ekki í neinu standa þessum göfugu postulum að baki. 6 Þótt eg sé ólærður í ræðu minni, er eg það ekki hvað þekkinguna snertir, heldur höfum vér á allan hátt birt yður hana í öllum greinum. 7 Eða drýgði eg synd, er eg lítillækkaði sjálfan mig, til þess að þér mættuð upphafnir verða? Því að ókeypis boðaði eg yður fagnaðarerindi Guðs. 8 Aðra söfnuði rúði eg og tók mála af þeim, til þess að geta þjónað yður; og er eg var hjá yður og leið þröng, varð eg þó ekki neinum til byrði; 9 því að úr skorti mínum bættu bræðurnir, er komu frá Makedóníu. Og í öllu varðveitti eg sjálfan mig frá að verða til þyngsla, og mun varðveita. 10 Svo sannarlega sem sannleiki Krists er í mér, skal þessi hrósun ekki verða rifin frá mér í héruðum Akkeu. 11 Hvers vegna? Er það af því að eg elska yður ekki? Nei, Guð veit það. 12 En það sem eg gjöri, mun eg og gjöra til þess að svifta þá tilefninu, sem leita tilefnis, til þess að þeir megi reynast eins og vér, í því sem þeir stæra sig af. 13 Því að slíkir menn eru falspostular, svikulir verkamenn, er taka á sig mynd postula Krists. 14 Og ekki er það undur, því að Satan sjálfur breytir sér í ljóss-engil. 15 Það er því ekki mikið, þótt og þjónar hans breyti sér í réttlætis-þjóna. Afdrif þeirra munu verða samkvæmt verkum þeirra. 16 Enn segi eg: Ekki álíti neinn mig fávísan. En þó svo væri, þá meðtakið mig samt sem fávísan, til þess að eg geti líka hrósað mér dálítið. 17 Það sem eg tala nú, tala eg ekki í Drottins orða stað, heldur eins og í heimsku, í þessu trausti sjálfshólsins. 18 Með því að margir hrósa sér eftir holdinu, vil eg einnig hrósa mér svo, 19 því að fúslega umberið þér hina fávísu, svo vitrir sem þér eruð; 20 því að þér umberið það, þótt einhver hneppi yður í ánauð, þótt einhver uppeti yður, þótt einhver hremmi yður, þótt einhver upphefji sig, þótt einhver slái yður í andlitið. 21 Eg segi þetta mér til minkunar, með því að vér líka höfum verið veikir; en þar sem aðrir láta drýgindalega — eg tala fávíslega, — þar gjöri eg það líka. 22 Eru þeir Hebrear? Eg líka. Eru þeir Ísraelítar? Eg líka. Eru þeir Abrahams sæði? Eg líka. 23 Eru þeir þjónar Krists? — Vitfirringslega mæli eg! — Eg er meira. Vegna meiri erfiðleika, vegna tíðari fangelsa, vegna hagga fram úr hófi, vegna dauðahættu oftsinnis; 24 af Gyðingum hefi eg fimm sinnum fengið fjörutíu fátt í einu; 25 þrisvar verið húðstrýktur, einu sinni verið grýttur, þrisvar liðið skipbrot, verið sólarhring í sjó, — 26 vegna sífeldra

ferðalaga, vegna háskasemda í vatnsföllum, vegna háskasemda af völdum ræningja, vegna háskasemda af völdum samlanda, vegna háskasemda af völdum heiðingja, vegna háskasemda í borgum, vegna háskasemda í óbygðum, vegna háskasemda á sjó, vegna háskasemda meðal falsbræðra, 27 vegna erfiðis og fyrirhafnar, vegna sífeldrar næturvöku, vegna hungurs og þorsta, vegna iðulegra föstuhalda, vegna kulda og klæðleysis. 28 Og ofan á alt annað, sem fyrir kemur, hið daglega ónæði, áhyggjan fyrir öllum kirkjunum. 29 Hver er sjúkur, að eg sé ekki sjúkur? Hver hneykslast, að eg brenni ekki? 30 Ef eg á að hrósa mér, vil eg hrósa mér af veikleika mínum. 31 Guð og faðir Drottins Jesú, hann, sem blessaður er að eilífu, veit að eg lýg ekki. 32 Í Damaskus setti landshöfðingi Areta konungs vörð um borg
Damaskusmanna, til þess að handtaka mig; 33 en gegnum glugga var eg látinn síga út fyrir múrinn í körfu og slapp þannig úr höndum hans.

12. kafli

1 Hrósa mér verð eg, þótt gagnlegt sé það ekki; en eg mun nú snúa mér að vitrunum og opinberunum Drottins. 2 Eg veit mann í Kristi, sem fyrir fjórtán árum, — hvort það var í líkamanum, það veit eg ekki, eða utan líkamans, það veit eg ekki, Guð veit það — að sá maður var uppnuminn alt til þriðja himins. 3 Og eg veit um þennan mann, — hvort það var í líkamanum eða án líkamans, það veit eg ekki, Guð veit það — 4 að hann var uppnuminn í Paradís og heyrði ósegjanleg orð, sem engum manni er leyft að mæla. 5 Af slíku vil eg hrósa mér; en af sjálfum mér vil eg ekki hrósa mér, nema þá af veikleika mínum. 6 Því að þótt eg vildi hrósa mér, væri eg ekki frávita, því að eg mundi segja sannleika. En eg hlífist við því, að ekki skuli neinn hugsa um mig fram yfir það, sem hann sér hjá mér eða heyrir til mín. 7 Og til þess að eg skuli ekki hrokast upp af hinum miklu opinberunum, er mér gefinn fleinn í holdið, Satans engill, til þess að slá mig, til þess að eg skuli ekki hrokast upp. 8 Viðvíkjandi honum hefi eg þrisvar beðið Drottin, að hann færi frá mér. 9 Og hann hefir svarað mér: Náð mín nægir þér; því að mátturinn fullkomnast í veikleika. Því vil eg mjög gjarnan þess framar hrósa mér af veikleika mínum, til þess að kraftur Krists megi taka sér bústað hjá mér. 10 Þess vegna uni eg mér vel í veikleika, í misþyrmingum, í nauðum, í ofsóknum, í þrengingum

vegna Krists, því að þegar eg er veikur, þá er eg máttugur. 11 Eg hefi gjörst frávita. Þér hafið neytt mig til þess; því að eg átti heimtingu á að hljóta meðmæli af yður. Því að í engu stóð eg þessum göfugu postulum að baki, enda þótt eg sé ekki neitt. 12 Poslulajarteinir voru gjörðar á meðal yðar í allri þolinmæði, bæði með táknum og undrum og kraftaverkum. 13 Því að í hverju voruð þér settir lægra en hinir söfnuðurnir, nema ef vera skyldi í því, að eg sjálfur hefi ekki verið yður til byrði? Fyrirgefið mér þennan órétt! 14 Sjá, þetta er nú í þriðja sinn að eg er ferðbúinn að koma til yðar, og mun eg ekki verða yður til byrði. Því að eg leita ekki þess sem yðar er, heldur yðar sjálfra. Því að ekki eiga börnin að safna fé handa foreldrunum, heldur foreldrarnir handa börnunum. 15 En eg vil mjög gjarnan leggja í sölurnar, já, leggja sjálfan mig í sölurnar fyrir sálir yðar. Ef eg elska yður innilegar, verð eg þá elskaður minna? 16 En látum svo vera, að eg hafi ekki verið yður til byrði, en hafi verið slægur og veitt yður með brögðum! 17 Hefi eg notað nokkurn þeirra, sem eg hefi sent til yðar, til þess að hafa hag af yður? 18 Eg hvatti Títus og sendi bróðurinn með honum. Hefir þá Títus haft hag af yður? Framgengum við ekki í einum og sama anda? Fetuðum við ekki í sömu fótsporin? 19 Fyrir löngu eruð þér farnir að halda, að vér séum að verja oss gagnvart yður. Nei, fyrir augliti Guðs í Kristi tölum vér. En alt, mínir elskuðu, yður til uppbyggingar. 20 Því að eg er hræddur um, að mér muni, ef til vill, er eg kem, þykja þér öðruvísi en eg óska, og að yður muni þykja eg öðruvísi en þér óskið; að á meðal yðar kunni að vera deilur, öfund, reiði, flokkadrættir, bakmælgi, rógburður, hroki, óeirðir; 21 að Guð minn muni yðar vegna auðmýkja mig, er eg kem aftur, og að eg muni hryggjast yfir mörgum þeirra, er áður hafa syndgað og ekki hafa iðrast saurlífisins, frillulífisins og ólifnaðarins, sem þeir drýgðu.

13. kafli

1 Þetta er nú í þriðja sinn sem eg kem til yðar. Af munni tveggja eða þriggja votta skal sérhvert mál staðfest verða. 2 Eg hefi sagt það fyrir og segi það fyrir, eins og þá er eg var nærstaddur í annað sinn, þannig einnig nú fjarstaddur, til þeirra sem áður hafa syndgað, og til allra hinna annarra, að næsta sinn sem eg kem, mun eg ekki hlífa þeim, 3 með því að þér krefjist

sönnunar af Kristi, sem talar í mér, honum, sem ekki er veikur gagnvart
yður, heldur er máttugur á meðal yðar. **4** Því að reyndar var hann krossfestur í
veikleika, en hann lifir fyrir Guðs kraft. Og einnig vér erum veikir í honum,
en munum þó lifa með honum fyrir Guðs kraft, yður til heilla. **5** Reynið yður
sjálfa, hvort þér eruð í trúnni, prófið yður sjálfa. Eða þekkið þér ekki sjálfa
yður, að Jesús Kristur er í yður? Það skyldi vera, að þér stæðust ekki prófið. **6**
En eg vona, að þér komist að raun um, að vér erum ekki þeir, sem ekki
standast prófið. **7** En vér biðjum til Guðs, að þér gjörið ekki neitt ilt, ekki til
þess að vér skulum koma fullreyndir í ljós, heldur til þess að þér gjörið hið
góða, en vér séum eins og þeir, sem ekki standast prófið. **8** Því að ekki
megnum vér neitt gegn sannleikanum, heldur fyrir sannleikann. **9** Því að vér
gleðjumst þegar vér erum veikir, en þér eruð styrkir. Það sem vér biðjum um,
er fullkomnun yðar. **10** Þess vegna rita eg þetta fjarverandi, til þess að eg
nálægur þurfi ekki að beita hörku, samkvæmt því valdi, sem Drottinn hefir
gefið mér til uppbyggingar, en ekki til niðurbrots. **11** Að öðru leyti, bræður,
verið glaðir. Verið fullkomnir, áminnið hver annan, verið samhuga, verið
friðsamir. Þá mun Guð kærleikans og friðarins vera með yður. **12** Heilsið hver
öðrum með heilögum kossi. Allir hinir heilögu heilsa yður. **13** Náðin Drottins
Jesú Krists og kærleiki Guðs og samfélag heilags anda sé með yður öllum.

Galatabréfið

Ad Galatas

1. kafli

1 Páll, postuli — ekki af mönnum né að tilhlutun manns, heldur að tilhlutun Jesú Krists og Guðs föður, sem uppvakti hann frá dauðum — **2** og allir bræðurnir, sem með mér eru: til safnaðanna í Galatalandi. **3** Náð sé með yður og friður frá Guði föður og drotni vorum Jesú Kristi, **4** sem gaf sjálfan sig fyrir syndir vorar, til þess að frelsa oss frá hinni yfirstandandi vondu öld, samkvæmt vilja Guðs og föður vors. **5** Honum sé dýrð um aldir alda, amen. **6** Mig furðar, að þér svo fljótt látið snúast frá honum, sem kallaði yður í náð Krists til annars konar fagnaðarerindis, **7** sem er ekki annað, heldur eru nokkrir, sem eru að trufla yður, og vilja umhverfa fagnaðarerindinu um Krist. **8** En þótt jafnvel vér eða engill frá himni færi að boða yður annað fagnaðarerindi en það, sem vér höfum boðað yður, þá sé hann bölvaður. **9** Eins og vér höfum áður sagt, eins segi eg nú aftur: ef nokkur boðar yður annað fagnaðarerindi en það, sem þér hafið viðtöku veitt, þá sé hann bölvaður. **10** Því að mun eg nú vera að tala eftir manna vild eða Guðs? Eða er eg að leitast við að þóknast mönnum? Ef eg væri enn þá að þóknast mönnum, þá væri eg ekki þjónn Krists. **11** Því að eg læt yður vita, bræður, að það fagnaðarerindi, sem boðað var af mér, er ekki mannaverk, **12** því að ekki hefi eg heldur veitt því viðtöku af manni né verið uppfræddur í því, heldur fyrir opinberun Jesú Krists; **13** því að þér hafið heyrt um hegðun mína áður fyrri í gyðingdóminum, að eg ofsótti ákaflega söfnuð Guðs og eyddi hann, **14** og eg fór lengra í Gyðingdóminum en margir jafnaldrar mínir meðal þjóðar minnar, þar sem eg var miklu vandlætingasamari um setninga forfeðra minna. **15** En þegar Guði, sem hafði útvalið mig frá móðurlífi og af náð sinni kallað, **16** þóknaðist að opinbera son sinn í mér, til þess að eg skyldi boða fagnaðarerindið um hann meðal heiðinna þjóða, þá ráðfærði eg mig eigi

jafnskjótt við hold og blóð; 17 ekki fór eg heldur upp til Jerúsalem til þeirra, sem voru postular á undan mér, heldur fór eg burt til Arabíu og sneri svo aftur til Damaskus. 18 Síðan fór eg eftir þrjú ár upp til Jerúsalem, til að kynnast Kefasi og dvaldi hjá honum fimtán daga, 19 en nokkurn annan af postulunum sá eg ekki, heldur aðeins Jakob, bróður Drottins. 20 Það sem eg skrifa yður, sjá, Guð veit að eg lýg því ekki. 21 Síðan kom eg í héruð Sýrlands og Kilikíu. 22 En eg var þá enn persónulega ókunnur kirkjunum í Júdeu, sem voru í Kristi. 23 En þeir höfðu einungis heyrt sagt: Sá sem áður ofsótti oss, boðar nú trúna, sem hann áður eyddi. 24 Og þeir vegsömuðu Guð fyrir mig.

2. kafli

1 Síðan fór eg að fjórtán árum liðnum aftur upp til Jerúsalem ásamt Barnabasi og tók líka Títus með mér; 2 en eg fór þangað eftir opinberun, og eg lagði fram fyrir þá fagnaðarerindið, sem eg prédika meðal heiðingjanna, og sérstaklega fram fyrir þá, sem í áliti voru, til þess að eg eigi skyldi hlaupa til ónýtis eða hafa hlaupið. 3 En ekki var einu sinni Títus, sem með mér var og var grískur maður, neyddur til að láta umskerast. 4 En það var sökum falsbræðranna, er höfðu smeygt sér inn og laumast höfðu inn, til að njósna um frelsi vort, það er vér höfum í Kristi Jesú, til þess að þeir gætu hnept oss í þrældóm. 5 Undan þeim létum vér ekki einu sinni eitt augnablik, til þess að sannleiki fagnaðarerindisins skyldi viðhaldast hjá yður. 6 En af þeim, sem í nokkuru áliti voru — hvað sem þeir svo áður voru, það skiftir mig engu, Guð fer ekki í manngreinarálit, — þeir sem í áliti voru, bættu engu við hjá mér; 7 heldur miklu fremur, þegar þeir sáu, að mér var trúað fyrir fagnaðarerindinu til hinna óumskornu, eins og Pétri til hinna umskornu — 8 því að sá, sem efldi Pétur til postuladæmis meðal hinna umskornu, efldi einnig mig fyrir heiðingjana — 9 og er þeir lærðu að þekkja náðina, er mér var veitt, þá réttu þeir Jakob og Kefas og Jóhannes, sem álitnir eru að vera máttarstólpar, mér og Barnabasi hönd sína til samfélags, til þess að við skyldum fara til heiðingjanna, en þeir til hinna umskornu; 10 einungis að vér skyldum minnast hinna fátæku, og einmitt þetta kappkostaði eg líka að gjöra. 11 En þegar Kefas kom til Antíokkíu, stóð eg í gegn honum upp í opin augun, því að

hann var sakfallinn. 12 Því að áður en nokkrir komu frá Jakob, samneytti hann heiðingjunum, en er þeir voru komnir, dró hann sig í hlé og skildi sig frá, því að hann óttaðist þá, sem voru af umskurninni; 13 og hinir Gyðingarnir fóru einnig að hræsna með honum, svo að jafnvel Barnabas lét dragast með af hræsni þeirra. 14 En þegar eg sá að þeir gengu ekki beint eftir sannleika fagnaðarerindisins, sagði eg við Kefas í allra áheyrn: Úr því að þú, sem ert Gyðingur, lifir að heiðingja siðum, en eigi Gyðinga, hvernig fer þú þá að neyða heiðingja til að lifa að Gyðinga siðum? 15 Vér erum að eðli til Gyðingar, en ekki syndarar af heiðingjum, 16 en þar eð vér vitum að maðurinn réttlætist ekki af lögmálsverkum og ekki nema fyrir trú á Jesúm Krist, þá höfum einnig vér tekið trú á Krist Jesúm, til þess að vér réttlættumst af trú á Krist, og ekki af lögmálsverkum, því að af lögmálsverkum mun ekkert hold réttlætast. 17 En ef vér, jafnframt því sem vér leituðumst við að réttlætast í Kristi, reyndumst líka sjálfir syndarar, er þá Kristur syndar þjónn? Fjarri fer því. 18 Því að fari eg aftur að byggja það upp, sem eg braut niður, þá kem eg sjálfur fram sem yfirtroðslumaður, 19 því að fyrir lögmál er eg dáinn lögmáli, til þess að eg lifi Guði. 20 Með Kristi er eg krossfestur. Eg lifi að vísu, þó ekki framar eg, heldur lifir Kristur í mér. En það sem eg nú lifi í holdinu, það lifi eg í trúnni á Guðs son, sem elskaði mig og gaf sig sjálfan út fyrir mig. 21 Ekki ónýti eg náð Guðs, því að ef til er réttlæting fyrir lögmál, þá hefir Kristur dáið til einkis.

3. kafli

1 Ó, þér óskynsömu Galatar, hver hefir töfrað yður, þar sem þó Jesús Kristur var uppmálaður krossfestur fyrir augum yðar? 2 Um þetta eitt vil eg fræðast af yður: öðluðust þér andann fyrir lögmálsverk? eða fyrir boðun trúar? 3 Eruð þér svo óskynsamir? Þér, sem byrjuðuð í anda, ætlið þér nú að enda í holdi? 4 Hafið þér til einkis reynt svo mikið? Ef það þá annars er til einkis. 5 Sá sem því veitir yður andann og framkvæmir máttarverk meðal yðar, gjörir hann það fyrir lögmálsverk? eða fyrir boðun trúar? 6 Eins og Abraham trúði Guði og það var honum til réttlætis reiknað. 7 Þér skuluð því vita, að þeir sem eru af trú, einmitt þeir eru Abrahams synir. 8 En þar eð ritningin sá það fyrir, að Guð mundi réttlæta þjóðirnar fyrir trú, boðaði hún Abraham fyrirfram þann

fagnaðarboðskap: Í þér skulu allar þjóðir verða blessaðar; — **9** þannig verða
þeir, sem eru af trú, blessaðir með hinum trúaða Abraham. **10** Því að allir þeir,
sem eru af lögmálsverkum, eru undir bölvun, því að ritað er: Bölvaður er
hver sá, sem ekki heldur fast við alt það, sem í lögmálsbókinni er ritað, svo
að hann breyti eftir því. **11** En það er augljóst, að fyrir Guði réttlætist enginn
fyrir lögmál, því hinn réttláti mun lifa af trú. **12** En lögmálið er ekki af trú,
heldur: sá sem breytir eftir þeim, mun lifa fyrir þau. **13** Kristur keypti oss
undan bölvun lögmálsins, með því að hann varð bölvun fyrir oss, því að ritað
er: Bölvaður er hver sá, sem á tré hangir, **14** til þess að þjóðunum skyldi
hlotnast blessun Abrahams í Kristi Jesú, til þess að vér skyldum öðlast
fyrirheit andans fyrir trúna. **15** Bræður, eg tala eftir mannlegri venju: enginn
ónýtir þó eða bætir við sáttmála manns, sem hefir verið staðfestur; **16** en
Abraham voru fyrirheitin gefin og afkvæmi hans; hann segir ekki: og
afkvæmum, eins og um marga, heldur eins og um einn: og afkvæmi þínu,
sem er Kristur. **17** Með þessu segi eg þá: sáttmála, sem fyrirfram var
staðfestur af Guði, ónýtir eigi lögmálið, sem út var gefið fjögur hundruð og
þrjátíu árum síðar, svo að það felli fyrirheitið úr gildi, **18** því að ef arfleifðin
fæst af lögmáli, þá fæst hún ekki lengur af fyrirheiti, en Guð veitti Abraham
hana með fyrirheiti. **19** Hvað er þá lögmálið? Vegna afbrotanna og þangað til
afkvæmið kæmi, sem fyrirheitið hljóðaði um, var því bætt við fyrir umsýslun
engla, fyrir hönd meðalgangara. **20** En meðalgangari er ekki fyrir einn, en
Guð er einn. **21** Er þá lögmálið gegn fyrirheitum Guðs? Fjarri fer því. Því að
ef það lögmál hefði verið gefið, sem hefði getað lífgað, þá væri réttlætið
vissulega af lögmáli. **22** En ritningin hefir innilokað alt undir synd, til þess að
fyrirheitið veitist fyrir trú á Jesúm Krist, þeim sem trúa. **23** En áður en trúin
kom, vorum vér undir lögmálsgæslu innilokaðir, þangað til sú trú, sem var í
vændum, opinberaðist. **24** Þannig hefir lögmálið orðið tyftari vor til Krists, til
þess að vér réttlættumst af trú. **25** En nú, þegar trúin er komin, erum vér ekki
lengur undir tyftara, **26** því að þér eruð allir Guðs börn í Kristi Jesú fyrir
trúna, **27** því að allir þér, sem eruð skírðir til Krists, þér hafið íklæðst Kristi. **28**
Hér er ekki Gyðingur né gríska, hér er ekki þræll né frelsingi, hér er ekki
karl né kona, því að þér eruð allir einn maður í Kristi Jesú. **29** En ef þér eruð
Krists, þá eruð þér niðjar Abrahams, erfingjar eftir fyrirheiti.

4. kafli

1 En eg segi, að alla þá stund, sem erfinginn er barn, er enginn munur á honum og þræl, þótt hann sé herra yfir öllu, **2** heldur er hann undir fjárhaldsmönnum og ráðsmönnum til þess tíma, er faðirinn hefir ákveðið; **3** þannig vorum vér einnig, er vér vorum börn, þrælbundnir undir stafrófi heimsins. **4** En þegar fylling tímans kom, útsendi Guð son sinn, fæddan af konu, fæddan undir lögmáli, **5** til þess að hann keypti lausa þá, sem voru undir lögmáli, til þess að vér fengjum sonarréttinn. **6** En þar eð þér eruð synir, þá hefir Guð útsent anda sonar síns í hjörtu vor, sem hrópar: Abba, faðir! **7** Þú ert þá ekki framar þræll, heldur sonur; en ef þú ert sonur, þá ert þú líka erfingi fyrir Guð. **8** En á þeim tíma, þá er þér þektuð ekki Guð, þá voruð þér að vísu þrælar þeirra, sem í eðli sínu eru ekki guðir; **9** en hvernig farið þér nú, eftir að þér hafið fengið þekkingu á Guði, eða öllu heldur: eruð af Guði þektir, að snúa aftur til hins veika og fátæklega stafrófs, sem þér af nýju viljið fara að þrælka undir? **10** Þér hafið gætur á dögum og mánuðum og tíðum og árum. **11** Eg er hræddur um yður, að eg kunni að hafa haft erfiði fyrir yður til ónýtis. **12** Eg bið yður, bræður: verðið eins og eg, því að eg er orðinn eins og þér. Í engu hafið þér gjört á hluta minn. **13** En þér vitið, að vegna veikleika holdsins boðaði eg yður fagnaðarerindið hið fyrra sinn; **14** og það, sem í holdi mínu gat freistað yðar, óvirtuð þér ekki né fyrirlituð, heldur tókuð þér á móti mér eins og engli Guðs, eins og Kristi Jesú sjálfum. **15** Hvar er nú sæluprísun yðar? Því að eg ber yður það vitni, að ef auðið hefði verið, hefðuð þér stungið augun úr yður og gefið mér. **16** Er eg þá orðinn óvinur yðar, vegna þess að eg segi yður sannleikann? **17** Þeir láta sér ant um yður, en það er eigi af góðu, heldur vilja þeir útiloka yður, til þess að þér látið yður ant um þá. **18** Að vísu er umönnun í því, sem gott er, ávalt góð, og ekki einungis meðan eg er hjá yður. **19** Börn mín, sem eg af nýju el með harmkvælum, þangað til Kristur er myndaður í yður! — **20** eg vildi eg væri nú hjá yður og gæti breytt rödd minni, því að eg er ráðalaus með yður. **21** Segið mér, þér sem viljið vera undir lögmáli, heyrið þér ekki lögmálið? **22** Því að ritað er, að Abraham átti tvo sonu, annan við ambáttinni, en hinn við frjálsu konunni. **23** En sonurinn við ambáttinni var fæddur á holdlegan hátt, en sonurinn við frjálsu konunni var fæddur eftir fyrirheiti. **24** Þetta hefir

annarlega merkingu, því að þær eru tveir sáttmálar: annar frá Sínaífjalli, sem elur börn til ánauðar, og hann er Hagar; 25 en Hagar er Sínaífjall í Arabíu og samsvarar hinni núverandi Jerúsalem, því að hún er í ánauð ásamt börnum sínum; 26 en Jerúsalem, sem í hæðum er, er frjáls, og hún er móðir vor; 27 því að ritað er: Ver glöð, óbyrja, sem ekkert barn hefir átt! hrópa og kalla hátt, þú sem ekki hefir jóðsjúk orðið! því að börn hinnar yfirgefnu eru fleiri en hinnar, sem manninn á. 28 En vér, bræður, erum fyrirheitis börn eins og Ísak. 29 En eins og forðum sá, sem fæddur var eftir holdinu ofsótti þann, sem fæddur var eftir andanum, svo er það og nú. 30 En hvað segir ritningin? Rek burt ambáttina og son hennar; því að ekki skal ambáttarsonurinn taka arf með syni frjálsu konunnar. 31 Fyrir því erum vér, bræður, ekki ambáttar börn, heldur börn frjálsu konunnar.

5. kafli

1 Til frelsis frelsaði Kristur oss; standið því fastir og látið ekki aftur leggja á yður ánauðarok. 2 Sjá, eg, Páll, segi yður, að ef þér látið umskerast, þá gagnar Kristur yður ekkert. 3 Og eg vitna af nýju fyrir hverjum manni, sem lætur umskerast, að hann er skyldur til að halda alt lögmálið. 4 Þér eruð orðnir viðskila við Krist, þér sem ætlið að réttlætast fyrir lögmál; þér eruð fallnir úr náðinni; 5 því að vér væntum í anda, af trú, réttlætingar vonar; 6 því að í Kristi Jesú gildir hvorki umskurn neitt né yfirhúð, heldur trú, starfandi fyrir kærleika. 7 Þér hlupuð vel; en hver hefir hindrað yður frá að hlýða sannleikanum? 8 Þær fortölur voru ekki frá honum, sem kallaði yður. 9 Lítið súrdeig sýrir alt deigið. 10 Eg hefi það traust til yðar í drotni, að þér verðið ekki neins annars hugar; en sá, sem truflar yður, mun bera sinn dóm, hver sem hann svo er. 11 En eg, bræður, ef eg enn þá er að prédika umskurn, hví er eg þá enn ofsóttur? Þá væri hneyksli krossins tekið burt. 12 Betur væri að þeir, sem koma yður í uppnám, létu og afsníðast. 13 Því að þér voruð, bræður, kallaðir til frelsis; notið aðeins ekki frelsið til færis fyrir holdið, heldur þjónið hver öðrum fyrir kærleikann. 14 Því að öllu lögmálinu er fullnægt með einu orði, með þessu: Elska skaltu náunga þinn eins og sjálfan þig. 15 En ef þér bítist og etið upp hver annan, sjáið þá við því, að þér tortímist ekki hver fyrir öðrum. 16 En eg segi: Framgangið í andanum, og þá fullnægið þér ekki

girnd holdsins. 17 Því að holdið girnist gegn andanum, og andinn gegn holdinu, því að þetta stendur hvort gegn öðru, til þess að þér gjörið ekki það, sem þér viljið. 18 En ef þér leiðist af andanum, þá eruð þér ekki undir lögmáli. 19 En holdsins verk eru augljós, og eru þau: frillulífi, óhreinleikur, saurlífi, 20 skurðgoðadýrkun, fjölkyngi, fjandskapur, deilur, metningur, bræði, sérplægni, tvídrægni, flokkadráttur, 21 öfund, ofdrykkja, svall og annað þessu líkt; og um það segi eg yður fyrir, eins og eg hefi áður sagt, að þeir, sem slíkt gjöra, munu ekki erfa guðsríki. 22 En ávöxtur andans er: kærleiki, gleði, friður, langlyndi, gæska, góðvild, trúmenska, hógværð, bindindi; 23 gegn slíku er ekkert lögmál. 24 En þeir sem eru Krists Jesú, hafa krossfest holdið með ástríðum þess og girndum. 25 Ef vér lifum í andanum, þá framgöngum einnig í andanum. 26 Verum ekki hégómagjarnir, svo að vér áreitum hver annan og öfundum hver annan.

6. kafli

1 Bræður! ef einhver misgjörð kann að henda mann, þá leiðréttið þér, sem andlegir eruð, þann mann með hógværðar anda, og haf gát á sjálfum þér, að þú freistist ekki líka. 2 Berið hver annars byrðar og uppfyllið þannig lögmál Krists. 3 Því að þykist nokkur vera nokkuð, þar sem hann þó er ekkert, þá dregur hann sjálfan sig á tálar. 4 En sérhver rannsaki verk sjálfs sín, og þá mun hann hafa hrósunarefni einungis fyrir sjálfan sig, en ekki fyrir aðra; 5 því að sérhver mun verða að bera sína eigin byrði. 6 En sá, sem uppfræðist í orðinu, veiti þeim, sem uppfræðir, hlutdeild með sér í öllum gæðum. 7 Villist ekki! Guð lætur ekki að sér hæða; því að það, sem maður sáir, það mun hann og uppskera. 8 Því að sá, sem sáir í hold sjálfs sín, mun af holdinu uppskera glötun; en sá, sem sáir í andann, mun af andanum uppskera eilíft líf. 9 En þreytumst ekki að gjöra það, sem gott er, því að á sínum tíma munum vér uppskera, ef vér ekki gefumst upp. 10 Þess vegna, eftir því sem vér höfum færi á, þá gjörum gott öllum og einkum trúbræðrum vorum. 11 Sjáið, með hversu stórum stöfum eg skrifa yður með minni eigin hendi. 12 Allir þeir, sem vilja líta vel út að holdinu til, þeir eru það, sem eru að þrengja yður til að láta umskerast, einungis til þess að þeir eigi verði ofsóttir vegna krossins Krists; 13 því að ekki halda einu sinni sjálfir þeir, sem umskornir eru,

lögmálið, heldur vilja þeir að þér látið umskerast, til þess að þeir geti stært sig af holdi yðar. **14** En það sé fjarri mér að hrósa mér, nema af krossi Drottins vors Jesú Krists, fyrir hvern heimurinn er mér krossfestur og eg heiminum. **15** Því að hvorki er umskurn neitt, né yfirhúð, heldur ný skepna. **16** Og yfir öllum þeim, sem þessari reglu fylgja, sé friður og miskunn, og yfir Ísrael Guðs. **17** Enginn mæði mig héðan í frá, því að eg ber merki Jesú á líkama mínum. **18** Náðin Drottins vors Jesú Krists sé með yðar anda, bræður. Amen.

Efesusbréfið

Ad Ephesios

1. kafli

1 Páll, postuli Krists Jesú fyrir vilja Guðs, til hinna heilögu, sem eru í Efesus,
og trúuðu í Kristi Jesú. **2** Náð sé með yður og friður frá Guði föður vorum og
drotni Jesú Kristi. **3** Blessaður sé Guð og faðir Drottins vors Jesú Krists, er
oss hefir blessað með allri andlegri blessun á himnum í Kristi, **4** eins og hann
útvaldi oss í honum fyrir grundvöllun heimsins, til þess að vér skyldum vera
heilagir og flekklausir frammi fyrir honum í kærleika, **5** og fyrirhugaði oss til
sonarstöðu hjá sér fyrir Jesúm Krist, eftir velþóknun vilja síns, **6** til lofs
dýrðar náðar sinnar, er hann veitti oss náðarsamlega í hinum elskaða, **7** en í
honum höfum vér endurlausnina fyrir blóð hans, fyrirgefningu afbrotanna,
eftir ríkdómi náðar hans, **8** sem hann lét yfirgnæfa oss til handa í allri speki
og skilningi, **9** þá er hann kunngjörði oss leyndardóm vilja síns eftir
velþóknun sinni, er hann hafði ásett sér í honum, **10** um ráðstöfun á fyllingu
tímanna, að endursafna öllu í Kristi, því sem er á himnum, og því sem er á
jörðunni, **11** í honum, sem vér og höfum öðlast arfleifð í, fyrirhugaðir eftir
fyrirætlun hans, sem framkvæmir alt eftir ráði vilja síns, **12** til þess að vér
skyldum vera til lofs dýrðar hans, vér sem áður höfum vonað á Krist, **13** í
hverjum og þér, þá er þér heyrðuð orð sannleikans, fagnaðarerindið um
sáluhjálp yðar — í hverjum og þér, er þér urðuð trúaðir, voruð innsiglaðir
með hinum heilaga anda fyrirheitisins, **14** sem er pantur arfleifðar vorrar, til
endurlausnar eignarinnar, til lofs dýrðar hans. **15** Fyrir því læt eg heldur eigi
af, síðan eg heyrði um trúna hjá yður á Drottin Jesúm og kærleikann til allra
heilagra, **16** að þakka fyrir yður, um leið og eg minnist yðar í bænum mínum,
17 til þess að Guð Drottins vors Jesú Krists, faðir dýrðarinnar, gefi yður anda
speki og opinberunar í þekkingu á honum **18** og upplýsi augu hjarta yðar, til
þess að þér vitið, hver von köllunar hans er, hver ríkdómur dýrðar arfleifðar

hans meðal hinna heilögu, 19 og hver hinn yfirgnæfandi mikilleikur máttar
hans gegn oss, sem trúum, eftir framkvæmd kraftar styrkleiks hans, 20 sem
hann framkvæmdi á Kristi, þá er hann reisti hann frá dauðum og setti hann
sér til hægri handar á himnum, 21 ofar hverri tign og valdi og mætti og
herradómi og hverju því nafni, sem nefnt er, ekki einungis á þessari öld,
heldur og á hinni komandi, 22 og alt lagði hann undir fætur hans, og gaf hann
til að vera höfuð yfir öllum kirkjunni, 23 sem er líkami hans, fylling hans,
sem fyllir alt í öllum.

2. kafli

1 Einnig yður, sem dauðir voruð, vegna afbrota yðar og synda, 2 er þér áður
genguð í, samkvæmt aldarhætti þessa heims, í samkvæmni við höfðingja
valdsins í loftinu, andans, sem nú verkar í sonum óhlýðninnar, 3 sem einnig
vér lifðum áður allir meðal, í girndum holds vors, gjörandi vilja holdsins og
hugrenninganna og vorum að eðli til reiðibörn eins og hinir. 4 En Guð, sem
ríkur er af miskunn, lífgaði með Kristi oss, vegna sinnar miklu elsku, sem
hann elskaði oss með, 5 jafnvel oss, sem vorum dauðir, vegna misgjörðanna
— af náð eruð þér hólpnir orðnir — 6 og uppvakti oss með honum og setti
oss með honum á himnum, í Kristi Jesú, 7 til þess að sýna á hinum komandi
öldum hinn yfirgnæfandi ríkdóm náðar sinnar, í gæsku við oss í Kristi Jesú; 8
því að af náðinni eruð þér hólpnir orðnir fyrir trú, og það er ekki af yður;
Guðs er gjöfin. 9 Ekki af verkum, til þess að enginn skuli hrósa sér. 10 Því að
hans verk erum vér, skapaðir í Kristi Jesú til góðra verka, sem Guð hefir
fyrirbúið til þess að vér skyldum framganga í þeim. 11 Minnist þess vegna
þess, að þér, sem áður voruð heiðingjar í holdi, sem kallaðir eruð yfirhúð af
umskurninni, sem kölluð er, og er á holdi með höndum gjörð, 12 að þér voruð
á þeim tíma án Krists, útilokaðir frá þegnrétti Ísraels og fjarlægir sáttmálum
fyrirheitisins, án vonar og án Guðs í heiminum. 13 En nú, í Kristi Jesú eruð
þér, sem áður voruð í fjarlægð, nálægir orðnir í blóði Krists; 14 því að hann er
vor friður, hann sem úr báðum gjörði eitt og reif niður millivegg
girðingarinnar, 15 þá er hann afmáði með holdi sínu fjandskapinn, lögmál
boðorðanna í tilskipunum, til þess að umskapa í sjálfum sér hina tvo til að
vera einn nýr maður, semjandi frið, 16 og að friðþægja þá báða í einum

líkama við Guð, fyrir krossinn, þá er hann hafði deytt fjandskapinn á honum;
17 og hann kom og boðaði frið yður, hinum fjarlægu, og frið hinum nálægu.
18 Því að fyrir hann höfum vér hvorirtveggja í einum anda aðgang til föðurins. 19 Þér eruð þess vegna ekki framar aðkomumenn og útlendingar,
heldur eruð þér samþegnar hinna heilögu og heimamenn Guðs, 20 uppbygðir
á grundvelli postulanna og spámannanna, þar sem Kristur Jesús er sjálfur
hyrningarsteinn, 21 sem hver bygging samtengist í og vex og verður heilagt
musteri í drotni, 22 sem einnig þér eruð sambygðir í til bústaðar Guðs í
andanum.

3. kafli

1 Þessa vegna er eg, Páll, bandingi Krists Jesú, vegna yðar heiðingjanna, 2 ef
þér annars hafið heyrt um þá ráðstöfun Guðs náðar, sem mér er veitt yður til
handa, 3 að fyrir opinberun var leyndardómurinn auglýstur mér, eins og eg
áður hefi skrifað í stuttu máli, 4 svo að þér getið, þá er þér lesið það, af því
skynjað skilning minn á leyndardómi Krists, 5 sem hjá öðrum kynslóðum var
ekki auglýstur sonum mannanna, eins og hann hefir nú verið opinberaður
hinum heilögu postulum hans og spámönnum í andanum, 6 að heiðingjarnir
séu samarfar og limir á sama líkama og samhluttakendur fyrirheitisins í
Kristi Jesú, fyrir fagnaðarerindið, 7 hvers þjónn eg er orðinn, eftir gjöf náðar
Guðs, sem mér hefir verið veitt, eftir framkvæmd máttar hans; 8 mér, hinum
minsta allra heilagra, var veitt þessi náð, að boða heiðingjunum
fagnaðarerindið um hinn órannsakanlega ríkdóm Krists, 9 og að upplýsa alla
um það, hver sé ráðstöfun leyndardómsins, sem frá eilífð hefir verið hulinn í
Guði, sem alt hefir skapað, 10 til þess að hin margbreytta speki Guðs skyldi
nú fyrir kirkjuna auglýst verða völdunum og yfirráðunum á himnum, 11 eftir
eilífri fyrirætlun, sem hann framkvæmdi í Kristi Jesú, drotni vorum, 12 í
hverjum vér höfum djörfungina og aðganginn í trausti fyrir trúna á hann. 13
Fyrir því bið eg að þér látið eigi hugfallast í þrengingum mínum fyrir yður,
sem eru yðar heiður. 14 Þess vegna beygi eg kné mín fyrir föðurnum, 15 sem
hvert faðerni fær nafn af á himni og jörðu, 16 að hann gefi yður eftir ríkdómi
dýrðar sinnar að styrkjast með krafti fyrir anda sinn í hinum innra manni, 17
til þess að Kristur megi búa fyrir trúna í yðar hjörtum, 18 til þess að þér,

rótfestir og grundvallaðir í kærleika, megnið að skilja ásamt öllum heilögum, hver sé breiddin, lengdin, hæðin og dýptin **19** og að þekkja kærleik Krists, sem yfirgnæfir þekkinguna, til þess að þér fyllist til allrar fyllingar Guðs. **20** En honum, sem megnar að gjöra fram yfir alt, yfirgnæfanlega mikið fram yfir það, sem vér biðjum eða skynjum, eftir þeim krafti, sem í oss verkar, **21** honum sé dýrð í kirkjunni og í Kristi Jesú um allar kynslóðir, um aldir alda. Amen.

4. kafli

1 Eg, bandinginn í drotni, áminni yður þess vegna um að framganga eins og samboðið er kölluninni, sem þér eruð kallaðir með, **2** með öllu lítillæti og hógværð, með langlyndi, svo að þér umberið hver annan í kærleika **3** og kappkostið að varðveita einingu andans í bandi friðarins. **4** Einn líkami og einn andi, eins og þér einnig voruð kallaðir í einni von við köllun yðar; **5** einn Drottinn, ein trú, ein skírn, **6** einn Guð og faðir allra, sem er yfir öllum og með öllum og í öllum. **7** En sérhverjum af oss var náðin veitt eftir mæli Krists gjafar. **8** Þess vegna segir hann: Stiginn upp til hæðar hertók hann fanga og gaf mönnunum gjafir; **9** en þetta, »hann steig upp«, hvað er það annað en að hann líka steig niður til neðri hluta jarðarinnar? **10** En sá, sem niður steig, er og hinn sami, sem upp sté, upp yfir alla himna, til þess að hann mætti uppfylla alt. **11** Og sá hinn sami hefir gefið suma sem postula, suma sem spámenn, suma sem trúboða, suma sem hirða og kennara, **12** til þess að fullkomna hina heilögu, til þjónustustarfs, til uppbyggingar líkama Krists, **13** þangað til vér allir náum til einingar trúarinnar og þekkingarinnar á Guðs syni, til fullorðins manns, til mælis vaxtar Krists fyllingar, **14** til þess að vér séum ekki framar börn, er hrekjumst og berumst fram og aftur af hverjum kenningarvindi, við brögð mannanna, í slægð eftir vélum villunnar, **15** heldur ástundum sannleikann í kærleika og fáum vaxið í öllu til hans, sem er höfuðið, Kristur, **16** út frá hverjum allur líkaminn, samanfeldur og samantengdur með hvers konar liðveitandi taug, eftir vöxt sinn til eigin uppbyggingar í kærleika, eftir þeim starfskrafti, sem hver einstakur hluti er gæddur. **17** Þetta segi eg því og vitna í drotni, að þér ekki framar skuluð framganga eins og heiðingjarnir framganga í hégómleik hugskots síns, **18** þeir

sem eru blindaðir í hugsun sinni, fjarlægir lífi Guðs, vegna
vanþekkingarinnar, sem í þeim er, vegna harðúðar hjarta þeirra, 19 þeir sem
tilfinningarlausir hafa ofurselt sig saurlífi, til að drýgja alls konar óhreinleik
samfara ágirnd. 20 En þér hafið ekki lært Krist þannig, 21 ef svo er að þér
hafið heyrt hann og hafið verið uppfræddir í honum, á þann hátt, sem
sannleikur er í Jesú: 22 að þér skulið afleggja, að því er snertir hina fyrri
breytni, hinn gamla mann, sem spillist samkvæmt girndum tálsins, 23 en að
þér skulið endurnýjast í anda hugskots yðar 24 og íklæðast hinum nýja manni,
sem skapaður er eftir Guði í réttlæti og heilagleika sannleikans. 25 Afleggið
þess vegna lygina og talið sannleika hver við náunga sinn, því að vér erum
limir hver annars. 26 Reiðist og syndgið ekki, sólin má ekki setjast yfir reiði
yðar, 27 og gefið ekki heldur djöflinum rúm. 28 Sá sem stelur, steli ekki
framar, heldur vinni og gjöri það, sem gott er, með höndum sínum, til þess
að hann hafi eitthvað til þess að miðla þeim, sem þurfandi er. 29 Látið ekkert
svívirðilegt orð fara út af munni yðar, heldur það, sem gott er til
uppbyggingar, eftir því sem þörf er á, til þess að það veiti náð þeim sem
heyra. 30 Og hryggið ekki hinn heilaga anda Guðs, sem þér eruð innsiglaðir í
til endurlausnar-dagsins. 31 Látið hvers konar beiskleika, ofsa, reiði, hávaða
og lastmæli vera fjarlæg yður, ásamt allri mannvonsku; 32 en verðið góðir
hver við annan, meðaumkunarsamir, fúsir að fyrirgefa hver öðrum, eins og
einnig Guð hefir í Kristi fyrirgefið yður.

5. kafli

1 Verðið því eftirbreytendur Guðs sem elskuð börn, 2 og framgangið í
kærleika, eins og einnig Kristur elskaði yður og gaf sig sjálfan út fyrir oss,
sem fórnargjöf og sláturfórn, Guði til velþóknunarilms. 3 En frillulífi og
hvers konar óhreinleiki eða ágirnd á ekki einu sinni að nefnast á nafn á
meðal yðar, eins og heilögum hæfir, 4 og ekki heldur svívirðilegt athæfi eða
fíflslegt hjal eða gárungaháttur, sem er ósæmilegt, heldur miklu fremur
þakkargjörð; 5 því að það vitið þér og þekkið, að enginn frillulífismaður, eða
saurugur eða ágjarn, sem er hjáguðadýrkari, hefir arftöku í ríki Krists og
Guðs. 6 Látið engan tæla yður með marklausum orðum, því að fyrir þetta
kemur reiði Guðs yfir syni óhlýðninnar. 7 Takið því ekki hlutdeild með þeim;

8 því að áður voruð þér myrkur, en nú eruð þér ljós í drotni; framgangið eins
og börn ljóssins, — **9** því að ávöxtur ljóssins er alls konar góðvild, réttlæti og
sannleiki — **10** og rannsakið, hvað drotni er þóknanlegt, **11** en takið ekki þátt
með þeim í hinum ávaxtarlausu verkum myrkursins, heldur miklu fremur
vandið um þau, **12** því að það, sem þeir drýgja í leyndum, er jafnvel skömm
um að tala, **13** en alt þetta er opinberað af ljósinu, þegar vandað er um það,
því að sérhvað það, sem opinberað er, er ljós. **14** Þess vegna segir svo: Vakna
þú, sem sefur, og rís upp frá dauðum, og þá mun Kristur lýsa þér. **15** Gætið
því nákvæmlega að, hvernig þér framgangið, ekki sem fávísir, heldur sem
vísir; **16** kaupið hinn hentuga tíma, því að dagarnir eru vondir. **17** Verið því
ekki óskynsamir, heldur skynjið, hvað er vilji Drottins, **18** og verðið ekki
druknir af víni, því að í því er spilling, heldur fyllist andanum, **19** og hafið
yfir hver fyrir öðrum sálma, lofsöngva og andleg ljóð, og syngið og leikið
drotni lof í hjarta yðar, **20** og þakkið jafnan Guði og föður fyrir alla hluti í
nafni Drottins vors Jesú Krists, **21** og gjörið yður hver öðrum undirgefna í
ótta Krists. **22** Þér konur, gjörið yður undirgefnar eiginmönnum yðar, eins og
drotni, **23** því að maðurinn er höfuð konunnar, eins og einnig Kristur er höfuð
kirkjunnar, hann sem er frelsari líkama síns. **24** En eins og kirkjan gjörir sig
undirgefinn Kristi, þannig líka konurnar mönnum sínum í öllu. **25** Þér menn,
elskið konur yðar, eins og Kristur elskaði kirkjuna og gaf sig sjálfan út fyrir
hann, **26** til þess að hann helgaði hann, er hann hafði hreinsað hann við
vatnslaugina með orði, **27** til þess að láta kirkjuna koma fram fyrir sjálfan sig
sem dýrlegan söfnuð, sem hefði ekki blett né hrukku eða neitt þess háttar,
heldur væri heilagur og lýtalaus. **28** Þannig eiga líka mennirnir að elska konur
sínar eins og líkami sjálfra sín. Sá sem elskar konu sína, elskar sjálfan sig, **29**
því að enginn hefir nokkuru sinni hatað sitt eigið hold, heldur elur hann önn
fyrir því og hjúkrar því, eins og einnig Kristur kirkjunni. **30** Því að vér erum
limir á líkama hans. **31** Þess vegna skal maður yfirgefa föður sinn og móður
sína og búa við eiginkonu sína, og munu þau tvö verða eitt hold. **32** Þessi
leyndardómur er mikill, en eg segi það í tilliti til Krists og kirkjunnar. **33** En
samt skuluð þér einnig hver um sig elska þannig eiginkonu sína eins og
sjálfan sig; en konan, hún á að bera lotningu fyrir manni sínum.

6. kafli

1 Þér börn, hlýðið foreldrum yðar í drotni, því að það er rétt. **2** Heiðra föður þinn og móður, — það er hið fyrsta boðorð með fyrirheiti — **3** til þess að þér vegni vel og þú verðir langlífur í landinu. **4** Og þér feður, reitið ekki börn yðar til reiði, heldur uppalið þau með aga og umvöndun Drottins. **5** Þér þjónar, hlýðið þeim, sem eftir holdinu eru drotnar yðar, með lotningu og ótta, í einlægni hjarta yðar, eins og Kristi, **6** ekki með augnaþjónustu, eins og þeir er mönnum vilja þóknast, heldur eins og þjónar Krists, er gjöra vilja Guðs af alhuga, **7** og þjónið þeim með fúsu geði, eins og drotni og ekki mönnum, **8** með því að þér vitið, að hvað gott sem hver gjörir, það mun hann fá aftur af drotni, hvort sem hann er þræll eða frjáls maður. **9** Og þér drotnar, breytið eins við þá, og látið af hótunum, með því að þér vitið, að bæði þeirra og yðar Drottinn er á himnum, og að hjá honum er ekkert manngreinarálit. **10** Að öðru leyti styrkist í drotni og í krafti máttar hans; **11** íklæðist alvæpni Guðs, til þess að þér getið staðist vélabrögð djöfulsins, **12** því að baráttan, sem vér eigum í, er ekki við blóð og hold, heldur við völdin, við yfirráðin, við heimsdrotna þessa myrkurs, við vonskunnar anda í himingeiminum. **13** Fyrir því skuluð þér taka alvæpni Guðs, til þess að þér getið veitt mótstöðu á hinum vonda degi, og getið staðist, er þér hafið framkvæmt alt. **14** Standið því gyrtir sannleika um lendar yðar og íklæddir brynju réttlætisins **15** og skóaðir á fótunum með viðbúinleik fagnaðarboðskaps friðarins, **16** og takið jafnframt upp skjöld trúarinnar, sem þér munuð geta slökt með öll hin eldlegu skeyti hins vonda, **17** og takið hjálm hjálpræðisins og sverð andans, sem er Guðs orð; **18** og með alls konar bæn og heiðni skuluð þér biðja á hverri tíð í andanum og vera árvakrir við það með allri kostgæfni og beiðni fyrir öllum heilögum, **19** og fyrir mér, til þess að mér verði gefin orð, þá er eg lýk upp munni mínum, til þess að boða með djörfung leyndardóm
fagnaðarboðskaparins, **20** sem eg er sendiboði fyrir í fjötrum, til þess að eg megi flytja hann með djörfung, eins og mér ber að tala. **21** En til þess að þér einnig fáið að vita um mína hagi, hvernig mér líður, þá mun Týkíkus, hinn elskaði bróðir og trúi þjónn í drotni, skýra yður frá öllu. **22** Og hann sendi eg til yðar einmitt í þeim tilgangi, til þess að þér fáið að vita um vora hagi, og hann geti huggað hjörtu yðar. **23** Friður sé með bræðrunum og kærleiki með

trú af Guði föður og drotni Jesú Kristi. 24 Náðin sé með öllum þeim, sem elska Drottin vorn Jesúm Krist í óforgengileik!

Filippíbréfið

Ad Philippenses

1. kafli

1 Páll og Tímóteus, þjónar Krists Jesú, til allra heilagra í Kristi Jesú, sem eru
í Filippí, ásamt biskupum og djáknum. **2** Náð sé með yður og friður frá Guði
föður vorum og drotni Jesú Kristi. **3** Eg þakka Guði mínum í hvert skifti sem
eg hugsa til yðar, **4** og gjöri ávalt í öllum bænum mínum með gleði bæn fyrir
yður öllum, **5** fyrir samfélag yðar um fagnaðarerindið, frá hinum fyrsta degi
til þessa; **6** þar eð eg fulltreysti einmitt því, að hann, sem byrjaði í yður gott
verk, muni fullkomna það alt til dags Jesú Krists, **7** eins og einnig rétt er fyrir
mig að bera þennan huga til yðar allra, þar eð eg hefi yður í hjarta mínu, þar
sem þér eruð allir hluttakandi ásamt mér í náðinni, bæði í fjötrum mínum og
við vörn og staðfesting fagnaðarerindisins. **8** Því að Guð er mér þess vitni,
hvernig eg þrái yður alla með ástúð Krists Jesú; **9** og þetta bið eg um, að
elska yðar aukist enn þá meir og meir, með þekkingu og allri greind, **10** svo
að þér getið metið rétt þá hluti, sem munur er á, til þess að þér séuð hreinir
og ámælislausir til dags Krists, **11** auðugir að réttlætis ávexti, þeim er fæst
fyrir Jesúm Krist, til dýrðar og lofs Guði. **12** En eg vil, bræður, að þér skulið
vita, að það, sem fram við mig hefir komið, hefir mikillega orðið
fagnaðarerindinu til eflingar, **13** svo að það er augljóst orðið í allri
lífvarðarhöllinni og fyrir öllum öðrum, að fjötrar mínir eru í Kristi, **14** og að
flestir af bræðrunum í drotni hafa, uppörfaðir við fjötra mína, meiri djörfung
til að tala orð Guðs óttalaust. **15** Sumir prédika að sönnu Krist af öfund og
þrætugirni, en sumir gjöra það líka af góðum hug; **16** þeir, sem gjöra það af
kærleika, gjöra það vegna þess, að þeir vita, að eg er settur fagnaðarerindinu
til varnar; **17** en hinir, sem prédika Krist af sérdrægni, gjöra það ekki af
hreinum huga, heldur í þeim tilgangi að bæta þrengingu ofan á fjötra mína. **18**
En hvað um það? einungis að Kristur er boðaður á allan hátt, hvort sem það

heldur er af yfirdrepskap eða í sannleika; og þetta gleður mig og það mun einnig gleðja mig; 19 því að eg veit, að þetta verður mér til frelsunar fyrir bæn yðar og fulltingi anda Jesú Krists, 20 eftir innilegri löngun minni og von, að eg í engu muni til skammar verða, heldur að Kristur muni í allri djörfung einnig nú, eins og ávalt, miklast fyrir líkama minn, hvort sem það verður með lífi eða dauða; 21 því að mér er það að lifa Kristur og að deyja ávinningur. 22 En ef það að lifa í holdinu er starfsávöxtur fyrir mig, þá veit eg reyndar ekki, hvað eg á að kjósa. 23 Það er tvent, sem þrýstir að mér, þar sem eg hefi löngun til að fara héðan og vera með Kristi, því að það væri miklu betra; 24 en að dvelja í holdinu er nauðsynlegra yðar vegna; 25 og í trausti til þess veit eg að eg muni lifa og halda áfram að vera hjá yður öllum, yður til framfara og gleði í trúnni, 26 til þess að hrós yðar verði því meira í Kristi Jesú fyrir mína skuld, við það að eg kem aftur til yðar. 27 Einungis skuluð þér hegða yður eins og samboðið er fagnaðarerindi Krists, til þess að hvort sem eg kem og sé yður, eða eg er fjarverandi, að eg fái að heyra um yður, að þér standið stöðugir í einum anda og berjist saman með einni sál, fyrir trú fagnaðarerindisins, 28 og látið í engu skelfast af mótstöðumönnunum, sem fyrir þá er merki um glötun þeirra, en um hjálpræði yðar, og það frá Guði; 29 því að yður er veitt sú náð fyrir Krists sakir, ekki einungis að trúa á hann, heldur og að þola þjáningar hans vegna, 30 yður, sem eigið í sömu baráttu, sem þér áður sáuð á mér og nú heyrið um mig.

2. kafli

1 Ef því nokkur upphvatning er í Kristi, ef nokkurt kærleiksávarp, ef nokkurt samfélag andans, ef nokkur ástúð og meðaumkvun á sér stað, 2 þá gjörið gleði mína fullkomna, svo að þér séuð samhuga, hafið sama kærleika og hafið með einni sál eitt í huga; 3 ekkert af sérdrægni né hégómagirnd, heldur metið með lítillæti hver annan meira en sjálfan sig; 4 og sérhver líti ekki einungis til þess, sem hans er, heldur líti og sérhver til þess, sem annarra er. 5 Hafið það hugarfar í yður, sem og var í Kristi Jesú, 6 sem áleit það ekki, þótt hann væri í Guðs mynd, rán að vera jafn Guði, 7 heldur afklæddist henni, er hann tók þjóns mynd og kom í líkingu manns; 8 og er hann kom fram að ytra hætti sem maður, lítillækkaði hann sjálfan sig og varð hlýðinn til dauða, já til

dauða á krossi. 9 Fyrir því hefir og Guð hátt upp hafið hann, og gefið honum nafnið, sem hverju nafni er æðra, 10 til þess að í nafni Jesú skuli hvert kné beygja sig, þeirra, sem eru á himni, og þeirra, sem eru á jörðu, og þeirra, sem undir jörðunni eru, 11 og sérhver tunga viðurkenna, að Jesús Kristur er Drottinn, Guði föður til dýrðar. 12 Eins og þér þess vegna, mínir elskuðu, hafið ætíð verið hlýðnir, svo vinnið að sáluhjálp yðar með ugg og ótta, ekki eins og í viðurvist minni aðeins, heldur nú miklu fremur að mér fjarverandi; 13 því að það er Guð, sem verkar í yður bæði að vilja og framkvæma, sér til velþóknunar. 14 Gjörið alt án mögls og efablendni, 15 til þess að þér verðið óaðfinnanlegir og einlægir, flekklaus Guðs börn meðal rangsnúinnar og gjörspiltrar kynslóðar, sem þér skínið hjá eins og himinljós í heiminum, 16 og haldið fast við orð lífsins, mér til hróss á degi Krists, að eg hafi ekki hlaupið til ónýtis né erfiðað til ónýtis. 17 En þótt mér, við fórn og þjónustu mína að trú yðar, verði sjálfum fórnað, þá gleðst eg og samgleðst yður öllum; 18 en af hinu sama skuluð þér einnig gleðjast og samgleðjast mér. 19 En eg vona í drotni Jesú, að eg bráðum muni geta sent Tímóteus til yðar, til þess að einnig mér verði hughægra, þá er eg fæ að vita um hagi yðar; 20 því að engan hefi eg með sama huga, þann er láti sér einlæglega ant um hagi yðar; 21 því að allir leita þeir þess, sem er þeirra sjálfra, en ekki þess, sem Jesú Krists er. 22 En þér vitið, hvernig hann hefir reynst, að hann hefir þjónað að boðun fagnaðarerindisins með mér, eins og barn þjónar föður sínum. 23 Hann vona eg þá að geta sent, jafnskjótt og eg er búinn að fullsjá, hvað um mig verður. 24 En eg treysti því í drotni, að eg muni og bráðum koma sjálfur. 25 En eg hefi álitið nauðsynlegt að senda til yðar Epafrodítus, bróður minn og samverkamann og samherja, en sendimann yðar og erindreka í því að bæta úr þörf minni, 26 því að hann þráði yður alla og var angurvær út af því, að þér höfðuð heyrt, að hann hefði orðið sjúkur; 27 því sjúkur varð hann, aðkominn dauða, en Guð miskunnaði honum, og ekki einungis honum, heldur og mér, til þess að eg eigi skyldi hafa hrygð á hrygð ofan. 28 Þessa vegna hefi eg flýtt mér því heldur að senda hann, til þess að þér verðið aftur glaðir, er þér sjáið hann, og mér verði hughægra. 29 Takið því á móti honum í drotni með öllum fögnuði, og hafið slíka menn í heiðri, 30 því að fyrir verk Krists var hann að dauða kominn, þar eð hann lagði líf sitt í hættu, til þess að hann bætti upp það, sem brast á þjónustu yðar mér til handa.

3. kafli

1 Að öðru leyti, bræður mínir, gleðjist í drotni. Að skrifa yður hið sama er mér eigi erfitt, en fyrir yður er það tryggjandi. **2** Gefið gætur að hundunum, gefið gætur að hinum vondu verkamönnum, gefið gætur að sundurskurninni; **3** því að vér erum umskurnin, vér sem dýrkum Guð með hans anda og hrósum oss í Kristi Jesú, og treystum ekki holdinu, **4** jafnvel þótt eg einnig í holdinu hafi það, sem eg gæti treyst. Ef einhver annar þykist geta treyst holdinu, þá get eg það fremur: **5** Eg er umskorinn á áttunda degi, af kyni Ísraels, ættkvísl Benjamíns, Hebrei af Hebreum, að lögmáli til Farísei, **6** að vandlæti til maður, er ofsótti kirkjuna, og að því réttlæti til, sem fæst með lögmálinu, var eg óásakanlegur. **7** En það, sem var mér ávinningur, það hefi eg sakir Krists metið sem skaða; **8** já, meira að segja met eg jafnvel alt vera skaða hjá ágæti þekkingarinnar á Kristi Jesú, drotni mínum, fyrir hvers sakir eg hefi mist alt og met það sem sorp, til þess að eg geti áunnið Krist **9** og reynst vera í honum, án þess að hafa eigið réttlæti, það er fæst af lögmáli, heldur það, er fæst fyrir trú á Krist, réttlætið frá Guði með trúnni, **10** til þess að eg geti þekt hann og kraft upprisu hans og samfélag písla hans, sammyndaður orðinn dauða hans, **11** ef mér mætti auðnast að ná til upprisunnar frá dauðum. **12** Ekki að eg hafi þegar náð því eða sé þegar fullkominn, en eg keppi eftir því, ef eg skyldi geta höndlað það, með því að eg er höndlaður af Kristi Jesú. **13** Bræður! ekki tel eg sjálfan mig enn hafa höndlað það; **14** en eitt gjöri eg: eg gleymi því sem að baki er, en seilist eftir því sem fyrir framan er, og keppi þannig að markinu, til verðlauna himinköllunar Guðs í Kristi Jesú. **15** Þetta hugarfar skulum því allir vér hafa, sem fullkomnir erum; og ef þér hugsið í nokkuru öðruvísi, þá mun Guð einnig opinbera yður þetta; **16** einungis að vér göngum þá götu, sem vér höfum komist á. **17** Verðið, bræður, hver með öðrum eftirbreytendur mínir, og lítið til þeirra, sem framganga þannig, eftir því sem þér hafið oss að fyrirmynd. **18** Því að margir framganga, sem eg hefi oft sagt yður og nú segi jafnvel grátandi, að þeir eru óvinir krossins Krists, **19** en afdrif þeirra er glötun; Guð þeirra er maginn, og heiður þeirra er í svívirðingunni, þeir er hafa hugann á jarðneskum munum. **20** Því að borgarréttur vor er á himni, þaðan sem vér og væntum Drottins Jesú Krists sem frelsara, **21** hans sem mun

breyta lægingarlíkama vorum í sömu mynd og dýrðarlíkami hans hefir, samkvæmt þeim krafti, að hann getur lagt jafnvel alt undir sig.

4. kafli

1 Þess vegna, mínir elskuðu og eftirþráðu bræður, gleði mín og kóróna, standið þannig fastir í drotni, þér elskuðu. **2** Evodíu áminni eg og Sýntýke áminni eg um að vera samlyndar í drotni. **3** Já, eg bið einnig þig, trúlyndi samþjónn, hjálpa þú þeim, því að þær börðust með mér við boðun fagnaðarerindisins ásamt Klemens og öðrum samverkamönnum mínum, hverra nöfn standa í lífsins bók. **4** Verið ávalt glaðir í drotni; eg segi aftur: Verið glaðir. **5** Ljúflyndi yðar verði kunnugt öllum mönnum. Drottinn er í nánd. **6** Verið ekki hugsjúkir um neitt, heldur gjörið í öllum hlutum óskir yðar kunnar Guði með bæn og beiðni ásamt þakkargjörð. **7** Og friður Guðs, sem er æðri öllum skilningi, mun varðveita hjörtu yðar og hugsanir yðar í Kristi Jesú. **8** Að öðru leyti, bræður, alt sem er satt, alt sem er sómasamlegt, alt sem er rétt, alt sem er hreint, alt sem er elskuvert, alt sem er gott afspurnar, hvað sem er dygð, og hvað sem er lofsvert, íhugið það. **9** Þetta, sem þér hafið bæði lært og numið og heyrt og séð til mín, það skuluð þér gjöra; og Guð friðarins mun vera með yður. **10** En eg varð mjög glaður í drotni yfir því, að þér hafið loksins aftur blómgast svo, að þér gátuð hugsað til mín, sem þér að sönnu hafið hugsað um, en þér áttuð ekki hægt með það. **11** Ekki segi eg þetta vegna þess, að eg hafi liðið skort, því að eg hefi lært að vera ánægður með það, sem eg á við að búa; **12** bæði kann eg að búa við lítinn kost; eg kann einnig að hafa alsnægtir; hvervetna og í öllum hlutum hefi eg lært þann leyndardóm bæði að vera mettur og að vera hungraður, bæði að hafa allsnægtir og að líða skort. **13** Alt megna eg í honum, sem gjörir mig styrkan. **14** Engu að síður gjörðuð þér vel í því, að taka þátt með mér í þrengingu minni; **15** þér vitið og, Filippímenn, að í upphafi
fagnaðarboðskaparins, þegar eg fór burt úr Makedóníu, hafði enginn söfnuður samfélag við mig í að láta af hendi og taka á móti, nema þér einir. **16** Því að jafnvel í Þessaloníku senduð þér mér einu sinni, já tvisvar, til nauðsynja minna. **17** Ekki að eg þrái mjög gjöfina, heldur þrái eg mjög ávöxtinn, sem ríkulega fellur í yðar sjóð. **18** En nú hefi eg alt og hefi

allsnægtir; eg hefi yfirfljótanlegt, síðan eg meðtók af hendi Epafrodítusar sendinguna frá yður, ilm reykelsis, þekka fórn, Guði velþóknanlega. **19** En minn Guð mun uppfylla sérhverja þörf yðar eftir auðlegð sinni, með dýrð í Kristi Jesú. **20** En Guði og föður vorum sé dýrðin um aldir alda. Amen. **21** Heilsið sérhverjum heilögum í Kristi Jesú. **22** Yður heilsa bræðurnir, sem hjá mér eru; yður heilsa allir hinir heilögu, en einkanlega þeir, sem heyra til húsi keisarans. **23** Náðin Drottins Jesú Krists sé með anda yðar.

Kólossubréfið

Ad Colossenses

1. kafli

1 Páll, postuli Krists Jesú fyrir vilja Guðs, og Tímóteus, bróðirinn, **2** til hinna heilögu og trúuðu bræðra í Kristi í Kólossaborg. Náð sé með yður og friður frá Guði föður vorum. **3** Vér þökkum Guði, föður Drottins vors Jesú Krists, biðjandi ávalt fyrir yður, **4** eftir að vér höfum heyrt um trú yðar í Kristi Jesú og kærleikann, sem þér hafið til allra hinna heilögu, **5** vegna vonar þeirrar, sem yður er geymd á himnum og þér áður hafið heyrt um í sannleiksorði fagnaðarerindisins, **6** sem til yðar er komið, eins og það einnig í öllum heiminum ber ávöxt og vex, sem það einnig gjörir hjá yður, frá þeim degi er þér heyrðuð og lærðuð að þekkja náð Guðs í sannleika, **7** eins og þér lærðuð af Epafrasi, vorum elskaða samþjóni, sem er trúr þjónn Krists í vorn stað, **8** sem og hefir sagt oss frá kærleika yðar í andanum. **9** Þess vegna höfum vér einnig frá þeim degi, er vér heyrðum það, ekki látið af að biðja fyrir yður og beiðast þess, að þér mættuð fyllast þekkingar á vilja hans með alls konar speki og andlegum skilningi, **10** svo að þér framgangið eins og drotni er samboðið, honum til þóknunar á allan hátt, og séuð ávaxtarsamir í öllu góðu verki og vaxið í þekkingunni á Guði; **11** verðið styrktir með hvers konar krafti eftir mætti dýrðar hans, til alls þolgæðis og umburðarlyndis með gleði, **12** og þakkið föðurnum, sem gjörði oss hæfa til að fá hlutdeild í arfleifð hinna heilögu í ljósinu, **13** hann sem hreif oss frá valdi myrkursins og flutti oss inn í ríki sonar kærleika síns, **14** í hverjum vér höfum endurlausnina, fyrirgefningu syndanna; **15** hann, sem er ímynd hins ósýnilega Guðs, frumburður allrar skepnu; **16** því að í honum var alt skapað á himnum og á jörðunni, hið sýnilega og hið ósýnilega, hvort sem eru hásæti eða herradómar eða tignir eða völd; allir hlutir eru skapaðir fyrir hann og til hans; **17** og hann er fyrri en alt og alt hefir tilveru sína í honum; **18** og hann er höfuð líkamans, kirkjunnar;

hann, sem er upphafið, frumburðurinn frá hinum dauðu, til þess að hann skyldi vera fremstur í öllu; 19 því að í honum þóknaðist allri fyllingunni að búa, 20 og að koma öllu, eftir að hann hafði gjört frið fyrir blóð kross hans, fyrir hann í sátt við sig, hvort heldur er það, sem er á jörðunni, eða það sem er á himnum. 21 Og yður, sem áður fyrri voruð útilokaðir og óvinir í huga yðar í hinum vondu verkum, 22 hefir hann nú þó sátta gjört í líkama holds síns með dauðanum, til þess að láta yður koma fram fyrir sig sem heilaga og flekklausa og óaðfinnanlega, 23 ef þér aðeins standið í trúnni, grundvallaðir og stöðugir, og látið ekki hreyfast frá von þess fagnaðarerindis, sem þér hafið heyrt, og prédikað hefir verið í allri skepnunni undir himninum, hvers þjónn eg, Páll, er orðinn. 24 Nú er eg glaður í þjáningum mínum fyrir yður, og uppfylli á holdi mínu það, sem vantaði á þjáningar Krists, fyrir líkama hans, sem er kirkjan, 25 hvers þjónn eg er orðinn, eftir þeirri ráðstöfun Guðs, sem mér er á hendur falin yður viðvíkjandi, að flytja fyllilega Guðs orð, 26 leyndardóminn, sem hefir verið hulinn frá því að aldir og kynslóðir voru til, en nú er opinberaður hans heilögu, 27 er Guð vildi gjöra kunnugt, hvílíkur er dýrðarríkdómur þessa leyndardóms meðal heiðingjanna, sem er Kristur í yður, von dýrðarinnar. 28 Og hann boðum vér, með því að vér áminnum sérhvern mann og fræðum sérhvern mann með allri speki, til þess að vér getum leitt hvern mann fram fullkominn í Kristi; 29 og til þess erfiða eg einnig, þar sem eg er að berjast, eftir þeim mætti hans, sem með krafti verkar í mér.

2. kafli

1 Því eg vil að þér vitið, hversu mikilli baráttu eg á í fyrir yður og þá, sem eru í Laódíkeu, og vegna allra þeirra, sem ekki hafa séð ásjónu mína í holdinu, 2 til þess að hjörtu þeirra, sameinuð í kærleika, mættu uppörvast og þeir öðlast gjörvalla auðlegð fullrar vissu skilningsins, þekkinguna á leyndardómi Guðs, Kristi, 3 sem allir fjársjóðir spekinnar og þekkingarinnar eru fólgnir í. 4 Þetta segi eg, til þess að enginn svíki yður með tælandi orðum; 5 því að þótt eg sé fjarlægur að holdinu, þá er eg samt hjá yður að andanum, fagnandi, er eg horfi á góða skipun yðar og festu trúar yðar á Krist. 6 Eins og þér því hafið meðtekið Krist Jesúm, Drottin, svo skuluð þér framganga í honum, 7 rótfestir

og bygðir upp á honum og staðfestir í trúnni, eins og yður hefir verið kent, skarandi fram úr í þakkargjörð. **8** Gætið þess að enginn verði sá, er hertaki yður með veraldarvisku og hégómavillu eftir mannasetningum, eftir stafrófi heimsins, en ekki eftir Kristi; **9** því að í honum býr öll fylling guðdómsins líkamlega, **10** og þér eruð fyltir orðnir í honum, sem er höfuð allrar tignar og valds; **11** sem þér og eruð umskornir í með umskurn, sem ekki er af höndum gjörð, við það að afklæðast líkama holdsins, við umskurn Krists, **12** með því að þér voruð greftraðir með honum í skírninni og í henni voruð þér einnig með honum uppvaktir fyrir trúna á mátt Guðs, er uppvakti hann frá dauðum. **13** Einnig yður, sem dauðir voruð í afbrotunum og yfirhúð holds yðar, yður lífgaði Guð ásamt honum, með því að fyrirgefa oss öll afbrotin, **14** er hann afmáði skuldabréfið á móti oss með skipunum þess, það sem stóð í gegn oss, og hann tók það burt, er hann negldi það á krossinn. **15** Hann fletti vopnum tignirnar og völdin, leiddi þau opinberlega fram til sýnis og hrósaði sigri yfir þeim á honum. **16** Látið þess vegna engan dæma yður fyrir mat eða drykk, eða það, sem snertir hátíðir, tunglkomur eða hvíldardaga, **17** sem er skuggi hins tilkomanda, en líkaminn er Krists. **18** Látið engan hafa af yður hnossið, þann er hefir mætur á auðmýkt og engladýrkun, sökkvandi sér niður í sýnir sínar, þann er upphrokast ástæðulaust af hyggju holdsins **19** og heldur sér ekki við höfuðið, við hann, af hverjum allur líkaminn, styrktur og samtengdur með taugum og böndum, vex vexti Guðs. **20** Ef þér eruð dánir með Kristi frá stafrófi heimsins, hvers vegna látið þér þá, eins og þér lifðuð í heiminum, leggja fyrir yður: **21** »Snertu ekki, bragðaðu ekki, taktu ekki á«? — **22** alt þetta er til að eyðast við það að vera notað — eftir boðorðum manna og lærdómum. **23** Þetta hefir að sönnu orð á sér fyrir speki, en er sjálfvalin dýrkun og auðmýkt og vægðarleysi við líkamann, sem á engan heiður skilið, heldur er til að fullnægja holdinu.

3. kafli

1 Fyrst þér því eruð uppvaktir með Kristi, þá keppist eftir því, sem er á hæðum, þar sem Kristur situr við hægri hönd Guðs. **2** Hugsið um það, sem á hæðum er, en ekki um það, sem á jörðunni er; **3** því að þér eruð dánir, og líf yðar er fólgið með Kristi í Guði. **4** Þegar Kristur, vort líf, opinberast, þá

munuð þér og ásamt honum opinberast í dýrð. 5 Deyðið því limina, sem við
jörðina eru bundnir, hórdóm, saurlifnað, losta, vonda fýsn og ágirnd, sem er
skurðgoðadýrkun; 6 fyrir þessa hluti kemur reiði Guðs yfir börn óhlýðninnar,
7 og í þeim framgenguð þér einnig áður fyrri, þegar þér lifðuð í þeim. 8 En nú
skuluð þér einnig afleggja það alt: reiði, bræði, vonsku, lastmæli, svívirðilegt
tal af munni yðar. 9 Ljúgið ekki hver að öðrum, þér sem hafið afklæðst
hinum gamla manni með gjörðum hans 10 og íklæðst hinum nýja, sem
endurnýjaður er til þekkingar, samkvæmt þess mynd, sem hann hefir skapað,
11 þar sem ekki er grískur maður né Gyðingur, umskurn né yfirhúð,
útlendingur, Skýti, þræll eða frjáls maður, heldur er Kristur alt og í öllum. 12
Íklæðist því eins og Guðs útvaldir, heilagir og elskaðir, hjartgróinni
meðaumkun, góðvild, auðmýkt, hógværð, langlyndi, 13 umberandi hver
annan og fyrirgefandi hver öðrum, ef einhver hefir sök á móti nokkurum;
eins og Drottinn hefir fyrirgefið yður, svo skuluð þér og gjöra. 14 En íklæðist
yfir alt þetta elskunni, sem er band algjörleikans, 15 og látið frið Krists ríkja í
hjörtum yðar, sem þér og eruð kallaðir til í einum líkama; og verið þakklátir.
16 Látið orð Krists búa ríkulega hjá yður með allri speki, þannig að þér
fræðið og áminnið hver annan með sálmum, lofsöngvum og andlegum
ljóðum, sætlega syngjandi Guði lof í hjörtum yðar. 17 Og hvað sem þér svo
gjörið í orði eða verki, þá gjörið alt í nafni Drottins Jesú, þakkandi Guði
föður fyrir hann. 18 Þér konur, gjörið yður undirgefnar mönnum yðar, eins og
vera ber í drotni. 19 Þér menn, elskið eiginkonur yðar og verið ekki beiskir
við þær. 20 Þér börn, verið hlýðin foreldrum yðar í öllu, því að það er
velþóknanlegt í drotni. 21 Þér feður, ertið ekki börn yðar, til þess að þau verði
ekki ístöðulaus. 22 Þér þrælar, verið hlýðnir í öllu drotnum yðar eftir holdinu,
ekki með augnaþjónustu, eins og þeir, sem mönnum vilja þóknast, heldur í
einfaldleik hjartans, og óttist Drottin. 23 Hvað sem þér gjörið, þá vinnið af
alhuga eins og fyrir Drottin, en ekki fyrir menn, 24 vitandi að þér munuð af
drotni fá arfleifðina í endurgjald; þér þjónið drotni Kristi. 25 Því að sá, sem
rangt gjörir, skal fá gjöld fyrir það, sem hann gjörði rangt, og ekki er
manngreinarálit.

4. kafli

1 Þér drotnar, veitið þrælunum það, sem rétt er og sanngjarnt, vitandi að þér eigið og Drottin á himni. **2** Verið stöðugir í bæninni og árvakrir í henni með þakkargjörð, **3** og biðjið jafnframt einnig fyrir oss, að Guð opni fyrir oss dyr orðsins, til að boða leyndardóm Krists, fyrir hvers sakir eg og er nú bundinn, **4** til þess að eg megi auglýsa hann, eins og mér ber að tala. **5** Framgangið með speki gagnvart þeim, sem fyrir utan eru, og kaupið hinn hentuga tíma. **6** Ræða yðar sé ætíð ljúfleg og salti krydduð, til þess að þér vitið, hvernig þér eigið að svara sérhverjum. **7** Alt um mína hagi mun Týkíkus, hinn elskaði bróðir og trúi þjónn og samþjónn í drotni, láta yður vita. **8** Eg sendi hann til yðar, einmitt til þess að þér fáið að vita, hvernig oss líður, og til þess að hann huggi hjörtu yðar, **9** ásamt Onesímusi, hinum trúa og elskaða bróður, sem er einn af yður; þeir munu láta yður vilt alt, sem hér gjörist. **10** Yður heilsar Aristarkus, sambandingi minn, og Markús, frændi Barnabasar, sem þér hafið fengið boðorð um — ef hann kemur til yðar, þá takið á móti honum — **11** og Jesús, að viðurnefni Justus; þeir eru af umskurninni og þeir einir eru samverkamenn mínir fyrir Guðs ríki, og hafa þeir verið mér til huggunar. **12** Yður heilsar Epafras, sem er einn af yður, þjónn Krists Jesú, sem jafnan berst fyrir yður í bænum sínum, til þess að þér megið standa stöðugir, fullkomnir og fullvissir í öllum vilja Guðs. **13** Því að þann vitnisburð gef eg honum, að hann hefir mikið erfiði fyrir yður og þeim, sem eru í Laódíkeu, og þeim, sem eru í Hierapólis. **14** Yður heilsar Lúkas, læknirinn elskaði, og Demas. **15** Heilsið þér bræðrunum í Laódíkeu og Nýmfasi og kirkjunni, sem er í húsi þeirra. **16** Og þegar búið er að lesa bréf þetta upp hjá yður, þá látið líka lesa það í söfnuði Laódíkeumanna, og lesið þér og Laódíkeubréfið. **17** Og segið Arkippusi: Gættu þjónustunnar, sem þú hefir tekið við í drotni, að þú veitir henni fullnustu. **18** Kveðjan er skrifuð með minni, Páls, eigin hendi. Minnist fjötra minna. Náð sé með yður.

Fyrra Þessaloníkubréf

I ad Thessalonicenses

1. kafli

1 Páll og Silvanus og Tímóteus til kirkju Þessaloníkumanna í Guði föður og drotni Jesú Kristi. Náð sé með yður og friður. **2** Vér þökkum ávalt Guði fyrir yður alla, er vér minnumst yðar í bænum vorum, **3** þar eð vér erum sífeldlega minnugir verks yðar í trúnni og erfiðis yðar í kærleikanum og stöðuglyndis yðar í voninni á Drottin vorn Jesúm Krist, fyrir augliti Guðs og föður vors, **4** og þekkjum, bræður, elskaðir af Guði, útvalningu yðar, **5** því að fagnaðarboðskapur vor kom eigi til yðar í orðum einum, heldur einnig í krafti og í heilögum anda og með fullkominni sannfæringu, eins og þér vitið, hvernig vér komum fram hjá yður, yðar vegna. **6** Og þér hafið gjörst eftirbreytendur vorir og Drottins, er þér meðtókuð orðið í mikilli þrengingu með fögnuði heilags anda, **7** svo að þér eruð orðnir fyrirmynd öllum trúuðum í Makedóníu og í Akkeu; **8** því að frá yður hefir orð Drottins hljómað, ekki einungis í Makedóníu og Akkeu, heldur er og trú yðar á Guð kunn orðin alstaðar, svo að vér ekkert þurfum um það að tala; **9** því að þeir segja sjálfir frá því um oss, hvílíka komu vér áttum til yðar og hvernig þér sneruð yður til Guðs frá skurðgoðunum, til þess að þjóna lifandi og sönnum Guði, **10** og vænta sonar hans frá himnum, sem hann uppvakti frá dauðum, Jesú, er frelsar oss frá hinni komandi reiði.

2. kafli

1 Því að sjálfir vitið þér, bræður, að koma vor til yðar hefir ekki orðið árangurslaus, **2** heldur höfðum vér, þótt vér áður, eins og yður er kunnugt, hefðum þolað ilt, og mætt misþyrmingu í Filippí, djörfung í Guði vorum til að tala til yðar fagnaðarerindi Guðs í mikilli baráttu; **3** því að áminning vor er ekki sprottin af villu né af óhreinum hvötum, né fer fram með vélum; **4** en

eins og vér höfum verið metnir þess af Guði að vera trúað fyrir fagnaðarerindinu, þannig tölum vér ekki eins og þeir, er þóknast vilja mönnum, heldur Guði, sem rannsakar hjörtu vor; **5** því að hvorki viðhöfðum vér nokkuru sinni nein smjaðuryrði, eins og þér vitið, né ágirndar yfirhilmingu, — Guð er þess vottur — **6** né leituðum vegsemdar af mönnum, hvorki af yður né öðrum, þótt vér hefðum getað beitt myndugleika, sem postular Krists, **7** en vér vorum mildir yðar á meðal. Eins og fóstra hjúkrar börnum sínum, **8** þannig vorum vér, af kærleiksþeli til yðar, fúsir til að miðla yður, ekki einungis fagnaðarerindi Guðs, heldur og voru eigin lífi, því að þér voruð orðnir oss ástfólgnir. **9** Því að þér munið, bræður, eftir erfiði voru og striti; jafnframt því sem vér unnum nótt og dag, til þess að vera ekki neinum yðar til þyngsla, prédikuðum vér fyrir yður fagnaðarerindi Guðs. **10** Þér eruð vottar þess og Guð, hversu heilaglega, réttvíslega og ólastanlega vér hegðuðum oss hjá yður, sem trúið, **11** eins og þér vitið, hvernig vér ámintum og upphvöttum og grátbændum einn og sérhvern yðar, eins og faðir börn sín, **12** til þess að þér skylduð framganga eins og samboðið er Guði, er kallar yður til ríkis síns og dýrðar. **13** Og þess vegna þökkum vér líka Guði án afláts, því að þegar þér veittuð viðtöku Guðs orði, er þér heyrðuð af oss, meðtókuð þér það ekki sem manna orð, heldur sem Guðs orð, — eins og það í sannleika er — sem líka sýnir sinn kraft í yður, sem trúið. **14** Því að þér, bræður, hafið gjörst eftirbreytendur safnaða Guðs, sem eru í Júdeu í Kristi Jesú; því að einnig þér hafið þolað hið sama af yðar eigin löndum, sem þeir urðu að þola af Gyðingum, **15** er bæði líflétu Drottin Jesúm og spámennina, og hafa ofsótt oss og eru Guði eigi þóknanlegir og öllum mönnum mótstæðilegir, **16** þar sem þeir varna oss að tala til heiðingjanna, til þess að þeir mættu verða hólpnir, til þess að fylla jafnan mæli synda sinna; en reiðin er komin yfir þá til fulls. **17** En vér, bræður, sem um stundarsakir höfum verið skildir frá yður að sýnilegum návistum, en ekki að hjartanu, höfum gjört oss mikið far um að fá að sjá auglit yðar, með mikilli eftirlöngun; **18** þess vegna ætluðum vér að koma til yðar, eg, Páll, bæði einu sinni og tvisvar, en Satan hefir hamlað oss frá því. **19** Því að hver er vor von eða vor gleði eða vor hrósunarkóróna? Eruð það ekki einmitt þér, frammi fyrir drotni vorum Jesú við tilkomu hans? **20** Jú, þér eruð vegsemd vor og gleði.

3. kafli

1 Þegar vér því þoldum ekki lengur við, réðum vér af að verða einir eftir í
Aþenu, **2** og sendum Tímóteus, bróður vorn og þjón Guðs í fagnaðarerindi
Krists, til að styrkja yður og áminna að því er snertir trú yðar, **3** að enginn láti
bifast í þrengingum þessum, því að sjálfir vitið þér að til þessa erum vér
ákvarðaðir; **4** því að þegar vér vorum hjá yður, þá sögðum vér yður fyrir, að
vér mundum verða að þola þrengingar, eins og líka kom fram og þér vitið. **5**
Er eg því þoldi ekki lengur við, þá sendi eg, til að fá að vita um trú yðar,
hvort freistarinn kynni að hafa freistað yðar og erfiði vort orðið til einkis. **6**
En nú, er Tímóteus er kominn aftur til vor frá yður og hefir borið oss
gleðifregn um trú yðar og kærleika, og að þér ávalt munið eftir oss með
hlýjum hug, og að yður langi til að sjá oss, eins og oss líka til að sjá yður, **7**
þá erum vér, bræður, sökum þessa huggaðir viðvíkjandi yður í allri neyð og
þrengingu vorri við trú yðar; **8** því að nú lifum vér, ef þér standið stöðugir í
drotni. **9** Því að hverja þökk megnum vér að gjalda Guði fyrir yður, fyrir alla
þá gleði, er vér gleðjumst með fyrir yðar skuld, frammi fyrir Guði vorum? **10**
Og vér biðjum nótt og dag, heitt og innilega, að vér fáum að sjá auglit yðar
og bæta úr því, sem trú yðar er áfátt. **11** En sjálfur Guð og faðir vor og
Drottinn vor Jesús greiði veg vorn til yðar, **12** en Drottinn fylli yður og auðgi
að kærleika hvern til annars og til allra, eins og vér höfum hann til yðar; **13** til
þess að hann styrki hjörtu yðar og þau verði óaðfinnanleg í heilagleika
frammi fyrir Guði og föður vorum í tilkomu Drottins vors Jesú ásamt öllum
hans heilögum.

4. kafli

1 Að öðru leyti biðjum vér yður því, bræður, og áminnum í drotni Jesú, að
eins og þér hafið numið af oss, hvernig yður ber að framganga og þóknast
Guði, svo sem þér einnig framgangið, að þér takið enn þá meiri framförum; **2**
því að þér vitið hver boðorð vér gáfum yður fyrir Drottin Jesúm; **3** því að
þetta er vilji Guðs: helgun yðar, að þér skulið halda yður frá frillulífi, **4** að
sérhver yðar skuli láta sér lærast að fá sér sitt eigið ker, í heilagleika og
heiðri, **5** en ekki í girndarbruna, eins og heiðingjarnir, er ekki þekkja Guð; **6**
að enginn veiti yfirgang eða hafi af bróður sínum í nokkuru máli, því að

Drottinn er hegnari alls þvílíks, eins og vér höfum áður sagt yður og vitnað kröftuglega, 7 því að ekki kallaði Guð oss til saurlifnaðar, heldur í helgun. 8 Sá, sem þess vegna fyrirlítur þetta, fyrirlítur ekki mann, heldur Guð, sem gefur yður sinn heilaga anda. 9 En ekki hafið þér þess þörf, að eg skrifi yður um bróðurkærleikann, því að sjálfir eruð þér uppfræddir af Guði til að elska hver annan, 10 því að það gjörið þér einnig við alla bræðurna, sem eru í allri Makedóníu; en vér áminnum yður, bræður, að taka enn meiri framförum 11 og leita sæmdar í því að lifa kyrlátu lífi, og stunda hver sitt starf, og vinna með höndum yðar, eins og vér höfum boðið yður, 12 til þess að þér framgangið sómasamlega gagnvart þeim, sem fyrir utan eru, og séuð upp á engan komnir. 13 Ekki viljum vér, bræður, láta yður vera ókunnugt um þá, sem sofa, til þess að þér séuð ekki hryggir eins og hinir, sem ekki hafa von. 14 Því að ef vér trúum því að Jesús sé dáinn og upprisinn, þá mun Guð sömuleiðis fyrir Jesúm leiða ásamt honum fram þá, sem sofnaðir eru; 15 því það segjum vér yður með orði Drottins, að vér sem lifum og erum eftir við tilkomu Drottins, munum alls ekki fyrri verða en hinir sofnuðu; 16 því að sjálfur Drottinn mun með kalli, með höfuðengils raust og með básúnu Guðs, stíga niður af himni; og þeir, sem í Kristi eru dánir, munu fyrst upp rísa; 17 síðan munum vér, sem lifum, sem eftir erum, verða ásamt þeim hrifnir burt í skýjum til fundar við Drottin í loftinu; og síðan munum vér vera með drotni alla tíma. 18 Huggið því hver annan með þessum orðum.

5. kafli

1 En um tíma og tíðir hafið þér, bræður, ekki þörf á að yður sé skrifað, 2 því að sjálfir vitið þér gjörla, að dagur Drottins kemur sem þjófur á nóttu. 3 Þegar menn segja: »Friður og engin hætta«, þá kemur snögglega tortíming yfir þá, eins og jóðsótt yfir þungaða konu, og þeir munu alls ekki undan komast. 4 En þér, bræður, eruð ekki í myrkri, svo að dagurinn geti komið yfir yður sem þjófur; 5 því að allir eruð þér synir ljóssins og synir dagsins. Vér erum ekki næturinnar né myrkursins; 6 vér skulum þess vegna ekki sofa eins og aðrir, heldur vökum og verum algáðir; 7 því að þeir, sem sofa, sofa á nóttunni, og þeir, sem drekka, drekka á nóttunni. 8 En vér, sem heyrum deginum til, skulum vera algáðir, íklæddir brynju trúar og kærleika, og von hjálpræðisins

sem hjálmi; 9 því að ekki hefir Guð selt oss til reiði, heldur til að öðlast
sáluhjálp fyrir Drottin vorn Jesúm Krist, 10 sem dó fyrir oss, til þess að hvort
sem vér vökum eða sofum, þá mættum vér lifa ásamt honum. 11 Áminnið því
hver annan og uppbyggið hver annan, eins og þér og gjörið. 12 En vér biðjum
yður, bræður, að sýna viðurkenningu þeim, sem erfiða meðal yðar og veita
yður forstöðu í drotni og áminna yður, 13 og að hafa þá í sérlega miklum
metum í kærleika fyrir verk þeirra. Lifið í friði yðar á milli. 14 En vér
áminnum yður, bræður: Vandið um við þá, sem óreglusamir eru, huggið
ístöðulitla, takið að yður þá, sem óstyrkir eru, verið langlyndir við alla. 15
Gætið þess að enginn gjaldi neinum ilt með illu, en keppið ávalt eftir hinu
góða, bæði hver við annan og við alla. 16 Verið ætíð glaðir. 17 Biðjið án
afláts. 18 Gjörið þakkir í öllu, því að það er vilji Guðs yður viðvíkjandi í
Kristi Jesú. 19 Slökkvið ekki andann. 20 Fyrirlítið ekki spádóma. 21 Prófið alt;
haldið því, sem gott er. 22 Haldið yður frá sérhverri mynd hins illa. 23 En
sjálfur friðarins Guð helgi yður algjörlega, og gjörvallur andi yðar, sál og
líkami varðveitist ólastanlega í tilkomu Drottins vors Jesú Krists. 24 Trúr er
sá, er yður kallar, og hann mun og koma þessu til leiðar. 25 Bræður, biðjið
fyrir oss! 26 Heilsið öllum bræðrunum með heilögum kossi. 27 Eg særi yður
við Drottin, að þér látið lesa bréf þetta upp fyrir öllum bræðrunum. 28 Náðin
Drottins vors Jesú Krist sé með yður.

Síðara Þessaloníkubréf

II ad Thessalonicenses

1. kafli

1 Páll og Silvanus og Tímóteus til kirkju Þessaloníkumanna í Guði föður vorum og drotni Jesú Kristi. **2** Náð sé með yður og friður frá Guði föður og drotni Jesú Kristi. **3** Skylt er oss bræður, að þakka ætíð Guði fyrir yður eins og maklegt er; því að trú yðar eykst stórum og kærleiki sérhvers yðar allra, hver til annars, fer vaxandi, **4** svo að vér sjálfir hrósum oss af yður í söfnuðum Guðs fyrir þolgæði yðar og trú í öllum ofsóknum yðar og þrengingum þeim, er þér þolið, **5** og er þetta augljóst merki um hinn réttláta dóm Guðs, til þess að þér skulið verða álitnir maklegir guðsríkis, sem þér nú einnig líðið ilt fyrir, **6** svo sannarlega sem það er rétt hjá Guði að endurgjalda þeim þrengingu, sem að yður þrengja, **7** en yður, sem þrenging líðið, hvíld með oss, þegar Drottinn Jesús opinberast af himni með englum máttar síns, **8** í logandi eldi og lætur hegningu koma yfir þá, sem ekki þekkja Guð, og yfir þá, sem ekki hlýða fagnaðarerindi Drottins vors Jesú, **9** því að þeir munu sæta hegningu, eilífri glötun, fjarri augliti Drottins og fjarri dýrð máttar hans, **10** þá er hann kemur til að sýna sig dýrðlegan í sínum heilögu og dásamlegan í öllum, sem trúað hafa á þeim degi; því að vitnisburði vorum fyrir yður hefir verið trúað. **11** Í þeim tilgangi biðjum vér og alla tíma fyrir yður, að Guð vor álíti yður maklega köllunarinnar og fullkomni kröftuglega hvers konar velþóknun á því, sem gott er, og verk trúarinnar, **12** svo að nafn Drottins vors Jesú verði dýrðlegt í yður og þér í honum eftir náð Guðs vors og Drottins Jesú Krists.

2. kafli

1 En vér biðjum yður, bræður, að því er snertir tilkomu Drottins vors Jesú Krists og samsöfnun vora til hans, **2** að þér ekki séuð fljótir á að láta hræða

yður eða trufla, hvorki af nokkurum anda né við orð eða bréf, sem væri það frá oss, eins og dagur Drottins væri þegar fyrir höndum. **3** Látið engan villa yður á nokkurn hátt; því að ekki kemur hann, nema fráhvarfið komi fyrst og maður syndarinnar birtist, sonur glötunarinnar, **4** hann sem setur sig á móti og rís gegn öllu því, sem kallast Guð eða helgur dómur, svo að hann sest í Guðs musteri og kemur fram eins og hann væri Guð. **5** Minnist þér ekki þess, að eg sagði yður þetta, meðan eg enn þá var hjá yður? **6** Og nú, þér vitið, hvað aftrar honum, til þess að hann opinberist á sínum tíma. **7** Því að leyndardómur lögleysisins er þegar starfandi, einungis að þeim, sem nú aftrar, verði burtu rýmt. **8** Og þá mun hinn löglausi opinberast — og honum mun Drottinn Jesús tortíma með anda munns síns og að engu gjöra við opinberun tilkomu sinnar —, **9** en koma hans er fyrir framkvæmd Satans, með alls konar krafti og táknum og undrum lyginnar, **10** og með alls konar vélum ranglætisins fyrir þá, sem glatast, af því að þeir veittu ekki viðtöku kærleikanum til sannleikans, að þeir mættu verða hólpnir. **11** Og þess vegna sendir Guð þeim megna villu, til þess að þeir trúi lyginni, **12** til þess að allir þeir verði sakfeldir, sem ekki hafa trúað sannleikanum, en hafa haft velþóknun á ranglætinu. **13** En skylt er oss, að þakka ávalt Guði fyrir yður, bræður, elskaðir af drotni, að Guð hefir frá upphafi útvalið yður til frelsunar í helgun andans og trú á sannleikann, **14** og til þess kallaði hann yður fyrir fagnaðarboðskap vorn, að þér skylduð öðlast dýrð Drottins vors Jesú Krists. **15** Bræður, standið því stöðugir og haldið fast við þá lærdóma, er yður hafa verið kendir, hvort sem það er munnlega eða með bréfi frá oss. **16** En sjálfur Drottinn vor Jesús Kristur og Guð, faðir vor, sem elskaði oss og gaf oss í náð eilífa huggun og góða von, **17** huggi hjörtu yðar og styrki í sérhverju góðu verki og orði.

3. kafli

1 Að öðru leyti, bræður, biðjið fyrir oss, að orð Drottins megi hafa framgang og vegsamast eins og hjá yður, **2** og að vér mættum frelsast frá spiltum og vondum mönnum; því að ekki er trúin allra; **3** en trúr er Drottinn, og hann mun styrkja yður og vernda fyrir hinu vonda. — **4** En vér höfum það traust til yðar í drotni, að þér bæði gjörið og munið gjöra það, sem vér leggjum fyrir. **5**

En Drottinn leiði hjörtu yðar til kærleika Guðs og þolgæðis Krists. **6** En vér bjóðum yður, bræður, í nafni Drottins vors Jesú Krists, að þér sneiðið yður hjá hverjum þeim bróður, er framgengur óreglulega og ekki eftir þeim lærdómi, sem þeir hafa numið af oss. **7** Því að sjálfir vitið þér, hvernig á að breyta eftir oss, því að ekki hegðuðum vér oss óreglulega hjá yður, **8** neyttum ekki heldur brauðs hjá neinum fyrir ekkert, heldur unnum vér með erfiði og striti nótt og dag, til þess að vera ekki neinum yðar til þyngsla. **9** Ekki af því að vér ekki höfum rétt til þess, heldur til þess að vér gæfum yður sjálfa oss sem fyrirmynd, til að breyta eftir oss. **10** Því var og það, að þegar vér vorum hjá yður, buðum vér yður: Ef einhver vill ekki vinna, þá skal hann ekki fá að eta. **11** En vér heyrum, að nokkrir meðal yðar framgangi óreglulega, sem ekkert vinna, heldur gefa sig alla við því, sem þeim kemur eigi við. **12** Slíkum mönnum bjóðum vér og áminnum þá í drotni Jesú Kristi, að vinna kyrlátlega og eta sitt eigið brauð. **13** En þér, bræður, þreytist ekki gott að gjöra. **14** En ef einhver hlýðir ekki orðum vorum í bréfi þessu, þá merkið yður þann mann, að hafa ekkert samfélag við hann, til þess að hann blygðist sín; **15** en álítið hann þó ekki sem óvin, heldur áminnið hann sem bróður. **16** En sjálfur Drottinn friðarins gefi yður friðinn, ætíð á allan hátt. Drottinn sé með yður öllum. **17** Kveðjan er með minni, Páls, eigin hendi, og það er merki á hverju bréfi. Þannig skrifa eg. **18** Náðin Drottins vors Jesú Krists sé með yður öllum.

Fyrra Tímóteusarbréf

I ad Timotheum

1. kafli

1 Páll postuli Krists Jesú, að boði Guðs frelsara vors og Krists Jesú, vonar
vorrar, **2** til Tímóteusar, skilgetins sonar í trú. Náð, miskunn og friður frá
Guði föður og Kristi Jesú, drotni vorum. **3** Svo sem eg hvatti þig að halda
kyrru fyrir í Efesus, er eg var á förum til Makedóníu, til þess að þú skyldir
bjóða sumum mönnum að fara ekki með annarlegar kenningar, **4** og gefa sig
ekki við æfintýrum og endalausum ættartölum, er fremur efla þrætur en Guðs
ráðstöfun, sem felst í trú. — **5** En markmið skipunarinnar er kærleikur af
hreinu hjarta, góðri samvisku og hræsnislausri trú; **6** frá þessu eru sumir
viknir og hafa snúið sér til hégómamáls; **7** vilja þeir vera lögmálskennendur,
þó að hvorki skilji þeir, hvað þeir segja, né hvað það er, sem þeir eru að
staðhæfa. **8** En vér vitum að lögmálið er gott, noti maðurinn það löglega **9** og
viti það, að lögmálið er ekki ætlað réttlátum manni, heldur lögleysingjum og
þverbrotnum, óguðlegum og syndurum, vanheilögum og óhreinum,
föðurmorðingjum og móðurmorðingjum, manndrápurum, **10**
frillulífismönnum, mannhórum, mannaþjófum, lygurum, meinsærismönnum,
og hvað sem það er nú annað, sem gagnstætt er hinni heilnæmu kenningu, **11**
samkvæmt fagnaðarerindinu um dýrð hins sæla Guðs, sem mér var trúað
fyrir. **12** Eg þakka honum, sem mig styrkan gjörði, Kristi Jesú, drotni vorum,
fyrir það að hann áleit mig trúan, er hann fól mér þjónustu, **13** mér, sem
fyrrum var lastmælandi, ofsóknari og smánari; en mér var miskunnað, sökum
þess að eg gjörði það óvitandi í vantrú. **14** Og náðin Drottins vors varð
stórmikil með trúnni og kærleikanum í Kristi Jesú. **15** Það orð er satt, og í alla
staði þess vert, að við því sé tekið, að Kristur Jesús kom í heiminn til að
frelsa synduga menn, og er eg þeirra fremstur; **16** en fyrir þá sök var mér
miskunnað, að Kristur Jesús skyldi sýna á mér, sem var fremstur, gjörvalt

langlyndi sitt, þeim til dæmis, er á hann munu trúa til eilífs lífs. 17 En konungi aldanna, ókrenkilegum, ósýnilegum, einum Guði sé heiður og dýrð um aldir alda. Amen. 18 Þessa skipun legg eg fyrir þig, son minn Tímóteus, samkvæmt þeim spádómsorðum, sem áður voru yfir þér töluð, að þú berjist þeim samkvæmt hinni góðu baráttu, 19 hafandi trú og góða samvisku, sem nokkrir hafa frá sér varpað og liðið skipbrot á trú sinni; 20 í tölu þeirra manna eru þeir Hýmeneus og Alexander, sem eg hefi selt Satan á vald, til þess að hirtingin kenni þeim að láta af lastmælum.

2. kafli

1 Fyrst af öllu áminni eg þá um, að fram fari ákall, bænir, fyrirbænir og þakkargjörðir fyrir öllum mönnum, 2 fyrir konungum og öllum þeim, sem hátt eru settir, til þess að vér lifum friðsamlegu og rólegu lífi í allri guðhræðslu og siðprýði. 3 Þetta er gott og þóknanlegt fyrir frelsara vorum Guði, 4 sem vill, að allir menn verði hólpnir og komist til þekkingar á sannleikanum; 5 því að einn er Guð, einn er og meðalgangarinn milli Guðs og manna, maðurinn Kristur Jesús, 6 sem gaf sig sjálfan til lausnargjalds fyrir alla, til vitnisburðar á sínum tíma. 7 Til að boða hann er eg settur prédikari og postuli, — eg tala sannleika, lýg ekki — kennari heiðingja í trú og sannleika. 8 Eg vil þá að karlmenn biðjist hvervetna fyrir, upplyftandi heilögum höndum, án reiði og þrætu; 9 sömuleiðis að konur skrýði sig sæmilegum búningi, með blygð og hóglæti, ekki með hárfléttum og gulli, eða perlum eða dýrindisskarti, 10 heldur með góðum verkum, eins og konum sæmir, er játast undir guðhræðslu. 11 Konan á að læra í kyrþey, í allri undirgefni; 12 en ekki leyfi eg konu að kenna eða taka sér vald yfir manninum, heldur á hún að vera kyrlát, 13 því að Adam var fyrst myndaður, síðan Eva; 14 og Adam lét ekki tælast, en konan lét að fullu tælast og gjörðist brotleg; 15 en hún mun fyrir barngetnaðinn hólpin verða, ef þær standa stöðugar í trú og kærleika og helgun, samfara hóglæti.

3. kafli

1 Það orð er satt, að sækist einhver eftir biskupsstarfi, þá girnist hann fagurt hlutverk. 2 Biskup á því að vera óaðfinnanlegur, einnar konu eiginmaður,

bindindissamur, hóglátur, háttprúður, gestrisinn, góður fræðari; 3 ekki drykkjumaður, ekki áflogamaður, heldur gæfur; ekki deilugjarn, ekki fégjarn; 4 maður sem veitir góða forstöðu heimili sínu, og heldur börnum sínum í hlýðni með allri siðprýði; — 5 en sé einhver sá, sem ekki hefir vit á að veita heimili sínu forstöðu, hvernig má hann umsjón veita söfnuði Guðs? — 6 ekki nýr í trúnni, til þess að hann ofmetnist eigi og verði fyrir áfellisdómi rógberans. 7 En hann á líka að hafa góðan orðstír hjá þeim, sem standa fyrir utan, til þess að hann verði eigi fyrir álasi og lendi í tálsnöru rógberans. 8 Svo eiga og djáknar að vera siðprúðir, ekki tvítyngdir, ekki ofdrykkjumenn, ekki sólgnir í svívirðilegan gróða, 9 og skulu þeir varðveita leyndardóm trúarinnar í hreinni samvisku. 10 Einnig þessir menn séu fyrst reyndir, síðan inni þeir djáknastarf af hendi, ef þeir eru óaðfinnanlegir. 11 Svo eiga og konur að vera siðprúðar, ekki rógberar, bindindissamar, trúar í öllu. 12 Djáknar séu einnar konu eiginmenn, og hafi góða stjórn á börnum sínum og heimilum; 13 því að þeir, sem vel hafa staðið í djáknastöðu, koma sér vel í veg og afla sér mikillar djörfungar í trúnni á Krist Jesúm. 14 Þetta rita eg þér, þó að eg voni að koma bráðum til þín, 15 til þess að þú skulir vita, ef mér seinkar, hvernig á að haga sér í Guðs húsi, sem er söfnuður lifanda Guðs, stólpi og grundvöllur sannleikans. 16 Og svo sem vér játum, er leyndardómur guðhræðslunnar mikill: Hann sem opinberaðist í holdi, var réttlættur í anda; birtist englum, boðaður hjá heiðingjum; var trúað í heimi, var hafinn upp í dýrð.

4. kafli

1 En andinn segir berlega, að á síðari tímum muni sumir ganga af trúnni, er gefa sig að villu-öndum og lærdómum illra anda, 2 fyrir yfirdrepskap lygimælenda, sem brennimerktir eru á sinni eigin samvisku; 3 þeir er meina hjúskap og bjóða mönnum að bindast þeirrar fæðu, er Guð hefir skapað til þess að við henni sé tekið með þakkargjörð af trúuðum mönnum, er þekkja sannleikann; 4 því að öll skepna Guðs er góð, og engu ber frá sér að kasta, sé það þegið með þakkargjörð; 5 því að það helgast af orði Guðs og bæn. 6 Með því að brýna þetta fyrir bræðrunum munt þú verða góður þjónn Krists Jesú, er þú elst við orð trúarinnar og góðu kenningarinnar, sem þú hefir fylgt. 7 En

hafna þú vanheilögum kerlinga-æfintýrum, og æf sjálfan þig til guðhræðslu, 8 því að líkamleg æfing er til lítils nýt, en guðhræðslan er til allra hluta nytsamleg og hefir fyrirheit bæði fyrir þetta líf og hið komanda. 9 Það orð er satt og í alla staði þess vert, að við því sé tekið. 10 Því að til þess leggjum vér á oss erfiði og þreytum stríð; því að vér höfum fest von vora á lifanda Guði, sem er frelsari allra manna, einkum trúaðra. 11 Bjóð þú þetta og kenn það. 12 Lát engan líta smáum augum á æsku þína, en ver þú fyrirmynd trúaðra, í orði, í hegðun, í kærleika, í trú, í hreinleika. 13 Ver þú, þangað til eg kem, kostgæfur við upplesturinn, áminninguna og kenninguna. 14 Vanræktu ekki náðargjöfina þína, sem var gefin þér, samfara spádómsorðum með handayfirlagning öldunganna. 15 Stunda þetta, ver allur í þessu, til þess að framför þín sé öllum augljós. 16 Haf gát á sjálfum þér og kenningunni; ver þú stöðugur við þetta; því að er þú gjörir það, munt þú bæði gjöra sjálfan þig hólpinn og áheyrendur þína.

5. kafli

1 Ávíta þú ekki aldraðan mann harðlega, heldur áminn hann sem föður; yngri menn sem bræður; 2 aldraðar konur sem mæður; ungar konur sem systur, í öllum hreinleika. 3 Heiðra ekkjur, sem í raun og veru eru ekkjur; 4 en ef einhver ekkja á börn eða barnabörn, þá læri þau fyrst og fremst að sýna rækt sínu eigin heimili og endurgjalda foreldrum sínum, því að það er þóknanlegt fyrir augliti Guðs. 5 Sú, sem er í raun og veru ekkja og er orðin munaðarlaus, hefir fest von sína á Guði, og er stöðug í ákalli og bænum nótt og dag, 6 en hin bílífa er dauð, þó að hún lifi. 7 Bjóð þú einnig þetta, til þess að þær séu óaðfinnanlegar. 8 En ef einhver sér eigi fyrir sínum, sérstaklega heimilismönnum, þá hefir hann afneitað trúnni og er verri en vantrúaður. 9 Ekkja sé tekin á skrá, sú sem orðin er fullra sextíu ára, hefir verið eins manns kona 10 og er lofsamlega kunn að góðum verkum; sú er hefir börn fóstrað, sú er hefir verið gestrisin, sú er hefir þvegið fætur heilagra, sú er hefir hjálpað bágstöddum, sú er hefir lagt stund á hvert gott verk. 11 En hafna þú ungum ekkjum, því að þegar þær í gjálífi afrækja Krist, vilja þær giftast; 12 þær eru sekar um það, að hafa brugðið trúnaði sínum hinum fyrri. 13 Og jafnframt temja þær sér iðjuleysi, rápandi hús úr húsi; og ekki einungis iðjulausar,

heldur einnig málugar og hlutsamar, og tala það sem eigi ber að tala. 14 Eg vil því að ungar ekkjur giftist, ali börn, stjórni heimili og gefi mótstöðumanninum ekkert tilefni til illmælis; 15 því að nokkrar hafa þegar horfið frá til fylgis við Satan. 16 Ef nokkur trúuð kona á fyrir ekkjum að sjá, þá fulltingi hún þeim, og eigi hafi kirkjan þyngsli af, til þess að hann geti veitt hjálpina þeim, sem ekkjur eru í raun og veru. 17 Öldungar þeir, sem veita góða forstöðu, séu hafðir í tvöföldum metum, allra helst þeir sem erfiða í orðinu og í kenslu; 18 því að ritningin segir: Þú skalt ekki múlbinda uxann, er hann þreskir, og verður er verkamaðurinn launa sinna. 19 Tak þú ekki við kæru gegn öldungi, nema tveir eða þrír vottar beri; 20 ávíta brotlega í viðurvist allra, til þess að hinir megi og hafa ótta. 21 Eg særi þig fyrir augliti Guðs og Krists Jesú og hinna útvöldu engla, að þú gætir þessa án nokkurs fordóms og gjörir ekkert af vilfylgi. 22 Eigi skalt þú fljótráðið leggja hendur yfir nokkurn mann; tak þú eigi heldur þátt í annarra syndum, varðveit sjálfan þig hreinan. — 23 Vert þú ekki lengur að drekka vatn, heldur skalt þú neyta lítils eins af víni vegna magans og veikinda þinna, sem eru svo tíð. — 24 Syndirnar hjá sumum mönnum eru í augum uppi, og eru komnar á undan, þegar dæma skal; en hjá sumum koma þær líka á eftir. 25 Á sama hátt eru og til góð verk, sem strax eru augljós, og þau, sem öðruvísi er ástatt með, geta ekki dulist.

6. kafli

1 Allir þeir, sem eru ánauðugir þrælar, skulu halda húsbændur sína alls heiðurs maklega, til þess að eigi verði lastmælt nafni Guðs og kenningunni. 2 En þeir, sem trúaða húsbændur eiga, skulu ekki lítilsvirða þá vegna þess að þeir eru bræður, heldur þjóni því betur sem þeir eru trúaðir og elskaðir, er góða starfsins verða aðnjótandi. Kenn þú þetta og áminn um það. 3 Ef einhver fer með annarlegar kenningar og fylgir ekki hinum heilnæmu orðum Drottins vors Jesú Krists og kenningunni, sem samkvæm er guðhræðslu, þá hefir hann ofmetnast, þó að hann viti ekki neitt; 4 en hann er sótttekinn af þrætum og orðastælum, sem af fæðist öfund, deilur, lastmæli, vondar hugsanir, 5 þjark og þras hugspiltra manna, sem sneyddir eru sannleikanum, en skoða guðhræðsluna sem gróðaveg. 6 Já, guðhræðslan samfara nægjusemi

er mikill gróðavegur, 7 því að ekkert höfum vér inn í heiminn flutt, ekki
getum vér heldur flutt neitt út þaðan; — 8 en ef vér höfum fæði og klæði, þá
látum oss það nægja. 9 En þeir, sem ríkir vilja verða, falla í freistni og snöru
og margar óviturlegar fýsnir og skaðlegar, er sökkva mönnunum niður í
tortíming og glötun, 10 því að fégirndin er rót alls þess, sem ilt er; við þá fíkn
hafa nokkrir vilst frá trúnni og hafa stungið sjálfa sig mörgum harmkvælum.
11 En þú, Guðs maður, forðast þú þetta, en stunda réttlæti, guðhræðslu, trú,
kærleika, stöðuglyndi og hógværð. 12 Berstu trúarinnar góðu baráttu, höndla
þú eilífa lífið, sem þú varst kallaður til og játaðir góðu játningunni í viðurvist
margra votta. 13 Eg býð þér fyrir augliti Guðs, sem veitir öllu líf, og Krists
Jesú, er gjörði góðu játninguna frammi fyrir Pontíusi Pílatusi, 14 að þú gætir
boðorðsins lýtalaust og óaðfinnanlega alt til opinberunar Drottins vors Jesú
Krists, 15 sem hinn sæli og eini alvaldur mun á sínum tíma birtast láta,
konungur konunganna og Drottinn drotnanna, 16 hann sem einn hefir
ódauðleika, sem býr í ljósi, er enginn fær til komist, sem enginn maður leit
né litið getur, honum sé heiður og eilífur máttur. Amen. 17 Bjóð ríkismönnum
þessarar aldar að hugsa ekki hátt né treysta fallvaltleik auðsins, heldur Guði,
sem lætur oss alt ríkulega í té til nautnar; 18 bjóð þeim að gjöra gott, að þeir
séu ríkir af góðum verkum, séu örlátir, fúsir að miðla öðrum, 19 safni handa
sjálfum sér í fjársjóðu góðri undirstöðu til hins ókomna, til þess að þeir
höndli hið sanna líf. 20 Þú Tímóteus, varðveit það sem þér er trúað fyrir, og
forðast hinar vanheilögu hégómaræður og mótsagnir hinnar rangnefndu
þekkingar, 21 sem nokkrir hafa játast undir og orðið frávillingar í trúnni. Náð
sé með yður.

Síðara Tímóteusarbréf

II ad Timotheum

1. kafli

1 Páll postuli Krists Jesú, að vilja Guðs, samkvæmt fyrirheitinu um lífið í Kristi Jesú, **2** til Tímóteusar, elskaðs sonar. Náð, miskunn og friður frá Guði föður og Kristi Jesú drotni vorum. **3** Þakkir gjöri eg Guði, sem eg þjóna, eins og forfeður mínir, með hreinni samvisku, svo sem eg án afláts minnist þín í bænum mínum; **4** og þrái eg nótt og dag að sjá þig, minnugur tára þinna — til þess að eg fyllist gleði; — **5** er eg rifja upp fyrir mér hina hræsnislausu trú hjá þér, er fyrst bjó í Lóis ömmu þinni og Evníke móður þinni, og eg er sannfærður um að líka býr í þér. **6** Fyrir þá sök minni eg þig á, að glæða hjá þér þá náðargjöf Guðs, sem í þér býr fyrir yfirlagning handa minna; **7** því að ekki gaf Guð oss anda hugleysis, heldur anda máttar og kærleiks og stillingar. **8** Fyrirverð þig því ekki fyrir vitnisburðinn um Drottin vorn, né fyrir mig, bandingja hans, heldur skalt þú ilt þola ásamt með
fagnaðarerindinu, eftir mætti Guðs, **9** sem oss hefir frelsað og kallað heilagri köllun, ekki eftir verkum vorum, heldur eftir eigin fyrirhugun og náð, sem oss var gefin í Kristi Jesú frá eilífum tímum, **10** en hefir nú birst við opinberun frelsara vors Krists Jesú, sem dauðann afmáði, en leiddi í ljós líf og ódauðleika með fagnaðarerindinu. **11** Til að boða það er eg settur prédikari og postuli og kennari; **12** fyrir þá sök líð eg og þetta, en eigi fyrirverð eg mig, því að eg veit á hvern eg hefi fest traust mitt, og eg er sannfærður um, að hann er þess megnugur að varðveita það, sem mér er trúað fyrir, til þess dags. **13** Halt þú dæmi heilnæmu orðanna, sem þú heyrðir mig flytja, í trúnni og í kærleikanum í Kristi Jesú. **14** Varðveittu það hið góða, sem þér er trúað fyrir, fyrir heilagan anda, sem í oss býr. **15** Þú veist þetta, að allir Asíumenn sneru við mér bakinu, í þeirra flokki eru þeir Fýgelus og Hermogenes. **16** Drottinn veiti miskunn heimili Ónesífórusar, því að oft hresti hann mig, og

fyrirvarð sig ekki fyrir fjötur minn; 17 heldur lét hann sér ant um að leita mín, þegar hann var kominn til Róm, og fann mig; — 18 gefi Drottinn honum miskunn að finna hjá drotni á þeim degi. — Og þú þekkir manna best, hve mikla þjónustu hann inti af hendi í Efesus.

2. kafli

1 Styrkst þú þá, son minn, í náðinni í Kristi Jesú, 2 og það sem þú heyrðir mig tala í margra votta viðurvist, það skalt þú fá í hendur trúum mönnum, sem verða færir um líka að kenna öðrum. 3 Þú skalt og að þínu leyti ilt þola, eins og góður hermaður Krists Jesú. 4 Til þess að þóknast þeim, sem hann hefir á mála tekið, bendlar enginn hermaður sig við atvinnu-störf; 5 svo er og ef einhver fer að keppa í leikum, þá verður hann ekki krýndur, nema hann keppi löglega. 6 Bóndinn, sem erfiðar, á fyrstur að fá sinn hlut af ávöxtunum. 7 Tak eftir því, sem eg segi; því að Drottinn mun gefa þér skilning á öllu. 8 Minst þú Jesú Krists, hans sem reis upp frá dauðum, af sæði Davíðs, samkvæmt fagnaðarerindi mínu. 9 Og við það líð eg ilt, og það enda að vera í fjötrum, eins og illvirki; en orð Guðs verður ekki fjötrað. 10 Fyrir því þoli eg alt sakir hinna útvöldu, til þess að þeir einnig hljóti hjálpræði í Kristi Jesú ásamt eilífri dýrð. 11 Það orð er satt: Því að ef vér höfum dáið með honum, þá munum vér og lifa með honum; 12 ef vér stöndum stöðugir, þá munum vér og með honum ríkja; ef vér afneitum honum, þá mun hann og afneita oss; 13 ef vér erum ótrúir, þá verður hann samt trúr; því að ekki getur hann afneitað sjálfum sér. 14 Minn á þetta, særandi þá fyrir augliti Drottins, að eiga ekki í orðastælum til einskis gagns, áheyrendunum til falls. 15 Legg kapp á að sýna sjálfan þig fullreyndan fyrir Guði, verkamann, er ekki þarf að skammast sín, sem fer rétt með orð sannleikans. 16 En forðast þú hinar vanheilögu hégómaræður, því að þeim skilar lengra áfram í guðleysi, 17 og lærdómur þeirra etur um sig eins og helbruni. Í tölu þeirra eru þeir Hýmeneus og Fíletus. 18 Þeir hinir sömu hafa orðið frávillingar í sannleikanum, þar sem þeir segja upprisuna þegar um garð gengna, og umhverfa trú sumra manna. 19 En Guðs styrki grundvöllur stendur, hafandi þetta innsigli: Drottinn þekkir sína, og: Hver sá, sem nefnir nafn Drottins, haldi sér frá ranglæti. 20 En á stóru heimili eru ekki einungis gullker og silfurker, heldur og tréker og

leirker, og sum eru til heiðurs og sum eru til vanheiðurs. 21 Fái nú einhver sig hreinan gjört af þessum, mun hann verða ker til heiðurs, helgað ker og hagfelt húsbóndanum, hæfilegt til sérhvers góðs verks. 22 En flý þú æskunnar girndir, en stunda réttlæti, trú, kærleika og frið við þá, sem ákalla Drottin af hreinu hjarta. 23 En hafna þú heimskulegum og óskynsamlegum þrætum, vitandi að þær leiða af sér ófrið; 24 en þjónn Drottins á ekki að eiga í ófriði, heldur á hann að vera ljúfur við alla, góður fræðari, þolinn í þrautum, 25 hógværlega agandi þá, er skipast í móti, ef Guð kynni að gefa þeim iðrun til þekkingar á sannleikanum, 26 og þeir gætu endurvitkast úr snöru djöfulsins, hremdir af honum til að gjöra hans vilja.

3. kafli

1 En vita skalt þú þetta, að á síðustu dögum munu koma örðugar tíðir, 2 því að mennirnir munu verða sérgóðir, fégjarnir, raupsamir, hrokafullir, lastmælendur, foreldrum óhlýðnir, vanþakklátir, vanheilagir, 3 kærleikslausir, óhaldinorðir, rógberandi, bindindislausir, grimmir, ekki elskandi það sem gott er, 4 sviksamir, framhleypnir, ofmetnaðarfullir, elskandi munaðarlífið meira en Guð, 5 og hafa á sér yfirskin guðhræðslunnar, en afneita krafti hennar. Og snú þér burt frá slíkum; 6 því að úr hóp þessara eru mennirnir, sem smeygja sér inn í húsin og ná á band sitt kvennsniftum, sem syndum eru hlaðnar og leiðast af margvíslegum fýsnum, 7 sem eru alt af að læra og geta aldrei komist til þekkingar á sannleikanum. 8 Eins og þeir Jannes og Jambres stóðu í gegn Móse, þannig standa og þessir menn í gegn sannleikanum; eru þeir menn hugspiltir og illa reyndir í trúnni; 9 en þeim mun ekki verða ágengt, því að heimska þeirra mun verða hverjum manni augljós, eins og heimska hinna líka varð. 10 En þú hefir breytt eftir mér í kenningu, hegðun, ásetningi, trú, langlyndi, kærleika, þolgæði, 11 í ofsóknum og þjáningum, slíkum sem fyrir mig komu í Antíokkíu, í Íkóníum og í Lýstra; — slíkar ofsóknir sem eg þoldi — og Drottinn frelsaði mig úr þeim öllum. 12 Já, allir, sem lifa vilja guðrækilega í Kristi Jesú, munu ofsóttir verða. 13 En vondir menn og svikarar munu magnast í vonskunni, villandi aðra og villuráfandi sjálfir. 14 En halt þú stöðuglega við það, sem þú hefir numið og hefir fest trú á, þar eð þú veist af hverjum þú hefir numið það; 15 og þar eð þú frá blautu

barnsbeini þekkir heilagar ritningar, sem geta veitt þér speki til sáluhjálpar fyrir trúna á Kristi Jesú. **16** Sérhver ritning, sem innblásin er af Guði, er og nytsöm til fræðslu, til umvöndunar, til leiðréttingar, til mentunar í réttlæti, **17** til þess að guðsmaðurinn sé algjör, hæfur gjör til sérhvers góðsverks.

4. kafli

1 Eg særi þig fyrir augliti Guðs og Krists Jesú, sem dæma mun lifendur og dauða, og við opinberun hans og konungsríki hans: **2** Prédika þú orðið, gef þig að því í tíma, í ótíma; vanda um, ávíta, áminn með öllu langlyndi og fræðslu. **3** Því að þann tíma mun að bera, er menn þola ekki hina heilnæmu kenningu, heldur kitlar þá á eyrunum og þeir hópa að sér kennurum eftir eigin fýsnum sínum; **4** og þeir munu snúa eyrum sínum burt frá sannleikanum, og snúa sér að æfintýrum. **5** En ver þú algáður í öllu, þol ilt, gjör verk trúboða, fullna þjónustu þína. **6** Því það er nú svo komið, að mér er fórnfært, og tíminn er kominn, að eg taki mig upp. **7** Eg hefi barist góðu baráttunni, hefi fullnað skeiðið, hefi varðveitt trúna. **8** Að öðru leyti er mér geymd kóróna réttlætisins, sem Drottinn mun gefa mér á þeim degi, hann hinn réttláti dómari; en ekki einungis mér, heldur og öllum, sem elskað hafa opinberun hans. **9** Gjör þér far um að koma sem fyrst til mín; **10** því að Demas hefir yfirgefið mig, af því að hann elskaði þennan heim, og er hann farinn til Þessaloníku; Kreskes er farinn til Galatíu og Títus til Dalmatíu; **11** Lúkas er einn hjá mér. Tak þú Markús og lát hann koma með þér, því að hann er mér þarfur til þjónustu. **12** En Týkíkus hefi eg sent til Efesus. **13** Fær þú mér, þegar þú kemur, möttulinn, sem eg skildi eftir í Tróas hjá Karpusi, og bækurnar, einkanlega skinnbækurnar. **14** Alexander koparsmiður gjörði mér margt ilt; Drottinn mun gjalda honum eftir verkum hans. **15** Gæt þín líka fyrir honum, því að mjög stóð hann í gegn orðum vorum. **16** Í fyrstu málsvörn minni kom enginn mér til aðstoðar, heldur yfirgáfu mig allir; verði þeim það ekki tilreiknað. **17** En Drottinn stóð með mér og veitti mér kraft, til þess að eg yrði til að fullna prédikunina og allir heiðingjarnir fengju að heyra. Og eg varð frelsaður úr gini ljónsins. **18** Drottinn mun frelsa mig frá öllu illu verki og mig hólpinn leiða inn í ríkið sitt hið himneska. Honum sé dýrð um aldir alda. Amen. **19** Heilsa þú Prisku og Akvílasi og heimili Ónesífórusar. **20** Erastus

varð eftir í Korintu, en Trófímus skildi eg eftir sjúkan í Míletus. 21 Gjör þér
far um að koma fyrir vetur. Evbúlus sendir þér kveðju og Púdes og Línus og
Kládía og allir bræðurnir. 22 Drottinn sé með þínum anda. Náð sé með yður.

Títusarbréfið

Ad Titum

1. kafli

1 Páll þjónn Guðs, en postuli Jesú Krists, samkvæmt trú Guðs útvaldra og þekking sannleikans, sem er í samhljóðan við guðhræðslu; **2** í von um eilíft líf, sem Guð, sá er ekki lýgur, hefir heitið frá eilífum tíðum, **3** en opinberaði á sínum tímum orð sitt í prédikun, sem mér er trúað fyrir eftir skipun Guðs frelsara vors, **4** til Títusar, skilgetins sonar samkvæmt sameiginlegri trú. Náð og friður frá Guði föður og Kristi Jesú, frelsara vorum. **5** Þess vegna lét eg þig eftir í Krít, til þess að þú færðir í lag það sem ógjört var og skipaðir öldunga í hverri borg, svo sem eg lagði fyrir þig: **6** þann einn sem er óaðfinnanlegur, einnar konu eiginmaður, á trúuð börn, sem eigi eru sökuð um andarvaraleysi eða þrjósku. **7** Því að biskup á að vera óaðfinnanlegur, eins og ráðsmaður Guðs, ekki sjálfbirgingur, ekki reiðigjarn, ekki drykkjumaður, ekki áflogamaður, ekki sólginn í svívirðilegan gróða; **8** heldur gestrisinn, gott elskandi, hóglátur, réttlátur, heilagur, bindindissamur; **9** maður fastheldinn við hið sanna orð samkvæmt kenningunni, til þess að hann sé fær um bæði að áminna með hinni heilnæmu kenningu og að hrekja þá sem móti mæla. **10** Því að margir eru þverbrotnir og fara með hégómamál og leiða í villu, allra helst eru það umskurnarmennirnir, **11** og verður að stinga upp í þá; það eru mennirnir, sem kollvarpa heilum heimilum, er þeir kenna það sem eigi á að kenna, fyrir svívirðilegs gróða sakir. **12** Einhver af þeim, eigin spámaður þeirra, hefir svo að orði komist: Krítarmenn eru síljúgandi, óarga dýr og letimagar. **13** Þessi vitnisburður er sannur. Fyrir þá sök skalt þú vanda harðlega um við þá, til þess að þeir verði heilbrigðir í trúnni, **14** og gefi sig ekki að Gyðinga-æfintýrum og boðum manna, sem fráhverfir eru sannleikanum. **15** Allir hlutir eru hreinum hreinir, en flekkuðum og vantrúuðum er ekkert hreint, heldur er bæði hugur þeirra flekkaður og

samviska. 16 Þeir segjast svo sem þekkja Guð, en afneita honum með verkunum; eru þeir viðbjóðslegir og óhlýðnir og óhæfir til hvers góðs verks.

2. kafli

1 En tala þú það, sem sæmir hinni heilnæmu kenningu, 2 að aldraðir menn séu bindindissamir, siðprúðir, hóglátir, heilbrigðir í trúnni, kærleikanum og þolgæðinu; 3 svo eiga og aldraðar konur að vera virðulegar í háttalagi sínu, ekki rógberar og ekki heldur í ánauð ofdrykkjunnar; heldur kenni gott frá sér, 4 til þess að þær laði hinar ungu til að elska menn sína, elska börn sín, 5 vera hóglátar, skírlífar, heimilisræknar, góðlátar, eiginmönnum sínum undirgefnar, til þess að orði Guðs verði ekki lastmælt. 6 Svo skalt þú og áminna hina yngri menn að vera hóglátir, 7 og sýn þig sjálfan í öllum greinum sem fyrirmynd góðra verka, sýn í kenningunni grandvarleik og virðuleik; 8 far þú með heilnæmt orð, óákæranlegt, til þess að andstæðingurinn fyrirverði sig, þegar hann hefir ekkert ilt um oss að segja. 9 Áminn þræla, að þeir séu undirgefnir húsbændum sínum og í öllu geðþekkir, ekki svörulir, 10 ekki hnuplsamir, heldur skulu þeir auðsýna hvers konar góða trúmensku, til þess að þeir prýði kenningu Guðs frelsara vors í öllum greinum. 11 Því að náð Guðs hefir opinberast sáluhjálpleg öllum mönnum, 12 og kennir hún oss að afneita óguðleik og veraldlegum girndum, og lifa hóglátlega, réttvíslega og guðrækilega í heimi þessum; 13 bíðandi hinnar sælu vonar og dýrðar-opinberunar hins mikla Guðs og frelsara vors Jesú Krists, 14 sem gaf sjálfan sig fyrir oss, til þess að hann leysti oss frá öllu ranglæti, og hreinsaði sjálfum sér til handa eignarlýð, kostgæfinn til góðra verka. 15 Tala þú þetta og áminn, og vanda um með fullum myndugleika. Lát engan lítilsvirða þig.

3. kafli

1 Minn þá á að vera undirgefnir höfðingjum og yfirvöldum, vera hlýðnir, vera reiðubúnir til sérhvers góðs verks; 2 lastmæla engum, vera ódeilugjarnir, vera sanngjarnir, sýna hvers konar hógværð við alla menn; 3 því að vér vorum og fyrrum óskynsamir, óhlýðnir, villuráfandi, í ánauð margs konar fýsna og lostasemda, ólum aldur vorn í ilsku og öfund, andstyggilegir,

hatandi hver annan; 4 en er gæska Guðs frelsara vors og elska hans til
mannanna birtist, 5 þá frelsaði hann oss, ekki vegna réttlætisverkanna, sem
vér höfðum unnið, heldur samkvæmt miskunn sinni fyrir laug endurfæðingar
og endurnýjungar heilags anda, 6 sem hann úthelli yfir oss ríkulega fyrir
Jesúm Krist, frelsara vorn, 7 til þess að vér, réttlættir fyrir náð hans, yrðum í
voninni erfingjar eilífs lífs. 8 Það orð er satt, og á þetta vil eg að þú leggir alla
áherslu, til þess að þeir, sem fest hafa trú á Guð, láti sér umhugað um að
stunda góð verk. Þetta er gott og mönnunum nytsamlegt. 9 En forðast þú
heimskulegar þrætur og ættartölur og deilur og lögmálsstælur, því að þær eru
gagnslausar og hégómlegar. 10 Þrætumanni skalt þú sneiða hjá, er þú hefir
einu sinni og tvisvar ámint hann; 11 með því að þú veist að slíkur maður er
rangsnúinn og syndgar; hann er sjálfdæmdur. 12 Þegar eg sendi Artemas til
þín eða Týkíkus, þá gjör þér far um að koma til mín í Nikópólis, því þar hefi
eg ásett mér að hafa vetrarvist. 13 Greið sem best för þeirra Senasar
lögvitrings og Apollós, til þess að þá bresti ekkert. 14 En vorir menn eiga og
að læra að stunda góð verk til nauðsynja-þarfa, til þess að þeir séu ekki
ávaxtarlausir. 15 Allir, sem hjá mér eru, senda þér kveðju. Heilsa þeim, sem
oss elska í trú. Náð sé með yður öllum.

Fílemonsbréfið

Ad Philemonem

1. kafli

1 Páll, bandingi Krists Jesú, og bróðirinn Tímóteus til okkar elskaða
Fílemons og samverkamanns okkar, **2** og til Appíu systur okkar, og til
Arkippusar samherja okkar, og til kirkjunnar í húsi þínu. **3** Náð sé með yður
og friður frá Guði föður vorum og drotni Jesú Kristi. **4** Guði mínum gjöri eg
ávalt þakkir, er eg minnist þín í bænum mínum, — **5** er eg heyri um kærleika
þinn og trúna, sem þú hefir til Drottins Jesú og til allra hinna heilögu, — **6** að
samfélag trúar þinnar verði mikilvirkt fyrir Krist í þekking alls hins góða,
sem með yður býr. **7** Því að eg hlaut mikla gleði og huggun af kærleika
þínum, þar eð þú, bróðir, hefir endurnært hjörtu hinna heilögu. **8** Því er það,
að þótt eg hafi fulla djörfung að bjóða þér það sem vera ber, **9** þá fer eg þó
heldur bónarveg vegna kærleika þíns, þar sem eg er eins og eg er, hann Páll
gamli, og nú líka bandingi Krists Jesú; **10** eg bið þig þá fyrir barnið mitt, sem
eg hefi getið í fjötrum mínum, hann Onesímus, **11** sem áður var þér óþarfur,
en er nú þarfur bæði þér og mér; **12** einmitt hann sendi eg nú til þín aftur, og
er hann hjartað í brjósti mér. **13** Feginn vildi eg hafa haldið honum hjá mér, til
þess að hann í þinn stað veitti mér þjónustu í fjötrum fagnaðarerindisins; **14**
en án þíns samþykkis vildi eg ekkert gjöra, til þess að velgjörningur þinn
skyldi ekki koma eins og af nauðung, heldur af fúsum vilja. **15** Því að vísast
hefir hann þess vegna um stundarsakir skilist við þig, til þess að þú síðan
skyldir eilíflega halda honum; **16** ekki lengur eins og þræli, heldur þræli
fremri, eins og elskuðum bróður, mjög kærum mér, en hve miklu fremur þó
þér, bæði í holdi og í drotni. **17** Ef þú nú telur mig félagsbróður þinn, þá tak á
móti honum, eins og væri eg það sjálfur. **18** En hafi hann eitthvað gjört á
hluta þinn, eða sé hann í skuld við þig, þá fær þú mér það til reiknings. **19** Eg,
Páll, rita með eigin hendi: Eg mun gjalda — að eg ekki nefni við þig, að þú

enda ert í skuld við mig um sjálfan þig. 20 Já, bróðir, unn mér gagns af þér í
drotni, endurnær hjarta mitt í Kristi. 21 Í fullu trausti til hlýðni þinnar rita eg
til þín, og veit að þú munt enda gjöra fram yfir það, sem eg mælist til. 22 En
hafðu líka til gestaherbergi handa mér, því að eg vona, að eg vegna bæna
yðar muni verða gefinn yður. 23 Epafras, sambandingi minn í Kristi Jesú,
sendir þér kveðju, 24 og Markús, Aristarkus, Demas og Lúkas,
samverkamenn mínir. 25 Náðin Drottins vors Jesú Krists sé með anda yðar.
Amen.

Hebreabréfið

Ad Hebraeos

1. kafli

1 Eftir að Guð forðum hafði oftsinnis talað til feðranna og með mörgu móti
fyrir munn spámannanna, hefir hann í lok þessara daga til vor talað fyrir
soninn, **2** sem hann setti erfingja allra hluta, fyrir hvern hann og hefir gjört
heimana. **3** Hann sem er ljómi dýrðar hans og ímynd veru hans, og ber alt
með orði máttar síns; hann settist, er hann hafði hreinsun gjört syndanna, til
hægri handar hátigninni á hæðum, **4** og er orðinn englunum þeim mun meiri,
sem hann hefir að erfðum tekið ágætara nafn en þeir. **5** Því við hvern af
englunum hefir hann nokkuru sinni sagt: Þú ert sonur minn, í dag hefi eg
getið þig! Og í annan stað: Eg vil vera honum faðir, og hann mun vera mér
sonur! **6** Og er hann aftur leiðir hinn frumgetna inn í heimsbygðina, segir
hann: Og allir englar Guðs skulu tilbiðja hann. **7** Og um englana segir hann:
Hann sem gjörir engla sína vinda og þjóna sína eldsloga. **8** En um soninn:
Hásæti þitt, ó Guð, er um aldir alda, og sproti réttvísinnar er sproti ríkis þíns.
9 Þú hefir elskað réttlæti og hatað ranglæti; fyrir því hefir Guð, þinn Guð,
smurt þig gleðinnar olíu fram yfir þína jafningja. **10** Og: Þú, Drottinn, hefir í
upphafi grundvallað jörðina, og himnarnir eru verk handa þinna. **11** Þeir
munu farast, en þú stendur, og allir munu þeir fyrnast sem fat. **12** Og þú munt
þá saman vefja eins og blæju, eins og fat, og þeir munu umbreytast, en þú ert
hinn sami, og þín ár munu ekki þrotna. **13** En við hvern af englunum hefir
hann nokkuru sinni sagt: Set þig mér til hægri handar, uns eg gjöri óvini þína
að fótaskör þinni? **14** Eru þeir ekki allir þjónustubundnir andar, útsendir í
þeirra þarfir, sem hjálpræðið eiga að erfa?

2. kafli

1 Þess vegna ber oss að gefa því enn betur gaum, er vér höfum heyrt, svo að

eigi berumst vér afleiðis. **2** Því að hafi orðið af englum talað reynst stöðugt, og hver yfirtroðsla og óhlýðni hlotið réttlátt endurgjald, **3** hvernig fáum vér þá undan komist, ef vér vanrækjum slíkt hjálpræði, sem flutt var að upphafi af drotni, og var staðfest fyrir oss af þeim, er heyrðu, **4** er Guð jafnframt bar vitni með þeim, bæði með táknum og undrum og margs konar kraftaverkum og útbýtingu heilags anda að vild sinni? **5** Því ekki lagði hann undir engla hinn komandi heim, sem vér tölum um. **6** En einhverstaðar vitnaði maður segjandi: Hvað er maðurinn, að þú minnist hans? Eða mannsins sonur, að þú vitjir hans? **7** Litlu einu hefir þú gjört hann englunum lægri. Þú hefir krýnt hann dýrð og heiðri. Og þú hefir skipað hann yfir verk handa þinna. **8** Alla hluti hefir þú lagt undir fætur hans. Því að með því að leggja alla hluti undir hann, þá hefir hann ekkert það eftir skilið, er ekki sé undir hann lagt. En nú sjáum vér ekki enn þá, að allir hlutir séu undir hann lagðir. **9** En hann, sem litlu einu var gjörður englunum lægri, það er að segja Jesús, hann sjáum vér vegna þjáningar dauðans krýndan dýrð og heiðri, til þess að hann af Guðs náð skyldi dauðann smakka fyrir alla. **10** Því að það hæfði honum, vegna hvers allir hlutir eru, og fyrir hvern allir hlutir eru, er hann leiddi marga syni til dýrðar, að fullkomna höfund hjálpræðis þeirra með þjáningum. **11** Því að bæði sá sem helgar og þeir, sem helgaðir verða, eru allir af einum; fyrir þá sök telur hann sér eigi vanvirðu að kalla þá bræður, **12** segjandi: Eg mun kunnugt gjöra nafn þitt bræðrum mínum, eg mun syngja þér lof mitt í kirkjunni. **13** Og í annan stað: Eg mun halda áfram að treysta á hann. Og enn fremur: Sjá, eg og börnin, er Guð gaf mér. **14** Þar sem nú börnin eiga hlut í holdi og blóði, þá hefir hann og sjálfur fengið hlutdeild í því mjög svo á sama hátt, til þess að hann fyrir dauðann gæti að engu gjört þann, sem hefir mátt dauðans, það er að segja djöfulinn, **15** og frelsað alla þá, sem af ótta fyrir dauðanum voru undir þrælkun seldir alla sína ævi. **16** Því að víst er um það, að ekki tekur hann að sér englana, en hann tekur að sér sæði Abrahams. **17** Því var það, að hann í öllum greinum átti að verða líkur bræðrunum, til þess að hann yrði miskunnsamur og trúr æðsti prestur í þjónustu fyrir Guði, til þess að friðþægja fyrir syndir lýðsins. **18** Því að með því að hann hefir liðið, þar sem hans sjálfs var freistað, er hann fær um að fulltingja þeim, er verða fyrir freistingu.

3. kafli

1 Bræður heilagir! Þér skuluð þess vegna, sem hluttakar himneskrar köllunar, gefa gætur að postula og æðsta presti játningar vorrar, Jesú, **2** sem trúr var þeim, er hann skipaði, eins og Móse var það líka í öllu hans húsi. **3** Því að þessi er álitinn verður þeim mun meiri dýrðar en Móse, sem sá, er húsið gjörði, hefir meiri dýrð en húsið sjálft; **4** því að sérhvert hús er gjört af einhverjum, en Guð er sá, sem alt hefir gjört. **5** Og Móse var að sönnu trúr í öllu hans húsi, eins og þjónn, til vitnisburðar um það, sem átti að verða talað; **6** en Kristur eins og sonur yfir húsi hans, og hans hús erum vér, ef vér höldum fastri djörfunginni og hrósun vonarinnar alt til enda. **7** Því er það eins og heilagur andi segir: Í dag, ef þér heyrið raust hans, **8** þá forherðið ekki hjörtu yðar, eins og í beiskjunni á degi freistingarinnar á eyðimörkinni; **9** þar sem feður yðar freistuðu mín í fullri raun, og verkin mín fengu þeir að sjá í fjörutíu ár. **10** Fyrir því var eg gramur kynslóð þessari og sagði: Óaflátanlega villast þeir í hjörtum sínum. En þeir þektu ekki vegu mína. **11** Svo sem eg sór í bræði minni: Eigi skulu þeir inn ganga til hvíldar minnar. **12** Gefið gætur, bræður, að eigi kunni að vera hjá einhverjum yðar vont vantrúar hjarta, að hann falli frá lifanda Guði. **13** Heldur áminnið sjálfa yður einn og sérhvern dag, á meðan enn heitir: í dag, til þess að enginn yðar forherðist af táli syndarinnar. **14** Því að vér erum orðnir hluttakar Krists, svo framarlega sem vér höldum föstu alt til enda trausti voru, eins og það var að upphafi. **15** Þar sem sagt er: Í dag, ef þér heyrið raust hans, þá forherðið ekki hjörtu yðar eins og í beiskjunni. **16** Því að hverjir voru þeir, sem heyrt höfðu, og ollu þó beiskju? Voru það ekki einmitt allir þeir, sem út höfðu farið af Egiptalandi fyrir tilstilli Móse? **17** Og hverjum var hann gramur í fjörutíu ár? Var það ekki þeim sem syndgað höfðu, hverra hræ hrundu niður á eyðimörkinni? **18** Og hverjum sór hann, að eigi skyldu þeir ganga inn til hvíldar hans, nema hinum vantrúuðu? Og vér sjáum, að sakir vantrúar fengu þeir eigi gengið inn.

4. kafli

1 Þar sem nú er eftir látið fyrirheit um það, að ganga inn til hvíldar hans, þá vörumst grandvarlega að svo kunni að fara, að nokkur yðar virðist dragast

aftur úr; 2 því að fagnaðarerindið var oss boðað eigi síður en þeim; en orðið, sem þeir heyrðu, kom þeim eigi að haldi, vegna þess að það samblandaðist ekki trúnni hjá heyrendunum. 3 Því að vér, sem trú höfum tekið, göngum inn til hvíldarinnar, eins og hann hefir sagt: Svo sem eg sór í bræði minni: Eigi skulu þeir ganga inn til hvíldar minnar; enda þótt verkin væru fullgjör frá grundvöllun heims. 4 Því að einhverstaðar hefir hann svo að orði kveðið um hinn sjöunda dag: Og Guð hvíldist hinn sjöunda dag eftir öll verk sín. 5 Og enn á þessum stað: Eigi skulu þeir ganga inn til hvíldar minnar. 6 Þar sem nú enn stendur til boða, að nokkrir gangi inn til hennar, og þeir, er fagnaðarerindið var fyr boðað, gengu ekki inn sakir óhlýðni, 7 þá ákveður hann aftur dag einn, segjandi hjá Davíð, eftir svo langan tíma: Í dag, svo sem fyr hefir sagt verið; í dag, ef þér heyrið raust hans, þá forherðið ekki hjörtu yðar. 8 Því að hefði Jósúa leitt þá til hvíldar, þá mundi hann ekki síðar meir hafa talað um annan dag. 9 Enn stendur þá til boða sabbatshvíld fyrir lýð Guðs. 10 Því að sá, sem gengið hefir inn til hvíldar hans, hefir og sjálfur tekið sér hvíld eftir verk sín, eins og Guð hvíldist eftir sín verk. 11 Kostum því kapps um að ganga inn til þessarar hvíldar, til þess að enginn falli á sama dæmi óhlýðninnar. 12 Því að orð Guðs er lifandi og kröftugt og beittara hverju tvíeggjuðu sverði, og smýgur inn í instu fylgsni sálar og anda, liðamóta og mergjar, og er vel fallið til að dæma um hugsanir og hugrenningar hjartans. 13 Og engin skepna er honum hulin, en alt er bert og öndvert augum hans, sem hér er um að ræða. 14 Er vér þá höfum mikinn æðsta prest, sem farið hefir í gegnum himnana, Jesúm Guðs son, þá höldum fast við játninguna. 15 Því að ekki höfum vér þann æðsta prest, er eigi geti séð aumur á veikleika vorum, heldur þann, sem freistað var á allan hátt eins og vor, án syndar. 16 Göngum því með djörfung að hásæti náðarinnar, til þess að vér öðlumst miskunn og hljótum náð til hjálpar á hagkvæmum tíma.

5. kafli

1 Því að svo er um hvern æðsta prest, að þar sem hann er úr flokki manna tekinn, þá er hann settur fyrir menn, til þjónustu fyrir Guði, til þess að bera fram bæði gáfur og fórnir fyrir syndir, 2 og getur hann verið mildur við fáfróða og villuráfandi, þar sem hann sjálfur er veikleika vafinn. 3 Og sökum

þess á hann að bera fram syndafórn, eigi síður fyrir sjálfan sig en fyrir lýðinn. 4 Og ekki tekur nokkur sér sjálfum þennan heiður, heldur er hann kallaður af Guði, engu síður en Aron. 5 Svo var það og um Krist, að ekki tók hann sjálfum sér þá dýrð að gjörast æðsti prestur, heldur sá er við hann sagði: Sonur minn ert þú, í dag hefi eg getið þig. 6 Eins og hann líka segir á öðrum stað: Þú ert prestur að eilífu að hætti Melkísedeks. 7 Hann sem á dögum holds síns bar fram með sárum kveinstöfum og táraföllum bænir og auðmjúk andvörp fyrir þann, sem megnaði að frelsa hann frá dauða, og fékk þá bænheyrslu, að leysast úr angist sinni. 8 Og þótt hann sonur væri, lærði hann samt hlýðni af því, sem hann leið. 9 Og er hann var fullkomnaður, gjörðist hann öllum þeim, er honum hlýða, höfundur eilífs hjálpræðis, 10 af Guði nefndur æðsti prestur að hætti Melkísedeks. 11 Um þetta höfum vér langt mál að segja og torskilið, af því að þér hafið gjörst heyrnarsljóir. 12 Því þó að þér tímans vegna ættuð að vera kennarar, þá hafið þér þess enn þörf að einhver kenni yður byrjunar-stafróf boða Guðs; og svo er komið fyrir yður, að þér hafið þörf á mjólk, en ekki megnri fæðu. 13 En hver sem er við mjólkina, hann er óreyndur í réttlætis orði, því að hann er barn. 14 En megna fæðan er fyrir fullorðna, þar sem leiknin hefir tamið skilvitunum að greina gott frá illu.

6. kafli

1 Fyrir því skulum vér sleppa byrjunar-atriðunum í Kristi og sækja fram til fullkomnunarinnar, og förum ekki aftur að leggja grundvöll iðrunar frá dauðum verkum og trúar á Guð, — 2 kenningar-grundvöll um skírnir, handayfirlagningar, upprisu dauðra og eilífan dóm. 3 Og þetta munum vér gjöra, ef Guð lofar. 4 Því að það er ómögulegt, að þeir sem eitt sinn eru orðnir upplýstir og hafa smakkað hina himnesku gjöf, og hafa orðið hluttakar heilags anda, 5 og hafa smakkað Guðs góða orð og krafta komandi aldar, og hafa síðan fallið frá, — það er ómögulegt að endurnýja þá til iðrunar, 6 þar sem þeir með sjálfum sér krossfesta Guðs son af nýju og smána hann; 7 því að jörð sú, er drukkið hefir í sig regnið, sem á hana fellur hvað eftir annað, og ber gróður til gagns fyrir þá, sem hún og er yrkt fyrir, fær blessun frá Guði; 8 en beri hún þyrna og þistla, er hún ónýt, yfir henni vofir bölvun, og

hennar bíður að lokum að verða brend. 9 En hvað yður snertir, þér elskaðir, þá erum vér sannfærðir um það sem vel fer og hjálpsamlegt er, þó að vér mælum svo, 10 því að ekki er Guð ranglátur, að hann gleymi verki yðar og kærleikanum, sem þér auðsýnduð nafni hans, er þér veittuð hinum heilögu þjónustu og veitið enn. 11 Og vér óskum að sérhver yðar sýni af sér sömu ástundan, til þess að vonin fullkomnist alt til enda; 12 til þess að þér verðið ekki sljóir, heldur eftirbreytendur þeirra, sem vegna trúar og stöðuglyndis erfa fyrirheitin. 13 Því var það, að þegar Guð gaf Abraham fyrirheitið, þá sór hann við sjálfan sig, þar sem hann hafði við engan æðri að sverja, og sagði: 14 Sannlega mun eg blessandi blessa þig og margfaldandi margfalda þig. 15 Og með þeim hætti öðlaðist hann fyrirheitið, er hann hafði beðið þess með stöðuglyndi. 16 Því að menn sverja eið við þann sem æðri er, og eiðurinn er fyrir þá endir alls andmælis til staðfestingar. 17 Með því nú að Guð vildi sýna erfingjum fyrirheitisins enn ríkulegar, hve ráð sitt væri óraskanlegt, þá lagði hann enda eið við, 18 til þess að tvent væri það til óraskanlegt — þar sem ómáttulegt var að Guð færi með lygi —, er léti oss, þá er undan hafa komist, fá örugt traust, til þess að höndla sæluvonina, sem oss er geymd, 19 sem vér höfum eins og akkeri sálarinnar, traust og örugt. Og það nær alla leið inn fyrir fortjaldið, 20 þangað sem Jesús gekk inn, hann sem er fyrirrennarinn, oss til heilla, orðinn æðsti prestur að eilífu, að hætti Melkísedeks.

7. kafli

1 Því að Melkísedek þessi, Salem-konuugur, prestur Guðs hins hæsta, hann er sá er gekk á móti Abraham, er hann sneri heimleiðis frá vígi konunganna, og blessaði hann. 2 Og honum lét Abraham í té tíund af öllu. — Fyrst þýðir nafnið »réttlætis-konungur«, en heitir og enn fremur Salem-konungur, það er »friðar-konungur«, 3 föðurlaus, móðurlaus, ekki ættfærður, hafandi hvorki upphaf daga né enda lífs, en líkur gjör syni Guðs; — hann heldur áfram að vera prestur um aldur. 4 Virðið nú fyrir yður, hvílíkur maður það var, sem Abraham gaf valda tíund af herfanginu, hann sjálfur forfaðirinn. 5 Og víst er um það, að þeim Levísonum, er prestþjónustuna fá, er boðið að taka tíund af lýðnum, eftir lögmálinu, það er að segja af bræðrum sínum, enda þótt þeir útgengnir séu af lend Abrahams; 6 en sá, er eigi var ættfærður til þeirra, tók

tíund af Abraham og blessaði þann, er fyrirheitin hafði. 7 En með öllu er það ómótmælanlegt, að það sem er minni háttar, er blessað af því sem meiri háttar er, 8 og hér taka dauðlegir menn tíund, en þar tók sá, er um var vitnað, að hann lifi. 9 Og svo má að orði kveða, að enda Leví, hann sem tíund tekur, hafi greitt tíund, þar sem Abraham gjörði það, 10 því að enn þá var hann í lend föður síns, þegar Melkísedek gekk á móti honum. 11 Hefði nú fullkomnun fengist fyrir levíska prestdóminn, — en hann var fóturinn undir löggjöfinni, sem lýðurinn hafði tekið á móti, — hver var þá framar þörf þess, að hefjast skyldi annar prestur að hætti Melkísedeks, sá er eigi væri talinn að hætti Arons? 12 Því að hjá því verður ekki komist, að þegar prestdómurinn breytist, þá verður og breyting á lögmálinu; 13 því að maður sá, sem þetta er um mælt, var af annari ætt, og af þeirri ætt hefir enginn int þjónustu af hendi við altarið. 14 Því að alkunnugt er það, að Drottinn vor er af Júda upp runninn, en Móse hefir ekkert um presta talað, að því er kemur til þeirrar ættkvíslar. 15 Og þetta er enn miklu bersýnilegra, ef hafinn er annar prestur í líking við Melkísedek, 16 sá er eigi varð það eftir lögmáli holdlegs boðorðs, heldur eftir krafti órjúfanlegs lífs. 17 Því að um hann er vitnað: Þú ert prestur að eilífu að hætti Melkísedeks. 18 Því að undangengið boðorð er að vísu gjört ógilt, af því að það var vanmáttugt og gagnslaust, — 19 því að lögmálið gjörði ekkert fullkomið; — en jafnframt er innleidd betri von, og fyrir hana nálægjumst vér Guð. 20 Og að svo miklu leyti sem það er ekki orðið án eiðs, — 21 því að hinir hafa prestar orðið án eiðs, en hann með eiði frá þeim, er við hann sagði: Drottinn sór, og ekki mun hann iðra þess: þú ert prestur að eilífu; — 22 að því skapi er Jesús einnig orðinn borgunarmaður betri sáttmála. 23 Og hinir eru margir, sem prestar urðu, af því að dauðinn meinaði þeim að vera áfram, 24 en hann hefir prestdóm þar sem ekki verða mannaskifti, af því að hann er að eilífu; 25 fyrir því getur hann og til fulls frelsað þá, sem fyrir hann ganga fram fyrir Guð, þar sem hann ávalt lifir, til að biðja fyrir þeim. 26 Oss hæfði einmitt slíkur æðsti prestur, heilagur, svikalaus, óflekkaður, greindur frá syndurum, og orðinn himnunum hærri; 27 sá er ekki þarf daglega, eins og æðstu prestarnir, fyrst að bera fram fórnir fyrir sínar eigin syndir, síðan fyrir syndir lýðsins; því að þetta gjörði hann eitt skifti fyrir öll, er hann fórnfærði sjálfum sér. 28 Því að lögmálið skipar menn æðstu presta, sem hafa veikleika, en orð eiðsins, þess er kom á eftir lögmálinu, skipar son, fullkominn gjörðan

að eilífu.

8. kafli

1 En höfuðinntak þess, sem sagt hefir verið, er þetta: Vér höfum þann æðsta prest, er settist til hægri handar hástóls hátignarinnar á himnum, 2 helgiþjón helgidómsins og tjaldbúðarinnar, hinnar sönnu, sem Drottinn reisti, eigi maður. 3 Því að sérhver æðsti prestur er skipaður til þess að bera fram bæði gáfur og fórnir; fyrir því er það nauðsynlegt, að þessi æðsti prestur hafi líka eitthvað fram að bera. 4 Væri hann nú á jörðu, mundi hann alls ekki vera prestur, þar sem þeir eru fyrir, sem lögmálinu samkvæmt frambera gáfurnar, 5 og eru það þeir, sem veita þjónustu eftir mynd og skugga hins himneska, eins og Móse fékk bendingu um frá Guði, er hann var að koma upp tjaldbúðinni: Því að gæt þess, segir hann, að þú gjörir alt eftir þeirri fyrirmynd, sem þér var sýnd á fjallinu. 6 En nú hefir hann fengið þeim mun ágætari helgiþjónustu, sem hann og er meðalgangari betri sáttmála, sem lögtrygður er betri fyrirheitum. 7 Því að hefði sá hinn fyrri sáttmáli verið óaðfinnanlegur, þá hefði ekki verið reynt að koma öðrum að. 8 Því að hann er að finna að, þegar hann segir við þá: Sjá, dagar koma, segir Drottinn, og eg mun gjöra nýjan sáttmála við hús Ísraels og við hús Júda, 9 ekki eins og sáttmálann, er eg gjörði við feður þeirra á þeim degi, er eg tók í hönd þeirra, til að leiða þá út af Egiptalandi, því að þeir héldu ekki minn sáttmála, og eg hirti eigi um þá, segir Drottinn. 10 Því að þetta er sáttmálinn, sem eg mun gjöra við hús Ísraels eftir þá daga, segir Drottinn: Eg mun gefa lög mín í hugskot þeirra og rita þau á hjörtu þeirra, og eg mun vera Guð þeirra, og þeir munu vera lýður minn. 11 Og alls enginn mun þá kenna samborgara sínum og enginn bróður sínum, svo mælandi: Þektu Drottin, því að allir munu þeir þekkja mig, jafnt smáir sem stórir. 12 Því að eg mun vera vægur við misgjörðir þeirra, og eg mun alls ekki framar minnast synda þeirra. 13 Þar sem hann nú kallar þetta nýjan sáttmála, þá hefir hann lýst hinn fyrri úreltan, en það sem er að úreldast og fyrnast, er að því komið að verða að engu.

9. kafli

1 Að vísu hafði nú fyrri sáttmálinn líka fyrirskipanir um þjónustuna og hafði

jarðneskan helgidóm. 2 Því að tjaldbúð var gjörð, hin fremri, og í henni voru bæði ljósastikan og borðið og skoðunarbrauðin, og heitir hún »hið heilaga«. 3 En bak við annað fortjaldið var tjaldbúð, sem hét »hið allrahelgasta«. 4 Þar var reykelsisaltarið úr gulli og sáttmálsörkin, sem alt í kring var gulli búin; í henni var gullkerið með manna í, og hinn blómgaði stafur Arons og sáttmálsspjöldin. 5 En yfir henni voru kerúbar dýrðarinnar, yfirskyggjandi náðarstólinn; en um þetta hvað fyrir sig er nú ekki að ræða. 6 Er þetta var nú gjört með þeim hætti, þá ganga prestarnir stöðugt inn í fremri tjaldbúðina og inna af hendi þjónustu-athafnirnar; 7 en inn í hina innri gengur æðsti presturinn einn einu sinni á ári, ekki án blóðs, sem hann ber fram fyrir sjálfan sig og fyrir yfirsjónir lýðsins, 8 og sýnir heilagur andi með því, að vegurinn til hins heilaga er enn eigi kunnur orðinn, á meðan fremri tjaldbúðin enn stendur; 9 hún sem einmitt er líking upp á tímann, sem yfir stendur, og henni samkvæmt eru fram bornar bæði gáfur og fórnir, sem eigi eru máttugar til fulls að friða samviskuna hjá þeim, sem þjónustuna innir af hendi, 10 en eru aðeins — ásamt mat og drykk og ýmiss konar þvottum — holds fyrirskipanir, sem mönnum eru á herðar lagðar alt til tíma viðreisnarinnar. 11 En er Kristur var kominn sem æðsti prestur hinna komandi gæða, þá gekk hann inn í gegnum hina stærri og fullkomnari tjaldbúð, sem ekki er með höndum gjörð, það er að segja, er ekki af þessari sköpun; 12 og ekki gekk hann heldur með blóð hafra og kálfa, heldur með sitt eigið blóð, inn í hið heilaga í eitt skifti fyrir öll, eftir að hafa aflað eilífrar lausnar. 13 Því að ef blóð hafra og nauta og askan af kvígu, stráð á menn, er óhreinir hafa gjörst, helgar til hreinleika á holdinu, 14 hve miklu fremur mun þá blóðið Krists hreinsa samvisku yðar frá dauðum verkum, til að þjóna Guði lifanda, þar sem Kristur fyrir eilífan anda bar fram sjálfan sig lýtalausan fyrir Guði? 15 Og þess vegna er hann meðalgangari nýs sáttmála, til þess að hinir kölluðu mættu öðlast fyrirheit hinnar eilífu arfleifðar, er dauði hafði átt sér stað til endurlausnar frá yfirtroðslunum undir fyrri sáttmálanum, 16 því að þar sem arfleiðsluskrá er, þar verður dauði þess, er hana gjörði, að eiga sér stað; 17 því að arfleiðsluskrá er óhagganleg, þegar um látna er að ræða, þar sem hún er í engu gildi meðan arfleiðandi lifir; 18 þess vegna var ekki heldur hinn fyrri sáttmáli vígður án blóðs. 19 Því að þegar Móse hafði kunngjört gjörvöllum lýðnum öll boðorðin, lögmálinu samkvæmt, þá tók hann blóð kálfanna og

blóð hafranna, ásamt vatni og skarlatsrauðri ull og ísópi, og stökti bæði á sjálfa bókina og allan lýðinn og mælti: 20 Þetta er blóð sáttmálans, sem Guð ráðstafaði til yðar. 21 Og sömuleiðis stökti hann blóðinu á tjaldbúðina og öll áhöldin við helgiþjónustuna. 22 Og samkvæmt lögmálinu er það nálega alt, sem hreinsast með blóði, og eigi fæst fyrirgefning án úthellingar blóðs. 23 Það var því óhjákvæmilegt að þessar eftirmyndir þeirra hluta, sem á himnum eru, yrðu hreinsaðar með slíku, en fyrir sjálft hið himneska þurftu til að koma betri fórnir en þessar, 24 því að Kristur gekk ekki inn í helgidóm höndum gjörðan, eftirmynd hins sanna helgidóms, heldur inn í sjálfan himininn, til þess nú að birtast fyrir augliti Guðs oss til heilla; 25 og ekki heldur til þess að hann skyldi frambera sjálfan sig margsinnis, eins og æðsti presturinn gengur inn í hið heilaga á ári hverju með annarlegt blóð; 26 þar sem hann hefði þá oft orðið að líða frá grundvöllun veraldar, heldur hefir hann nú birst í eitt skifti við endi aldanna, til að afmá synd með fórn sinni. 27 Og eins og það liggur fyrir mönnunum eitt sinn að deyja, en eftir það er dómurinn, 28 þannig mun og Kristur, eitt sinn fórnfærður til að bera syndir margra, í annað sinn birtast án syndar, til hjálpræðis þeim, er hans bíða.

10. kafli

1 Þar sem lögmálið nú hefir einungis skugga hinna komandi gæða, en ekki sjálft líki hlutanna, getur það aldrei með sömu fórnunum ár hvert, er þeir stöðugt bera fram, fullkomnað þá, er ganga fram fyrir Guð. 2 Því að hefði ekki annars verið hætt við að frambera þær, vegna þess að samviskan hjá dýrkendunum var sér alls ekki framar meðvitandi synda, er þeir voru eitt sinn hreinir orðnir? 3 En einmitt með þeim fórnum er mint á syndirnar ár hvert. 4 Því að það er ómögulegt, að blóð nauta og hafra geti burt numið syndir. 5 Því er það, að þegar hann kemur í heiminn, þá segir hann: Fórn og gáfu hefir þú eigi viljað, en líkama hefir þú búið mér; 6 brennifórnir og syndafórnir geðjuðust þér ekki. 7 Þá sagði eg: Sjá, eg er kominn — í bókrollunni er ritað um mig — til að gjöra þinn vilja, Guð minn! 8 Er hann hér fyrir ofan segir: Fórnir og gáfur og brennifórnir og syndafórnir hefir þú eigi viljað, og eigi geðjaðist þér að þeim; — en það eru einmitt þær, sem fram eru bornar samkvæmt lögmálinu; — 9 þá hefir hann síðan sagt: Sjá, eg

er kominn til að gjöra vilja þinn; hann tekur burt hið fyrra, til þess að staðfesta hið síðara. **10** Og samkvæmt þessum vilja erum vér helgaðir með fórnargáfu líkama Jesú Krists eitt skifti fyrir öll. **11** Og svo er því varið um hvern prest, að hann er við helgiþjónustu sína bundinn dag hvern, og ber fram margsinnis hinar sömu fórnir, þær sem þó aldrei geta afmáð syndir; **12** en um hann er það að segja, að þegar hann hafði framborið eina fórn fyrir syndirnar, settist hann um aldur við hægri hönd Guðs, **13** og bíður þess síðan að óvinir hans verði gjörðir að fótskör hans. **14** Því að með einni fórn hefir hann um aldur fullkomnað þá, er helgaðir verða. **15** Og einnig heilagur andi vitnar fyrir oss. Því að eftir að hann hefir sagt: **16** Þetta er sáttmálinn, er eg mun gjöra við þá eftir þá daga, segir Drottinn: Lög mín vil eg gefa í hjörtu þeirra, og í hugskot þeirra vil eg þau rita. **17** Og eg mun alls ekki minnast framar synda þeirra né lögmálsbrota. **18** En þar sem er fyrirgefning þeirra, þar þarf ekki framar fórn fyrir synd. **19** Er vér nú, bræður, megum fyrir Jesú blóð með djörfung ganga inn í hið heilaga, **20** þangað sem hann vígði oss veginn, nýjan veg og lifandi, inn í gegnum fortjaldið, það er að segja hans eigin líkama, **21** og er vér höfum mikinn prest yfir húsi Guðs, **22** þá látum oss ganga fram fyrir Guð með einlægum hjörtum, í öruggu trúartrausti, er vér höfum hreinsað hjörtu vor af vondri samvisku, og laugað líkama vorn hreinu vatni. **23** Höldum fast við játningu vonar vorrar óbifanlega, því að trúr er sá, sem fyrirheitið hefir gefið; **24** og gefum gætur hver að öðrum, til þess að hvetja oss til kærleika og góðra verka. **25** Og yfirgefum ekki vorn eigin söfnuð, sem sumra er siður, heldur uppörvum hver annan, og það því fremur, sem þér sjáið að dagurinn færist nær. **26** Því að ef vér syndgum af ásettu ráði, eftir að vér höfum öðlast þekkingu sannleikans, þá er úr því enga fórn að fá fyrir syndirnar, **27** heldur er það rétt sem óttaleg bið eftir dómi, og grimmilegur eldur, sem eyða mun andstæðingunum. **28** Maður sá, er að engu hefir lögmál Móse, verður vægðarlaust bana að bíða, ef tveir eða þrír vottar bera. **29** Hve miklu þyngri hegningu ætlið þér þá ekki að sá muni vera talinn verðskulda, er hefir fótum troðið son Guðs og hefir álitið vanheilagt blóðið sáttmálans, er hann var helgaður í, og hefir smánað anda náðarinnar? **30** Því að vér þekkjum þann, er sagt hefir: Mín er hefndin, eg mun endurgjalda. Og í annan stað: Drottinn mun dæma lýð sinn. **31** Óttalegt er að falla í hendur lifanda Guðs. **32** En endurminnist hinna fyrri daganna, er þér voruð orðnir upplýstir og þoldu

mikla raun þjáninga. 33 Og var það ýmist, að þér sjálfir, smánaðir og aðþrengdir, voruð hafðir að augnagamni, eða þá hitt, að þér tókuð þátt í kjörum þeirra, er slíku áttu að sæta. 34 Því var það og, að þér sampíndust bandingjunum, og tókuð því með gleði, er þér voruð rændir fjármunum yðar, með því að þér vissuð, að þér áttuð sjálfir betri eign og varanlega. 35 Varpið því eigi frá yður djörfung yðar, er mikla umbun hefir, 36 því að þolgæðis hafið þér þörf, til þess að þér úr býtum berið fyrirheitið, er þér hafið gjört Guðs vilja. 37 Því að innan harðla skamms tíma mun sá koma, sem koma á, og ekki dvelst honum. 38 En minn hinn réttláti mun lifa fyrir trúna; og skjóti hann sér undan, þá hefir sála mín eigi geðþekni á honum. 39 En vér erum ekki undanskotsmenn til glötunar, heldur menn trúarinnar til sáluhjálpar.

11. kafli

1 En trúin er fullvissa um það, sem menn vona, sannfæring um þá hluti, sem eigi er auðið að sjá. 2 Því að fyrir hana fengu mennirnir fyr á tíðum góðan vitnisburð. 3 Fyrir trú skiljum vér heimana gjörða vera með Guðs orði, á þann hátt að hið sýnilega hefir ekki orðið til af því, er séð varð. 4 Fyrir trú bar Abel fram fyrir Guð betri fórn en Kain; fyrir hana fékk hann þann vitnisburð, að hann væri réttlátur, er Guð bar það vitni yfir gáfum hans, og fyrir hana talar hann enn, þótt dauður sé. 5 Fyrir trú var Enok í burt numinn, að eigi skyldi hann dauðann líta, og ekki var hann framar að finna, af því að Guð hafði numið hann í burt, því að áður en hann var í burt numinn, hafði hann fengið þann vitnisburð, að hann hefði verið Guði þóknanlegur. 6 En án trúar er ómögulegt að þóknast honum, því að sá, sem gengur fram fyrir Guð, verður að trúa því, að hann sé til, og að hann lætur þeim umbunað, er hans leita. 7 Fyrir trú fékk Nói guðlega bendingu um það, sem enn þá var ekki auðið að sjá, og óttaðist Guð og smíðaði örk til undankomu fyrir heimilisfólk sitt, og fyrir trúna fordæmdi hann heiminn og varð erfingi trúar-réttlætisins. 8 Fyrir trú hlýðnaðist Abraham því, er hann var kallaður, að fara burt til staðar, sem hann átti að fá til arfleifðar, og hann fór burt, vitandi eigi hvert leiðin lá. 9 Fyrir trú varð hann útlendingur í landi fyrirheitisins, eins og hann ætti ekki landið, og hafðist við í tjöldum, ásamt Ísak og Jakob, er voru samerfingjar með honum að hinu sama fyrirheiti. 10 Því að hann vænti borgar á traustum

grundvelli, þeirrar sem Guð er smiður að og byggingarmeistari. **11** Fyrir trú varð enda Sara fær um að koma upp kynstofni, og það enda þótt hún væri komin yfir þann aldur, þar sem hún taldi þann áreiðanlegan, sem fyrirheitið hafði gefið. **12** Fyrir því kom og út af einum manni, og það mjög svo ellihrumum, slík niðja mergð, sem stjörnur eru á himni og sandkorn við sjávarströnd, er ekki verður tölu á komið. **13** Allir þessir menn dóu í trú, án þess að hafa öðlast fyrirheitin, heldur sáu þeir þau álengdar og fögnuðu þeim, og játuðu að þeir væru gestir og útlendingar á jörðunni. **14** Því að þeir, sem slíkt mæla, láta það í ljósi, að þeir eru að leita eigin ættjarðar. **15** Og hefðu þeir nú átt við þá ættjörðina, sem þeir fóru frá, þá hefðu þeir haft tíma til að snúa þangað aftur. **16** En nú þrá þeir betri ættjörð, það er að segja himneska; fyrir því blygðast Guð sín ekki fyrir þá, að kallast Guð þeirra, því að borg bjó hann þeim. **17** Fyrir trú fórnfærði Abraham Ísak, er hann var reyndur, og sá fórnfærði einkasyni sínum, er fengið hafði fyrirheitin, **18** hann sem við hafði verið mælt: Þar sem Ísak er, þar skal sæði þitt kallast. **19** Því að hann hugði, að Guð væri og máttugur að vekja upp frá dauðum, og fyrir því má svo að orði kveða, að hann heimti hann aftur úr helju. **20** Fyrir trú, og það á hið ókomna, blessaði Ísak Jakob og Esaú. **21** Fyrir trú blessaði Jakob, er hann var að dauða kominn, báða sonu Jósefs, og laut fram á stafshúninn og baðst fyrir. **22** Fyrir trú mintist Jósef við æfilokin á brottför Ísraelssona, og gjörði ráðstöfun fyrir beinum sínum. **23** Fyrir trú var Móse, er hann var í heiminn borinn, í þrjá mánuði leynt af foreldrum sínum, af því að þau sáu að sveininn var fríður, og þau létu eigi skelfast af skipun konungsins. **24** Fyrir trú hafnaði Móse, er hann var orðinn fulltíða maður, því að vera talinn dótturson Faraós, **25** og kaus fremur ilt að þola með lýð Guðs en njóta skammvinns synda-unaðar, **26** og áleit vanvirðu Krists meiri auð en fjársjóðu Egiptalands, því að hann leit á launin. **27** Fyrir trú yfirgaf hann Egiptaland og óttaðist ekki reiði konungsins og var öruggur, eins og hann sæi hinn ósýnilega. **28** Fyrir trú hélt hann páska og rauð blóðinu, til þess að eyðandi frumburðanna skyldi ekki snerta þá. **29** Fyrir trú gengu þeir gegnum Rauðahafið sem um þurt land, og er Egiptar freistuðu þess, þá druknuðu þeir. **30** Fyrir trú hrundu Jeríkómúrar, er þeir höfðu umkringdir verið í sjö daga. **31** Fyrir trú var það, að skækjan Rahab fórst ekki ásamt hinum óhlýðnu, þar sem hún hafði tekið vinsamlega á móti njósnarmönnunum. **32** Og hvað á eg

að orðlengja framar um þetta? því að mig mundi skorta tíma, ef eg færi að segja frá Gídeon, Barak, Samson, Jefta og af Davíð og Samúel og spámönnunum, 33 sem fyrir trú unnu sigur á konungaríkjum, frömdu réttlæti, öðluðust fyrirheit, byrgðu munn ljóna, 34 slöktu eldsbál, umflýðu sverðseggjar, urðu styrkir, þótt áður væru þeir veikir, gjörðust öflgir í stríði, stöktu fylkingum óvina á flótta. 35 Konur heimtu aftur dauða, er þær höfðu mist, við það að þeir risu upp. Aðrir voru pyndaðir og þáðu ekki lausnina, til þess að þeir öðluðust betri upprisu. 36 Aðrir urðu að sæta háðyrðum og húðstrokum og þar á ofan fjötrum og fangelsi. 37 Þeir voru grýttir, þeir voru sagaðir í sundur, þeirra var freistað, þeir biðu bana fyrir sverði. Þeir ráfuðu í gærum og geitskinnum, alls vana, aðþrengdir og illa haldnir. — 38 Og ekki átti heimurinn slíka menn skilið. — Þeir reikuðu um óbygðir og fjöll og héldust við í hellum og jarðholum. 39 En þó að allir þessir menn fengju góðan vitnisburð fyrir trú sína, hlutu þeir þó eigi fyrirheitið; 40 þar sem Guð hafði oss fyrir séð það sem betra var, til þess að þeir því aðeins skyldu fullkomnir verða, að vér yrðum það ásamt þeim.

12. kafli

1 Látum oss því og, þar sem vér erum umkringdir af slíkum fjölda votta, létta á oss allri byrði og viðloðandi synd, og þreytum þolgóðir skeið það, sem oss er fyrir sett, 2 og beinum sjónum vorum til Jesú, höfundar og fullkomnara trúarinnar, til hans, sem í stað gleði þeirrar, er hann átti kost á, leið þolinmóðlega á krossi, mat smán einskis, og hefir sest til hægri handar hástóli Guðs. 3 Virðið því fyrir yður þann, sem þolað hefir slík andmæli gegn sér af syndurum, til þess að þér þreytist ekki, lémagna á sálum yðar. 4 Í baráttu yðar við syndina hafið þér ekki enn þá staðið í gegn, svo að blóð hafi runnið. 5 Og þér hafið gleymt áminningunni, sem ávarpar yður eins og syni: Son minn, lítilsvirð ekki hirtingu Drottins, og lát ekki heldur hugfallast, er hann tyftar þig. 6 Því að Drottinn agar þann, sem hann elskar, og hirtir harðlega hvern þann son, er hann að sér tekur. 7 Ef þér þolið aga, þá fer Guð með yður eins og syni; því að hver er sá sonur, sem faðirinn ekki agar? 8 En séuð þér án aga, sem allir hafa fyrir orðið, þá eruð þér þrælbornir, og eruð ekki synir. 9 Enn er það að segja, að vér höfðum líkamlega feður til að aga

oss, og bárum virðingu fyrir þeim; skyldum vér þá ekki miklu fremur vera undirgefnir föður andanna, og lifa? **10** Því að þeir öguðu oss reyndar um fáa daga, eftir því sem þeim leist, en oss til gagns agar hann oss, svo að vér getum fengið heilagleika hans. **11** Allur agi virðist að vísu í bili ekki vera gleðiefni, heldur sorgar, en eftir á gefur hann friðsælan ávöxt réttlætisins, þeim er við hann hafa tamist. **12** Réttið því úr máttvana höndum og magnþrota knjám, **13** og látið fætur yðar troða beinar brautir, til þess að hið fatlaða vindist ekki úr liði, en verði miklu fremur heilt. **14** Stundið frið við alla menn og helgun, því að án hennar fær enginn Drottin litið. **15** Hafið gát á, að enginn sleppi af Guðs náð, að engin beiskju-rót renni upp, sem truflun valdi, og margir kunni af henni að saurgast; **16** að eigi sé neinn hórkarl eða vanheilagur, eins og Esaú, sem fyrir einn málsverð lét af hendi frumburðarrétt sinn. **17** Því að þér vitið, að það fór líka svo fyrir honum, að hann var rækur gjör, þegar hann síðar vildi öðlast blessunina, — því að eigi fékk hann færi á að iðrast — þó að hann sárbeiddist hennar með tárum. **18** Því að þér eruð ekki komnir til fjalls, sem á verður þreifað, og brennandi elds, og til sorta og myrkurs og ofviðris **19** og básúnuhljóms og til talandi raustar, þar sem þeir, er hana heyrðu, báðust undan því, að meira væri til sín talað; **20** því að þeir þoldu ekki það, sem fyrir var skipað: Þó að það sé ekki nema dýr, sem kemur við fjallið, skal það grýtt verða. **21** Og svo var það ógurlegt, sem fyrir augu bar, að Móse sagði: Eg er mjög svo hræddur og skelfdur; — **22** heldur eruð þér komnir til Síon-fjalls og borgar Guðs lifanda, hinnar himnesku Jerúsalem, og til tíþúsunda engla, **23** til hátíðarsamkomu og kirkju frumgetinna, sem á himnum eru skráðir, og til dómarans, sem er Guð allra, og til anda réttlátra, sem algjörðir eru orðnir, **24** og til Jesú, meðalgangara nýs sáttmála, og til ádreifingar-blóðsins, sem betur talar en Abel. **25** Gætið þess að þér afbiðjið ekki þann, sem talar, því ef hinir hafa eigi undan komist, sem afbáðu þann, er gaf guðlega bendingu á jörðu, þá munum vér miklu síður undan komast, er gjörumst fráhverfir honum, er guðlega bendingu gefur frá himnum, **26** en raust hans lét jörðina bifast fyrrum. En nú hefir hann boðað og sagt: Enn einu sinni mun eg skjálfa láta ekki jörðina eina, heldur og himininn. **27** En þetta: enn einu sinni, birtir umskifti þeirra hluta, sem bifast, eins og við má búast, þar sem þeir eru skapaðir til þess að það standi stöðugt, sem eigi bifast. **28** Þar sem vér því höfum fengið óbifanlegt ríki, þá kunnum

þakkir, að vér með því megum þjóna Guði velþóknanlega með guðhræðslu og ótta. 29 Því að vor Guð er eyðandi eldur.

13. kafli

1 Bróðurkærleikurinn haldist. 2 Gleymið ekki gestrisninni, því að vegna hennar hafa sumir sér óafvitandi hýst engla. 3 Minnist bandingjanna, sem væruð þér sambandingjar þeirra; minnist þeirra er ilt líða, þar sem þér sjálfir eruð einnig með líkama. 4 Hjúskapurinn sé í heiðri hafður í öllum greinum, og hjónasængin sé óflekkuð, því að hórkarla og frillulífismenn mun Guð dæma. 5 Sýnið enga fégirni í hegðun yðar, en látið yður nægja það sem þér hafið, því að sjálfur hefir hann sagt: Eg mun alls ekki sleppa þér og eigi heldur yfirgefa þig; 6 svo að vér getum öruggir sagt: Drottinn er minn hjálpari; eigi mun eg óttast. Hvað geta mennirnir gjört mér? 7 Verið minnugir leiðtoga yðar, sem Guðs orð hafa til yðar talað; virðið fyrir yður, hvaða afdrif æfi þeirra fékk, og líkið síðan eftir trú þeirra. 8 Jesús Kristur er í gær og í dag hinn sami og um aldir. 9 Látið yður ekki afvega leiða af ýmislegum og annarlegum kenningum, því að það er gott að hjartað styrkist við náð, ekki við matveislur, því að þeir sem gáfu sig að þeim, höfðu eigi happ af því. 10 Vér höfum altari, og hafa þeir, er tjaldbúðinni þjóna, ekki leyfi til að eta af því. 11 Því að brend eru fyrir utan herbúðirnar hræ þeirra dýra, sem æðsti presturinn ber blóðið úr inn í helgidóminn til syndafórnar. 12 Þess vegna leið og Jesús fyrir utan hliðið, til þess að hann helgaði lýðinn með blóði sínu. 13 Göngum því til hans út fyrir herbúðirnar og berum vanvirðu hans. 14 Því að vér höfum hér ekki borg er stendur, heldur leitum vér hinnar komandi. 15 Fyrir hann skulum vér því óaflátanlega frambera lofgjörðar fórn fyrir Guð, það er: ávöxt vara, er játa nafn hans. 16 En gleymið ekki velgjörðaseminni og hjálpseminni, því að slíkar fórnir eru Guði þóknanlegar. 17 Hlýðið leiðtogum yðar og verið þeim eftirlátir, því að þeir vaka yfir sálum yðar, svo sem þeir er reikning eiga að lúka fyrir þær, til þess að þeir geti gjört það með gleði, en ekki andvarpandi, því að yður væri það til ógagns. 18 Biðjið fyrir oss, því að vér erum þess fullvissir, að vér höfum góða samvisku og viljum í öllum greinum breyta vel. 19 En eg áminni yður enn ræki legar um að gjöra þetta, til þess að þér fáið mig brátt aftur heimtan. 20 En Guð friðarins, er leiddi aftur

fram frá dauðum hinn mikla hirði sauðanna, með blóði eilífs sáttmála, Drottin vorn Jesúm, 21 hann fullkomni yður í öllu góðu, til að gjöra vilja hans, og komi því til leiðar í oss, sem þóknanlegt er í hans augum, fyrir Jesúm Krist. Honum sé dýrð um aldir alda. Amen. 22 En eg áminni yður, bræður, að þér þolið áminningar-orðið, því að fáort hefi eg yður ritað. 23 Vita skuluð þér, að bróðir vor Tímóteus hefir fengið lausn, og ásamt honum mun eg sjá yður, komi hann bráðum. 24 Heilsið öllum leiðtogum yðar og öllum heilögum. Mennirnir frá Ítalíu senda yður kveðju. 25 Náð sé með yður öllum. Amen.

Jakobsbréfið

Iacobi

1. kafli

1 Jakob, þjónn Guðs og Drottins Jesú Krists, heilsar hinum tólf kynkvíslum í dreifingunni. **2** Álítið það, bræður mínir, eingöngu gleðiefni, er þér ratið í ýmiss konar raunir, **3** með því að þér vitið að reynsla trúar yðar verkar þolgæði, **4** en þolgæðið á að hafa fullkomið verk, til þess að þér séuð fullkomnir og algjörðir og yður sé í engu ábótavant. **5** En ef einhvern yðar brestur visku, þá biðji hann Guð um hana, hann sem gefur öllum örlátlega og án brigslyrða, og hún mun honum gefast; **6** en hann á að biðja með trú, án þess að efast, því að sá sem efast, er líkur sjávaröldu, er rís og hrekst fyrir vindi. **7** Sá maður má eigi ætla, að hann fái nokkuð hjá drotni, **8** hann sem er tvílyndur maður, reikull á öllum vegum sínum. **9** En hinn lágt setti bróðir hrósi sér af upphefð sinni, **10** en hinn auðugi af lægingu sinni, því hann mun líða undir lok eins og blóm á grasi; **11** því að sólin kemur upp með steikjandi hita og brennir grasið, og blóm þess dettur af og fegurð útlits þess verður að engu; þannig mun og hinn auðugi maður visna upp á vegum sínum. **12** Sæll er sá maður, sem stenst freistingu, því að þegar búið er að reyna hann, þá mun hann meðtaka kórónu lífsins, sem hann hefir heitið þeim, er elska hann. **13** Enginn má segja, er hann freistast: eg freistast af Guði, því að Guð getur eigi freistast af hinu illa og sjálfur freistar hann einskis manns; **14** en sérhver freistast við það, að hann er dreginn og tældur af sinni eigin girnd; **15** þegar girndin síðan er orðin þunguð, elur hún synd, og þegar syndin er orðin fullþroskuð, fæðir hún dauða. **16** Villist ekki, bræður mínir elskaðir! **17** Sérhver góð gjöf og sérhver fullkomin gáfa er ofan að og kemur niður frá föður ljósanna, hjá hverjum hvorki er umbreyting né umhverfingarskuggi. **18** Eftir ráðsályktun sjálfs sín fæddi hann oss með sannleiksorði, til þess að vér skyldum vera nokkurs konar frumgróði skepna hans. **19** Vitið, bræður mínir

elskaðir: hver maður skal vera fljótur til að heyra, seinn til að tala, seinn til reiði, 20 því að reiði manns vinnur ekki réttlæti Guðs; 21 afleggið því hvers konar saurugleik og vonskugnægð og meðtakið með hógværð hið gróðursetta orð, er frelsað getur sálir yðar. 22 En verðið gjörendur orðsins, og eigi aðeins heyrendur, svíkjandi sjálfa yður. 23 Því að ef einhver er heyrandi orðsins og ekki gjörandi, þá er hann líkur manni, er skoðar sitt meðfædda andlit í skuggsjá; 24 því að hann skoðaði sjálfan sig, og fór burt og gleymdi jafnskjótt hvernig hann var. 25 En sá sem skygnist inn í hið fullkomna lögmál frelsisins og heldur sér við það, og ekki er orðinn gleyminn heyrandi, heldur gjörandi verksins, hann mun sæll verða í framkvæmdum sínum. 26 Ef einhver þykist vera guðrækinn, en hefir ekki taumhald á tungu sinni, heldur leiðir hjarta sitt afvega, þá er dýrkun hans fánýt. 27 Hrein og óflekkuð dýrkun fyrir Guði og föður er þetta, að vilja munaðarlausra og ekkna í þrengingu þeirra og varðveita sjálfan sig flekklausan af heiminum.

2. kafli

1 Bræður mínir, látið ekki trúna á Drottin vorn Jesúm Krist dýrðarinnar vera samfara manngreinaráliti; 2 því að ef maður kemur inn í samkundu yðar með gullhring á hendi og í skínandi klæðum, og jafnframt kemur inn fátækur maður í óhreinum fötum, 3 og yður verður starsýnt á þann, sem ber hin skínandi klæði, og þér segið: Set þig hér í gott sæti! en þér segið við fátæka manninn: Stattu þar, eða settu þig fyrir neðan fótskör mína! 4 hafið þér þá ekki gjört greinarmun með sjálfum yður, og eruð orðnir dómendur með vondum hugsunum? 5 Heyrið, bræður mínir elskaðir, hefir Guð ekki útvalið hina fátæku fyrir heiminum, til þess að þeir verði auðugir í trú og erfingjar þess ríkis, er hann hefir heitið þeim, sem elska hann? 6 En þér hafið óvirt hinn fátæka. Eru það þó ekki hinir ríku, sem undiroka yður og draga fyrir dómstóla? 7 Eru það ekki þeir, sem lastmæla hinu góða nafni, sem nefnt hefir verið yfir yður? 8 Ef þér þá uppfyllið hið konunglega boðorð samkvæmt ritningunni: Elska skaltu náunga þinn sem sjálfan þig, þá gjörið þér vel; 9 en ef þér farið í manngreinarálit, þá drýgið þér synd, og það er sannað upp á yður af lögmálinu, að þér séuð yfirtroðslumenn. 10 Því hver sem kynni að halda alt lögmálið, en hrasar í einu, hann er orðinn sekur við öll boðorðin. 11

Því sá, sem sagði: Þú skalt ekki hórdóm drýgja, hann sagði líka: Þú skalt ekki mann vega. En þó að þú ekki drýgir hór, en þú vegur mann, þá ertu orðinn yfirtroðslumaður lögmálsins. **12** Talið þannig og breytið þannig, sem þeir, er dæmast eiga eftir lögmáli frelsisins. **13** Því að dómurinn verður miskunnarlaus þeim, sem ekki auðsýndi miskunn; miskunnsemin er óhrædd við dóm. **14** Hvað stoðar það, bræður mínir, þótt einhver segist hafa trú, en hefir eigi verk? Mun trúin geta frelsað hann? **15** Ef bróðir eða systir eru nakin og vantar daglegt viðurværi, **16** en einhver yðar segði við þau: Farið í friði, vermið yður og mettið! en þér gefið þeim ekki það sem líkaminn þarfnast, hvað stoðar það? **17** Eins er líka trúin, hafi hún ekki verk, þá er hún dauð í sjálfri sér. **18** En nú segir einhver: Þú hefir trú og eg hefi verk; sýn mér þá trú þína án verkanna, og eg skal sýna þér trúna af verkum mínum. **19** Þú trúir, að Guð sé einn. Þú gjörir vel; en illu andarnir trúa því líka og skelfast. **20** En fávísi maður, vilt þú láta þér skiljast, að trúin er ónýt án verkanna? **21** Réttlættist ekki Abraham faðir vor af verkum, er hann hafði lagt son sinn Ísak upp á altarið? **22** Þú sér, að trúin var samtaka verkum hans og að trúin fullkomnaðist af verkunum, **23** og ritningin rættist, sem segir: Og Abraham trúði Guði og það var honum til réttlætis reiknað, og hann var kallaður Guðs vinur. **24** Þér sjáið, að maðurinn réttlætist af verkum, og ekki aðeins af trú. **25** Svo var og um skækjuna Rahab; réttlættist hún ekki af verkum, er hún hafði tekið við sendimönnunum og látið þá fara burt aðra leið? **26** Því að eins og líkaminn er dauður án anda, eins er og trúin dauð án verka.

3. kafli

1 Gjörist eigi, bræður mínir, margir kennarar, með því að þér vitið, að vér munum fá þyngri dóm; **2** því að allir hrösum vér í mörgu. Hrasi einhver ekki í orði, þá er hann maður fullkominn, fær um að hafa stjórn jafnvel á öllum líkama sínum. **3** Ef vér leggjum hestunum beisli í munn, til þess að þeir hlýði oss, þá getum vér stýrt öllum líkama þeirra. **4** Sjá einnig skipin, svo stór sem þau eru, og rekin af hörðum vindum; þeim verður stýrt með mjög litlu stýri, hvert sem stýrimaðurinn vill. **5** Þannig er einnig tungan lítill limur, en lætur mikið yfir sér. Sjá, hversu lítill neisti getur kveikt í svo miklum skógi. — **6** Tungan er og eldur; tungan, ranglætisheimurinn, er meðal lima vorra; hún

flekkar allan líkamann og kveikir í hjóli tilverunnar, en í henni er kveikt af helvíti. 7 Því að allar tegundir dýra og fugla, skriðkvikinda og sjávardýra, temjast og hafa verið tamin af kyni mannanna; 8 en tunguna getur enginn af mönnunum tamið, þessa óhemju, sem full er með banvænt eitur. 9 Með henni vegsömum vér Drottin og föðurinn, og með henni formælum vér mönnunum, sem skapaðir eru eftir líkingu Guðs. 10 Af sama munni gengur fram blessun og bölvun, þetta má ekki svo vera, bræður mínir. 11 Gefur lindin úr sama uppsprettuauga bæði sætt og beiskt vatn? 12 Mun fíkjutré, bræður mínir, geta af sér gefið olífur eða vínviður fíkjur? Eigi getur heldur saltur brunnur gefið sætt vatn. — 13 Hver er vitur og skynsamur yðar á meðal? Hann sýni af góðri hegðun verk sín í hógværð spekinnar. 14 En ef þér hafið beiskan ofsa og eigingirni í hjarta yðar, þá stærið yður ekki og ljúgið ekki gegn sannleikanum. 15 Sú speki kemur ekki ofan að, heldur er hún jarðnesk, náttúrleg, djöfulleg. 16 Því hvar sem ofsi og eigingirni er, þar er óstjórn og hvers kyns ill háttsemi. 17 En sú speki, sem að ofan er, hún er í fyrsta lagi hrein, þar næst friðsöm, ljúfleg, sannsýn, full miskunnar og góðra ávaxta, óhlutdræg, hræsnislaus; 18 en ávexti réttlætisins verður sáð í friði þeim til handa, sem frið semja.

4. kafli

1 Af hverju koma stríð og af hverju bardagar á meðal yðar? Af hverju öðru en af girndum yðar, sem heyja stríð í limum yðar? 2 Þér girnist og fáið ekki, þér drepið og öfundið, og getið þó ekki öðlast; þér berjist og stríðið; þér fáið ekki, af því að þér biðjið ekki. 3 Þér biðjið, og öðlist ekki, af því að þér biðjið illa, til þess að þér getið sóað því í munaði yðar. 4 Þér hórkonur, vitið þér ekki, að vinátta við heiminn er fjandskapur gegn Guði? Hver sem því vill vera vinur heimsins, hann gjörir sig að óvini Guðs? 5 Eða haldið þér að ritningin fari með hégóma? Þráir hann ekki með vandlæti andann, sem hann gaf bústað í oss? En hann gefur meiri náð; 6 þess vegna segir hún: Guð stendur í gegn dramblátum, en auðmjúkum gefur hann náð. 7 Gjörist því undirgefnir Guði; standið gegn djöflinum, og þá mun hann flýja frá yður. 8 Nálægið yður Guði, og þá mun hann nálgast yður. Hreinsið hendur yðar, þér syndarar, og gjörið flekklaus hjörtun, þér tvílyndu. 9 Berið yður illa, syrgið

og grátið; hlátur yðar skal umbreytast í sorg og gleðin í dapurleik. 10 Auðmýkið yður fyrir drotni, og hann mun upphefja yður. 11 Talið ekki illa hver um annan, bræður. Sá sem talar illa um bróður sinn eða dæmir bróður sinn, talar illa um lögmálið og dæmir lögmálið; en ef þú dæmir lögmálið, þá ert þú ekki lögmálsins gjörandi, heldur dómari. 12 Einn er löggjafinn og dómarinn, sá sem getur frelsað og tortímt. En hver ert þú, sem dæmir náungann? 13 Heyrið, þér sem segið: Í dag eða á morgun skulum vér fara til þeirrar eða þeirrar borgar, dveljast þar eitt ár, og versla og græða! 14 Þér sem ekki vitið, hvað á morgun mun verða; hvílíkt er líf yðar? Því að þér eruð gufa, sem sést um stutta stund, en hverfur síðan. 15 Í stað þess ættuð þér að segja: Ef Drottinn vill, þá bæði lifum vér og munum gjöra þetta eða hitt. 16 En nú stærið þér yður í yðar oflátungskap; alt slíkt stærilæti er vont. 17 Hver, sem því hefir vit á gott að gjöra og gjörir það ekki, honum er það synd.

5. kafli

1 Heyrið nú, þér auðmenn, grátið og kveinið yfir þeim eymdum, sem yfir yður munu koma. 2 Auður yðar er orðinn fúinn og klæði yðar eru orðin möletin, 3 gull yðar og silfur er orðið ryðbrunnið, og ryðið á því mun verða yður til vitnis og eta hold yðar eins og eldur; þér hafið fjársjóðum safnað á síðustu dögunum. 4 Sjá, laun verkamannanna, sem hafa slegið lönd yðar, þau er þér hafið haft af þeim, hrópa, og köll kornskurðarmannanna eru komin til eyrna Drottins hersveitanna. 5 Þér hafið lifað í sællífi á jörðunni og í óhófi; þér hafið alið hjörtu yðar á slátrunardegi. 6 Þér hafið sakfelt, þér hafið drepið hinn réttláta; hann stendur ekki í gegn yður. 7 Þreyið því, bræður, þangað til Drottinn kemur. Sjá, akuryrkjumaðurinn bíður eftir hinum dýrmæta ávexti jarðarinnar og þreyir eftir honum, þangað til hann hefir fengið haustregn og vorregn. 8 Þreyið og þér, styrkið hjörtu yðar, því að tilkoma Drottins er í nánd. 9 Kvartið ekki hver yfir öðrum, bræður, til þess að þér verðið ekki dæmdir; sjá, dómarinn stendur fyrir dyrunum. 10 Bræður, takið spámennina, sem talað hafa í nafni Drottins, til fyrirmyndar í að líða ilt og í þolinmæði. 11 Sjá, vér teljum þá sæla, sem þolgóðir hafa verið; þér hafið heyrt um þolgæði Jobs og vitið endalokin, sem Drottinn gjörði, því að Drottinn er mjög miskunnsamur og líknsamur. 12 En umfram alt, bræður mínir, sverjið ekki,

hvorki við himininn né við jörðina, né nokkurn annan eið, en yðar já sé já, yðar nei sé nei, til þess að þér fallið ekki undir dóm. **13** Líði nokkurum illa yðar á meðal, þá biðji hann; liggi vel á einhverjum, þá syngi hann lofsöng. **14** Sé einhver sjúkur yðar á meðal, þá kalli hann til sín öldunga kirkjunnar, og þeir skulu smyrja hann með olíu í nafni Drottins og biðjast fyrir yfir honum; **15** og trúarbænin mun gjöra hinn sjúka heilan og Drottinn mun reisa hann á fætur, og þær syndir, sem hann kann að hafa drýgt, munu honum verða fyrirgefnar. **16** Játið því hver fyrir öðrum syndir yðar og biðjið hver fyrir öðrum, til þess að þér verðið heilbrigðir. Kröftug bæn réttláts manns megnar mikið. **17** Elía var maður sama eðlis og vér, og hann bað þess heitt, að ekki skyldi rigna, og það rigndi ekki yfir landið í þrjú ár og sex mánuði; **18** og hann bað aftur, og himininn gaf regn og jörðin bar sinn ávöxt. **19** Bræður mínir, ef einhver meðal yðar villist frá sannleikanum, og einhver snýr honum, **20** þá viti hann, að hver, sem snýr syndara frá villu vegar hans, mun frelsa sálu frá dauða og hylja fjölda synda.

Fyrra Pétursbréf

I Petri

1. kafli

1 Pétur postuli Jesú Krists, til útlendinganna í dreifingu í Pontus, Galatíu, Kappadókíu, Asíu og Bitýníu, sem útvaldir eru **2** eftir fyrirvitund Guðs föður með helgun andans, til hlýðni og ádreifingar blóðs Jesú Krists. Náð og friður margfaldist með yður. **3** Lofaður sé Guð og faðir Drottins vors Jesú Krists, sem eftir mikilli miskunn sinni hefir endurfætt oss til lifandi vonar fyrir upprisu Jesú Krists frá dauðum **4** til óforgengilegrar og flekklausrar og ófölnandi arfleifðar, sem yður er geymd á himnum, **5** yður sem með krafti Guðs eruð varðveittir fyrir trú til frelsunar, sem búin er til að opinberast á síðasta tíma. **6** Af þessu gleðjist þér, þótt þér nú um skamma stund, ef svo verður að vera, séuð hrygðir í margs konar freistingum, **7** til þess að reynsla trúar yðar, langtum dýrmætari en gull, er eyðist, þótt það sé reynt með eldi, geti orðið til lofs og dýrðar og heiðurs í opinberun Jesú Krists, **8** sem þér elskið, þótt þér ekki hafið séð hann, sem þér trúið á, þótt þér ekki hafið hann nú fyrir augunum, og gleðjist óumræðilegum og dýrlegum fögnuði, **9** því að þér náið takmarkinu fyrir trú yðar, frelsun sálna yðar. **10** Þessari frelsun grensluðust spámennirnir eftir og rannsökuðu vandlega, þeir er spáðu um náð þá, er yður mundi hlotnast, **11** er þeir rannsökuðu, til hvers eða hvílíks tíma Krists andi, sem í þeim bjó, benti, þá er hann vitnaði fyrirfram um píslir Krists og dýrðina þar á eftir. **12** En þeim var það opinberað, að það var eigi fyrir þá sjálfa, heldur fyrir yður, að þeir þjónuðu að þessu, sem yður er nú kunngjört af þeim, sem boðuðu yður fagnaðarerindið fyrir heilagan anda, sem er sendur frá himni, og inn í þetta fýsir englana að skygnast. **13** Hafið því lendar hugskots yðar umgyrtar, verið algáðir og setjið algjörlega von yðar til þeirrar náðar, sem yður mun veitast við opinberun Jesú Krists; **14** sem hlýðin börn megið þér eigi laga breytni yðar eftir þeim girndum, er þér áður

þjónuðuð í vanvisku yðar, 15 heldur verðið sjálfir einnig heilagir í allri
hegðun, eins og sá er heilagur, sem yður hefir kallað, 16 því að ritað er: Verið
heilagir, því eg er heilagur. 17 Og svo framarlega sem þér ákallið þann sem
föður, er dæmir án manngreinarálits eftir verkum hvers eins, þá framgangið í
ótta yðar útlegðartíma, 18 því að þér vitið að þér eigi eruð leystir með
forgengilegum hlutum, silfri eða gulli, frá yðar hégómlegu hegðun, er þér
höfðuð af feðrum yðar, 19 heldur með dýrmætu blóði eins og lýtalauss og
óflekkaðs lambs, það er blóði Krists, 20 hans sem að sönnu var fyrirfram
þektur fyrir grundvöllun heimsins, en var opinberaður við lok tímanna vegna
yðar, 21 sem fyrir hann trúið á Guð, er vakti hann upp frá dauðum og gaf
honum dýrð, svo að trú yðar skyldi jafnframt vera von til Guðs. 22 Er þér
hafið hreinsað sálir yðar með hlýðni við sannleikann til hræsnislausrar
bróðurelsku, þá elskið hver annan innilega af hjarta, 23 þér sem endurfæddir
eruð, ekki af forgengilegu sæði, heldur óforgengilegu með Guðs lifanda orði,
því er varir. 24 Því að: alt hold er sem gras og öll vegsemd þess sem blóm á
grasi; grasið skrælnaði og blómið féll af, 25 en orð Drottins varir að eilífu. Og
þetta er orð fagnaðarerindisins, er yður hefir verið boðað.

2. kafli

1 Afleggið því alls konar vonsku og alla pretti, hræsni og öfund og öll
illmæli, 2 og sækist eins og nýfædd börn eftir hinni andlegu, ósviknu mjólk,
til þess að þér við hana getið vaxið til hjálpræðis, 3 ef þér hafið smakkað,
hvað Drottinn er góður; 4 og er þér komið til hans, hins lifanda steins, sem að
sönnu er af mönnum útskúfaður, en hjá Guði útvalinn og dýrmætur, 5 þá
verðið þér og sjálfir sem lifandi steinar uppbygðir í andlegt hús, til að vera
heilagt prestafélag, til að frambera andlegar fórnir, Guði velþóknanlegar fyrir
Jesúm Krist. 6 Fyrir því stendur í ritningunni: Sjá, eg set hornstein í Síon,
valinn og dýrmætan, og sá sem trúir á hann, mun alls eigi verða sér til
skammar. 7 Fyrir yður, sem trúið, er því vegsemdin, en steinninn, sem
smiðirnir höfnuðu, sá hinn sami er orðinn að hyrningarsteini fyrir þá, sem
ekki trúa, og ásteytingarsteinn og hneykslunarhella, 8 því að þeir hrasa, af því
að þeir hlýðnuðust ekki orðinu, og til þess voru þeir og ákveðnir. 9 En þér
eruð útvalin kynslóð, konunglegt prestafélag, heilög þjóð, lýður Guði til

eignar, til þess að þér skulið víðfrægja fullkomleika hans, sem kallaði yður frá myrkrinu til síns undursamlega ljóss; **10** þér sem áður voruð ekki-lýður, en eruð nú orðnir lýður Guðs, þér sem ekki nutuð miskunnar, en hafið nú miskunn hlotið. **11** Þér elskuðu, eg áminni yður sem gesti og útlenda að halda yður frá holdlegum girndum, sem heyja stríð gegn sálunni; **12** og hegðið yður vel meðal heiðinna þjóða, til þess að þeir, vegna góðverkanna, sem þeir sjá, í því, er þeir illmæla yður fyrir sem illgjörðamönnum, megi vegsama Guð á tíma vitjunarinnar. **13** Verið undirgefnir sérhverju mannlegu skipulagi vegna Drottins, hvort heldur það er konunginum, svo sem hinum æðsta, **14** eða landshöfðingjunum, svo sem þeim, er af honum eru sendir illgjörðamönnum til refsingar, en til lofs þeim, sem vel breyta. **15** Því að þannig er vilji Guðs, að þér skulið, með því að breyta vel, niðurþagga vanþekkingu heimskra manna, **16** sem frjálsir menn, en ekki sem þeir, er hafa frelsið fyrir hjúp yfir vonskuna, heldur sem þjónar Guðs. **17** Virðið alla menn, elskið bræðrafélagið, óttist Guð, heiðrið konunginn. **18** Þér þjónar, verið undirgefnir húsbændum yðar með mesta ótta, ekki einungis hinum góðu og sanngjörnu, heldur einnig hinum ósanngjörnu; **19** því að það er náð, ef einhver, samviskunnar vegna gagnvart Guði, þolir móðganir og líður saklaus. **20** Því að hvaða frægð er það, að þér sýnið þolgæði, er þér verðið fyrir höggum, þegar þér syndgið? En ef þér sýnið þolgæði, er þér líðið ilt, þegar þér breytið vel, það aflar náðar hjá Guði; **21** því til þessa eruð þér kallaðir, því að Kristur leið einnig fyrir yður, og eftirlét yður fyrirmynd, til þess að þér skylduð feta í hans fótspor, **22** hann sem ekki drýgði synd og ekki voru svik fundin í munni hans, **23** hann sem eigi illmælti aftur, er honum var illmælt, og hótaði eigi, er hann leið, heldur gaf það í hans vald, sem réttvíslega dæmir, **24** hann sem sjálfur bar syndir vorar á líkama sínum upp á tréð, til þess að vér skyldum, dánir frá syndunum, lifa réttlætinu, og fyrir hans benjar eruð þér læknaðir. **25** Því að þér voruð villuráfandi sem sauðir, en nú hafið þér snúið yður til hirðis og biskups sálna yðar.

3. kafli

1 Sömuleiðis skuluð þér, konur, vera undirgefnar eiginmönnum yðar, til þess að jafnvel þeir, sem ef til vill ekki vilja hlýða orðinu, gætu orðið unnir án

orðsins við hegðun kvenna sinna, 2 þegar þeir sjá yðar skírlífu hegðun í ótta. 3 Skart yðar sé ekki ytra skart, með því að flétta hárið og hengja á sig gullskraut eða klæðast viðhafnarbúningi, 4 heldur sé það hinn huldi maður hjartans í óforgengilegum búningi hógværs og kyrláts anda, sem dýrmætur er fyrir augliti Guðs. 5 Því að þannig skreyttu sig einnig forðum hinar helgu konur, er settu von sína til Guðs og voru eiginmönnum sínum undirgefnar, 6 eins og Sara hlýddi Abraham og kallaði hann herra, og börn hennar eruð þér orðnar, er þér hegðið yður vel og óttist enga skelfingu. 7 Sömuleiðis þér, menn, búið með skynsemi saman við konur yðar svo sem veikari ker, og veitið þeim virðingu, eins og þær og eru samarfar yðar að náð lífsins, til þess að bænir yðar hindrist ekki. 8 Að lokum, verið allir samhuga,
hluttekningarsamir, bróðurelskir, miskunnsamir, auðmjúkir; 9 gjaldið ekki ilt fyrir ilt eða illmæli fyrir illmæli, heldur þvert á móti blessið, því að þér eruð til þess kallaðir, að þér skulið erfa blessunina; 10 því að sá sem vill elska lífið og sjá góða daga, haldi tungu sinn frá vondu og vörum sínum frá að mæla svik, 11 og hann sneiði sig hjá illu og gjöri gott, ástundi frið og keppi eftir honum; 12 því að augu Drottins eru yfir hinum réttlátu og eyru hans hneigjast að bænum þeirra, en auglit Drottins er gegn þeim, sem ilt gjöra. 13 Og hver er sá, er mun gjöra yður ilt, ef þér kappkostið það sem gott er? 14 En þótt þér skylduð líða ilt fyrir réttlætis sakir, þá eruð þér sælir; og óttist ekki ótta þeirra og skelfist eigi; 15 en helgið Krist sem Drottin í hjörtum yðar; verið ætíð búnir til varnar fyrir hverjum manni, er krefst af yður reikningskapar fyrir þá von, sem í yður er, en þó með hógværð og ótta, 16 og hafið góða samvisku, til þess að þeir, sem lasta yðar góðu hegðun í Kristi, verði sér til skammar í því, sem þeir mæla gegn yður. 17 Því að það er betra, ef Guð vill svo vera láta, að þér líðið fyrir að breyta vel, heldur en fyrir að breyta illa. 18 Því að Kristur leið líka einu sinni fyrir syndir, réttlátur fyrir rangláta, til þess að hann mætti leiða oss til Guðs, deyddur að vísu að holdinu, en lifandi gjörður að andanum, 19 en í honum fór hann einnig burt og prédikaði fyrir öndunum í varðhaldi, 20 sem voru óhlýðnir fyrrum, þegar Guðs langlyndi beið á dögum Nóa, þegar verið var að smíða örkina, en í henni frelsuðust fáar, það er átta sálir við vatn, 21 en nú frelsar einnig yður skírnin, sem þar var fyrirmynduð, hún sem ekki er burttekt óhreininda á holdi, heldur bæn um góða samvisku gagnvart Guði, fyrir upprisu Jesú Krists, 22 hans sem fór til

himins og er við Guðs hægri hönd, eftir að englar, völd og kraftar eru lagðir undir hann.

4. kafli

1 Fyrst Kristur þess vegna hefir liðið á holdi, þá vopnið yður einnig með sömu hugsun, — því að sá, sem hefir liðið á holdinu, er hættur við synd — **2** til þess að þér ekki framar lifið tímann, sem eftir er, í holdinu fyrir fýsnir manna, heldur fyrir vilja Guðs. **3** Því að það er nóg að hafa tímann, sem liðinn er, gjört vilja heiðingjanna og lifað í saurlifnaði, girndum, ofdrykkju, óhófi, samdrykkjum og svívirðilegri skurðgoðadýrkun, **4** og þess vegna furðar þá, að þér hlaupið ekki með þeim út í hið sama spillingardíki; og þeir lastmæla; **5** en þeir munu verða að gjöra reikning þeim, sem reiðubúinn er að dæma lifendur og dauða; **6** því að til þess var og dauðum boðað fagnaðarerindið, að þeir að vísu verði dæmdir eftir mönnum í holdi, en lifi eftir Guði í anda. **7** En endir allra hluta er í nánd; verið því gætnir og algáðir til bæna; **8** umfram alt hafið brennandi kærleika hver til annars, því að kærleikur hylur fjölda synda; **9** verið gestrisnir hver við annan án möglunar. **10** Eins og hver hefir fengið náðargáfu, þá þjónið hver öðrum með henni, svo sem góðir ráðsmenn margvíslegrar náðar Guðs; **11** tali einhver, þá sé það sem orð Guðs, hafi einhver þjónustu á hendi, þá þjóni hann eins og eftir þeim mætti, sem Guð gefur, til þess að Guð vegsamist í öllum hlutum fyrir Jesúm Krist, og hans er dýrðin og mátturinn um aldir alda. Amen. **12** Þér elskaðir, látið yður eigi undra eldraunina yðar á meðal, sem yfir yður er komin yður til reynslu, eins og yður hendi eitthvað kynlegt, **13** heldur gleðjið yður að sama skapi, sem þér eruð hluttakandi í píslum Krists, til þess að þér einnig megið gleðjast miklum fögnuði við opinberun dýrðar hans. **14** Ef þér eruð smánaðir fyrir nafn Krists, þá eruð þér sælir, því að andi dýrðarinnar og andi Guðs hvílir yfir yður. **15** Því að enginn yðar líði ilt sem manndrápari eða þjófur eða illvirki eða sem sá, er hlutast til um það, er öðrum kemur við; **16** en ef hann líður ilt svo sem kristinn maður, þá fyrirverði hann sig ekki, heldur vegsami Guð fyrir þetta nafn. **17** Því að nú er tíminn kominn til að dómurinn byrji á húsi Guðs, en ef hann byrjar á oss, hver munu þá verða afdrif þeirra, sem ekki hlýðnast fagnaðarboðskap Guðs? **18** Og ef hinn réttláti naumlega

frelsast, hvar mun þá hinn óguðlegi og syndarinn lenda? 19 Fyrir því skulu og þeir, sem ilt líða eftir vilja Guðs, fela sálir sínar á hendur hinum trúa skapara, er þeir gjöra hið góða.

5. kafli

1 Öldungana yðar á meðal áminni eg þá, eg samöldungurinn og vottur písla Krists, sem einnig mun hlutdeild fá í þeirri dýrð, sem opinberuð mun verða. 2 Gætið þeirrar hjarðar Guðs, sem meðal yðar er; gegnið umsjónarstarfinu, ekki af nauðung, heldur af fúsu geði, að Guðs vilja; ekki heldur sakir svívirðilegs ávinnings, heldur fúslega; 3 eigi heldur þannig, að þér drotnið harðlega yfir hlutdeild yðar, heldur þannig, að þér verðið fyrirmynd hjarðarinnar, 4 og þá munuð þér, þegar hinn æðsti hirðir birtist, öðlast hina ófölnandi kórónu dýrðarinnar. 5 Sömuleiðis verið þér, hinir yngri, öldungunum undirgefnir, og skrýðist allir lítillætinu hver gegn öðrum, því að Guð stendur gegn dramblátum, en auðmjúkum veitir hann náð. 6 Auðmýkið yður því undir Guðs voldugu hönd, til þess að hann á sínum tíma upphefji yður; 7 varpið allri áhyggju yðar upp á hann, því að hann ber umhyggju fyrir yður. 8 Verið algáðir, vakið; óvinur yðar djöfullinn gengur um sem öskrandi ljón, leitandi að þeim, sem hann geti gleypt; 9 standið gegn honum, stöðugir í trúnni, vitandi að sömu þjáningar fullnast á bræðrum yðar, sem eru í heiminum. 10 En Guð allrar náðar, sem kallaði yður til sinnar eilífu dýrðar í Kristi, eftir að þér þjáðst hafið lítinn tíma, hann mun sjálfur fullkomna yður, styrkja og öfluga gjöra. 11 Hans er mátturinn um aldir alda. Amen. 12 Með Silvanusi, hinum trúa meðbróður, eftir því sem eg tel, hefi eg stuttlega ritað yður, og eg áminni og vitna hátíðlega, að þetta er hin sanna náð Guðs; standið stöðugir í henni. 13 Yður heilsar hin samútvalda í Babýlon og Markús sonur minn. 14 Heilsið hver öðrum með kærleikskossi. Friður sé með yður öllum, sem eruð í Kristi.

Síðara Pétursbréf

II Petri

1. kafli

1 Símon Pétur, þjónn og postuli Jesú Krists, til þeirra, sem hlotið hafa
jafndýrmæta trú og vér fyrir réttlæti Guðs vors og frelsara Jesú Krists; **2** náð
og friður margfaldist yður til handa með þekkingu á Guði og Jesú drotni
vorum. **3** Þar eð hans guðdómlegi máttur hefir veitt oss alt, sem heyrir til lífs
og guðrækni með þekkingunni á þeim, sem kallaði oss með sinni eigin dýrð
og dáð, **4** og með því hefir hann veitt oss hin dýrmætu og stórmiklu fyrirheit,
til þess að þér fyrir þau skylduð verða hluttakandi í guðlegu eðli, er þér hafið
komist undan girndaspillingunni, sem er í heiminum, **5** þá leggið einmitt
þessa vegna alla stund á þetta, og auðsýnið í trú yðar dygðina, en í dygðinni
þekkinguna, **6** en í þekkingunni bindindið, en í bindindinu þolgæðið, en í
þolgæðinu guðræknina, **7** en í guðrækninni bróðurelskuna, en í
bróðurelskunni kærleikann. **8** Því að ef þessir hlutir eru hjá yður og fara
vaxandi, munu þeir ekki láta yður vera iðjulausa né ávaxtarlausa í þekkingu
Drottins vors Jesú Krists; **9** því að sá, sem ekki hefir þessa hluti, er blindur í
skammsýni sinni, er hann hefir gleymt hreinsun hinna fyrri synda sinna. **10**
Kostið þess vegna því fremur kapps um, bræður, að gjöra köllun yðar og
útvalningu vissa; því ef þér gjörið þetta, munuð þér ekki nokkuru sinni hrasa;
11 því að á þann hátt mun yður ríkulega veitast inngangur í hið eilífa ríki
Drottins vors og frelsara Jesú Krists. **12** Þess vegna ætla eg mér ávalt að
áminna yður um þetta, þótt þér vitið það og þér standið stöðugir í þeim
sannleika, sem hjá yður er. **13** Og eg álít það rétt, á meðan eg er í þessari
tjaldbúð, að vekja yður með áminningu, **14** því að eg veit, að þess er skamt að
bíða að tjaldbúð minni verði svift, eins og sjálfur Drottinn vor Jesús Kristur
birti mér; **15** og eg vil einnig leggja kapp á, að þér ætíð eftir burtför mína
getið minst þessara hluta. **16** Því að ekki fylgdum vér spaklega uppspunnum

skröksögum, er vér kunngjörðum yður mátt og tilkomu Drottins vors Jesú Krists, heldur vorum vér sjónarvottar að hátign hans, 17 því að hann meðtók af Guði föður heiður og dýrð, þá er þvílík raust barst honum frá hinni hátignarfullu dýrð: »Þessi er sonur minn, hinn elskaði, sem eg hefi velþóknun á«. 18 Og þessa raust heyrðum vér sjálfir koma frá himni, þá er vér vorum með honum á fjallinu helga. 19 Og vér höfum því meiri vissu fyrir hinu spámannlega orði, og þér breytið vel, ef þér gefið gaum að því eins og lampa, sem skín á myrkum stað, þangað til dagur ljómar og morgunstjarna rennur upp í hjörtum yðar. 20 Vitið það umfram alt, að enginn ritningar-spádómur verður þýddur af sjálfum sér. 21 Því að aldrei var nokkur spádómur borinn fram að vilja manns, heldur töluðu menn frá Guði bornir af heilögum anda.

2. kafli

1 En falsspámenn komu einnig upp meðal lýðsins, eins og falskennendur munu líka verða á meðal yðar, er smeygja munu inn háskalegum flokkum og jafnvel afneita herra sínum, sem keypti þá, og leiða yfir sig sjálfa bráða glötun, 2 og margir munu fylgja ólifnaði þeirra, og sakir þeirra mun vegi sannleikans verða lastmælt, 3 og af ágirnd munu þeir með uppspunnum orðum hafa yður fyrir fé; en dómurinn yfir þeim frá fyrri tíð dvelur ekki, og glötun þeirra blundar ekki. 4 Því að ef Guð þyrmdi ekki englum, er þeir syndguðu, heldur steypti þeim niður í undir-djúpin og setti þá í myrkra-gryfjur, til þess að þeir varðveittust til dóms, 5 og ekki þyrmdi hann hinum forna heimi, en varðveitti Nóa, prédikara réttlætisins, við áttunda mann, er hann lét vatnsflóð koma yfir heim hinna óguðlegu, 6 og brendi borgirnar Sódómu og Gómorru til ösku og dæmdi þær til eyðileggingar, er hann hafði sett þær þeim til dæmis, sem mundu lifa óguðlega, 7 og frelsaði hinn réttláta Lot, er kvaldist af svívirðilegum lifnaði hinna guðlausu, — 8 því að hinn réttláti maður, sem bjó á meðal þeirra, kvaldist í sinni réttlátu sálu dag frá degi af þeim ólöglegu verkum, er hann sá og heyrði, — 9 þannig veit Drottinn, hvernig hann á að hrífa hina guðhræddu úr freistingu, en geyma hina ranglátu, undirorpna hegningu, til dómsdags, 10 en einkum þá, sem ganga eftir holdinu í saurlífisfýsn og fyrirlíta herradóma. Sem fífldjarfir

sjálfbirgingar skelfast þeir ekki við að lastmæla tignum, 11 þar sem englar, þótt meiri séu að mætti og valdi, eigi kveða upp löstunardóm gegn þeim hjá drotni. 12 En eins og skynlausar skepnur, sem fæddar eru með líkamseðli til að veiðast og fyrirfarast, lastmæla þessir menn því, sem þeir ekki þekkja, og munu einnig verða eyðilagðir á sama hátt sem þær, 13 og verða fyrir ranglæti að ranglætis-verðlaunum. Munað að degi til meta þeir sem nautn, þeir, blettirnir og ósóminn, lifa svallsamlega við kærleiksmáltíðir sínar, þegar þeir sitja að veislum með yður; 14 þeir hafa augu full hórdóms, og þeir eru sísyndgandi og fleka óstyrkar sálir; þeir hafa hjarta æft í ágirnd; þeir eru bölvunarinnar börn; 15 þeir hafa yfirgefið réttan veg og hafa vilst, þar sem þeir hafa fylgt vegi Bíleams, sonar Beórs, sem elskaði ranglætislaun, 16 en hann varð að sæta ávítun fyrir glæp sinn. Málaus eykurinn talaði manna-máli og aftraði fásinnu spámannsins. 17 Þessir menn eru vatnslausir brunnar og þoka, hrakin af hvassviðri, og er þeim geymd dimma myrkursins. 18 Því að þegar þeir láta klingja drembileg hégómaorð, tæla þeir með holdlegum girndum, með svívirðilegum lifnaði þá, sem fyrir skömmu hafa sloppið frá þeim, sem ganga í villu; 19 þeir heita þeim frelsi, þótt þeir séu sjálfir þrælar spillingarinnar, því að sérhver verður þræll þess, sem hann hefir beðið ósigur fyrir. 20 Því að ef þeir, sem með þekking Drottins vors og frelsara Jesú Krists voru slopnir frá saurugleika heimsins, flækja sig í honum af nýju og bíða ósigur, þá er hið síðara orðið fyrir þá verra en hið fyrra. 21 Því að betra hefði þeim verið að hafa ekki gjörþekt veg réttlætisins, heldur en að hafa gjörþekt hann og snúa síðan aftur frá hinu heilaga boðorði, sem þeim hafði verið gefið. 22 Fram á þeim hefir komið sannmæli þetta: Hundur snýr aftur til spýju sinnar, og þvegið svín, til að velta sér í saur.

3. kafli

1 Þetta er nú annað bréfið, sem eg skrifa yður, þér elskaðir, og í þeim báðum er eg með áminningu að vekja hið hreinskilna hugskot yðar, 2 til þess að þér minnist orða þeirra, er hinir heilögu spámenn hafa áður talað, og skipunar Drottins vors og frelsarans, er postular yðar hafa flutt, 3 og þetta skuluð þér þá fyrst vita, að á hinum síðustu dögum munu koma spottarar með spotti, er framganga eftir eigin girndum 4 og segja: Hvað verður úr fyrirheitinu um

tilkomu hans? Því að frá því feðurnir sofnuðu stendur alt við sama eins og
frá upphafi hins skapaða. 5 Því að viljandi gleyma þeir því, að himnar voru til
forðum og jörð mynduð af vatni og með vatni fyrir orð Guðs, 6 og við það
gekk vatnsflóðið yfir þann heim, sem þá var, svo að hann fórst; 7 en þeir
himnar, sem nú eru, og jörðin geymast eldinum fyrir hið sama orð, og
varðveitast til þess dags, er hinir óguðlegu menn munu dæmast og tortímast.
8 En þetta eitt má yður ekki gleymast, þér elskuðu, að einn dagur er hjá
drotni sem þúsund ár og þúsund ár sem einn dagur. 9 Ekki er Drottinn seinn á
sér með fyrirheitið, þótt sumir álíti það seinlæti, heldur er hann langlyndur
við yður, þar eð hann vill ekki að neinir glatist, heldur að allir komist til
iðrunar. 10 En dagur Drottins mun koma sem þjófur, og þá munu himnarnir
með miklum gný líða undir lok, frumefnin sundurleysast í brennandi hita, og
jörðin og þau verk, sem á henni eru, uppbrenna. 11 Þar eð alt þetta ferst
þannig, hvílíkum mun yður þá byrja að vera, með heilagri breytni og
guðrækni, 12 þannig að þér væntið eftir og þráið innilega tilkomu Guðs dags,
en vegna þess dags munu himnarnir sundurleysast í eldi og frumefni bráðna
af brennandi hita. 13 En vér væntum eftir fyrirheiti hans nýs himins og nýrrar
jarðar, þar sem réttlæti býr. 14 Fyrir því stundið, þér elskuðu, með því að þér
væntið slíkra hluta, að vera í friði flekklausir og lýtalausir frammi fyrir
honum, 15 og álitið langlyndi Drottins vors vera hjálpræði, eins og hinn
elskaði bróðir vor Páll hefir ritað yður, eftir þeirri speki, sem honum er gefin,
16 eins og einnig í öllum bréfum hans, er hann í þeim talar um þetta; en í
þeim er sumt þungskilið, er fáfróðir og staðfestulausir menn rangsnúa, eins
og öðrum ritum, sér sjálfum til tortímingar. 17 Gætið yðar þess vegna, þér
elskaðir, með því að þér vitið þetta fyrirfram, til þess að þér látið eigi dragast
með af villu þverbrotinna manna og fallið frá yðar eigin staðfestu. 18 En
vaxið í náð og þekkingu Drottins vors og frelsara Jesú Krists. Honum sé
dýrðin bæði nú og til eilífrar tíðar. Amen.

Fyrsta Jóhannesarbréf

I Ioannis

1. kafli

1 Það sem var frá upphafi, það sem vér höfum heyrt, það sem vér höfum séð með augum vorum, það sem vér horfðum á og hendur vorar þreifuðu á, um orð lífsins; — **2** og lífið var opinberað og vér höfum séð og vottum og boðum yður lífið hið eilífa, sem var hjá föðurnum og var opinberað oss; — **3** það sem vér höfum séð og heyrt, það boðum vér yður einnig, til þess að þér líka getið haft samfélag við oss; og samfélag vort er við föðurinn og við son hans Jesúm Krist. **4** Og þetta skrifum vér, til þess að fögnuður yðar geti orðið fullkominn. **5** Og þetta er boðskapurinn, sem vér höfum heyrt af honum og boðum yður, að Guð er ljós og alls ekkert myrkur er í honum. **6** Ef vér segjum að vér höfum samfélag við hann, og göngum þó í myrkrinu, þá ljúgum vér og iðkum ekki sannleikann. **7** En ef vér framgöngum í ljósinu, eins og hann er sjálfur í ljósinu, þá höfum vér samfélag hver við annan, og blóðið Jesú, sonar hans, hreinsar oss af allri synd. **8** Ef vér segjum að vér höfum ekki synd, þá svíkjum vér sjálfa oss og sannleikurinn er ekki í oss, **9** en ef vér játum syndir vorar, þá er hann trúr og réttlátur, svo að hann fyrirgefur oss syndirnar og hreinsar oss af öllu ranglæti. **10** Ef vér segjum að vér höfum ekki syndgað, þá gjörum vér hann að lygara, og orð hans er ekki í oss.

2. kafli

1 Börnin mín! þetta skrifa eg yður, til þess að þér skulið ekki syndga; og enda þótt einhver syndgi, þá höfum vér árnaðarmann hjá föðurnum, Jesúm Krist hinn réttláta, **2** og hann er friðþæging fyrir syndir vorar, og ekki einungis fyrir vorar syndir, heldur líka fyrir allan heiminn. **3** Og á því vitum vér að vér þekkjum hann, ef vér höldum boðorð hans. **4** Sá sem segir: Eg þekki hann, og

heldur ekki boðorð hans, er lygari, og sannleikurinn er ekki í honum; 5 en hver sem heldur boðorð hans, í honum er sannarlega kærleikur Guðs orðinn fullkominn. Af því þekkjum vér, að vér erum í honum. 6 Sá sem segist vera stöðugur í honum, honum ber sjálfum að framganga eins og hann framgekk. 7 Þér elskaðir, það er ekki nýtt boðorð sem eg rita yður, heldur gamalt boðorð, sem þér hafið haft frá upphafi; hið gamla boðorð er orðið, sem þér heyrðuð. 8 Í annan stað er það nýtt boðorð, er eg rita yður, sem er satt í honum og í yður; því að myrkrið er að hverfa og hið sanna ljós er þegar farið að skína. 9 Sá sem segist vera í ljósinu og hatar bróður sinn, hann er enn þá í myrkrinu. 10 Sá sem elskar bróður sinn, hann er stöðugur í ljósinu og í honum er ekki hneyksli. 11 En sá sem hatar bróður sinn, hann er í myrkrinu og framgengur í myrkinu, og veit ekki hvert hann fer, því að myrkrið hefir blindað augu hans. 12 Eg rita yður, börnin mín, af því að syndir yðar eru yður fyrirgefnar fyrir sakir nafns hans. 13 Eg rita yður, þér feður, af því að þér þekkið hann, sem er frá upphafi. Eg rita yður, þér ungu menn, af því að þér hafið sigrað hinn vonda. Eg hefi ritað yður, börn, af því að þér þekkið föðurinn. 14 Eg hefi ritað yður, feður, af því að þér þekkið hann, sem er frá upphafi. Eg hefi ritað yður, ungu menn, af því að þér eruð styrkir, og Guðs orð er stöðugt í yður og þér hafið sigrað hinn vonda. 15 Elskið ekki heiminn, ekki heldur þá hluti sem í heiminum eru. Ef einhver elskar heiminn, þá er kærleiki föðurins ekki í honum. 16 Því að alt það sem í heiminum er, fýsn holdsins og fýsn augnanna og auðæfa-oflæti, það er ekki frá föðurnum, heldur er það frá heiminum. 17 Og heimurinn fyrirferst og fýsn hans, en sá sem gjörir Guðs vilja, varir að eilífu. 18 Börn mín, það er hin síðasta stund, og eins og þér hafið heyrt að andkristur kemur, þá eru nú einnig margir andkristar komnir fram, og af því þekkjum vér, að það er hin síðasta stund. 19 Frá oss eru þeir útgengnir, en þeir voru ekki af oss; því ef þeir hefðu verið af oss, þá mundu þeir stöðuglega hafa verið með oss; en það varð til þess að það yrði augljóst, að þeir allir væru ekki af oss. 20 Og þér hafið smurningu frá hinum heilaga og vitið alt. 21 Eg hefi ekki skrifað yður vegna þess, að þér þekkið ekki sannleikann, heldur af því að þér þekkið hann, og af því að engin lygi er af sannleikanum. 22 Hver er lygari ef ekki sá, sem neitar að Jesús sé Kristur? Sá hinn sami er andkristurinn, hann sem afneitar föðurnum og syninum. 23 Hver sem afneitar syninum, hefir ekki heldur föðurinn; sá sem

viðurkennir soninn, hefir og föðurinn. 24 En þér, látið það vera stöðugt í yður, sem þér hafið heyrt frá upphafi. Ef það er stöðugt í yður, sem þér frá upphafi hafið heyrt, þá munuð þér einnig vera stöðugur í syninum og í föðurnum. 25 Og þetta er fyrirheitið sem hann gaf oss, hið eilífa lífið. 26 Þetta hefi eg skrifað yður um þá, sem vilja leiða yður afvega. 27 Og þér, sú smurning, sem þér fenguð af honum, hún er stöðug í yður, og þér þurfið þess ekki, að neinn kenni yður; heldur eins og smurning hans fræðir yður um alt, og hún er sannleiki, en engin lygi, eins skuluð þér vera stöðugir í honum, svo sem hún kendi yður. 28 Og nú, börnin mín, verið stöðugir í honum, til þess að vér getum, þegar hann birtist, haft djörfung, og verðum oss ekki til skammar fyrir honum í tilkomu hans. 29 Ef þér vitið að hann er réttlátur, þá þekkið þér, að einnig hver, sem iðkar réttlæti, er fæddur af honum.

3. kafli

1 Sjáið, hvílíkan kærleika faðirinn hefir auðsýnt oss, að vér skulum kallast Guðs börn; og það erum vér. Vegna þess þekkir heimurinn ekki oss, af því að hann þekti ekki hann. 2 Þér elskaðir, nú erum vér Guðs börn, en það er enn þá ekki orðið bert, hvað vér munum verða. Vér vitum, að þegar hann birtist, þá munum vér verða honum líkir, því að vér munum sjá hann eins og hann er. 3 Og hver sem hefir þessa von til hans, hreinsar sjálfan sig, eins og hann er hreinn. 4 Hver sem drýgir syndina, drýgir og lagabrot, og syndin er lagabrot. 5 En þér vitið, að hann hefir birst, til þess að burttaka syndir, og í honum er ekki synd. 6 Hver sem er stöðugur í honum, syndgar ekki; hver sem syndgar hefir ekki séð hann, og þekkir hann ekki heldur. 7 Börnin mín, látið engan villa yður; sá sem iðkar réttlætið, er réttlátur, eins og hann er réttlátur. 8 Hver sem syndina drýgir, er af djöflinum, því að djöfullinn syndgar frá upphafi. Til þess birtist Guðs sonur, að hann skyldi brjóta niður verk djöfulsins. 9 Hver sem af Guði er fæddur, drýgir ekki synd, því að sæði hans er varanlegt í honum, og hann getur ekki syndgað, af því að hann er fæddur af Guði. 10 Af þessu eru augljós börn Guðs og börn djöfulsins; hver sem ekki iðkar réttlæti, er ekki af Guði, né heldur sá, sem elskar ekki bróður sinn. 11 Því að þetta er sá boðskapur, sem þér hafið heyrt frá upphafi, að vér skulum elska hver annan; 12 ekki eins og Kain var af hinum vonda og myrti bróður

sinn. Og fyrir hvað myrti hann hann? Af því að verk hans voru vond, en verk bróður hans réttlát. 13 Undrist ekki, bræður, þótt heimurinn hati yður. 14 Vér vitum, að vér erum komnir yfir frá dauðanum til lífsins, af því að vér elskum bræðurna. Sá sem ekki elskar, er áfram í dauðanum. 15 Hver sem hatar bróður sinn, er manndrápari, og þér vitið, að enginn manndrápari hefir eilíft líf í sér varandi. 16 Af því þekkjum vér kærleikann, að hann lét lífið fyrir oss, og vér eigum að láta lífið fyrir bræðurna. 17 En sá sem hefir heimsins gæði, og horfir á bróður sinn vera þurfandi, og afturlykur hjarta sínu fyrir honum, hvernig getur kærleikur Guðs verið stöðugur í honum? 18 Börnin mín, elskum ekki með orði og ekki heldur með tungu, heldur í verki og sannleika. 19 Af þessu munum vér þekkja, að vér erum af sannleikanum, og munum geta friðað hjörtu vor frammi fyrir honum, 20 hvað sem hjarta vort kann að ásaka oss fyrir; því að Guð er meiri en hjarta vort og þekkir alla hluti. 21 Þér elskaðir, ef hjartað ásakar oss ekki, þá höfum vér djörfung til Guðs, 22 og hvað sem vér biðjum um, fáum vér hjá honum, af því að vér höldum boðorð hans og gjörum það, sem er þóknanlegt fyrir hans augliti. 23 Og þetta er hans boðorð: að vér skulum trúa á nafn sonar hans Jesú Krists og elska hver annan, samkvæmt því, sem hann hefir gefið oss boðorð um. 24 Og sá sem heldur boðorð hans, er stöðugur í honum og hann í honum; og af því þekkjum vér, að hann er stöðugur í oss, af andanum sem hann hefir gefið oss.

4. kafli

1 Þér elskaðir, trúið ekki sérhverjum anda, heldur reynið andana, hvort þeir séu af Guði; því að margir falsspámenn eru farnir út í heiminn. 2 Af þessu getið þér þekt anda Guðs: sérhver andi, sem viðurkennir að Jesús Kristur hafi komið í holdi, er af Guði; 3 og sérhver andi, sem ekki játar Jesúm, er ekki af Guði; og hann er andkristins andi, sem þér hafið heyrt um að komi, og nú þegar er hann í heiminum. 4 Þér, börnin mín, eruð af Guði og hafið sigrað þá, því að sá er meiri, sem í yður er, en sá sem er í heiminum. 5 Þeir eru af heiminum; þess vegna tala þeir af heiminum, og heimurinn hlýðir á þá. 6 Vér erum af Guði; hver sem þekkir Guð, hlýðir á oss; sá sem ekki er af Guði, hlýðir ekki á oss. Af þessu þekkjum vér anda sannleikans og anda villunnar. 7 Þér elskaðir, elskum hver annan, því að kærleikurinn er af Guði, og hver

sem elskar, er af Guði fæddur og þekkir Guð. **8** Sá sem ekki elskar, þekkir ekki Guð, því að Guð er kærleikur. **9** Í því birtist kærleikur Guðs í oss, að Guð hefir sent sinn eingetinn son í heiminn, til þess að vér skyldum lifa fyrir hann. **10** Í þessu er kærleikurinn: ekki að vér elskuðum Guð, heldur að hann elskaði oss og sendi son sinn til að vera friðþæging fyrir syndir vorar. **11** Þér elskaðir, fyrst Guð hefir svo elskað oss, þá ber einnig oss að elska hver annan. **12** Enginn hefir nokkurn tíma séð Guð; ef vér elskum hver annan, þá er Guð stöðugur í oss, og kærleikur hans er fullkomnaður í oss; **13** af því þekkjum vér að vér erum stöðugir í honum og hann í oss, að hann hefir gefið oss af sínum anda. **14** Og vér höfum séð og vitnum, að faðirinn hefir sent soninn, til að vera frelsari heimsins. **15** Hver sem játar, að Jesús sé Guðs sonur, í honum er Guð stöðugur og hann í Guði. **16** Og vér höfum þekt og trúað kærleikanum, sem Guð hefir á oss. Guð er kærleikur, og sá, sem er stöðugur í kærleikanum, er stöðugur í Guði og Guð er stöðugur í honum. **17** Í því er kærleikurinn orðinn fullkominn hjá oss, að vér höfum djörfung á degi dómsins; því að eins og hann er, eins erum vér einnig í heimi þessum. **18** Ótti er ekki í elskunni, heldur útrekur fullkomin elska óttann; því að óttinn felur í sér hegningu, en sá sem óttast, er ekki fullkominn í elskunni. **19** Vér elskum, því að hann elskaði oss að fyrra bragði. **20** Ef einhver segir: eg elska Guð, og hatar bróður sinn, sá er lygari; því að sá sem ekki elskar bróður sinn, sem hann hefir séð, getur ekki elskað Guð, sem hann hefir ekki séð. **21** Og þetta boðorð höfum vér frá honum, að sá sem elskar Guð, á einnig að elska bróður sinn.

5. kafli

1 Hver sem trúir, að Jesús er Kristur, er af Guði fæddur; og hver sem elskar föðurinn, elskar einnig þann, sem er fæddur af honum. **2** Af því þekkjum vér að vér elskum Guðs börn, þegar vér elskum Guð og breytum eftir boðorðum hans. **3** Því að þetta er kærleikur Guðs, að vér höldum hans boðorð, og hans boðorð eru ekki þung. **4** Því að alt, sem af Guði er fætt, sigrar heiminn, og trú vor, hún er sigurinn, sem hefir sigrað heiminn. **5** En hver er sá, sem sigrar heiminn, nema sá sem trúir, að Jesús er sonur Guðs? **6** Þessi er sá, sem kominn er með vatni og blóði, Jesús Kristur, ekki með vatninu einungis,

heldur með vatninu og með blóðinu. Og andinn er sá sem vitnar, því að andinn er sannleikurinn. **7** Því að þrír eru þeir sem vitna; **8** andinn og vatnið og blóðið, og þeim þremur ber saman. **9** Ef vér tökum manna vitnisburð gildan, þá er Guðs vitnisburður meiri, því að þetta er vitnisburður Guðs, að hann hefir vitnað um sinn son. **10** Sá sem trúir á Guðs son, hefir vitnisburðinn í honum; sá sem ekki trúir Guði, hefir gjört hann að lygara, af því að hann hefir ekki trúað á þann vitnisburð, sem Guð hefir vitnað um sinn son. **11** Og þetta er vitnisburðurinn, að Guð hefir gefið oss eilíft líf, og þetta líf er í hans syni. **12** Sá sem hefir soninn, hefir lífið; sá sem ekki hefir Guðs son, hefir ekki lífið. **13** Þetta hefi eg skrifað yður, til þess að þér vitið að þér hafið eilíft líf, yður, sem trúið á nafn Guðs sonar. **14** Og þetta er sú djörfung, sem vér höfum til hans, að ef vér biðjum um eitthvað eftir hans vilja, þá heyrir hann oss. **15** Og ef vér vitum að hann heyrir oss, um hvað sem vér biðjum, þá vitum vér, að oss eru veittar þær bænir, sem vér höfum beðið hann um. **16** Ef einhver sér bróður sinn drýgja synd, sem ekki er til dauða, þá skal hann biðja, og Guð mun gefa honum líf, þeim sem ekki syndgar til dauða. Til er synd til dauða; fyrir henni segi eg ekki að hann skuli biðja. **17** Alt ranglæti er synd; en til er synd, sem ekki er til dauða. **18** Vér vitum, að hver sem af Guði er fæddur syndgar ekki, heldur gætir sá sín, sem af Guði er fæddur, og hinn vondi snertir hann ekki. **19** Vér vitum að vér erum af Guði, og allur heimurinn liggur í hinu vonda. **20** En vér vitum, að Guðs sonur er kominn, og hefir gefið oss skilning, til þess að vér þekkjum hinn sanna; og vér erum í hinum sanna, í hans syni Jesú Kristi. Þessi er hinn sanni Guð og eilíft líf. **21** Börnin mín, gætið yðar sjálfra fyrir skurðgoðunum.

Annað Jóhannesarbréf

II Ioannis

1. kafli

1 Öldungurinn til hinnar útvöldu frúar og barna hennar, sem eg elska í
sannleika, og ekki eg einn, heldur einnig allir, sem þekkja sannleikann, **2**
sakir sannleikans, sem er stöðugur í oss og mun vera hjá oss til eilífðar; **3**
náð, miskunn, friður frá Guði föður og frá Jesú Kristi, syni föðurins, mun
vera með oss í sannleika og elsku. **4** Eg er orðinn næsta glaður, af því að eg
fann nokkur af börnum þínum, er framganga í sannleika, samkvæmt því sem
vér meðtókum boðorð um af föðurnum. **5** Og nú bið eg þig, frú, ekki svo sem
eg skrifi þér nýtt boðorð, heldur það, er vér höfðum frá upphafi, að vér
skulum elska hver annan. **6** Og þetta er kærleikurinn, að vér framgöngum
eftir boðorðum hans. Þetta er boðorðið, eins og þér heyrðuð frá upphafi, til
þess að þér skylduð framganga í því. **7** Því að margir afvegaleiðendur eru
farnir út í heiminn, sem ekki viðurkenna að Jesús Kristur sé kominn í holdi.
Slíkur maður er afvegaleiðandinn og andkristurinn. **8** Hafið gætur á sjálfum
yður, til þess að þér missið ekki það, sem vér höfum áunnið, heldur megið
meðtaka full laun. **9** Sérhver sem fer of langt, og er ekki stöðugur í kenningu
Krists, hefir ekki Guð. Sá sem er stöðugur í kenningunni, hann hefir bæði
föðurinn og soninn. **10** Ef einhver kemur til yðar, og kemur ekki með þessa
kenningu, þá takið hann ekki á heimili yðar, og bjóðið hann ekki velkominn;
11 því að sá, sem býður hann velkominn, verður hluttakandi í hans vondu
verkum. **12** Þótt eg hafi margt að rita yður, vildi eg ekki gjöra það með pappír
og bleki; en eg vona að koma til yðar og tala munnlega við yður, til þess að
gleði yðar verði fullkomin. **13** Þér heilsa börn systur þinnar, hinnar útvöldu.

Þriðja Jóhannesarbréf

III Ioannis

1. kafli

1 Öldungurinn til hins elskaða Gajusar, sem eg elska í sannleika. **2** Þú hinn elskaði, eg bið þess, að þér vegni vel í öllum hlutum og að þú sért heill heilsu, eins og sálu þinni vegnar vel. **3** Því að eg varð harla glaður, þegar bræður komu og vitnuðu um sannleika þinn, eins og þú framgengur í sannleika. **4** Eg hefi enga meiri gleði en þá, að heyra að börnin mín framgangi í sannleikanum. **5** Þú elskaði, þú gjörir trúarverk með því, sem þú vinnur fyrir bræðurna, og það ókunna menn; **6** þeir hafa vitnað um kærleika þinn fyrir kirkjunni, og þú gjörir vel, er þú greiðir för þeirra eins og samboðið er Guði; **7** því að fyrir sakir nafnsins eru þeir farnir af stað, og hafa við engu tekið af heiðingjunum. **8** Þess vegna ber oss að taka þvílíka menn að oss, til þess að vér verðum samverkamenn sannleikans. **9** Eg hefi ritað nokkuð til kirkjunnar, en Díótrefes, sem vill vera fremstur meðal þeirra, tekur eigi við oss. **10** Þess vegna ætla eg, er eg kem, að minna á verk þau, er hann vinnur, með því að ófrægja oss með vondum orðum; og hann lætur sér ekki það nægja, heldur tekur hann ekki sjálfur á móti bræðrunum, og hindrar þá, er það vilja gjöra, og rekur þá út úr kirkjunni. **11** Þú elskaði, breyttu ekki eftir því, sem ilt er, heldur eftir því, sem gott er. Sá sem gott gjörir, er af Guði, en sá sem ilt gjörir, hefir ekki séð Guð. **12** Demetríusi er borið gott vitni af öllum og af sannleikanum sjálfum; vér vitnum einnig, og þú veist að vitnisburður vor er sannur. **13** Eg hefi margt að rita þér, en eg vil ekki rita þér með bleki og penna; **14** en eg vona að sjá þig bráðum, og munum við þá talast við munnlega. **15** Friður sé með þér. Vinirnir heilsa þér. Heilsa þú vinunum með nafni.

Júdasarbréfið

Iudae

1. kafli

1 Júdas, þjónn Jesú Krists og bróðir Jakobs, til hinna kölluðu, sem eru elskaðir í Guði föður og varðveittir Jesú Kristi til handa: **2** miskunn og friður og kærleiki margfaldist yður til handa. **3** Þér elskaðir, þegar eg hafði allan huga á að rita yður um hið sameiginlega hjálpræði vort, þá var eg neyddur til að rita yður, til að áminna yður um að berjast af kappi fyrir þá trú, sem heilögum hefir einu sinni verið fengin í hendur. **4** Því að inn hafa læðst nokkrir menn, sem fyrir löngu voru fyrirfram innritaðir til þessa dóms, óguðlegir menn, sem vanbrúka náð Guðs vors til ólifnaðar, og afneita vorum einasta lávarði og drotni, Jesú Kristi. **5** En eg vil minna yður á, þótt þér nú einu sinni vitið alt, að þótt Drottinn hefði frelsað lýðinn úr Egiptalandi, þá tortímdi hann síðar þeim, sem ekki trúðu. **6** Og englana, sem ekki gættu tignar sinnar, heldur yfirgáfu sinn eigin bústað, hefir hann í myrkri geymt í ævarandi fjötrum til dóms hins mikla dags. **7** Eins og Sódóma og Gómorra og borgirnar umhverfis þær, sem drýgt höfðu saurlifnað á líkan hátt og þær, og sókst eftir annarlegu holdi, liggja fyrir sem dæmi, líðandi hegningu eilífs elds, **8** á sama hátt saurga og þessir draumviltu menn holdið, meta að engu herradóma og lastmæla tignum. **9** En höfuðengillinn Míkael dirfðist eigi, er hann átti í orðadeilu við djöfulinn um líkama Móse, að leggja lastmælisdóm á hann, heldur sagði: Drottinn refsi þér. **10** En þessir menn lastmæla öllu því, sem þeir þekkja ekki, og alt það, sem þeir skilja af eðlisleiðslu sinni, eins og skynlausar skepnur, á því eyðileggja þeir sig. **11** Vei þeim, því að þeir hafa gengið á vegi Kains og hrapað í villu Bíleams, fyrir ávinnings sakir, og tortímst í þverúð Kóra. **12** Þessir menn eru blindsker við kærleiksmáltíðir yðar, er þeir sitja að veislum með yður, og ala óttalaust sjálfa sig; þeir eru vatnslaus ský, sem rekast fyrir vindum, fölnuð tré, ávaxtarlaus, tvisvar dauð,

rifin upp með rótum; 13 ofsalegar hafsbylgjur, sem freyða eigin skömmum,
reikandi stjörnur, sem sorti myrkursins er geymdur til eilífðar. 14 En um
þessa menn spáði og Enok, sjöundi maður frá Adam, segjandi: Sjá, Drottinn
kom með sínum heilögu tíþúsundum, 15 til að halda dóm yfir öllum, og til að
sanna alla óguðlega menn seka í öllum þeim óguðlegu verkum, sem þeir hafa
óguðlega drýgt, og í öllum þeim hörðu orðum, sem hinir óguðlegu syndarar
hafa talað gegn honum. 16 Þessir menn eru möglarar, umkvörtunarsamir, og
ganga eftir girndum sínum — og munnur þeirra mælir ofmetnaðarorð — þeir
sýna mönnum lotningu fyrir hagnaðar sakir. 17 En þér elskaðir, minnist þeirra
orða, sem áður hafa töluð verið af postulum Drottins vors Jesú Krists, 18 að
þeir sögðu yður: Á síðasta tíma munu koma spottarar, sem ganga eftir sínum
eigin óguðlegu girndum. 19 Þessir menn eru þeir, sem valda sundrungu,
holdlegir menn, sem eigi hafa andann. 20 En þér, elskaðir, uppbyggið yður
sjálfa á yðar helgustu trú, biðjið í heilögum anda; 21 varðveitið sjálfa yður í
kærleika Guðs, bíðandi eftir náð Drottins vors Jesú Krists til eilífs lífs. 22 Og
verið mildir við suma, þá sem eru efablandnir; 23 og suma skuluð þér frelsa,
með því að hrífa þá út úr eldinum, og suma skuluð þér vera mildir við með
ótta, og hatið jafnvel kyrtilinn, sem flekkaður er af holdinu. 24 En honum,
sem megnar að varðveita yður frá hrösun og láta yður koma fram fyrir dýrð
sína, lýtalausa í fögnuði, 25 einum Guði, frelsara vorum, sé fyrir Jesúm Krist,
Drottin vorn, dýrð, hátign, máttur og vald, fyrir allar aldir og nú og um allar
aldirnar. Amen.

Opinberunarbókin

Apocalypsis

1. kafli

1 Opinberun Jesú Krists, sem Guð gaf honum, til að sýna þjónum sínum það
sem verða á innan skamms. Og hann sendi engil sinn, og lét hann tákna það
fyrir Jóhannesi, þjóni sínum, **2** honum sem bar vitni um orð Guðs og um
vitnisburð Jesú Krists, um alt það er hann sá. **3** Sæll er sá, er les, og þeir sem
heyra orð spádómsins og varðveita það sem ritað er í honum, því að tíminn
er í nánd. **4** Jóhannes til safnaðanna sjö, sem í Asíu eru. Náð sé með yður og
friður frá honum, sem er og var og kemur, og frá öndunum sjö, sem eru
frammi fyrir hásæti hans, **5** og frá Jesú Kristi, honum sem er trúr vottur,
honum sem er frumburður dauðra, og honum sem er höfðingi yfir konungum
jarðarinnar; honum sem elskaði oss og leysti oss frá syndum vorum með
blóði sínu. **6** Og hann gjörði oss að konungsríki og að prestum, Guði sínum
og föður til handa. Honum sé dýrð og máttur um aldir alda, amen. **7** Sjá, hann
kemur í skýjunum, og hvert auga mun sjá hann og jafnvel þeir, sem stungu
hann, og allar kynkvíslir jarðarinnar munu kveina yfir honum. Vissulega,
amen. **8** Eg er Alfa og Ómega, segir Drottinn Guð, hann sem er og var og
kemur, hinn alvaldi. **9** Eg, Jóhannes, bróðir yðar og samfélagi í þrengingunni
og konungsríkinu og þolinmæðinni í Jesú, var á eynni, sem Patmos heitir,
fyrir sakir orðs Guðs og vitnisburðar Jesú. **10** Eg var hrifinn í anda á Drottins
degi, og heyrði að baki mér raust mikla, sem lúður gylli, er sagði: **11** Rita þú í
bók það sem þú sér, og send það kirkjunum sjö, til Efesus, og til Smýrna, og
til Pergamos, og til Þýatíra, og til Sardes, og til Fíladelfíu og til Laódíkeu. **12**
Og eg sneri mér við, til að sjá raustina, sem við mig talaði; og er eg sneri mér
við, sá eg sjö gullljósastikur, **13** og milli ljósastikanna einhvern, líkan syni
manns, klæddan dragkyrtli og spentan gullbelti um bringuna; **14** en höfuð
hans og hár var hvítt, eins og hvít ull, eins og mjöll; og augu hans eins og

eldslogi; 15 og fætur hans líkir glómálmi, sem í ofni brennanda, og raust hans sem raust margra vatna. 16 Og hann hafði í hægri hendi sér sjö stjörnur, og af munni hans gekk út tvíeggjað sverð biturt; og ásjóna hans var sem sólin skínandi í mætti sínum. 17 Og er eg sá hann, féll eg fyrir fætur honum, sem dauður væri, og hann lagði hægri hönd sína yfir mig og sagði: 18 Óttast þú ekki, eg er hinn fyrsti og hinn síðasti og hinn lifandi; og eg var dauður, en sjá, lifandi er eg um aldir alda; og eg hefi lykla dauðans og heljar. 19 Rita þú nú það er þú séð hefir, bæði það sem er og það sem verða mun eftir þetta, — 20 leyndardóminn stjarnanna sjö, sem þú hefir séð í minni hægri hendi, og gullstikurnar sjö. Stjörnurnar sjö eru englar hinna sjö safnaða, og ljósastikurnar sjö eru sjö kirkjur.

2. kafli

1 Safnaðar-englinum í Efesus skalt þú rita: Þetta segir sá sem heldur á stjörnunum sjö í hægri hendi sér, sá sem gengur á milli gullstikanna sjö: 2 Eg þekki verkin þín og erfiðið og þolinmæði, þína, og að eigi getur þú sætt þig við vonda menn; og þú hefir reynt þá, sem segja sjálfa sig vera postula, en eru það ekki, og þú hefir komist að því, að þeir eru lygarar. 3 Og þú hefir þolinmæði, og byrðar hefir þú borið fyrir míns nafns sakir og ekki þreyst. 4 En það hefi eg á móti þér, að þú hefir fyrirlátið þinn fyrri kærleika. 5 Minst þú því, úr hvaða hæð þú hefir hrapað, og gjör iðrun, og gjör hin fyrri verkin; að öðrum kosti kem eg til þín og færi ljósastiku þína úr stað, ef þú ekki gjörir iðrun. 6 En það mátt þú eiga, að þú hatar verk Nikólaítanna, sem eg og hata. 7 Hver sem eyra hefir, hann heyri, hvað andinn segir kirkjunum. Þeim er sigrar, honum mun eg gefa að eta af lífsins tré, sem er í Paradís Guðs. 8 Og safnaðarenglinum í Smýrna skalt þú rita: Þetta segir sá fyrsti og síðasti, sá sem var dauður og endurlifnaði: 9 Eg þekki þrengingu þína og fátækt - en þú ert samt auðugur — og lastmælið frá þeim, sem segja sjálfa sig vera Gyðinga, en eru það ekki, heldur samkunda Satans. 10 Kvíð þú ekki því sem þú átt að líða. Sjá, djöfullinn mun varpa nokkurum yðar í fangelsi, til þess að þér freistist, og þér munuð þrenging hafa í tíu daga. Vertu trúr alt til dauða, og eg mun gefa þér lífsins kórónu. 11 Hver sem eyra hefir, hann heyri, hvað andinn segir kirkjunum. Sá er sigrar, — honum mun sá annar dauði alls ekki

granda. 12 Og engli kirkjunnar í Pergamos skalt þú rita: Þetta segir sá, sem
hefir sverðið hið tvíeggjaða og bitra: 13 Eg veit hvar þú býr, þar sem er hásæti
Satans. Og þú heldur stöðugt við nafn mitt, og afneitaðir ekki trú minni,
jafnvel ekki á dögum Antípasar vottar míns hins trúa, sem deyddur var hjá
yður, þar sem Satan býr. 14 En eg hefi á móti þér fátt eitt, að þú hefir þar
menn, sem halda fast við kenningu Bíleams, þess er kendi Balak að varpa
hneyksli fyrir Ísraelssyni, að þeir neyttu skurðgoðafórna og drýgðu hór. 15
Svo hefir þú og líka menn, sem halda fast við kenningu Nikólaíta. 16 Gjör því
iðrun; að öðrum kosti kem eg skjótt til þín, og mun berjast við þá með
sverðinu munns míns. 17 Hver sem eyra hefir, hann heyri, hvað andinn segir
kirkjunum. Þeim er sigrar mun eg gefa af hinu hulda manna; og eg mun gefa
honum hvítan stein, og á steininn ritað nýtt nafn, sem enginn þekkir, nema sá
er við tekur. 18 Og engli kirkjunnar í Þýatíra skalt þú rita: Þetta segir sonur
Guðs, sem augun hefir eins og eldsloga, og fætur hans eru líkir glómálmi: 19
Eg þekki verkin þín og kærleikann og trúna og þjónustuna og þolinmæði
þína, og að verk þín hin síðari eru meiri en hin fyrri. 20 En eg hefi á móti þér,
að þú líður Jessabel, konuna, sem segir sjálfa sig vera spákonu, og kennir
þjónum mínum og afvegaleiðir þá til að drýgja hór og eta skurðgoðafórnir. 21
Og eg hefi gefið henni frest, til þess að hún gjöri iðrun, og hún vill ekki gjöra
iðrun og láta af hórdómi sínum. 22 Sjá, eg varpa henni á sjúkrabeð, og þeim
sem hórast með henni, í mikla þrenging, ef þeir gjöra ekki iðrun og láta af
verkum hennar. 23 Og börn hennar mun eg dauða deyða, og allir kirkjurnar
skulu vita, að eg er sá sem rannsaka nýrun og hjörtun, og eg mun gjalda
yður, hverjum og einum, eftir verkum yðar. 24 En yður segi eg, hinum öðrum,
sem eru í Þýatíra, öllum þeim sem ekki hafa kenningu þessa, þar sem þeir
hafa ekki kannað djúp Satans — sem þeir svo kalla —: Aðra byrði legg eg
eigi á yður, 25 nema það að þér haldið því, sem þér hafið, þangað til eg kem.
26 Og sá er sigrar og varðveitir alt til enda verk mín, — honum mun eg gefa
vald yfir þjóðunum. 27 Og hann mun stjórna þeim með járnsprota — eins og
leirkerin sundurmolast —; svo sem eg og hefi meðtekið hjá mínum föður. 28
Og eg mun gefa honum morgunstjörnuna. 29 Hver sem eyra hefir, hann heyri,
hvað andinn segir kirkjunum.

3. kafli

1 Og engli kirkjunnar í Sardes skalt þú rita: Þetta segir sá, sem hefir þá sjö anda Guðs og stjörnurnar sjö. Eg þekki verkin þín, að þú lifir að nafninu, en ert dauður. **2** Vakna þú og styrk hið annað, sem ætlar að deyja; því að eigi hefi eg reynt verk þín fullkomin að vera fyrir Guði mínum. **3** Minst þú því, hvernig þú tókst á móti og heyrðir, og varðveit það og gjör iðrun. Ef þú nú vakir ekki, mun eg koma eins og þjófur, og þú munt alls ekki vita, á hverri stundu eg kem yfir þig. **4** En þú átt fáein nöfn í Sardes, sem ekki hafa saurgað klæði sín, og þeir munu ganga með mér í hvítum klæðum, því að þeir eru maklegir. **5** Sá er sigrar, hann skal þannig skrýðast hvítum klæðum, og eigi mun eg afmá nafn hans úr lífsbókinni, og eg mun kannast við nafn hans fyrir föður mínum og fyrir englum hans. **6** Hver sem eyra hefir, hann heyri, hvað andinn segir kirkjunum. **7** Og engli kirkjunnar í Fíladelfíu skalt þú rita: Þetta segir sá heilagi, sá sanni, sem hefir lykil Davíðs, hann sem lýkur upp svo að enginn læsir og læsir svo að enginn lýkur upp. **8** Eg þekki verkin þín, — sjá, eg hefi látið opnar dyr standa fyrir þér, sem enginn getur lokað, — að þú hefir lítinn mátt, en hefir varðveitt orð mitt og ekki afneitað nafni mínu. **9** Sjá, eg skal láta nokkura af samkundu Satans, er segja sjálfa sig vera Gyðinga, en eru það ekki, heldur ljúga, — eg skal láta þá koma og láta þá kasta sér fyrir fætur þér, og láta þá vita, að eg hefi elskað þig. **10** Af því að þú hefir varðveitt orðið mitt um þolinmæðina, mun eg og varðveita þig frá reynslustundinni, sem koma mun yfir alla heimsbygðina, til að reyna þá sem á jörðinni búa. **11** Eg kem skjótt; haltu fast því sem þú hefir, til þess að enginn taki kórónu þína. **12** Sá er sigrar, hann mun eg gjöra að stólpa í musteri Guðs míns, og hann skal þaðan aldrei út fara; og eg mun á hann rita nafn Guðs míns og nafn borgar Guðs míns, hinnar nýju Jerúsalem, er kemur af himni ofan frá Guði mínum, og nafnið mitt, hið nýja. **13** Hver sem eyra hefir, hann heyri, hvað andinn segir kirkjunum. **14** Og engli kirkjunnar í Laódíkeu skalt þú rita: Þetta segir hann sem er Amen, votturinn trúi og sanni, upphaf Guðs skepnu: **15** Eg þekki verkin þín, að þú ert hvorki kaldur né heitur; betur að þú værir kaldur eða heitur. **16** Því er það: af því að þú ert hálfvolgur, og ert hvorki heitur né kaldur, mun eg skyrpa þér út af mínum munni, — **17** af því að þú segir: Eg er ríkur og er orðinn auðugur og þarfnast einskis, — og þú

veist ekki, að þú ert vesalingur og aumingi og fátækur og blindur og nakinn. 18 Eg ræð þér, að þú kaupir af mér gull, brent í eldi, til þess að þú verðir auðugur, og hvít klæði, til að skýla þér með, og eigi komi í ljós vanvirða nektar þinnar, og smyrsl að smyrja með augu þín, til þess að þú verðir sjáandi. 19 Alla þá sem eg elska, þá tyfta eg og aga; ver því kostgæfinn og gjör iðrun. 20 Sjá, eg stend við dyrnar og kný á. Ef einhver heyrir raust mína og lýkur upp dyrunum, þá mun eg fara inn til hans, og neyta kvöldverðar með honum og hann með mér. 21 Sá er sigrar, hann mun eg láta sitja hjá mér í hásæti mínu, eins og eg sjálfur sigraði og settist hjá mínum föður í hásæti hans. 22 Hver sem eyra hefir, hann heyri, hvað andinn segir kirkjunum.

4. kafli

1 Eftir þetta sá eg, og sjá: Opnar dyr á himninum, og raustin hin fyrri, er eg heyrði, sem lúður gylli, talaði við mig segjandi: Stíg upp hingað, og eg mun sýna þér það sem verða á eftir þetta. 2 Jafnskjótt var eg hrifinn í anda, og sjá: Hásæti var reist á himninum, og í hásætinu sat nokkur; 3 og sá er þar sat, var líkur að sýn jaspissteini og sardissteini, og regnbogi var í kring um hásætið, líkur að sýn smaragði, 4 og umhverfis hásætið voru tuttugu og fjögur hásæti, og í hásætunum sá eg sitja tuttugu og fjóra öldunga, skrýdda hvítum klæðum, og á höfðum þeirra gullkórónur. 5 Og út frá hásætinu gengu eldingar, raustir og þrumur, og sjö eldblys brunnu fyrir hásætinu, og eru það hinir sjö andar Guðs. 6 Og frammi fyrir hásætinu var sem glerhaf, líkt krystalli, og fyrir miðju hásætinu og umhverfis hásætið voru fjórar lifandi verur, alsettar augum í bak og fyrir. 7 Og fyrsta veran var lík ljóni, og önnur veran var lík uxa, og þriðja veran hafði ásjónu sem maður, og fjórða veran var lík fljúgandi erni. 8 Og verurnar fjórar, ein og sérhver þeirra, höfðu sex vængi, og voru alsettar augum, alt um kring og að innanverðu. Og eigi láta þær af, dag og nótt, að segja: Heilagur, heilagur, heilagur, Drottinn Guð, hinn alvaldi, hann sem var og er og kemur. 9 Og þegar verurnar gjalda honum, sem í hásætinu situr, dýrð og heiður og þökk, honum sem lifir um aldir alda, 10 þá falla öldungarnir tuttugu og fjórir niður frammi fyrir honum, sem í hásætinu situr, og tilbiðja hann, sem lifir um aldir alda, og varpa kórónum sínum niður fyrir hásætinu og segja: 11 Verður ert þú, Drottinn og

Guð vor, að fá dýrðina og heiðurinn og máttinn, því að þú hefir skapað alla hluti, og fyrir þinn vilja urðu þeir til og voru skapaðir.

5. kafli

1 Og eg sá í hægri hendi hans, er í hásætinu sat, bók, skrifaða innan og utan, innsiglaða sjö innsiglum. **2** Og eg sá sterkan engil, boðandi með hárri röddu: Hver er maklegur að ljúka upp bókinni og leysa innsigli hennar? **3** Og enginn var sá í himninum, eða á jörðinni, eða undir jörðinni, sem lokið gæti upp bókinni og litið í hana. **4** Og eg grét stórum af því, að enginn fanst maklegur að ljúka upp bókinni og líta í hana. **5** Og einn af öldungunum segir við mig: Grát þú eigi! Sjá, sigrað hefir ljónið af Júda ættkvísl, rótarkvistur Davíðs, svo að það getur lokið upp bókinni og innsiglum hennar sjö. **6** Og mitt í milli hásætisins og veranna fjögurra og mitt á meðal öldunganna sá eg lamb standa, sem slátrað væri, það hafði sjö horn og sjö augu, og eru það hinir sjö andar Guðs, sendir út um alla jörðina. **7** Og það kom og tók við bókinni úr hægri hendi hans, er í hásætinu sat. **8** Og er það hafði tekið við henni, féllu verurnar fjórar og öldungarnir tuttugu og fjórir niður frammi fyrir lambinu, og höfðu þeir hver um sig hörpu og gullskálar, fullar af reykelsi, og eru það bænir hinna heilögu. **9** Og þeir syngja nýjan söng, segjandi: Verður ert þú að taka við bókinni og ljúka upp innsiglum hennar, því að þér var slátrað, og þú keyptir menn, Guði til handa, með blóði þínu, af sérhverri kynkvísl og tungu og lýð og þjóð, **10** og gjörðir þá, Guði vorum til handa, að konungsríki og að prestum, og þeir ríkja á jörðinni. **11** Og eg sá og eg heyrði raust margra engla hringinn í kring um hásætið og verurnar og öldungana, og tala þeirra var tíu þúsundir tíu þúsunda og þúsundir þúsunda; **12** þeir sögðu með hárri röddu: Maklegt er lambið hið slátraða að fá máttinn og ríkdóm og visku og kraft og heiður og dýrð og lofgjörð. **13** Og sérhverja skepnu sem er í himninum og á jörðinni og undir jörðinni og á hafinu, og alt sem í þeim er, heyrði eg segja: Honum, sem í hásætinu situr, og lambinu sé lofgjörðin og heiðurinn og dýrðin og krafturinn um aldir alda. **14** Og verurnar fjórar sögðu amen, og öldungarnir féllu fram og tilbáðu.

6. kafli

1 Og eg sá, er lambið lauk upp einu af innsiglunum sjö, og eg heyrði eina af verunum fjórum segja, eins og með þrumurödd: Kom! **2** Og eg sá, og sjá: Hvítur hestur; og sá sem á honum sat hafði boga, og honum var fengin kóróna, og hann fór út sigrandi og til þess að sigra. **3** Og er það lauk upp öðru innsiglinu, heyrði eg aðra veruna segja: Kom! **4** Og út gekk annar hestur, rauður, og þeim sem á honum sat, honum var veitt að taka burt friðinn af jörðinni, og að menn brytjuðu hverjir aðra niður, og honum var fengið sverð mikið. **5** Og er það lauk upp þriðja innsiglinu, heyrði eg þriðju veruna segja: Kom! Og eg sá, og sjá: Svartur hestur, og sá er á honum sat, hafði vog í hendi sér, **6** og mitt á meðal veranna fjögurra heyrði eg sem rödd, segjandi: Mælir hveitis fyrir denar, og þrír mælar byggs fyrir denar, og eigi skalt þú granda olíunni og víninu. **7** Og er það lauk upp fjórða innsiglinu, heyrði eg rödd fjórðu verunnar, er sagði: Kom! **8** Og eg sá, og sjá: Bleikur hestur; og sá er á honum sat, hann hét Dauði, og Helja var í för með honum, og þeim var gefið vald yfir fjórða hluta jarðarinnar, til þess að deyða með sverði og með hungri og með drepsótt, og láta menn farast fyrir villidýrum jarðarinnar. **9** Og er það lauk upp fimta innsiglinu, sá eg undir altarinu sálir þeirra manna, sem drepnir höfðu verið fyrir sakir Guðs orðs, og fyrir sakir vitnisburðarins, sem þeir höfðu, **10** og þeir hrópuðu hárri röddu, segjandi: Hversu lengi ætlar þú, Herra, þú heilagi og sanni, að draga það að dæma, og að hefna blóðs vors á byggjendum jarðarinnar? **11** Og þeim var fengin, hverjum og einum, hvít skikkja; og þeim var sagt, að þeir enn skyldu hvílast stundarkorn, þangað til samþjónar þeirra og bræður þeirra, sem áttu að deyðast eins og sjálfir þeir, einnig fyltu töluna. **12** Og eg sá, er það lauk upp sétta innsiglinu, og mikill landskjálfti varð, og sólin varð svört sem hærusekkur, og alt tunglið varð sem blóð. **13** Og stjörnur himinsins hröpuðu niður á jörðina, eins og fíkjutré, skekið af stormvindi, fellir vetraraldini sín. **14** Og himininn sviftist burt eins og bókfell, sem saman er vafið, og hvert fjall og ey færðist úr stað sínum. **15** Og konungar jarðarinnar og gæðingarnir og hersveitarforingjarnir og auðmennirnir og maktarmennirnir og hver þræll og þegn fálu sig í hellum og í hömrum fjalla. **16** Og þeir segja við fjöllin og hamrana: Hrynjið yfir oss, og felið oss fyrir ásjónu hans, sem í hásætinu situr og fyrir reiði lambsins; **17** því

að kominn er dagurinn, hinn mikli dagur reiði þeirra, og hver mun geta staðist?

7. kafli

1 Eftir þetta sá eg fjóra engla, er stóðu á fjórum skautum jarðarinnar; héldu þeir fjórum vindum jarðarinnar, til þess að eigi skyldi vindur blása yfir jörðina, né yfir hafið, né yfir nokkurt tré. 2 Og eg sá annan engil stíga upp frá sólaruppkomustað, og hélt hann á innsigli lifanda Guðs, og hann hrópaði hárri röddu til englanna fjögurra, sem veitt var að granda jörðinni og hafinu, segjandi: 3 Vinnið ekki jörðinni grand og heldur ekki hafinu, né trjánum, þar til er vér höfum innsiglað þjóna Guðs vors á ennum þeirra. 4 Og eg heyrði tölu hinna innsigluðu, hundrað fjörutíu og fjórar þúsundir voru innsiglaðar af öllum ættkvíslum Ísraelssona: 5 Af Júda ættkvísl voru tólf þúsund innsiglaðir; af Rúbens ættkvísl tólf þúsund; af Gaðs ættkvísl tólf þúsund; 6 af Assers ættkvísl tólf þúsund; af Naftalí ættkvísl tólf þúsund; af Manasse ættkvísl tólf þúsund; 7 af Símeons ættkvísl tólf þúsund; af Leví ættkvísl tólf þúsund; af Íssakars ættkvísl tólf þúsund; 8 af Sebúlons ættkvísl tólf þúsund; af Jósefs ættkvísl tólf þúsund; af Benjamíns ættkvísl tólf þúsund menn innsiglaðir. 9 Eftir þetta sá eg, og sjá: Mikill múgur, sem enginn gat tölu á komið, af alls kyns fólki og kynkvíslum og lýðum og tungum. Þeir stóðu frammi fyrir hásætinu og frammi fyrir lambinu, skrýddir hvítum skikkjum, og höfðu pálma í höndum. 10 Og þeir hrópa hárri röddu, segjandi: Hjálpræðið heyrir til Guði vorum, sem í hásætinu situr, og lambinu. 11 Og allir englarnir stóðu kring um hásætið og öldungana og verurnar fjórar, og þeir féllu fram fyrir hásætinu á ásjónur sínar, og tilbáðu Guð, segjandi: 12 Amen, lofgjörðin og dýrðin, og viskan og þakkargjörðin og heiðurinn og mátturinn og krafturinn sé Guði vorum um aldir alda, amen. 13 Og einn af öldungunum tók til máls og sagði við mig: Þessir, sem skrýddir eru hvítu skikkjunum, hverjir eru þeir, og hvaðan eru þeir komnir? 14 Og eg sagði við hann: Herra minn, þú veist það. Og hann sagði við mig: Þetta eru þeir, sem komnir eru úr þrengingunni hinni miklu, og hafa þvegið skikkjur sínar og hvítfágað þær í blóði lambsins. 15 Þess vegna eru þeir frammi fyrir hásæti Guðs, og þjóna honum dag og nótt í musteri hans; og sá sem í hásætinu situr mun tjalda yfir

þá. 16 Eigi mun þá framar hungra, og eigi mun þá heldur framar þyrsta, og eigi mun heldur sól brenna þá, né nokkur hiti; 17 því að lambið, sem er fyrir miðju hásætinu, mun gæta þeirra og leiða þá til lifandi vatnslinda, og Guð mun þerra hvert tár af augum þeirra

8. kafli

1 Og er það lauk upp sjöunda innsiglinu, varð þögn á himni hér um bil hálfa stund. 2 Og eg sá englana sjö, sem stóðu frammi fyrir Guði, og þeim voru fengnar sjö básúnur. 3 Og annar engill kom og nam staðar við altarið; hann hélt á gullnu glóðarkeri, og honum var fengið mikið af reykelsi, til þess að hann skyldi leggja það við bænir allra hinna heilögu á gullaltarið, sem var frammi fyrir hásætinu. 4 Og reykurinn af reykelsinu steig upp með bænum hinna heilögu úr hendi engilsins frammi fyrir Guði. 5 Og engillinn tók glóðarkerið og fylti það með eldi af altarinu, og varpaði ofan á jörðina, og það komu þrumur og raustir og eldingar og landskjálfti. 6 Og englarnir sjö, sem héldu á básúnunum sjö, bjuggu sig til að blása. 7 Og hinn fyrsti básúnaði, og þá kom hagl og eldur, blóði blandað, og því var varpað ofan á jörðina, og þriðjungur jarðarinnar eyddist í loga, og þriðjungur trjánna eyddist í loga, og alt grængresi eyddist í loga. 8 Og annar engillinn básúnaði, og var sem miklu fjalli, logandi af eldi, væri varpað í hafið, og þriðjungur hafsins varð blóð, 9 og þriðjungurinn dó af skepnunum í hafinu, sem lífi voru gæddar, og þriðjungur af skipunum fórst. 10 Og þriðji engillinn básúnaði, og stór stjarna féll af himni, logandi sem blys, og hún féll ofan á þriðjung fljótanna og á lindir vatnanna. 11 Og nafn stjörnunnar er nefnt Remma, og þriðjungur vatnanna varð að remmu, og margir menn biðu bana af vötnunum, af því að þau voru beisk orðin. 12 Og fjórði engillinn básúnaði, og lostinn varð þriðjungur sólarinnar og þriðjungur tunglsins og þriðjungur stjarnanna, til þess að þriðjungur þeirra yrði myrkur, og dagurinn misti þriðjung birtu sinnar og nóttin sömuleiðis. 13 Og eg sá og heyrði örn einn fljúga um miðhimininn, segjandi hárri röddu: Vei, vei, vei þeim, sem á jörðu búa, af völdum lúðurhljómanna, sem eftir eru, englanna þriggja, sem eiga eftir að básúna.

9. kafli

1 Og fimti engillinn básúnaði, og eg sá stjörnu, er fallið hafði af himni ofan á jörðina, og henni var fenginn lykillinn að brunni undirdjúpsins. **2** Og hún lauk upp brunni undirdjúpsins, og reyk lagði upp af brunninum, eins og reyk frá stórum ofni, og sólin myrkvaðist og loftið af reyknum úr brunninum. **3** Og út úr reyknum komu engisprettur á jörðina, og þeim var veitt vald, á sama hátt og sporðdrekar jarðarinnar hafa vald. **4** Og sagt var við þær, að eigi skyldu þær granda grasi jarðarinnar, né nokkurum grænum gróðri, né nokkuru tré, engu nema mönnunum, þeim er eigi hafa innsigli Guðs á ennum sér. **5** Og þeim var svo um boðið, að þær skyldu eigi deyða þá, heldur skyldu þeir kvaldir verða í fimm mánuði; og undan þeim svíður eins og undan sporðdreka, er hann stingur mann. **6** Og á þeim dögum munu mennirnir dauðans leita, og ekki finna hann, og menn munu æskja sér að deyja, og dauðinn flýr þá. **7** Og að ásýndum voru engispretturnar svipaðar hestum, búnum til bardaga, og á höfðum þeirra voru eins og kórónur, líkar gulli, og ásjónur þeirra voru sem ásjónur manna. **8** Og þær höfðu hár sem hár kvenna, og tennur þeirra voru eins og ljónstennur. **9** Og þær höfðu brynjur eins og járnbrynjur, og vængjaþyturinn frá þeim var eins og vagna-gnýr, er margir hestar bruna fram til bardaga. **10** Og þær hafa hala, líka sporðdrekum, og brodda. Og í hölum þeirra er vald þeirra til að granda mönnum í fimm mánuði. **11** Konung hafa þær yfir sér, engil undirdjúpsins; nafn hans er á hebresku Abbadón, og á grísku heitir hann Apollýón. **12** Veiið hið fyrsta er liðið hjá; sjá, enn koma tvö vei eftir þetta. **13** Og sétti engillinn básúnaði, og eg heyrði rödd eina frá hornunum á gullaltarinu, sem er frammi fyrir Guði, **14** er sagði við sétta engilinn, sem hélt á básúnunni: Leys þú englana fjóra, sem bundnir eru við fljótið mikla, Evfrat. **15** Og englarnir fjórir voru leystir, sem búnir stóðu til stundar og dags og mánaðar og árs, til þess að deyða þriðjung mannanna. **16** Og talan á herfylkingum riddaraliðsins var tveim sinnum tíu þúsundir tíu þúsunda; heyrði eg tölu þeirra. **17** Og með þeim hætti sá eg hestana í sýninni og þá sem á þeim sátu, og þeir höfðu eldrauðar, svartbláar og brennisteinsgular brynjur, og höfuð hestanna voru eins og höfuð ljóna, og af munnum þeirra gekk út eldur og reykur og brennisteinn. **18** Í þessum þremur plágum varð þriðji hluti mannanna deyddur, af eldinum og reyknum

og brennisteininum, sem út gekk af munnum þeirra. 19 Því að vald hestanna er í munni þeirra og í töglum þeirra, því að tögl þeirra eru lík höggormum, eru höfuð á, og með þeim granda þeir. 20 Og hinir mennirnir, sem ekki voru deyddir í þessum plágum, gjörðu eigi iðrun og létu eigi af verkum handa sinna, til þess að hætta að tilbiðja illu andana og skurðgoðin úr gulli og silfri og úr eiri og úr steini og úr tré, sem hvorki geta séð, né heyrt, né gengið. 21 Og eigi gjörðu þeir iðrun, og létu af manndrápum sínum, né töfrum sínum, né frillulífi sínu, né þjófnaði sínum.

10. kafli

1 Og eg sá annan sterkan engil stíga af himni ofan, hjúpaðan skýi, og regnboginn var yfir höfði honum, og ásjóna hans var sem sólin, og fætur hans sem eldstólpar. 2 Og hann hafði í hendi sér litla bók opna, og hægra fæti stóð hann á hafinu, en vinstra fæti á jörðinni, 3 og hann kallaði hárri röddu, eins og þegar ljón öskrar, og er hann hafði kallað, töluðu þrumurnar sjö sínum raustum. 4 Og er þrumurnar sjö höfðu talað, ætlaði eg að fara að rita, og eg heyrði rödd af himni, sem sagði: Innsigla þú það sem þrumurnar sjö töluðu. og rita það ekki. 5 Og engillinn, sem eg sá standa á hafinu og á jörðinni, hóf upp hægri hönd sína til himins, 6 og sór við þann, sem lifir um aldir alda, hann sem himininn skóp og það sem í honum er, og jörðina og það sem á henni er, og hafið og það sem í því er, að enginn frestur mundi lengur gefinn verða, 7 heldur þegar kæmi að rödd sjöunda engilsins, þegar hann færi að básúna, þá fullnaðist leyndardómur Guðs, eins og hann hafði boðað þjónum sínum, spámönnunum, gleðiboðskapinn um. 8 Og röddina, sem eg heyrði af himni, hana heyrði eg aftur tala við mig, og hún sagði: Far og tak opnu bókina í hendi engilsins, sem stendur á hafinu og á jörðinni. 9 Og eg fór til engilsins og sagði honum að fá mér litlu bókina, og hann segir við mig: Tak og et hana eins og hún er, og hún mun verða beisk í kviði þínum, en í munni þér mun hún vera sæt sem hunang. 10 Og eg tók litlu bókina úr hendi engilsins, og át hana upp, og í munni mér var hún sæt sem hunang, og er eg hafði etið hana, fann eg til beiskju í kviði mínum. 11 Og þeir segja við mig: Enn átt þú að spá um marga lýði og þjóðir og tungur og konunga.

11. kafli

1 Og mér var fenginn reyrleggur, líkur staf, og sagt var: Rís upp og mæl musteri Guðs og altarið og þá sem þar tilbiðja. **2** Og láttu forgarðinn, sem er fyrir utan musterið, vera fyrir utan, og mæl hann ekki, því að hann er fenginn þjóðunum, og þær munu fótum troða borgina helgu í fjörutíu og tvo mánuði. **3** Og vottana mína tvo mun eg láta spá í eitt þúsund tvö hundruð og sextíu daga, sekkjum klædda. **4** Þetta eru olíuviðirnir tveir og ljósastikurnar tvær, sem standa frammi fyrir drotni jarðarinnar. **5** Og ef einhver vill granda þeim, gengur eldur út úr munni þeirra, og eyðir óvinum þeirra, og ef einhver skyldi vilja granda þeim, skal hann með þeim hætti deyddur verða. **6** Þeir hafa valdið til að loka himninum, til þess að eigi rigni regni um spádómsdaga þeirra, og þeir hafa vald yfir vötnunum, að breyta þeim í blóð, og slá jörðina með hvers kyns plágu, svo oft sem þeir vilja. **7** Og er þeir hafa fullnað vitnisburð sinn, mun dýrið, sem upp stígur úr undirdjúpinu, heyja stríð við þá, og mun sigra þá og deyða þá. **8** Og lík þeirra liggja á stræti borgarinnar hinnar miklu, sem andlega heitir Sódóma og Egiptaland, þar sem og Drottinn þeirra var krossfestur. **9** Og menn af lýðum og kynkvíslum og tungum og þjóðum sjá lík þeirra þrjá daga og hálfan, og leyfa ekki að lík þeirra verði lögð í gröf. **10** Og þeir sem á jörðinni búa, gleðjast yfir þeim og fagna og senda hver öðrum gjafir, því að þessir tveir spámenn kvöldu þá sem á jörðinni búa. **11** Og eftir dagana þrjá og hálfan fór lífsandi frá Guði í þá, og þeir risu á fætur, og ótti mikill féll yfir þá sem sáu þá. **12** Og þeir heyrðu rödd mikla af himni, sem sagði við þá: Stígið upp hingað. Og þeir stigu upp til himins í skýinu og óvinir þeirra horfðu á þá. **13** Og á þeirri stundu varð landskjálfti mikill, og tíundi hluti borgarinnar hrundi, og í landskjálftanum deyddust sjö þúsundir manna, og þeir sem eftir voru urðu óttaslegnir og gáfu Guði himinsins dýrðina. **14** Veiið hið annað er liðið hjá; sjá, veiið hið þriðja kemur brátt. **15** Og sjöundi engillinn básúnaði, og heyrðust þá raddir miklar í himninum, er sögðu: Heimsríkið er orðið ríki Drottins vors og hans smurða, og hann mun ríkja um aldir alda. **16** Og öldungarnir tuttugu og fjórir, þeir er sitja frammi fyrir Guði í hásætum sínum, féllu fram á ásjónur sínar og tilbáðu Guð, segjandi: **17** Vér þökkum þér, Drottinn Guð, þú alvaldi, þú sem ert og þú sem varst, að þú hefir tekið máttinn þinn hinn mikla og gjörst

konungur. 18 Og þjóðirnar reiddust og reiði þín kom og sá tími, er dauðir skulu dæmdir verða, og tíminn til að gefa laun þjónum þínum, spámönnunum og hinum heilögu og þeim sem óttast nafn þitt, smáum og stórum, og til að eyða þeim, sem jörðina eyða. 19 Og musteri Guðs opnaðist, það sem á himni er, og sáttmálsörk hans birtist í musteri hans, og það komu eldingar og raustir og þrumur og landskjálfti og hagl mikið.

12. kafli

1 Og tákn mikið birtist á himni: kona klædd sólinni, og tunglið var undir fótum hennar, og á höfði hennar var kóróna af tólf stjörnum. 2 Og hún var þunguð, og hún æpti í jóðsótt og kvaldist með fæðingarhríðir. 3 Og annað tákn birtist á himni, og sjá: Mikill dreki, rauður, er hafði sjö höfuð og tíu horn, og á höfðunum sjö ennidjásn. 4 Og hali hans dró þriðja hlutann af stjörnum himinsins, og varpaði þeim ofan á jörðina. Og drekinn stóð frammi fyrir konunni, sem komin var að því að fæða, til þess að gleypa barn hennar, þá er hún hefði fætt. 5 Og hún fæddi son, sveinbarn, sem stjórna mun öllum þjóðum með járnsprota, og barn hennar var hrifið til Guðs og til hásætis hans. 6 Og konan flýði út á eyðimörkina, þar sem hún hefir stað fyrirbúinn af Guði, til þess að menn ali hana þar og þar skyldi hún haldast við í eitt þúsund tvö hundruð og sextíu daga. 7 Og stríð hófst á himni: Míkael og englar hans fóru að berjast við drekann, og drekinn barðist og englar hans. 8 Og þeir fengu eigi staðist, og eigi héldust þeir heldur lengur við á himni. 9 Og varpað var niður drekanum mikla, hinum gamla höggormi, sem heitir djöfull og Satan, honum sem afvega leiðir alla heimsbygðina, — honum var varpað niður á jörðina, og englum hans var varpað niður með honum. 10 Og eg heyrði mikla rödd á himni, sem sagði: Nú er komið hjálpræðið og mátturinn og ríkið Guðs vors, og veldið hans smurða, því að niður hefir verið varpað kæranda bræðra vorra, honum sem þá kærir fyrir Guði vorum dag og nótt. 11 Og þeir hafa sigrað hann fyrir blóð lambsins og fyrir orð vitnisburðar síns, og eigi hafa þeir elskað líf sitt svo, að þeim ægði dauði. 12 Fagnið því, himnar og þér sem í þeim búið. Vei sé jörðinni og hafinu, því að djöfullinn er stiginn niður til yðar í miklum móð, því að hann veit, að hann hefir nauman tíma. 13 Og er drekinn sá að honum var varpað niður á jörðina, ofsótti hann konuna,

sem alið hafði sveinbarnið. 14 Og konunni voru gefnir vængirnir tveir af erninum mikla, til þess að hún skyldi fljúga á eyðimörkina til síns staðar, þar sem hún elst tíð og tíðir og hálfa tíð, fjarri augsýn höggormsins. 15 Og höggormurinn spjó vatni úr munni sér á eftir konunni, eins og flóði, til þess að hún bærist burt af straumnum. 16 Og jörðin kom konunni til hjálpar, og jörðin opnaði munn sinn og svalg vatnsflóðið, sem drekinn spjó úr munni sér. 17 Og drekinn reiddist konunni, og fór burt, til þess að heyja stríð við hina aðra afkomendur hennar, þá er varðveita boð Guðs og hafa vitnisburð Jesú. 18 Og hann nam staðar á sjávarsandinum.

13. kafli

1 Og eg sá dýr stíga upp af hafinu; það hafði tíu horn og sjö höfuð, og á hornum þess voru tíu enni-djásn, og á höfðum þess voru guðlöstunar nöfn. 2 Og dýrið, sem eg sá, var líkt pardusdýri, og fætur þess voru sem bjarnarfætur, og munnur þess eins og ljónsmunnur, og drekinn gaf því mátt sinn og hásæti sitt og vald mikið. 3 Og eg sá eitt af höfðum þess, sem væri það sært til ólífis, og banasár þess varð heilt, og öll jörðin fylgdi dýrinu með undrun. 4 Og þeir tilbáðu drekann, af því að hann hafði gefið dýrinu vald sitt, og þeir tilbáðu dýrið, segjandi: Hver jafnast við dýrið, og hver getur barist við það? 5 Og því var gefinn munnur, er talaði stóryrði og guðlastanir, og því var vald gefið að starfa í fjörutíu og tvo mánuði. 6 Og það lauk upp munni sínum til lastmæla gegn Guði, til að lastmæla nafni hans og tjaldbúð hans, þeim sem á himni búa. 7 Og því var leyft að heyja stríð við hina heilögu og sigra þá, og því var gefið vald yfir sérhverri kynkvísl og lýð og tungu og þjóð. 8 Og allir þeir sem á jörðinni búa, munu tilbiðja það, hver og einn sá, er eigi á nafn sitt ritað í lífsbók lambsins, er slátrað var frá grundvöllun veraldar. 9 Ef einhver hefir eyra, þá heyri hann. 10 Ef einhver herleiðir, skal hann herleiddur verða; ef einhver deyðir með sverði, skal hann með sverði deyddur verða. Hér reynir á þolgæði og trú hinna heilögu. 11 Og eg sá annað dýr stíga upp af jörðinni, og það hafði tvö horn lík lambshornum, og það talaði eins og dreki. 12 Og það fer með alt vald fyrra dýrsins, fyrir augsýn þess, og það lætur jörðina og þá, sem á henni búa, tilbiðja fyrra dýrið, hvers banasár varð heilt. 13 Og það gjörir tákn mikil, svo að það lætur enda eld falla

af himni ofan á jörðina í augsýn mannanna. 14 Og það leiðir afvega þá sem á
jörðinni búa, með táknunum, sem því var veitt að gjöra í augsýn dýrsins, og
það segir þeim sem á jörðinni búa, að þeir skuli gjöra líkneski dýrinu, sem
sárið hefir undan sverðinu og lifði þó. 15 Og því var veitt að gefa líkneski
dýrsins anda, til þess að líkneski dýrsins gæti jafnvel talað, og komið því til
leiðar, að allir þeir yrðu deyddir, sem ekki skyldu vilja tilbiðja líkneski
dýrsins. 16 Og það lætur alla smáa og stóra, auðuga og fátæka, og frjálsa og
ófrjálsa, setja merki á hægri hönd sér eða á enni sín, 17 og kemur því til
leiðar, að enginn geti keypt eða selt, nema hann hafi merkið, nafn dýrsins,
eða tölu nafns þess. 18 Hér reynir á speki; sá sem skilning hefir, reikni tölu
dýrsins, því að tala manns er það, og tala hans er sex hundruð sextíu og sex.

14. kafli

1 Og eg sá og sjá: Lambið stóð á Síonfjalli, og með því hundrað og fjörutíu
og fjórar þúsundir, sem höfðu nafn þess og nafn föður þess skrifað á ennum
sér. 2 Og eg heyrði rödd af himni, sem raust margra vatna, og sem raust
mikillar þrumu, og röddin, sem eg heyrði, var eins og hörpuhljómur harpara,
sem hörpur sínar slá. 3 Og þeir syngja sem nýjan söng frammi fyrir hásætinu
og frammi fyrir verunum fjórum og öldungunum, og enginn gat numið
sönginn, nema þær hundrað fjörutíu og fjórar þúsundir — þeir sem út eru
leystir frá jörðinni. 4 Þetta eru þeir, sem ekki hafa saurgast með konum, því
að þeir eru sem meyjar; þeir fylgja lambinu hvert sem það fer; þeir voru
leystir út úr hóp mannanna, frumgróði handa Guði og handa lambinu. 5 Og í
munni þeirra var enga lygi að finna; þeir eru lýtalausir. 6 Og eg sá annan
engil fljúga um miðhimininn, og hélt hann á eilífum fagnaðarboðskap, til að
boða þeim, sem á jörðinni búa, og sérhverri þjóð og kynkvísl og tungu og
lýð, 7 segjandi hárri röddu: Óttist Guð og gefið honum dýrð, því að komin er
stund dóms hans, og tilbiðjið þann, sem gjört hefir himininn og jörðina og
hafið og uppsprettur vatnanna. 8 Og enn annar engill kom á eftir og sagði:
Fallin er, fallin er Babýlon hin mikla, sem byrlað hefir öllum þjóðum af
reiðivíni saurlifnaðar síns. 9 Og annar engill, hinn þriðji, kom á eftir þeim og
sagði hárri röddu: Ef einhver tilbiður dýrið og líkneski þess, og fær merki á
enni sitt eða hönd sína, 10 þá skal sá hinn sami drekka af reiðivíni Guðs, sem

byrlað er óblandað í reiðibikar hans, og hann mun kvalinn verða í eldi og brennisteini í augsýn heilagra engla og í augsýn lambsins. 11 Og reykurinn af kvölum þeirra stígur upp um aldir alda, og eigi hafa þeir hvíld dag og nótt, þeir sem dýrið tilbiðja og líkneski þess, og hver sá er tekur merki nafns þess. 12 Hér reynir á þolgæði hinna heilögu — þeir er varðveita boð Guðs og trúna á Jesúm. 13 Og eg heyrði rödd af himni, sem sagði: Rita þú: Sælir eru dánir, þeir sem í drotni deyja upp frá þessu. Já, segir andinn, til þess að þeir fái hvíld frá erfiði sínu, því að verk þeirra fylgja þeim. 14 Og eg sá, og sjá: Hvítt ský, og einhvern sá eg sitja á skýinu, líkan syni manns, og hafði hann gullkórónu á höfðinu og í hendi sér bitra sigð. 15 Og annar engill kom út úr musterinu; hann kallaði hárri röddu til þess sem á skýinu sat: Ber þú út sigð þína og sker upp, því að komin er stundin til að uppskera, því að sáðland jarðarinnar er fullþroskað. 16 Og sá sem á skýinu sat, brá sigð sinni á jörðina, og upp var skorið af jörðinni. 17 Og annar engill gekk út úr musterinu, sem er á himnum, og hann hafði líka bitra sigð. 18 Og annar engill gekk út frá altarinu, og hann hafði vald yfir eldinum, og hann kallaði hárri röddu til þess, sem hafði bitru sigðina, og sagði: Ber þú út bitru sigðina þína, og sker þrúgurnar af vínviði jarðarinnar, því að vínberin á honum eru orðin þroskuð. 19 Og engillinn brá sigð sinni á jörðina, og afskar vínvið jarðarinnar, og kastaði honum í reiði-vínþröng Guðs hina miklu. 20 Og vínþröngin var troðin fyrir utan borgina, og gekk blóð út af vínþrönginni, svo að tók upp undir beisli hestanna, um eitt þúsund skeið og sex hundruð.

15. kafli

1 Og eg sá annað tákn á himni, mikið og undursamlegt: sjö engla, sem höfðu sjö síðustu plágurnar, því að með þeim fullnaðist reiði Guðs. 2 Og eg leit sem glerhaf eldi blandið, og þá, sem unnið höfðu sigur á dýrinu og á líkneski þess og á tölu nafns þess, standa við glerhafið og halda á hörpum Guðs. 3 Og þeir syngja söng Móse, Guðs þjóns, og söng lambsins, segjandi: Mikil og dásamleg eru verkin þín, Drottinn Guð, þú alvaldi; réttlátir og sannir eru vegir þínir, þú konungur aldanna. 4 Hver skyldi ekki óttast, Drottinn, og vegsama nafn þitt? Því að þú einn ert heilagur, því að allar þjóðir munu koma og tilbiðja frammi fyrir þér, því að réttlátir dómar þínir eru opinberir

orðnir. 5 Og eftir þetta sá eg, og upp var lokið musteri
vitnisburðar-tjaldbúðarinnar á himni. 6 Og út gengu úr musterinu englarnir sjö, sem höfðu plágurnar sjö, klæddir hreinu skínanda líni og gyrtir gullbeltum um brjóst. 7 Og englunum sjö fékk ein af verunum fjórum sjö gullskálar, fullar reiði Guðs, hans er lifir um aldir alda. 8 Og musterið fyltist af reyknum af dýrð Guðs og af mætti hans, og enginn mátti innganga í musterið, uns fullnaðar væru þær sjö plágur englanna sjö.

16. kafli

1 Og eg heyrði raust mikla frá musterinu segja við englana sjö: Farið og hellið úr þeim sjö skálum Guðs reiði yfir jörðina. 2 Og hinn fyrsti fór og helti úr sinni skál á jörðina. Og ill og hættuleg kaun komu á mennina, sem höfðu merki dýrsins og tilbáðu líkneski þess. 3 Og hinn annar helti úr sinni skál í hafið, og það varð að blóði, eins og blóði dauðs manns, og sérhver lifandi sál dó, sú er í hafinu var. 4 Og hinn þriðji helti úr sinni skál í fljótin og uppsprettur vatnanna, og það varð að blóði. 5 Og eg heyrði engil vatnanna segja: Réttlátur ert þú, þú sem ert og þú sem varst, þú hinn heilagi, að þú hefir dæmt þannig; 6 því að þeir hafa úthelt blóði heilagra og spámanna, og þú hefir gefið þeim blóð að drekka; maklegir eru þeir þess. 7 Og eg heyrði altarið segja: Já, Drottinn Guð, þú alvaldi, sannir og réttlátir eru dómar þínir. 8 Og hinn fjórði helti úr sinni skál yfir sólina, og honum var gefið vald til að brenna mennina í eldi. 9 Og mennirnir stiknuðu í ofurhita, og lastmæltu nafni Guðs, sem valdið hefir yfir plágum þessum, og ekki gjörðu þeir iðrun, til að gefa honum dýrðina. 10 Og hinn fimti helti úr sinni skál yfir hásæti dýrsins; og konungdómur þess myrkvaðist og menn bitu í tungur sínar af kvöl. 11 Og menn lastmæltu Guði himinsins fyrir kvalirnar og fyrir kaun sín, og eigi gjörðu þeir iðrun og létu af verkum sínum. 12 Og hinn sétti helti úr sinni skál yfir fljótið mikla, Evfrat; og vatnið í því þornaði upp, svo að vegur yrði búinn fyrir konungana, þá er koma úr sólaruppkomu-stað. 13 Og eg sá koma út af munni drekans og út af munni dýrsins og út af munni falsspámannsins þrjá óhreina anda, sem froskar væru, 14 því að þeir eru djöfla-andar, sem gjöra tákn, sem út ganga til konunga allrar heimsbygðarinnar, til að safna þeim saman til stríðsins á hinum mikla degi Guðs hins alvalda. — 15 Sjá, eg

kem eins og þjófur; sæll er sá sem vakir og varðveitir klæði sín, til þess að hann gangi ekki nakinn um kring og menn sjái blygðun hans. — 16 Og þeir söfnuðu þeim saman á þann stað, sem á hebresku kallast Harmagedón. 17 Og hinn sjöundi helti úr sinni skál yfir loftið, og raust mikil kom út úr musterinu, frá hásætinu, segjandi: Það er skeð. 18 Og það komu eldingar og raustir og þrumur, og mikill landskjálfti, svo að slíkur hefir eigi komið, frá því menn urðu til á jörðinni, jafnákaflega mikill landskjálfti. 19 Og borgin hin mikla fór í þrjá hluti, og borgir þjóðanna hrundu. Og minst var hinnar miklu Babýlonar frammi fyrir Guði, til að gefa henni vínbikar heiftarreiði hans. 20 Og allar eyjar hurfu og fjöllin voru ekki lengur til. 21 Og stórt hagl, vættarþungt, fellur niður af himni yfir mennina; og mennirnir lastmæltu Guði fyrir haglpláguna, því að mjög svo mikil er plágan af því.

17. kafli

1 Lofum nú fræga menn og feður vora í kynslóð þeirra. 2 Drottinn hefur unnið mikla dýrð fyrir tign sína frá upphafi: 3 þá, sem drottnað hafa í ríkjum sínum, menn mikils máttar, gædda speki sinni, sem kunngjörðu í spámönnunum tign spámannanna, 4 og þá, sem stjórnuðu lýðnum, sem þá var, og fræddu lýðinn með hinum heilögustu orðum af krafti spekinnar; 5 þá, sem með kunnáttu sinni leituðu uppi hljómfögur lög og gáfu út ljóð ritninganna; 6 menn auðuga að dyggð, sem fegurðar iðkuðu og lifðu í friði í húsum sínum. 7 Allir þessir hlutu dýrð í kynslóðum sínum og voru lofaðir á dögum sínum. 8 Þeir, sem af þeim fæddust, hafa látið eftir sig nafn, að lof þeirra mætti sagt verða; 9 og til eru sumir, sem engin minning er um: þeir eru farnir sem hefðu þeir aldrei verið til, og orðnir sem hefðu þeir aldrei fæðst, og börn þeirra með þeim. 10 En þessir voru menn miskunnarinnar, hverra guðræknu verk hafa eigi brugðist. 11 Gæðin haldast með niðjum þeirra; 12 afkvæmi þeirra er heilög

arfleifð, og sæði þeirra hefur staðið í sáttmálunum. 13 Og börn þeirra vara að
eilífu þeirra vegna; sæði þeirra og dýrð þeirra mun eigi yfirgefin verða. 14
Líkamir þeirra eru greftraðir í friði, og nafn þeirra lifir frá kyni til kyns. 15
Lát lýðinn kunngjöra speki þeirra, og söfnuðurinn lof þeirra. 16 Henok
þóknaðist Guði og var numinn í paradís, að hann mætti veita þjóðunum
iðrun. 17 Nói fannst fullkominn og réttlátur, og á tíma reiðinnar varð hann að
friðþægingu. 18 Fyrir því var leif skilin eftir á jörðunni, þegar flóðið kom. 19
Sáttmálar heimsins voru við hann gjörðir, að alt hold skyldi eigi framar eytt
verða með flóði. 20 Abraham var hinn mikli faðir fjölda þjóða, og enginn
fannst honum líkur að dýrð, hann sem hélt lögmál hins hæsta og var í
sáttmála við hann. 21 Í holdi sínu staðfesti hann sáttmálann, og í freistingu
reyndist hann trúr. 22 Fyrir því gaf hann honum með eiði dýrð í niðjum hans,
að hann skyldi margfaldast sem duft jarðarinnar 23 og að hann mundi upp
hefja sæði hans sem stjörnurnar, og þeir skyldu erfa frá hafi til hafs og frá
fljótinu til endimarka jarðarinnar. 24 Og hann gjörði á sama hátt við Ísak sakir
Abrahams, föður hans. 25 Drottinn gaf honum blessun allra þjóða og staðfesti
sáttmála sinn yfir höfði Jakobs. 26 Hann viðurkenndi hann í blessunum sínum
og gaf honum arfleifð og skipti hlut hans í tólf ættkvíslir. 27 Og hann
varðveitti honum menn miskunnarinnar, sem náð fundu í augum alls holds.

45. kafli

1 Móse var elskaður af Guði og mönnum, hvers minning er í blessun. 2 Hann
gjörði hann líkan hinum heilögu í dýrð og mikillaði hann í ótta óvina hans,
og með orðum hans lét hann undur hætta. 3 Hann vegsamaði hann í augsýn
konunga og gaf honum boðorð í augsýn lýðs síns og sýndi honum dýrð sína.
4 Hann helgaði hann í trú hans og hógværð og valdi hann af öllu holdi. 5 Því
að hann heyrði hann og rödd hans og leiddi hann inn í skýið. 6 Og hann gaf
honum boðorð frammi fyrir ásjónu sinni og lögmál lífs og fræðslu, að hann
mætti kenna Jakob sáttmála sinn og Ísrael dóma sína. 7 Hann upp hóf Aron,
bróður hans, og honum líkan af ættkvísl Leví. 8 Hann gjörði við hann eilífan
sáttmála og gaf honum prestsdóm þjóðarinnar og gjörði hann sælan í dýrð. 9
Og hann gyrti hann dýrlegu belti og klæddi hann dýrðarskikkju og krýndi
hann tignarlegum búnaði. 10 Hann lagði á hann kyrtil til fóta og brækur og

hökul, og hann umkringdi hann með mörgum litlum gullbjöllum alt um kring, **11** að hljóð yrði, þegar hann gengi, og gnýr, sem heyrast mætti í musterinu, til minningar börnum lýðs hans. **12** Hann gaf honum heilaga skikkju af gulli og bláum purpura og rauðum purpura, ofið verk vitrs manns, gædds dómgreind og sannleika; **13** af tvinnuðum skarlati, verk listamanns, með dýrum steinum, skornum og greyptum í gull og grófnum með verki steinskera til minningar, eftir tölu ættkvísla Ísraels. **14** Og gullkórónu á höfuðbandi hans, þar sem grafið var: Helgað Drottni — heiðursskart, verk máttar og augum yndislegt fyrir fegurð sína. **15** Áður en hann kom var ekkert svo fagurt, alt frá upphafi. **16** Enginn útlendingur klæddist því nokkru sinni, heldur einungis börn hans ein og sonarsynir hans að eilífu. **17** Fórnir hans voru brenndar með eldi hvern dag. **18** Móse fyllti hendur hans og smurði hann heilagri olíu. **19** Þetta var honum gjört að eilífum sáttmála og niðjum hans sem dagar himinsins, að gegna prestsembætti og hljóta lof og vegsama lýð sinn í nafni hans. **20** Hann valdi hann af öllum lifandi mönnum til að færa Guði fórn, reykelsi og góðan ilm, til minningar til að friðþægja fyrir lýð sinn. **21** Og hann gaf honum vald í boðorðum sínum, í sáttmálum dóma sinna, að hann skyldi kenna Jakob vitnisburði hans og gefa Ísrael ljós í lögmáli hans. **22** Og útlendingar risu gegn honum, og af öfund umkringdu mennirnir, sem voru með Datan og Abíron, hann í eyðimörkinni, og söfnuður Kóra í reiði sinni. **23** Drottinn Guð sá það, og honum líkaði það eigi, og þeir voru eyddir í reiðiheift hans. **24** Hann vann undur á þeim og eyddi þeim með eldsloga. **25** Og hann jók dýrð Arons og gaf honum arfleifð og skipti honum frumgróða jarðargróðans. **26** Hann bjó þeim brauð í fyrsta lagi til mettunar, því að þeir skulu og eta fórnir Drottins, sem hann gaf honum og niðjum hans. **27** En hann skal eigi erfa meðal lýðsins í landinu, og hann hefur engan hlut meðal lýðsins; því að hann sjálfur er hans hlutur og arfleifð. **28** Fínehas, sonur Eleasars, er hinn þriðji í dýrð, með því að líkja eftir honum í ótta Drottins; **29** og hann stóð upp í hinu skammarlega falli lýðsins; með gæsku og fúsleik sálar sinnar sefaði hann Guð fyrir Ísrael. **30** Fyrir því gjörði hann við hann friðarsáttmála, að hann skyldi vera höfðingi helgidómsins og lýðs síns, að tign prestsdómsins skyldi vera hans og niðja hans að eilífu. **31** Og sáttmála við Davíð konung, son Ísaí af ættkvísl Júda, arfleifð honum og niðjum hans, að hann mætti gefa speki í hjarta vort til að dæma lýð hans í réttlæti, svo að

gæði þeirra yrðu eigi afmáð; og hann gjörði dýrð þeirra eilífa meðal þjóðar þeirra.

46. kafli

1 Hraustur í hernaði var Jósúa Núnsson, sem var eftirmaður Móse meðal spámannanna, sem mikill var eftir nafni sínu, **2** afar mikill til frelsunar hinum útvöldu Guðs, til að steypa óvinunum, sem gegn þeim risu, að hann mætti afla Ísrael arfleifðarinnar. **3** Hversu mikla dýrð hlaut hann, þegar hann hóf upp hendur sínar og rétti út sverð gegn borgunum? **4** Hver hefur staðist svo fyrir honum? Því að Drottinn sjálfur leiddi óvinina fram. **5** Var sólin eigi stöðvuð í reiði hans, og einn dagur gjörður sem tveir? **6** Hann ákallaði hinn hæsta alvald, þegar óvinirnir sóttu að honum á allar hliðar, og hinn mikli og heilagi Guð heyrði hann með haglsteinum af afar miklum krafti. **7** Hann gjörði harða atlögu gegn þjóð óvina sinna, og í hlíðinni eyddi hann mótstöðumönnunum, **8** að þjóðirnar mættu þekkja mátt hans, að eigi er auðvelt að berjast gegn Guði. Og hann fylgdi hinum máttuga. **9** Og á dögum Móse vann hann miskunnarverk, hann og Kaleb Jefúnneson, með því að standa gegn óvininum og halda lýðnum frá syndum og sefa hina óguðlegu mögl. **10** Og þeir tveir, útvaldir, voru frelsaðir úr hættunni úr tölu sex hundruð þúsund fótgangandi manna, til að leiða þá inn í arfleifð þeirra, inn í landið, sem flýtur í mjólk og hunangi. **11** Og Drottinn gaf og Kaleb styrk, og styrkur hans hélst alt til elli hans, svo að hann gekk upp á hálendi landsins, og niðjar hans hlutu það að arfleifð, **12** að öll börn Ísraels mættu sjá, að gott er að hlýða hinum heilaga Guði. **13** Þá allir dómararnir, hver með nafni sínu, hverra hjarta var eigi spillt, sem eigi viku frá Drottni — **14** að minning þeirra mætti blessuð verða og bein þeirra spretta upp úr stað sínum **15** og nafn þeirra vara að eilífu, og dýrð hinna heilögu manna haldist til barna þeirra. **16** Samúel, spámaður Drottins, hinn elskaði Drottins Guðs síns, stofnaði nýja stjórn og smurði höfðingja yfir lýð sinn. **17** Eftir lögmáli Drottins dæmdi hann söfnuðinn, og Guð Jakobs leit til, og fyrir trúfesti sína reyndist hann spámaður. **18** Og hann varð kunnur að trúfesti í orðum sínum, því að hann sá Guð ljóssins. **19** Og hann ákallaði nafn hins almáttuga Drottins í baráttu við óvinina, sem sóttu að honum á allar hliðar, þegar hann fórnaði lambi lýtalausu. **20** Og Drottinn

þrumaði af himni og lét rödd sína heyrast með miklum gný. 21 Og hann muldi höfðingja Týringa og alla herra Filistanna. 22 Og áður en ævi hans lauk í heiminum bar hann vitni frammi fyrir Drottni og smurðum hans: fé eða neitt annað, alt til skós, hafði hann af engum manni tekið, og enginn maður ákærði hann. 23 Og eftir þetta sofnaði hann, og hann gjörði konunginum kunnugt og sýndi honum endalok ævi hans, og hann hóf upp raust sína af jörðunni í spádómi til að afmá illsku þjóðarinnar.

47. kafli

1 Þá reis Natan spámaður upp á dögum Davíðs. 2 Og eins og feitin er tekin frá kjötinu, svo var Davíð valinn meðal barna Ísraels. 3 Hann lék sér að ljónum sem að lömbum, og við birni gjörði hann á sama hátt sem við lömb hjarðarinnar í æsku sinni. 4 Drap hann eigi risann og tók háðungina burt frá lýð sínum? 5 Er hann hóf upp hönd sína með steininum í slöngunni, felldi hann hrós Golíats. 6 Því að hann ákallaði hinn hæsta Drottin, og hann gaf styrk í hægri hönd hans til að taka burt hinn máttuga bardagamann og hefja upp horn þjóðar sinnar. 7 Þannig vegsamaði hann hann í tíu þúsundum og lofaði hann í blessunum Drottins með því að færa honum dýrðarkórónu. 8 Því að hann eyddi óvinunum á allar hliðar og upprætti Filistana,
mótstöðumennina, alt til þessa dags; hann braut horn þeirra að eilífu. 9 Í öllum verkum sínum þakkaði hann hinum heilaga og hinum hæsta með dýrðarorðum. 10 Af öllu hjarta sínu lofaði hann Drottin og elskaði Guð, sem hann gjörði; og hann gaf honum mátt gegn óvinum sínum. 11 Og hann setti söngvara frammi fyrir altarinu, og með röddum þeirra gjörði hann ljúfan hljóm. 12 Og hátíðunum bætti hann fegurð við og skipaði hinum hátíðlegu tíðum alt til ævi sinnar loka, að þeir skyldu lofa hið heilaga nafn Drottins og mikilla heilagleik Guðs að morgni. 13 Drottinn tók burt syndir hans og upp hóf horn hans að eilífu; og hann gaf honum sáttmála konungdómsins og dýrðarhásæti í Ísrael. 14 Eftir hann reis upp vitur sonur, og hans vegna felldi hann allan mátt óvinanna. 15 Salómon ríkti á friðardögum, og Guð lagði alla óvini hans undir hann, að hann mætti byggja hús í nafni hans og búa helgidóm að eilífu. Ó hversu vitur varst þú í æsku þinni! 16 Og þú varst fylltur speki sem fljót, og sál þín huldi jörðina. 17 Og þú margfaldaðir gátur í

dæmisögum; nafn þitt barst til fjarlægra eyja, og þú varst elskaður í friði þínum. 18 Löndin undruðust þig fyrir ljóð þín og orðskviði og dæmisögur og útlistanir 19 og fyrir nafn Drottins Guðs, hvers auknefni er: Guð Ísraels. 20 Þú safnaðir gulli sem eiri og margfaldaðir silfur sem blý. 21 Og þú beygðir þig fyrir konum, og með líkama þínum varst þú undirokaður. 22 Þú hefur saurgað dýrð þína og flekkað niðja þína, svo að reiði kom yfir börn þín og heimska þín var kveikt, 23 svo að þú lést ríkið skiptast og af Efraím rísa uppreisnarríki til að drottna. 24 En Guð mun eigi láta af miskunn sinni, og hann mun eigi eyða né afmá sín eigin verk, og eigi mun hann uppræta afkvæmi sinna útvöldu; og eigi mun hann með öllu burt taka sæði þess, sem elskar Drottin. 25 Fyrir því gaf hann Jakob leif og Davíð af sama stofni. 26 Og Salómon fékk endalok með feðrum sínum. 27 Og hann lét eftir sig af niðjum sínum heimsku þjóðarinnar, 28 Rehabeam, sem litla speki hafði og sneri lýðnum frá með ráði sínu, 29 og Jeróbóam Nebatsson, sem kom Ísrael til að syndga og sýndi Efraím veg syndarinnar; og syndir þeirra margfölduðust stórlega. 30 Þær ráku þá langt burt frá landi þeirra. 31 Og þeir leituðu uppi alt ranglæti, uns hefndin kom yfir þá og batt enda á allar syndir þeirra.

48. kafli

1 Og Elía spámaður reis upp sem eldur, og orð hans brann sem kyndill. 2 Hann leiddi hungur yfir þá, og þeir, sem reittu hann til reiði í öfund sinni, urðu fáir, því að þeir gátu eigi þolað boðorð Drottins. 3 Að orði Drottins lokaði hann himninum, og hann leiddi eld af himni þrisvar. 4 Þannig var Elía mikillaður í undursamlegum verkum sínum. Og hver getur hrósað sér sem þú? 5 Þú, sem reistir upp dauðan mann að neðan, úr hlutskipti dauðans, að orði Drottins Guðs; 6 þú, sem steyptir konungum til glötunar og braust auðveldlega mátt þeirra í sundur og hina dýrlegu af beði þeirra; 7 þú, sem heyrðir dóm á Sínaí og á Hóreb dóma hefndarinnar; 8 þú, sem smurðir konunga til iðrunar og gjörðir spámenn að eftirmönnum þínum; 9 þú, sem numinn varst upp í eldhvirfilvindi, í vagni eldlegra hesta; 10 þú, sem skráður ert í dómum tímanna til að sefa reiði Drottins, til að sætta hjarta föðurins við soninn og til að endurreisa ættkvíslir Jakobs. 11 Sælir eru þeir, sem þig sáu og heiðraðir voru með vináttu þinni. 12 Því að vér lifum aðeins í lífi voru, en

eftir dauðann mun nafn vort eigi slíkt verða. 13 Elía var sannlega hulinn
hvirfilvindinum, og andi hans var fylltur í Elísa; á dögum hans óttaðist hann
eigi höfðingjann, og enginn maður var honum máttugri. 14 Ekkert orð fékk
sigrað hann, og eftir dauðann spáði líkami hans. 15 Í lífi sínu vann hann mikil
undur, og í dauða sínum vann hann kraftaverk. 16 Þrátt fyrir alt þetta iðraðist
lýðurinn eigi, og eigi viku þeir frá syndum sínum, fyrr en þeim var burt
varpað úr landi þeirra og þeir tvístruðust um alla jörðina. 17 Og eftir varð
aðeins lítill lýður og höfðingi í húsi Davíðs. 18 Sumir af þeim gjörðu það,
sem Guði þóknaðist, en aðrir drýgðu margar syndir. 19 Hiskía styrkti borg
sína og leiddi vatn inn í hana miðja, og hann gróf klett með járni og gjörði
brunn fyrir vatn. 20 Á hans dögum kom Sanheríb upp og sendi Rabsake og
hóf upp hönd sína gegn þeim, og hann rétti út hönd sína gegn Síon og varð
dramblátur af mætti sínum. 21 Þá skulfu hjörtu þeirra og hendur, og þeir voru
í kvölum sem konur í barnsnauð. 22 Og þeir ákölluðu Drottin, sem
miskunnsamur er, og breiddu út hendur sínar og hófu þær upp til himins; og
hinn heilagi Drottinn Guð heyrði skjótt rödd þeirra. 23 Hann minntist eigi
synda þeirra og seldi þá eigi í hendur óvina þeirra, heldur hreinsaði hann þá
fyrir hönd Jesaja, hins heilaga spámanns. 24 Hann kollvarpaði her Assýringa,
og engill Drottins eyddi þeim. 25 Því að Hiskía gjörði það, sem Guði
þóknaðist, og gekk hraustlega á vegi Davíðs, föður síns, sem Jesaja, hinn
mikli spámaður og trúi frammi fyrir Guði, hafði honum boðið. 26 Á hans
dögum gekk sólin aftur á bak, og hann lengdi líf konungsins. 27 Með miklum
anda sá hann það, sem að lokum verða skal, og huggaði þá, sem syrgðu í
Síon. 28 Hann sýndi það, sem verða skyldi að eilífu, og hulda hluti, áður en
þeir komu.

49. kafli

1 Minning Jósía er sem samsetning sæts ilms, gjörð af list
smyrslagerðarmanns; 2 minning hans mun sæt vera sem hunang í hverjum
munni og sem hljóðfærasláttur í vínveislu. 3 Honum var stýrt af Guði til
iðrunar þjóðarinnar, og hann tók burt andstyggðir illskunnar. 4 Og hann
stýrði hjarta sínu til Drottins, og á dögum syndaranna styrkti hann
guðræknina. 5 Nema Davíð og Hiskía og Jósía syndguðu allir. 6 Því að

konungar Júda yfirgáfu lögmál hins hæsta og fyrirlitu ótta Guðs. 7 Þannig gáfu þeir ríki sitt öðrum og dýrð sína framandi þjóð. 8 Þeir brenndu hina útvöldu borg helgleikans og gjörðu stræti hennar auð, eins og Jeremía hafði sagt fyrir. 9 Því að þeir fóru illa með hann, sem helgaður var spámaður frá móðurkviði, til að steypa og rífa upp og eyða og byggja aftur og endurnýja. 10 Það var Esekíel, sem sá hina dýrlegu sýn, sem honum var sýnd á vagni kerúbanna. 11 Því að hann gat óvinanna undir mynd regnsins og þess að gjöra þeim gott, sem réttum vegum sýndu. 12 Og megi bein hinna tólf spámanna spretta upp úr stað sínum, því að þeir styrktu Jakob og frelsuðu sig með sterkri trú. 13 Hvernig skulum vér mikilla Serúbabel? Því að hann var sem innsigli á hægri hendi; 14 og á sama hátt Jesúa Jósadaksson, sem á dögum þeirra byggði húsið og reisti Drottni heilagt musteri, búið til eilífrar dýrðar. 15 Og lát Nehemía lengi minnst verða, sem reisti upp fyrir oss múra vora, sem niður voru brotnir, og setti upp hliðin og slagbrandana, sem byggði upp hús vor að nýju. 16 Enginn maður fæddist á jörðunni sem Henok, því að hann var og numinn upp frá jörðu. 17 Né sem Jósef, sem var maður fæddur höfðingi bræðra sinna, stoð ættar sinnar, stjórnandi bræðra sinna, styrkur lýðsins. 18 Og beina hans var vitjað, og eftir dauðann spáðu þau. 19 Set og Sem hlutu dýrð meðal manna, og ofar sérhverri sál Adam í öndverðu.

50. kafli

1 Símon æðsti prestur, sonur Onías, sem á ævi sinni studdi húsið og á dögum sínum styrkti musterið. 2 Fyrir hann var og hæð musterisins grundvölluð, hin tvöfalda bygging og háir múrar musterisins. 3 Á hans dögum flóðu vatnsbrunnarnir út, og þeir fylltust sem hafið úr hófi fram. 4 Hann bar umhyggju fyrir þjóð sinni og frelsaði hana frá eyðingu. 5 Hann fékk aukið borgina og hlaut dýrð í umgengni sinni við lýðinn og víkkaði inngang hússins og forgarðinn. 6 Hann skein á dögum sínum sem morgunstjarnan mitt í skýi og sem tunglið í fyllingu 7 og sem sólin, þegar hún skín, svo skein hann í musteri Guðs, 8 og sem regnboginn, sem ljós gefur í björtum skýjum, og sem rósablóm á vordögum og sem liljur, sem standa við vatnsbakka, og sem sætt ilmandi reykelsi um sumartíma, 9 sem bjartur eldur og reykelsi, sem brennur í eldi, 10 sem þungt gullker, skreytt hverjum dýrum steini, 11 sem

olífutré, sem brumar, og kýprusviður, sem sig hefur á loft — þegar hann
íklæddist dýrðarskikkjunni og var klæddur fullkomnun máttarins. 12 Þegar
hann gekk upp að hinu heilaga altari, heiðraði hann klæðnað helgleikans. 13
Og þegar hann tók hlutina úr höndum prestanna, stóð hann sjálfur við altarið.
Og um hann var hringur bræðra hans, og sem sedrustré gróðursett á
Líbanonsfjalli 14 og sem pálmagreinar stóðu þeir umhverfis hann, og allir
synir Arons í dýrð sinni. 15 Og fórn Drottins var í höndum þeirra frammi fyrir
öllum söfnuði Ísraels; og hann lauk þjónustu sinni við altarið til að heiðra
fórn hins hæsta konungs. 16 Hann rétti út hönd sína til dreypifórnar og
fórnaði af blóði vínberjanna. 17 Hann úthellti við fót altarisins guðdómlegum
ilmi hinum hæsta höfðingja. 18 Þá hrópuðu synir Arons, þeir blésu í smíðaða
lúðra og létu mikinn gný heyrast til minningar frammi fyrir Guði. 19 Þá flýtti
allur lýðurinn sér saman og féll til jarðar á ásjónur sínar til að tilbiðja
Drottin, Guð sinn, og til að biðja hinn almáttuga Guð, hinn hæsta. 20 Og
söngvararnir hófu upp raddir sínar, og í hinu mikla húsi jókst hljómur ljúfrar
tónlistar. 21 Og lýðurinn bað Drottin, hinn hæsta, í bæn, uns tilbeiðsla
Drottins var fullkomnuð og þeir höfðu lokið embætti sínu. 22 Þá gekk hann
ofan og hóf upp hendur sínar yfir allan söfnuð barna Ísraels til að gefa Guði
dýrð með vörum sínum og hrósa sér í nafni hans. 23 Og hann endurtók bæn
sína, því að hann vildi sýna mátt Guðs. 24 Og biðjið nú Guð allra, sem hefur
gjört mikla hluti á allri jörðunni, sem hefur aukið daga vora frá móðurkviði
og gjört við oss eftir miskunn sinni. 25 Megi hann veita oss gleði hjartans og
að friður sé á dögum vorum í Ísrael að eilífu, 26 að Ísrael megi trúa, að
miskunn Guðs sé með oss til að frelsa oss á dögum hans. 27 Tvær þjóðir eru
þær, sem sál mín hefur andstyggð á, og hin þriðja er engin þjóð, sem eg hata:
28 þeir, sem sitja á Seírfjalli, og Filistarnir og hinn heimski lýður, sem býr í
Síkem. 29 Jesús Síraksson frá Jerúsalem hefur ritað í þessa bók kenningu
spekinnar og fræðslunnar, hann sem endurnýjaði speki af hjarta sínu. 30 Sæll
er sá, sem tíðkar þessa góðu hluti; og sá, sem geymir þá í hjarta sínu, mun
ávallt vitur verða. 31 Því að ef hann gjörir þá, mun hann sterkur verða til alls,
því að ljós Guðs stýrir sporum hans.

51. kafli

1 Eg mun vegsama þig, Drottinn konungur, og lofa þig, Guð frelsara minn. **2** Eg mun vegsama nafn þitt, því að þú hefur orðið mér hjálpari og verndari **3** og frelsað líkama minn frá glötun, frá snöru ranglátrar tungu og frá vörum þeirra, sem lygar smíða; og í augsýn þeirra, sem hjá stóðu, varðst þú mér hjálpari. **4** Og þú frelsaðir mig eftir fjölda miskunnar nafns þíns frá þeim, sem öskruðu, búnir til að gleypa, **5** úr höndum þeirra, sem sóttust eftir lífi mínu, og frá hliðum þrenginganna, sem umkringdu mig; **6** frá þrýstingi logans, sem umlukti mig, og mitt í eldinum brann eg eigi; **7** úr dýpi kviðar heljar og frá óhreinni tungu og frá lygaorði, frá ranglátum konungi og frá rógsamri tungu. **8** Sál mín mun lofa Drottin alt til dauða, **9** og líf mitt var að nálgast heljar heim að neðan. **10** Þeir umkringdu mig á allar hliðar, og enginn var sá, er mér vildi hjálpa. Eg leit eftir liðsinni manna, og ekkert var. **11** Eg minntist miskunnar þinnar, Drottinn, og verka þinna, sem eru frá upphafi heimsins: **12** hvernig þú frelsar þá, sem þín bíða, Drottinn, og bjargar þeim úr höndum þjóðanna. **13** Þú hefur upp hafið bústað minn á jörðunni, og eg hef beðið um að dauðinn liði hjá. **14** Eg ákallaði Drottin, föður Drottins míns, að hann yfirgæfi mig eigi á degi þrengingar minnar og á tíma hinna dramblátu, þegar engin hjálp var. **15** Eg mun stöðuglega lofa nafn þitt og lofa það með þakkargjörð — og bæn mín var heyrð. **16** Og þú hefur frelsað mig frá glötun og bjargað mér frá hinum illa tíma. **17** Fyrir því mun eg þakka og lofa þig og blessa nafn Drottins. **18** Meðan eg var enn ungur, áður en eg reikaði um, leitaði eg spekinnar opinberlega í bæn minni. **19** Eg bað fyrir henni frammi fyrir musterinu, og alt til enda mun eg hennar leita; og hún blómgaðist sem þrúga, er snemma þroskast. **20** Hjarta mitt hafði unun af henni, fótur minn gekk á réttum vegi; frá æsku minni leitaði eg hennar. **21** Eg hneigði eyra mitt lítið eitt og tók við henni. **22** Eg fann mikla speki með sjálfum mér, og mikið gagn hafði eg af henni. **23** Þeim, sem gefur mér speki, mun eg dýrð gefa. **24** Því að eg hef ásett mér að fylgja henni; eg hef haft eldmóð fyrir hinu góða og mun eigi til skammar verða. **25** Sál mín hefur glímt fyrir hana, og í því hef eg staðfestur orðið. **26** Eg rétti út hendur mínar til hæða, og eg harmaði fáfræði mína um hana. **27** Eg stefndi sál minni til hennar, og í þekkingu fann eg hana. **28** Eg átti hjarta mitt með henni frá upphafi; fyrir því mun eg eigi yfirgefinn

verða. **29** Iður mín voru hrærð í leit að henni; fyrir því mun eg góða eign eignast. **30** Drottinn hefur gefið mér tungu að launum, og með henni mun eg lofa hann. **31** Komið nær mér, þér ólærðu, og safnist saman í hús agans. **32** Hví eruð þér seinir? Og hvað segið þér um þetta? Sálir yðar eru afar þyrstar. **33** Eg hef lokið upp munni mínum og talað: kaupið hana yður án silfurs, **34** og beygið háls yðar undir okið, og lát sál yðar taka við aga, því að hún er nærri til að finnast. **35** Sjáið með augum yðar, hversu lítið eg hef erfiðað og fundið mér mikla hvíld. **36** Takið við aga sem mikilli fjárhæð, og eignist gnægð gulls fyrir hana. **37** Lát sál yðar gleðjast í miskunn hans, og þér munuð eigi til skammar verða í lofi hans. **38** Vinnið verk yðar fyrir tímann, og hann mun gefa yður laun yðar á sínum tíma.

Barúksbók

Baruch

1. kafli

1 Og þetta eru orð bókarinnar, sem Barúk, sonur Nería, sonar Maasía, sonar Sedekía, sonar Sedeí, sonar Helkía, ritaði í Babýloníu **2** á fimmta ári, á sjöunda degi mánaðarins, á þeim tíma er Kaldear tóku Jerúsalem og brenndu hana í eldi. **3** Og Barúk las orð þessarar bókar í áheyrn Jekonía, sonar Jójakíms Júdakonungs, og í áheyrn alls lýðsins, sem kom til að heyra bókina, **4** og í áheyrn tignarmannanna, sona konunganna, og í áheyrn öldunganna og í áheyrn lýðsins, frá hinum minnsta til hins mesta þeirra, sem bjuggu í Babýloníu, við fljótið Sedí. **5** Og er þeir heyrðu það, grétu þeir og föstuðu og báðust fyrir frammi fyrir Drottni. **6** Og þeir söfnuðu fé eftir getu hvers manns **7** og sendu það til Jerúsalem, til Jójakíms prests, sonar Helkía, sonar Salóms, og til prestanna og til alls lýðsins, sem hjá honum fannst í Jerúsalem, **8** á þeim tíma er hann tók við kerum musteris Drottins, sem burt höfðu verið tekin úr musterinu, til að skila þeim aftur í Júdaland, hinn tíunda dag mánaðarins Sívan — silfurkerunum, sem Sedekía, sonur Jósía Júdakonungs, hafði gjöra látið, **9** eftir að Nabúkódónósor Babýlonkonungur hafði burt flutt Jekonía og höfðingjana og alla máttarmennina og lýð landsins frá Jerúsalem og leitt þá bundna til Babýlonar. **10** Og þeir sögðu: „Sjá, vér höfum sent yður fé; kaupið fyrir það brennifórnir og reykelsi og gjörið matfórnir og syndafórnir á altari Drottins, Guðs vors, **11** og biðjið fyrir lífi
Nabúkódónósors Babýlonkonungs og fyrir lífi Baltasars, sonar hans, að dagar þeirra megi vera á jörðunni sem dagar himinsins, **12** og að Drottinn gefi oss styrk og upplýsi augu vor, að vér megum lifa í skugga Nabúkódónósors Babýlonkonungs og í skugga Baltasars, sonar hans, og megum þjóna þeim marga daga og finna náð í augum þeirra. **13** Og biðjið fyrir oss til Drottins, Guðs vors, því að vér höfum syndgað gegn Drottni, Guði vorum, og reiði

hans er eigi frá oss snúin alt til þessa dags. 14 Og lesið þessa bók, sem vér höfum yður sent, að hún sé lesin í musteri Drottins á hátíðum og á þar til settum dögum. 15 Og þér skuluð segja: Drottni, Guði vorum, heyrir réttlætið til, en oss skömm ásjónu vorrar, eins og komið er fram á þessum degi yfir allan Júda og yfir íbúa Jerúsalem, 16 yfir konunga vora og yfir höfðingja vora og yfir presta vora og yfir spámenn vora og yfir feður vora. 17 Vér höfum syndgað frammi fyrir Drottni, Guði vorum, og eigi trúað honum né sett traust vort á hann, 18 og vér vorum honum eigi hlýðnir og höfum eigi hlýtt raustu Drottins, Guðs vors, að ganga í boðorðum hans, sem hann hefur oss gefið. 19 Frá þeim degi, er hann leiddi feður vora út af Egyptalandi, alt til þessa dags, vorum vér Drottni, Guði vorum, óhlýðnir; og villuráfandi snerum vér oss frá því að heyra raust hans. 20 Og margt ilt hefur oss loðað við og bölvanirnar, sem Drottinn boðaði fyrir munn Móse, þjóns síns, sem leiddi feður vora út af Egyptalandi til að gefa oss land, sem flýtur í mjólk og hunangi, eins og á þessum degi. 21 Og vér höfum eigi hlýtt raustu Drottins, Guðs vors, eftir öllum orðum spámannanna, sem hann sendi oss, 22 heldur höfum vér gengið hver eftir tilhneigingum síns eigin óguðlega hjarta, til að þjóna framandi guðum og gjöra það, sem ilt er í augum Drottins, Guðs vors.

2. kafli

1 Fyrir því hefur Drottinn, Guð vor, staðfest orð sitt, það sem hann talaði til vor og til dómara vorra, sem dæmt hafa Ísrael, og til konunga vorra og til höfðingja vorra og til alls Ísraels og Júda: 2 að Drottinn mundi leiða yfir oss mikið ilt, slíkt sem aldrei hefur orðið undir himninum, eins og fram er komið í Jerúsalem, samkvæmt því sem ritað er í lögmáli Móse — 3 að maður skyldi eta hold síns eigin sonar og hold sinnar eigin dóttur. 4 Og hann hefur ofurselt þá undir hönd allra konunganna, sem umhverfis oss eru, til háðungar og auðnar meðal alls lýðsins, sem Drottinn hefur tvístrað oss á meðal. 5 Og vér erum niður lægðir og eigi efstir, af því að vér höfum syndgað gegn Drottni, Guði vorum, með því að hlýða eigi raustu hans. 6 Drottni, Guði vorum, heyrir réttlætið til, en oss og feðrum vorum skömm ásjónunnar, eins og á þessum degi. 7 Því að Drottinn hefur upp kveðið gegn oss alt þetta ilt, sem yfir oss er komið. 8 Og vér höfum eigi blíðkað ásjónu Drottins, Guðs vors, að

vér mættum hverfa hver og einn frá vorum verstu vegum. 9 Og Drottinn hefur vakað yfir oss til ills og leitt það yfir oss, því að Drottinn er réttlátur í öllum verkum sínum, sem hann hefur oss boðið. 10 Og vér höfum eigi hlýtt raustu hans, að ganga í boðorðum Drottins, sem hann hefur fyrir oss sett. 11 Og nú, Drottinn, Guð Ísraels, þú sem leiddir lýð þinn út af Egyptalandi með sterkri hendi og með táknum og með undrum og með þínum mikla mætti og með voldugum armlegg, og hefur gjört þér nafn eins og á þessum degi: 12 Vér höfum syndgað, vér höfum óguðlega breytt, vér höfum ranglátlega gjört, Drottinn, Guð vor, gegn öllum réttlætisdómum þínum. 13 Lát reiði þína frá oss snúa, því að vér erum eftir skildir fáir meðal þjóðanna, þar sem þú hefur oss tvístrað. 14 Heyr, Drottinn, bænir vorar og grátbeiðnir vorar, og frelsa oss þín sjálfs vegna; og gef, að vér megum náð finna í augum þeirra, sem oss hafa burt leitt, 15 að öll jörðin megi vita, að þú ert Drottinn, Guð vor, og að nafn þitt er nefnt yfir Ísrael og yfir niðja hans. 16 Lít niður til vor, Drottinn, frá þínu heilaga húsi, og hneig eyra þitt og heyr oss. 17 Opna augu þín og sjá: því að hinir dánu, sem í helju eru, hverra andi er tekinn burt úr iðrum þeirra, munu eigi gefa Drottni dýrð og réttlæti; 18 en sálin, sem hrygg er sakir mikilleiks þess illa, sem hún hefur gjört, og gengur bogin og máttfarin, og augun, sem daprast, og hin hungraða sál — þau gefa þér, Drottni, dýrð og réttlæti. 19 Því að eigi er það sakir réttlætis feðra vorra, að vér úthellum bænum vorum og biðjum miskunnar frammi fyrir þér, Drottinn, Guð vor; 20 heldur af því að þú hefur sent út reiði þína og heift þína yfir oss, eins og þú hefur talað fyrir hönd þjóna þinna, spámannanna, og sagt: 21 Svo segir Drottinn: Hneigið öxl yðar og háls yðar og þjónið Babýlonkonungi, og þér skuluð verða kyrrir í landinu, sem eg hef gefið feðrum yðar. 22 En ef þér viljið eigi hlýða raustu Drottins, Guðs yðar, að þjóna Babýlonkonungi, þá mun eg láta yður fara burt úr borgum Júda og utan Jerúsalem. 23 Og eg mun taka frá yður raust gleðinnar og raust fagnaðarins og raust brúðgumans og raust brúðarinnar, og alt landið mun verða án nokkurs fótspors íbúa. 24 Og þeir hlýddu eigi raustu þinni, að þjóna Babýlonkonungi; og þú hefur staðfest orð þín, sem þú talaðir fyrir hendur þjóna þinna, spámannanna, að bein konunga vorra og bein feðra vorra skyldu færð verða burt úr stað sínum. 25 Og sjá, þeim er út kastað í hita sólarinnar og í frost næturinnar; og þeir hafa dáið í þungum kvölum, af hungri og af sverði og í útlegð. 26 Og þú hefur

gjört musterið, sem nafn þitt var nefnt yfir, eins og það er á þessum degi, sakir ranglætis húss Ísraels og húss Júda. 27 Og þú hefur breytt við oss, Drottinn, Guð vor, eftir allri gæsku þinni og eftir allri þinni miklu miskunn, 28 eins og þú talaðir fyrir hönd þjóns þíns Móse á þeim degi, er þú bauðst honum að rita lögmál þitt frammi fyrir börnum Ísraels, 29 og sagðir: Ef þér viljið eigi heyra raust mína, mun þessi mikli fjöldi verða að mjög litlum hóp meðal þjóðanna, þar sem eg mun tvístra þeim. 30 Því að eg veit, að lýðurinn mun eigi heyra mig, því að þeir eru harðsvíraður lýður; en þeir munu snúa sér að hjarta sínu í landi herleiðingar sinnar, 31 og þeir munu vita, að eg er Drottinn, Guð þeirra; og eg mun gefa þeim hjarta, og þeir munu skilja, og eyru, og þeir munu heyra. 32 Og þeir munu lofa mig í landi herleiðingar sinnar og minnast nafns míns 33 og snúa sér frá harðsvíruðum hálsi sínum og frá óguðlegum verkum sínum; því að þeir munu minnast vegar feðra sinna, sem syndguðu gegn mér. 34 Og eg mun leiða þá aftur inn í landið, sem eg hét feðrum þeirra með eiði — Abraham, Ísak og Jakob — og þeir skulu drottnar þess vera; og eg mun margfalda þá, og þeim mun eigi fækka. 35 Og eg mun gjöra við þá annan sáttmála, sem eilífur skal vera, að vera þeirra Guð, og þeir skulu vera minn lýður; og eg mun eigi framar burt flytja lýð minn, börn Ísraels, úr landinu, sem eg hef þeim gefið.

3. kafli

1 Og nú, Drottinn almáttugur, Guð Ísraels, sálin í angist og hinn hrelldi andi hrópa til þín: 2 Heyr, Drottinn, og miskunna, því að þú ert miskunnsamur Guð; og aumkast yfir oss, því að vér höfum syndgað frammi fyrir þér. 3 Því að þú varir að eilífu — og skulum vér farast eilíflega? 4 Drottinn almáttugur, Guð Ísraels, heyr nú bæn hinna dánu af Ísrael og barna þeirra, sem syndgað hafa frammi fyrir þér og eigi hlýtt raustu Drottins, Guðs síns, og fyrir því hefur ilt fast við oss loðað. 5 Minnstu eigi misgjörða feðra vorra, heldur hugsa um hönd þína og um nafn þitt á þessum tíma; 6 því að þú ert Drottinn, Guð vor, og vér munum lofa þig, Drottinn. 7 Því að til þess hefur þú lagt ótta þinn í hjörtu vor, að vér skyldum ákalla nafn þitt og lofa þig í herleiðingu vorri; því að vér erum sneidd frá ranglæti feðra vorra, sem syndguðu frammi fyrir þér. 8 Og sjá, vér erum á þessum degi í herleiðingu vorri, þar sem þú

hefur tvístrað oss til háðungar og bölvunar og hneykslis, samkvæmt öllum misgjörðum feðra vorra, sem viku frá þér, Drottinn, Guð vor. **9** Heyr, Ísrael, boðorð lífsins; ljá eyra, að þú megir speki læra. **10** Hvernig má það vera, Ísrael, að þú ert í landi óvina þinna? **11** Þú ert orðinn gamall í framandi landi, þú ert saurgaður af hinum dánu; þú ert talinn með þeim, sem niður fara til heljar. **12** Þú hefur yfirgefið uppsprettu spekinnar. **13** Því að hefðir þú gengið á vegi Guðs, hefðir þú vissulega búið í friði að eilífu. **14** Lær, hvar spekin er, hvar styrkurinn er, hvar skilningurinn er, að þú megir og vita, hvar langir lífdagar og líf er, hvar ljós augnanna og friðurinn er. **15** Hver hefur fundið stað hennar? Og hver hefur gengið inn í fjársjóðu hennar? **16** Hvar eru höfðingjar þjóðanna og þeir, sem drottna yfir dýrunum, sem á jörðunni eru, **17** sem sér til skemmtunar hafa fugla loftsins, **18** sem safna silfri og gulli, sem menn treysta á, og enginn endir er á öflun þeirra? Þeir, sem í silfri vinna og áhyggjufullir eru, og verk þeirra eru órannsakanleg — **19** þeir eru burt sneiddir og niður farnir til heljar, og aðrir eru upp risnir í þeirra stað. **20** Ungir menn hafa séð ljósið og búið á jörðunni, en veg þekkingarinnar hafa þeir eigi þekkt, **21** og eigi hafa þeir skilið stigu hennar, né hafa börn þeirra við henni tekið; hún er fjarri ásjónu þeirra. **22** Eigi hefur hennar heyrst getið í landi Kanaans, og eigi hefur hún sést í Teman. **23** Synir Hagar, sem leita þeirrar speki, sem af jörðu er, kaupmenn Merra og Teman og sagnamenn og leitendur hyggni og skilnings — veg spekinnar hafa þeir eigi þekkt, og eigi hafa þeir minnst stiga hennar. **24** Ísrael, hversu mikið er hús Guðs, og hversu víðfeðmur er staður eignar hans! **25** Hann er mikill og hefur engan enda; hann er hár og ómælilegur. **26** Þar voru risarnir, hinir frægu menn, sem voru frá upphafi, miklir vexti, vanir hernaði. **27** Drottinn valdi eigi þá, og eigi fundu þeir veg þekkingarinnar; fyrir því fórust þeir. **28** Og af því að þeir höfðu enga speki, fórust þeir fyrir heimsku sína. **29** Hver hefur upp stigið til himins og tekið hana og leitt hana ofan úr skýjunum? **30** Hver hefur farið yfir hafið og fundið hana og flutt hana fram yfir valið gull? **31** Enginn er sá, er megnar að þekkja vegu hennar né rannsaka stigu hennar; **32** en sá, sem alla hluti þekkir, þekkir hana og hefur fundið hana með skilningi sínum — hann sem bjó jörðina að eilífu og fyllti hana fénaði og ferfættum dýrum, **33** hann sem sendir út ljósið, og það fer; og hefur kallað það, og það hlýðir honum með skjálfta. **34** Og stjörnurnar hafa lýst á varðstöðum sínum og fagnað; **35** þær voru

kallaðar, og þær sögðu: „Hér erum vér“; og með glaðværð hafa þær skinið honum, sem þær gjörði. **36** Þessi er Guð vor, og enginn annar mun til hans jafnaður verða. **37** Hann fann allan veg þekkingarinnar og gaf hann Jakob, þjóni sínum, og Ísrael, sínum elskaða. **38** Eftir þetta sást hann á jörðunni og umgekkst mennina.

4. kafli

1 Þetta er bók boðorða Guðs og lögmálið, sem varir að eilífu: allir þeir, sem það halda, munu til lífsins koma, en þeir, sem það hafa yfirgefið, til dauðans. **2** Snú aftur, Jakob, og tak við því; gakk á veginum við ljóma þess, í nærveru ljóss þess. **3** Gef eigi öðrum heiður þinn né tign þína framandi þjóð. **4** Sælir erum vér, Ísrael, því að það, sem Guði er þóknanlegt, er oss kunngjört. **5** Ver hughraustur, lýður Guðs, minnismerki Ísraels. **6** Þér hafið verið seldir heiðingjunum, eigi yður til eyðingar, heldur af því að þér reittuð Guð til reiði, eruð þér ofurseldir mótstöðumönnum yðar. **7** Því að þér hafið reitt til reiði þann, sem yður gjörði, hinn eilífa Guð, með því að færa illum öndum fórnir, en eigi Guði. **8** Því að þér hafið gleymt Guði, sem yður upp fóstraði, og þér hafið hryggt Jerúsalem, sem yður nærði. **9** Því að hún sá reiði Guðs koma yfir yður, og hún sagði: „Ljáið eyra, allir þér sem búið nálægt Síon, því að Guð hefur leitt yfir mig mikinn harm. **10** Því að eg hef séð herleiðingu lýðs míns, sona minna og dætra minna, sem hinn eilífi hefur yfir þau leitt. **11** Því að eg fóstraði þau með gleði, en eg sendi þau burt með gráti og harmi. **12** Lát engan mann fagna yfir mér, ekkjunni og hinni auðu; eg er yfirgefin af mörgum sakir synda barna minna, af því að þau viku frá lögmáli Guðs. **13** Og þau hafa eigi þekkt réttlætisdóma hans né gengið á vegum boðorða Guðs, og eigi hafa þau gengið inn um stigu sannleika hans og réttlætis. **14** Lát þá, sem búa umhverfis Síon, koma og minnast herleiðingar sona minna og dætra, sem hinn eilífi hefur yfir þau leitt. **15** Því að hann hefur leitt yfir þau þjóð langt að, óguðlega þjóð og framandi tungu, **16** sem hvorki hefur virt hinn aldraða né aumkast yfir börn, og þeir hafa burt flutt hina elskuðu ekkjunnar og skilið mig eftir alveg eina, barnlausa. **17** En hvað mér viðvíkur, hvaða hjálp get eg yður veitt? **18** En hann, sem leitt hefur ilt yfir yður, hann mun frelsa yður úr höndum óvina yðar. **19** Farið leiðar yðar, börn mín, farið leiðar

yðar, því að eg er skilin eftir ein. 20 Eg hef lagt af mér friðarskikkjuna og klæðst hærusekk bænarinnar, og eg mun hrópa til hins hæsta um daga mína. 21 Verið hughraust, börn mín, hrópið til Drottins, og hann mun frelsa yður úr hendi höfðingjanna, óvina yðar. 22 Því að von mín er á hinum eilífa, að hann muni frelsa yður; og gleði er yfir mig komin frá hinum heilaga, sakir miskunnarinnar, sem yður mun koma frá vorum eilífa frelsara. 23 Því að eg sendi yður burt með harmi og gráti, en Drottinn mun leiða yður aftur til mín með gleði og fögnuði að eilífu. 24 Því að eins og nágrannar Síonar hafa nú séð herleiðingu yðar frá Guði, svo munu þeir og skjótt sjá frelsun yðar frá Guði, sem yfir yður mun koma með miklum heiðri og eilífri dýrð. 25 Börn mín, þolið þolinmóð reiðina, sem yfir yður er komin; því að óvinur þinn hefur ofsótt þig, en þú munt skjótt sjá eyðing hans og stíga upp á háls honum. 26 Mínir viðkvæmu hafa gengið torfæra vegu, því að þeir voru burt teknir sem hjörð, er óvinirnir gjörðu að herfangi. 27 Verið hughraust, börn mín, og hrópið til Drottins; því að yðar mun minnst verða af þeim, sem yður burt leiddi. 28 Því að eins og það var hugur yðar að villast frá Guði, svo skuluð þér, er þér snúið aftur, leita hans tíu sinnum meir. 29 Því að hann, sem leitt hefur ilt yfir yður, mun aftur leiða yfir yður eilífa gleði með frelsun yðar. 30 Ver hughraust, Jerúsalem, því að hann áminnir þig, sem nefndi þig. 31 Hinir óguðlegu, sem hafa þjáð þig, munu farast, og þeir, sem fögnuðu yfir falli þínu, munu refsaðir verða. 32 Borgirnar, sem börn þín hafa þjónað, munu refsaðar verða, og sú, sem tók við sonum þínum. 33 Því að eins og hún fagnaði yfir falli þínu og gladdist yfir hrapi þínu, svo mun hún hryggjast yfir sinni eigin auðn. 34 Og gleði fjölda hennar mun burt sneidd verða, og fögnuður hennar mun til harms snúast. 35 Því að eldur mun yfir hana koma frá hinum eilífa, langvinnur; og hún mun byggð verða illum öndum um langan tíma. 36 Lít í kringum þig, Jerúsalem, í austur, og sjá gleðina, sem þér kemur frá Guði. 37 Því að sjá, börn þín koma, sem þú sendir burt tvístruð; þau koma saman söfnuð frá austri alt til vesturs, að orði hins heilaga, fagnandi yfir heiðri Guðs.

5. kafli

1 Legg af þér, Jerúsalem, klæði sorgar þinnar og þrengingar, og íklæðst

fegurð og heiðri þeirrar eilífu dýrðar, sem þú hefur frá Guði. 2 Guð mun klæða þig hinni tvöföldu skikkju réttlætisins og setja kórónu eilífs heiðurs á höfuð þitt. 3 Því að Guð mun sýna ljóma sinn í þér öllum þeim, sem undir himninum eru. 4 Því að nafn þitt mun þér nefnt verða af Guði að eilífu: friður réttlætisins og heiður guðrækninnar. 5 Rís upp, Jerúsalem, og stattu á hæð; og lít í kringum þig í austur, og sjá börn þín saman söfnuð frá upprás sólar til niðurgöngu hennar, að orði hins heilaga, fagnandi við minninguna um Guð. 6 Því að þau gengu burt frá þér fótgangandi, leidd af óvinunum, en Drottinn mun leiða þau til þín upp hafin með heiðri sem börn ríkisins. 7 Því að Guð hefur ákveðið að lækka sérhvert hátt fjall og hin eilífu björg og fylla dalina, að þeir verði jafnir jörðu, svo að Ísrael megi ganga kostgæfilega Guði til heiðurs. 8 Enn fremur hafa skógarnir og sérhvert ilmandi tré skyggt yfir Ísrael að boði Guðs. 9 Því að Guð mun leiða Ísrael með gleði í ljósi tignar sinnar, með miskunn og réttlæti, sem frá honum kemur.

6. kafli

1 Afrit bréfsins, sem Jeremía sendi þeim, sem leiða skyldi burt herleidda til Babýlonar af Babýlonkonungi, til að kunngjöra þeim samkvæmt því, sem honum var af Guði boðið. 2 Sakir syndanna, sem þér hafið drýgt frammi fyrir Guði, munuð þér burt fluttir verða herleiddir til Babýlonar af
Nabúkódónósor Babýlonkonungi. 3 Og er þér eruð komnir til Babýlonar, munuð þér þar vera mörg ár og langan tíma, alt til sjö kynslóða; en eftir það mun eg leiða yður þaðan burt með friði. 4 En nú munuð þér sjá í Babýlon guði af gulli og af silfri og af steini og af viði bornir á öxlum, sem vekja ótta meðal heiðingjanna. 5 Gætið því, að þér líkið eigi eftir verkum annarra og hræðist eigi, svo að ótti við þá grípi yður eigi. 6 En er þér sjáið fjöldann að baki og frammi fyrir tilbiðja þá, segið þá í hjörtum yðar: „Þig ber að tilbiðja, Drottinn.“ Því að engill minn er með yður, og eg sjálfur mun krefja yður reikningsskapar sálna yðar. 7 Því að tunga þeirra, sem fáguð er af smiðnum, og þeir sjálfir lagðir gulli og silfri, eru falskir hlutir, og þeir geta eigi talað. 8 Og eins og fyrir mey, sem gjarnan vill skreyta sig, svo taka þeir gull og búa þá út. 9 Guðir þeirra hafa gullkórónur á höfðum sér, en prestarnir stela af þeim á laun gulli og silfri og verja því á sjálfa sig. 10 Já, og þeir gefa af því til

skækja og skreyta portkonur; og aftur, er þeir taka við því af skækjunum, skreyta þeir guði sína. **11** Og þessir guðir geta eigi varið sig fyrir ryði og möl. **12** En er þeir hafa hulið þá purpuraklæði, þurrka þeir ásjónu þeirra sakir ryks hússins, sem mjög mikið er meðal þeirra. **13** Þessi heldur veldissprota sem maður, sem dómari landsins, en getur eigi líflátið þann, sem gegn honum misgjörir. **14** Og þessi hefur í hendi sinni sverð eða öxi, en getur eigi frelsað sig frá stríði né frá ræningjum; af því sé yður kunnugt, að þeir eru eigi guðir. **15** Óttist þá því eigi. Því að eins og ker, sem maður notar, verður ónýtt, þegar það brotnar, svo eru guðir þeirra. **16** Þegar þeir eru settir í húsið, fyllast augu þeirra ryki af fótum þeirra, sem inn ganga. **17** Og eins og hliðin eru tryggilega læst á alla vegu um þann, sem gegn konunginum hefur misgjört, eða eins og dáinn maður, sem borinn er til grafar, svo tryggja prestarnir dyrnar með slagbröndum og lásum, svo að þeir verði eigi af þjófum ruplaðir. **18** Þeir kveikja þeim kerti, og það í miklum fjölda, af hverjum þeir geta eigi eitt séð; en þeir eru sem bjálkar í húsinu. **19** Og menn segja, að skriðkvikindin, sem af jörðu eru, nagi hjörtu þeirra, er þau eta þá og klæði þeirra, og þeir finna það eigi. **20** Ásjónur þeirra eru svartar af reyknum, sem gjörður er í húsinu. **21** Uglur og svölur og aðrir fuglar fljúga á líkami þeirra og á höfuð þeirra, og kettir sömuleiðis. **22** Af þessu megið þér vita, að þeir eru engir guðir. Óttist þá því eigi. **23** Gullið, sem þeir hafa, er og til sýnis; en nema maður þurrki af ryðið, munu þeir eigi skína; því að eigi fundu þeir heldur til, er þeir voru bræddir. **24** Menn kaupa þá háu verði, þótt enginn andi sé í þeim. **25** Og með því að þeir hafa eigi not fóta sinna, eru þeir bornir á öxlum og kunngjöra mönnum, hversu auvirðilegir þeir eru. Verði og þeir til skammar, sem þá tilbiðja. **26** Fyrir því, ef þeir falla til jarðar, rísa þeir eigi sjálfir upp aftur; og reisi maður þá upprétta, munu þeir eigi standa af sjálfum sér, heldur skulu gjafir þeirra settar frammi fyrir þeim sem hinum dánu. **27** Það, sem þeim er fórnað, selja prestar þeirra og misnota; á sama hátt taka og konur þeirra hlut af því, en gefa ekkert af því hvorki hinum sjúku né hinum fátæku. **28** Konur, sem barn hafa fætt eða á blæðingum eru, snerta fórnir þeirra. Þar sem þér því af þessu vitið, að þeir eru eigi guðir, þá óttist þá eigi. **29** Því að hvernig má kalla þá guði? Vegna þess að konur bera fram fórnir frammi fyrir guðum af silfri og af gulli og af viði; **30** og prestar sitja í musterum þeirra með rifin klæði og rakað höfuð og skegg og ekkert á höfði sér. **31** Og þeir öskra og

hrópa frammi fyrir guðum sínum, eins og menn gjöra við erfidrykkju, þegar einhver er dáinn. 32 Prestarnir taka burt klæði þeirra og klæða konur sínar og börn sín. 33 Og hvort sem einhver gjörir þeim ilt eða gott, megna þeir eigi að endurgjalda það; eigi geta þeir heldur sett konung né steypt honum. 34 Á sama hátt geta þeir hvorki gefið auðæfi né goldið ilt. Ef maður gjörir þeim heit og efnir það eigi, geta þeir eigi krafið hans. 35 Þeir geta eigi frelsað mann frá dauða né bjargað hinum veika frá hinum máttuga. 36 Þeir geta eigi gefið blindum manni sýn né frelsað mann úr nauð. 37 Þeir munu eigi aumkast yfir ekkjunni né gjöra hinum föðurlausa gott. 38 Guðir þeirra af viði og af steini og af gulli og af silfri eru sem steinar, sem höggnir eru úr fjöllunum; og þeir, sem þá tilbiðja, munu til skammar verða. 39 Hvernig má þá ætla eða segja, að þeir séu guðir? 40 Jafnvel Kaldearnir sjálfir vansæma þá; því að er þeir heyra um mállausan mann, sem eigi getur talað, færa þeir hann fram fyrir Bel og biðja hann, að hann megi tala — 41 eins og þeir gætu skynjað, sem sjálfir hafa enga hreyfingu. Og er þeir skynja þetta, munu þeir yfirgefa þá; því að guðir þeirra sjálfir hafa enga skynjun. 42 Konurnar sitja og við vegina með snúrur um sig og brenna olífusteina. 43 Og þegar einhver þeirra, tæld af einhverjum vegfaranda, leggst með honum, ávítar hún nágrannakonu sína, að hún hafi eigi verið talin jafnverðug og hún sjálf og að snúra hennar hafi eigi verið slitin. 44 En alt, sem um þá er gjört, er falskt. Hvernig má þá hugsa eða segja, að þeir séu guðir? 45 Og þeir eru gjörðir af smiðum og af gullsmiðum. Þeir munu ekkert annað verða en það, sem prestarnir vilja að þeir séu. 46 Því að handverksmennirnir sjálfir, sem þá gjöra, eru eigi langlífir. Geta þá þeir hlutir verið guðir, sem af þeim eru gjörðir? 47 En þeir hafa látið eftir sig falska hluti og háðung þeim, sem eftir koma. 48 Því að þegar stríð kemur yfir þá eða ilt, ráðgast prestarnir um sín á milli, hvar þeir megi fela sig með þeim. 49 Hvernig má þá ætla, að þeir séu guðir, sem hvorki geta frelsað sjálfa sig frá stríði né bjargað sér frá illu? 50 Því að þar sem þeir eru aðeins af viði og lagðir gulli og silfri, mun það síðar kunnugt verða, að þeir eru falskir hlutir, af öllum þjóðum og konungum; og það mun ljóst verða, að þeir eru engir guðir, heldur verk mannahanda og að ekkert verk Guðs er í þeim. 51 Af hverju er því kunnugt, að þeir eru eigi guðir, heldur verk mannahanda, og að ekkert verk Guðs er í þeim? 52 Þeir geta eigi sett konung yfir landið né gefið mönnum regn. 53 Þeir dæma engin mál né frelsa lönd frá kúgun, því að þeir

megna ekkert og eru sem krákur milli himins og jarðar. **54** Því að þegar eldur fellur á hús þessara guða af viði og af silfri og af gulli, munu prestar þeirra sannlega flýja burt og bjargast, en þeir sjálfir munu brenna þar mitt í sem bjálkar. **55** Og þeir geta eigi staðist konung né stríð. Hvernig má þá ætla eða viðurkenna, að þeir séu guðir? **56** Eigi megna heldur þessir guðir af viði og af steini, lagðir gulli og silfri, að frelsa sig frá þjófum eða ræningjum; þeir, sem sterkari eru en þeir, **57** munu taka af þeim gullið og silfrið og klæðin, sem þeir eru klæddir, og fara leiðar sinnar; og eigi munu þeir sjálfum sér hjálpa. **58** Fyrir því er betra að vera konungur, sem sýnir mátt sinn, eða nytsamt ker í húsi, sem eigandi þess er vel ánægður með, eða hurð í húsi, sem geymir það öruggt, sem inni er, en slíkir falskir guðir. **59** Sólin og tunglið og stjörnurnar, sem björt eru og send til nytsamra nota, eru hlýðin. **60** Á sama hátt er eldingin auðsæ, þegar hún brýst fram; og á sama hátt blæs vindurinn í hverju landi. **61** Og skýin, þegar Guð býður þeim að fara yfir allan heiminn, gjöra það, sem þeim er boðið. **62** Eldurinn og, sendur að ofan til að eyða fjöllum og skógum, gjörir sem honum er boðið. En þessir eru hvorki að ásýnd né að mætti líkir neinum þeirra. **63** Fyrir því er hvorki að hugsa né segja, að þeir séu guðir, þar sem þeir megna hvorki að dæma mál né gjöra mönnum nokkurt gott. **64** Þar sem þér því vitið, að þeir eru eigi guðir, þá óttist þá eigi. **65** Því að þeir geta hvorki bölvað konungum né blessað þá. **66** Eigi sýna þeir heldur tákn á himni meðal þjóðanna, né skína sem sólin, né gefa ljós sem tunglið. **67** Dýrin eru þeim betri, því að þau geta flúið í skjól og hjálpað sér sjálf. **68** Fyrir því er ekkert, sem bendi til þess, að þeir séu guðir; óttist þá því eigi. **69** Því að eins og fuglahræða í gúrkugarði gætir einskis, svo eru guðir þeirra af viði og af silfri og lagðir gulli. **70** Þeir eru eigi betri en hvítþyrnir í garði, sem sérhver fugl sest á. Á sama hátt eru og guðir þeirra af viði, lagðir gulli og silfri, sem dauður líkami, sem út er varpað í myrkrið. **71** Af purpuranum og skarlatinu, sem mölétið er á þeim, skuluð þér og vita, að þeir eru eigi guðir. Og þeir sjálfir eyðast að lokum og munu verða háðung í landinu. **72** Betri er því hinn réttláti maður, sem engin skurðgoð á, því að hann mun fjarri háðung vera.